Nd. 1. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því, sem þörf krefur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að enn í ár sé nauðsynlegt að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Breytingar á skattalögunum voru gerðar á þessu ári svo seint, að skattastörfum varð víða ekki lokið innan lögmæts frests.

Skatturinn verður ekki löglega á lagður nema frestir séu haldnir lögum samkvæmt og tel ég því nauðsynlegt, að fjármálaráðuneytinu verði, svo sem nokkur undanfarin ár, gefin heimild til að breyta umræddum tímaákvörðunum og frestum eftir því sem þurfa þykir.

Vegna þess gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því, sem þörf krefur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. apríl 1945.

Sveinn Björnsson.

Pétur Magnússon.

Ed. 2. Frumvarp til laga

um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt vegna síldarverksmiðja ríkisins að taka eignarnámi réttindi yfir lóðunum nr. 18 og 21 við Norðurgötu og nr. 2 við Þormóðsgötu á Siglufirði ásamt húsum og öðrum mannvirkjum, sem á þessum lóðum eru.

2. gr.

Eignarnám það, sem um ræðir í 1. gr. hér að framan, skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóvember 1917, um framkvæmd eignarnáms.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að ákveðið sé að hefja nú þegar byggingu 10 þús. mála síldarverksmiðju á Siglufirði. Samningaumleitanir stjórnar síldarverksmiðja ríkisins um kaup á nauðsynlegum lóðarréttindum og mannvirkjum, sem á lóðunum eru, hafa ekki borið árangur, og ber því brýna nauðsyn til, að þessi lóðarréttindi og mannvirki verði tekin eignarnámi.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessi leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt vegna síldarverksmiðja ríkisins að taka eignarnámi réttindi yfir lóðunum nr. 18 og 21 við Norðurgötu og nr. 2 við Þormóðsgötu á Siglufirði ásamt húsum og öðrum mannvirkjum, sem á þessum lóðum eru.

2. gr.

Eignarnám það, sem um ræðir í 1. gr. hér að framan, skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóvember 1917, um framkvæmd eignarnáms.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.

Ed. 3. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma, með eða án samþykkis eigenda, geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f á Siglufirði, ásamt lóðarréttindum, enda komi fullt endurgjald fyrir afnotin eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna. Skal ríkisstjórninni heimilt að taka geymsluhúsið til afnota þegar eftir gildistöku laga þessara, og greiðist leiga sú, er metin verður, frá þeim tíma, er afnotin byrja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að þegar sé hafin bygging 10 þús. mála síldarverksmiðju á Siglufirði. Tilraunir stjórnar síldarverksmiðja ríkisins og byggingarnefndar síldarverksmiðja ríkisins til þess að fá til umráða nauðsynlegt geymslurúm og athafnasvæði meðan á byggingu téðrar verksmiðjubyggingar stæði, hafa ekki borið nauðsynlegan árangur. Hins vegar getur oltið á því, hvort unnt verði að koma verksmiðjunni upp á tilsettum tíma, að geymslurúm fáist. Geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f er ekki notað eins og sakir standa, og ber brýna nauðsyn til, að geymsluhús þetta verði tekið leigunámi, meðan á byggingu verksmiðjunnar stendur.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma, með eða án samþykkis eigenda, geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f á Siglufirði, ásamt lóðarréttindum, enda komi fullt endurgjald fyrir afnotin eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna. Skal ríkisstjórninni heimilt að taka geymsluhúsið til afnota þegar eftir gildistöku laga þessara, og greiðist leiga sú, er metin verður, frá þeim tíma, er afnotin byrja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. júní 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.

Ed. 4. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu á tímabilinu frá 15. sept. 1945 til jafnlengdar næsta ár, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neyzluvörum eða á annan hátt.

Ef vara er seld tvenns konar verði og niðurgreiðsla hefur farið fram á hæfilegu neyzlumagni vörunnar, að dómi ríkisstjórnar, skal vísitalan eingöngu miðuð við lægra verðið.

2. gr.

Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er áður en venjuleg haustslátrun hefst og á kartöflum, sem teknar eru upp fyrir venjulegan uppskerutíma, skal eigi hafa áhrif á dýrtíðarvísitölu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að með því að Alþingi eigi ekki að koma saman fyrr en 1. október þ. á., en ákvæði laga nr. 58 3. marz 1945 gildi eigi lengur en til 15. sept. þ. á., verði að gera ráðstafanir með bráðabirgðalögum, ef halda eigi í skefjum verðlagsvísitölu, þar til er Alþingi getur gert ráðstafanir sínar í þá átt. Enn fremur telur hann nú þegar brýna þörf á ákvæðum, er fyrirbyggi það, að verðlag á kjöti af sauðfé og kartöflum, framleiddu fyrir venjulegan framleiðslutíma, hafi áhrif á vísitöluna.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því, að hafðar séu hömlur á verðlagsvísitölunni, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu á tímabilinu frá 15. sept. 1945 til jafnlengdar næsta ár, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neyzluvörum eða á annan hátt.

Ef vara er seld tvenns konar verði og niðurgreiðsla hefur farið fram á hæfilegu neyzlumagni vörunnar, að dómi ríkisstjórnar, skal vísitalan eingöngu miðuð við lægra verðið.

2. gr.

Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er áður en venjuleg haustslátrun hefst og á kartöflum, sem teknar eru upp fyrir venjulegan uppskerutíma, skal eigi hafa áhrif á dýrtíðarvísitölu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 2. ágúst 1945.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Pétur Magnússon.

Nd. 5. Frumvarp til laga

um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar til eins árs í senn nefnd 25 manna, er nefnist „búnaðarráð". Nefndin skal skipuð bændum eða mönnum, sem á einn eða annan hátt starfa í þágu landbúnaðarins. Heimilt er að tilnefna jafnmarga varamenn. Ráðherra tilnefnir formann ráðsins, og kallar hann það saman til fundar í síðasta lagi 5. september ár hvert. Það er borgaraleg skylda að taka sæti í búnaðarráði og mæta á fundum þess, nema lögleg forföll hamli.

2. gr.

Fundir búnaðarráðs eru því aðeins lögmætir, að allir nefndarmenn eða varamenn þeirra séu mættir. Nú stendur svo á, að hvorki aðalmaður né varamaður geta mætt á fundi, og skipar þá ráðherra mann í þeirra stað, meðan á forföllum stendur.

3. gr.

Á 1. eða 2. fundi sínum skal búnaðarráð kjósa 3 menn í nefnd, er nefnist „verðlagsnefnd landbúnaðarafurða". Nefndarmenn skulu að jafnaði valdir innan vébanda búnaðarráðs, en heimilt er þó að víkja frá því, ef heppilegra er talið. Verðlagsnefnd skal kosin meirihlutakosningu, og er enginn löglega kjörinn nema hann hafi hlotið atkvæði meiri hluta búnaðarráðsmanna. Ef ekki næst meiri hluti við endurtekna frjálsa kosningu, skal kosið bundinni kosningu milli þeirra, er flest hafa fengið atkvæði. Kjósa skal tvo menn til vara í nefndina, og taka þeir þar sæti í forföllum aðalmanna.

4. gr.

Búnaðarráð gegnir enn fremur þessum störfum:

1. Gerir tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um setning reglna um gæðaflokkun og verðflokkun landbúnaðarafurða.
2. Ákveður verðjöfnunarsvæði samkvæmt 1. gr. laga nr. 1 7. janúar 1935 og verðlagssvæði samkvæmt 9. gr. laga nr. 2 9. janúar 1935.
3. Ákveður verðjöfnunargjald á kindakjöt, mjólk og mjólkurafurðir.
4. Stuðlar að hagnýtri verkun og meðferð landbúnaðarafurða og hagkvæmri nýtingu markaða fyrir þær, jafnt innan lands sem utan.

5. gr.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal skipuð fimm mönnum, 4 kosnum samkvæmt ákvæðum 3. gr. laganna, en formaður búnaðarráðs er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Formaður kveður nefndina til funda og stjórnar störfum hennar.

6. gr.

Störf verðlagsnefndar eru:

1. Að ákveða verðlag á landbúnaðarafurðum á innanlandsmarkaði (kjöti alls konar, mjólk og mjólkurafurðum, garðávöxtum).
2. Að annast aðrar framkvæmdir, sem hingað til hafa verið í höndum mjólkursölunefndar, mjólkurverðlagsnefndar, kjötverðlagsnefndar og verðlagsnefndar garðávaxta, sbr. þó ákvæði 4. gr.

7. gr.

Verðlagsnefnd ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri sér um daglega afgreiðslu mála og annast önnur störf, er verðlagsnefnd felur honum.

8. gr.

Á fundum verðlagsnefndar ræður afl atkvæða úrslitum.

9. gr.

Allur kostnaður, er leiðir af störfum búnaðarráðs og verðlagsnefndar, greiðist úr ríkissjóði, eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

10. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin:
4. gr. og 8. gr. laga nr. 1 7. janúar 1935.
1. gr. og 2. málsliður 4. gr. laga nr. 2 9. janúar 1935.
1. og 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 31 2. apríl 1943.
Loks eru úr gildi numin öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að með því að í lögum nr. 42 1943, um dýrtíðarráðstafanir, sé ákveðið, að meðan ófriðarástandið haldist, skuli verð á landbúnaðarvörum ákveðið í samræmi við vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða, en lagaákvæði þetta sé nú úr gildi fallið við lok styrjaldarinnar og beri því, fyrir 15. september næstkomandi, að ákveða að nýju verð landbúnaðarafurða, sé nauðsynlegt að koma nú þegar nýrri skipan á þessi mál. Jafnframt þyki rétt, til þess að tryggja fyllsta samræmi í verðlagi landbúnaðarafurða, að breyta gildandi lögum á

þann veg, að einn aðili ákveði útsöluverð mjólkur, kjöts og garðávaxta í stað þeirra þriggja nefnda, sem nú ákveða verðið.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því, að verðlagningu landbúnaðarafurða sé nú þegar skipað með lögum, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar til eins árs í senn nefnd 25 manna, er nefnist „búnaðarráð". Nefndin skal skipuð bændum eða mönnum, sem á einn eða annan hátt starfa í þágu landbúnaðarins. Heimilt er að tilnefna jafnmarga varamenn. Ráðherra tilnefnir formann ráðsins, og kallar hann það saman til fundar í síðasta lagi 5. september ár hvert. Það er borgaraleg skylda að taka sæti í búnaðarráði og mæta á fundum þess, nema lögleg forföll hamli.

2. gr.

Fundir búnaðarráðs eru því aðeins lögmætir, að allir nefndarmenn eða varamenn þeirra séu mættir. Nú stendur svo á, að hvorki aðalmaður né varamaður geta mætt á fundi, og skipar þá ráðherra mann í þeirra stað, meðan á forföllum stendur.

3. gr.

Á 1. eða 2. fundi sínum skal búnaðarráð kjósa 4 menn í nefnd, er nefnist „verðlagsnefnd landbúnaðarafurða". Nefndarmenn skulu að jafnaði valdir innan vébanda búnaðarráðs, en heimilt er þó að víkja frá því, ef heppilegra er talið. Verðlagsnefnd skal kosin meirihlutakosningu, og er enginn löglega kjörinn nema hann hafi hlotið atkvæði meiri hluta búnaðarráðsmanna. Ef ekki næst meiri hluti við endurtekna frjálsa kosningu, skal kosið bundinni kosningu milli þeirra, er flest hafa fengið atkvæði. Kjósa skal tvo menn til vara í nefndina, og taka þeir þar sæti í forföllum aðalmanna.

4. gr.

Búnaðarráð gegnir enn fremur þessum störfum:

1. Gerir tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um setning reglna um gæðaflokkun og verðflokkun landbúnaðarafurða.
2. Ákveður verðjöfnunarsvæði samkvæmt 1. gr. laga nr. 1 7. janúar 1935 og verðlagssvæði samkvæmt 9. gr. laga nr. 2 9. janúar 1935.
3. Ákveður verðjöfnunargjald á kindakjöt, mjólk og mjólkurafurðir.
4. Stuðlar að hagnýtri verkun og meðferð landbúnaðarafurða og hagkvæmri nýtingu markaða fyrir þær, jafnt innan lands sem utan.

5. gr.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal skipuð fimm mönnum, 4 kosnum samkvæmt ákvæðum 3. gr. laganna, en formaður búnaðarráðs er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Formaður kveður nefndina til funda og stjórnar störfum hennar.

6. gr.

Störf verðlagsnefndar eru:

1. Að ákveða verðlag á landbúnaðarafurðum á innanlandsmarkaði (kjöti alls konar, mjólk og mjólkurafurðum, garðávöxtum).
2. Að annast aðrar framkvæmdir, sem hingað til hafa verið í höndum mjólkursölunefndar, mjólkurverðlagsnefndar, kjötverðlagsnefndar og verðlagsnefndar garðávaxta, sbr. þó ákvæði 4. gr.

7. gr.

Verðlagsnefnd ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri sér um daglega afgreiðslu mála og annast önnur störf, er verðlagsnefnd felur honum.

8. gr.

Á fundum verðlagsnefndar ræður afl atkvæða úrslitum.

9. gr.

Allur kostnaður, er leiðir af störfum búnaðarráðs og verðlagsnefndar, greiðist úr ríkissjóði, eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

10. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin:
4. gr. og 8. gr. laga nr. 1 7. janúar 1935.
1. gr. og 2. málsliður 4. gr. laga nr. 2 9. janúar 1935.
1. og 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 31 2. apríl 1943.
Loks eru úr gildi numin öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. ágúst 1945.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Pétur Magnússon.

Nd. 6. Frumvarp til laga

um togarakaup ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 30 togara erlendis með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 60 millj. króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um togarakaup ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að með því að eitt af aðalatriðum í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar sé að hlutast til um, að nýir togarar verði keyptir til landsins, þá hafi farið fram ýtarlegar athuganir á þessu máli,

bæði innan lands og utan. Þessar athuganir hafi leitt í ljós, að öruggasta leiðin til þess að fá togara byggða erlendis fljótt og með hagkvæmustu kjörum sé, að ríkisstjórnin gerist aðili að væntanlegum samningum um togarasmíðina. Jafnframt sé nauðsynlegt að hefjast handa nú þegar um þær samningagerðir.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því að semja um smíði togara nú þegar, gef ég út bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 30 togara erlendis með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 60 millj. króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. ágúst 1945.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd. 7. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 48 23. febrúar 1945, um skipakaup ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða láta smíða fiskiskip, erlendis eða innanlands, með það fyrir augum, að þau verði seld einstaklingum, félagasamtökum eða bæjar- og sveitarfélögum.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 30 milljóna króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48 23. febrúar 1945, um skipakaup ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að í lögum nr. 48 23. febrúar 1945, um skipakaup ríkisins, sé heimild ríkisstjórnarinnar til að láta smíða eða kaupa fiskiskip bundin við það, að skipin séu smíðuð erlendis. Hins vegar hafi athuganir ríkisstjórnarinnar leitt í ljós, að til þess að tryggja eðlilegt viðhald og aukningu fiskibátaflotans, sé nauðsynlegt, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um smíði fiskibáta innanlands. Þetta fyrirkomulag tryggi skipasmíðastöðvarnar, skipin fáist smíðuð með beztu kjörum og kaupendum skipanna gert hægara fyrir um að eignast skipin. Jafnframt sé nauðsynlegt að heimila ríkisstjórninni lántöku í þessu augnamiði.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því, að ríkisstjórninni heimilist að láta smíða fiskiskip innanlands, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða láta smíða fiskiskip, erlendis eða innanlands, með það fyrir augum, að þau verði seld einstaklingum, félagasamtökum eða bæjar- og sveitarfélögum.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 30 milljóna króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. september 1945.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Áki Jakobsson.

Nd. 8. Frumvarp til laga

um viðauka við bráðabirgðalög frá 20. ágúst 1945, um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Aftan við 1. tölulið 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Verðlag á nýmjólk má ákveða mismunandi eftir því hvort hún er seld frá mjólkurbúum eða beint frá framleiðendum til neytenda, enda verði þá verðmunurinn greiddur úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við bráðabirgðalög frá 20. ágúst 1945, um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að nauðsyn beri til, að verðlagsnefnd landbúnaðarafurða fái skýlausa heimild til þess að ákveða mismunandi verð á nýmjólk, eftir því hvort hún er seld frá mjólkurbúi eða beint frá framleiðendum til neytenda, enda verði þá verðmunurinn greiddur úr ríkissjóði. Framleiðendur, sem láti mjólk sína í mjólkurbú, þar sem unnið er úr miklum hluta hennar, þurfi hærra verð fyrir neyzlumjólkina heldur en þeir framleiðendur, sem selja mjólkina alla beint til neytenda.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 1. tölulið 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Verðlag á nýmjólk má ákveða mismunandi eftir því hvort hún er seld frá mjólkurbúum eða beint frá framleiðendum til neytenda, enda verði þá verðmunurinn greiddur úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavik, 29. september 1945.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Pétur Magnússon.

Ed. 9. Frumvarp til laga

um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Við útreikning vísitölunnar 1. október 1945, og þar á eftir, skal aðeins reiknað með því verði á nýju og söltuðu dilkakjöti, hangikjöti og vinnsluvörum úr kjöti, sem talið var í vísitölunni 1. september 1945.

2. gr.

Mismun á útsöluverði og vísitöluverði kjöts þess, er um getur í 1. gr., eiga menn, að undanteknum þeim er í 3. gr. segir, kost á að fá endurgreiddan ársfjórðungslega úr ríkissjóði frá 20. september 1945. Engum verður þó greidd niðurgreiðsla á meira magn en 40 kg á ári fyrir hann sjálfan og hvern mann, sem hann hefur á framfæri sínu.

3. gr.

Rétt til niðurgreiðslu samkvæmt 2. gr. hafa þó ekki:

1. Þeir, sem hafa sauðfjárrækt að atvinnu að meira eða minna leyti.
2. Atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni.
3. Þeir, sem fá laun sin greidd að nokkru eða öllu leyti með fæði.

4. gr.

Skattanefndir eða skattstjóri í hverju umdæmi semji skrá um alla þá, sem rétt hafa til niðurgreiðslu, og skal skráin miðuð við síðustu skattskrá á hverjum tíma. Synjun skattanefnda eða skattstjóra um upptöku á skrá má áfrýja til yfirskattanefndar, sem kveður upp endanlegan úrskurð þar um.

5. gr.

Ákveða má með reglugerð um alla framkvæmd laga þessara, þar á meðal um fyrirkomulag niðurgreiðslna, ákvæði, er miða til tryggingar því, að þeir, er fái niðurgreiðslur, hafi notað tilsvarandi kjötmagn, og um fyrning á niðurgreiðslukröfu.

6. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin telji óhjákvæmilegt að halda niðri framfærsluvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði, en telji hins vegar að eigi sé hægt að greiða uppbætur á landbúnaðarvörur að fullu á þann hátt, er gert hefur verið.

Hefur því þótt rétt að ákveða að reikna ekki með verðhækkun þeirri, sem nú hefur orðið á kjöti og kjötvörum við útreikning framfærsluvísitölunnar, en bæta hins vegar neytendum úr ríkissjóði þá fjárhæð, er þeir greiða meira en þeim bar fyrir það magn af kjöti, sem reiknað er með í vísitölu.

Með því að ég fellst á að brýn nauðsyn sé til þess að lög um þetta efni verði gefin út nú þegar, til þess að þau nái tilgangi sínum, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við útreikning vísitölunnar 1. október 1945, og þar á eftir, skal aðeins reiknað með því verði á nýju og söltuðu dilkakjöti, hangikjöti og vinnsluvörum úr kjöti, sem talið var í vísitölunni 1. september 1945.

2. gr.

Mismun á útsöluverði og vísitöluverði kjöts þess, er um getur í 1. gr., eiga menn, að undanteknum þeim er í 3. gr. segir, kost á að fá endurgreiddan ársfjórðungslega úr ríkissjóði frá 20. september 1945. Engum verður þó greidd niðurgreiðsla á meira magn en 40 kg á ári fyrir hann sjálfan og hvern mann, sem hann hefur á framfæri sínu.

3. gr.

Rétt til niðurgreiðslu samkvæmt 2. gr. hafa þó ekki:

1. Þeir, sem hafa sauðfjárrækt að atvinnu að meira eða minna leyti.
2. Atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni.
3. Þeir, sem fá laun sín greidd að nokkru eða öllu leyti með fæði.

4. gr.

Skattanefndir eða skattstjóri í hverju umdæmi semji skrá um alla þá, sem rétt hafa til niðurgreiðslu, og skal skráin miðuð við síðustu skattskrá á hverjum tíma. Synjun skattanefnda eða skattstjóra um upptöku á skrá má áfrýja til yfirskattanefndar, sem kveður upp endanlegan úrskurð þar um.

5. gr.

Ákveða má með reglugerð um alla framkvæmd laga þessara, þar á meðal um fyrirkomulag niðurgreiðslna, ákvæði, er miða til tryggingar því, að þeir, er fái niðurgreiðslur, hafi notað tilsvarandi kjötmagn, og um fyrning á niðurgreiðslukröfu.

6. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. september 1945.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Pétur Magnússon.

Ed. 10. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

17. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frv. var á síðasta þingi borið fram af flutningsmanni þessa frv., en dagaði þar uppi, fékk afgreiðslu frá landbn. Ed., var samþykkt við aðra umræðu og vísað til þriðju umræðu. Skal hér vísað til greinargerðar allrækilegrar, er fylgdi

því frv., að því viðbættu, að á síðasta aðalbúnaðarþingi var því lýst yfir samhljóða, að vilji búnaðarþings væri sá að nema úr löggjöf vorri ákvæði 17. gr. jarðræktarlaganna. Var þessi yfirlýsing þingsins nú svo skýrt orðuð, að vart var hægt að hártoga hana. Það var áður talin helzta ástæðan gegn nefndu frv. af sumum andstæðingum þess, að fyrir lægi ekki ótvíræður vilji búnaðarþings í þessu máli, en nú er ekki framar slíku til að dreifa.

Ed. 11. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Tálknafirði innan Sveinseyrar.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Til lendingarbóta innan Sveinseyrar í Tálknafjarðarhreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 200 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarbótasjóði Tálknafjarðarhrepps að jafnri tiltölu og lendingarbótasjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 200 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarbótasjóði Tálknafjarðarhrepps.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarinnar, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarbótasjóðsstjórnar og hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til kr. 10000.00.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarbótasjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Tálknafjarðarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarbótasjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarbótasjóð Tálknafjarðarhrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Tálknafirði innan Sveinseyrar, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan Sveinseyrar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarbótasjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarbótasjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarbótasjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarbótasjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í sveitarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram samkvæmt ósk hreppsnefndarinnar í Tálknafjarðarhreppi. Og með því að verið er nú að koma upp hraðfrystihúsi á staðnum, en engin lendingarskilyrði eru þar fyrir hendi, er mjög áríðandi, að frv. nái fram

að ganga á þessu þingi, svo að unnt sé að hefjast handa um byggingu bryggjunnar þegar á næsta ári.

Vitamálaskrifstofan hefur þegar gert athuganir á staðnum og ákveðið, hvar og á hvern hátt heppilegast sé að byggja bryggjuna.

Nd. 12. Frumvarp til laga

um fiskimálasjóð, markaðsleit sjávarafurða, útflutning á fiski o. fl.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Björn Kristjánsson.

I. KAFLI
Um fiskimálasjóð.

1. gr.

Til stuðnings og eflingar sjávarútveginum skal mynda sérstakan sjóð, er nefnist fiskimálasjóður. Stjórn fiskimálasjóðs skal skipuð 3 mönnum kjörnum hlutfallskosningum í sameinuðu Alþingi. Stjórnin kýs sér sjálf formann. Fiskveiðasjóður annast reikningshald og vörzlu fiskimálasjóðs.

2. gr.

Tekjur fiskimálasjóðs eru þessar:

1. Eignir fiskimálasjóðs, er starfað hefur samkvæmt lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., nr. 75 31. des. 1937.
2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, öðrum en síldarafurðum, er nemi ½% — hálfum af hundraði — af verðmæti þeirra miðað við fob. verð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið að undanskilja þessu gjaldi fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni.
3. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, þó eigi undir kr. 2500000.00 á ári næstu 10 árin frá gildistöku laga þessara.
4. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

Heimilt er stjórn fiskimálasjóðs með samþykki ríkisstjórnarinnar að taka allt að 10 milljón króna lán til starfsemi sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þetta fyrir hönd ríkissjóðs.

3. gr.

Fé fiskimálasjóðs skal verja til eflingar sjávarútvegi á þann hátt, er segir í 4. og 5. gr. þessara laga.

4. gr.

Til eftirtalinna framkvæmda má veita lán úr sjóðnum:

1. Að koma á fót niðursuðuverksmiðjum fyrir sjávarútveginn eða efla þær, sem fyrir eru.
2. Að byggja hraðfrystihús, þar sem aðstaða er góð til rekstrar og þörf er slíkra húsa. Enn fremur að kaupa hraðfrystitæki í þau frystihús, sem eru vel sett og hæf til þess að frysta fisk til útflutnings.
3. Að koma á fót verksmiðjum til vinnslu úr fiskúrgangi.
4. Að byggja beitugeymslur.
5. Að koma upp hvers konar iðnrekstri til nýtingar sjávarafla.

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita lán til bátakaupa eða bátasmíði á þá staði, þar sem tilfinnanleg vöntun er báta, fjármagn lítið fyrir hendi, en rétt að efla útgerð að dómi Fiskifélags Íslands.

Lán úr fiskimálasjóði mega vera vaxtalaus, afborgunarlaus fyrstu 5 árin og nema allt að 25% af stofnkostnaði, þó eigi yfir 85% af stofnkostnaði að meðtöldum lánum með betra veðrétti. Hámark lánstimans sé 20 ár. Engin lánveiting má nema yfir kr. 200000.00.

Forgangsrétt til framangreindra lána á hverjum stað skulu hafa félög útvegsmanna og sjómanna, sem stofnuð eru til þess að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og sjómönnum, og félög, sem meginþorri útvegsmanna á hverjum stað er þátttakendur í, í þeim tilgangi, er að framan greinir, enda skipti félögin arði af rekstri í hlutfalli við viðskipti félagsmanna. Enn fremur bæjar- og sveitarfélög, sem útgerð reka eða kynnu að vilja reisa iðnfyrirtæki í þágu sjávarútvegsins og leigja félagsskap útvegsmanna við sannvirði.

Nú er ekkert félag starfandi á útgerðarstað, sem fullnægir framangreindum ákvæðum, eða slíkt félag, þótt til sé, vill eigi sækja um stuðning samkvæmt lögum þessum, og má þá veita öðrum lán, enda sé áður leitazt fyrir um stofnun félagsskapar útvegsmanna og sjómanna til þess að koma upp mannvirkjum þeim, er greinir í 1.—5. lið þessarar greinar. Fiskifélag Íslands skal sjá um, að tilraunir verði gerðar til þess að stofna félög þessi, og má ekki veita öðrum lán, nema fyrir liggi skýrsla Fiskifélagsins um, að tilraunir til félagsstofnunar hafi reynzt árangurslausar.

Nú hættir félag, sem haft hefur forgangsrétt að láni, að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir forgangsréttindum, eða einhver sá, sem lán hefur fengið samkvæmt lögum þessum, starfrækir eigi fyrirtæki það, er lán hefur verið veitt til, um óeðlilega langan tíma, og er þá stjórn fiskimálasjóðs heimilt að úrskurða veitt lán þegar fallið í gjalddaga.

Bæjar- og hreppsfélag og félög þeirra tegunda, sem um getur hér að framan, skulu hafa forkaupsrétt að þeim mannvirkjum, sem lán hefur verið veitt til samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Til eftirtalinna framkvæmda má veita lán eða styrki:

1. Að gera tilraunir til að veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum og til leitunar nýrra aflamiða.
2. Að verka fisk eða aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, leita nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og til þess að auka sölu þeirra á hinum eldri og til annars þess, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins.

Stjórn fiskimálasjóðs veitir lán eða styrki úr sjóðnum að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands um hverja umsókn.

II. KAFLI

Um markaðsleitir og tilraunir við verkun og veiðar.

6. gr.

Fiskifélag Íslands hefur forgöngu um markaðsleit fyrir sjávarafurðir, tilraunir til þess að verka sjávarafurðir með nýjum aðferðum, leit að nýjum aflamiðum og tilraunir með nýjar veiðiaðferðir.

7. gr.

Fiskifélagið fær starfsfé til þessara framkvæmda úr fiskimálasjóði samkvæmt ákvörðun stjórnar fiskimálasjóðs. Heimilt er að veita öðrum en Fiskifélagi Íslands fé til þeirra framkvæmda, sem um getur í 6. gr., að fengnum tillögum Fiskifélagsins.

III. KAFLI

Um útflutning á fiski og verkun hans.

8. gr.

Ef atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir, skulu allir fiskframleiðendur fyrir þann tíma, er hann ákveður, sækja um verkunarleyfi. Í leyfisbeiðninni skulu leyfisbeiðendur tilgreina tölur og stærð fiskiskipa þeirra, sem þeir ætla að halda til veiða næsta ár, einkennistölu þeirra og áætla afla. Skulu framleiðendur láta allar þær

upplýsingar í té, sem krafizt verður og stuðlað geta að því að áætla beiðnina sem næst sanni.

Í leyfisbeiðninni skal tekið fram, hvernig framleiðandi óskar að verka afla sinn.

9. gr.

Atvinnumálaráðherra getur falið Fiskifélagi Íslands úthlutun verkunarleyfa, og setur hann því þá reglur um það.

Eftir því, sem við verður komið, skal úthluta leyfum í samræmi við óskir framleiðenda. Nú telur atvinnumálaráðherra, eftir að hann hefur fengið álit Fiskifélags Íslands, ólíklegt vegna innflutningstakmarkana í markaðslöndunum eða af öðrum ástæðum, að hægt verði að selja alla fiskframleiðslu landsmanna með þeirri verkunaraðferð, sem framleiðendur hafa óskað, og getur hann þá ákveðið, að tiltekinn hluti af afla fiskframleiðenda skuli sendur í því ásigkomulagi og með þeirri verkun, sem hann álítur, að tryggi það bezt, að fiskmarkaðurinn komi að sem fyllstum notum. Skal hafa um þetta sem nánasta samvinnu við fiskframleiðendur og útflytjendur.

10. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja né flytja út fisk til útlanda nema með leyfi atvinnumálaráðherra. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir fisksendingar til útlanda, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Leyfi til útflutnings á saltfiski skulu aðeins veitt þeim, sem fengið hafa löggildingu sem saltfisksútflytjendur. Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu fyrir smásendingar af óverkuðum fiski, ufsa, keilu og úrgangsfiski og enn fremur á verkuðum saltfiski til annarra landa en aðalmarkaðslandanna.

Ráðherra getur falið Fiskifélagi Íslands úthlutun útflutningsleyfa.

11. gr.

Atvinnumálaráðherra löggildir saltfisksútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma, allt að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.

Nú hefur félag fiskframleiðenda fengið löggildingu sem saltfisksútflytjandi og hefur umráð yfir 65% eða meira af saltfiskframleiðslu landsmanna, og getur þá atvinnumálaráðherra að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundraðshluta af framleiðslunni en það hefur umráð yfir, en fullnægja skal félagið þeim skilyrðum, er hér fara á eftir, sé það eigi stofnað og starfrækt samkvæmt lögum nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög. Félagið skal vera opið fiskframleiðendum þannig, að skrásett samlagsfélög þeirra, sem ná yfir eina eða fleiri veiðistöðvar eða tiltekin svæði, samvinnufélög og sambönd þeirra, sem selja fisk meðlima sinna, samvinnuútgerðarfélög og útgerðarfyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga hafi rétt til þátttöku og til að senda fulltrúa á fundi þess, enda hafi hvert þeirra til umráða að minnsta kosti 1000 skpd. saltfisks. Önnur útgerðarfélög, einstakir útgerðarmenn og fiskeigendur skulu og eiga rétt til að gerast þátttakendur og mæta eða láta mæta á fundum félagsins, ef þeir ráða yfir að minnsta kosti 1500 skpd. saltfisks. Æðsta vald í félagsmálum sé hjá félagsfundum. Aðalfundur sé haldinn ár hvert. Kýs hann stjórn félagsins, úrskurðar reikninga þess og kveður á um starfsemi þess. Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra. Nú ákveður atvinnumálaráðherra, að félaginu skuli veitt útflutningsleyfi fyrir meira en 65% af saltfiskframleiðslunni, og hefur hann þá rétt til að tilnefna eða skipa 2 menn í stjórn þess til viðbótar hinum félagskosnu. Hver þátttakandi hefur eitt atkvæði á félagsfundum og auk þess viðbótaratkvæði, er miðist að nokkru leyti við það fiskmagn, er hann hefur umfram tilskilið lágmark, þannig að viðbótaratkvæðisréttur þeirra, sem geta orðið þátttakendur með 1000 skpd., verði jafnan minnst þeim mun ríflegri en hinna sem svarar til mismunar á tilskildu lágmarksfiskmagni. Enginn þátttakandi má fara með meira en 8% af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra. Sama gildir um atkvæðisrétt innan félaga, sem eru þátttakendur.

Þeir, sem kynnu að fá löggildingu til útflutnings á eftirstöðvum fiskmagns,

skulu uppfylla skilyrði síðustu málsgreinar þessarar greinar, enda skulu þeir hlíta fyrirmælum atvinnumálaráðherra um framboð, lágmarksverð og útflutningstíma á saltfiski.

Ef ekkert almennt félag fiskframleiðenda, sem ræður yfir fiskmagni því, er að framan greinir, sækir um löggildingu, getur atvinnumálaráðherra löggilt tiltekna tölu saltfisksútflytjenda, enda hafi hver þeirra til umráða að minnsta kosti 20000 skpd. af fiski og fullnægi ákvæðum laga nr. 52 28. júní 1925, um verzlunaratvinnu, ef um einstakling er að ræða, eða ef um félag er að ræða, að það sé skrásett lögum samkvæmt sem hlutafélag, samvinnufélag eða sölusamlag fiskframleiðenda, opið öllum fiskframleiðendum.

12. gr.

Þeir, sem samkvæmt síðustu málsgrein 11. gr. fá löggildingu atvinnumálaráðherra sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum ráðherra um framboð og lágmarksverð á fiski, sem seldur er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma, afhendingu gjaldeyris og annað það, sem sett verður að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkvæmt lögum þessum, svo og um lágmarksverð á blautfiski eða nýjum fiski til sjómanna og útvegsmanna. Með reglugerð má ákveða, að fiskútflytjendur skuli skyldir að taka fisk til sölu af framleiðendum gegn hæfilegri hámarksþóknun og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir fiskframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

13. gr.

Útflytjendur eru skyldir til að gefa atvinnumálaráðherra eða þeim, er hann tiltekur, allar upplýsingar, sem beðið er um, um allt það, er snertir sölu og útflutning fisks, og hafa þeir, er atvinnumálaráðherra tiltekur, frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum útflytjanda um allt það, er fiskverzlun og útflutningi viðkemur, en bundnir eru þeir þagnarheiti um allt það, er þeir kunna að verða áskynja í þessu starfi sínu. Skulu þeir þó gefa atvinnumálaráðherra þær upplýsingar, er nauðsynlegar verða að teljast til þess að varðveita jafnrétti fiskframleiðenda.

Nú ákveður atvinnumálaráðherra að veita félagi fiskframleiðenda samkvæmt 2. málsgr. 11. gr. útflutningsleyfi fyrir 65% eða meira af saltfiskframleiðslunni, og á þá stjórn félagsins rétt til að fá allar upplýsingar, er hún óskar, um sölu og útflutning fisks, sem seldur er í tilraunaskyni samkv. 6. og 7. gr. þessara laga, og á stjórn félagsins aðgang að skjölum þar að lútandi, enda skal félaginu skylt að láta í té nægilegan fisk til nauðsynlegra tilraunasendinga á nýja markaði og annarrar nýbreytni, ef þess er þörf.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands nánari fyrirmæli um framkvæmd undanfarandi ákvæða, svo sem, að hver fiskeigandi beri ábyrgð á gæðum síns fisks, ákvæði um jafnaðarverð á fiski sömu gæða, umboðslaun til að standast kostnað við sölu og öll þau atriði önnur, er hann telur þurfa.

15. gr.

Brjóti löggiltur saltfisksútflytjandi ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, getur atvinnumálaráðherra svipt hann löggildingu og kært hann til fjársekta.

16. gr.

Nú telur ríkisstjórnin með tilliti til markaðslands og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikarnir með því að taka upp einkasölu á einstökum tegundum sjávarafurða, að undanteknum síldarafurðum, og getur ríkisstjórnin þá að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, ef félag framleiðenda, sem uppfyllir ákvæði 2. málsgr. 11. gr., æskir þess, veitt því um ákveðinn tíma einkarétt til að selja og flytja þær afurðir til útlanda. Sé slíkur félagsskapur framleiðenda

eigi til, getur ríkisstjórnin tekið einkasölu á slíkum tegundum sjávarafurða til útlanda. Ræður þá atvinnumálaráðherra framkvæmdastjóra til þess að annast söluna og gerir aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsyn krefur. Skal með reglugerð, er atvinnumálaráðherra gefur út, ákveða fyrirkomulag einkasölunnar, verksvið framkvæmdastjórnar og annað það, er leiðir af ákvæðum þessarar greinar.

Nú verður slík einkasala fyrirskipuð, og skal þá ríkisstjórnin gefa fiskframleiðendum kost á að taka hana í sínar hendur, þegar er stofnað verður félag framleiðenda, er fullnægir 2. málsgr. 11. gr.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

18. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 75 31. desember 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., lög nr. 48 1940, um breyting á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, er koma í bág við lög þessi.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Verði frv. þetta að lögum, kemur það í staðinn fyrir lög nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., og lög nr. 48 1940, um breyting á þeim lögum.

Aðalnýmæli frv. eru þessi:

1. Tekjur fiskimálasjóðs verði auknar stórlega eða að minnsta kosti fjórfaldaðar frá því, sem þær hafa verið undanfarið, og heimiluð 10 milljón króna lántaka að auki.

2. Fiskimálanefnd verði lögð niður og Fiskifélagi Íslands ætluð að mestu sú forysta í sjávarútvegsmálum, sem þeirri nefnd hefur verið falin. En þriggja manna stjórn fiskimálasjóðs er ætlað að úrskurða um fjárveitingar úr sjóðnum í samráði við Fiskifélagið, í stað þess, að ráðherra hefur haft úrskurðarvaldið í samráði við fiskimálanefnd.

3. Félögum útvegsmanna og fiskimanna er ætlaður forgangsréttur að þeim stuðningi, sem fiskimálasjóður veitir til iðnrekstrar og nýjunga í sjávarútvegi.

4. Fiskimálasjóði er ætlað að styðja sérstaklega bátakaup eða bátasmíði á þeim útgerðarstöðum í landinu, þar sem tilfinnanleg vöntun er báta, en lítið fjármagn fyrir hendi til framkvæmda.

Skal þá vikið nokkru nánar að hverju þessara atriða fyrir sig.

Eignir fiskimálasjóðs voru hinn 31. desember 1944 um 3 200 000 krónur. Var þá eftir að færa sjóðnum til tekna um 933 000 kr., og eru það tekjur af útflutningsgjaldi 1944. Má því gera ráð fyrir, að raunverulegar eignir sjóðsins um síðustu áramót hafi verið rúmar 4 000 000 kr. Árlegar tekjur sjóðsins hafa undanfarin ár verið ½% útflutningsgjald af sjávarafurðum, en fjárveitingar til sjóðsins beint úr ríkissjóði hafa fallið niður, en þær voru talsverðar um skeið.

Aðalhlutverk fiskimálasjóðs hefur jafnan verið að styðja ýmiss konar nýjungar í sjávarútvegi.

Það er augljóst, að á næstu misserum verður að auka starfsemi fiskimálasjóðs og leggja mikla áherzlu á margs konar nýjungar í sjávarútvegi, sem eru fjárfrekar og þannig vaxnar, að ekki er hægt að vænta þess, að einstaklingar eða félög hafi forgöngu um þær án sérstaks stuðnings af hálfu ríkisvaldsins. Með þessu frv. er því lagt til, að árlegt framlag úr ríkissjóði til fiskimálasjóðs næstu árin nemi að minnsta kosti 2 500 000 kr. árlega til viðbótar tekjum sjóðsins af útflutningsgjaldi. Það er ekki ósennilegt, að við nánari athugun komi í ljós, að meira fjármagn þurfi í þessu skyni, og því er lagt til, að þessi fjárveiting sé lágmark, en ákveðið verði í fjárlögum árlega, hve mikið greiða skuli þar fram yfir. Þykir flm. rétt að ákveða lágmarksframlag í lögunum sjálfum.

Verði frv. samþ., ættu fastar lágmarkstekjur fiskimálasjóðs að nema milli 3 og 4 millj. kr. árlega, og má margt gagnlegt styðja með þeirri fjárhæð. Eru það fjórfalt hærri tekjur en fiskimálasjóður hefur haft undanfarin ár. Auk þess er heimilað að taka 10 milljón króna lán handa sjóðnum, og væri sú lánsheimild notuð, gæti sjóðurinn á næstu misserum ráðið yfir miklu meira fjármagni en nemur árlegum tekjum hans.

Fiskimálasjóður hefur ekki starfað sem almenn lánsstofnun fyrir sjávarútveginn, og er ekki gert ráð fyrir því í þessu frv., að svo verði framvegis. Aftur á móti er ætlazt til þess, að fiskimálasjóður veiti sérstök styrktarlán, eftir að þær stofnanir, sem hafa stofnfjárlánveitingar með höndum, hafa lánað til viðkomandi fyrirtækja eins og þeim þykir tryggt. Er þetta byggt á því, að margar nýjungar í sjávarútvegi eru þannig vaxnar, að þess er tæplega að vænta, að almennar lánsstofnanir geti, a. m. k. á meðan nýjungarnar eru ekki fullreyndar, lánað eins mikið og nauðsynlegt er til þess að koma þeim af stað.

Gert er ráð fyrir því, að fiskimálasjóður veiti bæði lán og styrki. Til þess er ætlazt, að styrkirnir séu m. a. veittir til margs konar tilrauna í sambandi við nýjar veiðiaðferðir, til þess að leita að nýjum aflamiðum, til þess að gera tilraunir með nýjar verkunaraðferðir og til þess að leita að mörkuðum fyrir sjávarafurðir. Margt annað kemur einnig til greina, sem of langt yrði hér upp að telja.

Verði frv. þetta að lögum, ætti það að tryggja stórfellda aukningu á starfsemi fiskimálasjóðs. Það er fyrirhugað, að fiskveiðasjóður, sem annast stofnlánaveitingar til útgerðarinnar, verði efldur verulega. En þótt svo verði, er ekki síður nauðsynlegt að efla fiskimálasjóð, sem veitir nýjungum í sjávarútvegi þann sérstaka stuðning, sem að framan greinir.

Flm. telja það rétt, að fiskveiðasjóður hafi með höndum stofnlánaveitingar til sjávarútvegsins á hreinum bankagrundvelli, en fiskimálasjóður hafi með höndum styrktarlánaveitingar og úthlutun fjár til stuðnings nýjungum í sjávarútvegi. Það er tvímælalaust heppilegt að aðskilja þetta tvennt.

Fiskimálanefnd var sett á stofn árið 1935 með sérstakri lagasetningu. Það var hlutverk hennar að gera tilraunir með ýmsar nýjungar í sjávarútvegi og finna nýjar leiðir til þess að forða frá afleiðingum hinnar stórfelldu markaðskreppu fyrir saltfisk, sem hófst fyrir alvöru 1934 með lokun Spánarmarkaðarins. Hafði nefndin í þessu skyni veruleg fjárráð úr fiskimálasjóði, sem stofnaður var þá um leið. Varð nefndinni vel ágengt í mörgum efnum og gerði mikið gagn. Einkum varð forysta hennar um hraðfrysting á fiski og útflutning hans að glæsilegu afreki í þágu sjávarútvegsins og allrar þjóðarinnar. Naut nefndin í því efni ekki sízt forystu framkvæmdastjóra síns, Runólfs Sigurðssonar, sem stóð þó skemur en skyldi vegna sviplegs fráfalls hans.

Síðan löggjöfin um fiskimálanefnd var sett, hefur Fiskifélag Íslands eflzt mjög, bæði vegna þess, að félagið hefur verið endurskipulagt, og eins fyrir aukinn stuðning ríkisvaldsins. Þykir flm. nú þannig komið málum, að rétt sé að fela fiskifélaginu

sem mest forystuna í sjávarútvegsmálum, hliðstætt því, sem átt hefur sér stað á síðari árum um Búnaðarfélag Íslands og landbúnaðarframkvæmdir. Er frv. þetta byggt á þessari skoðun og því talið óhætt að leggja nú niður fiskimálanefnd, sem svo margt þarflegt vann á sínum tíma, og fela Fiskifélagi Íslands það hlutverk, sem nánar er skilgreint í frv. Er það skoðun flm., að slík ráðstöfun mundi verða öflug lyftistöng Fiskifélagi Íslands og gagnleg sjávarútveginum.

Ekki þykir þó fært — af skiljanlegum ástæðum — að fela Fiskifélagi Íslands fremur en fiskimálanefnd áður að veita fé úr fiskimálasjóði upp á sitt eindæmi, og eru þess vegna sett í frv. ákvæði um, að þriggja manna stjórn sjóðsins, kosin af Alþingi, skuli hafa úrslitavald um fjárveitingar úr sjóðnum, en fiskifélagið láta í ljós álit um hverja umsókn, sem til sjóðsins kemur. Er fiskifélaginu að þessu leyti ætlað sama hlutverk og fiskimálanefnd hefur haft. Fjárveitingavaldið sjálft hefur verið í hendi atvinnumálaráðherra. Þykir flm. eðlilegt, að það vald verði í höndum stjórnar sjóðsins framvegis.

Í 6. og 7. gr. eru ákvæði um það, að Fiskifélagi Íslands sé ætluð forganga um þær nýjungar í sjávarútvegsmálum, sem fiskimálanefnd var beinlínis ætlað að hafa með höndum áður.

Það er skoðun flm., að heppilegast sé, að iðnaður í þágu sjávarútvegsins sé rekinn af félögum útvegsmanna og fiskimanna, með því móti verði það bezt tryggt, að fiskiðnaðurinn sé beinlínis rekinn í þágu sjávarútvegsins og útvegs- og fiskimönnum tryggt sannvirði fyrir framleiðslu sína. Mjög skortir á, að þessu sé þannig háttað eins og stendur. Í 4. gr. frv. eru því ákvæði um það, að félög útvegsmanna og sjómanna, sem stofnuð eru til þess að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og sjómönnum, svo og félög, sem meginþorri útvegsmanna á hverjum stað er þátttakandi í, skuli hafa forgangsrétt til stuðnings úr fiskimálasjóði í framangreindu skyni. Þá er einnig gert ráð fyrir, að sé ekkert slíkt félag starfandi á einhverjum útgerðarstað, en frá þeim stað sé leitað eftir stuðningi til nýrra framkvæmda í fiskiðnaði, þá skuli Fiskifélag Íslands sjá um, að tilraun verði gerð til þess að stofna slíkt félag, og skal þá veita því stuðning, ef það æskir þess.

Það er ekki ætlunin með þessum ákvæðum að koma í veg fyrir það, að einstakir menn eða félög einstaklinga reki fiskiðnað. Ætlunin er hins vegar sú, að útvegsmenn og fiskimenn sitji fyrir stuðningi til þessara framkvæmda, ef þeir vilja hafa þessa starfsemi með höndum sjálfir.

Flestum mun ljóst, að brýna nauðsyn ber til þess að auka og bæta báta- og skipastól landsmanna, stefna að því, að menn komi sér upp stærri og heppilegri bátum til sjósóknar en orðið hefur að notast við víðs vegar um land. Talsverður stuðningur hefur verið veittur í þessu skyni með ýmsu móti. Það hefur sýnt sig, að mörgum er kleift að koma þessu við þrátt fyrir mikla erfiðleika og stóraukinn stofnkostnað. Einkum eru það þó þeir, sem rekið hafa sjávarútveg á stærri bátum eða haft með höndum annan atvinnurekstur, sem ágóða hefur gefið í aðra hönd undanfarin ár. Aftur á móti sýnir það sig, að þeir, sem orðið hafa að stunda sjó á smáfleytum og ekki hafa getað safnað neinu verulegu fjármagni, eiga þess ekki kost að draga saman nægilegt fjármagn til þess að kaupa stærri báta. Þannig er nú jafnvel ástatt um nokkur byggðarlög í landinu, að útgerð er þar nú að leggjast niður vegna verðbólgunnar og sakir þess, hve smáa báta menn hafa til umráða, en bolmagn skortir til þess að koma upp stærri útgerð. Þar, sem þannig er ástatt, fullnægja ekki venjulegar stofnlánaveitingar, og verður því annaðhvort að ske, að endurnýjun bátaflotans á þessum stöðum falli algerlega niður og þar með útgerðin eða sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að styðja öflun nýrra tækja, þar sem þannig er ástatt, umfram það, sem almennt er í boði af lánsfé í þessu skyni. Flm. leggja til í 4. gr. frv., að heimilt sé að veita hlunnindalán til bátakaupa eða bátasmíða á þessum stöðum umfram það, sem almennt gerist, enda séu útgerðarskilyrði þannig að dómi Fiskifélags Íslands, að rétt sé að efla útveg í byggðarlaginu.

Hefur þá verið gerð grein fyrir helztu nýmælum frv. og þá um leið efni sjö fyrstu gr. þess og tveggja fyrstu kaflanna. En 3. kafli frv. fjallar um ráðstafanir varðandi fiskútflutning landsmanna. Eru þar tekin upp þau ákvæði, með litlum breytingum, sem nú gilda um þau efni, en þau færð til samræmis við frv. að því leyti til, að Fiskifélagi Íslands eru yfirleitt ætluð þau afskipti af þeim málum, sem fiskimálanefnd eru ætluð í gildandi löggjöf.

Nd. 13. Frumvarp til laga

um bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiðum í Faxaflóa.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Íslenzkum ríkisborgurum eru bannaðar fiskveiðar með botnvörpum og dragnótum í Faxaflóa, innan línu, sem dregin er frá yztu tá Öndverðarness og yztu tá Reykjaness.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum og öðrum viðurlögum, svo sem brotið væri gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum og lögum um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

Greinargerð.

Á aðalþingi 1943 flutti ég frv. þetta, en það náði þá ekki fram að ganga.

Í greinargerð, sem fylgir till. þeirri til þingsál. um friðun Faxaflóa, sem ég flyt samhliða þessu frv., er gerð grein fyrir nauðsyn þeirri, sem á því er að fá aukna friðun fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum á helztu hrygningar- og klakstöðvum nytjafiskanna hér við land. Þarf eigi að ræða það mál frekar hér. Er í tillögunni lagt til, að teknir verði upp að nýju samningar um algera friðun Faxaflóa fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum, en það mál var síðast rætt á alþjóðafundi í Englandi á árinu 1943.

Með samþykkt þessa frv. vil ég láta það koma skýrt í ljós, hve ríka áherzlu Íslendingar leggja á það að geta fengið því til vegar komið, að Faxaflói verði leystur undan botnvörpuveiðaánauðinni. Þetta sýnir og, svo eigi verður um deilt, hvað Íslendingar vilja leggja í sölurnar fyrir þetta sameiginlega hagsmunamál allra þeirra, er fiskveiðar stunda við Ísland. Það getur ekki orkað tvímælis, að slík ráðstöfun af hálfu Íslendinga er mjög veigamikill þáttur í baráttu okkar fyrir því, að bannaðar verði með öllu botnvörpu- og dragnótaveiðar í Faxaflóa og þannig verða til þess að flýta fyrir því, að alþjóðasamkomulag næðist um það mál.

Sþ. 14. Tillaga til þingsályktunar

um friðun Faxaflóa.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera hinar ýtrustu tilraunir til þess að fá viðurkenningu fyrir því, að Faxaflói verði talinn innan íslenzkrar landhelgi, enda verði hann þá friðaður fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillögu samhljóða þeirri, sem hér um ræðir um friðun Faxaflóa, flutti ég á aðalþinginu 1943, og hlaut hún einróma samþykki Alþingis. Fer hér á eftir greinargerð sú, sem þá fylgdi tillögunni:

„Íslendingum hefur verið það ljóst frá öndverðu, hve þröngur stakkur þeim var skorinn með samningum þeim, er Danir gerðu við Englendinga um síðustu aldamót, þegar ákveðin var þriggja sjómílna landhelgi við strendur Íslands. Áður, eða frá því er fyrst voru settar reglur um þetta efni, höfðu gilt þau ákvæði hér, að öllum öðrum en Íslendingum og þegnum sambandslands þeirra, Danmerkur, voru bannaðar fiskveiðar fjórar sjómílur frá landi. Þessi samdráttur landhelginnar, minnkun hins friðaða svæðis, var því háskalegri fyrir Íslendinga og aðra, sem eiga hagsmuna að gæta í sambandi við fiskveiðar hér við land, að þá voru botnvörpuveiðar að komast í algleyming hér.

Þess varð ekki langt að bíða, eftir að botnvörpuveiðar hófust hér, að fiskimönnum væri byggt út af fiskimiðum þeim inni á fjörðum og flóum, sem þeir höfðu sótt aflafeng sinn á.

Sjómennirnir höfðu um aldaraðir sótt á þessi mið og haft lífsframfæri sitt af því, eins og bóndinn byggði afkomu sína á hagnýtingu á gróðri landsins. Það hefði því verið í alla staði eðlilegt, að hagnýting Íslendinga á þessum innfjarðamiðum um margar aldir hefði skapað þeim rétt til þess að sitja einir framvegis að þeim gæðum, sem þau höfðu að bjóða. Hefði hinum fornu ákvæðum landhelginnar ekki verið breytt, hefði líka sú orðið raunin á. En því var nú ekki að heilsa.

Þegar svona var komið, var ekki nema um tvennt að gera fyrir Íslendinga, annaðhvort að hætta fiskveiðum eða gerbreyta öllum háttum útgerðarinnar. Og það gerðu þeir, eins og raun ber vitni um. En þessi gerbreyting á útgerðinni var vitanlega hin mesta þrekraun, og áttu margir um sárt að binda, meðan á því stóð. Enn þá hefur ekki gróið um heilt af þessum sökum og gerir það aldrei, fyrr en óskoraður réttur landsmanna einna til hagnýtingar á þessum miðum verður endurheimtur. — Þótt Íslendingar hafi beðið mikið fjárhagslegt tjón við það, að botnvörpuveiðarnar eyðilögðu gersamlega fyrir þeim alla nytjafiskaöflun á þessum tryggu og handhægu innfjarðamiðum, er þó önnur miklu stærri og geigvænlegri hætta, sem af þessari veiðiaðferð stafar. Það er hið gegndarlausa dráp ungviðisins, eyðing viðkomunnar. Til þess að bæta upp fiskveiðatapið inni á fjörðum og flóum hafa Íslendingar sótt æ lengra og lengra á haf út. En hinni skefjalausu tortímingu á viðkomu nytjafiskanna verður með engu móti öðru afstýrt en því, að annaðhvort verði stórum dregið úr öllum botnvörpuveiðum eða alfriðaðar verði fyrir þeim veiðiháttum beztu klakstöðvarnar og þau svæði, sem ungviðið heldur sig mest á á fyrstu stigum uppvaxtarins.

Með þessa staðreynd fyrir augum hafa um langt skeið verið uppi um það háværar raddir hér á landi, að allrar orku yrði að neyta, til þess að landhelgin við strendur Íslands yrði færð út og friðuð fengjust beztu hrygningarsvæðin og mikilvægustu uppeldisstöðvar fisksins.

Á síðastliðnum tveimur áratugum hefur mál þetta verið tekið upp á Alþingi nokkrum sinnum. Sjávarútvegsnefnd neðri deildar flutti þáltill. á þinginu 1919 um rýmkun landhelginnar. Á þingunum 1924, 1926, 1929 og 1930 flutti flm. þessarar þáltill. tillögur um málið, sem gengu í sömu átt, og var auk þess í tillögunni, sem flutt var 1926, skorað á ríkisstjórnina að senda nefnd manna til samninga við brezku stjórnina um rýmkun landhelginnar. Loks flutti Ólafur Thors, þm. G.-K., ásamt mér á þinginu 1936 till. til þál. um friðun Faxaflóa. Allar þessar tillögur hafa hlotið einróma samþykki á Alþingi, og hafa ríkisstjórnir Íslands notað hvert tækifæri, sem gefizt hefur, til þess að koma málinu á framfæri við stjórnir fiskveiðaþjóða á Norðurlöndum.

Síðan farið var að hreyfa þessum málum hér, hafa nokkrir alþjóðafundir verið haldnir um þessi mál. Árið 1930 var haldinn alþjóðafundur í Haag, og áttu Íslendingar þar fulltrúa. Tóku fulltrúar 17 af 33 þjóðum, er fundinn sátu, vel á því, að landhelgi allra landa yrði víkkuð frá því, sem nú er. En það, sem gerði gæfumuninn og olli því, hve málinu þokaði skammt áleiðis á þeim fundi, var, að fulltrúar þeirra þjóða, er mest áttu undir sér, þar á meðal fulltrúar Englendinga, lögðust gegn þessari tillögu.

Árið 1937 var og haldinn fundur um þessi mál í London. Mættu þar af Íslands hálfu þáverandi sendiherra, Sveinn Björnsson, og Árni Friðriksson fiskifræðingur. Á þessum fundi bundust 11 þjóðir samtökum um möskvastærð í vörpum og lágmarksstærð á fiski, er flytja mætti í land og selja. Fulltrúum Íslands tókst að koma till. um friðun Faxaflóa inn á fundinn, og var málinu vísað til hafrannsóknaráðsins, en það kaus nefnd í málið, sem var skipuð 8 mönnum, sínum frá hverju landi helztu fiskveiðaþjóðanna, og er Árni Friðriksson fulltrúi Íslands í nefndinni. Nefnd þessi hefur starfað mikið og sumir nefndarmanna komið til Íslands í þeim erindum, þar á meðal fulltrúi Norðmanna, próf. Johan Hjort, sem er heimskunnur vísindamaður. Fór hann og þeir félagar rannsóknarferðir um Faxaflóa, og hefur fyrrv. atvinnumálaráðherra, Ólafur Thors, tjáð mér, að próf. Hjort hafi haft mjög mikinn áhuga á þessu máli og því mjög velviljaður, og er álit og tillögur slíkra manna ómetanlegur styrkur fyrir framgang málsins. Merkir vísindamenn í Bretlandi hafa og látið falla orð á sömu lund.

Á árunum 1935 og 1936 stóðu yfir harðar deilur milli Norðmanna og Englendinga út af því, að Norðmenn héldu fram og vörðu 4 mílna landhelgi fyrir Norður-Noregi án þess að hafa fengið til þess samþykki annarra þjóða. Í deilu þessari kom fram hjá Englendingum, þrátt fyrir það að þeir vildu ekki viðurkenna 4 mílna landhelgina, viðurkenning á því, að nauðsynlegt gæti verið að friða viss svæði utan landhelgislínunnar gegn botnvörpuveiðum, enda höfðu Englendingar sýnt í verkinu heima fyrir, að þeir teldu þörf á slíkri ráðstöfun, með friðun Morayflóans fyrir botnvörpuveiðum brezkra þegna.

Það, sem auk þess, er að framan getur, hefur vakið fiskveiðaþjóðir á Norðurlöndum til umhugsunar um þessi mál, er, hversu fiskveiðar hafa stöðugt farið minnkandi í Norðursjónum. Þá hafa Færeyingar goldið mikið afhroð af þessum sökum. Fyrir heimsstyrjöld þá, er nú geisar, var svo komið, að botnvörpuveiðar voru gersamlega búnar að eyðileggja fiskimiðin við strendur Færeyja, og Færeyingar urðu að flýja þaðan með fiskiflota sinn. Með allar þessar staðreyndir fyrir augum stofnuðu nokkrar fiskveiðaþjóðir á Norðurlöndum fyrir alllöngu félagsskap með sér, er hrinda skyldi í framkvæmd og bera kostnað af vísindalegum rannsóknum á fiskveiðum í norðurhöfum og einkum og sér í lagi áhrifum botnvörpuveiðanna á fiskstofninn. Er Faxaflóanefndin einn þáttur þessarar starfsemi. Hefur þessum rannsóknum mjög verið beint að ströndum Íslands. Rannsóknarskipið „Dana“ var hér mörg ár í röð við slíkar rannsóknir. Var Faxaflói sérstaklega valinn til þessara rannsókna með tilliti til þess, að fræðimönnum á þessu sviði, sem fengizt hafa við rannsóknir hér, kemur saman um það, að við Faxaflóa og í sjálfum flóanum séu einhver beztu hrygningarsvæði heimsins fyrir þorsk og ýmsa aðra nytjafiska, auk þess sem Faxaflói er hin ákjósanlegasta uppeldisstöð.

Íslendingar hafa frá byrjun tekið þátt í þessum rannsóknum. Dr. Bjarni Sæmundsson, hinn stórmerki vísindamaður, var þátttakandi í þessum rannsóknum á „Dönu“ og á fleiri rannsóknarskipum erlendum, er hingað voru send í þessu skyni. Eftir að rannsóknir á þessum erlendu skipum höfðu farið hér fram í nokkur ár, varð það að samkomulagi milli þeirra, er fyrir þessum rannsóknum stóðu, annars vegar og íslenzkra stjórnarvalda og fræðimanna okkar á þessu sviði hins vegar, að Íslendingar héldu rannsóknunum áfram á eigin spýtur. Voru þessar rannsóknir framkvæmdar á varðskipinu Þór, fyrst undir forystu dr. Bjarna Sæmundssonar og síðar undir forystu Árna Friðrikssonar fiskifræðings, sem eins og fyrirrennari hans hefur getið sér hið bezta orð sem ihugull og glöggur vísindamaður í sinni grein. Var Þór útbúinn öllum þeim tækjum, er slíkar rannsóknir útheimta, og í engu til sparað, eins og sjálfsagt var. Er það mikill sómi fyrir Íslendinga að hafa haft á að skipa við þessi störf slíkum mönnum sem þeim dr. Bjarna Sæmundssyni og Árna Friðrikssyni. Hafa þeir unnið þjóð sinni mikið gagn með störfum sínum, og á Árni Friðriksson, sem enn er maður á bezta aldri, vafalaust eftir að inna af hendi mörg afrek í sinni fræðigrein.

Rannsóknirnar á Þór féllu niður, þegar styrjöldin skall á, og var þá að vísu ekki að fullu lokið. Niðurstöður þessara rannsókna eru hinar merkilegustu. Faxaflóarannsóknirnar sýna það meðal annars, hvað dýralífið er miklu fjölskrúðugra innan landhelgislínunnar en utan. Hafa þessar rannsóknir varpað skýru ljósi yfir það, hver háski fiskstofninum er búinn af völdum botnvörpuveiðanna, ef engar ráðstafanir eru gerðar til þess að skakka þann leik.

Íslendingum hefur verið það ljóst, að staðreyndir, sem reistar væru á vísindalegum niðurstöðum, væru það eina, sem þeir gætu byggt á kröfur sínar um aukna friðun á fiskimiðum hér við land. Þessar staðreyndir liggja nú fyrir og eru svo órækar, að þess er fullkomlega að vænta, að þær fiskveiðaþjóðir á Norðurlöndum, sem stunda fiskveiðar við Ísland, viðurkenni, að það sé sameiginlegt nauðsynjamál þeirra og Íslendinga, að hér verði friðuð fyrir botnvörpuveiðum beztu hrygningarsvæði fisksins og uppeldisstöðvar og að það sé beinlínis hættulegt, að það sé dregið á langinn úr þessu að koma slíkri friðun á.

Krafan um friðun Faxaflóa á nú að vera svo rökstudd, eins og að framan greinir, að sjálfsagt er að koma henni af nýju á framfæri, strax og kostur er. Nú vill svo til, að þetta tækifæri er einmitt fyrir hendi. Í næsta mánuði hefur verið boðað til alþjóðafundar, sem halda á í Englandi, til þess að ræða mál, sem varða meðal annars verndun fiskstofnsins. Íslendingum hefur verið boðin þátttaka í þessum fundi, og verða fulltrúar sendir þangað.

Tillaga þessi um friðun Faxaflóa er flutt í því skyni, að samþykkt hennar verði til áherzlu því, að fulltrúum okkar verði falið að koma málinu á framfæri. Það má gera ráð fyrir, að fundur þessi verði skipaður fræði- og vísindamönnum á sviði fiski- og hafrannsókna og að álits þeirra gæti mikils í slíkri samkomu. Er það því mikill styrkur fyrir Íslendinga að hafa sem sóknaraðila á þessu vísindamannaþingi slíkan mann sem Árna Friðriksson, sem eigi þarf að efa, að kunni á því tökin að hagnýta sér árangurinn af margra ára vísindarannsóknum á fiskisvæðunum hér við land, árangur, sem alkunnur er orðinn meðal vísindamanna á þessu sviði og að áliti dómbærra manna gefur skýr svör við þeim spurningum, sem með rannsóknunum var leitazt við að fá svarað.

Takist að friða Faxaflóa, er það afar stór og mikilvægur sigur, því að bæði er það svo, að í Faxaflóa og næsta nágrenni hans eru, eins og fyrr segir, aðalhrygningarsvæði þorsksins og flóinn því alveg tilvalin klakstöð þess ungviðis, og auk þess ætti frekar að mega gera sér vonir um, að auðnast mætti síðar að fá aðra flóa og firði friðaða, eftir að friðun Faxaflóa í reyndinni hefði borið tilætlaðan ávöxt til hagsbóta öllum þeim, er fiskveiðar stunda hér við land."

Eins og frá er greint hér að framan, var á öndverðu ári 1943 haldinn í Englandi alþjóðafundur til þess að ræða um verndun fiskstofnsins. Fulltrúar þeir, sem mættu þar fyrir hönd Íslendinga, komu málum okkar þar á framfæri. Var málaleitun þeirra tekið með velvilja og vaxandi skilningi á nauðsyn fyrir aukinni friðun við strendur Íslands til þess að vernda fiskstofninn. Síðan hafa, af eðlilegum ástæðum, fundahöld og umræður um þessi mál legið niðri, þar til nú, að ákveðið hefur verið, að þing alþjóðahafrannsóknaráðsins komi saman í Kaupmannahöfn í þessum mánuði. Nefnd manna, skipuð sérfræðingum undir forystu Árna Friðrikssonar fiskifræðings, situr þing þetta af hálfu Íslendinga. Mun þingið taka til meðferðar rannsóknir þær í Faxaflóa, sem framkvæmdar höfðu verið, áður en stríðið skall á, undir forystu Árna Friðrikssonar og próf. Johan Hjort. Er þess að vænta, að á þingi þessu verði stigið giftudrjúgt spor til þess að hrinda Faxaflóafriðuninni í framkvæmd.

Það hefur vakið óskipta athygli sjómanna, sem stundað hafa fiskveiðar í Faxaflóa nú og í fyrra stríði, hvað árangurinn af því, að erlendir togarar hurfu af miðunum, að því er snertir aukningu fiskimagnsins, er miklu minni nú en á árunum 1914—18. Þá fylltist Faxaflói af fiski. Á grynnstu bátamiðum var uppgripaafli síðustu stríðsárin á línu- og handfæri. Fiskimagnið á grunnmiðum var orðið mjög

svipað og í góðum aflaárum, áður en botnvörpuveiðar hófust hér við land. Öll þau ár var botnvörpu eða dragnót að heita mátti ekki varpað í sjó í flóanum.

Nú aftur á móti hefur öll stríðsárin verið krökkt af mótorbátum með botnvörpu og dragnót í flóanum. Og veiðin sýnir merkin. Fiskgengd hefur ekkert aukizt frá því, sem áður var, nema síður sé. Aldrei hefur, öll þessi ár, komið neitt fiskihlaup, svo teljandi sé, á grunnmið. Á miðum þeim, sem trollbátarnir halda sig á að jafnaði, hefur afli yfirleitt verið tregur þessi ár og tímunum saman aflalaust. En það hefur athugulum sjómönnum verið blöskrunarefni, hvílík reginkynstur af ungviði hafa komið upp í vörpunum. Heilir og hálfir pokar af ungviði allra helztu fisktegunda koma löngum upp í hverjum drætti. Öllu þessu ungviði er svo jafnharðan mokað steindauðu í sjóinn aftur. Má nærri geta um það, hver áhrif slík rányrkja á miðunum í beztu klakstöðinni, sem til er við strendur þessa lands, hefur á fiskstofninn og fiskveiðar í framtíðinni. Jafnframt því sem Alþingi lætur nú enn á ný í ljós vilja sinn í þessu mikilsverða friðunarmáli með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu, er þess að vænta, að það samþykki og frv. það um bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiðum í Faxaflóa, sem ég flyt á þingskj. 13. Með því sýndi Alþingi þá víðsýni og fyrirhyggju, sem er samboðin þjóð, sem á jafnmikið undir fiskveiðunum og Íslendingar.

Nd. 15. Frumvarp til laga

um að fela stjórn Fiskifélags Íslands störf fiskimálanefndar.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Stjórn Fiskifélags Íslands skal fara með störf þau, er fiskimálanefnd hefur á hendi samkvæmt lögum nr. 75 31. des. 1937, sbr. lög nr. 48 12. febr. 1940.

2. gr.

Stjórn Fiskifélags Íslands getur með samþykki atvinnumálaráðherra ráðið sér fulltrúa til aðstoðar við störf þau, sem henni eru falin samkv. 1. gr., svo og annað starfsfólk, eftir því sem nauðsyn krefur.

Ráðherra ákveður þóknun til Fiskifélags Íslands fyrir störf stjórnar þess samkv. 1. gr.

Kostnað allan af framkvæmd laga þessara skal greiða úr fiskimálasjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945, og falla þá niður umboð þeirra manna, er nú eiga sæti í fiskimálanefnd.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en náði ekki fram að ganga. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Með frv. þessu er lagt til, að stjórn Fiskifélags Íslands sé falið að fara með störf þau, er fiskimálanefnd hefur á hendi.

Fiskifélag Íslands fer, eins og kunnugt er, með margháttuð störf fyrir ríkið, enda nýtur það árlega fjárframlags frá ríkinu til starfsemi sinnar. Störf Fiskifélagsins fyrir ríkisvaldið eru, eins og að líkum lætur, að langsamlega mestu leyti á sviði atvinnumálanna, þó einkum og sér í lagi sjávarútvegsins. Hefur stjórn Fiskifélagsins af þeim sökum mest saman að sælda við atvinnumálaráðuneytið og

atvinnumálaráðherra, og er samband og samstarf félagsins við ráðherrann svo náið, að tilskilið er, að hann t. d. samþykki fjárhagsáætlun félagsins. Nú er því þannig farið, að lögin um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. kveða svo á um, að atvinnumálaráðherra hefur úrskurðarvald og yfirstjórn allra þeirra framkvæmda, sem þar um ræðir. Það er því í beinu framhaldi af því nána samstarfi, sem er á milli Fiskifélagsins og atvinnumálaráðherra um margþætt og mikilsverð málefni, sem sjávarútveginn varða, í alla staði eðlilegt og hallkvæmt, að stjórn Fiskifélagsins sé falin framkvæmd fyrrnefndra laga. Fleiri stoðir hníga og undir það, að þetta sé gert. Fiskifélag Íslands stendur nú, eftir þá breytingu, sem gerð var á lögum félagsins á síðasta fiskiþingi, í beinu og nánu sambandi við deildir félagsins hvarvetna í verstöðvum landsins og fjórðungssamböndin, en þar eru í fararbroddi áhuga- og framtaksmenn á sviði sjávarútvegsmála. Slík sambönd við hina lifrænu starfsemi eru mikilsverð og raunar nauðsynleg, til þess að raunhæfur árangur geti náðst af þeirri margþættu og þýðingarmiklu tilraunastarfsemi og nýbreytni í útgerð og hagnýtingu sjávarafurða, sem lögin gera ráð fyrir, að stutt sé að og hrundið í framkvæmd.

Þá er hið nána samband og samstarf, sem stjórn Fiskifélagsins hefur við sjávarútvegsmenn úti um land, mjög veigamikill þáttur í því, að komið verði á tryggu eftirliti með þeim fyrirtækjum, sem lánað er fé til úr fiskimálasjóði.

Að öllu þessu athuguðu getur það ekki orkað tvímælis, að stjórn Fiskifélagsins hefur miklum mun betri og sterkari aðstöðu til þess að standa fyrir þessum málum en nokkur annar aðili, sem hér gæti komið til greina.

Fiskifélag Íslands er stofnun sjómanna, útgerðarmanna og annarra, sem áhuga hafa á sjávarútvegsmálum. Þeir ræða og gera ályktanir um mál sín í deildum, á fjórðungsþingum og fiskiþingi. Fiskiþing velur til þess að veita þessum málum forstöðu menn, sem það á hverjum tíma álítur líklega til þess að sinna þeim með alúð og árvekni.

Fiskifélag Íslands, þessi áhugafélagsskapur sjómanna og útgerðarmanna, er til þess kjörið að vera sterkur og áhrifaríkur þáttur í þeirri starfsemi, sem hér um ræðir. Þess vegna ber að nota þessi félagssamtök til hins ýtrasta í þágu þessa þýðingarmikla málefnis, sem annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar á svo mikið undir, að lögð sé full rækt við.

Þótt mikið hafi óneitanlega áunnizt á síðustu árum í hagnýtingu sjávarafurða, öflun nýrra markaða og fleira, þá erum við eigi að síður skammt á veg komnir í þessu efni. Margir og miklir möguleikar blasa hér óneitanlega við. Við strendur landsins eru einhver auðugustu fiskimið veraldar. Ný og áður óþekkt fiskimið hafa á síðustu árum fundizt á landgrunni því, sem liggur í allar áttir út frá ströndum landsins. Það má heita tilviljun ein, að þessi mið hafa fundizt. Allar rannsóknir í því efni hafa til þessa að heita má verið vanræktar. Við svo búið má ekki standa. Hér er fyrir hendi mikið verkefni. Án alls efa mundu rannsóknir á þessu sviði leiða í ljós, að til eru hér enn ónumin fiskigrunn, þar sem fólgnar eru miklar auðlindir.

Þá bíður nú úrlausnar margháttuð nýbreytni í verkunaraðferðum sjávarafurða. Nauðsynin á því að flytja um óraleiðir ný matvæli í styrjöld þeirri, sem nú geisar, hefur knúið fram margháttaða tækni til lausnar á þessu erfiða og torleysta viðfangsefni. Þessar nýjungar geta valdið miklum straumhvörfum í hagnýtingu sjávarafla hér á landi. Gæði fisksins, sem veiðist við strendur landsins, eru viðurkennd. Hér eru því skilyrði til hinnar beztu hráefnaframleiðslu þessarar tegundar. Hin nýja tækni í meðferð og geymslu fisksins er því meira virði fyrir okkur sem eðlisgæði fisksins eru meiri en víðast annars staðar, ef miðað er við sambærilegar tegundir. Fyrir þessara hluta sakir er Íslendingum það lífsnauðsyn að leggja sig í framkróka um það að tileinka sér hina nýju tækni, jafnskjótt og þess er kostur, og vera við því búnir að gera þær ráðstafanir innan lands, sem nauðsynlegar eru til þess að geta hrundið í framkvæmd nýbreytni í þessum efnum.

Ýmsar breytingar og endurbætur á veiðarfærum hafa rutt sér til rúms á undanförnum árum. Sumum af þessum endurbótum hefur verið komið á hér á landi, einkum við síldveiðarnar. Margt stendur þó enn til bóta í þessu efni. Hér er ekki síður en í þeim atriðum, sem drepið er á hér að framan, mikið verk að vinna. Úrlausn í því efni byggist á tvennu: eigin hugkvæmni landsmanna og hagnýtingu þeirra á erlendri nýbreytni.

Öflun nýrra markaða er eins og ekki síður mikið viðfangsefni. Kröfur til fisksins hafa í þeim löndum, sem aðalmarkaður okkar er í, verið mjög einskorðaðar við fornar venjur. Nýbreytni í verkunaraðferðum átti þar því mjög erfitt uppdráttar. Á stríðsárunum hefur aðstaðan að þessu leyti gerbreytzt. Milljónir manna hafa á þessum árum vanizt á að neyta fisks, sem framleiddur er með gerbreyttum verkunaraðferðum. Þetta mun að sjálfsögðu valda því, að kröfur til fjölbreyttari framleiðslu verða háværar eftir stríðið. Íslendingar verða því að vera við því búnir að mæta þeim breytingum, sem þetta veldur í aðalmarkaðslöndum sínum. Þá verða þeir og að leggja á það megináherzlu að ryðja fiskinum braut í þeim löndum, sem þeir áður höfðu ekki aðstöðu til að skipta við. Kemur Mið-Evrópa þar einkum til greina, og ýmislegt bendir einnig til þess, að renna megi í þessu efni vonaraugum til Ameríku. Þar, sem áður voru lokaðar leiðir til slíkra viðskipta, virðast nú, á brautum nýrrar tækni, allar leiðir opnar til stórfelldrar sölu hins ágæta fisks okkar og fiskafurða margs konar.

Að þessu leyti standa Íslendingar nú á mjög merkilegum tímamótum. Ný verkefni blasa við þeim eftir stríðið í hagnýtingu hinnar miklu matvöruframleiðslu, bæði til lands og sjávar. Öll sú margháttaða nýbreytni og tækni á þessu sviði, sem hrundið hefur verið í framkvæmd á styrjaldarárunum, á að geta verið gullnáma fyrir Íslendinga, svo framarlega sem þeir eru á verði og þekkja sinn vitjunartíma. Framtak einstaklingsins verður hér sem annars staðar að vera driffjöðrin í því, að þeim verkefnum, sem hér bíða úrlausnar, verði komið áleiðis. En það má fullkomlega gera ráð fyrir því, að þau verkefni, sem hér hefur verið lýst, séu svo fjárfrek og kostnaðarsöm í byrjun, að hið opinbera þurfi að leggja fram verulegar fjárhæðir í þessu skyni. Öll viðleitni einstaklinga og félaga, sem beinist í þá átt að leysa þetta stóra verkefni, er athyglis- og stuðningsverð, slíkt þjóðnytjamál sem hér er um að ræða.

Fjárráð þau í þessu skyni, sem tiltæk eru samkv. lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., eins og lögin eru nú úr garði gerð, eru allsendis ófullnægjandi til þess að sinna eins og verðugt er þessu mikla verkefni. Það verður því óhjákvæmilega að auka tekjur fiskimálasjóðs þannig, að framkvæmdir á þessu sviði geti átt í honum öflugan bakhjarl. Þær breytingar, sem gera þarf á lögum, til þess að stuðningur hins opinbera við þessar margháttuðu og þýðingarmiklu framkvæmdir missi ekki marks, verða fyrst og fremst að vera með tvennum hætti: að fela þeim aðila á hendur framkvæmd þessara mála, sem bezta aðstöðuna hefur til þess að ná góðum árangri, eins og gert er í þessu frv., og að veita ríflegan fjárstuðning í þessu skyni.

Þótt þetta frv. taki ekki til nema annars þáttarins af breytingum þeim, sem vikið er að hér að framan, að gera þurfi á lögunum, er það engan veginn af því, að flm. hafi ekki áhuga á því, að aukið sé fé fiskimálasjóðs, heldur af hinu, að nú stendur yfir undirbúningur að afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár, og er ekki enn séð, hvaða afstöðu Alþingi tekur til tekjuöflunar til þess að mæta nýjum útgjöldum, en á því veltur, hvort kleift reynist að efla fiskimálasjóð eða ekki. Ef fjárhagsástæður leyfa, mun flm. að sjálfsögðu beita sér fyrir þeim breytingum á frv., að fé fiskimálasjóðs verði aukið svo sem frekast eru föng á."

Sþ.

16. Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 1946.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1946 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	26 000 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 6000000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 3000000	3 000 000	
			29 000 000
3.	Vörumagnstollur	10 000 000	
4.	Verðtollur	33 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	1 000 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	1 800 000	
			45 800 000
7.	Fasteignaskattur	600 000	
8.	Lestagjald af skipum	100 000	
9.	Bifreiðaskattur	1 200 000	
			1 900 000
10.	Aukatekjur	1 100 000	
11.	Stimpilgjald	2 500 000	
12.	Vitagjald	600 000	
13.	Leyfisbréfagjöld	100 000	
14.	Erfðafjárskattur	200 000	
15.	Veitingaskattur	600 000	
			5 100 000
	Samtals ...	. . .	81 800 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans	485000	
2.	— áfengisverzlunar	22462699	
3.	— tóbakseinkasölu	7751000	
4.	— ríkisútvarps	1414778	
5.	— ríkisprentsmiðju	224000	
		32 337 477	
	÷ Tap af rekstri póstsjóðs	700 000	
			31 637 477
	Samtals ...	. . .	31 637 477
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		4 000 000
II.	Gjöld:		
	1. Póststjórnarkostnaður	275 000	
	2. Póststofan í Reykjavík	1 526 000	
	3. Önnur pósthús	920 000	
	4. Póstflutningar	1 420 000	
	5. Önnur gjöld	235 000	
	6. Fyrning	4 000	
	7. Rekstrarkostnaður bifreiða	320 000	
			4 700 000
	Mismunur (halli) ...		700 000
	2. Landssiminn.		
I.	Tekjur		13 130 000
II.	Gjöld:		
	a. Til notendasíma í sveitum	500 000	
	b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans	600000	
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík	1725000	
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	170000	
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	300000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	2430000	
	6. Áhaldahúsið	205000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	530000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	270000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði	230000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	145000	
	11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	210000	
	12. Símastöðin á Siglufirði	275000	
	13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva	1780000	
		8 870 000	

3. gr.

	kr.	kr.
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	225 000	
d. Viðbót og viðhald stöðva	650 000	
e. Viðhald landssímanna	2 000 000	
f. Framhaldsgjald	170 000	
g. Ýmis gjöld	80 000	
h. Fyrning á húsum og áhöldum	150 000	
		12 645 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	485 000
Eignabreytingar landssímans.		
Út.		
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa		400 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		1 500 000
III. Til talstöðva í báta og skip		350 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip		250 000
V. Til birgðahúss í Reykjavík		500 000
VI. Til nýrra landssímalína		400 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og II.	. . .	3 400 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		25 000 000
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun 306655		
b. Verðlagsuppbót 536646		
	843 301	
2. Kostnaður við áfengisútsölur	500 000	
3. Annar rekstrarkostnaður	444 000	
4. Útsvar	750 000	
		2 537 301
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	22 462 699
4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		9 000 000
II. Gjöld:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun 186940		
2. Verðlagsuppbót 327145		
	514 085	
b. Annar rekstrarkostnaður	484 915	
c. Útsvar	250 000	
		1 249 000
Fært á 3. gr. A. 3	. . .	7 751 000

3. gr.

		kr.	kr.
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		2 700 000	
b. Aðrar tekjur		400 000	
			3 100 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	298120		
2. Verðlagsuppbót	521710		
		819 830	
b. Útvarpsefni		500 000	
c. Skrifstofukostnaður		180 000	
d. Húsaleiga, ljós og hiti		90 000	
e. Til útvarpsstöðva		260 000	
f. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.		30 000	
g. Óviss útgjöld		25 000	
h. Vextir		15 000	
i. Fyrning á húsum og vélum		50 000	
			1 969 830
		. . .	1 130 170
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		550 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	64800		
b. Verðlagsuppbót	113400		
	178200		
2. Annar kostnaður	95692		
		273 892	
			276 108
IV. Rekstur viðgerðarstofu:			
a. Tekjur		290 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	60000		
b. Verðlagsuppbót	105000		
	165000		
2. Efni	80000		
3. Annar kostnaður	40500		
		285 500	
			4 500

			3. gr. kr.	kr.
V. Rekstur viðtækjasmiðju:				
a. Tekjur			160 000	
b. Gjöld:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	30000			
b. Verðlagsuppbót	52500			
		82500		
2. Efni		45000		
3. Annar kostnaður		28500		
			156 000	
				4 000
Fært á 3. gr. A. 4			. . .	1 414 778
Eignabreytingar:				
1. Afborgun af láni til stækkunar				89 100
2. Til byggingar útvarpshúss í Reykjavík				1 080 000
Fært á 20. gr. Út II.			. . .	1 169 100
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.				
I. Tekjur (prentvinna)				1 700 000
II. Gjöld:				
1. a. Laun starfsmanna:				
1. Grunnlaun	45973			
2. Verðlagsuppbót	80452			
		126425		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:				
1. Grunnlaun	340000			
2. Verðlagsuppbót	595000			
		935000		
			1 061 425	
2. Efnivörur			270 000	
3. Vélarekstur og viðhald			44 575	
4. Annar kostnaður			80 000	
5. Fyrning			20 000	
				1 476 000
Fært á 3. gr. A. 5			. . .	224 000
7. Áburðarsala ríkisins.				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	26024			
2. Verðlagsuppbót	45542			
		71566		
b. Annar kostnaður		118434		
			190 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum			190 000	

3. gr.

		kr.	kr.
8. Grænmetisverzlun ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	39036		
2. Verðlagsuppbót	68313		
	107349		
b. Annar kostnaður	92651		
		200 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		200 000	
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar			10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnistæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbankans, sem standa eiga undir og eru að veði fyrir lánum til veðdeildar-bréfakaupa		111 260
2. Vextir af öðrum bankavaxtabréfum, jarðræktarbréfum og kreppulánasjóðsbréfum		4 197
3. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180 000
4. Vextir af dönskum ríkisskuldabréfum		34 777
5. Arður af hlutafjáreign		235 000
6. Aðrir vextir		50 000
Samtals ...	. . .	615 234

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 100 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1946 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		853 888
2. Lán í dönskum krónum		240 680
3. Lausaskuldir		50 000
Samtals ...	. . .	1 144 568

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		300 000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		1 500 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		13 406
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2 170
Samtals ...	. . .	1 515 576

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:				
1. Til ráðherra:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	90000			
2. Verðlagsuppbót	157500			
		247500		
b. Til risnu samkvæmt reikningi		25000		
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra	3000			
2. Húsaleiguuppbót	1080			
		4080		
			276 580	
2. Til ráðuneytanna:				
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	84050			
2. Verðlagsuppbót	147087			
		231137		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	78550			
2. Verðlagsuppbót	137462			
		216012		
c. Fjármálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	150215			
2. Verðlagsuppbót	262876			
		413091		
d. Utanríkisráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	76215			
2. Verðlagsuppbót	133377			
		209592		
e. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	27000			
2. Verðlagsuppbót	47250			
		74250		
f. Aðrir starfsmenn ráðuneytanna, laun:				
1. Grunnlaun	51555			
2. Verðlagsuppbót	90221			
		141776		
g. Annar kostnaður ráðuneytanna		250000		
			1 535 858	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	96270			
2. Verðlagsuppbót	168472			
		264742		
b. Annar kostnaður		30000		
			294 742	
4. Ýmis kostnaður:				
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		20000		

10. gr.

			kr.	kr.
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:				
1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200			
2. Til pappírs og prentunar	80000			
3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	4500			
		85700		
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu		20000		
d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046		
			127 746	
				2 234 926
II. Hagstofan:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun		68900		
2. Verðlagsuppbót		120519		
			189 419	
b. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna			60 000	
c. Prentun eyðublaða			4 500	
d. Húsaleiga, hiti og ljós			12 000	
e. Annar kostnaður			4 000	
				269 919
III. Utanríkismál:				
1. Sendiráðið í Köbenhavn:				
a. 1. Laun sendifulltrúa	12000			
2. Áætluð staðaruppbót	48000			
		60000		
b. Laun annarra starfsmanna		45000		
c. Annar kostnaður		14800		
			119 800	
2. Sendiráðið í Stockholm:				
a. 1. Laun sendifulltrúa	10200			
2. Áætluð staðaruppbót	34800			
		45000		
b. Laun annarra starfsmanna		15600		
c. Annar kostnaður		26000		
			86 600	
3. Sendiráðið í London:				
a. 1. Laun sendiherra	12000			
2. Áætluð staðaruppbót	58000			
		70000		
b. Laun annarra starfsmanna		86000		
c. Annar kostnaður		43000		
			199 000	
4. Sendiráðið í Washington:				
a. 1. Laun sendiherra	12000			
2. Áætluð staðaruppbót	66000			
		78000		
b. Laun annarra starfsmanna		101500		
c. Annar kostnaður		55200		
			234 700	

10. gr.

			kr.	kr.
5.	Sendiráðið í Moskva:			
	a. 1. Laun sendiherra	12000		
	2. Áætluð staðaruppbót	122200		
		134200		
	b. Laun annarra starfsmanna	44000		
	c. Annar kostnaður	30000		
			208 200	
6.	Aðalræðismannsskrifstofan í New York:			
	a. 1. Laun aðalræðismanns	10200		
	2. Áætluð staðaruppbót	44300		
		54500		
	b. Laun annarra starfsmanna	13500		
	c. Annar kostnaður	19500		
			87 500	
7.	Ferðakostnaður		100 000	
8.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki		60 000	
9.	Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum ..		60 000	
				1 155 800
	Samtals ...		. . .	3 660 645

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
A. Dómgæzla og lögreglustjórn.			
1. Hæstiréttur:			
a. Laun hæstaréttardómara og hæstaréttarritara:			
1. Grunnlaun	92700		
2. Verðlagsuppbót	161379		
		254 079	
b. Annar kostnaður		60 000	
			314 079
2. Borgardómaraembættið í Reykjavík:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	55975		
2. Verðlagsuppbót	97956		
		153 931	
b. Húsaleiga, ljós og hiti		18 000	
c. Annar kostnaður		12 000	
			183 931
3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	68025		
2. Verðlagsuppbót	119043		
		187 068	
b. Húsaleiga, ljós og hiti		10 560	
c. Annar kostnaður		14 000	
			211 628
4. Sakadómaraembættið í Reykjavík:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	89933		
2. Verðlagsuppbót	157383		
		247 316	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		42 000	
c. Annar kostnaður		45 700	
			335 016
5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	56840		
2. Verðlagsuppbót	99470		
		156 310	
b. Ljós, hiti, ræsting, dyravarzla og húskostnaður		67 000	
c. Annar kostnaður		28 200	
			251 510
6. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	228600		
2. Verðlagsuppbót	400050		
		628 650	
b. Skrifstofukostnaður:			
1. Grunnlaun	278000		
2. Verðlagsuppbót	486500		
3. Annar kostnaður	220000		
		984 500	
			1 613 150

11. gr.

			kr.	kr.
7.	Laun hreppstjóra:			
	a. Grunnlaun		71 500	
	b. Verðlagsuppbót		125 025	
				196 525
8.	Lögreglukostnaður:			
	a. Ríkislögregla:			
	1. Laun lögregluþjóna:			
	a. Grunnlaun	302725		
	b. Verðlagsuppbót	529768		
			832493	
	2. Annar kostnaður		245000	
			1 077 493	
	b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík		360 000	
				1 437 493
9.	Kostnaður við landhelgisgæzlu			3 000 000
10.	Til hegningarhúsa og vinnuhæla:			
	a. Hegningarhúsið í Reykjavík:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	15000		
	b. Verðlagsuppbót	26250		
			41250	
	2. Annar kostnaður		50000	
			91 250	
	(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)		342750	
	b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	57000		
	b. Verðlagsuppbót	99750		
			156750	
	2. Annar kostnaður		186000	
			342750	
	(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)			
	÷ Tekjur		140000	
			202 750	
	c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	5070		
	b. Verðlagsuppbót	8872		
			13942	
	2. Annar kostnaður		5000	
			18 942	
	d. Önnur fangahús		10 000	
				322 942
11.	Kostnaður við sakamál og lögreglumál			140 000
12.	Laun sjódómsmanna			6 000
13.	Kostnaður við störf setu- og varadómara			15 000
14.	Kostnaður við félagsdóm:			
	a. Laun félagsdómsmanna:			
	1. Grunnlaun		17100	
	2. Verðlagsuppbót		29925	
			47 025	
	b. Annar kostnaður		13 500	
				60 525

11. gr.

		kr.	kr.
15. a.	Laun sáttamanna í vinnudeilum:		
	1. Grunnlaun 5750		
	2. Verðlagsuppbót 9562		
		15 312	
	b. Annar kostnaður	5 000	
			20 312
	Samtals A. ...	. . .	8 108 011
	B. Opinbert eftirlit.		
1.	Skipaskoðun ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 33600		
	2. Verðlagsuppbót 58800		
		92 400	
	b. Ferðakostnaður	12 000	
	c. Annar kostnaður	13 600	
			118 000
2.	Rafmagnseftirlit ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 88700		
	2. Verðlagsuppbót 155200		
		243 900	
	b. Annar kostnaður	147 000	
		390 900	
	÷ Tekjur	340 000	
			50 900
3.	Eftirlit með verksmiðjum og vélum:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 21150		
	2. Verðlagsuppbót 37012		
		58 162	
	b. Ferðakostnaður	8 200	
	c. Annar kostnaður	15 900	
		82 262	
	÷ Tekjur	82 262	
4.	Bifreiðaeftirlit ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 54600		
	2. Verðlagsuppbót 95550		
		150 150	
	b. Annar kostnaður	60 000	
		210 150	
	÷ Tekjur	150 000	
			60 150

11. gr.

		kr.	kr.
5. Löggildingarstofan:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	25800		
2. Verðlagsuppbót	45150		
		70 950	
b. Annar kostnaður		25 500	
		96 450	
÷ Tekjur		58 000	
			38 450
6. Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	45000		
2. Verðlagsuppbót	78750		
		123 750	
b. Annar kostnaður		91 035	
		214 785	
÷ Tekjur		100 000	
			114 785
7. Matvælaeftirlitið:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	7200		
2. Verðlagsuppbót	12600		
		19 800	
b. Annar kostnaður		25 000	
		44 800	
÷ Tekjur		35 000	
			9 800
8. Kostnaður við mat á afurðum:			
a. Fiskimat:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	58200		
b. Verðlagsuppbót	101850		
	160050		
2. Skrifstofukostnaður	6000		
3. Ferðakostnaður	5000		
		171 050	
b. Síldarmat:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	18560		
b. Verðlagsuppbót	32480		
	51040		
2. Annar kostnaður	25000		
		76 040	
c. Laun kjötmatsmanna:			
1. Grunnlaun	3900		
2. Verðlagsuppbót	6825		
		10 725	

11. gr.

		kr.	kr.
d. Laun ullarmatsmanna:			
1. Grunnlaun	5850		
2. Verðlagsuppbót	11589		
		17 439	
e. Laun lýsismatsmanns:			
1. Grunnlaun	3000		
2. Verðlagsuppbót	5250		
		8 250	
f. Ferðakostnaður matsmanna		40 000	
			323 504
9. Kostnaður við vörumerkjaskráningu:			
a. Grunnlaun		2 000	
b. Verðlagsuppbót		3 500	
			5 500
10. Eftirlit með opinberum sjóðum:			
a. Grunnlaun		2 860	
b. Verðlagsuppbót		5 005	
			7 865
11. Kostnaður við eftirlit á vegum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	7800		
2. Verðlagsuppbót	13650		
		21 450	
b. Annar kostnaður		23 550	
			45 000
12. Eftirlit með sparisjóðum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	6600		
2. Verðlagsuppbót	11550		
		18 150	
b. Ferðakostnaður		5 000	
			23 150
13. Kauplagsnefnd:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	4680		
2. Verðlaguppbót	8290		
		12 970	
b. Annar kostnaður		3 300	
			16 270
14. Kostnaður við húsaleigunefndir			120 000
15. Kostnaður við embættiseftirlitsferðir			10 000
Samtals B. ...		. . .	943 374

11. gr.

		kr.	kr.
C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.			
I. Tollar:			
a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:			
1. Laun tollstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	373422		
b. Verðlagsuppbót	653489		
	1026911		
2. Húsaleiga, ljós og hiti	45000		
3. Annar kostnaður	140000		
		1 211 911	
b. Tollgæzla:			
1. Í Reykjavík:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun	245995		
2. Verðlagsuppbót	430491		
	676486		
b. Húsaleiga, ljós og hiti	65000		
c. Annar kostnaður	155000		
		896 486	
2. Utan Reykjavíkur:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun	85800		
2. Verðlagsuppbót	150150		
	235950		
b. Húsaleiga, ljós og hiti	9000		
c. Einkennisföt	16000		
d. Annar kostnaður	17000		
		277 950	
			2 386 347
II. Skattar:			
a. Ríkisskattanefnd:			
1. Laun nefndarmanna og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	53445		
b. Verðlagsuppbót	38928		
	92373		
2. Annar kostnaður	21600		
		113 973	
b. Skattstofan í Reykjavík:			
1. Laun skattstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	111400		
b. Verðlagsuppbót	194950		
	306350		
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	35000		
3. Tímavinna	130000		
4. Annar kostnaður	48500		
5. Kostnaður við aukið skattaeftirlit	100000		
	619850		
÷ hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur af kostnaðinum	206616		
		413 234	

11. gr.

	kr.	kr.
c. Kostnaður við skattanefndir og skattstofur utan Reykjavíkur	450 000	
d. Kostnaður við nýbyggingarsjóðsnefnd	5 000	
e. Laun skattdómara:		
1. Grunnlaun 10200		
2. Verðlagsuppbót 17850		
	28 050	
f. Millimatskostnaður	10 000	
		1 020 257
Samtals C. ...	. . .	3 406 604
D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Símakostnaður endurgreiddur embættismönnum og opinberum skrifstofum		400 000
2. Burðargjöld		150 000
3. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta		275 000
Samtals D. ...	. . .	825 000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

			kr.	kr.
I.	Landlæknisembættið:			
	a. Laun landlæknis og skrifstofumanns:			
	1. Grunnlaun	13000		
	2. Verðlagsuppbót	22750		
			35 750	
	b. Annar kostnaður		7 000	
				42 750
II.	Laun héraðslækna:			
	a. Grunnlaun		513 600	
	b. Verðlagsuppbót		898 800	
				1 412 400
III.	Ríkisspítalar:			
	A. Landsspítalinn:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	468524		
	b. Verðlagsuppbót	814278		
		1282802		
	2. Matvörur	558000		
	3. Annar kostnaður	699000		
		2539802		
	Þar frá dragast tekjur	1586000		
	Rekstrarhalli		953 802	
	B. Ljósmæðra- og kjúkrunarkvennaskólinn:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	8800		
	b. Verðlagsuppbót	15400		
		24200		
	2. Fæðiskostnaður hjúkrunarnema	29200		
	3. Annar kostnaður	3000		
		56400		
	÷ Tekjur	4400		
	Rekstrarhalli		52 000	
	C. Geðveikrahælið á Kleppi:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	349236		
	b. Verðlagsuppbót	611163		
		960399		
	2. Matvörur	605000		
	3. Annar kostnaður	498000		
		2063399		
	÷ Tekjur	1884000		
	Rekstrarhalli		179 399	

12. gr.

			kr.	kr.
D. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	276400			
b. Verðlagsuppbót	483700			
		760100		
2. Matvörur		745000		
3. Annar kostnaður		502000		
		2007100		
÷ Tekjur		1671000		
Rekstrarhalli ...				336 100
E. Heilsuhælið á Kristnesi:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	126000			
b. Verðlagsuppbót	220500			
		346500		
2. Matvörur		250000		
3. Annar kostnaður		181000		
		777500		
÷ Tekjur		375500		
Rekstrarhalli ...				402 000
F. Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	27500			
b. Verðlagsuppbót	48100			
		75600		
2. Matvörur		33000		
3. Annar kostnaður		39500		
		148100		
÷ Tekjur		10000		
Rekstrarhalli ...				138 100
G. Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	32742			
b. Verðlagsuppbót	57298			
		90040		
2. Matvörur		45000		
3. Annar kostnaður		33600		
		168640		
÷ Tekjur		156700		
Rekstrarhalli ...				11 940
H. Upptökuheimili í Elliðahvammi:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	20000			
b. Verðlagsuppbót	35000			
		55000		

12. gr.

		kr.	kr.
2. Matvörur	30000		
3. Annar kostnaður	28000		
	113000		
÷ Tekjur	110000		
Rekstrarhalli		3 000	
			2 076 341
IV. Til berklavarna:			
a. Styrkur til berklasjúklinga		2 200 000	
b. Styrkur samkv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 66 1939		5 000	
c. Laun:			
1. Grunnlaun	27570		
2. Verðlagsuppbót	48247		
		75 817	
d. Annar kostnaður		30 000	
			2 310 817
V. Styrkur til sjúklinga samkv. lögum nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla			1 700 000
VI. Rekstrarstyrkir til sjúkrahúsa:			
a. Til sjúkrahúsanna á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, 100 kr. á rúm:			
1. Grunnstyrkur	12900		
2. Verðlagsuppbót	19350		
		32 250	
b. Til sömu sjúkrahúsa og sjúkrahúsanna á Siglufirði og í Vestmannaeyjum:			
1. Grunnstyrkur	40000		
2. Verðlagsuppbót	60000		
		100 000	
			132 250
Fjárhæð þessi skiptist á milli sjúkrahúsanna í hlutfalli við eðlilegan halla af vist innlendra utansveitarsjúklinga, enda samþykki heilbrigðisstjórnin daggjöld þeirra.			
VII. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum gegn tvöföldu framlagi annars staðar að			100 000
Skilyrði fyrir styrknum er það, að heilsuverndarstöðin reki berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og hagi störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.			
VIII. Styrkur til sjúkrahúsbygginga, læknisbústaða og sjúkraskýla			1 100 000
IX. Til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða			3 000
X. Bólusetningarkostnaður			7 000
XI. Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum laga nr. 65 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands			2 000

12. gr.

		kr.	kr.
XII.	Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum laga nr. 66 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		25 000
XIII.	Styrkur til augnlækningaferða:		
	a. Grunnstyrkur	2 400	
	b. Verðlagsuppbót	4 200	
			6 600
XIV.	Laun kynsjúkdómalæknis:		
	a. Grunnlaun	8 370	
	b. Verðlagsuppbót	14 647	
			23 017
XV.	Til læknisvitjanasjóða skv. lögum nr. 59 4. júlí 1942		30 000
	Þar af 11950 kr. sem aukaframlög vegna hreppa, er eiga sérstaklega erfiða læknissókn, og skiptist upphæðin milli hreppanna í samræmi við ákvæði fjárlaga 1943 um læknisvitjanastyrki.		
XVI.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		9 000
XVII.	Til ýmissa heilbrigðisráðstafana		4 000
XVIII.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs:		
	a. Grunnstyrkur	3 870	
	b. Verðlagsuppbót	6 772	
			10 642
XIX.	Styrkur til ýmissa sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis		15 000
XX.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra:		
	a. Grunnstyrkur	80 000	
	b. Verðlagsuppbót	140 000	
			220 000
	Samtals ...	. . .	9 229 817

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 130100		
	b. Verðlagsuppbót 227675		
		357 775	
	2. Annar skrifstofukostnaður	60 000	
	3. Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga	150 000	
			567 775
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega	4 500 000	
	b. Viðhald og endurbætur	8 000 000	
	c. Til þjóðvega af benzínskatti	600 000	
			13 100 000
III.	Brúargerðir		1 500 000
IV.	Til brúasjóðs samkvæmt lögum		400 000
V.	Til fjallvega		90 000
VI.	Til áhalda:		
	1. Til verkfærakaupa	100 000	
	2. Til kaupa á vegavinnuvélum	800 000	
	3. Til bókasafns verkamanna	4 000	
			904 000
VII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að	200 000	
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 102 1933	400 000	
			600 000
VIII.	Til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum og verzlunarstöðum af bifreiðaskatti		100 000
IX.	Til ferjuhalds		5 000
X.	Styrkur til vetrarflutninga		20 000
XI.	Til ræktunarvega		43 500
XII.	Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum		211 000
XIII.	Til verkstjóranámskeiðs, eftir ráðstöfun vegamálastjóra og vitamálastjóra		5 000
XIV.	Til fyrrverandi vegaverkstjóra og til vegaverkstjóraekkna, eftir tillögum vegamálastjóra		13 000
XV.	Iðgjöld til slysatryggingarinnar		90 000
XVI.	Gjöld samkv. lögum nr. 16 1943, um orlof verkamanna		350 000
XVII.	Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)		3 000
	Samtals A ...	. . .	18 002 275

13. gr.

	kr.	kr.
B. Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs ..... (Þar af fyrning kr. 105000, sjá 20. gr.).	2 000 000	
b. Eimskipafélags Íslands ..... enda haldi félagið uppi siglingum í sama horfi sem áður og með eigi minni skipastól, ef efnahagur þess leyfir.	82 000	
c. Til vöruflutninga í Skaftafellssýslu ..... enda sjái Skipaútgerð ríkisins einnig fyrir flutningum til Öræfa eftir þörfum.	10 000	
		2 092 000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum ..... Skipaútgerð ríkisins hefur yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1945 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefur numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1946 og flutningsgjaldskrá sé samþykkt af póst- og símamálastjórninni og Skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði. Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyldir til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt. Eigi skal styrkurinn greiddur að fullu, fyrr en skilríki hafa legið fyrir Skipaútgerð ríkisins um afkomu hlutaðeigandi báta á styrktímabilinu, þeirra er varanlegum samgöngum halda uppi á ákveðnu svæði, svo að sýnt sé, að styrksins hefur verið þörf, eins og hann var ákveðinn.		500 000
Samtals B. ...	. . .	2 592 000
C. Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra, aðstoðarverkfræðings og skrifstofumanna:		
a. Grunnlaun 41500		
b. Verðlagsuppbót 72625		
	114 125	
2. Húsaleiga, ljós og hiti	18 000	
3. Annar skrifstofukostnaður	15 000	
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar	10 000	
5. Laun verkfræðinga:		
a. Grunnlaun 41100		
b. Verðlagsuppbót 71925		
113025		
÷ áætlað fært á hafnargerðir 50000		
	63 025	
		220 150

13. gr.

	kr.	kr.
II. Laun vitavarða:		
1. Grunnlaun	70 000	
2. Verðlagsuppbót	122 500	
		192 500
III. Rekstrarkostnaður vitanna:		
a. Vitaskipið	200 000	
b. Vitarnir	250 000	
		450 000
IV. Viðhald og endurbætur vitanna		100 000
V. Sjómerki og viðhald sæluhúsa		25 000
VI. Til áhalda		300 000
VII. Ýmislegt:		
a. Rekstur áhaldahússins	85 000	
b. Viðhald og rekstur bifreiða	30 000	
c. Annað	15 000	
		130 000
VIII. Fyrning vitanna		80 000
IX. Til hafnarmannvirkja		2 000 000
X. Til hafnarbótasjóðs samkvæmt lögum		300 000
Samtals C. ...	. . .	3 797 650
D. Flugmál.		
I. Stjórn og undirbúningur flugmála:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun 45600		
b. Verðlagsuppbót 79800		
	125 400	
2. Annar kostnaður	74 600	
		200 000
II. Styrkir til námsmanna og til starfsemi áhugamanna		150 000
III. Til flugvallargerða og lendingarbóta fyrir flugvélar og til viðhalds og rekstrar flugvalla		450 000
Samtals D. ...	. . .	800 000

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Kirkjumál.		
I.	Biskupsembættið:		
	1. Laun biskups og starfsmanna á skrifstofu hans:		
	a. Grunnlaun 25900		
	b. Verðlagsuppbót 42325		
		68 225	
	2. Risna:		
	a. Grunnlaun 2000		
	b. Verðlagsuppbót 3000		
		5 000	
	3. Annar skrifstofukostnaður	3 000	
	4. Ferðakostnaður biskups	5 000	
			81 225
II.	Embætti sóknarpresta og prófasta:		
	1. Laun sóknarpresta:		
	a. Grunnlaun 928550		
	b. Verðlagsuppbót 1624962		
	2553512		
	÷ framlag úr prestlaunasjóði 100000		
		2 453 512	
	2. Laun prófasta:		
	a. Grunnlaun 12600		
	b. Verðlagsuppbót 22050		
		34 650	
	3. Embættiskostnaður presta:		
	a. Grunnlaun 61200		
	b. Verðlagsuppbót 107100		
		168 300	
	4. Til húsabóta á prestssetrum	500 000	
	5. Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum	200 000	
	6. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík til skýrslugerðar:		
	a. Grunnlaun 2600		
	b. Verðlagsuppbót 4550		
		7 150	
			3 363 612
III.	Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkv. lögum		10 000
IV.	Til söngmálastjóra þjóðkirkjunnar:		
	1. Grunnlaun	9 000	
	2. Verðlagsuppbót	15 750	
	3. Ferðakostnaður	2 400	
			27 150
V.	Kostnaður við kirkjuráð		500
VI.	Til að gefa út ársskýrslu þjóðkirkjunnar		1 250
VII.	Til styrktar málgagni fyrir hinna íslenzku þjóðkirkju		5 000
	Samtals A ...	**. . .**	**3 488 737**

14. gr.

		kr.	kr.
	B. Kennslumál.		
I.	Háskólinn:		
	1. Laun kennara og annarra starfsmanna:		
	a. Grunnlaun 362195		
	b. Verðlagsuppbót 627366		
		989 861	
	2. Hiti, ljós og ræsting	115 000	
	3. Námsstyrkir	87 500	
	4. Húsaleigustyrkir	37 500	
	5. Til rannsóknarstofu í liffæra- og lífeðlisfræði ..	20 000	
	6. Til tannlækningastofu	3 000	
	7. Til rannsóknarstofu í lyfjafræði	7 000	
	8. Til rannsóknarstofu í heilbrigðisfræði	7 000	
	9. Til íþróttakennslu (til húsaleigu og áhaldakaupa)	7 500	
	10. Ýmis gjöld	85 000	
			1 359 361
II.	Til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis:		
	a. Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum	150 000	
	b. Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs ..	350 000	
	Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að þeir, sem styrks njóta, inni af hendi að loknu námi minnst 5 ára þjónustu í þágu landsins, ella endurgreiði þeir styrkinn.		
	c. Til stúdentaráðs, til þess að starfrækja leiðbeiningaskrifstofu undir stjórn Lúðvíks Guðmundssonar:		
	1. Grunnlaun 4500		
	2. Verðlagsuppbót 7875		
		12 375	
			512 375
III.	Fræðslumálastjóraembættið:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 51200		
	b. Verðlagsuppbót 89600		
		140 800	
	2. Annar kostnaður	45 000	
			185 800
IV.	Menntaskólinn í Reykjavík:		
	a. Föst laun:		
	1. Grunnlaun 126900		
	2. Verðlagsuppbót 222075		
		348 975	
	b. Stundakennsla:		
	1. Grunnlaun 58752		
	2. Verðlagsuppbót 102816		
		161 568	
	c. Hiti, ljós og ræsting	51 000	
	d. Viðhald húsa og áhalda	30 000	
	e. Náms- og húsaleigustyrkir	13 700	
	f. Styrkur til bókasafns skólans	3 000	
	g. Styrkur til bókasafnsins Íþöku	2 000	

14. gr.

		kr.	kr.
h. Til prófdómara		20 000	
i. Vegna kostnaðar við skólastjórn:			
1. Grunnlaun	2000		
2. Verðlagsuppbót	3500		
		5 500	
j. Annar kostnaður		29 000	
k. Fyrning		3 540	
			668 283
V. Menntaskólinn á Akureyri:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	149700		
2. Verðlagsuppbót	232574		
		382 274	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	66500		
2. Verðlagsuppbót	116375		
		182 875	
c. Hiti, ljós og ræsting		55 000	
d. Viðhald húsa og áhalda		25 000	
e. Námsstyrkir		7 500	
f. Til bóka og áhalda		5 000	
g. Vegna kostnaðar við skólastjórn:			
1. Grunnlaun	2000		
2. Verðlagsuppbót	3500		
		5 500	
h. Annar kostnaður		25 600	
i. Fyrning		3 160	
			691 909
VI. Kennaraskólinn:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	67050		
2. Verðlagsuppbót	117337		
		184 387	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	20000		
2. Verðlagsuppbót	35000		
		55 000	
c. Hiti, ljós og ræsting		20 000	
d. Bækur og áhöld		10 000	
e. Námsstyrkir		8 250	
f. Viðhald húsa og áhalda		15 000	
g. Annar kostnaður		15 000	
h. Fyrning		1 090	
			308 727
VII. Stýrimannaskólinn:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	39000		
2. Verðlagsuppbót	68250		
		107 250	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	38000		
2. Verðlagsuppbót	66500		
		104 500	

14. gr.

			kr.	kr.
c. Hiti, ljós og ræsting			15 000	
d. Til áhaldakaupa			10 000	
e. Til námskeiða utan Reykjavíkur			40 000	
f. Annar kostnaður			30 000	
g. Fyrning			700	
				307 450
VIII. Vélstjóraskólinn:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun		34200		
2. Verðlagsuppbót		59850		
			94 050	
b. Stundakennsla:				
1. Grunnlaun		7500		
2. Verðlagsuppbót		13125		
			20 625	
c. Hiti, ljós og ræsting			12 000	
d. Til áhaldakaupa			10 000	
e. Annar kostnaður			14 000	
				150 675
IX. Sjómannaskólahúsið:				
a. Laun húsvarðar:				
1. Grunnlaun		4800		
2. Verðlagsuppbót		8400		
			13 200	
b. Hiti, ljós og ræsting			75 000	
c. Opinber gjöld			10 000	
d. Fyrning			10 000	
			108 200	
Endurgreiddur kostnaður af hita og ræsting			30 000	
				78 200
X. Búnaðarkennsla:				
1. Bændaskólinn á Hólum:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	28200			
2. Verðlagsuppbót	49350			
		77550		
b. Stundakennsla:				
1. Grunnlaun	10800			
2. Verðlagsuppbót	18900			
		29700		
c. Til verklegs náms		12000		
d. Hiti, ljós og ræsting		20000		
e. Til verkfærakaupa		20000		
f. Annar kostnaður		16000		
g. Fyrning		1226		
			176 476	
2. Bændaskólinn á Hvanneyri:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	37200			
2. Verðlagsuppbót	65100			
		102300		
b. Til verklegs náms		20000		
c. Hiti, ljós og ræsting		28000		

14. gr.

			kr.	kr.
d. Til vatnsveitu, síðari greiðsla		25000		
e. Til verkfærakaupa		40000		
f. Til verkfærasafns		1000		
g. Annar kostnaður		45000		
h. Fyrning		2300		
			263 600	
3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	21600			
2. Verðlagsuppbót	37800			
		59400		
b. Stundakennsla:				
1. Grunnlaun	3410			
2. Verðlagsuppbót	5970			
		9380		
c. Hiti, ljós og ræsting		10400		
d. Til kennsluáhalda		15000		
e. Viðhald skólahúsa		9000		
f. Annar kostnaður		24000		
g. Fyrning		2500		
			129 680	
				569 756
XI. Iðnfræðsla:				
a. Til iðnskólahalds			200 000	
Ríkisstjórnin úthlutar styrk þessum að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og Landssambands iðnaðarmanna, þó ekki yfir ⅔ rekstrarkostnaðar til hvers skóla.				
Iðnskólarnir skulu senda fræðslumálastjórninni skýrslu um starf sitt.				
b. Til framhaldsnáms erlendis			30 000	
				230 000
XII. Verzlunarskólar o. fl.:				
a. Til Verzlunarskóla Íslands:				
100 króna styrkur með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda allt að			120 000	
b. Til Samvinnuskólans:				
100 króna styrkur með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda allt að			30 000	
c. Kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda:				
1. Grunnlaun		500		
2. Verðlagsuppbót		875		
			1 375	
				151 375
XIII. Til Kvennaskólans í Reykjavík:				
a. Húsnæðisstyrkur			5 000	
b. Rekstrarstyrkur			80 000	
c. 60 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið			7 200	
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna			2 500	
				94 700
Skólinn stendur undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar.				

14. gr.

		kr.	kr.
XIV.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Laun kennara í föstum skólum:		
	a. Grunnlaun 2000000		
	b. Verðlagsuppbót 3500000		
		5 500 000	
2.	Laun farkennara:		
	a. Grunnlaun 385000		
	b. Verðlagsuppbót 673750		
		1 058 750	
3.	Til aukakennara og stundakennslu	50 000	
4.	Til kennslueftirlits:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 52800		
	2. Verðlagsuppbót 92400		
	145200		
	b. Ferðakostnaður 40000		
		185 200	
5.	Til framkvæmda sundskyldu í barnaskólum samkvæmt tillögum íþróttafulltrúa	120 000	
6.	Styrkur til byggingar barnaskóla utan kaupstaða	1 200 000	
7.	Til fyrrv. barnakennara eftir till. fræðslumálastjóra:		
	a. Grunnlaun 13000		
	b. Verðlagsuppbót 22750		
		35 750	
8.	Ráðskonukaup við heimavistarbarnaskóla:		
	a. Grunnlaun 42000		
	b. Verðlagsuppbót 73500		
		115 500	
9.	Styrkur til tímaritanna „Menntamál“ og „Heimili og skóli“, kr. 1500 til hvors	3 000	
10.	Til kennaranámskeiðs eða utanfara	30 000	
			8 298 200
XV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 24600		
	2. Verðlagsuppbót 43050		
	67650		
	b. Til verklegs náms og aukakennslu:		
	1. Grunnlaun 6000		
	2. Verðlagsuppbót 10500		
	16500		
	c. Hiti, ljós og ræsting 30000		
	d. Til kennsluáhalda 2000		
	e. Viðhald 7500		
	f. Til byggingar frystiklefa 12500		
	g. Annar kostnaður 10000		
	h. Fyrning 800		
		146 950	
2.	Til héraðsskóla samkv. lögum nr. 33 1940:		
	a. Grunnstyrkur 130000		
	b. Verðlagsuppbót 227500		
		357 500	

14. gr.

		kr.	kr.
3. Stofnkostnaður héraðsskóla		800 000	
4. Til framkvæmda á Rafnseyri í minningu Jóns Sigurðssonar (önnur greiðsla af þremur)		50 000	
5. Til gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1930:			
a. Grunnstyrkur	145600		
b. Verðlagsuppbót	254800		
		400 400	
6. Til gagnfræðaskóla Reykvíkinga		25 000	
7. Til unglingafræðslu utan kaupstaða samkv. lögum nr. 48 1930		80 000	
8. Til byggingar gagnfræðaskóla		830 000	
9. Til bókasafna við unglingaskóla		2 500	
10. Til alþýðuskólans í Reykjavík		4 000	
11. Til handíðaskólans:			
a. Grunnstyrkur	25000		
b. Verðlagsuppbót	43750		
		68 750	
12. Til námsflokkastarfsemi undir eftirliti fræðslumálastjórnarinnar:			
a. Grunnstyrkur	10000		
b. Verðlagsuppbót	17500		
		27 500	
XVI. Húsmæðrafræðsla:			2 792 600
1. Styrkur til húsmæðraskóla skv. lögum:			
a. Grunnstyrkur	110000		
b. Verðlagsuppbót	165000		
		275 000	
2. Til byggingar húsmæðraskóla í kaupstöðum		500 000	
3. Til byggingar húsmæðraskóla í sveitum		500 000	
4. Til húsmæðrafræðslu Árnýjar Filippusdóttur:			
a. Grunnstyrkur	5000		
b. Verðlagsuppbót	8750		
		13 750	
5. Til húsmæðrakennaraskólans:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	9600		
2. Verðlagsuppbót	16800		
	26400		
b. Stundakennsla	15000		
c. Annar kostnaður	38500		
		79 900	
XVII. Til íþróttamála:			1 368 650
1. Til íþróttakennaraskóla ríkisins:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	15600		
2. Verðlagsuppbót	27144		
	42744		
b. Stundakennsla	10000		
c. Íþróttatæki og húsmunir	20000		
d. Ræsting o. fl.	6500		
		79 244	
2. Til íþróttasjóðs		600 000	

14. gr.

			kr.	kr.
	3. Laun Ólafs Pálssonar til eftirlits með sundkennslu og til prófdómarastarfa:			
	a. Grunnlaun	2925		
	b. Verðlagsuppbót	5118	8 043	
	4. Laun Lárusar Rist, sundkennara:			
	a. Grunnlaun	2600		
	b. Verðlagsuppbót	4550	7 150	
	5. Til ferðakennslu í íþróttum		10 000	
				704 437
XVIII.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	26400		
	b. Verðlagsuppbót	46200	72 600	
	2. Annar kostnaður		80 000	
	(Þar af fyrning húss kr. 550, sjá 20. gr.).			152 600
XIX.	Til blindrakennslu			15 000
XX.	Til Geirs Þormars, tréskurðarmeistara á Akureyri, til að halda uppi kennslu á Norðurlandi í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl:			
	a. Grunnstyrkur		900	
	b. Verðlagsuppbót		1 575	
				2 475
XXI.	Til Kristjáns Geirmundssonar til að setja upp fugla fyrir náttúrugripasafnið og skóla:			
	a. Grunnstyrkur		1 500	
	b. Verðlagsuppbót		2 625	
				4 125
XXII.	Til Sigurðar Skúlasonar til kennslu í framsagnarlist:			
	a. Grunnstyrkur		3 000	
	b. Verðlagsuppbót		5 250	
				8 250
XXIII.	Til Hallgríms Helgasonar tónskálds, til þess að vinna að endurbótum á söngkennslu í skólum í samráði við fræðslumálastjórnina:			
	a. Grunnstyrkur		3 500	
	b. Verðlagsuppbót		6 125	
	c. Ferðakostnaður		2 000	
				11 625
XXIV.	Til menningar- og fræðslusambands alþýðu			5 000
XXV.	Til skáksambands Íslands			1 600
XXVI.	Til menningarsjóðs blaðamannafélags Íslands			10 000
XXVII.	Til Alþýðusambands Íslands			10 000
XXVIII.	Til rannsókna á þroskastigi íslenzkra skólabarna:			
	1. Laun dr. Matthíasar Jónassonar:			
	a. Grunnlaun	7500		
	b. Verðlagsuppbót	13125	20 625	
	2. Annar kostnaður		15 000	
				35 625
	Samtals B ...		. . .	18 728 798

15. gr.

Til bókmennta, lista og vísinda er veitt:

		kr.	kr.
A. Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi.			
I. Landsbókasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	63800		
b. Verðlagsuppbót	111650		
		175 450	
2. a. Til bóka-, tímarita- og handritakaupa	100000		
b. Til bókbands	50000		
		150 000	
3. Til Þorsteins Konráðssonar		400	
4. Til þess að semja spjaldskrá		1 200	
5. Til þess að semja og prenta skrá um handrit		5 000	
6. Til ritaukaskrár		4 800	
7. Til samningar íslenzkrar bókaskrár		10 000	
8. Ýmisleg gjöld		6 000	
			352 850
II. Þjóðskjalasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	39900		
b. Verðlagsuppbót	69825		
		109 725	
2. Til bókbands, bóka- og handritakaupa og til umbúnaðar skjala		12 000	
3. Ýmisleg gjöld		3 000	
			124 725
III. Þjóðminjasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	23670		
b. Verðlagsuppbót	41422		
		65 092	
2. Til aðstoðar, tímavinna		8 050	
3. Til þess að útvega gripi		5 000	
4. Til áhalda og aðgerða		2 200	
5. Til rannsókna og ferðakostnaðar		2 500	
6. Til sjóminjasafns		3 500	
7. Til viðgerðar á Hólakirkju		2 000	
8. Til viðhalds bæjarrústa í Stöng í Þjórsárdal		5 000	
9. Til viðhalds bæjarhúsa í Glaumbæ, Burstarfelli og Grenjaðarstað		20 000	
			113 342
IV. Til Náttúrufræðifélagsins Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrufræðisafnið sé almenningi til sýnis.			55 000
V. Safnahúsið:			
1. Laun dyravarðar:			
a. Grunnlaun	6000		
b. Verðlagsuppbót	10500		
		16 500	

15. gr.

			kr.	kr.
2.	Til hita, ljósa og opinberra gialda		30 000	
3.	Til viðhalds, áhalda og ræstingar		28 000	
5.	Fyrning		3 639	
				78 139
VI.	Styrkir til bókasafna og lesstofa:			
1.	Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð Stefánsson skáld hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3245 króna grunnlaunum:			
	a. Laun bókavarðar:			
	1. Grunnlaun	3245		
	2. Verðlagsuppbót	5678		
		8923		
	b. Annar styrkur	2500		
			11 423	
2.	Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3245 króna grunnlaunum:			
	a. Laun bókavarðar:			
	1. Grunnlaun	3245		
	2. Verðlagsuppbót	5678		
		8923		
	b. Annar styrkur	2500		
			11 423	
3.	Til bókasafns Hafnarfjarðar, að því tilskildu, að Magnús Ásgeirsson skáld hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3245 króna grunnlaunum:			
	a. Laun bókavarðar:			
	1. Grunnlaun	3245		
	2. Verðlagsuppbót	5678		
		8923		
	b. Annar styrkur	2500		
			11 423	
4	Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði		6 250	
5.	Til bókasafns Neskaupstaðar		3 750	
6.	Til bókasafns Siglufjarðar		6 250	
7.	Til sjómannalesstofu á Bíldudal		1 200	
8.	Til bókasafns Vestmannaeyja		6 250	
9.	Til iðnbókasafns í Reykjavík		2 500	
10.	Til bæjarbókasafns Reykjavíkur, þó ekki yfir ⅓ kostnaðar		37 500	
11.	Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi		4 500	
12.	Til sýslubókasafnsins á Sauðárkróki		3 000	
13.	Til sýslubókasafnsins á Blönduósi		2 000	
14.	Til héraðsbókasafns Suðurlands		3 000	
15.	Til sýslubókasafna, gegn eigi minna tillagi frá sýslusjóðum		11 250	
16.	Til bókhlöðunnar á Húsavík		3 000	
17.	Til bókasafns Akraness		3 750	
18.	Til bókasafns í Flatey		1 250	

15. gr.

		kr.	kr.
19.	Til sýslunefndar V.-Ísafjarðarsýslu vegna bókasafns Sighvats Grímssonar, enda sé það geymt hjá héraðsskólanum á Núpi	1 250	
20.	Til kaupa á bókum handa konunglega bókasafninu í Stokkhólmi	1 000	
21.	Til lesstofu fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík	5 000	
22.	Til lesstofu byggingarfélags alþýðu	1 250	
23.	Til lesstofu sjómannaheimilis á Siglufirði	5 000	
24.	Til lesstofu sjómannaheimilis á Raufarhöfn	1 000	
25.	Til lesstofu Sjómannafélags Reykjavíkur	3 750	
26.	Til lesstofu á Ísafirði	1 250	
27.	Til sjómannalesstofu K. F. U. M. í Vestmannaeyjum	2 000	
28.	Til sjómannalesstofu í Bolungavík	1 200	
29.	Til sjómannalesstofu í Höfn í Hornafirði	1 200	
30.	Til styrktarsjóðs lestrarfélaga skv. l. nr. 120 1943	50 000	
			203 619
VII.	Styrkur til bókaútgáfu o. fl.:		
1.	Til Hins íslenzka bókmenntafélags, til útgáfu fornbréfasafns og annarra rita:		
	a. Grunnstyrkur 15000		
	b. Verðlagsuppbót 26250	41 250	
2.	Til Þjóðvinafélagsins:		
	a. Grunnstyrkur 1400		
	b. Verðlagsuppbót 2450	3 850	
3.	Til Fornleifafélagsins:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5250	8 250	
4.	Til Sögufélagsins til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirréttardóma o. fl.:		
	a. Grunnstyrkur 4000		
	b. Verðlagsuppbót 7000	11 000	
5.	Til ætt- og mannfræðifélagsins enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun félagsins ...	20 000	
6.	Til Hins íslenzka fræðafélags til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns ..... Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um útgáfustarfsemina.	15 000	
7.	Til Fornritaútgáfunnar:		
	a. Til útgáfu á Íslendingasögum:		
	1. Grunnstyrkur 4000		
	2. Verðlagsuppbót 7000		
	11000		
	b. Til útgáfu á Heimskringlu:		
	1. Grunnstyrkur 4000		
	2. Verðlagsuppbót 7000		
	11000		
		22 000	

15. gr.

		kr.	kr.
8.	Til útgáfustarfsemi Þjóðvinafélagsins og menningarsjóðs, til útgáfu Íslendingasögu:		
	a. Grunnstyrkur 4000		
	b. Verðlagsuppbót 7000		
		11 000	
9.	Til Vísindafélags Íslendinga, til útgáfu rita:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5250		
		8 250	
10.	Til Steins Dofra, ættfræðings:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 8750		
		13 750	
	Styrkurinn veitist með því skilyrði, að, að honum látnum, verði ættfræðihandrit hans eign Landsbókasafnsins.		
11.	Til dr. Jóns Dúasonar, vegna útgáfu rita hans		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 8750		
		13 750	
12.	Til samningar íslenzkrar samheitaorðabókar:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 8750		
		13 750	
13.	Til útgáfu héraðssagnarita, eftir tillögum heimspekideildar háskólans:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 8750		
		13 750	
14.	Til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn til útgáfu tímarits	5 000	
15.	Til Norræna félagsins	5 000	
16.	Til Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn	4 000	
			209 600
VIII.	Til skálda, rithöfunda og listamanna:		
	a. Grunnstyrkir	175 000	
	b. Verðlagsuppbót	306 250	
			481 250
	Af fé þessu skal Gunnar skáld Gunnarsson njóta 6000 kr. heiðurslauna að viðbættri verðlagsuppbót.		
	Að öðru leyti skal menntamálaráð skipta fjárhæð þessari milli deilda Bandalags íslenzkra listamanna, en nefnd kosin af hverri deild úthlutar styrkjunum til einstaklinga.		
IX.	Til vísindamanna og fræðimanna samkvæmt úthlutun menntamálaráðs:		
	a. Grunnstyrkur	30 000	
	b. Verðlagsuppbót	52 500	
			82 500

15. gr.

		kr.	kr.
X.	Til leiklistarstarfsemi:		
1.	Til leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur ..	20 000	
2.	Til leikskóla Lárusar Pálssonar 3500 kr., til leiklistarskóla Soffíu Guðlaugsdóttur 2500 kr. og til leiklistarskóla Jóns Norðfjörðs 2500 kr.:		
	a. Grunnstyrkur 8500		
	b. Verðlagsuppbót 14875		
		23 375	
3.	Til leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Akureyrar ..	6 000	
4.	Til leikfélags Hafnarfjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar	3 000	
5.	Til leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Ísafjarðar ..	1 500	
6.	Til leikfélags Sauðárkróks, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
7.	Til leikfélags Vestmannaeyja, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Vestmannaeyja	1 500	
8.	Til leikfélags á Siglufirði, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
9.	Til leikfélags Dalvíkur	1 000	
			59 375
XI.	Til tónlistarstarfsemi:		
1.	Til Tónlistarskólans, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur:		
	a. Grunnstyrkur 10000		
	b. Verðlagsuppbót 17500		
		27 500	
2.	Til hljómsveitar Reykjavíkur	2 000	
3.	Til Lúðrasveitar Reykjavíkur, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að	25 000	
4.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að starfa að tónlistarmálum og efla skilning alþýðu á tónmennt:		
	a. Grunnlaun 4620		
	b. Verðlagsuppbót 8085		
		12 705	
5.	Til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum, með umsjá söngmálastjóra þjóðkirkjunnar:		
	a. Grunnlaun 1950		
	b. Verðlagsuppbót 3412		
		5 362	
6.	Til sambands íslenzkra karlakóra:		
	a. Grunnstyrkur 6000		
	b. Verðlagsuppbót 10500		
		16 500	

15. gr.

		kr.	kr.
7.	Til landssambands blandaðra kóra og kvennakóra:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5250		
		8 250	
			97 317
XII.	Til listasafns Einars Jónssonar:		
1.	Laun Einars Jónssonar:		
	a. Grunnlaun 8245		
	b. Verðlagsuppbót 14428		
		22 673	
2.	Til eldiviðar og ljósa	7 000	
3.	Ýmis gjöld	7 500	
4.	Fyrning	711	
			37 884
XIII.	Til Bandalags íslenzkra listamanna:		
	a. Grunnstyrkur	4 800	
	b. Verðlagsuppbót	8 400	
			13 200
XIV.	Til eflingar menningarsambandi við Vestur-Íslendinga (Þar af 5000 kr. til Þjóðræknisfélags Íslendinga.)		8 000
XV.	Kostnaður við friðun Þingvalla, sbr. lög nr. 59 1928		8 000
	Samtals A. ...	. . .	1 924 801
	B. Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu o. fl.		
I.	Atvinnudeild háskólans:		
1.	Iðnaðardeild:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 70975		
	2. Verðlagsuppbót 124206		
	195181		
	b. Annar kostnaður 137500		
	332681		
	÷ tekjur af rannsóknum 50000		
		282 681	
2.	Fiskideild:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 61525		
	2. Verðlagsuppbót 107668		
	169193		
	b. Til fiskirannsókna í Faxaflóa gegn jafnháu framlagi frá fiskimálasjóði .. 50000		
	c. Til áhaldakaupa og útgáfustarfsemi .. 25000		
	d. Ýmislegur rekstrarkostnaður 75000		
		319 193	

15. gr.

		kr.	kr.
3. Landbúnaðardeild:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	75100		
2. Verðlagsuppbót	131425		
	206525		
b. Tilraunabúið á Keldum, rekstrarhalli	94900		
c. Fjárræktarbúið á Hesti, rekstrarhalli	76500		
d. Annar rannsóknarkostnaður	101000		
		478 925	
4. Sameiginlegur kostnaður:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	14150		
2. Verðlagsuppbót	24762		
	38912		
b. Til ræstingar	22000		
c. Til eldiviðar og ljósa	12000		
d. Annar kostnaður	22000		
	94912		
÷ tekjur frá happdrætti Háskóla Íslands	25000		
		69 912	
5. Til fjörefnarannsókna		50 000	
			1 200 711
II. Rannsóknarstofa háskólans:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	110000		
b. Verðlagsuppbót	192500		
		302 500	
2. Annar kostnaður		130 000	
		432 500	
÷ tekjur af rannsóknum		200 000	
			232 500
III. Til rannsóknaráðs:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	17400		
b. Verðlagsuppbót	30450		
		47 850	
2. Rannsóknakostnaður		20 000	
			67 850
IV. Veðurstofa Íslands:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	85125		
b. Verðlagsuppbót	148968		
		234 093	
2. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.		140 000	
3. Til veðurskeyta o. fl.		70 000	
4. Til loftskeytatækja		5 000	
5. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		20 000	
6. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum, aukavinna o. fl.		5 000	

15. gr.

		kr.	kr.
7. Úrkomumælingar á fjöllum		10 000	
8. Til kaupa á tækjum til landskjálftamælinga		30 000	
			514 093
V. Til landmælinga			10 000
VI. Til jökulmælinga			1 500
VII. Til sjómælinga			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	14000		
b. Verðlagsuppbót	16800		
		30 800	
2. Skipaleigur og aðstoð		120 000	
			150 800
VIII. Til vatnsmælinga í fallvötnum			30 000
IX. Til húsameistara ríkisins:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	41800		
b. Verðlagsuppbót	73150		
		114 950	
2. Annar kostnaður		36 800	
			151 750
Samtals B.		. . .	2 359 204

16. gr.

Til atvinnumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Landbúnaðarmál.		
1.	Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra fjárhagsáætlun félagsins		682 000
2.	Til sama, til kynnisferða bænda		5 000
3.	Til nýbýla		300 000
	Þar af 50000 kr. sem viðbótarstyrkur til nýbýlamanna, sem við mesta örðugleika eiga að stríða vegna dýrtíðarinnar, eftir ráðstöfun nýbýlastjórnar.		
4.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum:		
	a. Jarðabótastyrkur	1 700 000	
	b. Til verkfærakaupasjóðs	120 000	
	c. Til vélasjóðs skv. lögum	50 000	
	d. Til ræktunarframkvæmda vélasjóðs	270 000	
			2 140 000
5.	Til búfjárræktar samkv. lögum nr. 32 1931		200 000
6.	Til tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins		125 000
7.	Til bygginga í sveitum:		
	a. Til byggingar- og landnámssjóðs	300 000	
	b. Byggingarstyrkir	250 000	
			550 000
8.	Tillag til kreppulánasjóðs		343 344
9.	Til ræktunarsjóðs, vaxtatillag		3 312
10.	Til áveitufélags Ölfusinga		20 000
11.	Til framræslu á löndum ríkissjóðs á Stokkseyri og Eyrarbakka, önnur greiðsla af þremur		100 000
12.	Til fyrirhleðslu á Þverá og Markarfljóti		180 000
13.	Til fyrirhleðslu í Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum		50 000
14.	Til fyrirhleðslu í Geirastaðakvísl		30 000
15.	Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu, samkv. lögum nr. 68 1918 og lögum nr. 10 1926		4 000
16.	Til sandgræðslu:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 15300		
	2. Verðlagsuppbót 26775		
		42 075	
	b. Til sandgræðslustöðva	148 000	
	c. Til nýrra sandgræðslugirðinga	100 000	
	d. Ýmis gjöld	80 000	
			370 075
17.	Til skógræktar:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 41925		
	2. Verðlagsuppbót 73368		
		115 293	
	b. Skrifstofukostnaður	16 500	
	c. Til skóggræðslu	191 000	

16. gr.

		kr.	kr.
	d. Annar kostnaður	85 000	
	e. Til skógræktarfélaga	75 000	
	f. Styrkur til skóggræðslu	50 000	
			532 793
18.	Til Garðyrkjufélags Íslands		2 000
19.	Til búreikningaskrifstofu, sbr. lög nr. 35 1941		20 000
20.	Til mjólkurbúa og smjörsamlaga		30 000
21.	Styrkur til byggingar nýrrar mjólkurstöðvar í Reykjavík, þó ekki yfir ¼ byggingarkostnaðar		300 000
22.	Til klaksjóðs samkvæmt lögum nr. 36 1937		10 000
23.	Kostnaður vegna l. nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði		15 000
24.	Til Loðdýraræktarfélags Íslands		6 000
25.	Til loðdýraræktar:		
	a. Laun ráðunautar:		
	1. Grunnlaun 8400		
	2. Verðlagsuppbót 14700		
		23 100	
	b. Annar kostnaður	10 000	
			33 100
26.	Til dýralækna:		
	a. Laun dýralækna:		
	1. Grunnlaun 39600		
	2. Verðlagsuppbót 69300		
		108 900	
	b. Styrkur til einstakra manna til að stunda dýralækningar, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að:		
	1. Grunnstyrkur 6800		
	2. Verðlagsuppbót 11900		
		18 700	
	c. Skrifstofukostnaður yfirdýralæknis	3 000	
			130 600
27.	Til kláðalækninga		3 000
28.	Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar		2 800 000
	Samtals A ...	. . .	8 985 224

B. Sjávarútvegsmál.

1.	Til Fiskifélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins, og félagið sjái um útgáfu fiskimannaalmanaks á sinn kostnað		675 000
2.	Til skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda		180 000
3.	Til alþjóðahafrannsókna		13 500
4.	Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins		10 000
	Samtals B ...	. . .	878 500

16. gr.

	kr.	kr.
C. Iðnaðarmál.		
1. Til Landssambands iðnaðarmanna		50 000
2. Til iðnlánasjóðs		65 000
3. Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík, ⅔ kostnaðar allt að		300 000
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að ríkisstjórnin láti endurskoða reikninga stofnunarinnar og árlega sé gefin skýrsla um starfsemina, samþykkt af endurskoðanda.		
4. Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar:		
a. Grunnlaun	2 340	
b. Verðlagsuppbót	4 095	
		6 435
5. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði:		
a. Grunnstyrkur	900	
b. Verðlagsuppbót	1 575	
		2 475
6. Til Guðmundar Kristinssonar, myndskera:		
a. Grunnstyrkur	500	
b. Verðlagsuppbót	875	
		1 375
7. Til raforkusjóðs samkv. l. nr. 91 1942		500 000
Samtals C ...	. . .	925 285

17. gr.

Til félagsmála er veitt:

	kr.	kr.
1. Tillag til bjargráðasjóðs, samkv. l. nr. 45 1913		33 000
2. Til alþýðutrygginga:		
a. Slysatryggingar	70 000	
b. Sjúkratryggingar	2 000 000	
c. Atvinnuleysistryggingar	15 000	
d. Ellilaun og örorkubætur	2 500 000	
e. Kostnaðartillag	232 500	
		4 817 500
3. Gjöld samkvæmt lögum nr. 39 1935 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna		15 000
4. Gjöld samkvæmt 20. og 22. gr. framfærslulaga, nr. 52 1940		20 000
5. Til styrktar- og sjúkrasjóða samkv. úthlutun félagsmálaráðuneytisins		15 000
6. Gamalmennahæli:		
a. Til elliheimilisins Grundar í Reykjavík ..... enda greiði vistmenn, sem framfærslusveit eiga utan Reykjavíkur, ekki hærra daggjald en bæjarmenn.	7 000	
b. Til sjö gamalmennahæla utan Reykjavíkur, 3000 kr. til hvers	21 000	
		28 000
7. Til sumardvalarheimila, dagheimila og vistarheimila fyrir börn úr bæjum og kauptúnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að		200 000
8. Kostnaður við barnaverndarráð		33 500
9. Til barnavinafélagsins Sumargjafar, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurbæ		70 000
10. Til upptökuheimilis fyrir börn og unglinga		25 000
11. Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi:		
a. Til Rauðakross Íslands	15 000	
b. Til Sambands íslenzkra berklasjúklinga	3 000	
c. Til félagsins „Heyrnarhjálpar“	5 000	
d. Til félagsins „Sjálfbjargar“	2 000	
e. Til mæðrastyrksnefnda ..... Þar af 15 þús. kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur. Ráðherra úthlutar fénu, að fengnum tillögum mæðrastyrksnefndar í Reykjavík.	50 000	
		75 000
12. Til slysavarna		100 000
13. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis		5 000
14. Bindindisstarfsemi:		
a. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi ..... Þar af til bindindisfélaga í skólum landsins 8000 kr.	80 000	
b. Til útbreiðslu bindindis	7 500	

17. gr.

		kr.	kr.
c.	Til áfengisráðunautar:		
	1. Grunnlaun 3870		
	2. Verðlagsuppbót 6772		
		10 642	
			98 142
15.	Ungmennastarfsemi:		
a.	Til Ungmennafélags Íslands	12 000	
	Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um það, hvernig fénu er varið.		
b.	Til Bandalags skáta	2 000	
c.	Til Bandalags íslenzkra farfugla	1 500	
			15 500
16.	Til útgáfu sögu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi ..		12 000
17.	Til Kvenfélagasambands Íslands, til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju		100 000
18.	Til Kvenréttindafélags Íslands		10 000
19.	Til vinnumiðlunar		20 000
20.	Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga		700 000
21.	Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar		200 000
22.	Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna		450 000
23.	Til Bálfarafélags Íslands		35 000
24.	Til Dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		5 000
25.	Til kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, rekstrarhalli		60 000
26.	Til alþjóðastarfseminnar		250 000
	Samtals ...	. . .	7 392 642

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Grunnlaun	168 155	
	b. Verðlagsuppbót	294 270	
			462 425
II.	Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Ari Arnalds, fyrrv. bæjarfógeti	4275,00	
	2. Árni Þorvaldsson, fyrrv. yfirkennari	1625,00	
	3. Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður	1040,00	
	4. Eggert Stefánsson, fyrrv. símafulltrúi Akureyri	1950,00	
	5. Eiríkur Kjerúlf læknir	1625,00	
	6. Guðmundur Björnsson, fyrrv. sýslum.	1625,00	
	7. Guðmundur Hannesson prófessor	1950,00	
	8. Guðm. Sveinbjörnsson, fyrrv. skrifstofustjóri	10180,00	
	9. Halldór Kr. Júlíusson, fyrrv. sýslum.	1300,00	
	10. Halldór Steinsen, fyrrv. héraðslæknir	3245,00	
	11. Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir í Borgarnesi	1625,00	
	12. Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir á Djúpavogi, biðlaun, full embættislaun	10200.00	
	13. Jakob Kristinsson, fyrrv. fræðslum.stj., lögboðinn lífeyrir meðtalinn	7620,00	
	14. Jakob Jóh. Smári, adjunkt, biðlaun, ¾ embættislauna	7200,00	
	15. Jónas Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
	16. Jósep Björnsson, fyrrv. skólastjóri	2565,00	
	17. Karl Finnbogason, fyrrv. skólastj.	2100,00	
	18. Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri	2515,00	
	19. Magnús Torfason, fyrrv. sýslumaður	2970,00	
	20. Ólafur Daníelsson, fyrrv. yfirkennari	3245,00	
	21. Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
	22. Ólafur Thorlacius, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
	23. Páll Halldórsson, fyrrv. skólastjóri	1625,00	
	24. Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari	3245,00	
	25. Sigurjón Markússon, fyrrv. sýslum.	4455,00	
	26. Sigvaldi Kaldalóns, fyrrv. héraðslæknir	3350,00	
	27. Skúli Árnason, fyrrv. héraðslæknir	870,00	
	28. Steingrímur Matthíasson, fyrrv. héraðsl.	1625,00	
	29. Th. Krabbe, fyrrv. vitamálastjóri	2160,00	
	30. Þorbjörn Þórðarson, fv. héraðslæknir	1140,00	
	31. Þórður Sveinsson, fyrrv. yfirlæknir	3245,00	
	32. Þorkell Þorláksson, fyrrv. aðstoðarm.	2440,00	
			97 885
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Aðalbjörg Jakobsdóttir læknisekkja	815,00	
	2. Aðalbjörg Sigurðardóttir	1950,00	

18. gr.

		kr.	kr.
3.	Anna Ásmundsdóttir	490,00	
4.	Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar	730,00	
5.	Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	975,00	
6.	Ásta Einarson	975,00	
7.	Camilla Hallgrímsson	1235,00	
8.	Cathinka Sigfússon	1625,00	
9.	Dómhildur Jóhannesdóttir	1950,00	
10.	Guðbjörg Tómasdóttir, 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	2445,00	
11.	Guðlaug Magnúsdóttir	3245,00	
12.	Harriet Jónsson	730,00	
13.	Helga Finnsdóttir	1950,00	
14.	Hrefna Jóhannesdóttir 975 kr., auk 400 kr. með hverju barni í ómegð	1955,00	
15.	Ingibjörg Magnúsdóttir læknisekkja	1465,00	
16.	Ingileif Snæbjarnardóttir Aðils	650,00	
17.	Jenny Forberg	975,00	
18.	Júlíana Jónsdóttir, ekkja H. Jónssonar dýralæknis	815,00	
19.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja	975,00	
20.	Laufey Vilhjálmsdóttir	3870,00	
21.	Magnea Ásgeirsson	325,00	
22.	Margrét Árnadóttir	975,00	
23.	Margrét Björnson	2600.00	
24.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Guðfinnssonar héraðslæknis	1140,00	
25.	Margrét K. Lárusdóttir læknisekkja	650,00	
26.	Margrét Þórðardóttir læknisekkja, 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	2445,00	
27.	Ragnheiður Jónasson sýslumannsekkja	1300,00	
28.	Rannveig Tómasdóttir	975,00	
29.	Rigmor Ófeigsson	1300.00	
30.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja	1300,00	
31.	Sigríður Blöndal	490,00	
32.	Sigríður Finnbogadóttir	1300,00	
33.	Sigríður Fjeldsted	975,00	
34.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Sigurðar heit. Magnússonar, prófessors	2450.00	
35.	Sigríður Hjaltadóttir Jensson	1300,00	
36.	Sigrún Bjarnason	975,00	
37.	Sofia Guðmundsson	3245,00	
38.	Soffía Hjaltested	975.00	
39.	Steinunn Frímannsdóttir	730.00	
40.	Sússanna Friðriksdóttir Erlendsson	815,00	
41.	Theodóra Thoroddsen	1950,00	
42.	Valgerður Sveinsdóttir, læknisekkja	1140,00	
43.	Vigdís Blöndal	815,00	
44.	Þóra Gísladóttir læknisekkja	1465,00	
45.	Þórhildur Eiríksdóttir Magnús	975,00	
46.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja	650,00	

18. gr.

		kr.	kr.
47.	Þuríður Benediktsdóttir, læknisekkja, 1140 kr., auk 490 kr. með barni í ómegð	1630,00	
48.	Þrúður Ingibjörg Jónsdóttir	490,00	
			65 200
c.	**Uppgjafaprestar:**		
1.	Árni Þórarinsson	945,00	
2.	Ásgeir Ásgeirsson, Hvammi	1025,00	
3.	Ásmundur Gíslason	1275,00	
4.	Bjarni Hjaltested	815,00	
5.	Böðvar Bjarnason	1950,00	
6.	Einar Pálsson	1190,00	
7.	Einar Thorlacius	900,00	
8.	Dr. Eiríkur Albertsson, lögboðinn lífeyrir meðtalinn	7620,00	
9.	Haraldur Þórarinsson	1300,00	
10.	Ingvar Nikulásson	1115,00	
11.	Jes A. Gíslason	815,00	
12.	Jón Norðfjörð Johannessen	1235,00	
13.	Kjartan Kjartansson	1140,00	
14.	Kristinn Daníelsson	1335,00	
15.	Magnús Bjarnarson	1065,00	
16.	Matthías Eggertsson	1245,00	
17.	Ófeigur Vigfússon	945,00	
18.	Ólafur Magnússon	685,00	
19.	Pálmi Þóroddsson	920,00	
20.	Runólfur Magnús Jónsson	1185,00	
21.	Sigtr. Guðlaugsson	4495,00	
22.	Stefán Kristinsson	1625,00	
23.	Theódór Jónsson	2330,00	
24.	Vigfús Þórðarson	1115,00	
25.	Þórður Ólafsson	1090,00	
26.	Þorvaldur Jakobsson	2070,00	
27.	Þorvarður Þorvarðsson	1260,00	
			42 690
d.	**Prestsekkjur:**		
1.	Anna Stefánsdóttir frá Stað	975,00	
2.	Arnbjörg Einarsdóttir	1300,00	
3.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	975,00	
4.	Auður Gísladóttir	1140,00	
5.	Bergljót Blöndal	975,00	
6.	Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini	975,00	
7.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	1465,00	
8.	Björg Jónasdóttir frá Eskifirði	1140,00	
9.	Björg Jónsdóttir frá Vallanesi	1140,00	
10.	Dorothea Guðmundsson	1140,00	
11.	Guðbjörg Guðmundsdóttir	1300,00	
12.	Guðbjörg Hermannsdóttir	945,00	
13.	Guðný Þorsteinsdóttir	930,00	
14.	Guðríður Helgadóttir	1110,00	
15.	Guðríður Ólafsdóttir	915,00	

18. gr.

		kr.	kr.
16.	Guðrún Hermannsdóttir	650,00	
17.	Guðrún J. Jóhannesdóttir	1790,00	
18.	Guðrún Jónsdóttir 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	4890,00	
19.	Guðrún P. Jónsdóttir frá Sauðlauksdal 1950 kr., auk 490 kr. með barni hennar til 16 ára aldurs	2440,00	
20.	Guðrún Runólfsdóttir	1140,00	
21.	Guðrún Torfadóttir	1140,00	
22.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	1140,00	
23.	Helga Skúladóttir	1020,00	
24.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	1140,00	
25.	Ingibjörg Magnúsdóttir	1140,00	
26.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	1140,00	
27.	Jóhanna Magnúsdóttir prófastsekkja .	1140,00	
28.	Jóhanna Pálsdóttir frá Otrardal	1140,00	
29.	Kristín Ísleifsdóttir frá Eyrarbakka ...	1465,00	
30.	Líney Sigurjónsdóttir	1465,00	
31.	Margrét Jónasdóttir	1140,00	
32.	Margrét Björnsdóttir frá Bíldudal, 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barna hennar til 16 ára aldurs	3420,00	
33.	Margrét Sigurðardóttir prófastsekkja .	1465,00	
34.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað	1140,00	
35.	Sigríður Hansdóttir	1275,00	
36.	Sigríður Helgadóttir	1140,00	
37.	Sigríður Jóhannesdóttir	1140,00	
38.	Sigríður Kjartansdóttir, 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barna sinna	3910,00	
39.	Sigrún Kjartansdóttir	1140,00	
40.	Sigurlaug Knudsen	1140,00	
41.	Steinunn Eiríksdóttir Stephensen	975,00	
42.	Steinunn Pétursdóttir	1140,00	
43.	Vilborg Jónsdóttir	1140,00	
44.	Þorbjörg Pálsdóttir	650,00	
45.	Þóra Jónsdóttir	1000,00	
46.	Þórhildur Sigurðardóttir	1140,00	
			62 220
ɛ.	**Kennarar, kennaraekkjur og börn:**		
1.	Aðalbjörg Steinsdóttir	815,00	
2.	Ásdís Þorgrímsdóttir	490,00	
3.	Ásta Magnúsdóttir	325,00	
4.	Brynjólfur Þorláksson söngkennari ...	1950,00	
5.	Einar Hávarðsson	245,00	
6.	Elísabet Jónsdóttir	490,00	
7.	Friðrik Bjarnason tónskáld	1625,00	
8.	Guðbjörg Kristjánsdóttir	1950,00	
9.	Hallgrímur Jónsson skólastjóri	3635,00	
10.	Ingunn Bergmann kennslukona	815,00	

18. gr.

		kr.	kr.
11.	Ingivaldur Nikulásson kennari 650,00		
12.	Lárus Bjarnason skólastjóri 5310,00		
13.	Lárus Rist kennari 975,00		
14.	Margrét Rasmus 2925,00		
15.	Ragnheiður Torfadóttir 650,00		
16.	Samúel Eggertsson 815,00		
17.	Sigurður Sigurðsson 650,00		
18.	Sigurjón Rögnvaldsson 325,00		
19.	Valdimar Snævarr 2680,00		
20.	Viktoría Bjarnadóttir 245,00		
21.	Vilborg Torfadóttir, ekkja Eyjólfs Sveinssonar kennara 490,00		
		28 055	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra, samkv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins eftir tillögum póst- og símamálastjóra	33 475	
g.	Sigurður Nordal, samkvæmt samningi	3 245	
h.	Ólafur Friðriksson	2 925	
i.	Dr. Helgi Péturss	7 620	
j.	Séra Guðmundur Einarsson	3 245	
k.	Sigurjón Friðjónsson	3 245	
l.	Páll E. Ólason dr. phil. ..... enda semji hann ókeypis ævisögur lærðra manna fyrir bókmenntafélagið.	9 120	
m.	Pétur Zóphóníasson ættfræðingur	7 060	
n.	Árni Pálsson	6 605	
o.	Páll Sveinsson yfirkennari, biðlaun, full embættisl.	9 600	
p.	Árni Thorsteinsson tónskáld	4 495	
q.	Sigurbjörn Sveinsson	3 245	
r.	Lárus Sigurjónsson skáld	2 440	
s.	Dr. Jón Stefánsson, London, án verðlagsuppbótar ..	3 146	
t.	Ekkjur og börn skálda og listamanna:		
1.	Anna Pálsdóttir 975 kr., auk 490 kr. með hvoru fósturbarna sinna 1955,00		
2.	Eleanor Sveinbjörnsson 1950,00		
3.	Guðrún Jónsdóttir Erlingsson 1625,00		
4.	Guðrún Oddsdóttir 1625,00		
5.	Ólína Þorsteinsdóttir 1625,00		
6.	Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal 815,00		
7.	Sigríður Snæbjarnardóttir, ekkja Þór. B. Þorlákssonar málara 815,00		
8.	Sigurlaug G. Gröndal 650,00		
9.	Valborg Einarsson 1625,00		
10.	Valgerður Benediktsson 3870,00		
11.	Þórunn Pálsdóttir, ekkja Þorsteins Gíslasonar 1625,00		
		18 180	
u.	Hafnsögumenn, vitaverðir og vitavarðaekkjur, skv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, eftir tillögum vitamálastjóra	13 165	

18. gr.

		kr.	kr.
v.	Matsmenn, samkv. úthlutun atvinnumálaráðuneytisins	18 930	
x.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Aðalheiður Pálsdóttir ljósmóðir	490,00	
2.	Ágústa Þ. Ólafsdóttir	490,00	
3.	Andrés Johnson, fornminjasafnari	6370,00	
4.	Anna Bjarnadóttir, ekkja Hj. Láruss.	490,00	
5.	Arndís Sigurðardóttir	490,00	
6.	Ásdís M. Sigurðardóttir ljósmóðir	490,00	
7.	Ásgeir Jónsson, Gottorp	490,00	
8.	Ásta Þorvaldsdóttir	490,00	
9.	Bjarni Magnússon fangavörður	650,00	
10.	Björg Guðmundsdóttir	650,00	
11.	Björn Einarsson	3245,00	
12.	Davíð Gíslason	975,00	
13.	Eggert Brandsson, sjómaður	1950,00	
14.	Einar Markússon, fyrrv. ríkisbókari	3245,00	
15.	Einar E. Sæmundsen	1950,00	
16.	Friðfinnur Guðjónsson leikari	1300,00	
17.	Gróa Dalhoff	1300,00	
18.	Guðbjörg Jónsdóttir ljósmóðir	490,00	
19.	Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	650,00	
20.	Guðmundur Davíðsson, fv. umsjónarm.	2440,00	
21.	Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsstöðum	490,00	
22.	Guðm. Gestsson, fv. dyrav. Menntaskól.	1950,00	
23.	Guðríður Eiríksdóttir	815,00	
24.	Guðrún Egilson	3245,00	
25.	Guðrún Ragúels	490,00	
26.	Halldór Brynjólfsson blindi	570,00	
27.	Halldóra Þórðardóttir	975,00	
28.	Helga Ingibjörg Stefánsdóttir, loftskeytamannsekkja	490,00	
29.	Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður	1300,00	
30.	Henriette Kjær, fv. yfirhjúkrunarkona	975,00	
31.	Hlín Johnson	2925,00	
32.	Hólmfríður Björnsdóttir, ekkja G. Hjaltasonar	490,00	
33.	Hólmgeir Jensson	490,00	
34.	Ingibjörg Guðjónsdóttir	490,00	
35.	Ingibjörg Jakobsdóttir	490,00	
36.	Ingibjörg Lárusdóttir, Blönduósi	815,00	
37.	Ingibjörg Loftsdóttir, ljósmóðir	490,00	
38.	Jón Runólfsson, fyrrv. sýsluskrifari	975,00	
39.	Jóney Guðmundsdóttir, ekkja Guðjóns Guðlaugssonar	975,00	
40.	Jónína Marteinsdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	490,00	
41.	Kristín Eiríksdóttir ljósmóðir	490,00	
42.	Kristín Guðmundsdóttir, ekkja E. Helgasonar	975,00	
43.	Kristjana Benediktsdóttir	650,00	

18. gr.

		kr.	kr.
44.	Kristólína Kragh	490,00	
45.	Lára Bjarnadóttir	650,00	
46.	Margrét Ásmundsdóttir	650,00	
47.	María Sigurðardóttir	490,00	
48.	Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	815,00	
49.	Matthías Þórðarson frá Móum	1950,00	
50.	Níelsína Ólafsdóttir, ekkja Daníels Daníelssonar	975,00	
51.	Ólafur Guðmundsson, fyrrv. ferjum.	1625,00	
52.	Ólafur Ketilsson	815,00	
53.	Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erlingssonar	815,00	
54.	Petrea Jónsdóttir	490,00	
55.	Ragnheiður Erlendsdóttir	490,00	
56.	Runólfur Pétursson, innhm.	975,00	
57.	Sigríður Gísladóttir 490 kr., og 165 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	1150,00	
58.	Sigríður Gísladóttir	490,00	
59.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	490,00	
60.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	490,00	
61.	Sigurður Níelsson	1625,00	
62.	Sigurður Pétursson, fyrrv. fangav.	1625,00	
63.	Soffía Ásgeirsdóttir hjúkrunarkona	815,00	
64.	Valgerður Steinsson, fv. spítalaráðsk.	815,00	
65.	Þóra Sigurðardóttir	490,00	
			69 910
y.	Magnús Friðriksson hreppstjóri og kona hans		3 870
z.	Verðlagsuppbót		903 743
þ.	Framlag ríkissjóðs samkv. 10. gr. lífeyrissjóðslaga, nr. 101 1943 og 8. gr. laga nr. 102 1943		1 650 000
æ.	Framlag ríkissjóðs samkv. 6. gr. reglugerðar frá 24. nóv. 1944		200 000
			3 273 314
	Samtals	. . .	3 735 739

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
1.	Niðurgreiðsla á nokkrum landbúnaðarafurðum til neyzlu innanlands	12 000 000	
2.	Til óvissra útgjalda	500 000	
			12 500 000
	Samtals	. . .	12 500 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn:		
I.	Fyrningar:		
	1. Samkvæmt 3. gr. A.	224 000	
	2. — 3. — B.	3 649	
	3. — 9. —	2 170	
	4. — 10. —	2 046	
	5. — 11. — A.	10 600	
	6. — 12. —	89 000	
	7. — 13. —	188 000	
	8. — 14. —	25 866	
	9. — 15. —	4 350	
			549 681
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og dönskum ríkisskuldabréfum		2 025 000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10 000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50 000
	Samtals ...	. . .	2 634 681
	Út:		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
	1. Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán ... 1572517		
	b. Lán í dönskum krónum ... 471330		
		2 043 847	
	2. Lán ríkisstofnana:		
	a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 1.) ... 400000		
	b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.) ... 89100		
		489 100	
			2 532 947
II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
	1. Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)	3 000 000	
	2. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.)	1 080 000	
			4 080 000
III.	Til bygginga á jörðum ríkisins		200 000
IV.	Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana		1 000 000

	kr.	kr.
V. Til vitamála, eignaaukning:		
a. Til byggingar áhalda- og skrifstofuhúss	350 000	
b. Til að kaupa nýtt vitaskip	350 000	
c. Til að gera nýja vita	700 000	
		1 400 000
VI. Til flugvallagerða og lendingarbóta í Vestmannaeyjum og á Ísafirði		400 000
VII. Til byggingar Menntaskólahúss í Reykjavík		1 000 000
VIII. Til byggingar sjómannaskólans		1 000 000
IX. Til byggingar bændaskóla í Skálholti		1 000 000
X. Til byggingar tilraunaskóla		250 000
XI. Til byggingar íþróttaskóla		200 000
XII. Til byggingar þjóðminjasafns		1 000 000
XIII. Til kaupa á skóglendi		70 000
XIV. Til kaupa á jörðinni Hestur í Borgarfirði		150 000
XV. Til skólastjórabústaðar á Hólum		100 000
XVI. Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10 000
Samtals ...	. . .	14 392 947

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		81 800 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		31 637 477
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		615 234
5. gr.	Óvissar tekjur		100 000
	Rekstrarhalli		1 081 739
	Samtals ...	. . .	115 244 450

Yfirlit.
yfirlit.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		1 144 568
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		300 000
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		1 515 576
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		3 660 645
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	8 108 011	
—	B.	Opinbert eftirlit	943 374	
—	C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	3 406 604	
—	D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	825 000	13 282 989
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		9 229 817
13. gr.	A.	Vegamál	18 002 275	
—	B.	Samgöngur á sjó	2 592 000	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	3 797 650	
—	D.	Flugmál	800 000	25 191 925
14. gr.	A.	Kirkjumál	3 488 737	
—	B.	Kennslumál	18 728 798	22 217 535
15. gr.	A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	1 924 801	
—	B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	2 359 204	4 284 005
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	8 985 224	
—	B.	Sjávarútvegsmál	878 500	
—	C.	Iðnaðarmál	925 285	10 789 009
17. gr.		Til félagsmála		7 392 642
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		3 735 739
19. gr.		Óviss útgjöld og niðurgreiðslur		12 500 000
		Samtals ...	. . .	115 244 450

II Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	114 162 711
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	549 681
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	2 025 000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10 000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50 000
	Greiðslujöfnuður	12 840 005
	Samtals ...	129 637 397

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að greiða Kristjönu Jónsdóttur, skrifstofukonu í fræðslumálaskrifstofunni, hálf laun meðan hún er sjúklingur.
II. Að greiða Ágústu Erlendsdóttur símakonu 1 200 kr. á ári, meðan hún er sjúklingur.
III. Að selja varðskipið Þór, ef viðunanlegt boð fæst.
IV. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.
V. Að endurgreiða tónlistarfélagi Akureyrar toll af blásturshljóðfærum, sem það flutti inn í lok ársins 1944.
VI. Að greiða séra Þorsteini Briem full embættislaun ef hann lætur af embætti á árinu.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1945 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

TEKJUBÁLKURINN

Um 2. gr.

Álagður tekju- og eignarskattur nemur í ár ca. kr. 28 500 000, tekjuskattsauki ca. kr. 5 000 000 og stríðsgróðaskattur ca. kr. 11 000 000.

Með tilliti til þess, sem þegar er kunnugt um fjárhagsafkomu á þessu ári er tekju- og eignarskattur og tekjuskattsauki samtals áætlað kr. 26 millj. kr., og stríðsgróðaskattur 6 milljónir, en af honum rennur helmingurinn til bæjar- og sveitarfélaga.

Vörumagnstollur hefur farið nokkuð fram úr áætlun á þessu ári, og virðist ekki ástæða til að áætla hann lægri á næsta ári en hann reynist nú. Verðtollur mun fara alllangt fram úr áætlun og þykir ekki óvarlegt að áætla hann 33 millj. kr. á næsta ári.

1) Fyrningar eru færðar hér til jafnaðar sömu fjárhæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

yfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	115 244 450
	Aðrar útborganir:	
20. gr. I.	Afborganir lána og eignaaukningar skv. 20. gr. Út	14 392 947
	Samtals ...	129 637 397

Aðrir liðir greinarinnar eru yfirleitt áætlaðir nokkru hærri en í núgildandi fjárlögum, enda hafa þeir reynzt fara fram úr áætlun. Með lögum frá síðasta Alþingi var hækkaður viðauki við stimpilgjald og aukatekjur og settur viðauki við vitagjöld. Er áætlunin í frumvarpinu m. a. miðuð við þá hækkun.

Um 3. gr. A.

Póstur og sími.

Um póstinn hefur verið fylgt tillögum póst- og símamálastjóra, sem áætlar tap á rekstri póstsjóðs svipað sem í núgildandi fjárlögum.

Tillögum póst- og símamálastjóra um landssímann hefur ekki verið fylgt að öllu. Helzta breytingin er sú, að gjöld bæjarsímans í Reykjavík og Hafnarfirði hafa verið lækkuð um 1 millj. kr. með tilliti til þess, að í liðnum var innifalin aukning á bæjarsímakerfinu í Reykjavík og Hafnarfirði. Sú aukning ætti að teljast með eignaaukningu og því hefur umrædd 1 millj. verið flutt á 20. gr. Út. Verður þá áætlaður rekstrarhagnaður af landssímanum, er nemur kr. 485 000.

Úr tillögum póst- og símamálastjórnarinnar um eignaaukningar hafa verið felld fjárframlög til byggingar póst- og símahúsa í Hrútafirði, Borgarnesi og Vestmannaeyjum, samtals að fjárhæð kr. 1 350 000.

Áfengisverzlun ríkisins.

Rekstrarhagnaður Áfengisverzlunarinnar er áætlaður ca. kr. 2,5 millj. hærri í frumvarpinu en í núgildandi fjárlögum, og er stuðzt við reynzlu þessa árs.

Tóbakseinkasalan.

Tekjur þessarar einkasölu eru áætlaðar ca. kr. 750 000 hærri en í núgildandi fjárlögum, enda hafa tekjurnar í ár farið nokkuð fram úr áætlun. Nú er brúttóhagnaður tóbaksgerðarinnar innifalinn í brúttóhagnaði einkasölunnar en áður var það nettóhagnaðurinn. Gjaldaliðurinn hækkar þá að því skapi.

Ríkisútvarpið.

Gert er ráð fyrir að afnotagjaldið verði hækkað í kr. 100.00 og er það áætlað kr. 2 700 000. Aðrar tekjur eru áætlaðar kr. 100 000 hærri en á þessu ári. Gjöldin eru áætluð tæpum 400 000 krónum hærri, vegna grunnlaunahækkunar og meiri kostnaðar við útvarpsefni og útvarpsstöðvar.

Tekjur viðtækjaverzlunarinnar eru áætlaðar nokkru hærri en í núgildandi fjárlögum, en gjöldin svipuð.

Rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju er áætlaður svipaður sem í núgildandi fjárlögum.

Í eignabreytingum er gert ráð fyrir kr. 1 080 000 til byggingar útvarpshúss í Reykjavík.

Landssmiðjan.

Landssmiðjan á ekki heima á fjárlögunum.

Henni ber að greiða skatta í ríkissjóð, en annar ágóði af henni rennur ekki þangað, heldur safnast saman í fyrirtækinu.

Hliðstæður Landssmiðjunni að þessu leyti er t. d. Landsbankinn og er ekki ríkari ástæða til að taka upp í fjárlagaáætlun Landssmiðjuna en Landsbankann.

Ef tekjuafgangur yrði áætlaður hjá Landssmiðjunni væri ekki rétt að færa hann á 3. gr. A fjárlaganna, enda rynni hann ekki í ríkissjóðinn nema sem skattar og kæmi með öðrum sköttum á 2. gr. Ef um rekstrarhalla væri að ræða væri ekki rétt að færa hann á 3. gr. A vegna þess að þar yrði aldrei færður ágóði þegar um hann væri að ræða.

Ef ríkissjóður ætti yfirleitt að bera halla af rekstri Landssmiðjunnar væri rétt að færa hann sem lán eða sem óendurkræfan styrk á gjaldalið fjárlaganna.

Um 3. gr. B.

Ekki er enn fullbúin skrá sú, sem er í smíðum yfir fasteignir ríkissjóðs, en gert er ráð fyrir að framvegis fylgi slík skrá fjárlagafrumvarpi og verði þá gerð grein fyrir tekjumöguleikum af fasteignunum. Tilgangslaust og óviðkunnanlegt er að taka upp í fjárlagaáætlun sundurliðaða greinargerð fyrir rekstri einnar fasteignar, Arnarhvols, og verður þeirri sundurliðiun því sleppt hér, enda eru tekjurnar af húsinu að svo til öllu leyti bornar uppi af ríkisskrifstofum.

Nettótekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar kr. 10 000.00.

Um 4. gr.

Vaxtatekjur sundurliðast á þenna hátt:

1.	Veðdeild Landsbankans:				
	5. fl., eign 1. júlí 1945	kr. 1 122 600	Vextir ½ '46	kr. 28 065.00	
	Áætl. útdr. 1945	— 400 000			
	— eign ½ 1946	— 722 600,	áætl. v. ½ '46	— 18 065.00	46 130.00
	6. fl., eign 1. júlí 1945	— 922 900,	vextir ½ '46	— 23 072.50	
	Áætl. útdr. 1945	— 400 000			
	— eign ½ 1946	— 522 900,	áætl. v. ½ '46	— 13 072.50	36 145.00
	7. fl., eign 1. júlí 1945	— 704 700,	vextir ½ '46	— 17 617.50	
	Áætl. útdr. 1945	— 250 000			
	— eign ½ 1946	— 454 700,	áætl. v. ½ '46	— 11 367.50	28 985.00
2.	a. Jarðræktarbréf, eign ½ 1945 kr. 35 000, vextir áætlaðir ..			kr.	963.50
	b. Kreppulánasjóðsbr. bænda, eign ½ 1945 kr. 6 240.00, v. áætl.			—	280.80
	c. Kreppulánasjóðsbréf bæjar- og sveitarfélaga, eign ½ 1945 kr. 51 890, vextir áætlaðir			—	2 853.95
3.	Dönsk ríkisskuldabréf: Kingdom of Denmark External Gold 5½% Loan of 1925 due 1955, eign ½ '45 $117 000, vextir áætl. 1946 $5500, gengi 650.50			—	34 777.50

Skuldabréf danska ríkislánsins frá 1921 eru öll fallin í gjalddaga og er gert ráð fyrir að þau innleysist öll á þessu ári. Skuldabréfaeignin er ½ 1945 $250 000.00. Áætlaður er $17 000.00 útdráttur af láninu frá 1925.

4. Áætlaðar tekjur af hlutafjáreign sundurliðast á þenna hátt:
   a. Hlutabréf í Útvegsbanka Íslands h.f. kr. 5,7 millj., áætl. 4% — 228 000.00
   b. Hlutabréf í Eimskipafél. Íslands h.f., 100 000 kr., áætl. 4% — 4 000.00
   c. Hlutabréf í Raftækjaverksm. Hafnarfjarðar h.f., 50 000 kr., áætl. 6% ..... — 3 000.00

GJALDABÁLKURINN

Um 7. gr.

Vextir og afborganir af föstum lánum 1946 sundurliðast þannig:

I. Innlend lán:	Afborgun kr.	Vextir kr.
1. Lán hjá Sáttmálasjóði 1919 (5%) uppsegjanlegt		25 000.00
2. Lán vegna kaupa á Reykjatorfu 1929 (5%)	2 600.00	1 170.00
3. Lán vegna kaupa á Lækjargötu 3, Rvík (Gimli) ..	4 177.94	1 504.07
4. Lán vegna kaupa á Austurstræti 20, Rvík, er skipt var fyrir Bankastræti 2	5 850.00	1 930.50
5. Lán vegna kaupa á jarðeignum á Eyrarbakka og Stokkseyri	8 483.28	9 331.73
6. Lán vegna kaupa á Skálholti	1 000.00	750 00
7. Lán vegna kaupa á Skeiðaáveitu	8 666.67	1 906.67
8. Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1938 kr. 850 000 til 22 ára (5½%)	42 500.00	35 062.50
9. Lán vegna kaupa á Amtmannsstíg 1	3 466.62	1 872.00
10. Lán vegna kaupa á Kaldaðarnesi	5 231.83	3 139.02
11. Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1940 kr. 1 409 000 til 22 ára (5½%)	70 450.00	63 933.37
12. Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1941 krónur 10 000 000 til 25 ára (4½%)	400 000.00	378 000.00
13. Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1944 krónur 4 000 000 til 7 ára (3½%)	570 000.00	120 050.00
14. Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1944 krónur 6 000 000 til 10 og 20 ára (3½%)	450 000.00	210 000.00
15. Lán hjá Söfnunarsjóði v. kaupa á Spákonufelli ..	91.64	238.36
	1 572 517.98	853 888.22

II. Lán í dönskum krónum:	Afborgun kr.	Vextir kr.
1. Lán hjá Forsörgelsesforeningen Bicuben, Kbh., til Vífilsstaðahælis 1909 (4½%) afb. d. kr. 3 871.90, vextir d. kr. 3 628.07, gengi 125.78	4 870.11	4 563.39
2. Lán hjá Store Nordiske Telegrafselskab A/S, Kbh., til símalagninga 1917 (5%), afb. d. kr. 30 418.66, vextir d. kr. 1 934.68. Gengi 125.78	38 260.59	2 433.44
3. Lán hjá Statsanstalten for Livsforsikring, Kbh., 1926 til veðdeildarbréfakaupa (4%), afb. d. kr. 85 557.06, vextir d. kr. 44 442.94. Gengi 125.78	107 613.67	55 900.33
4. Lán hjá Det forenede Danske Livsforsikrings Aktieselskab „Hafnia“, Kbh., 1927, til veðdeildarbréfakaupa (4%), afb. d. kr. 21 334.94, vextir d. kr. 11 973.06. Gengi 125.78	26 835.09	15 059.71
5. Lán hjá sama 1927, í sama skyni (5%), afb. d. kr. 67 271.89, vextir d. kr. 62 142.11. Gengi 125.78	84 614.58	78 162.34

6. Lán hjá A/S Dansk Folkeforsikringsanstalt, Kbh., í sama skyni (5%), afb. d. kr. 67 271.89, vextir d. kr. 62 142.11. Gengi 125.78	84 614.58	78 162.34
7. Lán hjá Aalborg Værft A/S, Aalborg, vegna kaupa á Esju, afb. d. kr. 99 000.00, vextir d. kr. 5 087.50. Gengi 125.78	124 522.20	6 399.06
	471 330.82	240 680.61

Enska lánið frá 1935 var greitt upp á þessu ári, og skuldar ríkissjóður nú engin lán í sterlingspundum.

Um 8. gr.

Á sama hátt sem í núgildandi fjárlögum er kostnaður við æðstu stjórn landsins áætlaður ósundurliðaður í frumvarpinu kr. 300 000. Áætlunin um kostnaðinn fylgir frumvarpinu.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður er áætlaður kr. 300 000 hærri en í núgildandi fjárlögum.

Um 10. gr.

I. Með launalögunum nýju hafa launagreiðslur í stjórnarráðinu hækkað nokkuð. Annar kostnaður við ráðuneytin er áætlaður nokkru hærri en fyrr með tilliti til reynslu síðasta árs.

Útgáfukostnaður ríkisreiknings og stjórnartíðinda er áætlaður nokkru hærri en fyrr.

III. Utanríkiskostnaður er áætlaður nokkru hærri en fyrr. Gert er ráð fyrir miklu hærri ferðakostnaði og bætt er við lið um kostnað vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum.

Kostnaður við sendiráðið í Köbenhavn hefur hækkað nokkuð vegna stofnunar sendiherraembættis þar.

Um 11. gr. A.

1.—5. Kostnaðaráætlunin hefur alls staðar hækkað verulega á þessum liðum, að mestu leyti vegna hækkunar á launum samkvæmt nýju launalögunum. Borgardómaraembættið flutti í ný húsakynni í dýrri leigu.

6. Laun sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra hafa hækkað töluvert samkv. nýju launalögunum. Skrifstofukostnaður þessara embættismanna hefur einnig hækkað allmikið af sömu orsökum.

8. Áætlað er, að ríkislögregluþjónar verði jafnmargir sem gert er ráð fyrir í núgildandi fjárlögum. Laun þeirra hafa hækkað samkv. nýju launalögunum. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík er áætlaður nokkru hærri en í núgildandi fjárlögum.

9. Samkvæmt tillögum skipaútgerðar ríkisins er nettókostnaður við landhelgisgæzluna áætlaður ca. kr. 3 000 000. Er þó vikið frá tillögunum að því leyti, að ekki er gert ráð fyrir halla af varðskipinu Þór, sem ætlað er að verði selt á næsta ári.

14. Kostnaður við félagsdóm hefur hækkað nokkuð vegna þess, að nú er greidd ótakmörkuð verðlagsuppbót á laun nokkurra dómsmanna, sem áður fengu hana takmarkaða. Gert er ráð fyrir aukakostnaði við útgáfu II. bindis dóma félagsdóms.

Um 11. gr. B.

Lög um innflutning og gjaldeyrismeðferð falla niður í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að Evrópustyrjöldinni lauk. Engin skipan hefur enn verið gerð á þessum málum, og verður því engin áætlun gerð í frumvarpinu um kostnað við eftirlit með viðskiptum og verðlagi, enda má búast við, að tekjustofnar verði lögboðnir til þess að mæta þeim kostnaði svo sem nú er.

Annars stafa hækkanir á þessari grein aðallega af launahækkunum skv. nýju launalögunum.

Um 11. gr. C.

I. Þessi liður er áætlaður tæpum kr. 400 000 hærri en í núgildandi fjárlögum, einkum vegna launahækkana samkvæmt nýju launalögunum.

II. Kostnaður við störf ríkisskattanefndar og skattstofu Reykjavíkur er áætlaður nokkru hærri en áður, og munar mestu um launahækkanir. Kostnaður við skattanefndir og skattstjóra utan Reykjavíkur eykst ár frá ári, og verður samkvæmt reynslu síðasta árs áætlaður kr. 450 000 í frumvarpinu.

Yfirfasteignamatsnefndin er hætt störfum, og falla því niður launagreiðslur til formannsins.

Um 11. gr. D.

Á árinu 1944 reyndist símakostnaðurinn ca. kr. 354 000, burðargjöld ca. 130 000 og eyðublöð, bókband og auglýsingar o. fl. ca. kr. 278 000.

Ekki er ráðlegt að áætla þessa liði lægri í frumvarpinu.

Um 12. gr.

III. Tilgangslaust er að sundurliða í fjárlögunum sjálfum svo mikið sem gert hefur verið kostnað við ríkisspítalana, en auðvitað er slík sundurliðun nauðsynleg í tillögunum til fjárlagaáætlunar. Gjöld spítalanna hafa því verið dregin saman í frumvarpinu.

IV. Kostnaður við berklavarnir er áætlaður nokkru hærri en á þessu ári vegna hækkunar daggjalda í spítölum. Samkvæmt tillögunum er nokkuð af kostnaði á þessum lið fært á V. lið, en ekki þykir taka að skipta honum. Bifreiðakostnaður er of hátt áætlaður í tillögunum.

V. Þessi liður er af sömu ástæðum sem IV. liður hækkaður töluvert.

Um 13. gr. A.

Tillögum vegamálastjórans hefur verið fylgt að mestu. Liðurinn til nýrra akvega hefur þó verið lækkaður um 1 millj. kr. frá tillögum hans.

Um 13. gr. B.

1. Byggt er á áætlun Skipaútgerðar ríkisins, þótt hún sé ónákvæm og lausleg. Ekki er þó gert ráð fyrir halla á Þór, sem ætlað er að verði seldur á næsta ári. Ekki er heldur tekið tillit til 500 000 kr. halla af einhverju ótilteknu svo sem tillögurnar gera.

Um 13. gr. C.

I. og II. liður hafa hækkað nokkuð vegna nýju launalaganna.

Til hafnarmannvirkja eru áætlaðar 2 millj. kr. ósundurliðað.

Um 13. gr. D.

Farið hefur verið að mestu leyti eftir tillögum flugmálastjóra. Framlagi til flugvallargerðar í Vestmannaeyjum og dráttarbrauta og skýlis á Ísafirði verður fært á eignahreyfingar. Þótt eitthvað af hinum áætluðu kr. 650 000 á III. lið fari til eignaaukningar, eru fyrirætlanirnar enn svo óákveðnar, að ekki þykir rétt að svo stöddu að sundurliða þær, en að sjálfsögðu verður samt sundurliðað í ríkisreikningi hvað til eignaaukningar fer og hvað til rekstrarútgjalda.

Um 14. gr. A.

Um þessa grein hefur að miklu leyti verið fylgt tillögum biskups. Úr þeim hefur þó verið felldur húsaleigustyrkur presta í Reykjavík, sem að sjálfsögðu hverfur samkvæmt nýju launalögunum, fjárveiting til aðstoðarmanns handa söngmálastjóranum o. fl.

Laun presta hafa hækkað verulega með síðustu launalögum.

Um 14. gr. B.

I. Þessi liður er áætlaður ca. 300. þús. kr. hærri en í núg. fjárlögum, einkum vegna launahækkana samkvæmt nýju launalögunum.

II. Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs er hækkaður í kr. 350 000. Námsstyrkurinn samkv. þál. 30. apríl 1942 er felldur niður.

III. Þessi liður er áætlaður rúmum 43 000 kr. hærri en í núg. fjárlögum.

IV.—IX. Liðir þessir eru allir áætlaðir töluverðu hærri en í núg. fjárlögum, einkum vegna hækkunar fastra launa samkv. nýju launalögunum og hækkunar greiðslu fyrir stundakennslu.

X. Kostnaðurinn við búnaðarskólana hefur aukizt svo sem við aðra skóla og af sömu orsökum.

Sundurliðun sú, sem verið hefur undanfarið á fjárlagaáætluninni, hefur verið dregin lítið eitt saman.

XI. Styrkurinn til iðnskólahalds er hækkaður um kr. 100 000.

XII. Frumvarpið gerir ráð fyrir 100 kr. styrk á nemanda til verzlunarskólanna. Miðað er við nemendatölu í skólunum nú.

XIV. Þessi liður hefur hækkað um tæpar 3 millj. kr. frá núg. fjárlögum, enda hafa laun kennara hækkað verulega með nýju launalögunum.

Ekki þótti ráðlegt að gera ráð fyrir hærri styrk til byggingar barnaskóla utan kaupstaða en 1.2 millj., þrátt fyrir tillögur fræðslumálastjórnarinnar.

XVI. Framlag til bygginga húsmæðraskóla er hækkað um kr. 200 000.

XVII. Ekki þótti ráðlegt að hækka framlag til íþróttasjóðs frá því, sem nú er.

XVIII. Kostnaður við málleysingjaskólann hefur hækkað allmikið, einkum vegna launahækkana.

XXVIII. Eftir tillögum menntamálaráðuneytisins er gert ráð fyrir nýjum lið, kostnaði við rannsókn á þroskastigi íslenzkra skólabarna.

Um 15. gr. A.

I. Laun bókavarða hafa hækkað allmikið. Húsaleiga fyrir bækur á Flúðum fellur niður. Að öðru leyti er áætlunin eins og í núgildandi fjárlögum.

II. Laun skjalavarðanna hafa hækkað. Að öðru leyti er lítil breyting frá núg. fjárlögum.

III. Laun þjóðminjavarðar hafa hækkað nokkuð.

IV. Styrkur til Náttúrufræðifélagsins er hækkaður nokkuð samkvæmt tillögum menntamálaráðuneytisins.

V. Laun dyravarðar hafa hækkað með launalögunum. Annar kostnaður er áætlaður með tilliti til reynslu síðasta árs.

VI. 39. Láðst hefur að taka þennan lið inn í síðustu fjárlög.

VII. Samkvæmt tillögum menntamálaráðuneytisins er gert ráð fyrir 20 000 kr. styrk til ætt- og mannfræðifélagsins.

Um 15. gr. B.

I. Kostnaður við atvinnudeild háskólans hefur hækkað um ca. kr. 325 000, einkum vegna starfsmannaviðbótar og launahækkana.

Um 16. gr.

3. Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum eru áætluð ca. kr. 1 000 000 hærri en í núg. fjárlögum.

28. Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma er áætlaður kr. 200 000 hærri en í núg. fjárlögum.

Um 17. gr.

2. Gjöld til alþýðutrygginga eru áætluð mjög svipuð og í núg. fjárlögum

Um 18. gr.

Verðlagsuppbót á eftirlaun og styrki skv. þessari grein er áætluð um kr. 200 000 hærri en í núg, fjárlögum og framlagið samkv. lífeyrissjóðslögunum kr. 900 000 hærra. Þá er bætt við nýjum lið, framlagi samkv. 6. gr. reglugerðar 24. nóv. 1944, og er hann lauslega áætlaður kr. 200 000.

Um 19. gr.

1. og 2. liður þessarar greinar í núg. fjárlögum fellur niður.

Á þessari grein er gert ráð fyrir 12 millj. kr. til niðurgreiðslu á nokkrum landbúnaðarafurðum. Er þá gert ráð fyrir, að ca. ¼ hluti af niðurgreiðslunum samkvæmt bráðabirgðalögum 29. sept. 1945 komi á þetta ár.

Ed. 17. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 65 27. júní 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Stofna skal húsmæðraskóla í kaupstöðum, einn eða fleiri í hverjum, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum og úr bæjarsjóði kaupstaðarins og þeim skilyrðum fullnægt, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, nr. 65 27. júní 1941, virðist gert ráð fyrir því, að aðeins einum húsmæðraskóla sé haldið uppi í hverjum kaupstað. Nú er það öllum kunnugt, sem þekkingu hafa á skólamálum, að húsmæðraskólar hafa þá sérstöðu, að nemendafjöldi er þar miklu takmarkaðri en í öðrum skólum, og eru til þess eðlilegar ástæður. Það hefur og komið í ljós, að Húsmæðraskóli Reykjavíkur getur ekki tekið við nema litlum hluta af þeim nemendafjölda, sem þar æskir inngöngu á hverju ári, og úr þessu verður ekki bætt með auknum húsakosti og fjölmennara kennaraliði við þann skóla, sem fyrir er. Eina úrlausnin er því að reisa þar nýjan húsmæðraskóla, og hefur bæjarstjórn lýst yfir vilja sínum til þess, og mun ekki standa á fjárframlagi þaðan. Það er og vitað, að mikill áhugi er um það meðal bæjarbúa, að betur verði séð fyrir húsmæðrafræðslunni í bænum en nú er.

Frv. þetta er flutt til þess fyrst og fremst að verða við þessum óskum og til þess að taka af öll tvímæli um það, að um hinn nýja skóla skuli fara eftir lögum nr. 65/1941. Það er og nauðsynlegt, að úr því sé skorið á ótvíræðan hátt, að til þess sé ætlazt af Alþingi, að fleiri en einn húsmæðraskóli sé rekinn í stærstu kaupstöðum landsins.

Nd. 18. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfa jörðina Þjóðólfshaga í Holtahreppi og jörðina Kotvöll í Hvolhreppi.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Helgi Jónasson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir:

1. Hálfa jörðina Þjóðólfshaga í Holtahreppi (eystri helming) ábúandanum, Erlendi Erlendssyni.
2. Jörðina Kotvöll í Hvolhreppi ábúandanum, Sveini Sveinssyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á jörðinni Þjóðólfshaga í Holtahreppi hefur verið tvíbýli í marga áratugi. Erlendur Erlendsson hefur búið þar á eystri helmingi jarðarinnar í meira en 30 ár. Hefur hann alla tíð verið dugandi sæmdarbóndi. Hann hefur lengi haft hug á að eignast ábýlisjörð sína.

Svipað má segja um bóndann á Kotvelli, Svein Sveinsson. Hann hefur búið þar góðu búi um 30 ára skeið. Hefur hann jafnan, eins og Erlendur Erlendsson, reynzt nýtur og uppbyggilegur. Er vissulega eðlilegt, að Alþingi verði við óskum þessara ágætu bænda og setji lög, sem heimili ríkisstjórninni að selja þeim áðurnefndar jarðir.

Nd. 19. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar varðandi framkvæmd annars töluliðar laga nr. 58 frá 3. marz 1945, um verðlag landbúnaðarvara.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Bjarni Ásgeirsson, Eysteinn Jónsson, Sveinbjörn Högnason.

Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til þess, að framfylgt verði ákvæðum laga nr. 58 frá 3. marz 1945, um uppbætur á endanlegt verð landbúnaðarvara, seldra á tímabilinu frá 15. sept. 1944 til 15. sept. 1945, og hvenær hyggur ríkisstjórnin, að framleiðendur fái þessa lögákveðnu uppbót?

Greinargerð.

2. töluliður bráðabirgðaákvæða laga nr. 58 frá 3. marz 1945 hljóðar svo:

„Verði hækkun á kaupgjaldi á tímabilinu 15. sept. 1944 til 15. sept. 1945, sem áhrif hefur á vísitölu landbúnaðarafurða eða vinnslu og sölukostnað þeirra samkvæmt útreikningi hagstofunnar, skal verðlagið hækkað í samræmi við það. Breytingar þessar skal hagstofan reikna út fyrir lok tímabilsins, og skulu þær teknar til greina, þegar verðlagið er gert upp."

Það er vitað, að á tímabili því, sem um ræðir í tölulið þeim, sem tilfærður er hér að ofan, hefur vísitala landbúnaðarafurða hækkað úr 109,4 í 120, eða um 9,7%, og er víst, að töluvert af þeirri hækkun á samkvæmt greininni að koma fram í hækkuðu verði á landbúnaðarafurðum, sem seldar voru á umræddu tímabili. Auk

þess hefur kostnaður við vinnslu og dreifing varanna hækkað, en sá kostnaður kemur ekki fram í landbúnaðarafurðavísitölunni, og má þar benda á aukinn kostnað við dreifingu mjólkur o. fl. Verð á kindakjöti hefur nú verið gert upp við framleiðendur víðast hvar fyrir nefnt tímabil, og verð mjólkurinnar að nokkru leyti, og hefur hvergi verið tekið tillit til þeirrar verðhækkunar, er leiðir af þessari grein. Eftir henni áttu uppbætur eða niðurgreiðsla ríkisins að hækka sem næmi hinum aukna tilkostnaði, og var hagstofunni falið að reikna út, hve miklu það næmi, en sá útreikningur mun ekki liggja fyrir enn.

Nd. 20. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar varðandi framkvæmd laga nr. 110 frá 1943, um olíugeyma o. fl.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til þess að greiða fyrir framkvæmd laga um olíugeyma o. fl.?

Ed. 21. Frumvarp til laga

um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir hluta af kostnaði við hafnargerðir og lendingarbætur á þeim stöðum, sem taldir eru í lögum þessum, í þeim hlutföllum, sem segir í lögunum, enda sé áætlun um hafnargerðina eða lendingarbæturnar samþykkt af samgöngumálaráðuneytinu og fé veitt til þeirra í fjárlögum.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til hafnargerða og lendingarbóta í þeim hlutföllum, sem segir í lögum þessum. Ef lánið er tekið erlendis, skal það tekið með milligöngu Landsbanka Íslands.

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar og dráttarbrautir.

2. gr.

A. Ríkissjóður greiðir ⅓ af kostnaði við hafnargerð eftirtalinna staða, sbr. þó 1. málsgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast lán til greiðslu á ⅔ af kostnaðinum við hafnargerðina, þannig að jafnskjótt og fé er veitt í fjárlögum til hafnargerðanna, heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast helmingi hærri lánsfjárhæð til hafnargerðarinnar á þann hátt, er segir í 1. gr.

1. Akureyri,
2. Hafnarfjörður,
3. Ísafjörður,
4. Reykjavík,
5. Seyðisfjörður,
6. Siglufjörður,
7. Vestmannaeyjar,

B. Ríkissjóður greiðir ⅖ af kostnaði við hafnargerð eftirtalinna staða, sbr. þó 1. málsgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast lán til

greiðslu á ⅗ af kostnaðinum við hafnargerðina, þannig að jafnskjótt og fé er veitt í fjárlögum til hafnargerðarinnar, heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast lánsfjárhæð í hlutfallinu 3:2 til hafnargerðarinnar á þann hátt, er segir í 1. gr.

1. Akranes,
2. Bíldudalur,
3. Bolungavík,
4. Búðareyri í Reyðarfirði,
5. Búðir í Fáskrúðsfirði,
6. Dalvík,
7. Eskifjörður,
8. Flateyri,
9. Grafarnes (Grundarfjörður),
10. Hofsós,
11. Hrísey,
12. Húsavík,
13. Keflavík,
14. Neskaupstaður,
15. Ólafsfjörður,
16. Ólafsvík,
17. Patreksfjörður,
18. Raufarhöfn,
19. Sauðárkrókur,
20. Skagaströnd,
21. Stykkishólmur,
22. Suðureyri,
23. Þingeyri,
24. Þórshöfn.

C. Ríkissjóður greiðir helming kostnaðar við að gera lendingarbætur á eftirtöldum stöðum, sbr. þó 1. málsgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast lán til greiðslu á hinum helming kostnaðarins við lendingarbæturnar, jafnskjótt og fé er veitt til lendingarbótanna í fjárlögum, á þann hátt, er segir í 1. gr

1. Borgarfjörður,
2. Blönduós,
3. Borgarnes,
4. Breiðdalsvík,
5. Djúpivogur,
6. Eyrarbakki,
7. Flatey á Breiðafirði,
8. Flatey á Skjálfanda,
9. Grímsey,
10. Grunnavík,
11. Hafnir,
12. Hellissandur,
13. Hnífsdalur,
14. Hofsós,
15. Hólmavík,
16. Hvalsker í Patreksfirði,
17. Hvammstangi,
18. Höfn í Hornafirði,
19. Ingólfsfjörður,
20. Járngerðarstaðir,
21. Kópasker,

22. Látrar í Aðalvík,
23. Reykjarfjörður á Ströndum,
24. Selárdalur,
25. Skálar á Langanesi,
26. Skipavík,
27. Stokkseyri,
28. Stöðvarfjörður,
29. Súðavík í Álftafirði,
30. Sæból í Aðalvík,
31. Vattarnes,
32. Vogar,
33. Þorkötlustaðir í Grindavík,
34. Þorlákshöfn,
35. Örlygshöfn, Patreksfirði.

3. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu og ábyrgð ríkissjóðs er, að hafnargerðin eða lendingarbæturnar séu framkvæmdar undir yfirumsjón vitamálastjóra eða annars manns, sem samgöngumálaráðherra samþykkir.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfnina eða lendingarbæturnar, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til þess að leyfa, að tekið verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin eða lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnar- eða lendingarbótasjóði, þeim er hlut á að máli. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en það skal gera innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmatið greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemur 10 af hundraði af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hlutaðeigandi hafnar- eða lendingarbótasjóði.

5. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar eða þess svæðis, sem lendingarbæturnar ná til, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka nema samkvæmt tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar og með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Beiðni um að gera slík mannvirki skal senda hafnar- eða lendingarbótanefnd, er sendir hana áfram til hlutaðeigandi sveitarstjórnar með tillögum sínum.

Brot gegn þessari grein varða sektum allt að 10000 krónum, og getur hafnar- eða lendingarbótanefnd látið nema burt á kostnað eigenda mannvirki, sem byggt er í óleyfi eða án þess að settum skilyrðum sé fylgt.

Enn fremur er heimilt að nema á burt án endurgjalds bryggju eða annað mannvirki í sjó fram, sem staðið hefur ónotað í 5 ár eða lengur.

6. gr.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur á hendi stjórn málefna hafnarinnar eða lendingarbótanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, en skal fela framkvæmd þeirra mála þriggja eða fimm manna nefnd. Í reglugerð skal setja ákvæði um kosningu nefndarmanna, tölu þeirra og starfssvið.

7. gr.

Eignum hafnar- eða lendingarbótasjóðs má einungis verja í þarfir hafnarinnar eða lendingarbótanna. Hlutaðeigandi sveitarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

8. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnar- eða lendingarbótasjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjum ársins, sem í hönd fer, að endurnýja lán eða fresta greiðslu þeirra. Enn fremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að hefja framkvæmd mannvirkja við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar nægi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

9. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnargerðina eða lendingarbæturnar og til árlegs rekstrarkostnaðar er heimilt að leggja gjöld á skip þau og báta, er nota höfnina eða lendingarbæturnar, svo og á vörur þær, er þau flytja, þar með talinn afli, er þau leggja á land. Gjöld þessi séu ákveðin í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar þeirrar, er hlut á að máli.

Herskip og skemmtiferðaskip eru undanþegin þessum gjöldum.

Enn fremur er heimilt að ákveða í reglugerðinni, að árlegt afgjald skuli greiða af bryggjum eða mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.

Öll þessi gjöld má taka lögtaki.

10. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs og lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

11. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnar- eða lendingarbótanefnd að hafa samið og lagt fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnar- eða lendingarbótasjóðs á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

12. gr.

Nú eru í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðuneytisins þarf til, og skal þá hlutaðeigandi sveitarstjórn senda ráðuneytinu tillögu um það svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins verði fengið, áður en sveitarstjórn gengur endanlega frá fjárhagsáætlun hafnar- eða lendingarbótasjóðs.

13. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir utan fjárhagsáætlunar eða fara fram úr tilteknum fjárhæðum án samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar og samgöngumálaráðuneytisins.

14. gr.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal gera reikning yfir tekjur og gjöld og efnahagsreikning hafnar- og lendingarbótasjóðs.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikning hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs.

15. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði, sem gilda fyrir hverja höfn eða lendingarbótasvæði fyrir sig. Skal í henni kveða á um stjórn hafnar- eða lendingarbóta-

sjóðs, umferð og góða reglu, ákveða gjöld samkvæmt 9. gr. laga þessara, ákveða takmörk hafnarinnar eða þess svæðis, er lendingarbæturnar ná til, og annað, er þurfa þykir.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni allt að 10000 krónum, og renna þær sektir í þann hafnar- eða lendingarbótasjóð, er hlut á að máli.

16. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

17. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Hafnarlög fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915, ásamt lögum nr. 75 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 30 14. júní 1929, ásamt lögum nr. 12 13. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 34 19. júní 1922, ásamt lögum nr. 12 24. marz 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, ásamt lögum nr. 49 23. júní 1932, lögum nr. 36 19. júní 1933, og lögum nr. 11 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 10 24. marz 1944.

Hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóv. 1913, ásamt lögum nr. 63 3. nóv. 1915, lögum nr. 29 31. maí 1927, lögum nr. 39 7. maí 1928, lögum nr. 34 14. júní 1929, lögum nr. 58 19. maí 1930 og lögum nr. 36 23. júní 1932, um breytingar og viðauka við þau lög.

Hafnarlög fyrir Akranes, nr. 23 20. maí 1942, ásamt lögum nr. 2 12. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Bolungavík, nr. 11 24. marz 1944.

Lög nr. 66 8. sept. 1931, um hafnargerð á Dalvík, og lög nr. 79 7. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Grundarfjörð, nr. 88 15. sept. 1942.

Lög nr. 24 13. jan. 1938, um hafnargerð á Hofsósi.

Hafnarlög fyrir Hrísey, nr. 10 24. jan. 1945.

Lög nr. 38 19. júní 1933, um hafnargerð á Húsavík, ásamt lögum nr. 45 14. apríl 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Keflavík, nr. 23 25. des. 1943, ásamt lögum nr. 14 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942, ásamt lögum nr. 71 30. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ólafsfjörð, nr. 68 28. des. 1944.

Lög nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík, ásamt lögum nr. 55 28. jan. 1935 og lögum nr. 12 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Patreksfjörð, nr. 67 4. júlí 1942.

Lög nr. 68 11. júní 1938, um hafnargerð á Raufarhöfn, ásamt lögum nr. 97 14. maí 1940, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 65 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki, ásamt lögum nr. 11 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd, ásamt lögum nr. 49 28. jan. 1935 og lögum nr. 77 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 24 12. febr. 1940, um hafnargerð í Stykkishólmi.

Lög nr. 23 13. jan. 1938, um hafnargerð á Suðureyri.

Lög nr. 30 13. júní 1937, um hafnargerð á Þórshöfn.

Lög nr. 24 26. febr. 1943, um lendingarbætur í Bakkagerði í Borgarfirði.
Lög nr. 24 15. júní 1926, um bryggjugerð í Borgarnesi.
Lög nr. 13 24. maz 1944, um lendingarbætur í Breiðdalsvík.
Lög nr. 69 28. des. 1944, um lendingarbætur á Djúpavogi.
Lög nr. 45 8. sept. 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakka, ásamt lögum nr. 31 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum.
Lög nr. 42 23. febr. 1945, um lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.
Lög nr. 37 15. febr. 1945, um lendingarbætur í Grunnavík.
Lög nr. 14 24. marz 1944, um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu.
Lög nr. 89 16. des. 1943, um lendingarbætur í Hnífsdal.
Lög nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð í Hornafirði, ásamt lögum nr. 22 26. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.
Lög nr. 50 10. okt. 1944, um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð.
Lög nr. 113 20. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík, ásamt lögum nr. 13 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.
Lög nr. 55 12. okt. 1944, um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík.
Lög nr. 70 28. des. 1944, um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi.
Lög nr. 90 25. sept. 1942, um lendingarbætur á Skálum.
Lög nr. 65 4. júlí 1942, um lendingarbætur í Skipavík.
Lög nr. 22 20. maí 1942, um lendingarbætur á Stokkseyri.
Lög nr. 88 16. des. 1943, um lendingarbætur í Stöðvarfirði.
Lög nr. 53 12. okt. 1944, um lendingarbætur við Sæból í Aðalvík.
Lög nr. 44 14. apríl 1943, um lendingarbætur á Vattarnesi við Reyðarfjörð.
Lög nr. 97 16. des. 1943, um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.
Lög nr. 53 14. júní 1929, um lendingarbætur í Þorlákshöfn.
Lög nr. 26 12. febr. 1945, um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík.
Lög nr. 51 10. okt. 1944, um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð.

Greinargerð.

Samgöngumálaráðherra hefur sent sjávarútvegsnefnd efri deildar frumvarp þetta og óskað eftir því, að nefndin flytti frumvarpið. Nefndin hefur orðið við þessum tilmælum, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur við frv. eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Frá ráðherra fylgdi frumvarpinu svo hljóðandi greinargerð:

„Með frumvarpi þessu er lagt til, að allar hafnargerðir og lendingarbætur verði framvegis framkvæmdar eftir sömu lögum. Þessi skipan er höfð á við vitabyggingar og hefur gefizt vel. Hins vegar hefur hér til verið fylgt þeirri reglu við hafnargerðir og lendingarbætur, að sérstök lög eru samþykkt fyrir hvern stað eða þá að framkvæmdir eru hafnar án annarra lagafyrirmæla en fjárveitingar í fjárlögum.

Það fyrirkomulag, sem nú gildir, hefur skapað glundroða, sem valdið hefur óhöppum og ekki má við hlíta framvegis. Frumkvæði að hafnargerðum og lendingarbótum eiga oftast þingmenn héraða þeirra, er hlut eiga að máli, og hafa oftast ekki við annað að styðjast en óskir kjósenda. Er oft rekið svo fast eftir, að ekki vinnst tími til sérfræðilegs undirbúnings, áður en fram eru knúðar fjárveitingar og byrjunaraðgerðir, sem draga óhappadilka á eftir sér.

Hafnargerðir og lendingarbætur verða að miðast við þarfir fiskiflotans og siglinganna. Þá koma þær á þeim stöðum og í þeirri röð, sem þjóðarþörfin krefur. Frumkvæðið verður að vera hjá sérfróðum mönnum á sviði fiskveiða, siglinga og verkfræðilegrar menntunar. Um þetta atriði er ekkert ákvæði í frumvarpinu, en því má bæta inn í það, ef ráðherra telur sig ekki geta skapað þessa reglu án lagafyrirmæla.

Um 1. gr.

Efni þessarar greinar er í samræmi við ákvæði hinna nýrri hafnarlaga um þessi efni að undanskildu því, að sleppt er skilyrði um sýsluábyrgð. En það atriði má teljast úrelt og getur auk þess valdið ágreiningi og tafið framkvæmdir.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru taldar þær hafnir og þeir lendingarstaðir, sem gera má ráð fyrir, að styrks njóti úr ríkissjóði. Við flokkunina hefur nær því alveg verið fylgt þeim hlutföllum milli ríkissjóðsframlags og ríkisábyrgðar, sem nú eru í gildi, eins langt og það nær. Af því leiðir, að þrír kaupstaðir, Akranes, Ólafsfjörður og Neskaupstaður, eru settir hér með ríkissjóðsframlag 2:3, þótt það sé aðalreglan um kaupstaðina, að þeir hafi 1:2. Þá hefur Höfn í Hornafirði verið sett með hlutfallið 1:1. En þessi staður hefur nú hlutfallið 2:3.

Það skal tekið fram, að nokkrar þeirra hafna, er í 2. gr. eru taldar, ættu að áliti milliþinganefndarinnar að verða landshafnir. Er þetta nánar skýrt í bréfi nefndarinnar til ráðherra varðandi landshafnir. Ekki þótti þó ástæða til annars en taka staði þessa með í flokkun 2. gr., því að ef þeir, einhverjir eða allir, verða síðar ákveðnir fyrir landshafnir, verða að sjálfsögðu sett um það sérstök lög.

Loks vill nefndin taka fram, að hún telur, að til mála geti komið, að ríkisábyrgð verði ekki í té látin fyrir óskertum þeim hluta kostnaðar, sem umfram er ríkissjóðsframlagið til hverrar hafnar eða lendingarbóta, heldur að fylgt verði svipuðum reglum og nú eru á komnar, að því er snertir ríkisábyrgð á rafveitulánum.

Um 3. gr.

Skilyrði þessarar greinar eru orðin að fastri reglu í gildandi hafnarlögum.

Um 4. gr.

Þessi grein er nær samhljóða tilsvarandi grein í hinum yngri hafnarlögum.

Um 5. gr.

Greinin er í samræmi við hliðstæð ákvæði hinna nýrri hafnarlaga.

Um 6. og 7. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nokkru fyllri en tilsvarandi ákvæði í hafnarlögum nú og hníga að því að tryggja fjárhagslegt öryggi fyrirtækisins sem bezt má verða.

Um 9. gr.

Þessi grein er svipuð tilsvarandi grein í gildandi hafnarlögum. Aðeins er sá munur á, að engir tekjuliðanna eru tilgreindir með ákveðnum hundraðshlutum, því að þetta kann að verða mismunandi eftir staðháttum, og verður því að ákveðast í reglugerð.

Um 10.—16. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 17. gr.

Sjálfsagt þykir, er allsherjarlög eru sett um hafnargerðir og lendingarbætur, að um leið séu úr gildi numin öll lagafyrirmæli, sem nú eru í gildi um einstakar hafnir og lendingarbætur, og í staðinn komi reglugerðir um hvern stað fyrir sig. Nefndin hefur fundið 74 lög, er samkv. þessu er lagt til, að úr gildi verði felld.

Nd. 22. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Flm.: Jón Sigurðsson.

1. gr.

Í stað orðanna „og ekki hærra en 6 af þúsundi“ í 3. gr. komi: og ekki hærra en 10 af þúsundi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að hámark sýsluvegasjóðsgjalda, sem ríkissjóður leggur fé á móti, hækki úr 6 af þúsundi af landverði jarða samkv. fasteignamati í 10 af þúsundi og af húsum úr 3 af þúsundi í 6 af þúsundi.

Lög þessi voru sett 1923 og þar á meðal hámarksákvæðið 6 af þúsundi. Það er því orðið meir en 20 ára gamalt. Á þeim tíma, er lögin voru sett, var hið lögheimilaða framlag til sýsluvegasjóðanna mjög ríflegt. Það fór þá saman, að kröfur um vegagerð í sveitum voru þá miklum mun minni en nú, bifreiðar þá lítt þekktar í mörgum héruðum og kaupgjald í vegavinnu margfalt lægra. Eftir að bifreiðar urðu almennt flutningatæki í sveitum, hafa kröfurnar um að gera sýsluvegina færa bifreiðum helzt árið um kring orðið ákveðnari með hverju ári. Jafnframt hefur umferðin á þeim sýsluvegum, sem akfærir eru, stóraukizt síðustu árin, sérstaklega í þeim héruðum, þar sem haldið er uppi daglegum mjólkurflutningum. Viðhald sýsluveganna hefur því stóraukizt á þessu tímabili. Á sama tíma hefur kaupið í sýsluvegavinnu tífaldazt eða meira í sumum héruðum. Það eina, sem hefur staðið að mestu í stað öll þessi ár, er hámarksframlag ríkisins til sýsluvegasjóðanna.

Af þessu hefur einkum leitt tvennt: Í fyrsta lagi verða nú margir hreppar að leggja árlega fram stórfé á þeirra mælikvarða til sýsluvega innan hrepps umfram það fé, sem veitt er til þeirra úr sýsluvegasjóði, til þess að halda þeim vagnfærum. Í öðru lagi hefur þetta ástand ýtt mjög á eftir þeim kröfum almennings í strjálbýlinu, að flestir eða allir sýsluvegir verði teknir í tölu þjóðvega. Ég hygg, að þeim kröfum muni verða sleitulaust fylgt eftir, ef engin úrbót fæst, t. d. með hækkandi framlagi ríkisins gegn auknu framlagi héraðanna, eins og hér er lagt til.

Ed. 23. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Eiríkur Einarsson.

1. gr.

47. gr. laganna orðist þannig:

Nú verða ábúendaskipti á jarðeign, sem er opinber eign og ekki hefur verið endurgoldinn styrkur eða lán, er byggingar- og landnámssjóður hefur veitt til hennar, og ber þá að leigja hana samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt, en ella má eftirgjaldið ekki vera hærra en 5% landverðs, að viðbættum 4% húsaverðs að frádregnum styrk, allt miðað við síðasta fasteignamat og virðingarverð þeirra umbóta, er síðan hafa verið gerðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar frv. um breyting jarðræktarlaganna, — niðurfellingu 17. greinarinnar, — var lagt fram á þessu þingi, taldi flm. frv. ekki rétt að bæta þar við breytingum á lögum um byggingar- og landnámssjóð, heldur bæri að koma fram með breytingar á þeim lögum í sérstöku frv., eins og hér er gert. Má og vera, að í nefndum komi fram fleiri breytingar við byggingar- og landnámssjóðslögin en í þessu frv. felast. Yrði það til þess að tefja frv. og ef til vill til þess að tálma niðurfellingu 17. gr. jarðræktarlaganna, — ef í eitt frv. hefði hvort tveggja verið fellt, — en á afnám þeirrar greinar ber að leggja höfuðáherzlu.

Þau ákvæði um höft eða kvaðir á fasteignum, sem hér um ræðir, eru veigaminni, en til ærinna óþæginda fyrir jarðeigendur, ef á annað borð væri tekið verulegt tillit til þeirra, t. d. að ekki megi selja fasteign yfir fasteignamat og leita beri samþykktar sjóðsstjórnar, áður en sala fari fram.

Hafa okkur flutningsmönnum frv. þessa borizt tilmæli ýmissa manna um að fá þessi leiðindaákvæði úr lögum numin. Þá ber og þess að geta síðast, en ekki síst, að aðalbúnaðarþing samþykkti samhljóða síðastl. vetur ályktun um afnám ákvæða þessara.

Ed. 24. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Húsmæðraskólar þeir, er njóta styrks samkv. lögum þessum, eru á eftirtöldum stöðum: Hallormsstað í Suður-Múlasýslu, Akri í Norður-Þingeyjarsýslu, Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu, nálægt Varmahlíð í Skagafirði, á Blönduósi í Húnavatnssýslu, Reykhólum í Barðastrandarsýslu, Staðarfelli í Dalasýslu, Helgafelli í Snæfellsnessýslu, við Stafholtsveggjahver í Borgarfirði, á Laugarvatni í Árnessýslu, í Skógum í Rangárvallasýslu og Kirkjubæjarklaustri í Vestur-Skaftafellssýslu.

Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir, eign héraða eða sýslufélaga og fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44 1942.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu frumvarpi hafði raunverulega náð samþykki beggja deilda í vetur, sem leið, en var þá stöðvað um sinn fyrir misskilning þingmanna, sem annars voru fylgjandi málinu. Þykir því einsætt, að mál þetta verði tekið upp aftur til nauðsynlegrar fyrirgreiðslu.

Nd. 25. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Höfn í Bakkafirði.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Til lendingarbóta í Höfn í Bakkafirði í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 150 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Skeggjastaðahrepps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 150 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Skeggjastaðahrepps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju jarðarinnar Hafnar og eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Skeggjastaðahrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Skeggjastaðahrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Skeggjastaðahrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Höfn í Bakkafirði, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Hafnarlendingar í Bakkafirði, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk íbúa Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu.

Frá Höfn í Bakkafirði er nú nokkurt útræði. Í sumar voru gerðir út þaðan sjö bátar, er þar áttu heima, og tíu aðkomubátar. Hafnarskilyrði þar eru góð, en lending, eins og nú stendur, stopul og erfið, og háir það eðlilegri sókn. Fyrir þrettán árum mældi Sigurður Thoroddsen verkfræðingur upp höfnina og gerði áætlun um framkvæmdir. Síðar vann Jón Ísleifsson verkfræðingur að frekari mælingum á höfninni og aðliggjandi svæði. Á grundvelli þeirra mælinga, er þessir verkfræðingar hafa framkvæmt, hefur vitamálaskrifstofan síðan gert áætlanir um lendingarbætur, og er miðað við hana í frumvarpinu og gert ráð fyrir, að helmingur af kostnaðinum við verkið greiðist úr ríkissjóði.

Alkunnugt er, að fiskimið við austanvert Langanes og í Bakkaflóa eru ágæt, og má segja, að vöntun á sæmilegri höfn, svo að fiskibátar geti sótt sjó, þótt ekki sé ládeyða, hafi staðið og standi enn í vegi fyrir, að þarna rísi upp útgerðarbær. Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, og framkvæmd þess er ætlazt til, að úr þessu verði bætt og þeim þá um leið gert hægara um vik, er nú búa þar og stunda fiskveiðar sem aðalatvinnuveg.

Nd. 26. Frumvarp til laga

um lendingarbætur á Arnarstapa.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Til lendingarbóta á Arnarstapa í Snæfellsnessýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem ráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 50 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Arnarstapa að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 50 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er ráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Arnarstapa.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Breiðuvíkurhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 100.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Breiðuvíkurhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrgð fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis ráðherra selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Arnarstapa allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Arnarstapa, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi í hverfinu, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana stjórnarráðinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps semur og stjórnarráðið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds og báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni. Skulu þær vera 20—1000 krónur og renna í lendingarsjóðinn.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem opinber mál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Arnarstapa á Snæfellsnesi var hafizt handa um hafnarbætur árið 1933, skjólgarður gerður og uppfylling. Í fjárlögum fyrir 1945 eru veittar 20 þús. kr. gegn jafnmiklu framlagi frá hreppnum til þess að halda áfram umbótum þar. Á nú að gera veg upp frá höfninni, en hún hefur ekki enn komið að fullum notum vegna

vegleysu. Framkvæmdir eru nú að hefjast. Er sjálfsagt, að um þessar lendingarbætur sem aðrar séu lög sett með heimild til ríkisábyrgðar á láni hreppssjóðs. — Frv. þetta er sniðið eftir öðrum lögum um lendingarbætur.

Nd. 27. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 1935, um hafnarbætur á Hornafirði.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 58 1935 orðist svo:

Til hafnargerðar á Hornafirði veitist úr ríkissjóði ⅗ kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1080000.00 — einni milljón og áttatíu þúsund krónum —, gegn ⅖ úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns.

Með kostnaði við hafnargerð teljast nauðsynlegar dýpkanir á höfninni og innsiglingarleiðinni.

2. gr.

2. gr. sömu laga orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 720000.00 — sjö hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Hafnarkauptúns kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð Nesjahrepps og sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22 26. febr. 1943, um breyting á lögum nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð á Hornafirði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svolátandi greinargerð ásamt fylgiskjali:

„Árið 1935 voru fyrst sett lög um hafnargerð á Hornafirði. Samkvæmt þeim lögum var heimilað að verja til hafnarframkvæmda þar 130 þús. krónum. Var unnið fyrir nokkurn hluta þeirrar upphæðar um sama leyti og lögin voru sett. Með því var þó ekki leyst af hendi nema lítið eitt af því, sem gera þarf til endurbóta á höfninni.

Þegar séð var, hvað hin fyrsta framkvæmd kostaði, varð augljóst, að fjárframlag það, sem hafnarlögin heimiluðu, var alls ekki fullnægjandi og þeim mun síður, er dýrtíðin óx.

Á þinginu 1942—43 var því hafnarlögunum breytt í það horf, að heimilað var að leggja fram samtals hálfa milljón króna til hafnargerðarinnar. Þá hafði ekki verið rannsakað til fulls, hvað gera skyldi, svo að ekki þótti gerlegt þá að spenna bogann meira en gert var.

Síðan hafa verið gerðar athuganir um nauðsynlegar umbætur á höfninni. Hefur vitamálaskrifstofan nú lokið við áætlanir og uppdrátt að þeim framkvæmdum, sem

fyrirhugaðar eru á þessum stað. Kemur þá í ljós, að það fjárframlag, sem hafnarlögin heimila til framkvæmdanna, muni reynast allt of lágt. Kostnaðaráætlun vitamálastjóra fylgir hér með. Nær hún yfir flestar þær framkvæmdir, sem rætt hefur verið um, að gera þyrfti á þessum stað, þótt ekki sé enn fullráðið um þau verk, sem sumir liðir áætlunarinnar fjalla um.

Kostnaðaráætlunin nemur samtals 360 þús. krónum. Er þá miðað við verðlag, eins og það var fyrir stríðið. Þess vegna má ætla, að kostnaðurinn reynist nú fjórum til fimm sinnum hærri en þar er talið, og eru ákvæði frumvarpsins miðuð við það. Hér er því farið fram á að breyta ákvæðum laganna í það horf að heimila einnar millj. og átta hundruð þús. króna framlag til hafnarbóta á þessum stað.

Hornafjörður er í senn eini verzlunarstaður Austur-Skaftafellssýslu og mikil fiskveiðistöð. Um það eiga héraðsbúar ekki einir hlut að máli. Þangað sækja árlega tveir til þrír tugir vélbáta úr öðrum sýslum, einkum af Austfjörðum, til fiskveiða á vetrarvertíð. Hornafjörður er því í raun réttri fiskihöfn fyrir heilan landsfjórðung. Vegna þeirrar sérstöðu, sem Hornafjörður hefur að þessu leyti, og sökum þess að óhjákvæmilegt er að hefjast þarna handa um miklar framkvæmdir, m. a. til að greiða götu allra þeirra, sem leita til Hornafjarðar á vetrarvertíðinni, er hér vikið frá ákvæðum laganna, eins og þau eru nú, um þátttöku ríkisins í hafnargerðinni, og lagt til, að ríkissjóður greiði ⅗ hluta alls kostnaðarins.

Fylgiskjal.

Áætlun vitamálastjóra um kostnað við hafnargerð á Höfn í Hornafirði.

Hér fer á eftir kostnaðaráætlun að framkvæmdum þeim, sem helzt hefur komið til mála, að gerðar yrðu, eftir athugun staðhátta og viðtali við ráðandi menn á staðnum. Er í öllum áætlununum miðað við verðlag 1938.

Dýpkun. Hvað dýpkun viðvíkur, þá virðist eindregin ósk allra hlutaðeigandi, að svæðið framan kauptúnsins yrði áðalhafnarsvæði staðarins, þannig að bátar gætu komizt að bryggjum þeim, sem þar eru, hvernig sem stæði á sjó, og haft legupláss við bryggjurnar og á svæðinu fram af. Í samræmi við það hefur verið gert ráð fyrir að dýpka niður í þriggja m dýpi við stórstraumsfjöruborð, í fyrsta lagi 20 m breiða rennu eða rás, sem gengi frá Mikleyjarál og inn undir Heppu, og í öðru lagi allt svæðið frá Heppu og inn fyrir bryggju Sig. Ólafssonar. Yrði það einnig dýpkað í þriggja m dýpi um lægstu fjöru. Breidd þess dýpkunarsvæðis yrði allt að 60 m um miðbikið, en mjókkandi til beggja enda. Gæti þá orðið þar allgott legupláss og snúningspláss fyrir báta og skip. Það magn, sem taka þyrfti upp, yrði samkvæmt nýjustu dýptarmælingum ekki undir 40000 m^3. Með því að reikna með kr. 3.00 dýpkunarkostnaði pr. m^3 yrði þessi upphæð kr. 120000.00.

Sandvarnargarður. Þar sem mikill straumur er austur sundin, sem stafar frá, að kvísl úr Hornafjarðarfljóti fellur þar í gegn, er hætt við, að sandur og leir berist á hið dýpkaða svæði. Er talið nauðsynlegt, að garður verði lagður frá landi og út í Ósland til að loka fyrir straum þennan. Er vegalengd þessi um 530 m. Ef rekið yrði niður plankaþil með svipuðu sniði og garður sá, sem gerður var frá Heppu í Standey árið 1935 og reynzt hefur vel, má gera ráð fyrir um kr. 90.00 kostnaði á hvern lengdarmetra garðs eða samtals kr. 48000.00. Þyrfti garðurinn að vera gerður um svipað leyti og dýpkunin færi fram. Væri þá straumur útilokaður nema sjávarfallsstraumur inn á sjálfan pollinn, og mætti þá gera ráð fyrir, að ekki yrði mikil hætta á sandburði úr því.

Bryggja. Gert hefur verið ráð fyrir að gera bryggju úr víkinni og yrði hún eign hafnarinnar sjálfrar. Er hún 50 m á breidd og allt að 60 m löng. Er hún gerð sem fylling með grjót- og malarfláa á hliðum, en fremsti hlutinn er staurabryggja, 6 m breið (og 50 m löng). Hæðin er ca einn m yfir stórstraumsflóð. Mætti sennilega nota

eitthvað af efni því, sem mokað yrði upp, í fyllinguna. Er bryggja þessi áætluð á kr. 50000.00. Þar af er staurabryggjan kr. 30000.00 og fyllingin kr. 20000.00.

Hafskipabryggja. Loks hefur verið gerð áætlun að hafskipabryggju út frá Standey fram í Mikleyjarál. Nær hún út í ca. 6 m dýpi. Er hún gerð sem staurabryggja. Er landgangur bryggjunnar 7,0 m á breidd og ca. 66 m á lengd og aðalbryggjan 50 m á lengd og 12 m á breidd. Er bryggjan áætluð á kr. 110000.00.

Vegur. Til þess að bílfært verði að bryggjunni, er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera uppfyllingu fyrir vegi frá Heppu í Standey og leggja veg eftir Standey að bryggjustæðinu. Kemur vegurinn meðfram strandvarnargarði þeim, sem lagður var 1935, og er hann ca. 7,5 m á breidd að ofan með grjót- og malarfláa á útbrún. Hæð vegar er ca. 10 m yfir stærsta flóð. Mætti, eins og áður er sagt, nota efni það, sem grafið yrði, sem fyllingu undir veginn. Er reiknað með kr. 3.00 pr. m³ fylling, og verður þá vegurinn frá Heppu í Standey kr. 32000.00.

Heildarkostnaður yrði þá sem hér segir:

I. Sandvarnargarður í Ósland 530 m	kr.	48000.00
II. Dýpkun ca. 40000 m³ á kr. 3.00	—	120000.00
III. Bryggja í Víkinni með fyllingu 50 m breið	—	50000.00
IV. Vegur frá Heppu í Standey	—	32000.00
V. Hafskipabryggja frá Standey	—	110000.00
	Kr.	360000.00

Fyrir utan það, sem nú er talið, væri æskilegt, að innsiglingarleiðin yrði dýpkuð. Er aðallega um haft að ræða fram og inn af eynni Helli. Samkvæmt mælingum, sem gerðar voru á síðasta sumri, reyndist dýpi þar ekki nema 3—4 m miðað við stórstraumsfjöru á ca. 400 m breiðri spildu. Væri dýpkuð þar renna 30 m breið, mætti gera ráð fyrir, að taka þyrfti um 15000 m³ burtu, ef dýpkað yrði niður í 5,0 m (miðað við fjöru), og bætist þá sá kostnaður við það, sem áður er talið.

Þar sem dýpkunin ásamt hinum nauðsynlega sandvarnargarði er stærsti liðurinn í áætluninni, gæti komið til mála að dýpka í fyrstu aðeins lítið svæði milli Standeyjar og Álaugaeyjar ásamt svæðinu sunnan hinnar væntanlegu hafskipabryggju við Standey. Gæti maður þá hugsað sér, að byrjað yrði á því og gerð yrði hafskipabryggjan ásamt vegi út í Standey. Þótt ekki yrði gert meira í fyrstu, mætti telja það mjög mikilvæga umbót á hafnarskilyrðum staðarins. Hins vegar verður að telja nokkra hættu á, að sandur berist aftur á hið dýpkaða svæði.“

Nd. 28. Frumvarp til laga

um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

1. gr.

Allir skólar, þeir sem kostaðir eru eða styrktir af almannafé, mynda samfellt skólakerfi.

2. gr.

Skólakerfið skiptist í þessi fjögur stig: 1. barnafræðslustig, 2. gagnfræðastig, 3. menntaskóla- og sérskólastig, 4. háskólastig.

Á barnafræðslustiginu eru barnskólar. Á gagnfræðastiginu eru unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar. Á menntaskóla- og sérskólastiginu eru menntaskólar og sérskólar. Á háskólastiginu er háskóli.

3. gr.

Barnaskólar eru fyrir börn á aldrinum 7—13 ára. Barnafræðslunni lýkur með barnaprófi.

4. gr.

Unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar taka þegar við að loknu barnaprófi. Þeir greinast í tvenns konar deildir, bóknámsdeild og verknámsdeild, eftir því, á hvort námið er lögð meiri áherzla.

Unglingaskólarnir eru tveggja ára skólar. Nám í þeim jafngildir námi í tveimur neðstu bekkjum gagnfræðaskóla. Því lýkur með unglingaprófi, og veitir það rétt til framhaldsnáms í miðskólum og gagnfræðaskólum.

Miðskólarnir eru þriggja ára skólar. Nám í þeim jafngildir námi í þremur neðstu bekkjum gagnfræðaskóla. Því lýkur með landsprófi, miðskólaprófi. Það veitir rétt til inngöngu í sérskóla og menntaskóla með þeim takmörkunum, er kunna að verða settar í lögum þeirra eða reglugerðum. Þó veitir aðeins próf úr bóknámsdeild rétt til inngöngu í menntaskóla og aðra sambærilega skóla.

Gagnfræðaskólar eru fjögurra ára skólar. Þó er fræðslumálastjórn heimilt að leyfa gagnfræðaskólum í sveitum að veita aðeins tveggja ára fræðslu að loknu unglingaprófi. Nemendur gagnfræðaskóla ganga eftir 2 eða 3 ár undir sama próf sem nemendur unglingaskóla og miðskóla. Burtfararpróf úr gagnfræðaskóla, gagnfræðapróf, veitir rétt til náms í þeim sérskólum, er þess prófs krefjast, og til starfs við ýmsar opinberar stofnanir.

5. gr.

Menntaskólar skulu vera samfelldir fjögurra ára skólar og greinast í deildir eftir því, sem þörf krefur. Burtfararpróf þaðan, stúdentspróf, veitir rétt til háskólanáms.

Um sérskóla segir í lögum þeirra og reglugerðum hvers um sig.

6. gr.

Til inngöngu í háskóla þarf stúdentspróf. Þó getur háskóladeild krafizt viðbótarprófa, ef þörf gerist. Háskólinn greinist í eins margar deildir og þurfa þykir, eftir því sem ákveðið verður í lögum hans og reglugerð.

7. gr.

Kennsla er veitt ókeypis í öllum skólum, sem kostaðir eru að meiri hluta af almannafé.

8. gr.

Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára og skulu ljúka barnaprófi og unglingaprófi, svo framarlega sem þau hafa til þess heilsu og þroska. Heimilt er þó sveitarfélögum með samþykki fræðslumálastjórnar að hækka fræðsluskyldualdur til 16 ára.

9. gr.

Nú getur nemandi ekki stundað skyldunám sökum fjárskorts, og skal þá veita styrk til þess af almannafé.

10. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd á fræðslu, skipan skóla hvers stigs og fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til skólahaldsins skulu sett í lögum og reglugerðum fyrir skóla hvers stigs.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af milliþinganefnd í skólamálum, sem var skipuð af þáverandi menntamálaráðherra 30. júní 1943 „til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera tillögur um skipun þeirra“. Meiri hl. menntamála-

nefndar, þeir SigfS, BG og GTh, flytur frv. að beiðni hæstv. menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv.

Frá milliþinganefnd í skólamálum fylgdi frv. eftirfarandi greinargerð og fylgiskjöl:

Við 1. og 2. gr.

Eitt af verkefnum þeim, er falin voru milliþinganefnd í skólamálum samkvæmt þingsályktun 16. júní 1941, var samræming skólakerfisins.

Hefur nefndin kynnt sér lög þau, tilskipanir og reglugerðir, er varða einstaka skóla og skólaflokka, og komizt að raun um, að enn hafi þar engin tilraun verið gerð til þess að koma á samfelldu skólakerfi, er tengdi alla skóla saman stig af stigi. Að vísu hafa fáeinar tillögur í þessa átt verið bornar fram hin síðari ár, en ekki náð fram að ganga. Lögin, tilskipanirnar og reglugerðirnar eru eingöngu miðuð við einstaka skóla og skólaflokka.

Af þessu skipulagsleysi hefur leitt allmikinn glundroða í skólamálum og óþarfa erfiðleikar hlotizt af. Námið hefur ekki orðið samfellt, sem skyldi, stig af stigi, og námsorku verið sóað í of miklar endurtekningar. Ekki hefur heldur verið hugsað nægilega um það að búa hverjum einstaklingi þjóðfélagsins aðstöðu til að afla sér þeirrar menntunar, er hann þarfnaðist. En úr því ætti gott, samfellt skólakerfi að geta bætt.

Þessi vöntun á fastmótaðri þróun hér á landi er þó ekkert undrunarefni, þegar þess er gætt, hve saga íslenzkra skólamála er stutt, að undanskilinni sögu lærðra skóla.

En með öðrum menningarþjóðum eru þegar nokkurn veginn fastmótuð, samfelld skólakerfi. Eru þau jafnframt svo rúm, að inn í þau verður auðvelt að fella nýjar skólategundir (sbr. fskj. 1).

Hið sama vakir fyrir nefndinni með 1. gr. frumvarps þessa, enda getur það sem bezt farið saman, að skólakerfið sé samfellt og þó frjálslegt.

Gerir nefndin því ráð fyrir, að hægt verði að tengja við aðalskólastigin ýmiss konar námsskeið, m. a. fyrir fulltíða fólk, og aðra fræðslu, er nánar getur í lögum og reglugerðum.

Hins vegar er nefndinni það ljóst, að þess konar kerfi verður ekki komið á í skjótri svipan, heldur þarf til þess alllangan tíma og verður að gerast smám saman, enda sýnir reynsla annarra þjóða það. T. d. má nefna það, að tillögur norskrar skólamálanefndar, sem starfaði 1922—27, komust hægt og hægt í framkvæmd á árunum 1930—1940 (sbr. enn fremur álit brezkrar skólamálanefndar 1943). Það, sem hlýtur að tefja framkvæmdir hér á landi í þessu efni, er einkum tvennt: skortur á húsnæði og hæfum kennurum. Verður að leggja allt kapp á að ráða á þessu bót með því að reisa ný skólahús og bæta kjör og menntun kennara. Að öðrum kosti mun taka fyrir eðlilega þróun í skólamálum landsins.

Til þess að veita gleggri hugmynd um skólakerfið, eins og nefndin hugsar sér það, fylgir hér uppdráttur af því í aðalatriðum (sbr. fskj. 2).

Við 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að hinir eiginlegu barnaskólar nái til 6 aldursflokka, þ. e. frá því ári, er barnið verður sjö ára, til þess árs, er það nær þrettán ára aldri. Þetta er einu ári skemur en nú.

Þó að gert sé ráð fyrir því sem almennri reglu, að skólaskylda hefjist það ár, sem barnið verður sjö ára, má búast við því, að undanþágur frá því ákvæði verði enn um sinn að veita víða í sveitum, en finna verði jafnframt einhver ráð til hjálpar heimilum, sem þess þurfa, við fræðslu barna á aldrinum 7—9 ára. Þessi ráð gætu verið fólgin í því, að yngri börnunum væri kennt haust og vor í skólum sveitanna, og jafnframt væru heimilunum veittar leiðbeiningar um kennsluna og eftirlit haft af hálfu kennarans í skólahverfinu. Umferðakennsla gæti einnig komið til greina. Nefndin hefur um það rækilegar upplýsingar frá farkennurum, skólanefndum farskólahverf-

anna og námsstjórum, að kennslu hinna yngri barna víðast um sveitir landsins sé næsta áfátt og allmiklum hluta heimilanna lítt kleift að annast hana. Hafa þessir aðilar yfirleitt bent á þau ráð til endurbóta, er að framan getur.

Einnig mun nefndin leggja til, að sveitarfélögum, sem þess kynnu að óska, verði veitt heimild til þess að koma á fót smábarnaskólum fyrir börn á aldrinum 5—7 ára. Kostnaði við þetta skólahald verði skipt í sömu hlutföllum milli sveitarfélags og ríkis eins og við aðra barnaskóla, að undanteknum stofnkostnaði, er sveitarfélagið greiði. Lúti þessir skólar yfirleitt sömu lögum og reglum og aðrir barnaskólar, nema við þá verður engin skólaskylda.

Í þessu sambandi má geta þess, að í sumum bæjum leggja margir foreldrar og jafnvel allur þorri þeirra í töluverðan kostnað til þess að sjá börnum sínum fyrir fræðslu á þessu aldursskeiði. Þar sem óskirnar um fræðslu fyrir þetta tímabil eru orðnar svo almennar, má eðlilegt teljast, að hið opinbera láti þetta til sín taka. — Á hina miklu aðsókn að smábarnaskólunum má líta sem sönnun þess, að heimilin telja sig þess ekki umkomin að sjá um fræðslu barnanna á þessu skeiði svo, að vel sé. Þessi aðsókn er t. d. orðin svo mikil í Reykjavík, að smábarnaskólarnir fullnægja henni hvergi nærri.

Frá sjónarmiði heildarinnar hlýtur það að verða kostnaðarminna, að samtök séu um að skipuleggja þessa starfsemi, en umfram allt ætti með því að fást meiri trygging fyrir því, að hún sé rekin skynsamlega bæði frá heilbrigðislegu og uppeldislegu sjónarmiði.

Á það má benda, að á Englandi hefst skólaskylda um 5 ára aldur, og í hinum nýju ensku fræðslulögum er hinu opinbera gert að skyldu að sjá um skóla handa öllum börnum frá þriggja ára aldri, ef foreldrar óska þess.

Við 4. gr.

Annað stig skólakerfisins, eins og nefndin leggur til að það verði, tekur við af barnaskólum. Á því stigi eru þeir skólar, sem á Norðurlöndum og í Þýzkalandi eru nefndir miðskólar.

Þetta skólastig hefst á því ári, sem nemandinn verður 13 ára, og stendur yfir til þess árs, er hann verður 17 ára. Því lýkur með gagnfræðaprófi hjá þeim, sem ekki hafa horfið frá námi eða flutzt í aðra skóla áður. Tvö fyrri árin verður námsskylda, og gert er ráð fyrir, að þau héruð, sem þess óska, geti fært námsskylduna upp um eitt ár. Á þessu árabili verða skólar þessa stigs að sjálfsögðu að veita hina lögboðnu fræðslu, en gert er ráð fyrir, að víðast yrðu skólarnir færir um að auka þar allmiklu við. Mundi ætíð verða allmikill munur á hinum lögboðnu lágmarkskröfum um nám og því, sem duglegir, vel gefnir unglingar gætu lært og vildu læra. Hvoru tveggja þarf skólinn að geta fullnægt.

Skóli, sem aðeins er fyrir 2 fyrstu námsár skólastigsins, heitir unglingaskóli. Ef eitt ár bætist við, heitir skólinn miðskóli, en fullkominn fjögurra vetra skóli heitir gagnfræðaskóli.

Barnaskólarnir munu verða með tiltölulega svipuðu móti um allt land, þótt breytilegir staðhættir hljóti að hafa nokkur áhrif, einkum fyrst um sinn, á meðan ekki eru risin fullkomin barnaskólahús í öllum byggðum landsins. Þessi munur eftir staðháttum verður einnig á gagnfræðastiginu og jafnvel öllu meiri. Þó virðist nefndinni kleift að finna leiðir til nægilegrar samræmingar, og koma þær fram í tillögum hennar um skólaskipan gagnfræðastigsins.

Það, sem einkum vakir fyrir nefndinni við skólaskipan þessa stigs, er það, að fræðslan verði nægilega fjölbreytt og hagnýt og að dregið verði úr þeim aðstöðumun, sem misjafn fjárhagur og búsetuskilyrði hafa valdið. Hver unglingur á þessu aldursskeiði þarf að fá þá fræðslu, sem bezt á við hæfileika hans og áhugaefni og helzt getur komið honum að notum, hvort sem hann heldur áfram námi eða hverfur að atvinnu. Efnahagur eða búseta má ekki valda torfærum. Hvert mannsefni þarf að koma til skila.

Fjölbreytni hyggst nefndin að auka með því að skipta skólum þessa stigs yfirleitt í tvær deildir, bóknámsdeild og verknámsdeild. Bóknámsdeild verður með líku sniði og nú er á gagnfræðaskólum. Aðalhlutverk hennar verður að búa nemendur undir framhaldsnám í menntaskólum, öðrum hliðstæðum skólum og sérskólum. Í náminu verður lögð megináherzla á móðurmál og þjóðleg fræði, reikning, stærðfræði og erlend tungumál. Verknámsdeildin er fremur nýsköpun, þótt ýmsar athyglisverðar tilraunir hafi verið gerðar í þá átt í héraðsskólum og víðar. Þar ætlast nefndin til, að hægt sé að koma fyrir námi í margs konar hagnýtum vinnubrögðum eftir þörfum og hæfileikum nemenda. Bóklega námið þar ætti einkum að ná til móðurmáls og þjóðlegra fræða, en auk þess til reiknings, stærðfræði og náttúrufræði. Verknámsdeildin ætti að vera góður undirbúningur undir nám í ýmsum sérskólum í hagnýtum fræðum.

Þótt allmikill munur sé á þessum deildum, þá á hann ekki að vera meiri en svo, að nemendur geti með nokkru viðbótarnámi skipt um deild, ef þeir æskja þess.

Vegna breytilegra staðhátta er gert ráð fyrir nokkuð mismunandi skólaformum, að minnsta kosti fyrst um sinn. Um leið er reynt að láta þá skóla, sem upp hafa risið hin síðari ár fyrir unglinga á þessum aldri, falla inn í væntanlegt kerfi, með breytingum og viðaukum eftir því, sem við á.

Í kaupstöðum öllum, að undanskildum Seyðisfirði, starfa nú 3 ára gagnfræðaskólar, er taka við nemendum úr barnaskólum á 14. aldursári eða eldri. Þegar aldursmarkið færist niður um eitt ár, má gera ráð fyrir, að upp komi 4 ára gagnfræðaskólar á öllum þessum stöðum. Í nokkrum stærri kauptúnum mundu einnig mjög fljótt koma upp gagnfræðaskólar. Þeir mundu um leið koma að notum fyrir nágrannasveitir. Þessir skólar munu vaxa upp úr unglingaskólunum, sem til eru í kauptúnunum.

Þar, sem nemendur væru fáir, mundi ekki verða hugsað um að halda uppi kennslu nema 2 til 3 vetur eftir barnapróf. Svo mundi yfirleitt verða í sveitum og smáum kauptúnum. Kennslan mundi víðast fara fram að einhverju eða öllu leyti í húsnæði barnaskólanna og kennarar þeirra einnig sjá um kennsluna að nokkru. Þar, sem 3 vetra skóli væri starfandi, gætu beztu nemendur þreytt próf (miðskólapróf) til inntöku í menntaskóla, aðra hliðstæða skóla eða sérskóla, án þess að þurfa að fara annað til náms. Þar, sem aðeins væri 2 vetra skóli, unglingaskóli, mundi megináherzlan verða lögð á skyldunámið, en ætlazt er til, að séð væri fyrir viðbót handa þeim, sem meira vildu læra þessa tvo vetur. Að loknu unglingaprófi yrðu þeir, sem meira nám vildu stunda, síðan að sækja það í héraðsgagnfræðaskóla, miðskóla eða gagnfræðaskóla.

Héraðsskólarnir, sem nú eru til, mundu þar taka við og nokkrir fleiri rísa upp til viðbótar. Þeir yrðu yfirleitt 2 vetra skólar og tækju við þeim, sem lokið hefðu unglingaprófi. Þó gæti komið til greina að hafa eina ársdeild neðan við til þess að jafna aðstöðumun, ef nemendur yrðu misvel undirbúnir. Eftir fyrri veturinn í héraðsgagnfræðaskóla gætu nemendur þreytt miðskólapróf, en síðari veturinn yrði helgaður hagnýtu námi, hliðstæðu við nám í 4. bekk gagnfræðaskólanna í kaupstöðum.

Þannig mundu 2 vetra unglingaskólar sem næst svara til tveggja neðstu bekkja, en 3 vetra miðskóli sem næst til þriggja neðstu bekkja gagnfræðaskóla. Hins vegar mundu héraðsgagnfræðaskólarnir sem næst samsvara 3. og 4. bekk gagnfræðaskólans. Með unglingaprófi og miðskólaprófi, er væru að allmiklu leyti landspróf, getur fengizt samræmi milli þessara mismunandi skólaforma. Þessi próf eiga einnig að gera nemendum auðveldara að flytjast milli skóla til framhaldandi náms, hvar sem þeir eru á landinu.

Hugmynd nefndarinnar um landspróf úr 3. bekk gagnfræðaskóla (miðskólapróf) vaknaði í sambandi við þá niðurstöðu, að greina bæri gagnfræðaskóla algerlega frá menntaskólum. En sterk rök hníga að því, að það skuli gert.

Fyrst og fremst þau, að mikils til er of snemmt fyrir börn innan 14 ára aldurs eða forráðamenn þeirra að taka ákvörðun um það, hvort þau skuli stunda menntaskólanám og jafnvel háskólanám eða meta hæfi þeirra til þess. Að vísu gerir nefndin ráð fyrir, að kennarar barnaskóla og sérfræðingar í uppeldisfræði veiti síðar einhverjar leiðbeiningar á þessu stigi um það, hvort barnið eigi að fara í bóknámsdeild eða verknámsdeild. En á þessu reki eru börn svo misþroska, að nær ómögulegt er að leggja óbrigðult mat á námshæfileika þeirra og framtíðarþroska. Þess vegna er það mjög mikilvægt, að barnið, kennarar þess og forráðamenn hafi gagnfræðanámið til þess að átta sig sem bezt á því, hvaða leið sé heppilegust fyrir það, hvort það ljúki einungis unglingaprófi, miðskólaprófi, gagnfræðaprófi eða haldi áfram námi, og þá, hvaða skólanám henti því bezt.

Enn verður það að teljast óheppilegt að vissu leyti, að sami skóli, sem velur nemendur í lærdómsdeild eftir samkeppnisprófi, annist sjálfur í gagnfræðabekkjum sínum undirbúning nokkurs hluta keppendanna. Getur það valdið alls konar tortryggni og misskilningi.

Þá er það bersýnilega ofvaxið fjárhag alls þorra utanbæjarmanna að standast kostnað við samfellt 6 ára nám í menntaskólanum í Reykjavík eða á Akureyri.

Loks hefur sú skoðun gert talsvert vart við sig, að menntaskólarnir (einkum Menntaskólinn í Reykjavík) séu eins konar forréttindaskólar fyrir börn efnaðra foreldra, sem geti kostað börn sín í ýmiss konar aukakennslu. Að vísu er með öllu ranglátt að beina þessum aðfinnslum að kennurunum, — þeir eiga enga sök, heldur óviðunandi húsnæðisvandræði —, en þó er núverandi fyrirkomulag í þessum efnum mjög óheppilegt. Í lýðfrjálsu landi á að gera sem flestum — og helzt öllum —, sem til þess hafa hæfileika, kleift að stunda það nám, er þeir óska.

Það er einkum í þeim tilgangi, að nefndin leggur það til, að inntaka í menntaskóla og sérskóla sé bundin við landspróf, er fari fram á sama tíma um land allt við gagnfræðaskólana, en sé ekki miðuð við inntökupróf, er þreytt séu við menntaskólana og sérskólana. Nú eru þessir skólar langflestir annaðhvort í Reykjavík eða á Akureyri. Þess vegna verða nemendur víðs vegar á landinu að taka sér ferð á hendur þangað til þess að ganga undir inntökupróf við þá, og kostar það ærið fé og tíma, en þeir, sem standast ekki prófin, hafa farið erindisleysu. Úr þessu misrétti mundi landspróf bæta. Þess má geta, að Menntaskólinn í Reykjavík hefur síðustu árin haldið námsskeið seinni hluta vetrar fyrir utanbæjarnemendur til undirbúnings undir gagnfræðapróf. Hefur þetta reynzt mjög til hagræðis fyrir þessa nemendur, en er þó engan veginn fullnægjandi.

Þá mundi og hverfa úr sögunni það ósamræmi, sem átt hefur sér stað um gagnfræðaprófið um land allt, þar eð það hefur sums staðar verið miðað við tveggja ára nám, en annars staðar þriggja ára, og próf og prófkröfur verið harla sundurleitar. Mundi landsprófið yfirleitt mjög tryggja gildi gagnfræðanámsins og koma á nánara sambandi milli skóla gagnfræðastigsins.

Þá mundi landsprófið valda heilbrigðri keppni með skólunum um það, að nemendur þeirra lykju sem beztu prófi.

Landsprófið verður að sjálfsögðu skriflegt í öllum þeim námsgreinum bóknámsdeildar og verknámsdeildar, þar sem slíku prófi yrði við komið.

Nefndinni virðist vel geta komið til greina, að tvær landsnefndir velji verkefnin, sitt árið hvor, önnur búsett í Reykjavík, en hin á Akureyri, og dæmi síðar um úrlausnir.

Nánari ákvæði um skipun nefnda og tilhögun þessa landsprófs verði sett í lögum og reglugerðum gagnfræðaskólanna.

Kostnaður við landspróf þetta mundi að sönnu reynast talsverður, en þó naumast meiri en kostnaður við undirbúningsnámsskeið, skipun prófdómara við einstaka skóla og útgjöld nemenda víðs vegar af landinu við ferðalög vegna prófsins.

Kröfur og óskir um jafnari aðstöðu en nú er til inntöku í menntaskóla og

sérskóla hafa borizt víða að af landinu, og hafa þær styrkt skoðanir nefndarinnar í þessu máli. Þjóðin krefst þess, að ónóg húsakynni verði ekki látin ráða takmörkunum á skólagöngu þeirra, er hafa til hennar þroska og þekkingu. —

Ákvæðin um réttindi þau, er próf úr skólum gagnfræðastigsins veita, þarfnast lítt frekari skýringa. Þó skal það tekið fram, að nefndin telur það mjög æskilegt, að krafizt verði gagnfræðaprófs til inntöku í ýmsa sérskóla bæði vegna námsþroska og aldurs.

Enn fremur ætti að minnsta kosti gagnfræðapróf að vera gert að skilyrði fyrir veitingu á ýmsum opinberum trúnaðarstörfum.

Við 5. gr.

Tillögur nefndarinnar um samfelldan 4 ára menntaskóla eru í samræmi við lög nr. 32 19. maí 1930 um Menntaskólann á Akureyri, og mundu þá menntaskólarnir samsvara 4 ára lærdómsdeild Menntaskólans í Reykjavík, eins og hún er nú (sbr. reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík nr. 3 8. febr. 1937). Hefur lærdómsdeildin þar starfað með þeim hætti í 6 ár og með mjög góðum árangri, að því er talið er.

Á Norðurlöndum eru menntaskólarnir 3—6 ára skólar, en 5 og 6 ára skólarnir taka beint við af barnaskólum. Nefndin hefur þegar í greinargerð við 4. gr. leitt rök að því, að samfelldir 6 ára menntaskólar séu ekki æskilegir hér á landi. Í 5 ára menntaskólum að loknu miðskólaprófi yrði námsferillinn of langur, er við tæki háskólanám. Nám í 3 ára menntaskólum yrði ófullnægjandi undirbúningur undir háskólanám, ekki sízt, er gagnfræðastigið er miðað við yngri nemendur en áður, námstíminn ár hvert miklum mun skemmri en með öðrum þjóðum og þörf á námi fleiri tungumála. Fjögra ára nám virðist nefndinni hæfilegt. Má geta þess, að þannig líta ýmsir beztu skólamenn Svía á þetta mál.

Fyrir nefndinni vakir, að 1. bekkur menntaskólanna, sem verði allerfiður og reyni á hæfi nemenda til vísindanáms, sé óskiptur. Síðan fari skipting fram í deildir með líkum hætti og nú á sér stað í menntaskólunum og verði sett um það nánari ákvæði í lögum og reglugerð skólanna.

Við 6. gr.

Nefndin gerir ráð fyrir, að menntaskólar annist eins og áður stúdentspróf, að minnsta kosti fyrst um sinn. En ætlazt er til, að háskólinn fylgist með því, að ekki sé slakað í neinu á tilskildum námskröfum í menntaskólunum. Yrði það einkum með þeim hætti, að prófdómendur við stúdentsprófin yrðu skipaðir samkvæmt tillögum háskólans og skólastjóra menntaskólanna. Er það höfuðskilyrði fyrir heillaríku starfi háskólans, að undirstaðan undir því sé stúdentspróf, er jafngildi stúdentsprófum í öðrum menningarlöndum.

Reynslan hefur þegar sýnt, að sumar háskóladeildir, svo sem guðfræðideild og læknadeild, hafa orðið að krefjast viðbótarprófs við stúdentsprófið í þeim greinum, sem menntaskólarnir hafa ekki veitt neina fræðslu í eða ónóga. Enn fremur er nú krafizt af máladeildarstúdentum, að þeir ljúki stúdentsprófi stærðfræðideildar í stærðfræði og eðlisfræði, áður en þeir hefja verkfræðinám í háskólanum. Við fjölþættara nám í háskóla og menntaskólum gæti auðveldlega borið nauðsyn til að herða með viðbótarprófi á inngöngukröfunum í einstakar háskóladeildir. Einnig mætti þetta verða öryggisráðstöfun fyrir háskólann, ef slakað kynni að verða á náminu undir stúdentspróf.

Við 7. gr.

Kennsla mun nú veitt ókeypis í öllum slíkum skólum, og telur nefndin rétt að taka fram í lögum, að svo skuli vera.

Við 8. gr.

Nefndin hefur við ýtarlega athugun komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt muni að hækka fræðsluskyldualdur að minnsta kosti um eitt ár.

Í þá átt hníga einnig svör frá flestum skólanefndum og barnakennurum, er nefndinni hafa borizt (sbr. fskj. 3). Sú virðist einnig vera yfirleitt þróun þessara mála með öðrum menningarþjóðum, svo sem Englendingum, Svíum, Norðmönnum og Dönum (sbr. fskj. 4). Englendingar gera t. d. ráð fyrir því í fræðslulöggjöf sinni frá þessu ári, að á komandi árum verði skólaskyldualdurinn færður fyrst upp í 15 ár og síðar í 16 ár og að nokkru leyti í 18 ár.

Kröfur samtíðar vorrar til þekkingar og tækni almennings eru nú miklu meiri en svo, að nám frá 7 til 14 ára aldurs sé nokkrum manni nægur undirbúningur undir lífsstarf hans.

Mun þetta vera ljóst aðstandendum nemenda og nemendum sjálfum, því að aðsóknin að framhaldsnámi fer sívaxandi og mundi meir en tvöfaldast, ef kostur væri kennara og húsakynna til að bæta úr einni hinni brýnustu þörf í skólamálum hér á landi. Hækkun fræðsluskyldualdursins er því í samræmi við eðlilega þróun með þjóðinni, og er það heillavænlegra en að eingöngu sé um valdboð að ræða; lífið sjálft á að prjóna sér haminn.

Nefndin hefði fyrir sitt leyti að ýmsu talið það æskilegt, að skólaskyldualdurinn hefði hækkað upp í 16 ár og skólakerfið þannig orðið einfaldara. En hún telur þó enn ekki vera kominn tíma til að lögbjóða það, því að ókleift yrði um hríð að koma því almennt í framkvæmd sökum skorts á skólum og kennurum.

Réttast telur nefndin því, að aðeins sé veitt heimild til hækkunar fræðsluskyldualdursins upp í 16 ár í þeim sveitarfélögum, er þess óska. En þau eru mörg (sbr. fskj. 3). Má gera ráð fyrir, að þeirrar heimildar mundi verða talsvert neytt bæði í kaupstöðum og kauptúnum, því að þar er að mörgu auðveldara um framkvæmdir og þörfin meiri að firra unglingana iðjuleysi og slæpingshætti.

Þar, sem fræðsluskyldualdur yrði hækkaður upp í 16 ár, lyki skyldunámi að sjálfsögðu með miðskólaprófi.

Við 9. gr.

Ákvæði um styrk af almannafé til náms barna og unglinga á fræðsluskyldualdri, er forráðamenn geta ekki kostað þau, er í raun og veru sjálfsagt, því að hér á ekki eingöngu að vera um skyldu að ræða, heldur einnig réttindi.

Í núgildandi lögum um fræðslu barna er þetta ákvæði í 9. gr.: „Geti framfærandi barns á lögskipuðum skólaaldri ekki staðizt kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólavist þess, skal sá kostnaður að einhverju eða öllu leyti eftir ákvörðun hreppsnefndar (fátækrastjórnar) greiðast úr fræðslusjóði (bæjarsjóði) sem gjöld til skólahalds.“ Þetta ákvæði þarf að rýmka þannig, að skylt sé sveitarstjórn að veita þenna styrk samkv. tillögum barnaverndarnefndar eða skólanefndar (sbr. lög um barnavernd, nr. 43 23. júní 1932, og breyt. á þeim lögum, nr. 76 1933) og ekki aðeins þá. er börn eiga í hlut, heldur einnig unglingar á fræðsluskyldualdri, og skuli m. a. mega verja honum til að standast kostnað við skyldunám þeirra.

Nefna má, að Englendingar fara enn lengra í þessum efnum í nýjustu skólalögum sínum, því að þeir miða námsstyrk til efnasnauðra nemenda ekki aðeins við nemendur á skólaskyldualdri, heldur einnig nemendur við framhaldsnám og allt til lokanáms í háskóla. Á það að vera meginkrafa vor, eigi síður en þeirra, að „hvorki staður né fjárskortur geti orðið efnilegum nemendum Þrándur í Götu þess náms, sem þeir hafa hæfileika og löngun til“. Verður fræðslukerfið þá fyrst að fullum notum, er það kemur hverjum nemanda til nokkurs þroska, þess sem honum er unnt að ná. Er það reynsla vor ekki síður en Englendinga, að þeim styrkjum, sem gert hafa efnilegum nemendum kleift að stunda nám, hefur verið vel varið, til heilla og framfara landi og þjóð.

Fylgiskjal I.

STUTT YFIRLIT

yfir skólakerfi Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Englands.*)

Yfirlit þetta er gert til glöggvunar og samanburðar við íslenzka kerfið. Er það einskorðað við ofangreind 4 lönd, bæði af því, að samanburður á mjög mörgum kerfum mundi einungis rugla, og svo er töluverðum vandkvæðum bundið, vegna ófriðarins, að afla glöggra skýrslna um nýjustu breytingar á skólalöggjöf annarra þjóða, jafnvel þeirra, sem hér eru teknar til athugunar. Þó að reynt hafi verið að afla áreiðanlegrar vitneskju um nýjustu breytingar, þá eru heimildir í nokkrum efnum varðandi sumar þessar þjóðir rúmlega tíu ára gamlar. Má því gera ráð fyrir, að einhver atriði kunni að vera úrelt. En það munu þá varla vera nema smávægileg atriði og ekki hafa nein áhrif á heildarsvip kerfanna.

Hér verður kerfi hvers þessara landa athugað fyrir sig. Fyrst verður greint frá skólaskyldu í sambandi við kerfið, en síðan koma fræðslustigin: barnafræðslan og framhaldsfræðslan, sem veitt er í þrenns konar skólum: unglingaskólum eða almennum skólum, atvinnuskólum og sérskólum og æðri skólum (menntaskólum og háskólum). Loks er sýnd mynd í stórum dráttum af kerfinu.

Eins og gefur að skilja, er einungis stiklað á mikilvægustu atriðunum og það þeim, sem sérstaklega varða kerfið.

1. Danmörk.

Skólaskyld að lögum eru börn í Danmörku — eins og annars staðar á Norðurlöndum — á aldrinum 7 til 14 ára. En vegna þess, hvernig kerfið er byggt, eru þau í reyndinni skólaskyld a. m. k. til fullra 15 ára. Kerfið er ekki hið sama í borgum og kaupstöðum eins og í sveitum. Í borgum og kaupstöðum eru barnaskólar fyrir börn á aldrinum 7 til 11 ára. Þá taka við fjögurra ára miðskólar. Eru þeir tvenns konar: 1) Miðskólar með prófskyldu og 2) miðskólar án prófskyldu. Framhald miðskóla með prófskyldu er annaðhvort eins árs gagnfræðadeild (Realklasse) eða þriggja ára menntaskólar. Námsaldur frá byrjun skólaskyldualdurs til stúdentsprófs er þá: $4 + 4 + 3 = 11$ ár. Miðskólar án prófskyldu byggjast á barnafræðslulögunum frá 1937 og komu í stað efstu bekkja barnaskólanna. Þessir skólar, sem oft eru líka nefndir „den praktiske Mellemskole", eru ætlaðir unglingum, sem hugsa sér ekki að ganga menntaveginn, heldur fara út í atvinnulífið eða í atvinnuskóla og ýmiss konar sérskóla. Skólaskyldu lýkur í raun réttri eftir 3. ár miðskólanna, en allur þorri unglinga er 4. árið líka, einkum í miðskólum með prófskyldu. — Í sveitum er yngri deild fyrir börn á aldrinum 7—10 ára, og því næst „aðalskóli" fyrir börn á aldrinum 10—14 ára; frekari fræðslu annast svo framhaldsdeild fyrir unglinga á aldrinum 14 til 18 ára.*) — Allir bekkir menntaskólanna dönsku skiptast annaðhvort í tvær deildir: nýjumáladeild og stærðfræðideild, eða í þrjár: áðurnefndar deildir og forntungudeild. Að stúdentsprófi loknu taka við háskólar fyrir þá, sem halda áfram námi, — en allmargir hætta því. Háskólarnir greinast í allmargar deildir, meðal þeirra er sérstakur skóli fyrir verkfræðinema. Auk þess gera ýmsir aðrir skólar og stofnanir kröfu til þess, að nemendur þeirra og starfsmenn séu stúdentar.

---

*) *Helztu heimildir:* Skolevæsenet i 10 Lande. Kbh. 1931. Den praktiske Mellemskole, Kbh. 1936. Den folkelige Undervisning i Danmark ved Aarskiftet 1943. Af F. C. Kaalund-Jörgensen. Hvor længe gaar Europas Ungdom i Skole? Af Kaalund-Jörgensen, Kbh. 1938. Den nye norske skoleordning, fyrirlestur haldinn af rektor Ruge í okt. 1939. Folkskolestadgan, Stockholm 1943. Det högre skolväsenet läsåret 1935—36, Stockh. 1939. Educational Reconstruction, Board of Education July 1943. Curriculum and Examinations in Secondary Schools. Report of the Norwood-Committee. London 1943. Ýmsar greinar í the Times Educational Supplement 1943—44.

*) Nemendur í sveitum, sem ætla sér að ganga menntaveginn, verða að fara í miðskóla við einhvern menntaskóla í borg eða kaupstað.

2. Noregur.

Skólakerfið norska hefur tekið allverulegum breytingum á síðari árum. Milliþinganefnd í skólamálum, er starfaði á árunum 1922—27, bar fram ýmsar merkar tillögur, sem verið hefur að framkvæma smátt og smátt, og sumar jafnvel ekki komnar í framkvæmd í stríðsbyrjun. Norska skólakerfið er ákaflega fjölbreytt og margþætt, jafnvel flókið. Stafar það af mjög breytilegum aðstæðum og viðhorfum í borgum og sveitum og ýmsum erfiðleikum, sem miklar vegalengdir og strjálbýli hafa í för með sér. Má segja, að enn sé kerfið ekki orðið fullmótað, enda hefur í senn verið reynt að gera það samfellt og að fullnægja sem flestum kröfum.

Í stórum dráttum er norska kerfið eins og hér segir:

Barnaskólarnir ná yfir skólaskyldualdurinn 7—14 ára (í stað 8—15 áður); skiptast þeir í yngri deild, 7—10, og eldri deild, 10—14. Tveir efstu bekkir barnaskólanna skiptast aftur í 2 deildir: A-deild, án kennslu í ensku, og B-deild, með enskukennslu; sums staðar fá þó börn í A-deild dálitla enskukennslu, enda gera menntaskólarnir það að skilyrði fyrir upptöku. Eftir barnaskólana taka við ýmiss konar framhaldsskólar og eru helztir: 1) 5-ára menntaskólar og 2) 3-ára miðskólar eða gagnfræðaskólar (realskoler). Tveir neðstu bekkir menntaskóla og miðskóla eru nálega eins, og geta nemendur miðskóla að afloknu prófi úr 2. bekk gengið inn í 3. bekk menntaskóla. Auk þess eru tvær tegundir gagnfræðaskóla: 1) 2-ára skólar fyrir eldri og þroskaðri nemendur og 2) 4-ára skólar með minni vinnuhraða og heldur meira námsefni; þeir síðarnefndu eru einkum ætlaðir stúlkum. Í sveitum eru auk þess til 4-ára menntaskólar í framhaldi af barnaskólum að viðbættu misseris námsskeiði, ætlaðir greindum og duglegum unglingum, svo og 2-ára gagnfræðaskólar. Þá eru bæði í bæjum og sveitum ýmiss konar skólar og námsskeið, er veita framhaldsmenntun eftir barnaskólanám, t. d. handíðaskólar, húsmæðraskólar, undirbúningsnámsskeið undir iðnskóla o. fl.

Í ráði er að skipta 3. bekk miðskólanna í tvær deildir: verknámsdeild og bóknámsdeild.

Menntaskólarnir eiga að skiptast í 6 deildir: 1) stærðfræði- og eðlisfræðideild, 2) sögu- og máladeild, 3) latínudeild, 4) norrænudeild, 5) forntungudeild og 6) náttúrufræðideild; tvær fyrstnefndu deildirnar eru langfjölsóttastar.

Við stúdentunum tekur háskólinn og fleiri stofnanir. Er athyglisvert, að aðeins 30% af stúdentum stunda háskólanám, en ýmsir aðrir skólar — svo sem iðnskólar og sumir búnaðarskólar — krefjast stúdentsprófs sem inntökuskilyrðis.

Árlega útskrifast um 4000 stúdentar í Noregi, eða helmingi fleiri hlutfallslega en í Danmörku og á Íslandi. Og þegar nýja kerfið er komið í fulla framkvæmd, er talið, að þeim muni enn fjölga.

3. Svíþjóð.

Skólakerfið sænska byggist á stórfelldum lagabálkum frá árinu 1918 og ýmsum breytingum á þeim, einkum frá 1927 og árunum 1930—38. Sem stendur mun starfa nefnd, sem á að endurskoða ýmis atriði í kerfinu og samræma þau.

Það, sem einkum einkennir sænska kerfið, er sú meginhugsun að leitast við að fullnægja þörfum sem flestra unglinga og hæfileikum þeirra til framhaldsnáms að barnafræðslu lokinni. Jafnframt er leitazt við að veita unglingum fullkomnustu sérmenntun og almenna menntun, ekki aðeins í menntaskólum og háskólum, heldur einnig í ýmsum framhaldsskólum, er undirbúa þá undir sérnám í skólum, sem hliðstæðir eru háskólum. Það fer því ekki hjá því, að kerfið hlýtur að verða ákaflega margþætt og flókið, þegar barnafræðslu sleppir.

Skólaskyldualdur er frá 7—14 ára, eins og í Danmörku og Noregi. En raunverulega er hann þó til 16 og stundum til 18 ára aldurs, eins og skýrt verður frá hér á eftir.

Skyldubekkir barnaskólanna voru 6, en samkv. lögum frá 1940 eru þeir 7, og í skólahéruðum, er þess óska, er heimilt að hafa 8 bekki. Barnaskólarnir skiptast í tvær

deildir, yngri deild (småskolan), sem nær yfir 2 neðstu bekki, og eldri deild, sem nær yfir hina bekkina.

Þegar barnafræðslunni lýkur, taka við mjög margs konar framhaldsskólar. Má skipta þeim í þrjá aðalflokka:

1. Unglingaskólar eða almennir framhaldsskólar (fortsättningsskolan) eru skylduskólar fyrir alla þá unglinga, sem ekki sækja aðra framhaldsskóla. Skal námið nema 360 kennslustundum hið minnsta, en 540 hið mesta, og tekur að jafnaði tvö ár — sjaldnar þrjú —. Námi þessu skal lokið innan 18 ára aldurs, en eftir það er enginn unglingur skólaskyldur. Enn fremur skal náminu þannig hagað, að nemendur geti jafnframt stundað einhverja atvinnu. Skólarnir eru tvenns konar: a) almennir skólar, sem — auk framhaldsfræðslu í almennum barnaskólagreinum — leggja sérstaka áherzlu á kennslu í móðurmálinu og þjóðfélagsfræði, náttúrufræði og íþróttum, — og b) atvinnubundnir skólar (den yrkesbestämda fortsättningsskolan), er leggja megináherzlu á ýmis hagnýt fræði í sambandi við þær atvinnugreinar, sem nemendur helzt munu leggja fyrir sig.

2. Æðri barnaskólar (högre folkskolor) eru að nokkru leyti hliðstæðir unglingaskólunum, en þeir eru frjálsir og gera strangari kröfur, enda ætlaðir unglingum, sem geta gefið sig nær einvörðungu að náminu í nokkur ár að barnaskólanámi loknu. Námstíminn er 4 ár, 36 vikur hið minnsta árlega með allt að 40 kennslustundum. Skólar þessir eru tvenns konar líkt og unglingaskólarnir: a) almennir og b) atvinnubundnir.

Framhaldsskólar áðurnefndra skólategunda (1—2) eru svonefndir „lærlingsskolor", sem veita tveggja ára framhaldsnám í ýmiss konar iðnaði, verzlun og húsmóðurstörfum. Í framhaldi af þessum skólum eru svo loks ýmsir atvinnuskólar (yrkesskolor), sem eru sumpart reknir sem námsskeið eða eru eins árs skólar, t. d. verzlunarskólar og húsmæðraskólar.

Fyrir þá nemendur, sem óska enn meiri menntunar á sviði verzlunar og iðnaðar, eru sérstakir iðnskólar (tekniska fackskolor), iðnmenntaskólar og verzlunarmenntaskólar. Inntaka í þessa skóla er bundin við gagnfræðapróf (realexamen, sjá síðar).

Þessar tvær tegundir framhaldsskóla, er nefndar hafa verið, samsvara nokkurn veginn verknámsdeild gagnfræðastigsins, eins og nefndin hugsar sér hana. Til bóknámsdeildar aftur á móti svara eftirtaldir tveir flokkar skóla:

3. Miðskólar (mellanskolor) taka við að afloknu námi 6. bekkjar barnaskólanna (13 ára). Eru þeir fjögurra ára skólar með 38 kennsluvikum hið fæsta. Veita þeir almenna borgaralega menntun. Námi í þeim lýkur með gagnfræðaprófi (realexamen), sem veitir rétt til starfa við járnbrautir, póst o. fl. Nemendur geta svo haldið áfram námi í menntaskólum.

4. Gagnfræðaskólar (realskolor) eru að mestu hliðstæðir miðskólum. Þeir eru annaðhvort 5-ára í framhaldi af 4. bekk barnaskóla eða 4-ára í framhaldi af 6. bekk barnaskóla. Þeim lýkur með gagnfræðaprófi (realexamen). Skólar þessir eru ýmist sjálfstæðar stofnanir eða í sambandi við menntaskóla sem gagnfræðadeildir.

Æðri skólar.

I. Menntaskólar eru tvenns konar:

a. Almennir menntaskólar (Högre almänna läroverk) skiptast í 1) gagnfræðadeild (4 eða 5 ára, sbr. áður) og 2) lærdómsdeild eða menntaskóla (gymnasium). Lærdómsdeild er ýmist fjögurra ára og byggist á næstefsta bekk gagnfræðadeildar eða þriggja ára og byggist á efsta bekk gagnfræðadeildar. Lærdómsdeild greinist aftur í 1) stærðfræðideild (realgymnasium) og 2) latínudeild (latingymnasium).

Allir þessir skólar, bæði framhaldsskólar og almennir menntaskólar, eru ýmist einungis fyrir pilta eða stúlkur eða samskólar.

b. Sex ára menntaskólar (Lyceer) eru í beinu framhaldi af 6. bekk barnaskól-

anna. Greinast þeir í 3 deildir: 1) latínudeild, 2) stærðfræðideild og 3) nýjumáladeild. Þessir menntaskólar eru miklu færri en hinir.

II. Ýmiss konar háskólar taka við af menntaskólum. Stúdentsprófs er og krafizt í þessa skóla: iðnaðarháskóla, dýralæknaskólann, tannlæknaskólann og lyffræðingaskólann.

4. England.

Á meðan enska þjóðin hefur barizt fyrir tilveru sinni í tvísýnum hildarleik, hefur hún samt séð sér fært að koma á hjá sér stórfelldum umbótum í uppeldis og skólamálum. Tillögur um þetta endurskipulag bar brezki kennslumálaráðherrann fram í þinginu í júlí í fyrra í „hvítbæklingi", sem byggður var á rannsóknum og tillögum ýmissa nefnda, er fjallað höfðu um þessi mál í nokkur undangengin ár. Var gert ráð fyrir, að tillögur þessar kæmu til framkvæmda þegar eftir stríð, og yrði þeim lokið á 7 árum. Stjórnin gerði sér ljóst, að þessar breytingar, — sem lýst verður síðar —, mundu kosta stórfé, einkum til nýrra skólahúsa og kennara. T. d. er gert ráð fyrir, að þurfa muni 70 000 nýja kennara. Reiknast stjórninni svo til, að þegar þetta er allt komið í framkvæmd, muni það kosta ríkið til viðbótar um 60—70 milljónir sterlingspunda árlega. Tillögurnar vöktu mikla athygli og voru mikið ræddar, en fengu yfirleitt ágætar viðtökur í báðum deildum þingsins og voru nefndar „hugkvæmar, djarflegar og örlátar". Það er eftirtektarvert, að aðalgagnrýnin, sem þær sættu, var ekki hræðsla við kostnaðinn, heldur við það, að tillögurnar kæmust ekki nógu fljótt til framkvæmda. Var bent á, að erfitt yrði að fá næga kennara, svo vanmetin og illa launuð sem sú stétt hefði verið. (En stjórnin hefur í hyggju að bæta mjög kjör hennar.) — Á grundvelli tillagnanna lagði svo stjórnin síðar fram frumvarp til laga um endurskipulag skólamála. Er frumvarp þetta orðið að lögum fyrir nokkru. Nefndinni er ekki kunnugt um neinar verulegar breytingar, sem orðið hafa á frumvarpinu, og byggist því það, sem hér verður sagt um enska skólakerfið, á hinum upprunalegu tillögum stjórnarinnar.

Í upphafi tillagna sinna leggur stjórnin áherzlu á, að ætlun hennar sé að tryggja börnum ánægjulega æsku og undirbúning undir lífið og veita unglingum sem fullkomnasta og margþættasta fræðslu, án þess að rjúfa eininguna í skólakerfinu. Nýja kerfið er reist á þeirri meginhugsun, að fræðslan sé samfellt, framhaldandi kerfi, er byggist upp stig af stigi.

Fram til 1936 var skólaskylda í Englandi frá 5—14 ára (sums staðar samt til 15 ára). Með lögum 1936 var skyldualdur hækkaður upp í 15 ár, en framkvæmdinni frestað vegna stríðsins. Samkvæmt nýju lögunum verður skólaskyldan miðuð við 15 ár þegar eftir stríð, en síðan hækkuð smám saman upp í 16 ár. Að skólaskyldu lokinni verða allir unglingar, sem ekki eru í skólum, að sækja einhverja uppeldismiðstöð eða skóla undir eftirliti fræðslumálastjórnar nokkurn hluta þess tíma, sem þeir stunda ekki atvinnu sína fram til 18 ára aldurs. Auk þess er sveitarfélögum skylt, þegar þess er óskað og þess talin þörf, að sjá börnum á aldrinum 2 til 5 ára fyrir skólavist. M. ö. o. má segja, að stundum nái skólaskyldan að nokkru leyti frá 2 ára aldri til 18 ára.

Áður var skólakerfið tvíþætt: barnafræðsla (primary education) og æðri fræðsla (higher ed.) og undir tvenns konar stjórn. Nú verður það ein heild í þremur stigum: 1) barnafræðsla (primary ed.), 2) framhaldsfræðsla (secondary ed.) og 3) æðri fræðsla (further ed.).

Barnafræðslan.

Barnaskólarnir greinast í þrjá aldursflokka: 1) yngsta deild (Nursery Schools) fyrir börn á aldrinum 2 til 5 ára, 2) smábarnaskólar (Infants' Schools) fyrir aldurinn 5—7 ára og 3) almennir barnaskólar (Primary Schools) fyrir aldurinn 7—11 (12) ára.

Framhaldsfræðslan.

Fyrir breytinguna var barnaprófið, sem tekið var, þegar barnið var fullra 11 ára (12), samkeppnispróf, og var framhaldsmenntun barnsins komin undir því. Talið

var, að aðeins 9,5% barna færu í almenna framhaldsskóla, hin fengu fræðslu í sérstökum unglingaskólum eða efstu bekkjum barnaskólanna. Framhaldsmenntun var og oft komin undir því, hvort foreldrarnir höfðu efni á því að greiða skólagjöld. Nú er þessu breytt í verulegum atriðum: Yfirleitt verður þeirri meginreglu fylgt, að hæfileikar barnsins, en ekki fjárhagur foreldra, ráða námi barnsins. Framvegis verða börn að barnafræðslu lokinni ekki aðgreind eftir prófi einu, heldur námshæfi hvers barns. Verður þar stuðzt sumpart við dóm kennaranna, sumpart við gáfnapróf, en jafnframt tekið hæfilegt tillit til óska foreldranna og þess ævistarfs, sem barninu er fyrirhugað. Síðar fær það svo tækifæri til þess að endurskoða þetta val.

Framhaldsskólarnir greinast í þrjá flokka: 1) menntaskóla (Sec. Grammar Sch.), 2) iðn- og verzlunarskóla (Secondary Technical Sch.) og 3) almenna framhaldsskóla (Sec. Modern Sch.). Tveir neðstu bekkir allra þessara skóla eru eins konar undirbúningsdeild (nefnd „Lægri skóli", „Lower School") með svipuðu fyrirkomulagi í öllum þremur skólaflokkum. Geta börnin áttað sig þar betur á því, hvaða nám hæfi þeim bezt, enda er þeim gert mjög greitt að flytja sig milli skólaflokka.


1. Almennu framhaldsskólarnir (Sec. Modern Sch.) eiga að veita miklum meiri hluta pilta og stúlkna almenna menntun upp að skólaskyldualdri (16 ára). Námsefni verður mjög fjölbreytt og margþætt. Þessir skólar veita almennan undirbúning, áður en nemendur fara út í sérstakar atvinnugreinar.
2. Iðnskólar og verzlunarskólar (Sec. Technical Sch.) eiga að undirbúa unglinga undir að geta gengið inn í iðnað eða verzlun á aldrinum 16+, en jafnframt gefa þeim tækifæri til aukinnar fræðslu frá 16 til 18 ára. Er jafnvel ætlazt til, að „tekniskar" deildar háskólanna standi þeim duglegustu opnar.
3. Menntaskólar (Sec. Grammar Sch.) veita kennslu þeim nemendum, sem ætla sér að stunda nám við háskóla eða aðrar sambærilegar stofnanir. En jafnframt er gert ráð fyrir, að fjöldi stúdenta fari út í verzlun og iðnað.

Ætlazt er til, að allir nemendur, sem ætla sér að stunda nám eftir 18 ára aldur, fái eins misseris hlé, sem varið sé í opinberri þjónustu í mjög víðtækum skilningi (eins konar skylduvinnu).


Háskólar.

Ýmiss konar háskólar og svipaðar stofnanir taka við að loknu námi í framhaldsskólunum.


Danska kerfið.




Norska kerfið.



Sænska kerfið.




Enska kerfið.



Fylgiskjal 2.

Íslenzka kerfið.



Fylgiskjal 3.

Yfirlit yfir svör skólastjóra (kennara) og skólanefnda í barnaskólum við spurningum skólamálanefndar viðvíkjandi skólaskyldualdri.

Svör bárust, sem hér segir:

Úr	10	af	12	kaupstaðaskólum	frá	9	skólastj. og	4 skólan.
—	29	—	41	þorpsskólum	—	26	— —	17 —
—	30	—	38	föstum skólum í sveit	—	25	— —	16 —
—	17	—	23	heimavistarskólum	—	17	— —	10 —
—	100	—	118	farskólahverfum	—	90	— —	69 —
Alls úr	186	af	232	skólahverfum	frá	167	kenn. og	116 skólan.

Skólastjóri og skólanefndarformaður Miðbæjarskólans í Rvík eru í skólamálanefndinni, og sáu þeir því ekki ástæðu til þess að senda svör við spurningum nefndarinnar.

Svör við spurningunni: „Á hvaða aldri teljið þér, að skólanám barna eigi að hefjast?“ féllu þannig:

Aldur	Kaupstaðarskólar		Þorpsskólar		Fastir skólar í sveit		Heimavistarskólar		Alls	
	Kennarar	Skólanefndir	Kennarar	Skólanefndir	Kennarar	Skólanefndir	Kennarar	Skólanefndir	Kennarar	Skólanefndir
5 ára	»	1	1	»	»	»	»	»	1	1
6 —	3	1	»	»	»	»	»	»	3	1
6—7 ára	»	»	4	1	3	»	»	»	7	1
7 ára	5	2	21	12	9	5	»	»	35	19
7—8 ára	»	»	»	1	»	»	»	»	»	1
7—10 ára[1]) .	»	»	»	»	»	»	4	»	4	»
8 ára	»	»	»	»	8	8	2	1	9	9
9 —	»	»	»	»	3	3	2	»	6	3
9—10 ára ...	»	»	»	»	»	»	»	»	1	»
10 ára	»	»	»	»	»	»	8	9	8	8
12 —	»	»	»	»	»	»	1	»	1	»
Alls	8	4	26	14	24	16	17	10	75	44

Úr farskólahverfum, þar sem skólaskylda er víðast hvar frá 10 ára aldri, en yngri börnum þó kennt jafnframt eftir ástæðum, telja 46 farkennarar og 27 skólanefndir, að færa ætti skólaskylduna — með nokkrum takmörkunum þó — niður í 7—9 ára aldur. 22 farkennarar og 18 skólanefndir leggja til, að kennarar hafi eftirlit með fræðslu barna innan 10 ára aldurs og leiðbeini forráðamönnum barnanna um kennslu þeirra og nám.

Spurningunni: „a) Teljið þér æskilegt, að skólaskylda — eða námsskylda — nái til unglinga eftir að barnaskólanámi er lokið, og b) Ef svo er, þá til hvaða aldurs?“ var svarað þannig:

	Já		Nei	
	Kenn.	Skólan.	Kenn.	Skólan.
a. Úr kaupstaðaskólum	6	3	2	1
— þorpsskólum	25	12	1	2
— föstum skólum í sveit	18	11	5	6
— heimavistarskólum	11	6	4	3
— farskólahverfum	56	34⅔	18	15
Alls	116	66⅔	30	27

[1]) Þ. e. vor- og haustnámskeið og eftirlit að vetrinum.

b.

b) Skólaskylda til	Kaupstaðir		Þorpsskólar		Fastir skólar í sveit		Heimav. skólar		Farskólar		Alls	
	Kennarar	Skólanefndir	Kennarar	Skólanefndir	Kennarar	Skólanefndir	Kennarar	Skólanefndir	Kennarar	Skólanefndir	Kennarar	Skólanefndir
14—15 ára	»	»	»	»	»	»	»	»	4	3	4	3
14—16 —	»	»	»	»	1	»	»	»	»	»	1	»
14—19 —	»	»	»	»	»	»	»	»	4	5	4	5
15 ára	»	»	6	7	5	1	5	2	12	12	28	22
15—16 —	3	3	3	1	1	1	2	2	2	6	11	13
16 ára	3	»	15	4	9	8	6	2	40	$14^2/_3$	73	$28^2/_3$
16—17 —	»	»	»	»	»	»	1	1	2	1	3	2
17 ára	»	»	»	»	2	»	»	»	»	»	2	»
18 —	»	»	»	»	»	»	»	»	»	1	»	1
Alls	6	3	24	12	18	10	14	7	67	$42^2/_3$	126	$74^2/_9$

Enn fremur töldu 8 kennarar og 11 skólanefndir í farskólum framhaldsnám æskilegt, en þó ekki sem skyldunám.

Í heimavistarskólunum eru taldir með 3 skólastjórar og 1 skólanefnd, sem telja ekki þörf á skólaskyldu, en vilja hins vegar, að skólinn verði fær um að veita unglingum framhaldsfræðslu (námskeið) 1—2 vetur að loknu barnaprófi.

Einn farkennari leggur til, að haft verði 1 árs skyldunám til viðbótar við það, sem nú er, og verði því skyldunámi lokið einhvern tíma innan 21 árs aldurs.

Úr allmörgum farskólahverfum er bent á það, að framhaldsnám ætti að fara fram í sambandi við væntanlega heimavistarskóla, 3—4 mánuði árlega. Sumir farkennaranna telja þó vafasamt að ákveða beina skólaskyldu til ákveðins aldurs.

Nokkrir kennarar og skólanefndir svöruðu a-lið spurningarinnar játandi (þ. e. um framlengingu skólaskyldunnar), en létu b-liðnum ósvarað.

Fylgiskjal 4.

Allsherjar fræðsla og skólaskylda í Englandi og á Norðurlöndum.

England.

Árið 1918 setti enska þingið lög um það, að hámarksaldur skólaskyldu yrði full 15 ár í stað 14 áður. Af því leiddi, að fræðsluyfirvöld gátu ákveðið, hver í sínu héraði, að þar skyldi komið á skólaskyldu, er næði til fulls 15 ára aldurs. Þannig var varúð við höfð, hækkun skólaskyldualdurs ekki lögboðin umsvifalaust um land allt, heldur veitt hemild öllum héruðum, er það vildu, til þess að hækka hjá sér skólaskyldualdurinn. Sama ákvæði hélzt í skólalögunum 1921 og alls í fullan áratug. Var þá um ⅓ hluti nemenda barnaskólanna orðinn skólaskyldur til 15 ára aldurs. Þetta fyrirkomulag þótti þó ekki gefast vel, er til lengdar lét, af þeirri ástæðu, að þeir unglingar, sem lausir voru við skólaskylduna 14 ára, urðu hlutskarpari í samkeppninni um iðngreinir og ýmis önnur störf en jafnaldrar þeirra, er enn voru skólaskyldir 1 ár. Til þess að bæta úr þessu misrétti samþykkti neðri málstofa enska þingsins árið 1929 lög um það, að skólaskyldan um land allt skyldi ná til 15 ára aldurs. Efri málstofan felldi lögin, og stóð deilan um skólaskylduna síðan í 7 ár, unz ákveðið var 1936, að hámarksskólaskyldu um land allt skyldi miða við 15 ára aldur. Framkvæmdum þessa ákvæðis hefur þó orðið að fresta sökum stríðsins. En þegar eftir stríð á að stíga þetta skref og meir en það. Neðri

málstofa enska þingsins hefur nú á þessu ári samþykkt, að skólaskyldualdur skuli síðar hækkaður upp í 16 ár og bæjarfélög og sveitar skylduð til að veita börnum og unglingum fræðslu eftir þörfum þeirra og hæfileikum. Enn fremur verði allir unglingar á aldrinum 16—18 ára skyldaðir til að sækja hæfilegar fræðslumiðstöðvar einhvern hluta dags eða árs, nema þeir séu í heils árs skólum eða hljóti aukafræðslu á einhvern hátt annan.

Fræðsluskylda hefst í Englandi, þegar börn eru fullra 5 ára, eða 6 ára (ef yfirvöld bæjarfélags eða sveitar kjósa það heldur). Enn fremur er hvatt til þess, að til séu sem flestir smábarnaskólar fyrir börn á aldrinum 2—5 ára, einkum í borgum og þá sérstaklega hinum fátækari hverfum.

Svíaríki.

Í skólalögum Svía frá 1921 er skólaskyldualdur barna talinn hefjast á því almanaksári, er þau verða 7 ára, og standa til loka þess árs, er þau verða 14 ára. Þó var skólastjórnum leyft að fresta skólagöngu barna til þess almanaksárs, er þau yrðu 8 eða 9 ára. En þeirrar heimildar var lítt neytt, t. d. má geta þess, að það gerðu aðeins 32 skólahverfi af 2463 árið 1932—33. Um lok skólagöngunnar var það ákveðið, að þeir nemendur, sem hefðu aflað sér nægrar þekkingar í barnaskólunum, mættu útskrifast þaðan á því ári, sem þeir yrðu fullra 13 ára, og jafnvel ári fyrr, er sérstaklega stæði á, með leyfi hlutaðeigandi skólastjórnar. Hinir aftur á móti, sem hefðu ekki náð því fræðslumarki, ættu engan rétt á þessu. Árið 1936 var það lögboðið, að skólaskyldan næði yfir 7—14 ára aldur barna.

Unglingaskólar taka síðan við af barnaskólunum, og eru sumir þeirra skyldu-skólar fyrir börn, sem annars ættu ekki kost neins framhaldsnáms að loknu barnaskólanámi. Í þeim skólum eiga kennslustundir alls að vera 360 hið fæsta, en 540 hið flesta, og eru nemendur skyldir til að hafa lokið þar námi, áður en þeir eru orðnir fullra 18 ára.

Noregur.

Skólaskylda barna í Noregi hefst á því almanaksári, sem þau verða fullra 7 ára. Þó getur skólastjórnin leyft, að skólaganga barna hefjist, er þau verða fullra 6 ára, eða dragist, unz þau eru orðin fullra 8 ára. Skólaskyldan helzt, þangað til barnið hefur lokið námi í efsta bekk barnaskóla með sæmilegum árangri, en þó ekki lengur en til loka þess námsmisseris, er barnið varð 15 ára. Þegar sérstaklega stendur á, getur skólastjórnin leyft barni að ljúka námi eftir 7 ára skólagöngu, þótt nokkuð vanti á þennan aldur, en fullra 14 ára verður barnið þá að vera að minnsta kosti.

Danmörk.

Í lögum Dana um barnafræðslu er alls staðar nefnd fræðsluskylda, en ekki skólaskylda, þ. e. a. s. fræðsluskyldan er allsherjarskylda, en skólaskyldan nær til þeirra barna, sem fá ekki fullnægjandi kennslu með öðrum hætti. Þrátt fyrir þetta eru 9/10 hlutar fræðsluskyldra barna í barnaskólunum.

Skólagöngualdur er frá 7 til fullra 14 ára. En foreldrum er þó í sjálfsvald sett að lengja skólagönguna bæði í bæjum og sveitum.

Í bæjum er miðskólastigið sett í þessu skyni. Geta börnin og unglingarnir með þeim hætti bætt einu námsári við skyldunám sitt. Elztu miðskólalögin eru frá 1903, en þau voru aðeins sniðin við hæfi þeirra barna, sem bezta hæfileika höfðu til bóknáms, og tryggðu þeim einum kost á skólagöngu til fulls 15 ára aldurs. Aldarþriðjungi síðar voru lögin um miðskóla rýmkuð þannig, að öll börn og unglingar í bæjum skyldu eiga kost á skólagöngu til fulls 15 ára aldurs, enda þótt fræðsluskyldan næði aðeins til 14 ára aldurs. Er náminu þá skipt þannig, að barnaskólinn er fyrir 7—11 ára börn, en miðskólinn fyrir 11—15. Gallinn á þessu fyrirkomulagi er sá, að nokkur hluti nemenda í miðskólum mun ekki halda lengur áfram námi en fræðsluskyldan býður og missa þannig þeirrar heildarsýnar, er fæst við fullnað

nám í miðskóla. En yfirleitt er þetta fyrirkomulag þó til mikilla bóta. Efsti bekkur miðskóla laðar nemendur meir til náms en sérstakt námsskeið mundi gera. Aðalvandinn er sá að sporna við því, að nemendur hætti miðskólanámi ófullnuðu, eða með öðrum orðum stuðla að því, að skólagangan verði almenn til fullra 15 ára aldurs, hvað sem fræðsluskyldunni líður.

Í sveitum og þorpum eru barnaskólarnir samkvæmt lögum frá 1937 ýmist samfelldir skólar fyrir börn á aldrinum 7—14 ára eða þeim er skipt í tvenns konar skóla, 3 ára undirbúningsskóla og 4 ára aðalskóla. Síðan taka við framhaldsskólar fyrir unglinga á aldrinum 14—18 ára, og samsvara þeir unglingaskólunum sænsku að öðru en því, að ekki er lagaskylda að sækja þá. Þessa framhaldsskóla er skylt að setja á stofn, er foreldrar 15 barna að minnsta kosti æskja þess og skólanefnd mælir með því.

Nd. 29. Frumvarp til laga

um fræðslu barna.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

I. KAFLI
Hlutverk barnaskóla.

1. gr.

Barnaskólar skulu leitast við að haga störfum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda sinna, hjálpa þeim að öðlast heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur, vera á verði um líkamshreysti þeirra og veita þeim tilsögn í lögskipuðum námsgreinum, hverjum eftir sínum þroska.

II. KAFLI
Skólaskylda.

2. gr.

Skylt er að halda barnaskóla í öllum skólahverfum landsins fyrir börn á aldrinum 7—13 ára, sbr. þó 3. gr., og er öllum börnum á þessum aldri skylt að sækja skóla, nema undanþága hafi verið veitt samkv. 3. og 5. gr.

Þegar tilgreindur er aldur barna í lögum þessum, miðast hann ávallt við það almanaksár, er þau ná nefndum aldri.

3. gr.

Nú sækir skólanefnd í skólahverfi í sveit um, að skólaskylda hefjist ekki í skólahverfi hennar fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur, og getur fræðslumálastjórn þá veitt undanþágu að fengnum meðmælum námsstjóra.

Þar, sem þessi ráðstöfun hefur verið gerð, skulu heimilin annast og kosta fræðsluna frá sjö ára aldri barnanna, unz skólaskylda hefst í hverfinu, en hlíta um hana eftirliti kennara skólahverfisins.

Nú er vanrækt fræðsla yngri barna í skólahverfi, þar sem undanþága hefur verið veitt, og eigi um bætt þrátt fyrir áminningu fræðslumálastjórnar, og getur hún þá numið undanþáguna úr gildi.

4. gr.

Heimilisfaðir skólaskylds barns ber ábyrgð á, að það hljóti lögmælta fræðslu og sæki lögskipuð próf.

5. gr.

Undanþegin frá að sækja almenna barnaskóla eru:

a. börn, sem sækja viðurkennda einkaskóla;
b. börn, sem hafa fengið leyfi skólanefndar og skólastjóra til að stunda nám utan skólans, en skylt er þeim að koma til viðtals eða prófs í skólann, þegar skólastjóri óskar þess;
c. börn, sem að dómi hlutaðeigandi kennara, skólastjóra og skólalæknis skortir hæfileika til þess að stunda nám í almennum barnaskóla;
d. börn, sem að dómi sömu aðila spilla góðri reglu í skólanum og eru miður heppilegt fordæmi öðrum börnum;
e. börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt barnaskólanám.

6. gr.

Þeim börnum, sem um getur í c-, d- og e-liðum 5. gr., skal séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi.

Heimilt er fræðslumálastjórn að ákveða þessum börnum námstíma einu eða tveimur árum lengri en öðrum börnum.

7. gr.

Nú kemur barn að ástæðulausu ekki til innritunar, þegar því er skylt, og skal þá skólanefnd áminna forráðamann þess, svo fljótt sem auðið er. Láti hann eigi skipast við þá áminningu, varðar það dagsektum, er nemi 5—10 kr. á dag eftir úrskurði valdsmanns (í Reykjavík sakadómara), talið frá þeim degi, er áminningin var gerð.

Nú vanrækir barn, sem innritað er í skóla, skólasókn til muna, þrátt fyrir umvöndun skólastjóra bæði við það og forráðamann þess, og skal þá skólanefnd áminna forráðamann barnsins. Leggist vanrækslan eigi af að heldur, varðar hún dagsektum, er nemi 5—10 kr. eftir úrskurði valdsmanns fyrir hvern vanræksludag, talið frá áminningu skólanefndar.

Ef heimilið á sannanlega sök á vanrækslunni, má barnaverndarnefnd taka barnið af heimilinu og ráðstafa því utan þess, en sannist það, að heimilið fái eigi ráðið við vanrækslu na, er henni skylt að vista barnið í stofnun eða á öðru heimili, er nefndin ber traust til.

III. KAFLI

Skólaskipan og skólahúsnæði.

8. gr.

Hver sýsla og hver kaupstaður er fræðsluhérað, þó skal sameina tvær sýslur í eitt fræðsluhérað svo og hrepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarrar sýslu, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir. Leita skal þó álits hlutaðeigandi sýslunefnda eða hreppsnefnda, áður en slík sameining er ákveðin. Hvert fræðsluhérað er eitt eða fleiri skólahverfi, og er einn barnaskóli í hverju skólahverfi.

9. gr.

Fræðslumálastjórn mælir fyrir um, hvernig fræðsluhéraði skuli skipt í skólahverfi, þó skal hún ávallt leita álits hlutaðeigandi fræðsluráðs eða fræðsluráða, áður en skipting eða sameining hverfa er ákveðin.

10. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahús á hentugum stað, og fullnægi það þörfum fyrir barnaskólahald í hverfinu. Fræðslumálastjórn setur reglur um lágmarkskröfur til skólahúsnæðis.

11. gr.

Eigi er heimilt að leyfa notkun skólahúsnæðis, nema samþykki skólanefndar og skólastjóra komi til.

12. gr.

Heimangönguskólar skulu vera þar, sem staðhættir leyfa, en þar, sem heimangöngu verður ekki við komið sökum mikilla vegalengda, skal reisa heimavistarskóla og keppa að því, að skólahverfi þeirra verði svo fjölmenn, að fullkomið starf verði við þá fyrir tvo fasta kennara að minnsta kosti.

13. gr.

Öll skólahús skulu gerð samkvæmt uppdrætti, er fræðslumálastjórn samþykkir. Enn fremur verður samþykki hennar að koma til um skólastað og skólalóð.

14. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að helmingi stofnkostnaðar heimangönguskóla, en þrjá fjórðu hluta stofnkostnaðar heimavistarskóla. Hlutaðeigandi sveitarfélög greiða hinn hlutann. Séu tveir eða fleiri hreppar eða hluti úr hreppi um sama skóla, greiða þeir stofnkostnaðinn í hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna. Ríkisstyrkurinn er bundinn því skilyrði, að skólalóðin sé eign skólahverfisins eða afnotarétturinn tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi.

Hverju skólahúsi skal fylgja íbúð fyrir skólastjóra, 3 herbergi og eldhús að minnsta kosti. Heimavistarskólum skal einnig fylgja íbúð eða íbúðir fyrir kennara. Íbúðir skólastjóra og kennara teljast með í stofnkostnaði skóla svo og nauðsynlegustu skólahúsgögn.

Í skólahverfum, þar sem svo hagar til, að börn geti ekki sótt heimangönguskóla, nema þeim sé ekið til og frá skólastað, er heimilt að greiða styrk til kaupa á skólabíl, er nemi allt að þremur fjórðu hlutum kostnaðarverðs.

15. gr.

Viðhald skólahúsa og skólahúsgagna er sveitarfélögum skylt að annast samkvæmt reglum, er fræðslumálastjórn setur.

IV. KAFLI

Kennarar.

16. gr.

Fastir kennarar við barnaskóla eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum.

17. gr.

Engan má setja eða skipa kennara við barnaskóla, nema hann hafi lokið viðurkenndu kennaraprófi, sé eigi haldinn næmum sjúkdómi og hafi óflekkað mannorð.

18. gr.

Kennara er skylt að kenna að jafnaði 36 kennslustundir á viku, en á því skólaári, sem kennari verður 55 ára, skal fækka skyldustundum hans um 6 á viku og um aðrar 6, er hann verður sextugur.

Kennslustundafjöldi skólastjóra skal ákveðinn í erindisbréfi.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 40 mín. kennslustund.

19. gr.

Kennari, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við barnaskóla, skal gegna því samkvæmt erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

20. gr.

Geti kennari ekki stundað starf sitt við skóla sakir veikinda, skal greiða forfallavinnu fyrir hann samkv. reglum, er fræðslumálastjórn setur.

21. gr.

Skólastjóri fer í skóla sínum með umboð fræðslumálastjórnar og skólanefndar gagnvart kennurum skólans, nemendum og forráðamönnum þeirra.

Hann stjórnar öllu starfi skólans eftir gildandi lögum og reglum og ber ábyrgð á því gagnvart fræðslumálastjórn og skólanefnd.

Skólastjóri hefur umráðarétt yfir húsnæði skólans og munum, en getur þó ekki ráðstafað þessu á sitt eindæmi nema í þágu skólastarfsins.

Skólastjóri á sæti á fundum skólanefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Skólastjóri ræður stundakennara og starfsfólk í samráði við skólanefnd.

22. gr.

Í skóla með 10—20 föstum kennurum er skólastjóra heimilt í samráði við skólanefnd að ráða einn af kennurum skólans sem yfirkennara. Verði hann skólastjóra til aðstoðar og gegni störfum hans, er þörf krefur. Séu 20 kennarar eða fleiri við sama skóla, skal ráða yfirkennara á sama hátt. Kennslustundafjöldi yfirkennara skal ákveðinn í samráði við fræðslumálastjórn, er setur þeim erindisbréf. Laun yfirkennara skulu ákveðin í launalögum.

23. gr.

Í skóla með 20 kennurum eða fleiri getur skólastjóri í samráði við skólanefnd ákveðið, að skyldustundir kennara skuli vera færri en 36 á viku gegn öðru starfi í þágu skólans.

24. gr.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að 25 börn komi á hvern kennara, sem kennir fulla kennslu í 6 mánuði, en þessi barnafjöldi eykst í réttu hlutfalli við lengingu kennslutímans.

Nú eru fastir kennarar við skóla færri en barnafjöldinn segir til um, en barnafjöldinn þó minni en svo, að skólinn eigi kröfu á kennara til viðbótar, og má þá greiða styrk vegna stundakennslu í hlutfalli við þann barnafjölda, sem umfram er. — Ef nefnd umframtala nær helmingi þess barnafjölda, sem föstum kennurum er ætluð, er fræðslumálastjórn heimilt að setja fastan kennara.

25. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórn að flytja kennara milli skóla, ef starf hans verður óþarft við þann skóla, er hann hefur starfað við, eða aðrar knýjandi ástæður verða til þess. Ekki má lækka laun kennara né skerða hlunnindi hans við slíkan flutning.

V. KAFLI

Fræðsluráð og skólanefndir.

26. gr.

Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðsluráð skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu 4 þeirra kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd. Séu 2 sýslur í fræðsluhéraði, kýs hvor sýslunefnd tvo fræðsluráðsmenn. Fræðslumálastjórn skipar einn mann, og skal hann vera formaður. — Hlutverk fræðsluráðs er að hafa á hendi stjórn sameiginlegra skólamála fræðsluhéraðsins. Fræðslumálastjórn setur fræðsluráði erindisbréf. Þar sem fræðsluhérað og gagnfræðahérað falla saman, getur fræðslumálastjórn falið gagnfræðaráði störf fræðsluráðs.

27. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd skipuð þremur mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni sveitarstjórn, en fræðslumálastjórn skipar einn, og skal hann vera formaður. Ef tveir eða fleiri hreppar eru í skólahverfi, setur fræðslumálastjórn reglur um kosningu skólanefndar, sem má þá vera skipuð 5 mönnum. Varamenn skulu kosnir samtímis aðalmönnum. Kjörtímabil skólanefnda og fræðsluráða skal vera hið sama og sveitarstjórna, og um kjörgengi skulu sömu reglur gilda.

28. gr.

Formaður kallar skólanefnd til funda, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja nefndina saman, ef einn nefndarmanna eða skólastjóri óskar þess. Skólastjóri skal ávallt boðaður á fundi skólanefndar. Skólanefnd getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn skólanefndarmanna hefur atkvæðisrétt um þau mál, er varða hann sjálfan.

29. gr.

Skólanefnd skal sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún semur samkvæmt fyrirmælum fræðslumálastjórnar skýrslu um þau börn í skólahverfinu, sem sækja ekki hinn almenna barnaskóla.

30. gr.

Þegar kennarastaða losnar í skólahverfinu, skal skólanefnd tafarlaust tilkynna það fræðslumálastjórn, sem auglýsir stöðuna, ef fyrirvari er nægur. Þurfi hins vegar að setja kennara fyrirvaralítið, getur fræðslumálastjórn sett hann í samráði við skólanefnd án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal þá stöðuna á næsta ári.

31. gr.

Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um kennarastöður og skal, er fjöldi umsókna leyfir, tilnefna eigi færri en tvo umsækjendur um hverja stöðu, er hún telur helzt koma til greina. Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en námsstjóra, ef velja á skólastjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur innan skólanefndar eða milli skólanefndar annars vegar og skólastjóra eða námsstjóra hins vegar, getur hver aðili um sig gert tillögur til fræðslumálastjórnar. Tillögur skólastjóra og námsstjóra eru forgangstillögur. Rökstudd greinargerð skal ávallt fylgja tillögum skólanefndar, skólastjóra og námsstjóra um val manna í kennarastöður.

32. gr.

Skólanefnd annast um, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um viðhald alls þessa og aukningu eftir þörfum.

33. gr.

Skólanefnd gerir tillögur til sveitarstjórnar um fjárframlög til skólahalds. Verði ágreiningur milli þessara aðila um fjármál skóla, skal hann lagður undir úrskurð fræðslumálastjórnar. Skólanefnd annast um samningu skýrslna og reikninga samkvæmt fyrirmælum fræðslumálastjórnar. Erindisbréf fyrir skólanefndir skal gefið út af fræðslumálastjórn.

34. gr.

Kostnaður við störf skólanefnda greiðist úr sveitarsjóði.

35. gr.

Í Reykjavík skal vera sérstakur fræðslufulltrúi, og skal hann hafa á hendi þær framkvæmdir, sem skólanefndum fræðsluhéraðsins er skylt að annast samkvæmt

lögum þessum, svo og önnur störf, er fræðslumálastjórn kann að fela honum, allt samkvæmt erindisbréfi. Fræðslufulltrúi skal skipaður af fræðslumálastjórn að fengnum tillögum fræðsluráðs. Laun hans skulu ákveðin í launalögum, en bæjarsjóður greiðir skrifstofukostnað hans.

VI. KAFLI
Kennsluskipan og starfstími skóla.

36. gr.

Hver barnaskóli skiptist í tvær deildir, yngri deild og eldri deild. Til yngri deildar teljast skólaskyld börn innan 10 ára aldurs í upphafi skólaárs, en til eldri deildar 10 ára börn og eldri.

37. gr.

Í yngri deild skal kenna eftirtaldar námsgreinar: íslenzku, skrift, reikning, átthagafræði, handavinnu, leikfimi og söng.

Í eldri deild skal kenna: íslenzku, skrift, reikning, kristin fræði, Íslandssögu, landafræði, náttúrufræði, teiknun, handavinnu, söng, leikfimi og sund.

Auk þessa er heimilt að kenna eitt erlent mál hinn síðasta vetur eldri deildar þeim börnum, sem bezt eru að sér í móðurmáli. Nánari ákvæði um skiptingu námsefnis og niðurröðun þess skulu sett í námsskrá, er fræðslumálastjórn gefur út.

38. gr.

Í yngri deild skal ætla börnum að jafnaði 21 kennslustund á viku, en í eldri deild 33.

39. gr.

Skólar í kaupstöðum og þorpum með 1000 íbúa eða fleiri skulu starfa sem næst 9 mánuði á ári. Aðrir heimangönguskólar og heimavistarskólar skulu starfa eigi skemur en 7 mánuði á ári. Nánari ákvæði um starfstíma skóla og skólagöngu barna skal setja í reglugerð hvers skóla.

40. gr.

Í heimavistarskólum er heimilt að skipta námstímanum í tvennt milli deilda þannig, að hvert barn fái a. m. k. 3½ mánaðar kennslu, enda fylgist kennarinn með heimanámi barnanna þann tíma, sem þau sækja ekki skólann að vetrinum. Þar, sem þörf krefur og þess er óskað af skólanefnd, má hafa allt að tveggja mánaða námsskeið við heimavistarskóla haust og vor fyrir 7—9 ára börn.

41. gr.

Lögboðin leyfi í barnaskólum landsins skulu vera þessi: afmælisdagur forseta Íslands, 1. desember, jólaleyfi frá 20. desember til 7. janúar, að báðum dögum meðtöldum, öskudagurinn, páskaleyfi, dymbilvikan og til 3. í páskum, sumardagurinn fyrsti, 1. maí og hvítasunnuleyfi frá laugardegi til þriðjudags að báðum dögum meðtöldum. Í reglugerðum einstakra skóla má auk þessa ákveða, að leyfi sé veitt einn dag í mánuði hverjum.

VII. KAFLI
Próf.

42. gr.

Próf í kunnáttu og leikni allra prófskyldra barna skal halda að vorinu ár hvert. Prófskyld eru öll börn á aldrinum 8—13 ára, nema gildar ástæður hamli. Skulu slíkar ástæður skilgreindar nánar í prófreglugerð, er fræðslumálastjórn gefur út.

43. gr.

Öll próf nema lokapróf yngri og eldri deildar (próf yngri barna og barnapróf) skal hver skóli um sig annast að öllu leyti. Skylt er ávallt að hafa próf í íslenzku, skrift og reikningi, en í öðrum greinum eftir því, sem ákveðið verður í prófreglugerð.

Próf 10 og 13 ára barna, þ. e. lokapróf beggja deilda, skulu fara fram undir eftirliti prófdómenda, skipaðra af fræðslumálastjórn til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum námsstjóra. Skulu þetta vera landspróf að minnsta kosti í íslenzku og reikningi, og annist fræðslumálastjórn val og útsendingu verkefna.

44. gr.

Barn, sem flyzt úr yngri deild í eldri deild, skal vera sæmilega læst, geta skrifað einföld orð skýrt og hreinlega, hafa náð nokkurri leikni í meðferð einskonartalna og kunna skil á algengustu fyrirbrigðum, sem koma fyrir í nánasta umhverfi þess. Í prófreglugerð skal tekið fram, hvernig þessar lágmarkskröfur skulu metnar í einkunnum.

45. gr.

Til barnaprófs er krafizt: 1) Að geta lesið móðurmálið skýrt og áheyrilega með gallalitlum framburði og sagt munnlega frá því, sem lesið er. Að geta gert skriflega, nokkurn veginn ritvillu- og mállýtalausa grein fyrir kunnugu efni. Að geta leyst sæmilega úr réttritunarverkefni, þar sem fyrir koma dæmi um helztu undirstöðureglur íslenzkrar réttritunar. Að kunna utan bókar nokkur íslenzk kvæði, einkum ættjarðarljóð og söngljóð, geta greint frá efni þeirra með eigin orðum og vita nokkur deili á höfundum þeirra. 2) Að skrifa læsilega og hreinlega rithönd. 3) Að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og höfuðatriði almennra brota, tugabrota og prósentureiknings og að sýna nokkura leikni í því að beita þeirri kunnáttu til úrlausnar einföldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, m. a. til að reikna út óbrotið flatarmál. Um prófkröfur í öðrum lögboðnum námsgreinum skulu sett ákvæði í prófreglugerð jafnframt ákvæðum um, hvernig meta skuli í einkunnum lágmarkskröfur til að standast próf.

46. gr.

Heimilt er skólanefnd að fengnum meðmælum skólastjóra og kennara að leyfa 12 ára barni að ganga undir barnapróf. Sett skal í prófreglugerð, hvaða einkunn barn, er slíkt leyfi fær, skal ná í höfuðgreinum, svo og aðaleinkunn til þess að standast prófið. Skulu þessar einkunnir vera miklum mun hærri en lágmarkseinkunnir 13 ára barna.

47. gr.

Einkunnastigi í barnaskólum skal vera 0—10, og má skipta hverjum heilum í 10 hluta

48. gr.

Nú kemur prófskylt barn að ástæðulausu ekki til prófs, og má þá prófa það á heimili þess á kostnað heimilisföður eða leita aðstoðar lögreglustjóra, til þess að barnið verði prófað.

49. gr.

Börn, sem standast ekki tilskilin próf um 10 og 13 ára aldur, skulu að jafnaði sitja ári lengur í hvorri deild, sem um er að ræða, og þreyta prófið ári síðar (sbr. þó 5. gr. c-lið). Standist þau það ekki þá, skulu gilda um þau sérstök reglugerðarákvæði, er fræðslumálastjórn setur.

50. gr.

Kostnaður við próf greiðist úr sveitarsjóði. Prófdómendum skal greitt sama kaup og stundakennurum.

VIII. KAFLI
Kennslueftirlit.

51. gr.

Landinu er skipt í 6 eftirlitssvæði hið fæsta, og skal vera einn námsstjóri fyrir hvert þeirra. Skulu námsstjórar hafa eftirlit með kennsluskipan, kennsluaðferðum og árangri kennslunnar. Enn fremur skulu þeir annast leiðbeiningar um skóla- og uppeldismál hver í sínu umdæmi. Skal hlutverk námsstjóra nánar tiltekið í erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

IX. KAFLI
Kostnaður við skólahald.

52. gr.

Hin lögskipaða fræðsla skólaskyldra barna í opinberum skólum veitist ókeypis. Laun fastra kennara greiðast samkvæmt launalögum og styrkur til stundakennslu samkvæmt síðari málsgr. 24. gr. Við heimavistarskóla greiðir ríkissjóður einnig laun ráðskonu. Annan kostnað við skólahaldið greiðir sveitarsjóður, en ríkissjóður endurgreiðir fjórða hluta hans að fengnum skýrslum um fullnægjandi skólahald samkvæmt settum reglum og fyrirmælum.

53. gr.

Nú getur framfærandi barns á lögskipuðum skólaldri fyrir fátæktar sakir að dómi skólanefndar ekki staðizt kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólavist þess, og skal þá sá kostnaður greiðast að einhverju eða öllu leyti úr sveitarsjóði eftir ákvörðun sveitarstjórnar sem önnur gjöld til skólahalds.

X. KAFLI
Einkaskólar og smábarnaskólar.

54. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórn að löggilda barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún sámþykkir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar. Kennarar við skóla þessa verða að fullnægja öllum settum skilyrðum um rétt til kennslu í barnaskólum. Fyrir börn, sem þessa einkaskóla sækja, þarf ekki undanþágu samkv. 5. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá yfir skólabörnin og tilkynna henni allar breytingar, jafnóðum og þær verða. Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

55. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn skóla fyrir 5 og 6 ára börn innan sveitarfélagsins, enda samþykki fræðslumálastjórn námsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Kennarar skólans skulu hafa lokið viðurkenndu kennaraprófi, og skulu þeir ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar barnaskóla. Að öðru leyti ber ríkissjóður engan kostnað af þessu skólahaldi.

XI. KAFLI
Heilbrigðiseftirlit.

56. gr.

Læknieftirlit með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir reglum, er heilbrigðismálastjórn setur í samráði við fræðslu-

málastjórn. Skal ráðinn sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, er skipuleggur og hefur yfirumsjón með heilbrgðiseftirliti í skólum svo og íþróttastarfsemi. Heimilt er skólayfirlækni að fela heilsuverndarstöðvum, þar sem þær eru starfandi, eftirlit þetta.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar, sem ekki eru komnir fullnægjandi heimangöngu- eða heimavistarskólar, skal fræðslumálastjórn í samráði við námsstjóra skipa málum í eins nánu samræmi við þessi lög sem kostur er.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 94 23. júní 1936 og lög um breyting á þeim nr. 44 12. febr. 1940, svo og önnur ákvæði og fyrirmæli, sem fara í bág við þessi lög.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af milliþinganefnd í skólamálum, sem var skipuð af þáverandi menntamálaráðherra 30. júní 1943 „til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera tillögur um skipun þeirra". Meiri hl. menntamálanefndar, þeir SigfS, BG og GTh, flytur frv. að beiðni hæstv. menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv.

Frá milliþinganefnd í skólamálum fylgdi frv. greinargerð sú, sem hér fer á eftir, ásamt fylgiskjölum. Enn fremur hefur menntamálanefnd borizt útdráttur úr fundargerð frá þingi Samb. ísl. barnakennara, sem haldið var í Reykjavík dagana 18.—20. júní 1945, þar sem gerðar voru ýmsar samþykktir varðandi frv. þetta, svo og álit milliþinganefndar í skólamálum varðandi samþykktir kennaraþingsins. Útdrátturinn úr fundargerðinni ásamt áliti milliþinganefndarinnar birtast hér á eftir sem fylgiskjöl.

I.

Fyrsta ráðagerðin um stofnun barnaskóla hér á landi virðist vera tilskipun Kristjáns konungs III. um að koma á fót lestrarskólum við 3 klaustur í Skálholtsbiskupsdæmi. En úr framkvæmdum varð ekki. Tilskipun þessa má efalaust rekja til hinna almennu áhrifa siðskiptanna. Sem kunnugt er, lagði Lúther mikla áherzlu á, að almenningur kynntist ritningunni af eiginni raun. Í anda hans starfaði Guðbrandur biskup Þorlaksson. Hann fékk það samþykkt, að prestar tækju eigi til altaris þá, sem kynnu ekki fræðin. Prestar skyldu kenna börnum að lesa, enn fremur djáknar í klaustrum Hólabiskupsdæmis.

Um miðbik 18. aldar eru síðan gerðar nýjar tilraunir til að bæta uppfræðslu almennings. Má einnig rekja þær til trúarlegs uppruna, pietismans þýzka, sem náði sterkum tökum á hirðinni dönsku. För Harboes og Jóns Þorkelssonar var sprottin af þessum trúaráhuga. Árangurinn af þeirri för voru ýmsar tilskipanir um uppfræðslu almennings, m. a. um fermingu að undangenginni uppfræðslu í kristindómi. Prestum var gert að skyldu að húsvitja þrisvar á ári og sjá um fræðslu sóknarbarna sinna. Talið er, að lestrarkunnáttu alþýðu manna hafi fleygt fram fyrir áhrif frá þessum tilskipunum. En barnaskóli var enginn stofnaður fyrir tilverknað ríkisvaldsins. — 1790 var gefin út allnákvæm tilskipun um kennslu og uppeldi barna. Var hún í gildi þangað til 1907, er fræðslulögin voru sett.

Fyrsti barnaskólinn var settur á stofn í Vestmannaeyjum 1745 og mun hafa starfað um það bil 15 ár. Næst var stofnaður barnaskóli að Hausastöðum á Álftanesi 1791, og starfaði hann 18 ár. Hann var kostaður af fé úr Thorkillii-sjóði. Þessu næst kemur barnaskóli í Reykjavík 1830 og síðan ýmsir fleiri.

Á 19. öldinni voru komin fram ný sjónarmið í þessum málum. Frelsisbaráttan leiddi það skýrt í ljós, að ólæs og óskrifandi almenningur var illa settur í þjóðfélaginu. Auk þess var atvinnulíf ýmissa þjóða að komast í það horf, að það krafðist mjög aukinnar alþýðumenntunar. Nú nægði eigi lengur að vera „bænabókarfær".

Og það fór að verða ófugmæli, að bókvitið yrði ekki látið í askana. Þessi viðhorf fóru einnig að gera vart við sig hér á landi. Ýmsir helztu forystumenn þjóðarinnar eins og Baldvin Einarsson og Jón Sigurðsson brýndu rækilega fyrir henni nauðsyn góðrar alþýðumenntunar.

Það var þó ekki fyrr en 1880, að lög voru sett um „uppfræðing barna í skrift og reikningi“ til viðbótar fyrr nefndu konungsbréfi frá 1790. Var prestum falið að sjá um hana, en ekkert fé ætlað til framkvæmdanna.

Næsta sporið og jafnframt stærsta og merkasta sporið, sem stigið hefur verið af opinberri hálfu í þessum efnum, var setning laga um fræðslu barna og unglinga og laga um kennaraskóla 1907. Í fræðslulögunum var ákveðin skólaskylda barna á aldrinum 10—14 ára, og heimilunum jafnframt gert að skyldu að sjá svo um, að börnin væru nokkurn veginn læs og skrifandi 10 ára gömul. Þær kröfur, sem gerðar voru til kunnáttu 14 ára barna, voru engan veginn litlar. Og sjá má á ýmsum skólahúsum, sem reist voru um og eftir síðustu aldamót, og kennslutækjum, sem skólunum voru fengin, að það hefur verið hugur í þjóðinni. Hún hefur haft vilja til að verða ekki eftirbátur annarra þjóða í menningarlegum efnum. Síðar virðist hafa dregið nokkuð úr þessum áhuga, eins og ráða má af því, að sums staðar eru sömu húsin enn í dag, og þeim illa við haldið, ætluð til kennslu margfalt fleiri börnum. Kröfur til menntunar kennara hafa að vísu aukizt nokkuð, en þó var kennaraskólinn 3 ára skóli eins og hann var upphaflega, þangað til í fyrra. Og alltaf hefur kennurum verið verr launað en flestum stéttum þjóðfélagsins, svo að þeim hefur verið illkleift eða ókleift að gefa sig óskipta að kennslustörfum.

En þó að þetta hafi svo til gengið, hefur ýmislegt áunnizt. Mikil reynsla hefur fengizt og starf skólanna komizt smátt og smátt í fastara horf.

Fræðslulögin hafa tvívegis verið endurskoðuð frá því 1907. Hið fyrra skipti 1926 og hið síðara 1936. Aðalbreytingin 1926 var sú, að þá var fræðslumálastjórn veitt heimild til þess að leyfa eða ákveða skólaskyldu frá 7 ára aldri og lögákveðinn var styrkur til byggingar skólahúsa utan kaupstaða. Ýmis merk nýmæli voru tekin upp í lögin 1936. Skólaskyldan var nú látin hefjast um 7 ára aldur. Með þessu var skólunum fengið nýtt, vandasamt hlutverk. — Annað stórmerkilegt nýmæli var þar einnig, sem sé það, að gert var ráð fyrir, að farkennsla legðist af að mestu eða öllu leyti og heimavistarskólar yrðu reistir í sveitum, þar sem því yrði komið við. Þá má og nefna hið þriðja: námseftirlitið, sem kom þó ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1941.

II.

Í þessu frumvarpi til laga um fræðslu barna er gerð tilraun til að skipa málum í samræmi við þá reynslu, sem fengizt hefur í starfi barnaskóla bæði hér á landi og í ýmsum öðrum löndum, einkum Englandi og Norðurlöndum. Barnaskólarnir í öllum þessum löndum eru tiltölulega ungir að árum og hafa þróazt með þjóðfélögunum í anda lýðræðisins. Sú hugsjón hefur átt sér æ fleiri formælendur, að skólarnir eigi að haga störfum sínum á þá lund, að hver einstaklingur fái sem bezt notið sín og hljóti það uppeldi og fræðslu, sem hentar bezt eðli hans. Þetta eru hin frumstæðustu mannréttindi. Af þessum hugsunarhætti hefur leitt, að margvíslegar rannsóknir og athuganir hafa verið gerðar á þroskaferli barna og niðurstöður þessara rannsókna hafðar að leiðarstjörnu í starfi skólanna. Kennarastarfið hefur því smám saman krafizt meiri kunnáttu og menningar.

Það er hvort tveggja þetta mannræktar-sjónarmið sem og hinar beinu þarfir þjóðfélagsins, sem hafa verður í huga við skipun barnafræðslunnar. Svo er komið málum í flestum menningarþjóðfélögum, að barnafræðslan er orðin allsendis ónógur undirbúningur undir mikinn hluta atvinnulífsins, og einsætt er, að þessari þróun miðar hratt. Barnafræðslan er þó hinn fyrsti atvinnuskóli, og undir henni er það komið að miklu leyti, hvernig síðar tekst til.

Þá verður hver menningarþjóð að hafa hið þjóðlega uppeldi ríkt í huga, ef hún ætlar sér að halda velli. Þetta á ekki sízt við um litla þjóð eins og Íslendinga, þegar

jafnvel stórþjóðirnar ugga um sig. Vér verðum að varðveita og ávaxta þær menntir, sem oss hafa fallið í skaut frá eldri kynslóðum, en þó vel minnug þess, að vér verðum einnig að fylgjast með alhliða þróun þekkingarinnar.

III.

Rétt þykir að minnast sérstaklega á farskólahaldið. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að það leggist af með öllu, svo fljótt sem kostur er.

Með frumvarpi til laga um barnafræðslu, er borið var fram á Alþingi 1934, fylgdi rækileg og ágæt greinargerð (með 17. gr. frv.) um þetta mál. Stendur allt óhaggað, sem um það var sagt þar, að undantekinni kostnaðaráætlun um stofnun heimavistarskóla. Er greinargerð þessi prentuð sem fylgiskjal með því frumvarpi, sem liggur fyrir hér (fskj. 1).

Nefndin hefur kynnt sér, hvernig þessum málum er nú farið, eins nákvæmlega og föng eru á. Hún sendi spurningar til allra farkennara og allra skólanefnda farskólanna. Skýrslu um svör þessara aðila er að finna á fskj. 2. Við þeirri spurningu nefndarinnar, hvort leggja eigi niður farskólahaldið, kváðu já 69 kennarar (39 með réttindum og 30 réttindalausir) og 53 skólanefndir. Nei sögðu 8 kennarar (þar af 6 réttindalausir) og 12 skólanefndir. 6 kennarar (allir réttindalausir) og 3 skólanefndir töldu það vafasamt. Nálega allir aðilar, sem telja, að farskólahald eigi að leggjast af, æskja heimavistarskóla í staðinn. — Í skýrslunni sést þó ekki hin sára óánægja og megna gremja, sem ríkjandi er í sveitum landsins með þessa kennsluskipan. Of langt mál yrði að rekja hér einstök svör. Til fróðleiks skulu þó tekin nokkur atriði úr einu þeirra. Skólanefnd Svínavatnsskólahverfis A.-H. kemst m. a. svo að orði:

„Skólanefndin telur, að farskólahaldið geti ekki réttlætzt, nema sem bráðabirgðafyrirkomulag, og muni aldrei geta orðið annað, enda þó að við það hafi orðið að una víðast hvar um sveitir landsins allt of lengi ýmsra orsaka vegna. ... Annmarkar farskólahaldsins eru ótal margir. Augljósasti annmarkinn er sá, að fyrirkomulagið er hugsunarvilla. Fræðslulögin fyrirskipa skólaskyldu barna 10—14 ára, en sjá ekki fyrir neinum skólastað. Engin lög eru fyrir því, að hægt sé að þvinga niður skólann á einn eða annan stað í skólahverfinu, ef enginn vill að frjálsum vilja halda hann. Fræðslulögin bjóða því það, sem hugsanlegt er, að ekki sé hægt að framfylgja. ... Skólanefndin lítur svo á, að markvisst og ákveðið verði að stefna að því, að í hverju sveitarskólahverfi verði fastur heimavistarskóli og séu börnin skólaskyld frá 7 ára aldri. ... Enda þó gengið væri út frá því sem gefnu, að alltaf væri hægt að koma skólanum einhvers staðar niður í skólahverfinu, sem þó oft getur verið erfiðleikum bundið, enda þó mögulegt kynni að vera, er um nóga aðra annmarka að ræða. Það er tiltölulega sjaldan hægt að koma skólanum þar niður, sem bezt skilyrði eru fyrir hendi. Þess vegna er oft ekki hægt að fullnægja lágmarkskröfum um hollustuhætti, aðbúð og annað, sem máli skiptir. Erfiðleikum er bundið að flokka börnin eftir þroska og þekkingarstigi. Skólamunir liggja undir skemmdum á hinum sífelldu hrakningum og ekki hægt að notfæra við kennsluna kennsluáhöld, þó til kunni að vera. Leikfimikennslu verður ekki við komið. Söngkennslu og handavinnukennslu verður sjaldnast við komið, enda þó kennarinn gæti kennt það annarra hluta vegna, en það, sem verst er, er það, að farskólakennararnir verða venjulega fljótt leiðir á starfi sínu og reyna að fá starf við fasta skóla, svo fljótt sem þeir geta. Eins og gefur að skilja, eru tíð kennaraskipti hið mesta mein fyrir hvern skóla. Það verður engin festa í skólahaldinu, og kennslan verður öll í molum. Farskólafyrirkomulagið verður að hverfa úr sögunni, hvað sem það kostar."

Þannig farast þessari skólanefnd orð, og er hún ekkert einstakt dæmi, heldur hníga langflest svörin úr farskólahverfunum mjög í sömu átt.

Þá ræddu tveir nefndarmanna (Á. H. og H. E.) þessi mál við námsstjórana á nokkurum fundum s. l. vor. Bar alveg að sama brunni með skoðanir þeirra á far-

skólahaldinu. Þeir töldu það eiga að leggjast niður, eins fljótt og nokkur tök væru á, og heimavistarskólar að koma í staðinn.

Bjarni Bjarnason skólastjóri á Laugarvatni sagði í viðtali við nefndina, að „að sínu áliti bæri brýnasta þörf til að endurbæta barnafræðsluna. Húsakostur og allur aðbúnaður að börnum og kennurum væri víða svo fyrir neðan allar hellur, að fullkomin vansæmd væri að. Ætti þetta einkum við um farskólahaldið. Mesta mein héraðsskólanna taldi hann hinn lélega undirbúning, sem farskólarnir veittu. Aftur á móti taldi hann reynslu sína af heimavistarskólum mjög góða. Þaðan kæmi fólkið ágætlega undirbúið, og skilaði því fólki ólíku betur áfram við námið. Höfuðnauðsyn væri því að hverfa frá farskólahaldinu og stefna að því að reisa heimavistarskóla, alls staðar þar sem því yrði við komið." (Tekið úr fundarg.bók milliþn. í skólam., 62. fundur.)

Nefndin er á einu máli um það, að frá farskólahaldinu eigi að hverfa hið bráðasta. Það er réttlætismál, sem hrópar á lausn. Farskólabörnin eiga við meira misrétti að búa en sennilega nokkurir aðrir þegnar þjóðfélagsins. Þeim er gersamlega meinað að búa sig undir lífið á borð við önnur börn. Þeirrar vanrækslu bíða þau aldrei bætur. Stofnun heimavistarskóla í sveitum, þar sem þeir eru ekki fyrir, verður að ganga á undan öllu öðru í skólamálum landsins.

IV.

Um annað það, sem skýra þarf í frumvarpinu, verður fjallað í athugasemdum við hverja einstaka grein þess.

I. KAFLI

1. gr.

Í fyrri fræðslulögum hefur ekki verið nein tilsvarandi grein. Rétt þykir að hafa hana til að leggja áherzlu á, að starf skólanna sé ekki bundið við fræðsluna eina, þeir hafi fleiri skyldur að rækja við börnin. Sá skilningur á hlutverki barnaskólans, sem reynt er að túlka hér, mun nú viðurkenndur almennt meðal skólamanna í lýðræðislöndum.

II. KAFLI

Nefndin telur rétt að hafa fyrirmæli um skólaskyldu og brot gegn þessum fyrirmælum nokkru fyllri en þau hafa verið. Nokkur brögð hafa verið að því, að foreldrar hafi þrjózkazt við að fara að settum reglum í þessu efni. Nefndin lítur svo á, að skólaskyldan sé um fram allt réttindi, sem þjóðfélagið tryggir börnum sínum, og það sé í rauninni næsta alvarlegt afbrot gagnvart börnunum, ef þau gæði eru af þeim höfð.

2. gr.

Þessi grein þarf lítilla skýringa við. Í henni er jöfnum höndum tekið fram, að þjóðfélaginu sé skylt að sjá fyrir skólum og foreldrum skylt að láta börn sín sækja þá. Áður hefur hið síðara atriði verið látið nægja. — Sú breyting er gerð á barnaskólaaldrinum, að hann er hér látinn ná til 13 ára aldurs í stað 14. Er það gert vegna þess, að nefndin leggur til, að skólaskylda verði einnig látin ná til framhaldsskóla. Fyrir því atriði er gerð grein með frumvarpi til laga um skólakerfi og fræðsluskyldu og frv. til laga um gagnfræðanám.

3. gr.

Þessi grein er að mestu leyti tekin upp úr gildandi fræðslulögum. Að athuguðu máli komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að víða hagaði svo til um sveitir, að illkleift mundi að fyrirskipa skilyrðislausa skólaskyldu frá 7 ára aldri. Nýtt er það, að kennara skólahverfisins er falið eftirlit með heimakennslunni.

4. gr.

Þarf engrar skýringar.

5. gr.

Öll ákvæði þessarar greinar eru í gildandi fræðslulögum. Hér er aðeins um dálítið mismunandi orðalag og niðurröðun að ræða.

6. gr.

Þau börn, sem hér um ræðir, geta ýmist ekki stundað nám í venjulegum barnaskólum sakir heilsubrests eða annarra líkamlegra annmarka (svo sem blindu, heyrnarleysis o. fl.) eða þau eru til spillis starfi skólanna. Um hin fyrrtöldu þarf varla að fara mörgum orðum. Sú mannúð er fyrir löngu viðurkennd — í orði kveðnu a. m. k. — að eigi megi neinn gjalda þess í mannréttindum, að heilsa hans sé ekki heil. Um hin síðartöldu, vandræðabörnin, gegnir raunar sama máli. Á þau ber að líta sem andlega vanheil og fara með þau eftir því. Sú er niðurstaða allra uppeldisrannsókna, sem gerðar hafa verið á þeim. Skynsamlegar uppeldisráðstafanir er hin eina lækning, sem hægt er að veita þeim. Með þeim ráðum einum er hægt að firra þjóðfélagið þeim vandræðum, sem af þeim stafa ella, og gera þau í sumum tilfellum nýta þegna, og til þess verður að sjá þeim fyrir vist í sérstökum skólum eða stofnunum við þeirra hæfi.

Námstími eða öllu heldur uppeldistími þessara barna er skoðaður sem lækningatími. Því þykir rétt, að heimild sé til að áætla hann lengri en skyldunámstíma heilbrigðra barna.

7. gr.

Þessi grein er sett í samræmi við þá skoðun, sem skýrð er í inngangsgreinargerð þessa kafla. Í fræðslulögunum hafa ávallt verið sektarákvæði um brot gegn þeim, en þar hefur eigi verið kveðið á um málsmeðferð. Rétt þykir að láta umvöndun við forráðamenn barna koma á undan sektinni.

Síðari hluti greinarinnar mun ef til vill þykja geta orkað tvímælis, þar sem strangara virðist tekið á því, að heimili fái eigi ráðið við vanrækslu barns en þótt það eigi sjálft sök á vanrækslunni. En þessi hugsun liggur hér að baki: Það verður að tryggja það, að hvert barn hljóti lögboðna fræðslu, að öðrum kosti er barnið beitt alvarlegu misrétti. Foreldrar, sem fá því eigi ráðið, að börn þeirra sæki skóla — og þess eru dæmi — standast ekki þær lágmarkskröfur, sem þjóðfélagið verður að setja fyrir umráðarétti yfir börnum. — Það getur að vísu verið engu síður alvarlegt mál, að foreldrar svíkist um að senda börn í skóla, en oft er hægt úr því að bæta með umvöndun. Því þykir rétt að hafa það ákvæði skilyrðislaust, að barn sé tekið af foreldrum, þegar þeir koma því ekki í skóla, en hitt sé matsatriði barnaverndarnefndar.

Greiðsla af hálfu hins opinbera, er svo stendur á, er studd sömu rökum og kostnaður við framkvæmd skólaskyldu. Engin ástæða er þó til að létta honum af foreldrum, ef þeir eru borgunarmenn fyrir honum.

III. KAFLI

8. gr.

Greinin er tekin að mestu leyti óbreytt úr gildandi fræðslulögum að öðru leyti en því, að heimilað er að sameina tvær sýslur í eitt fræðsluhérað, ef það þykir henta betur.

9. gr.

Hér er fræðslumálastjórn gefið skýlausara vald en áður til að ákveða skólahverfi. Er oft nauðsynlegt, að til sé tvímælalaust úrskurðarvald í þeim efnum og eðlilegast, að það sé í höndum fræðslumálastjórnar.

10. gr.

Þarf engra skýringa.

11. gr.

Þarf engra skýringa.

12. gr.

Sbr. inngangsgreinargerð III. — Ákvæðið um að hafa skólahverfi heimavistarskólanna svo stór, að fullt starf sé fyrir tvo kennara við þá, er sett vegna fenginnar reynslu. Það er miklum óþægindum bundið, að aðeins einn kennari sé við slíka skóla. Í fyrsta lagi er það mjög erfitt starf, þar sem kennarinn fær raunar enga frístund, hvorki virkan dag né helgan, í öðru lagi geta orðið mikil vandræði, ef kennari veikist, og í þriðja lagi er þess varla að vænta, að hægt sé að fá svo fjölhæfan kennara, að hann geti kennt allar lögboðnar námsgreinar.

Þá mun og sú skoðun vera útbreiddari en áður, að litlu máli skipti, hvort fara þurfi með börn nokkru lengra eða skemmra í skólann, þegar komið er af stað með þau á annað borð, svo framarlega sem ekki er um fjallvegi eða aðrar torfærur að ræða.

13. gr.

Þarf engra skýringa.

14. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði þrjá fjórðu hluta byggingarkostnaðar heimavistarskóla — í stað helmings, eins og nú er í gildi um héraðs- og húsmæðraskóla. Með þessu móti er orðið við tilmælum margra, sem hyggja til byggingar heimavistarskóla, og fræðslumálastjórninni um leið tryggður eðlilegri réttur til þess að ákvarða sameiningu hreppa um einn skóla. Er nefndinni kunnugt um, að allmargir þeirra manna, sem um þessi mál fjalla í sveitunum, væru síður en svo andvígir, að hreppapólitík fengi minni ítök um val skólastaða. Til samræmis við þetta telur nefndin rétt, að styrkur til heimangönguskóla verði helmingur stofnkostnaðar — í stað eins þriðja nú —. Þetta verður einnig látið ná til kaupstaðaskóla, því að bæði er það, að sumir kaupstaðir eru litlu betur settir fjárhagslega en sum þorpin, og svo telur nefndin, að meira samræmi fengist um skólabyggingar, ef fræðslumálastjórnin hefði alls staðar jafnan íhlutunarrétt um þær, en það er erfitt öðruvísi en með því að hafa hagsmuna að gæta í því sambandi.

Þá er hér gert ráð fyrir íbúð fyrir skólastjóra við alla skóla. Í raun og veru er þar aðeins um viðbót að ræða, að því er varðar fasta heimangönguskóla utan kaupstaða, því að samkv. núgildandi lögum fá skólastjórar í kaupstöðum, heimavistarskólakennarar og farkennarar ókeypis húsnæði. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að þetta ákvæði er nauðsynlegt til þess, að skólarnir geti haldið eða fengið góða kennara til þess að ílendast á staðnum, og ekki eru líkur til, að varanlegar úrbætur á þessu sviði fáist, nema sú leið verði farin, sem um getur í frumvarpinu. Þess má geta í þessu sambandi, að á Norðurlöndum og víðar erlendis fylgir íbúð hverju skólahúsi.

Allvíða hagar svo til, að bílar eru í förum allan veturinn — bæði til mjólkur- og farþegaflutnings. Bílferðir þessar henta víðast hvar illa skólabörnunum, nema þá e.t.v. aðra leiðina, og er þá oft um of langar vegalengdir að ræða til þess, að hægt sé að láta börnin ganga hina leiðina. Á síðast liðnum vetri var gerð tilraun með sérstaka skólabíla í Ölfusi og á Vatnsleysuströnd og þótti gefast mjög vel. Í vetur mun verða gerð hliðstæð tilraun í Hrafnagilshreppi í Eyjafirði, og vitanlega hagar víða svo til, að hægt yrði að komast hjá því að reisa heimavistarskóla, ef skólabíll yrði notaður. Þetta mundi spara sveitar- og ríkissjóði töluvert fé. Að sjálfsögðu verður að fá samþykki fræðslumálastjórnar fyrir tilhögun þessari.

15. gr.

Þarf engra skýringa.

IV. KAFLI

16. gr.

Hér er atriði, sem heyrir fremur til launalögum en fræðslulögum, og gerir nefndin ráð fyrir, að rækilega verði um það fjallað í sambandi við væntanlegt launalagafrumvarp, og sér því ekki ástæðu til frekari greinargerðar.

17. gr.

Hér er um sömu reglur að ræða og í gildi hafa verið.

18. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að hver kennslustund verði 40 mín. í stað 50 víðast hvar nú. Nefndin vill í því sambandi benda á það, að í háskóla og menntaskóla er hver kennslustund 45 mín., og virðist því ekki ástæða til að hafa kennslustund í barnaskólum lengri en 40 mín. Þegar hafa allmargir skólar reynt þetta og gefizt mjög vel. Daglegur starfstími kennara verður jafnlangur og áður eða 5 klst., en undirbúningur og úrvinnsla verkefna eykst í hlutfalli við kennslustundafjöldann. Er hér að því leyti um aukið starf að ræða fyrir kennarana, en þeir munu ekki telja það eftir sér, ef þeir fá nokkra fækkun í kennslustundum, þegar gera má ráð fyrir, að starfsþrekið fari að minnka. Þess vegna eru ákvæði frumv. um fækkun skyldustunda um 55 og 60 ára aldur. Við styttingu og fjölgun kennslustunda kennara eykst mjög hagræði við skiptingu þeirra milli námsgreina og hagnýtingu skólahúsnæðis.

Allir, sem þekkja til kennslu, vita, að hún er slítandi starf, eins og öll störf við að stjórna fólki. Þetta var t. d. viðurkennt í Þýzkalandi með því, að kennurum var ætlaður lægri starfsaldur en öðrum stéttum, eða 62 ár. — En ákvæðið um eftirgjöf skyldustunda er þó ekki sett hér eingöngu af umhyggju fyrir kennurunum, heldur engu síður barnanna vegna. Með því er verið að reyna að tryggja, að sem minnstrar þreytu þurfi að gæta í kennslunni.

19. gr.

Þarf ekki skýringa.

20. gr.

Í Reykjavík og nokkrum öðrum skólahverfum hafa komizt á reglur um greiðslu forfallakennslu, en þó telur nefndin þessum greiðslum ekki komið í svo fast horf, að hægt sé að setja um þær alls herjar lagafyrirmæli. Réttara þykir að gefa fræðslumálastjórninni stoð í lögum til að haga þessum greiðslum, eftir því sem reynslan leiðir í ljós, að heppilegast muni verða. Þá er ekki ósennilegt, að í launalögum verði sett almenn ákvæði um þetta mál, að því er varðar opinbera starfsmenn.

21. gr.

Greinin er tekin orðrétt að kalla úr núgildandi erindisbréfi fyrir skólastjóra.

22. gr.

Um ráðningu yfirkennara hafa ekki verið settar reglur. Eðlilegast er, að þeir séu ráðnir af sömu aðilum og aðrir kennarar. — Það getur verið nokkurt álitamál, hvenær þeirra er orðin brýn þörf. Meðal annars er það komið undir þeim starfsskilyrðum, sem skóli á við að búa, t. d. hvort kenna þarf í skólanum mjög langan tíma úr deginum. Þegar skóli er orðinn svo stór, að við hann starfi 10—20 fastir kennarar (eða 400—800 barna skóli), fer að verða þörf á, að skólastjóri hafi einhverja aðstoð við starf sitt. Þykir því rétt, að skólastjóri og skólanefnd dæmi um það, en fræðslumálastjórn meti síðan, hve mikil sú aðstoð skuli vera. Í skólum með 20 föstum kennurum eða fleiri er þörfin á yfirkennara orðin öldungis tvímælalaus, og er því svo að orði kveðið, að hann skuli ráðinn.

23. gr.

Nefndinni þætti að vísu æskilegast, að þeim aðstæðum væri ekki til að dreifa, að þessi grein þyrfti að koma til framkvæmda. Svo stórir skólar, sem hér er gert ráð fyrir, eru mjög varhugaverðar stofnanir. — Að því er enskur aðstoðarfræðslumálastjóri tjáði einum nefndarmanna í vetur, er ekki talið skynsamlegt í Englandi, að barnafjöldi í sama skólanum fari yfir 450. Er miðað við það, að einum manni (skólastjóranum) sé ofætlun að fylgjast með námi fleiri barna, en hins vegar nauðsynlegt, að skólastjórinn hafi heildaryfirlit yfir starf skólans. Er þetta efalaust á rökum reist. — Nefndinni hefur þó ekki þótt fært að leggja til, að lögboðinn sé hámarksfjöldi barna, sem megi sækja einn skóla samtímis. Æskilegast er, að slíkt gerist með frjálsri þróun.

Hin stærstu skólabákn hérlendis eru eins fjölmenn og hinir smærri kaupstaðir. Það er því ekki óeðlilegt, að störf, er varða heildina, kosti nokkur umsvif. Störf, sem valda lítilli fyrirhöfn í meðalstórum skóla, geta kostað svo mikið umstang í hinum stærstu skólum, að ósanngjarnt sé að bæta þeim við önnur skyldustörf kennara, án þess að ívilnun komi á móti. Má t. d. nefna gæzlu bókasafna, sameiginleg kaup og úthlutun papppírsfanga, eftirlit með kennslutækjum o. fl., o. fl. En slík verk verða fáir menn að annast, ef góð regla á að vera.

24. gr.

Undanfarin ár hefur sú regla gilt um tölu fastra kennara miðað við barnafjölda, að 25 börn hafa verið reiknuð hverjum kennara, er kennir í 6 mánuði, og 5 börn að auk fyrir hvern mánuð, sem skólinn starfar lengur. Hér er því ekki um neina teljandi breytingu að ræða. Síðari málsgrein er í samræmi við núgildandi fræðslulög.

25. gr.

Þarf engrar skýringar.

V. KAFLI

26.—34. gr.

Þessi kafli, að 35. gr. undantekinni, þarf lítilla skýringa við. Öll ákvæði hans eru tekin ýmist óbreytt eða lítið breytt upp úr fræðslulögunum eða erindisbréfi skólanefnda. Að vísu er hér gert ráð fyrir, að skólanefndir hafi heldur minni íhlutun en áður um sjálfa kennsluna í skólunum. Það hlutverk er námsstjórunum ætlað, enda hafa flestar skólanefndir engin skilyrði til að annast slíkt. Helzt væri ástæða til að minnast á fræðsluráðin. Þau voru sett á stofn með núgildandi fræðslulögum. Víðast hafa þau lítið starfað. Þó er varla hægt að segja, að þau séu algerlega tilgangslaus. Það getur oft verið heppilegt, að til sé aðili, sem fjallar um sameiginleg fræðslumál sýslnanna. Nefndin gerir ráð fyrir, að fræðsluráð barnaskólanna verði oftast nær sameinuð gagnfræðaráðum, sem um getur í frv. til laga um gagnfræðanám. Verður með því meira tilefni til þess, að þau verði kvödd saman og þau ráði ráðum sínum.

35. gr.

Í Reykjavík eru þau störf, sem skólanefndum er falið að annast, mjög umsvifamikil og engin von til, að þeim verði sinnt í hjáverkum. Á það sérstaklega við um eftirlitið með því, að öll skólaskyld börn hljóti lögmælta fræðslu, ytri aðbúð skólanna, samræmingu á starfsháttum þeirra og eftirlit með einkaskólum. Ein stofnun þarf að annast þetta fyrir allan bæinn í einu. Enn fremur sé fræðslufulltrúi ráðunautur bæjarstjórnar í skólamálum og annist að öðru leyti ýmis störf, eftir því sem ákveðið verður í erindisbréfi.

Í Reykjavík var ráðinn fræðslufulltrúi á síðast liðnu ári, en engin lagaákvæði eru til um það starf. Laun hans hafa verið greidd að helmingi úr bæjarsjóði, en að helm-

ingi úr ríkissjóði. Eðlilegast er, að starf hans sé ákveðið í fræðslulögum, þar sem það er þáttur í framkvæmd þeirra, og heyri beint undir fræðslumálastjórn.

VI. KAFLI

36. gr.

Í þessari grein er fólgin helzta skipulagsbreytingin á barnaskólunum, sem frv. gerir ráð fyrir. Að vísu hefur verið til vísir að hinu sama í eldri fræðslulögum, meira að segja í lögunum frá 1907. Það hefur verið svo til ætlazt, að um 10 ára aldur hafi börn náð ákveðnu stigi í námi og það námsstig skilgreint. Hins vegar hefur ekki verið gert ráð fyrir neinum ráðstöfunum þessu til tryggingar. — Þau rök, sem liggja til þessara ákvæða, eru hin sömu nú eins og áður, sem sé þau, að nám, eins og til er ætlazt í barnaskólum eftir 10 ára aldur, er vart hugsanlegt, nema börnin séu orðin nokkurn veginn læs og skrifandi og hafi fengið einhverja þjálfun í meðferð einfaldra talna. Hið síðara stig barnafræðslunnar má alls ekki hefja fyrr en þetta er tryggt. Þess vegna er lagt til í frv., sbr. 43. og 44. gr., að rækilegt próf verði látið fara fram um 10 ára aldur til að ganga úr skugga um það, hvaða börn eru fær um að stunda það nám, sem þá er fyrirhugað. — Þessi skipting barnafræðslunnar tíðkast víða um lönd, eins og sjá má af því yfirliti um skólakerfi ýmissa landa, sem birt er í fylgiskjali með frumvarpi til laga um skólakerfi og fræðsluskyldu. Nefndin hefur og leitað álits margra reyndra kennara um þetta atriði. Meðal annars var það rætt á síðasta kennaraþingi. Hafa allir verið mjög á einu máli um það, að þessi skipulagsbreyting væri til stórra bóta.

37. gr.

Hér er gert ráð fyrir sömu námsgreinum og kenndar hafa verið. Að vísu hefur drengjum ekki verið kennd handavinna þrjú fyrstu árin og stúlkum aðeins eitt árið og það þó aðeins í fáum skólum. En allir, sem þekkja til kennslu yngri barna, vita, að það er illa farið að sleppa svo nauðsynlegri grein fyrir verkþroska og raunar almennan þroska barnanna.

Þótt ætlazt sé til, að öll börn, sem setjast í eldri deild, séu orðin nokkurn veginn læs, skrifandi og eitthvað reiknandi, verður að gera ráð fyrir, að mjög mikla áherzlu þurfi að leggja á hin einföldustu undirstöðuatriði lestrar, skriftar og reiknings fyrir töluverðan hluta barnanna í eldri deild og gætilega verði að fara í sakirnar að ætla þeim mikið nám í öðrum greinum.

Önnur atriði þessarar greinar þarf ekki að skýra.

38. gr.

Sá kennslustundafjöldi, sem hér er nefndur, er í samræmi við tillögur og reynslu fjölda kennara, eins og sjá má m. a. á fskj. 2. Ætlazt er til, að 7 ára börn fái 18 stundir á viku, 8 ára 21, 9 ára 24, 10 ára 30, 11 ára 33 og 12 ára 36. Allt er þetta miðað við 40 mín. kennslustundir.

Hér er um að ræða töluverða aukningu fyrir yngri börnin, en litla sem enga fyrir elztu börnin. Það er tvímælalaus nauðsyn að auka kennslu yngri barnanna að verulegu leyti frá því, sem nú tíðkast, ekki sízt í kaupstöðum og þorpum. Þar taka börnin miklu minni þátt í atvinnulífinu og hafa því ófullkomnari kynningu af raunveruleikanum. Þennan skort þurfa skólarnir að geta bætt þeim upp. Sá tími barnanna, sem skólinn gerir ekki tilkall til, verður þeim oft að litlu gagni, enda er það langalgengasta umkvörtun umhyggjusamra foreldra, að þau verkefni, sem skólinn ætlar börnunum á þessu skeiði, séu allt of lítil. — Heilbrigð börn þurfa að hafa nóg fyrir stafni, og skólinn þarf að hafa tækifæri til þess að sjá þeim fyrir nægum verkefnum við þeirra hæfi. Eins og nú standa sakir, hrekkur tíminn hvergi nærri til að sinna allra nauðsynlegustu undirstöðuatriðunum, lestri, skrift og reikningi, hvað þá heldur öðru.

39. gr.

Með síðustu fræðslulögum lengdist skólatíminn í kaupstöðum og þorpum víðast hvar úr 7—7½ mán. upp í 8—9½ mán. Tími 10—14 ára barna lengdist þó yfirleitt ekkert, heldur fór aukningin til vor- og haustkennslu yngri barna. Reynslan hefur sýnt, að hin lengda skólaganga yngri barna er miklum erfiðleikum bundin. Haldið hefur verið uppi kennslu haust og vor með hálfskipuðum deildum. Börnin voru ýmist ókomin úr sveit að hausti eða farin að vorinu. Kennurum finnst eðlilega gagnslítið að leggja kapp á nám í hálftómum bekkjum, meðan telja má víst, að byrja verði á ný með sama námsefni, þegar hin börnin koma. Annars yrðu börnin svo misjöfn. Reynslan sýnir, að hér á landi er vart hægt að hefja skólanám fyrr í kaupstöðum og stærstu þorpum en um 10.—20. sept. Þá ættu allir aldursflokkar að byrja samtímis af fullum krafti og njóta kennslu til maíloka (að meðtöldum prófum). Kennarar fengju svo 10—15 daga til þess að ljúka við skýrslur og ganga frá ýmsu viðvíkjandi skólastarfinu. Starfstiminn yrði þá 9 mánuðir. Í þorpsskólum með 2—5 kennurum mun víðast henta mánuði styttri starfstími eða 8 mán. og 7—8 mán. í öðrum föstum skólum og heimavistarskólum. Sjálfsagt er, að í reglugerð verði nánar ákveðið um starfstíma hvers skóla eftir staðháttum og öðrum aðstæðum.

40. gr.

Gera verður ráð fyrir, að víða um sveitir verði fyrst um sinn erfitt að sjá öllum börnum fyrir skólavist í heimavistarskólum allan veturinn, og skólabörn verði yfirleitt á aldrinum 10—13 ára.

Reynslan hefur sýnt, að sveitabörnum notast betur námstíminn en kaupstaðabörnum. Það er færra, sem raskar friði þeirra, 3½ mán. dvöl í heimavistarskóla er þeim miklu meira virði en jafnlöng skólaganga kaupstaðarbörnum. Auk þess er slík dvöl stórkostleg endurbót frá því, sem tíðkast víða nú. Ef kennarinn fylgist svo með heimanámi barnanna þann tíma vetrarins, sem þau dveljast ekki í skólanum, má telja þolanlega séð fyrr námi þeirra.

Heimildin um vor- og haustskólahald er í samræmi við tillögur margra skólanefnda og kennara sveitanna. Slíkt skólahald er hugsað sem stuðningur við heimilin, sem mörg eiga erfitt um að annast fræðslu yngri barnanna (sbr. fskj. 2). Gæti þetta komið í veg fyrir, að skólaskylda þyrfti að hefjast um 7 ára aldur, þar sem örðugleikar eru á því. Auk þess er foreldrum miklu ljúfara að láta börnin frá sér haust og vor heldur en um háveturinn.

41. gr.

Þarf ekki skýringa.

VII. KAFLI

42. gr.

Þarf ekki skýringa.

43. gr.

Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að próf 10 ára barna fari fram undir sams konar eftirliti og fullnaðarpróf. Ástæðurnar til þess eru skýrðar í greinargerðinni með 36. gr.

Þó er svo ráð fyrir gert, að fræðslumálastjórnin skipi prófdómara, eins og tíðkaðist fyrir 1930. Verður hún að teljast eðlilegri aðili til þeirra hluta en skólanefndir, þar eð allt námseftirlitið er á hennar ábyrgð.

44. gr.

Vísast til greinargerðar með 36. gr. og 37. gr.

45. gr.

Þessi grein er tekin að miklu leyti óbreytt úr fræðslulögunum, að því er varðar höfuðnámsgreinar barnaskólans: móðurmál, skrift og reikning. Um prófkröfur í öðrum greinum þykir eðlilegra að kveða á í prófreglugerð. — Einhverjum kann að finnast undarlegt, að sömu kröfur skuli gerðar nú til 13 ára barna og áður til 14 ára. Því er til að svara, að nefndin gerir ráð fyrir, ef kennsla yngri barna verður aukin, eins og ætlazt er til í frumvarpi þessu, muni það ekki reynast fjarri sanni, að 13 ára börn verði eigi yfirleitt verr að sér en nú gerist um 14 ára börn.

46. gr.

Tilsvarandi heimild hefur verið í gildi um að leyfa fullnaðarpróf á því ári, er barn verður 13 ára. Þetta er að ýmsu leyti varhugavert ákvæði, og verður að búa vel um hnútana til að forðast misnotkun. Að vísu er nokkuru minni hætta á misnotkun, ef skólaskylda verður bundin við framhaldsnám. — Hins vegar eru ætíð nokkur börn svo bráðþroska, að sjálfsagt er að leyfa þeim að fara á undan aldursflokki sínum. Þess vegna er ákvæðinu haldið.

47. gr.

Þessi einkunnastigi er þrautreyndur í barnaskólum, og þykir rétt að lögfesta hann, svo að ekki sé verið að hringla með óþarfar breytingar.

48. gr.

Fyrir þessari grein eru sömu rök og 7. gr. hér að framan.

49. gr.

Þessi grein felur í rauninni engin ný ákvæði í sér fram yfir c-lið 5. gr. og 6. gr. Þau börn, sem standast ekki tilskilin próf ári síðar en ráðgert er, munu yfirleitt falla undir ákvæði þeirra greina. Meira að segja ætti að vera mjög fátt um slík börn í barnaskóla við 13 ára aldur, þar eð þau ættu að hafa síazt úr við 10 ára aldurinn, ef starfi barnaskóla er hagað á þá lund, sem frumvarp þetta ætlast til.

Það er allalgengt í barnaskólum, að tornæm börn séu einu ári á eftir aldursflokki sínum, og virðist engum vandkvæðum bundið.

50. gr.

Þarf engra skýringa.

VIII. KAFLI

51. gr.

Greinin er tekin óbreytt að kalla upp úr gildandi fræðslulögum. Námsstjórar hafa starfað þrjú undanfarin ár. Hefur ríkt mikil ánægja með starf þeirra og það þótt gefa góða raun.

IX. KAFLI

52. gr.

Í þessari gr. felast ákvæði núgildandi laga að öðru leyti en því, að hér er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður endurgreiði ¼ rekstrarkostnaðarins að fengnum skýrslum um fullnægjandi skólahald. Reynslan er sú víða, að til þess að hægt sé að knýja fram nauðsynlegt viðhald og endurbætur á skólahúsnæði og aðbúð við kennsluna, þá verði ríkissjóður að taka sinn þátt í þeim kostnaði og fræðslumálastjórn geta synjað um sinn hluta, ef ekki eru framkvæmd fyrirmæli hennar, sem gefin eru samkvæmt gildandi lögum og reglum um skólahald.

53. gr.

Greinin er tekin óbreytt að efni til upp úr gildandi fræðslulögum, að öðru leyti en því, að skólanefndum er ætlað að meta, hvenær hjálpar er þörf. Þar sem skólanefnd ber skylda til að sjá svo um, að börnin séu send í skóla, virðist eðlilegt, að hún meti skilyrðin til þess að fullnægja þeim kröfum.

X. KAFLI

54. gr.

Greinin er tekin óbreytt að efni upp úr gildandi fræðslulögum, og virðist hún ekki þurfa skýringa við.

55. gr.

Vísast til greinargerðar með 3. gr. frv. til laga um skólakerfi og skólaskyldu.

XI. KAFLI

56. gr.

Greinin er sett hér með hliðsjón af tveimur frumvörpum til laga um þessi efni, er lögð hafa verið fyrir Alþingi, þ. e. frv. til laga um breyting á lögum nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna (1942 (59. löggjafarþing) — 93. mál) og frv. til laga um heilsuverndarstöðvar (lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944).

Vísast hér til greinargerða og athugasemda, er fylgja frumvörpum þessum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þessi ákvæði eru óhjákvæmileg sökum farskólanna, meðan við þá verður að una.

Fylgiskjal 1.

Greinargerð fyrir 17. gr. frumv. til laga um fræðslu barna, þskj. 345/1934.

Helztu gallarnir, sem komið hafa í ljós við reynsluna á núverandi skipulagi, eru þessir:

1. Víðast er ekkert húsnæði fyrir farskólana, og verður því að semja við einstök heimili þennan og þennan veturinn um að taka kennara og börn í vist um lengri eða skemmri tíma. Oft gengur þetta hörmulega illa, eins og við er að búast, þar sem engum ber skylda til að gera það. Vegna þessara örðugleika er víðast orðið mjög erfitt að fá nokkurn mann viljugan í skólanefnd. Oft verður niðurstaðan sú, að kennslan er látin fara fram þar, sem flest börn eru í heimili, án tillits til þess, hvort húsakynni séu viðunandi. Einhverjum kann nú að virðast svo, að húsnæði, sem hægt er að nota til íbúðar fyrir börn, sé einnig hæft til kennslu. En þar er ólíku saman að jafna. Fyrst er nú það, að húsakynni geta verið sæmileg fyrir heimilisfólkið, þótt þau verði ófullnægjandi, t. d. loftrýmið, þegar nokkur aðkomubörn bætast við. Þá er kuldinn, sem oftast mun vera alvarlegasta hættan við kennslustofur farskólanna. Börnum heimilisins getur liðið sæmilega og heilsu þeirra engin hætta búin, meðan þau eru frjáls að því að vera ýmist úti á hreyfingu eða þar í húsinu, sem hlýjast er, t. d. eldhúsinu eða í baðstofu. Allt öðru máli gegnir, þegar börnin eru skylduð til að sitja um kyrrt við bóknám klukkustundum saman í stofu, þar sem annars er e. t. v. mjög lítið verið að vetrinum, og illa eða ekkert hitað. Þar við bætist svo, að sæti og borð eru alls ekki sniðin við barna hæfi og birtan oft ófullnægjandi. En þetta er einmitt sú raunasaga, sem margir farkennarar hafa að segja, að þeir eru, gegn betri vitund, neyddir til að kenna í stofum, þar sem heilsu barnanna og þeirra sjálfra er stefnt í tvísýnu vegna kulda, raka, loftleysis og óhæfilegra sæta og óhollrar birtu. Kunnugt er um farkennara

fleiri en einn, sem talið er með sterkum líkum, að hafi misst heilsuna af þessum ástæðum. Hvað mun þá um börnin, óhörðnuð á viðkvæmasta vaxtarskeiði? Hér er um mjög alvarlega hættu að ræða fyrir æsku sveitanna, og þarf skjótra umbóta við, ef vel á að fara.

2. Kjör og starfsskilyrði farkennara eru þannig, að flestum mun finnast það hreinasta neyðarbrauð að þurfa að hlíta þeim til lengdar. Auk húsakynnanna, sem þegar er vikið að, eru launin hin hraklegustu, svo og þeir höfuðókostir, sem því fylgja, að hrekjast úr einum stað í annan með bækur og áhöld, eða réttara sagt nærri bóka- og áhaldalaus, vantandi allt til alls. Flestir farkennarar eru ráðnir frá ári til árs og mjög réttlausir gagnvart skólanefndum og háðir þeim. Mætti t. d. benda á ákveðið dæmi þess, að skólanefndir hafa sagt kennurum upp stöðunni vegna þess, að þeir hafa gert hærri kröfur en nefndinni líkaði til húsnæðis, áhalda og annarra starfsskilyrða. Þetta, sem nú hefur verið talið, og ýmislegt fleira, sem ekki er tök að rekja hér, verður þess valdandi: Í fyrsta lagi, að ómögulegt hefur reynzt að fá nógu hæfa menn til að taka að sér farkennslu í sveitum landsins. Í öðru lagi, þar sem hæfir menn fást, una þeir sjaldan starfinu nema stutta stund. Ættu allir að geta séð, hvílíkur voði það er menningu sveitanna, ef nokkur hluti þeirra manna, sem taka að sér uppfræðslu æskunnar, veljast fremur til starfsins af því, að þeir eiga ekki annars úrkosti, en af áhuga og menntun til að rækja það, og ef hinir, menntuðu hæfileikamennirnir, sem fást til starfsins, hverfa frá því, jafnskjótt og þeim býðst eitthvað annað, eða eru hraktir á brott vegna þess, að þeir skilja hlutverk sitt og gera kröfur til að fá skilyrði til að rækja það sómasamlega. Þetta er því ískyggilegra, þar sem það er alkunn staðreynd, að árangur kennslustarfsins er, sennilega fremur en í flestum öðrum starfsgreinum, háður hæfileikum og menntun þess, er vinnur það. Það eitt, að börn farskólanna fái nýjan kennara á hverju ári, er mjög illt og hætt við, að sá maður hafi minni áhuga á starfinu og umbótum á fræðslumálum sveitarinnar, sem ætlar sér að flytja í burtu við fyrsta tækifæri.

3. Um 40% af þeim börnum, sem koma í farskólana 10 ára gömul, eru svo illa undirbúin, að þeim verður ekki hálft gagn af skólavistinni, og skólatíminn er svo stuttur, að engin von er til, að úr undirbúningsleysinu sé hægt að bæta. Sérstaklega gildir þetta um þá námsgreinina, sem mest á ríður, en það er lesturinn. Hætt er við, og má reyndar telja alveg víst, að á næstunni fari lestrarundirbúningur heimilanna versnandi frá því, sem nú er, eftir því sem fólkinu á heimilunum fækkar og einyrkjaheimilum fjölgar. Þá er og vert að benda á eina staðreynd í þessu sambandi, eigi síður mikilsverða, en hún er sú, að með fólksfækkuninni í sveitunum og þeirri atvinnu- og þjóðlífsbyltingu, sem farið hefur fram samtímis henni, hefur kippt burtu að mestu grundvellinum undan hinu forna menningaruppeldi sveitaheimilanna. Það er alkunnugt, að frá því að Ísland byggðist, hefur ýmist blómgazt eða viðhaldizt sérkennileg og stórmerk menning í sveitum landsins. Það eitt, hvernig íslenzk tunga hélt velli í sveitunum, fögur og þróttmikil, gegnum langvarandi niðurlægingu og áþjánartímabil í sögu þjóðarinnar, sýnir bezt, hversu þróttmikið andlegt líf sveitirnar hafa alið og varðveitt, og það var ekki einungis borið uppi af fáeinum mönnum, heldur öllum almenningi. Uppistaða þessarar menningar var tvímælalaust hin fjölmennu sveitaheimili með sínum fjölbreyttu vinnuháttum, mörgu tómstundum og margvíslegu fræða- og fróðleiksstarfsemi. Á heimilunum drukku börn og unglingar í sig hina þjóðlegu menningu, kynntust sögu og bókmenntum þjóðarinnar og lærðu flest þau störf, sem atvinnulíf þjóðarinnar þá útheimti af fullorðnum mönnum að kunna. Nú eru þessi uppeldisskilyrði sveitaheimilanna að miklu leyti úr sögunni og verða það sennilega ennþá víðar á næstu árum. Það virðist því einsætt, að ef ekkert verður að gert, þá muni menning sveitanna í náinni framtíð bíða þann hnekki, sem þjóðinni allri stendur ískyggileg hætta af. En það, sem þarf að gera, er að skapa uppvaxandi kynslóð sveitanna menningarskilyrði í samræmi við kröfur og þarfir hins nýja

tíma. Bezta og að því er séð verður eina ráðið til þess er það, að láta börnunum í té ný menningarheimili, skóla, á líkan hátt og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, og fá hina beztu og sérfróðustu menn til að veita þeim forstöðu.

Hið sama virðist hafa vakað fyrir milliþinganefndinni í fræðslumálum frá 1922, og að hún telji heimavistarskóla-fyrirkomulagið hið eina til frambúðar. Telur hún, eftir svörum, er henni höfðu borizt við spurningum um þetta atriði, er hún hafði sent út um land, að sú skoðun sé orðin nokkuð almenn, að það sé hið rétta. En það er aftur á móti víst, að síðan 1922 hafa augu manna opnazt enn betur fyrir nauðsyn heimavistarskólanna í strjálbýlinu, því að nú mun að kalla hver maður, sem vill af alvöru hugsa um þessi mál, sjá og skilja þá brýnu þörf, að ekki dugir að halda lengur áfram farskólabaslinu.

Af framantöldum ástæðum er farskólafyrirkomulagið orðið alveg óviðunandi, og þetta finna menn orðið almennt. Má meðal annars sjá það á því, að þrátt fyrir kreppuna hafa á síðustu árum verið reistir 10 heimavistarskólar í sveitum, og a. m. k. 15 sveitir í viðbót eru nú í undirbúningi með að reisa slíka skóla.

Það, sem við leggjum til, að komi í stað farskólanna, eru heimavistarskólar, því að skólar án heimavistar geta aðeins komið til greina þar, sem um mjög litlar vegalengdir er að ræða, vegna umhleypingasamrar veðráttu og ófullkominna samgangna.

Þörfin fyrir breytt skipulag er þegar farin að gera vart við sig, en því miður hafa flestir þeir skólar, sem þegar eru reistir, verið byggðir að meira eða minna leyti án skipulags, hvað viðkemur gerð húsanna og viðáttu héraðsins, sem á sókn að þeim. Þetta t. d. hefur gert þá allt of dýra, en þó óhentuga. Þetta sýnir meðal annars hina brýnu þörf á skipulagningu þessara mála sem fyrst.

— — —

Margar mótbárur eru bornar fram gegn heimavistarskólum af þeim, sem ekki þekkja til slíkra skóla. Ein er sú, að aðstandendur barna hafi ekki efni á að kosta dvöl þeirra í heimavist, en þess er að gæta, að allur fjöldinn verður að senda börn sín að heiman til dvalar þann tíma, er þau stunda nám í farskólunum. Sú reynsla, sem fengizt hefur um dvalarkostnað í þeim heimavistarskólum, sem hafa starfað hér undanfarin ár, er, að kostnaður fyrir hvern nemanda á dag hefur víðast orðið frá 65—80 aurar, og er það yfirleitt minna en það, sem tekið er fyrir börn, þegar þeim er komið fyrir til dvalar á heimilum. Þetta hefur fengizt ódýrast á þann hátt, að samin hefur verið áætlun að haustinu yfir þau matvæli, sem ætlað er, að skólinn þarfnaðist yfir veturinn. Þessu er svo skipt niður á framfærendur barnanna, eftir því sem hentast þykir. Þeir, sem búa næst skólanum, geta t. d. lagt til mjólk o. s. frv. Á þennan hátt er auðsætt, að fæðiskostnaður barnanna þarf ekki að verða tilfinnanlega meiri heldur en þau væru heima. Kaup ráðskonu er sums staðar að einhverju eða jafnvel að öllu leyti greitt úr sveitarsjóði, og verður það auðvitað til að létta fæðiskostnaðinn. Yfirburði heimavistarskóla fram yfir farskóla til meiri beinnar fræðslu þarf ekki að bera saman, það er svo augljóst mál, betra húsnæði, auðveldara með öll kennsluáhöld og börnin samstæðari, því að þeim er þá skipað saman, sem samleið eiga, og öll aðstaða verður því einnig í því efni miklu betri. Sumir segjast ekki mundu trúa heimavistarskólum fyrir börnum sínum, vegna þess, að þeir ætla, að heilsu og siðferði barnanna sé þar sérstök hætta búin. Þá er að athuga þær mótbárur samanborið við farskólana.

Flest börnin verða að ganga lengri eða skemmri veg í farskólana og þá auðvitað í slæmum veðrum og ekki búin sem skyldi. Þegar á skólastaðinn kemur, verða þau að sitja í misjafnlega vel upphituðum og loftgóðum húsakynnum, þar sem kennslan fer fram. Kröfur um hollustuhætti alla í heimavistarskólum, bæði kennslustofu og svefnherbergja, eru langtum meiri en fjöldinn allur af sveitaheimilum getur enn þá uppfyllt. Hollusta fæðis í heimavistarskólum virðist ekki ástæða til að ætla, að standi að baki því, sem allflest heimili hafa upp á að bjóða, þar sem efnið í matinn er fyrst og fremst það, sem heimilin leggja til.

Þá er það sú hliðin, sem veit að hinu siðferðislega uppeldi. Gert er ráð fyrir, að flestir heimavistarskólarnir rúmi í heimavistinni í einu nál. 20 börn. Vegna þess að ætlazt er til, að börnum þeim, sem sókn eiga að skólanum, sé þrískipt, verða þau börn, sem eru á hverjum tíma, lík að þroska, og er það mikill kostur, bæði vegna fræðslu og uppeldis. Það virðist nokkuð augljóst, að kennarar hafi betri aðstöðu til uppeldisáhrifa í heimavistarskólum en annars staðar. Í heimangönguskólum sleppir kennarinn hendinni af börnunum, jafnskjótt og þau fara úr skólanum á hverjum degi, en í heimavistarskólanum fylgist kennarinn með þeim allan daginn, ekki aðeins í hinum eiginlegu kennslustundum, heldur líka utan þeirra. Hann matast með þeim, tekur þátt í leikjum þeirra, fylgist með í undirbúningsstarfi þeirra undir næsta dag o. s. frv.

Börnin hirða sjálf herbergi sín, og áhugi þeirra er glæddur fyrir snyrtilegri umgengni og reglusemi. Allt slíkt er ólíkt auðveldara og varanlegra í lifandi starfi en með áminningum einum.

Heimavistarskólar hafa þannig ótal tækifæri, sem hægt er að nota til þess að leggja trausta undirstöðu félagslegs þroska, samstarfs og háttprýði.

Á síðari árum hefur verið mikið um það rætt, hvað hægt sé að gera til þess að stöðva straum unga fólksins úr sveitum til sjávarþorpa og kaupstaða. Barátta er þegar hafin til þess að gera sveitirnar byggilegri á ýmsan hátt, ræktun aukin, húsakynni bætt, samgöngur gerðar auðveldari með hverju ári, héraðsskólar reistir. Þetta er allt ágætt og miðar að því að skapa sveitafólkinu menningarskilyrði, en það má ekki gleymast, að ef þetta á að ná því marki, sem að er stefnt, verður andlegt og líkamlegt uppeldi að haldast í hendur við hinar verklegu framfarir, en það er nú vafamál, að svo sé. Barnafræðslan í sveitunum hefur víða staðið í stað, síðan skólaskylda var lögboðin 1907. Allir ættu að geta séð, hversu slík kyrrstaða í undirstöðuatriðum menningar sveitanna er hættuleg fyrir þjóðarheildina. Nú verður að hefjast handa og hrinda í framkvæmd svo fljótt sem auðið er hinu langmesta menningarmáli sveitanna, sem nú kallar að, byggingu heimavistarskólanna.

— — —

Það virðist sjálfsagt, að fundið verði fast skipulag á slíkum skólum, svo að þeir gætu orðið byggðir í sama formi flestir eða allir. Glugga, hurðir og fjöldamargt fleira ætti að „standardisera“ og bjóða svo út. Vinnuverkstæði gætu þá unnið þetta á þeim tíma, sem annars er lítið að gera, og selt það því ódýrara. Gæti þetta orðið báðum aðilum hagur.

Steypumót ætti að mega nota hin sömu við marga skóla, hvern eftir annan, og hafa þau svo vönduð, að ekki þyrfti að slétta veggina á eftir. Efni allt á vitanlega að vera hægt að fá fyrir lægra verð en einstaklingar verða að gefa fyrir það, með því að bjóða það út og kaupa í einu til allra þeirra skóla, sem byggðir væru á sama ári.

Margt fleira mætti nefna, sem ætti að geta gert húsin ódýrari, ef unnið er af fyrirhyggju og skipulega af mönnum, sem vit hafa á þeim málum og nægilega reynslu. Það er vitanlega sjálfsagt, að fræðslumálastjórnin hafi sína trúnaðarmenn til að líta eftir byggingu þessara skóla eða jafnvel stjórna verkinu. Með því móti á líka að vera hægt að nota svo að segja eingöngu innansveitarmenn á hverjum stað til þess að vinna verkið.

Austurbæjarskólinn í Reykjavík mun hafa kostað um 1½ milljón króna, en fyrir þá upphæð ætti að vera hægt að byggja 50—60 heimavistarskóla í sveit, eða allt að því ⅔ þeirra skóla, sem byggja þarf. Það mun margur segja, að við höfum ekki efni á að byggja alla þessa skóla, en meðan þjóðin hefur efni á annaðhvort að lána einstökum mönnum fé til þess að byggja einnar fjölskyldu hús fyrir 25—60 þús. eða lofa þeim að græða svo mikið á sér, að þeir geti byggt fyrir eigið fé, hefur enginn rétt til þess að segja, að hún hafi ekki ráð á að fullnægja lægstu kröfum, sem gerðar eru til siðaðra þjóða nú á dögum í fræðslumálum.

Fylgiskjal 2.

Yfirlitsskýrsla um svör kennara og skólanefnda við spurningum milliþinganefndar í skólamálum.

Um miðjan veturinn 1943/44 sendi skólamálanefndin skólastjórum (kennurum) og skólanefndum allra fasta-, heimavistar- og farskóla spurningar þær, er hér fara á eftir:

I. Spurningar til skólanefndar/skólastjóra í föstum skólum
(þ. e. í kaupstöðum, þorpum og sveitum).

1. Á hvaða aldri teljið þér, að skólanám barna eigi að hefjast? .....
2. Á hvaða aldursári teljið þér, að börn eigi að ljúka barnaskólanámi (fullnaðarprófi)? (Hér gæti komið til greina að ljúka barnaskólanámi fyrr en nú, enda nái skólaskylda þá einnig til framhaldsnáms.) .....
3. a. Teljið þér æskilegt, að skólaskylda — eða námsskylda — nái til unglinga, eftir að barnaskólanámi er lokið? .....
   b. Ef svo er, þá til hvaða aldurs? .....
   c. Hvaða tilhögun telduð þér þurfa að hafa á því námi? .....
4. Teljið þér þörf á því að auka kennslu 7—10 ára barna frá því, sem nú er? ....
   a. Ef svo er, hve margar kennslustundir ætti þá hver aldursflokkur að fá á viku? .....
   b. Hvað teljið þér þurfa að gera til þess að auka fjölbreytni námsefnisins? ....
5. Teljið þér vor- og haustskóla-fyrirkomulagið heppilegt, eins og því er nú háttað, eða teljið þér hagkvæmara, að skólatími yrði hinn sami fyrir öll börn til fullnaðarprófs? .....
6. Hvað teljið þér hæfilegt, að barnaskólinn í yðar skólahverfi starfi marga mánuði og frá hvaða tíma að haustinu? .....
7. Teljið þér þörf á því, að komið verði á fót smábarnaskólum fyrir 5—7 ára börn? .....
8. Hvaða tillögur, aðrar en ofangreindar spurningar gefa tilefni til, viljið þér gera um barnafræðsluna? .....

II. Spurningar til skólanefndar/skólastjóra heimavistarbarnaskóla.

1. a. Teljið þér, að heimilin í skólahverfi yðar geti almennt annazt fræðslu barna til 10 ára aldurs eða lengur? .....
   b. Ef ekki, hvaða ráðstafanir teljið þér þurfi að gera til úrbóta?
2. Á hvaða aldursári ættu börn að koma í heimavistarskóla? .....
3. Á hvaða aldursári teljið þér, að börn eigi að ljúka barnaskólanámi (fullnaðarprófi)? (Hér gæti komið til greina að ljúka barnaskólanámi fyrr en nú, enda nái skólaskylda þá einnig til framhaldsnáms.) .....
4. a. Teljið þér æskilegt, að skólaskylda — eða námsskylda — nái til unglinga, eftir að barnaskólanámi er lokið? .....
   b. Ef svo er, þá til hvaða aldurs? .....
   c. Hvaða tilhögun telduð þér þurfa að hafa á því námi? .....
5. Hvað teljið þér hæfilegt, að barnaskólinn í yðar skólahverfi starfi marga mánuði og frá hvaða tíma að haustinu? .....
6. Hvernig fellur foreldrum eða forráðamönnum við heimavistarskólahaldið í yðar skólahverfi? .....
7. a. Vitið þér til þess, að óskir séu til um það í yðar skólahverfi að breyta skólahaldinu frá því, sem nú er (t. d. að leggja niður heimavistarskólann)? .....
   b. Ef svo er, hvers vegna og í hvaða horf vilja menn breyta skólahaldinu? ....
8. Hvaða tillögur, aðrar en framangreindar spurningar gefa tilefni til, viljið þér gera um barnafræðsluna? .....

III. Spurningar til skólanefndar/kennara í farskólum.

1. a. Teljið þér, að heimilin í skólahverfi yðar geti almennt annazt fræðslu barna til 10 ára aldurs eða lengur? .....
   b. Ef ekki, hvaða ráðstafanir teljið þér þurfi að gera til útbóta? .....
2. a. Teljið þér, að farskólahaldið fullnægi þeim kröfum, sem aðstandendur vilja, að fullnægt verði um fræðslu barna sinna? .....
   b. Ef ekki, teljið þér, að hægt sé að endurbæta svo farskólahaldið, að skynsamlegum kröfum um fræðslu barnanna verði fullnægt, og í hverju ættu þær endurbætur að vera fólgnar?
3. Hverjir eru aðalannmarkar á farskólahaldinu, og í hverju eru þeir fólgnir? ....
4. Teljið þér, að farskólahaldið ætti að leggjast niður, og ef svo er, hvaða skipun fræðslunnar teljið þér, að ætti að koma í staðinn?
5. Á hvaða aldursári teljið þér, að börn eigi að ljúka barnaskólanámi (fullnaðarprófi)? (Hér gæti komið til greina að ljúka barnaskólanámi fyrr en nú, enda nái skólaskylda þá einnig til framhaldsnáms.)
6. a. Teljið þér æskilegt, að skólaskylda — eða námsskylda — nái til unglinga, eftir að barnaskólanámi er lokið? .....
   b. Ef svo er, þá til hvaða aldurs? .....
   c. Hvaða tilhögun telduð þér þurfa að hafa á því námi? .....
7. Hvaða tillögur, aðrar en ofangreindar spurningar gefa tilefni til, viljið þér gera um barnafræðsluna?

Á fylgiskjali 3, er fylgir frv. til laga um skólakerfi og fræðsluskyldu, er gerð grein fyrir því, hve mörg svör bárust, og enn fremur, hvernig þau féllu, er við koma skólaskyldu o. þ. u. l. Vísast því til umræddS fylgiskjals í þessu efni.

Þar eð tiltölulega fáir svöruðu spurningunum I 3 c, I 4 b, II 4 b og III 6 c svo, að á því væri nokkuð að græða, þá verður sleppt að gera grein fyrir þeim svörum.

Hér fer á eftir greinargerð fyrir algengustu svörum við aðrar spurningar.

I. Frá föstum skólum.

4. sp. Teljið þér þörf á því að auka kennslu 7—10 ára barna frá því, sem nú er?
a. Ef svo er, hve margar kennslustundir ætti þá hver aldursflokkur að fá á viku?

Svör	Skólastj. já	Skólastj. nei	Skólan. já	Skólan. nei	Svör alls
Úr kaupstöðum	6	2	1	3	12
— þorpum	10	16	7	7	40
— sveitum	12	6	9	4	31
Alls	28	24	17	14	83

4. sp. a. svara flestir á þann veg, að lágmarks-kennslustundafjöldi 7—9 ára barna þurfi að vera 18—24 std. á viku (þ. e. 18 std. f. 7 ára börn, 21 fyrir 8 ára og 24 std. fyrir 9 ára börn).

5. sp. Teljið þér vor- og haustskóla-fyrirkomulagið heppilegt, eins og því er nú háttað, eða teljið þér hagkvæmara, að skólatími yrði hinn sami fyrir öll börn til fullnaðarprófs?

Svör	Jafn tími skstj.	Jafn tími skn.	Misj. tími skstj.	Misj. tími skn.	Svör alls
Úr kaupstöðum	1	1	7	3	12
— þorpum	8	5	16	9	38
— sveitum	9	9	4	5	27
Alls	18	15	27	17	77

6. sp. Hvað teljið þér hæfilegt, að barnaskólinn í yðar skólahverfi starfi marga mánuði og frá hvaða tima að haustinu?

Svör	5–6 mán. ke.*	skn.	7 mán. ke.	skn.	7½ mán. ke.	skn.	8 mán. ke.	skn.	8½ mán ke.	skn.	9 mán. ke.	skn.
Úr kaupstöðum	„	„	„	1	„	„	„	„	2	2	6	1
— þorpum	„	„	6	5	3	1	9	7	1	„	7	3
— sveitum	7	6	11	5	3	2	4	3	„	1	1	„
Alls	7	6	17	11	6	3	13	10	3	3	14	4

6—7½ mán. skólar byrji í okt., 8—8½ mán. skólar frá 15. sept. til 1. okt. og 9 mán. skólar um miðjan sept.

7. sp. Teljið þér þörf á því, að komið verði á fót smábarnaskólum fyrir 5—7 ára börn?

Svör	Já skstj.	skn.	Nei skstj.	skn.	Svör alls
Úr kaupstöðum	5	3	3	1	12
— þorpum	8	5	13	8	34
— sveitum	3	„	12	7	22
Alls	16	8	28	16	68

Neikvæðu svörunum fylgdi víðast sú viðbót, að kennarar ættu að líta eftir því, að heimilin reyndu að leiðbeina börnunum eða einhver smástyrkur yrði veittur til smábarnaskóla.

8. sp. Hvaða tillögur, aðrar en ofangreindar spurningar gefa tilefni til, viljið þér gera um barnafræðsluna?

Við þessari spurningu voru allmargvísleg svör, sem þó hnigu flest í sömu átt. Bent var aðallega á eftirtalin atriði:

1. Auka þarf félagsstarf meðal barna, eftirlit með leikjum þeirra o. þ. h.
2. Sérskólar verði stofnaðir fyrir þau börn, sem ekki eiga samleið með öðrum (normal) skólabörnum, og þeim valið námsefni og verkefni við sitt hæfi.
3. Bætt veri aðstaða barna til heimanáms — þ. e. undirbúnings undir dagleg skólastörf — annaðhvort með bættum húsakosti heimilanna eða með lesstofu fyrir börn
4. Aðstaða til skólanáms verði bætt með auknum og betri húsakosti skólanna, áhöldum, námsbókum o. þ. u. l.
5. Í skólum — og þá einkum fámennum — þar sem kennararnir geta ekki kennt sérgreinar, svo sem handavinnu, söng, leikfimi o. fl., þyrfti farandkennara í téðum greinum.
6. Höfuðáherzla verði lögð á móðurmálið og þjóðleg fræði.
7. Aukið náms- og kennslueftirlit.

II. Frá heimavistarskólum:

1. sp. a. Teljið þér, að heimilin í skólahverfi yðar geti almennt annazt fræðslu barna til 10 ára aldurs eða lengur?

b. Ef ekki, hvaða ráðstafanir teljið þér þurfi að gera til úrbóta?

Svör a: Já sögðu 3 skólastj. og 5 skólanefndir. Já, en þó ekki án hjálpar til þeirra heimila, sem ekki geta fullnægt skyldu sinni, sögðu 5 skólastjórar og 2 skólanefndir. Nei sögðu 8 skólastj. og 3 skólanefndir.

b: Þessu svöruðu flestir þannig, að hafa þyrfti kennslu haust og vor fyrir 7—10 ára börn og eftirlit að vetrinum með námi þeirra.

*) Hér er átt við skólastjóra.

2. sp. Á hvaða aldursári ættu börn að koma í heimavistarskóla?

Svör: Af 17 skólastj. segja 2 um 8 ára, 4 segja 7—10 ára eftir ástæðum, 2 um 9 ára, 8 um 10 ára og 1 um 12 ára aldur. Langflestar skólanefndir telja 10 ára aldur hæfilegastan til þess að byrja heimavistarskólanám.

5. sp. Hvað teljið þér hæfilegt, að barnaskólinn í yðar skólahverfi starfi marga mánuði og frá hvaða tíma að haustinu?

Svör: Hæfilegan starfstíma heimavistarskóla telja 5 skólastjórar vera 6 mán., 5 skólastj. 7 mán., 4 skólastj. 7½—8 mán., 1 skólastj. 8½ mán. og 1 skólastj. 9 mán. Flestir telja hæfilegt að byrja 1.—20. okt., nema 2 þeir síðasttöldu, sem vildu auðvitað byrja fyrr. Flestar skólanefndir telja 6—7 mán. hæfilegan starfstíma, en 2 skólanefndir vilja 8 mán.

6. sp. Hvernig fellur foreldrum eða forráðamönnum við heimavistarskólahaldið í yðar skólahverfi?

7. sp. a. Vitið þér til þess, að óskir séu til um það í yðar skólahverfi að breyta skólahaldinu frá því, sem nú er (t.d. að leggja niður heimavistarskólann)?

b. Ef svo er, hvers vegna og í hvaða horf vilja menn breyta skólahaldinu?

Svör við 6. og 7. sp. Bæði skólastj. og skólanefndir segja, að vel líki við heimavistarskólana, og sumir segja mjög vel. Engar óskir um breytingu.

8. sp. Hvaða tillögur, aðrar en framangreindar spurningar gefa tilefni til, viljið þér gera um barnafræðsluna?

Svör voru yfirleitt svipuð og frá föstu skólunum. Enn fremur lögð áherzla á það, að heimavistarskólar verði ekki jafnframt samkomuhús og keppa beri að því, að heimavistarskólarnir verði það fjölmennir, að starf verði fyrir a. m. k. 2 kennara við hvern skóla.

III. Frá farskólum:

Svör bárust frá skólanefndum og kennurum — ýmist hvorum aðila fyrir sig eða báðum — úr 100 farskólahverjum af 118. Í þessum skólahverfum (118) voru 53 farkennarar með kennararéttindum og 72 réttindalausir.

Svör bárust frá 69 skólanefndum, 42 kennurum með kennararéttindum og 48 réttindalausum.

1. sp. a. Teljið þér, að heimilin í skólahverfi yðar geti almennt annazt fræðslu barna til 10 ára aldurs eða lengur?

b. Ef ekki, hvaða ráðstafanir teljið þér þurfi að gera til úrbóta?

Svör við a og b: Tæpur þriðjungur þeirra, er svöruðu þessu, taldi, að aðstandendur gætu annazt fræðsluna til 10 ára aldurs, en flestir þeirra tóku þó fram, að veita þyrfti einhverja aðstoð og auka þyrfti eftirlit með fræðslu þessara barna. Rúmlega ⅔ svöruðu neitandi.

2. sp. a. Teljið þér, að farskólahaldið fullnægi þeim kröfum, sem aðstandendur vilja, að fullnægt verði um fræðslu barna sinna?

b. Ef ekki, teljið þér, að hægt sé að endurbæta svo farskólahaldið, að skynsamlegum kröfum um fræðslu barnanna verði fullnægt, og í hverju ættu þær endurbætur að vera fólgnar?

Svör við 2 a:	Kennarar m. prófi	Kennarar próflausir	Skólanefndir	Svör alls
já	6	11	6	23
já, en með hjálp	2	6	14	22
tæplega	„	4	6	10
nei	34	20	37	91
Alls	42	41	63	146

2 b: Þeir, sem telja, að una megi við farskólahaldið (2 a já — tæplega) vilja endurbæta það með betri húsakynnum, fækkun kennslustaða, lengri kennslutíma o. þ. u. l.

3. sp. Hverjir eru aðalannmarkar á farskólahaldinu, og í hverju eru þeir fólgnir?

Svör: Aðalannmarkar á farskólahaldi eru af langflestum taldir þessir: Of margir kennslustaðir, slæm og of lítil húsakynni, ófullnægjandi skólahúsgögn og kennslutæki, erfiðleikar að útvega kennslustaði og dvalarstaði fyrir kennara, erfitt að flytja kennara og áhöld, of löng skólaganga fyrir börnin, erfitt að flokka börnin eftir aldri og getu, lítil eða engin kennsla í sérgreinum, tíð kennaraskipti, ekki fást kennaraprófsmenn, erfiðleikar með næði til heimanáms og lesturs o. fl., o. fl.

4. sp. Teljið þér, að farskólahaldið ætti að leggjast niður, og ef svo er, hvaða skipun fræðslunnar teljið þér, að ætti að koma í staðinn?

Svör	Kennarar m. próf	Kennarar próflausir	Skólanefndir	Svör alls
Já	39	30	53⅓	122⅓
Vafasamt	„	6	3	9
Nei	2	6	11⅔	19⅔
Alls	41	42	68	151

Í stað farskólanna telja 39 kennaraprófsmenn, 30 próflausir kennarar og 53⅓ skólanefnd að koma eigi heimavistarskólar. Á 4 stöðum er talið, að ef ekki fáist heimavistarskóli, megi e. t. v. leysa vandræðin með heimangönguskóla.

7. sp. Hvaða tillögur, aðrar en ofangreindar spurningar gefa tilefni til, viljið þér gera um barnafræðsluna?

Svör: Í aðalatriðum er talið þurfa endurbætur í samræmi við það, sem fram kemur í öðrum svörum frá farskólunum, og mjög víða er drepið á hið sama og í I 8 og II 8.

Fylgiskjal 3.

SAMBAND ÍSLENZKRA BARNAKENNARA

Hér með tilkynnist yður, að þessar samþykktir voru gerðar á uppeldismálaþingi S. Í. B., er háð var í Reykjavík 18.—20. júní s. l.:

Almennt kennaraþing, haldið í Reykjavík dagana 18.—20. júní, lítur svo á, að skilyrðislaust háskólanám sé ákjósanlegasta lausn kennaramenntunarinnar, eins og tekið er fram í greinargerð með frumvarpi milliþinganefndar í skólamálum. Hins vegar getur þingið að svo stöddu fallizt á frumvarp milliþinganefndarinnar sem viðunandi lausn, unz bætur verða ráðnar á þeirri kennarafæð, sem framkvæmd nýrra fræðslulaga væntanlega hefur í för með sér, og aðrar ástæður leyfa, að háskólapróf í uppeldisfræðum verði gert að skilyrði fyrir kennararéttindum. Að öðru leyti vísar þingið til ályktana síðasta fulltrúaþings um þetta mál.

Þá lýsir þingið ánægju sinni yfir þeim ákvæðum frumvarpsins, að almennt kennarapróf verði gert að skilyrði fyrir kennsluréttindum handíða- og íþróttakennara. Sömu ákvæði séu og látin gilda um húsmæðrakennara.

Eftirfarandi breytingum á frumvarpi milliþinganefndar um fræðslu barna vill þingið beina til nefndarinnar:

1. Við 3. gr. 1. málsgr. a) Á eftir orðinu „meðmælum“ komi: skólastjóra og, — b) í stað orðanna „og getur hann þá numið“ komi: og nemur hann þá.
2. Við 14 gr. a) Þingið beinir því til milliþinganefndarinnar, hvort ekki muni hagkvæmara, að ríkið greiddi allan stofnkostnað við byggingu skólahúsa í þágu barnafræðslunnar, enda yrðu tryggðir öruggir tekjustofnar til þess. b) Í stað orðsins „nauðsynlegustu“ komi: nauðsynleg.
3. Aftan við 18. gr. komi: Séu kennslustundir lengri, breytist kennslustundafjöldi í hlutfalli við það.

4. Við 24. gr. Fyrsta málsgrein orðist þannig: Tölu fastra kennara skal miða við það, að 40 börn komi á hvern kennara, sem kennir fulla kennslu í 9 mánuði, en tala þessi lækki í réttu hlutfalli við styttingu kennslutímans. Þó skulu hverjum kennara ekki ætluð fleiri en 30 börn, þar sem 1—2 kennarar starfa við skóla.
5. Orðið háttvísi bætist inn í 1. gr. frumvarps skólamálanefndar.
6. Við 45. gr. Í fyrsta lið falli niður: „með gallalitlum framburði“ og „nokkurn veginn ritvillu- og málýtalausa“.

Kennaraþingið lýsir ánægju sinni yfir frumvarpi milliþinganefndar í skólamálum um skólakerfi og fræðsluskyldu og heitir á kennarasamtökin að fylgja fast eftir, að það nái fram að ganga.

Kennaraþingið 1945 beinir þeim tilmælum til fræðslumálastjóra, að barnaskólum verði árlega sent prófverkefni fyrir öll prófskyld börn í lestri, stafsetningu, málfræði og reikningi.

Kennaraþingið 1945 leggur sérstaka áherzlu á, að milliþinganefnd í skólamálum taki upp í frumvarp um fræðslu barna ákvæði, sem tryggja, að sérhvert skólahverfi á landinu hafi fullnægjandi skólahús innan ákveðins tíma, þannig, að á hverju ári þess tímabils verði byggð skólahús fyrir ákveðinn hluta af þeim skólahverfum, sem nú vantar húsnæði.

Kennaraþingið 1945 samþykkir að óska eftir, að 27. gr. frumvarps milliþinganefndar í skólamálum verði breytt þannig, að í stað „hlutfallskosningu að nýkosinni sveitarstjórn“, komi: samtímis og hreppsnefnd utan kaupstaða, en í kaupstöðum af nýkosinni bæjarstjórn með hlutfallskosningu.

Þar, sem barnavina- eða uppeldismálafélög eru starfandi, er þeim heimilt að kjósa tvo menn til viðbótar í skólanefndina.

Almennt kennaraþing Samb. ísl. barnakennara, haldið í Reykjavík dagana 18.—20. júní 1945, beinir þeirri eindregnu áskorun til hins háa Alþingis, að það samþykki þau frumvörp milliþinganefndar í skólamálum, sem þingið hefur fjallað um, en þau eru: 1) Frumvarp til laga um skólakerfi og fræðsluskyldu, 2) Frv. til laga um fræðslu barna, 3) Frv. til laga um gagnfræðanám, 4) Frv. til laga um menntun kennara, og 5) Frv. til laga um tilrauna- og æfingaskóla.

Reykjavík, 7. ág. 1945.

F. h. Sambands ísl. barnakenara.

Ingimar Jóhannesson,
form.

Til milliþingnefndar í skólamálum.

Fylgiskjal 4.

MILLIÞINGANEFND Í SKÓLAMÁLUM
Reykjavík, 4. sept. 1945.

Dagana 18.—20. júní síðastl. var haldið almennt uppeldismálaþing hér í Reykjavík, er S. Í. B. boðaði til, og sóttu það hátt á 2. hundrað kennarar víðs vegar að af landinu.

Umræðuefni þingsins voru frumvörp milliþinganefndar í skólamálum og þó einkum frumv. til laga um fræðslu barna, er milliþinganefndin hafði sent kennurum og fleirum til athugunar og umsagnar.

Álit og tillögur uppeldismálaþingsins fylgja hér með.

Viðvíkjandi einstökum atriðum í athugasemdum uppeldismálaþingsins vill skólamálanefndin taka fram eftirfarandi:

ad 1. a og b) Nefndin fellst á breytingartillögur uppeldismálaþingsins, þ. e., a) að á eftir orðinu „meðmæli" í fyrstu málsgrein 3. gr. komi: skólastjóra og .... b) í stað orðanna „og getur hún þá numið" í síðustu málsgr. sömu greinar komi: og nemur hún þá — — —.

ad 2. a) Nefndin telur ekki tímabært að ætlast til þess, að ríkið byggi alla skóla, enda þótt það væri e. t. v. æskilegast, og getur því ekki fallizt á umrædda breytingartillögu.

ad 2. b) Nefndin telur ekki skipta máli, hvort síðast í annarri málsgr. 14. gr. verði sagt „nauðsynlegustu" eða „nauðsynleg" skólahúsgögn.

ad 3. Nefndin telur ekki ástæðu til þess að bæta neinu við 18. gr., þar eð það liggur í hlutarins eðli, að kennslustundafjöldi breytist í samræmi við lengd kennslustunda.

ad 4. Rökin fyrir því, að þess sé þörf að ætla færri börn á hvern kennara í fámennum barnaskólum, eru þau, að þar sé ekki hægt að skipta börnum í deildir eftir aldri og getu eins og í stærri skólunum. Enda þótt nefndinni sé þetta ljóst, þá fellst hún ekki á breytingartillögu uppeldismálaþingsins, eins og hún er orðuð. Hins vegar vill nefndin gefa fræðslumálastjórninni lagaheimild til þess að taka tillit til þessa. Jafnframt telur nefndin rétt, til samræmis við launalög o. fl., að miða barnafjölda á kennara við 9 mán. starf, og leggur hún því til, að fyrri málsgr. 24. gr. verði orðuð á þessa leið:

„Tölu fastra kennara skal miða við það, að 40 börn komi á hvern kennara, sem kennir fulla kennslu í 9 mánuði, en 5 börnum færra fyrir hvern mánuð, er hann kennir skemur. Eftir reglum, er fræðslumálastjórn setur, skal þó ætla nokkru færri börn á kennara í skólum með færri en 150 nemendum. Sérkennurum í sundi og handavinnu skal ætla sem næst helmingi færri börn en öðrum kennurum."

ad 5. Telur nefndin óþarft, þar eð hún telur, að „háttvísi" felist í ákvæðum 1. gr. um heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur.

ad 6. Nefndin fellst ekki á þessa breytingartillögu, þar eð hún telur sízt of mikils krafizt í þeim efnum, er þar um ræðir.

Viðvíkjandi öðrum breytingartillögum uppeldismálaþingsins vill nefndin taka fram, að hún telur, að þær séu ekki til bóta.

Þetta tilkynnist yður, hæstvirti menntamálaráðherra, með ósk um, að þér kynnið efni bréfs þessa og meðfylgjandi fskj. þeirri þingnefnd, sem væntanlega fær frumvarp til laga um fræðslu barna til meðferðar á næsta Alþingi.

F. h. milliþinganefndar í skólamálum.

Ásmundur Guðmundsson. Helgi Elíasson.

Til menntamálaráðherra.

Nd. 30. Frumvarp til laga

um gagnfræðanám.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

I. KAFLI

Gagnfræðastigið. Einkenni og tilgangur.

1. gr.

Gagnfræðastigið er annað stig skólakerfisins. Það tengir saman barnaskóla annars vegar og sérskóla og menntaskóla hins vegar.

Skólar þessa stigs eru einkum ætlaðir unglingum á aldrinum 13—17 ára.

2. gr.

Tilgangur gagnfræðanámsins er sá, að efla andlegan og líkamlegan þroska unglinga, veita þeim lögboðna fræðslu, búa þá undir framhaldsnám í menntaskólum, sérskólum og sérfræðinámsskeiðum og undir ýmis störf, sem krefjast góðrar almennrar menntunar.

3. gr.

Á gagnfræðastiginu eru þrenns konar skólar með samræmdri námsskrá: unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar.

II. KAFLI

Gagnfræðahéruð og gagnfræðaráð.

4. gr.

Hver kaupstaður og hver sýsla er gagnfræðahérað. Þó skal sameina tvær eða fleiri sýslur í eitt gagnfræðahérað svo og hrepp eða hluta úr hreppi gagnfræðahéraði annarrar sýslu eða kaupstaðar, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir. Leita skal álits hlutaðeigandi sýslunefnda eða sveitarstjórna, áður en slík sameining er ákveðin.

Í hverju gagnfræðahéraði starfar einn gagnfræðaskóli hið minnsta.

5. gr.

Hvert gagnfræðahérað er eitt eða fleiri gagnfræðahverfi, og skal í hverju vera að minnsta kosti einn skóli, sem veiti skyldufræðslu gagnfræðastigsins.

6. gr.

Í hverju gagnfræðahéraði er gagnfræðaráð, skipað sem hér segir:

Bæjarstjórnir og sýslunefndir kjósa gagnfræðaráðsmenn hlutbundinni kosningu á fyrsta fundi eftir kosningar, og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarfulltrúa eða sýslunefndarmanna. Hver bæjarstjórn kýs fjóra. Ef gagnfræðahérað er ein sýsla, kýs sýslunefnd fjóra, en nái það til tveggja eða fleiri sýslna, kýs hvor sýslunefnd tvo gagnfræðaráðsmenn.

Fræðslumálastjórn skipar einn mann í hvert gagnfræðaráð, og er hann formaður þess. Skipun hans gildir til sama tíma.

7. gr.

Skólastjórar gagnfræðastigsins eiga rétt til setu á fundum gagnfræðaráðs í sínu héraði. Hafa þeir þar málfrelsi og enn fremur tillögurétt varðandi mál þess skóla, er hver þeirra starfar við. Heimilt er að veita kennurum gagnfræðastigsins aðgang með sömu réttindum að fundum gagnfræðaráðs, þegar þeir óska þess.

8. gr.

Námsstjórar gagnfræðastigsins geta setið fundi gagnfræðaráðs með tillögurétti og málfrelsi. Þeir hafa og rétt til að kveðja gagnfræðaráð til funda.

9. gr.

Gagnfræðaráð annast skólanefndarstörf við gagnfræðaskólana, sbr. 11. gr. Þau gera tillögur til fræðslumálastjórnarinnar um stofnun gagnfræðastigsskóla hvert í sínu héraði og um lengd skólaskyldu. Þau hafa eftirlit með fjárhag og rekstri allra skóla gagnfræðastigsins í héraðinu og gæta þess, að þeir ræki þær skyldur, sem á þeim hvíla, samkvæmt lögum og reglugerðum.

Hlutverk gagnfræðaráða skal ákveðið í reglugerð, og skal fræðslumálastjórn setja þeim erindisbréf.

10. gr.

Í hverju gagnfræðahverfi er skólanefnd, sbr. þó 9. gr. Sveitarstjórnir kjósa tvo menn hlutbundinni kosningu í skólanefnd á fyrsta fundi eftir kosningar, og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórna.

Fræðslumálastjórn skipar einn mann í hverja skólanefnd, og er hann formaður. Skipun hans gildir sama tímabil.

Nú eru tvö sveitarfélög eða fleiri í gagnfræðahverfi, og setur fræðslumálastjórn þá reglur um fjölda skólanefndarmanna, og hve margir skulu kosnir fyrir hvert sveitarfélag, og skal í því efni hafa hliðsjón af fólksfjölda.

Þar, sem skólahverfi gagnfræðastigsins og barnafræðslunnar falla saman, má vera sama skólanefnd fyrir bæði skólastigin, ef sveitarstjórn óskar þess og fræðslumálastjórn samþykkir.

11. gr.

Skólanefndir hafa eftirlit með fræðslu gagnfræðastigsins, hver í sínu gagnfræðahverfi, undir umsjón gagnfræðaráðs og fræðslumálastjórnar. Verkefni þeirra er einkum:

a) að sjá um, að fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi til lögboðins skólahalds;
b) að láta auglýsa lausar kennara- og skólastjórastöður og leitast við, ásamt fræðslumálastjórn, að fá hæfa menn í þær;
c) að láta fræðslumálastjórn í té rökstutt álit á umsækjendum um kennara- og skólastjórastöður ásamt tillögu um, hver skuli valinn, svo og vara og þrautavaratillögu, ef nægilega margir sækja um stöðurnar;
d) að sjá um, að skólinn hafi fullnægjandi kennslutæki, og að þeim og öðrum munum skólans og skólahúsi sé haldið við á fullnægjandi hátt;
e) að hafa eftirlit með skólasókn skólaskyldra unglinga í hverfinu og gera nauðsynlegar ráðstafanir, ef fræðsluskylda er vanrækt;
f) að gera áætlun um kostnað við skólahaldið fyrir hvert reikningsár hlutaðeigandi sveitarfélags, og senda hana í tæka tíð sveitarstjórn og fræðslumálastjórn.

Verði ágreiningur milli sveitarstjórnar og skólanefndar um fjárframlög til skólahalds, sker fræðslumálastjórn úr.

Hlutverk skólanefndar skal nánar ákveðið í reglugerð og erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

III. KAFLI
Fræðsluskylda og skólaskylda.

12. gr.

Skylt er hverjum, sem lokið hefur barnaprófi, að hefja gagnfræðanám, og lýkur skyldunámi með unglingaprófi á því ári, sem nemandinn verður 15 ára.

13. gr.

Heimilt er sveitarfélagi að ákveða, að skyldunám skuli ná til þess árs, er nemandinn verður 16 ára, enda samþykki hlutaðeigandi gagnfræðaráð og fræðslumálastjórn ákvörðunina. Gagnfræðaráði er rétt að gera tillögu til fræðslumálastjórnar um, að skyldunámi sé lokið í hlutaðeigandi héraði á því ári, er nemandinn verður 16 ára. Fallist fræðslumálastjórn á slíka tillögu, tekur hún gildi.

Í þeim sveitarfélögum lýkur skyldunámi með miðskólaprófi.

14. gr.

Heimilisfaðir unglings, sem skylt er að stunda gagnfræðanám, ber ábyrgð á, að hann hljóti lögboðna fræðslu og sæki lögskipuð próf.

15. gr.

Ef unglingur kemur ekki til innritunar í skóla eða til prófs, þegar skylt er, og eigi eru gildar ástæður fyrir fjarvist, skal skólanefnd áminna forráðamann hans,

svo fljótt sem auðið er. Láti hann eigi skipast við þá áminningu, varðar það dagsektum, er nemi 5—10 kr. á dag, eftir úrskurði valdsmanns (í Reykjavík sakadómara), talið frá þeim degi, er áminningin var gerð.

Nú vanrækir skólaskyldur unglingur skólasókn til muna þrátt fyrir umvöndun skólastjóra bæði við hann og forráðamann hans, og skal þá skólanefnd áminna forráðamann unglingsins. Leggist vanrækslan eigi af að heldur, varðar hún dagsektum, er nemi 5—10 kr. á dag, eftir úrskurði valdsmanns (í Reykjavík sakadómara), fyrir hvern vanræksludag, talið frá áminningu skólanefndar.

Ef heimilið á sannanlega sök á vanrækslunni, má barnaverndarnefnd taka unglinginn burt af heimilinu og ráðstafa honum, en sannist það, að heimilið fái eigi ráðið við vanrækslunа, er henni skylt að vista unglinginn utan heimilis síns.

16. gr.

Undanþegnir frá því að stunda lögboðið nám í skólum gagnfræðastigsins eru:

a. Unglingar, sem stunda nám í viðurkenndum einkaskólum, er veita fræðslu þessa stigs.
b. Unglingar, sem fengið hafa leyfi hlutaðeigandi skólanefndar og skólastjóra til þess að stunda nám utan skóla, en skylt er þeim að koma til viðtals eða prófs í skólanum, þegar skólastjóri óskar þess.
c. Unglingar, sem að dómi skólalæknis og skólastjóra geta ekki haft not venjulegrar skólagöngu vegna líkamlegra eða andlegra annmarka.
d. Unglingar, sem að dómi skólastjóra og kennara trufla starf skólans með óhlýðni og óviðeigandi framkomu, svo og þeir, sem hætt er við, að leiði aðra nemendur á glapstigu með fordæmi sínu.

17. gr.

Heimilisfeður þeirra unglinga, sem æskja undanþágu samkvæmt a- og b-liðum 16. gr., skulu senda skriflega beiðni um hana til hlutaðeigandi skólastjóra eigi síðar en mánuði áður en skóli á að hefjast ár hvert. Skólastjóri leggur beiðnirnar fyrir skólanefnd. Á sama hátt skal tilkynna flutning skólaskyldra unglinga milli gagnfræðahverfa.

18. gr.

Þeim unglingum, sem um getur í c- og d-liðum 16. gr., skal séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi.

Heimilt er fræðslumálastjórn að ákveða þessum unglingum námstíma einu eða tveimur árum lengri en öðrum unglingum.

IV. KAFLI

Skólar gagnfræðastigsins.

19. gr.

Unglingaskólar eru tveggja ára skólar, og lýkur námi í þeim með unglingaprófi. Er það landspróf að öllu eða nokkru leyti, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Með unglingaprófi lýkur skyldunámi í þeim sveitarfélögum, þar sem ekki er lengra skyldunám.

20. gr.

Unglingapróf veitir rétt til framhaldsnáms í miðskólum og gagnfræðaskólum.

21. gr.

Miðskólar eru þriggja ára skólar, og lýkur námi í þeim með miðskólaprófi. Er það landspróf að öllu eða einhverju leyti, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Með miðskólaprófi lýkur skyldunámi í þeim sveitarfélögum, þar sem skyldunám nær til 16 ára aldurs. Miðskólar veita einnig unglingapróf.

22. gr.

Miðskólapróf veitir rétt til framhaldsnáms í gagnfræðaskólum og ýmsum sérskólum. Próf bóknámsdeildar veitir auk þess rétt til inngöngu í menntaskóla og hliðstæða skóla, allt samkvæmt lögum og reglugerðum hvers skóla.

23. gr.

Gagnfræðaskólar eru fjögurra ára skólar, og lýkur námi í þeim með gagnfræðaprófi. Þeir veita einnig unglingapróf og miðskólapróf.

24. gr.

Gagnfræðapróf veitir rétt til ýmissa opinberra starfa, rétt til inngöngu í sérskóla og til þátttöku í sérfræðinámsskeiðum, eftir því sem ákveðið er í lögum og reglugerðum.

25. gr.

Allir skólar gagnfræðastigsins skulu starfa í höfuðdráttum eftir samræmdri námsskrá, þannig að fyrsti bekkur unglingaskóla svari sem næst til fyrsta bekkjar í miðskóla eða gagnfræðaskóla, annar bekkur unglingaskóla til annars bekkjar miðskóla eða gagnfræðaskóla og þriðji bekkur miðskóla til þriðja bekkjar í gagnfræðaskóla.

26. gr.

Í gagnfræðahéruðum utan kaupstaða er heimilt, að gagnfræðaskólar séu tveggja ára skólar, og starfa þeir þá samkvæmt námsskrá tveggja efstu bekkja gagnfræðaskólanna. Unglingapróf veitir rétt til inngöngu í fyrri bekk slíkra skóla, en miðskólapróf í annan bekk. Þeir veita einnig miðskólapróf.

27. gr.

Skólar gagnfræðastigsins greinast í tvær hliðstæðar deildir, verknámsdeild og bóknámsdeild, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð hvers skóla. Barnapróf veitir rétt til inngöngu í hvora þessara deilda um sig, þó með þeim takmörkunum um hæð prófseinkunna, sem settar verða í reglugerð um bóknámsdeild.

28. gr.

Í verknámsdeild skal verja allt að helmingi námstímans til verknáms. Til verknáms telst ýmiss konar handavinna, matreiðsla, þjónustubrögð, teiknun, skrift, vélritun, íþróttir o. fl. Leitast skal við að haga verknámi eftir þörfum og hæfileikum hvers nemanda. Að öðru leyti skal námstímanum varið til bóknáms og einkum lögð áherzla á íslenzku og íslenzk fræði, reikning, stærðfræði og náttúruvísindi.

29. gr.

Í bóknámsdeild skal þremur fjórðu hlutum námstímans hið minnsta varið til bóknáms, en allt að fjórða hluta til verknáms.

Megináherzla skal lögð á íslenzku, íslenzk fræði, reikning, stærðfræði og erlend tungumál, en auk þess skulu kennd önnur hagnýt og menntandi fræði, eftir því sem ákveðið er í námsskrá.

30. gr.

Skylt er kennurum gagnfræðastigsins að greiða fyrir þeim nemendum, sem vilja flytjast milli deilda, og að þeirra dómi eru til þess hæfir. Má gera þetta með sérstökum námsskeiðum eða á annan þann hátt, er bezt hentar við hvern skóla.

31. gr.

Fræðslumálastjórn semur námsskrá fyrir alla skóla gagnfræðastigsins. Er þar tekið fram, hvaða námsgreinar skulu kenndar í hverjum bekk, og hvaða atriði hverrar námsgreinar. Skal í því efni leita tillagna sérfróðra manna, svo sem skólastjóra, kennara og námsstjóra.

32. gr.

Skyldunámi má ljúka hvort sem vill í verknámsdeild eða bóknámsdeild. Fræðslumálastjórn setur reglur um efni og magn skyldunáms, um leið og námsskrá samkv. 31. gr. er samin.

V. KAFLI
Störf skólanna.

33. gr.

Skólastjóri og kennarafundur stýra starfi hvers skóla.

Fræðslumálastjórn setur skólastjórum erindisbréf og reglur um starfssvið kennarafunda.

34. gr.

Skólastjóri gerir ásamt skólanefnd tillögur til fræðslumálastjórnar um val kennara. Verði skólastjóri og skólanefnd ekki á eitt sátt, ber að líta á tillögur skólastjóra sem forgangstillögur.

35. gr.

Fræðslumálastjórn ræður námsstjóra fyrir gagnfræðastigið. Þeir skulu eigi vera færri en tveir, en heimilt er að ráða fleiri.

36. gr.

Námsstjórar annast eftirlit með öllum skólum gagnfræðastigsins og gefa fræðslumálastjóra skýrslu um þá. Þeir skulu og vera skólastjórum og kennurum til aðstoðar og leiðbeiningar í starfi þeirra.

Fræðslumálastjórn setur námsstjórum erindisbréf.

37. gr.

Fræðslumálastjórn skal leita álits námsstjóra um þær umsóknir, sem berast um skólastjórastöður við skóla gagnfræðastigsins, þeir gera tillögur um val skólastjóra, svo og vara- og þrautavaratillögur, ef umsækjendur eru svo margir.

Verði námsstjórar og skólanefnd eigi á eitt sátt, ber að líta á tillögur námsstjóra sem forgangstillögur.

38. gr.

Til þess að verða skipaður kennari við skóla gagnfræðastigsins, þarf eftirtalin skilyrði:

a) að hafa almenna kennaramenntun eða stúdentsmenntun að viðbættu námi í uppeldis- og kennslufræðum, er fræðslumálastjórnin metur gilt;
b) að hafa stundað eins til tveggja ára nám hið minnsta við háskóla í þeirri fræðigrein, sem ætlazt er til, að verði aðalkennslugrein hlutaðeiganda, enda sýni hann skilríki fyrir árangri af háskólanáminu;
c) að hafa kennt tvö til þrjú ár og hlotið meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra;
d) að vera hæfur til að kenna fleiri en eina námsgrein.

Heimilt er og að gera að föstum kennurum þá, sem kennt hafa tvö ár hið minnsta með góðum árangri við skóla, sem svara til gagnfræðastigsins, þegar lög þessi taka gildi, enda komi meðmæli skólastjóra til.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu, skal þá fræðslumálastjórn leitast við að fá til mann, er hún treystir, og má að tveim árum liðnum gera hann að föstum kennara, ef hún telur hann starfinu vaxinn, enda komi meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra til.

Verknámskennarar, þar með taldir íþróttakennarar, þurfa þó ekki að fullnægja skilyrðum b-liðar, en verða að hafa sérmenntun í kennslugreinum sínum, er fræðslumálastjórn metur gilda.

39. gr.

Skylt er kennara að kenna allt að 30 kennslustundum á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 24, er hann verður 55 ára, og í 18, er hann verður 60 ára. Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, ef þörf gerist, svo og vegna mikillar heimavinnu.

40. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórn að flytja kennara milli skóla, ef starf hans verður óþarft við þann skóla, er hann starfar við, eða aðrar knýjandi ástæður eru fyrir hendi. Ekki má lækka laun kennara né skerða hlunnindi hans við slíka flutninga.

41. gr.

Þegar kennari hefur gegnt embætti í 10 ár, á hann rétt á ársorlofi frá kennslu með fullum launum, en síðan tíunda hvert starfsár. Orlofsárum skal hann verja til þroska og endurnýjunar kennarahæfni sinni. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

42. gr.

Skólar gagnfræðastigsins mega starfa allt að níu mánuðum ár hvert. Að öðru leyti skal miða árlegan starfstíma hvers skóla við það, að komizt verði yfir þá námsskrá, sem honum er sett, með þeim árangri, sem til er ætlazt.

Skólanefnd gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um starfstíma hlutaðeigandi skóla, en heimilt er fræðslumálastjórn að ákveða annan skólatíma en í tillögum greinir.

43. gr.

Í lok hvers skólaárs skulu fara fram próf, skrifleg, munnleg eða verkleg í öllum námsgreinum hvers skóla. Kennarar annast prófin og eru prófdómendur hver hjá öðrum, nema við landspróf og gagnfræðapróf. Heimilt er skólastjóra og kennurum að hafa próf í einstökum eða öllum námsgreinum svo oft sem þurfa þykir á skólaárinu.

44. gr.

Landspróf fara fram samtímis um land allt við sams konar skóla. Þau eru skrifleg eða verkleg. Sérstök prófnefnd, er fræðslumálastjórn setur, velur verkefni, og eru þau hin sömu fyrir sams konar próf við alla skóla. Kennarar dæma hver í sinni grein um úrlausnirnar ásamt prófnefnd eða öðrum fulltrúum fræðslumálastjórnar. Fræðslumálastjórn skipar prófdómendur við gagnfræðapróf.

45. gr.

Skólanefndir ráða starfsmenn skólanna, aðra en kennara, samkvæmt tillögum skólastjóra.

Öllu starfsliði hvers skóla ber að vinna að félagsþroska og alhliða menningu nemenda.

46. gr.

Skólar gagnfræðastigsins eru heimavistarskólar eða heimangönguskólar, eftir því sem henta þykir á hverjum stað og fræðslumálastjórn ákveður.

47. gr.

Gagnfræðaráð getur með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að bú skuli rekið í sambandi við heimavistarskóla gagnfræðastigsins. Skal búið rekið með hags-

muni skólans og heimavistarinnar fyrir augum, og þar sem henta þykir, skal nemendum skólans gefinn kostur á námsskeiðum í landbúnaðarvinnu á búinu. Bústjóri skal ráðinn af skólanefnd í samráði við skólastjóra.

48. gr.

Í reglugerð hvers skóla skulu sett ákvæði um inntöku nemenda í skólann, um aga, skipting námstíma milli námsgreina, um tilhögun prófa, einkunnagjafir og flutning nemenda milli bekkja, svo og um önnur þau atriði í starfi skólans, sem þurfa þykir.

VI. KAFLI
Fjármál skólanna o. fl.

49. gr.

Í hverju gagnfræðahéraði skal vera skólahús, er fullnægi þörfum gagnfræðaskólans að dómi gagnfræðaráðs og fræðslumálastjórnar.

Í hverju gagnfræðahverfi skal vera skólahúsnæði, er nægi fyrir skólaskylda unglinga í hverfinu.

50. gr.

Gagnfræðaráð hvers héraðs semur í samráði við hlutaðeigandi skólanefndir áætlun um, hvar gagnfræðastigsskólar skuli starfa í héraðinu. Náist ekki samkomulag milli gagnfræðaráðs og skólanefndar, sker fræðslumálastjórn úr ágreiningnum. Ekki verður skóli stofnaður né honum valinn staður, nema samþykki fræðslumálastjórnar komi til.

51. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu leggja unglinga- og miðskólum til ókeypis lóðir fyrir hús, leikvelli og ýmiss konar nauðsynleg störf, allt nægilega stórt og hentugt að dómi fræðslumálastjórnar. Þau skulu og sjá um viðhald skólahúsa og skólamuna.

52. gr.

Gagnfræðahéruð skulu leggja gagnfræðaskólunum til ókeypis lóðir fyrir hús, leikvelli og nauðsynlega starfsemi. Þau skulu og sjá um viðhald skólahúsa og skólamuna.

53. gr.

Fræðslumálastjórn lætur semja og gefa út leiðbeiningar um byggingu og fyrirkomulag skólahúsa, og skulu fylgja þeim tillögu-uppdrættir að ýmsum stærðum og gerðum skólahúsa.

54. gr.

Fræðslumálastjórn lætur gera fullnaðarteikningar að skólahúsum, þegar hlutaðeigandi skólanefnd eða gagnfræðaráð óskar þess. Aldrei má reisa skólahús né gera á því verulegar breytingar, nema samkvæmt teikningu, er fræðslumálastjórn samþykkir.

55. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að helmingi stofnkostnaðar heimangönguskóla, en allt að þrem fjórðu kostnaðar við heimavistarskóla. Hlutaðeigandi sveitarfélög greiða hinn hluta stofnkostnaðarins. Séu tvö eða fleiri sveitarfélög eða hlutar úr sveitarfélagi í gagnfræðahverfi eða gagnfræðahéraði, skiptist stofnkostnaður milli þeirra í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna. Nauðsynlegur húsbúnaður og kennsluáhöld teljast til stofnkostnaðar.

Í heimavistarskólum teljast íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks til skólahúsnæðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Bújörð ásamt nauðsynlegum húsum til búskapar telst til stofnkostnaðar, ef bú er rekið í sambandi við skóla.

56. gr.

Fastir kennarar við skóla gagnfræðastigsins eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stundakennslu samkv. 57. og 63. gr. Annan rekstrarkostnað skólanna greiða hlutaðeigandi sveitarfélög, en ríkissjóður endurgreiðir fjórða hluta hans að fengnum skýrslum um fullnægjandi skólahald samkvæmt settum reglum og fyrirmælum.

Séu tvö eða fleiri sveitarfélög eða hlutar úr sveitarfélögum í sama gagnfræðahverfi eða gagnfræðahéraði, skiptist rekstrarkostnaðurinn niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna.

57. gr.

Tölu fastra kennara við skóla gagnfræðastigsins skal miða við það, að allt að 25 nemendur komi á hvern kennara, sem kennir fulla kennslu í 7 mánuði á ári. Nú er kennslutími hvers nemanda styttri en 7 mánuðir, og hækkar þá tala nemenda á kennara að sama skapi sem kennslutími er styttri.

Ríkissjóður greiðir styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru 25 á hvern kennara.

58. gr.

Skólanefndir og skólastjórar annast fjármál og reikningshald skólanna. Sveitarfélög greiða framlög sín til skólans samkvæmt fjárhagsáætlun í byrjun hvers skólaárs eða með hlutfallslegri upphæð í byrjun hvers mánaðar þann tíma, er skólinn starfar. Ef fleiri en eitt sveitarfélag á að greiða kostnað af sama skóla, skal skólanefnd jafna kostnaðinum á sveitarfélögin samkvæmt 54. gr. Ef ágreiningur verður út af skiptingu kostnaðar eða greiðslu, sker fræðslumálastjórn úr.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga eða sýslufélaga, og sendir skulu þeir fræðslumálaskrifstofunni.

59. gr.

Fræðslumálastjórn skal reikna út árlega meðalkostnað við rekstur gagnfræðaskóla miðað við íbúa í héraðinu.

Nú fer kostnaður gagnfræðahéraðs 15% eða meira fram úr meðalkostnaði, miðað við landið í heild, og rekja má það til þess, að í héraðinu starfi fjórðungsgagnfræðaskóli kvenna eða annar gagnfræðaskóli, sem ætlazt er til, að sé sóttur úr fleiri héruðum, að dómi fræðslumálastjórnar, skal þá endurgreiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem fram yfir er meðalkostnað.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

60. gr.

Skólar gagnfræðastigsins skulu vera sérstakir skólar og starfa í eigin húsnæði, þar sem því verður við komið. Þó getur fræðslumálastjórn ákveðið, að fengnum tillögum gagnfræðaráðs héraðsins og hlutaðeigandi skólanefnda, að unglingaskóli starfi í sambandi við barnaskóla, ef húsakostur og staðhættir gera það hagkvæmt. Þegar svo stendur á, má fela skólastjóra barnaskólans að hafa einnig forstöðu unglingaskólans.

61. gr.

Nú eru að jafnaði færri en 10 börn á ári, sem ljúka barnaprófi í einhverju sveitarfélagi, og er þá rétt að sameina það öðrum í eitt gagnfræðahverfi.

Þar, sem staðhættir gera sameiningu við önnur sveitarfélög erfiða, má skyldunám unglinga eftir barnapróf fara fram í sambandi við barnaskóla sveitarinnar á þann hátt, sem fræðslumálastjórn ákveður.

62. gr.

Nú eru að jafnaði 20 börn eða fleiri á ári, sem barnaprófi ljúka í einu sveitarfélagi, og er þá rétt, að þar starfi unglingaskóli eða miðskóli. Sameina má þó tvö slík sveitarfélög í eitt gagnfræðahverfi. Einnig má sameina þeim önnur fámennari sveitarfélög.

63. gr.

Eigi skal starfrækja miðskóla né gagnfræðaskóla með færri nemendum en svo, að 15 nemendur séu í ársdeild að jafnaði. Þó getur fræðslumálastjórn veitt styrk til þess að halda uppi kennslu í námsgreinum þessara skóla, þar sem þeir eru ekki starfræktir, ef ástæða þykir til. Kennslan fari að jafnaði fram í sambandi við unglingaskóla. Styrkur sé miðaður við þann hluta af fullum kennaralaunum, sem næst sé hlutfallinu milli námstíma og nemendafjölda á þeim stað annars vegar móti fullu starfi kennara hins vegar.

64. gr.

Ef skólaskyldur unglingur óskar þess að flytjast í annan skóla, skulu forráðamenn unglingsins tilkynna það hlutaðeigandi skólastjóra. Skólastjóri sendir síðan skýrslu um unglinginn til þess skóla, er hann á að flytjast í, ásamt vitnisburði um fyrri skólavist.

65. gr.

Skólar gagnfræðastigsins eru sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga. Nú leggst skóli niður, samkvæmt tillögum gagnfræðaráðs og að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, og skulu þá skuldlausar eignir hans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.

66. gr.

Skólar þeir, sem svara til skóla gagnfræðastigsins, er lög þessi taka gildi, falla undir ákvæði þeirra, ef forráðamenn skólanna óska þess, enda taki ríkið og hlutaðeigandi sveitarfélög við eignum þeirra, réttindum og kvöðum án endurgjalds. Hlutdeild ríkisins og sveitarfélaganna í eignum þessara skóla skal vera í sama hlutfalli og framlög stofnkostnaðar, samkvæmt lögum þessum.

67. gr.

Almennir kvennaskólar svo og fjórðungs-húsmæðraskólar falla undir ákvæði þessara laga, ef hlutaðeigandi gagnfræðaráð mælir með því og fræðslumálastjórn samþykkir. Fræðslumálastjórn getur sett sérstakar reglur um skipan skólanefnda við þessa skóla.

68. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórn að löggilda skóla, sem kostaðir eru af fé einstakra manna eða stofnana, til þess að veita fræðslu gagnfræðastigsins, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún samþykkir, enda hlíti þeir sama eftirliti og aðrir skólar stigsins.

69. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 12. febr. 1940, l. nr. 36 26. okt. 1917, l. nr. 59 19. júní 1933, l. nr. 48 19. maí 1930, l. nr. 125 9. des. 1941, l. nr. 5 1. febr. 1936 svo og önnur ákvæði, sem koma í bág við þau.

Ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstilhögun skulu þó taka til nemenda, er byrjað hafa nám í skólum, sem svara til gagnfræðastigsins, þegar lög þessi taka gildi.

70. gr.

Lög þessi taka gildi 1. jan. 1946 og skulu vera komin til fullra framkvæmda, eigi síðar en 1950.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af milliþinganefnd í skólamálum, sem var skipuð af þáverandi menntamálaráðherra 30. júní 1943 „til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera tillögur um skipun þeirra“. Meiri hl. menntamálanefndar, þeir SigfS, BG og GTh, flytur frv. að beiðni hæstv. menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv.

Frá milliþinganefnd í skólamálum fylgdi frv. greinargerð sú, sem hér fer á eftir. Enn fremur hefur menntamálanefnd borizt fundargerð frá fundi skólastjóra héraðs- og gagnfræðaskóla, sem haldinn var í Reykjavík dagana 11.—13. júní 1945, þar sem gerðar voru ýmsar samþykktir varðandi frv. þetta, svo og álit milliþinganefndar í skólamálum varðandi samþykktir fundarins. Fundargerðin ásamt áliti milliþinganefndarinnar birtast hér sem fylgiskjöl.

Með frv. þessu er gerð tilraun til þess að samræma almenna framhaldsfræðslu unglinga og skipa þeim skólum, er hana veita, ákveðinn stað í skólakerfi landsins. Virðist kominn tími til, að þetta sé gert, enda uppi mjög almennar kröfur í þá átt.

Það er ekki langt síðan hið opinbera fór að skipta sér nokkuð að ráði af fræðslu unglinga eftir fermingaraldur. Lengi vel var Latínuskólinn eini skólinn í landinu, en hann var eingöngu fyrir embættismannaefni. Um seinustu aldamót voru komnir einir þrír skólar, sem almenna fræðslu veittu, Möðruvallaskólinn, Kvennaskólinn í Reykjavík og Flensborgarskólinn. Hinn fyrsti var stofnaður og rekinn fyrir almannafé, en hinir síðari einkastofnanir, er nutu að vísu ríkisstyrks, þegar fram liðu stundir.

Möðruvallaskólinn var fluttur til Akureyrar árið 1902. Hann var og gagnfræðaskóli fyrir Norðurland, þar til er hann var gerður að menntaskóla. Gagnfræðadeild var stofnsett við Latínuskólann í Reykjavík og honum breytt í „almennan menntaskóla“ árið 1904. En reyndin varð sú, að hann varð þrátt fyrir þetta að mestu leyti undirbúningsskóli fyrir embættismannaefni. Flestir þeir, sem í gagnfræðadeildina fóru, héldu áfram til stúdentsprófs.

Á fyrsta fjórðungi þessarar aldar voru víða gerðar tilraunir með stofnun unglingaskóla, er stundum voru einnig nefndir lýðskólar eða alþýðuskólar. Einstakir, áhugasamir skólamenn komu flestum þeim skólum á fót, en afskipti stjórnarvaldanna komu lítið til. Þó fengu þeir oftast einhvern lítilfjörlegan styrk af almannafé. Víða störfuðu þessir skólar aðeins nokkur ár í senn. Lífseigastir urðu skólarnir að Núpi í Dýrafirði og Hvítárbakka í Borgarfirði. Alþýðuskólinn á Eiðum er frá þessum tíma. Hann reis upp úr búnaðarskóla, er þar hafði verið um hríð. Nokkrir unglingaskólar í þorpum munu hafa starfað óslitið frá þessum tíma.

Engin tilraun var gerð af hálfu löggjafarvaldsins til þess að samræma þessa skóla eða skipa þeim stað í skólakerfi landsins fyrr en sett voru lögin um héraðsskóla árið 1929 og um gagnfræðaskóla árið 1930. Setning þessara laga var mikil framför frá því, sem áður var. Þar var leitazt við að búa til tvenns konar skólaform, og átti annað að fullnægja þörfum sveitanna, en hitt kaupstaðanna. Var þar stefnt í rétta átt, þó að skilyrði hafi víða brostið til þess að gera námið eins fjölbreytt og hagnýtt og löggjafinn ætlaðist til. Það var aftur á móti galli og mjög bagalegt fyrir nemendur, einkum utan stærstu kaupstaðanna, að þessum skólum var ekki ætlað ákveðið svið í skólakerfinu, og varð því ekki eðlilegt samband milli þeirra og æðri skóla eða sérskóla.

Engan skyldi því undra, þótt nú þurfi að endurskoða löggjöfina um þetta stig fræðslukerfisins. Á þessum 15 árum hafa breytingar orðið mjög örar, og mörg ný viðhorf hafa komið fram. Það, sem þá var allmikil úrbót, getur nú verið orðið allsendis ófullnægjandi. Alþingi hefur einnig óskað þess, að endurskoðun löggjafar um þetta stig skólakerfisins yrði hraðað sem mest.

Fyrir því hefur skólamálanefndin lagt kapp á að ganga frá tillögum sínum um

það og leggja þær fram í frumvarpsformi. Hefur hún talið rétt að haga tillögum sínum svo, að byggt yrði á því, sem þegar er til. En að öðru leyti eru aðalsjónarmið nefndarinnar þau, að skólar gagnfræðastigsins verði eðlilegur liður í skólakerfi landsins, en verði þó svo sjálfstæðir um form og námsefni, að nægileg fjölbreytni fáist og árangur geti orðið hagnýtur nemendum við allbreytilegar aðstæður. Stöðu þessara skóla í kerfinu er nokkru nánar lýst í greinargerð við frv. það, sem nefndin hefur samið um skólakerfi og fræðsluskyldu, og vísast til þess.

Nú skal leitazt við að sýna fram á, hvaða breytingum þessar tillögur mundu valda um fjölda nemenda o. fl., er þær væru komnar í framkvæmd. Allar upplýsingar um skóla og nemendafjölda, er hér fara á eftir, eru miðaðar við árið 1942.

Í landinu eru nú 8 gagnfræðaskólar, er starfa samkvæmt lögum nr. 48 19. maí 1930. Enn fremur veita gagnfræðadeildir menntaskólanna beggja svipaða fræðslu, svo og gagnfræðaskóli Reykvíkinga og kvennaskólinn í Reykjavík. Þannig má telja 12 skóla, sem veita gagnfræðamenntun.

Samkvæmt lögum um héraðsskóla, nr. 33 14. febr. 1940, starfa nú 6 skólar, en stofnun tveggja til viðbótar er í undirbúningi. Til þessa skólaflokks má og telja Eiðaskólann, sem starfar eftir sérstökum lögum, en veitir svipaða fræðslu (lög nr. 36 26. okt. 1917).

Unglingaskólar, sem ríkisstyrks njóta, eru starfandi á 27 stöðum.

Af öðrum skólum, sem ríkisstyrks njóta og nemendur hafa á þeim aldri, er gagnfræðastigið á að taka yfir, má nefna:

Verzlunarskóla 2 í Reykjavík.

Iðnskóla 13 alls á landinu.

Námsflokka á 6 stöðum.

Alþýðuskólann í Reykjavík og kvöldskóla á nokkrum fleiri stöðum.

Undanfarið hafa yfir 2000 börn á ári hverju lokið fullnaðarprófi barnafræðslunnar. Árið 1942 voru þau 2339. Ekki er líklegt, að þessi tala hækki á næstu árum, því að barnsfæðingum hefur undanfarið heldur fækkað.

Nú er gert ráð fyrir, að barnaprófsaldur lækki um eitt ár og skyldunámsaldur hækki um eitt ár. Við þetta færist einn árgangur af barnafræðslustigi yfir á gagnfræðastig, og enn fremur verður að sjá fyrir skyldufræðslu handa einum árgangi umfram það, sem nú er, um land allt.

Þetta virðist vera viðbót, sem nemur yfir 2000 nemendum þegar á fyrsta ári. Svo verður þó ekki í framkvæmd. Alls staðar, þar sem skilyrði hafa verið fyrir hendi, hafa margir unglingar sótt einhvers konar framhaldsskóla hin seinustu ár. Í sumum kaupstöðum, þar sem komin eru viðunandi hús fyrir gagnfræðaskóla, fá nú þegar 80—90% af fullnaðarprófsbörnum eitthvert framhaldsnám, þótt engin skylda sé. Má því segja, að lenging skyldunámsins um eitt ár sé aðeins staðfesting á því, sem frjáls þróun hefur þent til. Nefndin gerir ráð fyrir því, að þessi þróun muni halda áfram hér eins og í öðrum menningarlöndum. Alls staðar virðist stefnt í þá átt að auka almenna menntun. Heimildin um hækkun skyldunámsaldurs um eitt ár, þar sem þess væri óskað, á að gefa þessari þróun rúm.

Sumum kann að virðast einkennilegt að færa barnaprófsaldur niður um eitt ár. Fyrir þessu eru þó sterk rök. Uppeldisfræðingar og sálfræðingar telja eðlilegri skil milli þroska barns og unglings við 13 ára aldur heldur en um 14 ára. Sumir vilja jafnvel setja skilin einu ári neðar. Erlend reynsla bendir og til hins sama, því að víða lýkur hinu eiginlega barnaskólanámi á 12. aldursári nemandans, en við tekur nám, er samsvarar gagnfræðanámi hjá oss.

Tveir fyrstu árgangar nemenda á gagnfræðastiginu mundu samkvæmt framansögðu verða um 4500. Þeim þarf skilyrðislaust að sjá fyrir fræðslu, þar sem um skyldunám er að ræða. Tveir síðari árgangarnir mundu verða miklu fámennari fyrst um sinn. Margir mundu hætta að loknu skyldunámi eftir 2 ár eða við miðskólapróf eftir 3 ár. Þá mundu og nokkrir flytjast í aðra skóla. Virðist ekki óvarlegt að áætla

tvo síðari áragangana samtals 2500—3000 nemendur. Yrði þá tala nemenda á þessu skólastigi alls 7000—7500 árlega, þegar lögin væri komin til fullrar framkvæmdar.

Til þess að finna þá aukningu, sem um er að ræða, þarf að draga hér frá tölu þeirra, sem nú stunda svipað nám og eru á þessu aldursskeiði. Þeir eru sem næst því, er hér greinir:

Í barnaskólum, einn árgangur	um 2300
Í gagnfræðaskólum og gagnfræðadeildum menntaskólanna	um 1300
Í héraðsskólum og alþýðuskólanum á Eiðum	um 500
Í unglingaskólum	um 450
Í námsflokkum, iðnskólum, verzlunarskólum og öðrum sérskólum	um 150
Samtals	um 4700

Heildaraukning verður þannig fast að 3000 nemendum og þó varla svo mikil fyrr en eftir nokkur ár.

Ef þessi áætlun er lögð til grundvallar, mun þurfa um 120 kennara og skólahúsrúm, sem nemur allt að 100 kennslustofum til viðbótar því, sem nú er. Þetta kemur vitanlega ekki allt í einu. Lögin yrðu fjögur ár að komast til framkvæmda, þótt engar tafir yrðu. Fyrst mundi verða að leggja áherzlu á, að fullnægja skyldunámskvöðinni. Það yrði nokkuð víða gert á þann hátt að lengja barnaskólann á staðnum um eitt ár, og mundi það sums staðar ekki kosta neina viðbót á húsum en nokkra viðbót kennslukrafta. Víða er þó mjög brýn þörf á meira og betra skólahúsnæði. Jafnóðum og skólahús væru reist, mundi gagnfræðanámið víða verða skilið frá barnaskólanum. Nefndin lítur svo á, að það sé miklu æskilegra og vænlegra til góðs árangurs. Telur hún því, að allir kaupstaðir og enda fjölmenn kauptún líka eigi sem allra fyrst að koma upp sérstökum gagnfræðaskólum. Það kostar að vísu mikið átak að koma upp þeim skólum, sem þarf að bæta við. En þó telur nefndin enga ofætlun að ljúka því verki á 4—6 árum.

Nú skal leitazt við að sýna fram á, hvernig kerfið mundi vaxa upp eftir héruðum og hverjar viðbætur og nýbyggingar þurfi að koma til, svo að húsakostur verði nægilegur.

A. Kaupstaðir.

1. **Reykjavík.** Fullnaðarprófsbörn hafa undanfarið verið rúmlega 600 árlega hin síðustu ár. Af þeim hafa haldið beint áfram námi: í Gagnfræðaskólanum í Reykjavík ca. 140, Gagnfræðaskóla Reykvíkinga ca. 50, gagnfræðadeild Menntaskólans 25, Kvennaskólanum 25—50, Verzlunarskóla Íslands 50, eða alls um helmingur. Við alla þessa skóla hefur orðið að vísa fjölda nemenda frá árlega. Hafa þeir annaðhvort orðið að vera án frekara náms eða aðstandendur hafa neyðzt til að kaupa þeim dýra einkakennslu. Allmargir nemendur hafa og sótt kvöldskóla og námsflokka. Hér má gera ráð fyrir, að tveir fyrstu árgangarnir verði að mestu leyti heilir. Undanþágur frá skólaskyldu verða að vísu einhverjar, en ekki svo, að hárri tölu nemi. Í 3. og 4. bekk verða afföll meiri. Má því með nokkrum líkum áætla, að skólar gagnfræðastigsins í Reykjavík þurfi að rúma nemendur, sem hér segir:

Nemendur á	1. námsári	ca. 600
—	2. —	— 550
—	3. —	— 400
—	4. —	— 250
	Samtals	ca. 1800 nemendur.

Í Reykjavík eru engin hús til fyrir skóla þessa stigs, nema Kvennaskólinn, sem rúmar um 150 nemendur. Gagnfræðadeild Menntaskólans hverfur og væntanlega samsvarandi bekkir Verzlunarskólans. Munu báðir

skólarnir hafa fulla þörf fyrir sín hús fyrir því, og Menntaskólinn þarf áreiðanlega mikið viðbótarhúsnæði, er fram líða stundir. Hér eru því engin úrræði önnur en þau að reisa 3—4 skólahús, eftir því hversu stórir skólarnir ættu að vera (400—500 nemendur hver), og auka við Kvennaskólann, svo að hann gæti rúmað 200—300 nemendur. Gagnfræðaskólarnir báðir hafa mjög ófullkomið húsnæði. Eitthvað mætti að vísu nota það, meðan ný hús væru í smíðum, en strax á næstu árum verður að bæta mjög verulega úr.

2. **Akranes.** Fullnaðarprófsbörn árlega rúm 40. Gagnfræðaskóli er þar þegar starfandi. Skólahús er ekki til, en kennsla fer fram í 2 stofum í húsi, sem ætlað er fyrir annað. Hús barnaskólans er orðið of lítið, en mundi nægja fyrir gagnfræðaskóla, ef nýtt barnaskólahús yrði reist.
3. **Ísafjörður.** Fullnaðarprófsbörn árlega rúm 60. Gagnfræðaskóli er þar starfandi. Skólahús nýlega reist og mun geta fullnægt enn um sinn.
4. **Siglufjörður.** Fullnaðarprófsbörn árlega um 60. Gagnfræðaskóli er þar starfandi. Húsnæði ekki fullnægjandi, og mun innan nokkurra ára þurfa að reisa nýtt skólahús. Mikill áhugi er á staðnum fyrir því, að húsnæði verði reist yfir gagnfræðaskólann.
5. **Akureyri.** Fullnaðarprófsbörn árlega 80—90. Gagnfræðaskóli hefur starfað þar, og auk þess hefur verið gagnfræðadeild við menntaskólann. Stórt skólahús er í þann veginn að verða fullgert, og mun það geta fullnægt þörfum um alllangt skeið, enda þótt til Akureyrar sæki jafnan margt námsmanna úr öðrum sveitum norðanlands.
6. **Seyðisfjörður.** Fullnaðarprófsbörn árlega um 20. Gagnfræðaskóli hefur ekki verið stofnaður þar enn. Unglingaskóli hefur verið í sambandi við barnaskólann. Líklegt er, að þar verði 3 ára miðskóli eða ef til vill fullkominn 4 ára gagnfræðaskóli með tímanum. Skólahús vantar, en fyrir dyrum standa breytingar og endurbætur á gamla barnaskólanum, og þarf að hugsa fyrir húsnæði fyrir gagnfræðakennsluna í sambandi við þær breytingar.
7. **Neskaupstaður.** Fullnaðarprófsbörn árlega um 20. Gagnfræðaskóli er þar starfandi, þó venjulega aðeins 2 vetra skóli. Þar mun verða starfræktur 3—4 vetra skóli. Húsrúm er nokkurt til, en mun bráðlega þurfa viðbót.
8. **Vestmannaeyjar.** Fullnaðarprófsbörn árlega 70—80. Gagnfræðaskóli hefur verið starfandi. Húsnæði er ófullnægjandi, og þarf að reisa skólahús mjög bráðlega.
9. **Hafnarfjörður.** Fullnaðarprófsbörn árlega um 80. Gagnfræðaskóli starfandi. Nýlegt skólahús, og mun geta fullnægt enn um sinn.

B. Sýslur.

1. **Gullbringusýsla.** Fullnaðarprófsbörn voríð 1942 voru 75, þar af í Keflavík 24. Í Keflavík mun mjög bráðlega koma upp gagnfræðaskóli fyrir suðurhluta sýslunnar. Unglingafræðsla í öðrum kauptúnum. Tveir innstu hreppar sýslunnar eiga eðlilega sókn til Hafnarfjarðar.
2. **Kjósarsýsla.** Fullnaðarprófsbörn 1942 samtals 31. Ekki er líklegt, að þar komi upp héraðsgagnfræðaskóli, enda eðlileg sókn til Reykjavíkur, Hafnarfjarðar eða Akraness. Unglingafræðsla yrði a. m. k. sums staðar í sambandi við barnaskóla. Líklegt er, að Gullbringu- og Kjósarsýsla verði sameinaðar í eitt gagnfræðahérað.
3. **Borgarfjarðarsýsla.** Fullnaðarprófsbörn 27.
4. **Mýrasýsla.** Fullnaðarprófsbörn 34.
5. **Snæfellsnessýsla.** Fullnaðarprófsbörn 100. Líklegt er, að þessar 3 sýslur verði fyrst um sinn sameinaðar í eitt gagnfræðahérað. Héraðsgagnfræðaskóli í Reykholti mundi nægja að mestu fyrst um sinn. Unglingaskólar mundu verða í kauptúnunum á Snæfellsnesi. Síðar kæmi ef til vill gagnfræðaskóli á Snæfellsnesi, og mundi sú sýsla þá verða sérstakt hérað, en Reykholtsskólinn

verða aðeins fyrir Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. Borgfirzkar konur hafa og mikinn áhuga á því, að upp komi nokkurs konar héraðskvennaskóli þar í héraðinu.

6. **Dalasýsla.** Fullnaðarprófsbörn 34.
7. **Austur-Barðastrandarsýsla.** Fullnaðarprófsbörn 23.
8. **Vestur-Barðastrandarsýsla.** Fullnaðarprófsbörn 39.

Líklegt er, að þessar 3 sýslur verði fyrst um sinn sameinaðar í eitt gagnfræðahérað. Sennilegt setur fyrir héraðsgagnfræðaskóla að Reykhólum í A.-Barðastrandarsýslu. Á þessu svæði er eitt þorp í örum vexti. Það er Patreksfjörður. Þar gæti mjög bráðlega komið upp miðskóli og jafnvel gagnfræðaskóli. Þá mundi Vestur-Barðastrandarsýsla skiptast úr, en hinar tvær verða saman um skóla. Skólahús vantar.

9. **Vestur-Ísafjarðarsýsla.** Fullnaðarprófsbörn 54. Skólinn að Núpi í Dýrafirði mun geta fullnægt um sinn, ef kauptúnin í sýslunni sjá um unglingafræðslu sjálf, sem líklegt er.
10. **Norður-Ísafjarðarsýsla.** Fullnaðarprófsbörn 53. Skólinn á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp verður héraðsgagnfræðaskóli fyrir þessa sýslu, og sennilegt er, að norðurhreppar Strandasýslu verði sameinaðir þessu héraði. Barnaskólar í þorpunum munu sjá um unglingafræðslu.
11. **Strandasýsla.** Fullnaðarprófsbörn 42. Ekki er líklegt, að þar komi upp héraðsgagnfræðaskóli bráðlega. Sennilega munu norðurhreppar sýslunnar sækja til Reykjaness, eins og áður segir, en suðurhrepparnir að Reykjum í Hrútafirði.
12. **Vestur-Húnavatnssýsla.** Fullnaðarprófsbörn 26.
13. **Austur-Húnavatnssýsla.** Fullnaðarprófsbörn 34.

Þessar tvær sýslur sameinast um skólann að Reykjum í Hrútafirði, og mun hann geta fullnægt enn um sinn.

14. **Skagafjarðarsýsla.** Fullnaðarprófsbörn 86. Skólasetur er ákveðið í Varmahlíð og nokkur undirbúningur hafinn. Skólahús vantar. Sauðárkrókur er vaxandi kauptún, og er ekki ósennilegt, að þar komi sérstakur miðskóli.
15. **Eyjafjarðarsýsla.** Fullnaðarprófsbörn 100. Þar er varla aðstaða til, að einn skóli verði fyrir allt héraðið. Úr sumum hlutum sýslunnar er mjög auðveld sókn til Akureyrar. Aðrir hlutar, Grímsey, Hrísey og Ólafsfjörður, eiga erfitt um samgöngur. Á Dalvík eru líkindi til, að upp komi skóli. Sá skóli gæti komið að notum fyrir nálega helming héraðsbúa.
16. **Suður-Þingeyjarsýsla.** Fullnaðarprófsbörn 84. Þar af 20 á Húsavík.
17. **Norður-Þingeyjarsýsla.** Fullnaðarprófsbörn 36.

Þessar tvær sýslur mundu verða í félagi um héraðsgagnfræðaskóla á Laugum, og mun þar ekki þurfa verulegra viðbóta við. Einnig má telja líklegt, að innan ekki mjög langs tíma rísi upp gagnfræðaskóli á Húsavík. Þar þarf hvort sem er að reisa nýtt barnaskólahús mjög bráðlega, og mundi þá gamla húsið nægja fyrir gagnfræðaskólann.

18. **Norður-Múlasýsla.** Fullnaðarprófsbörn 65.
19. **Suður-Múlasýsla.** Fullnaðarprófsbörn 96.

Sennilegt er, að þessar tvær sýslur mundu verða sameinaðar í eitt gagnfræðahérað með skólasetri á Eiðum. Þar mun enn þurfa viðbótarhúsrými, til þess að skólinn fullnægi þörfum þessara sýslna. Þó má taka tillit til þess, að nokkrir nemendur eiga auðvelda sókn til Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar, og að miðskólar gætu risið upp í sumum kauptúnum, þar sem mannflest er.

20. **Austur-Skaftafellssýsla.** Fullnaðarprófsbörn 20. Unglingaskóli mun koma í Höfn í Hornafirði.
21. **Vestur-Skaftafellssýsla.** Fullnaðarprófsbörn 38.
22. **Rangárvallasýsla.** Fullnaðarprófsbörn 70.

Líklegt er, að fyrst um sinn yrðu þessar tvær sýslur um einn héraðsgagn-

fræðaskóla. Hefur honum verið ætlaður staður í Skógum á mörkum Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslna.

23. **Árnessýsla.** Fullnaðarprófsbörn 109. Skólasetur á Laugarvatni, og mun húsnæði, sem þar er, fullnægja um sinn. Ekki er ólíklegt, að gagnfræðaskóli, eða a. m. k. miðskóli, komi síðar upp í einhverju þorpinu í neðri hluta sýslunnar, t. d. á Selfossi.

Samkvæmt þessu mundu gagnfræðahéruð fyrst um sinn verða 21, þ. e. 9 í kaupstöðum og 12 í sýslum. Í fjórum af kaupstöðunum þarf ekki húsrúm til viðbótar í bráð. Í hinum fimm vantar hús að nokkru eða mestöllu leyti. Í sveitahéruðunum falla héraðsskólarnir sex, sem nú eru, inn í kerfið og auk þess alþýðuskólinn á Eiðum. Tveir héraðsskólar eru og ráðgerðir í lögum, en eru ekki komnir á stofn. Þannig eru fimm sveitahéruð, sem alveg vantar skólahús fyrir gagnfræðastigið, og í hinum sjö þarf víða nokkrar viðbætur. Samkvæmt lauslegri áætlun nefndarinnar hér að framan vantar skólahúsrúm fyrir um 3000 nemendur, eða sem svarar 100 kennslustofur ásamt öðrum útbúnaði. Með því verði, sem nú er, má gera ráð fyrir, að þetta kosti ekki minna en 15 millj. kr. Eftir þeim hlutföllum um greiðslu stofnkostnaðar, sem nefndin stingur upp á, mundu af þessu koma í hlut ríkissjóðs um 9 millj. kr., en í hlut viðkomandi héraða um 6 millj. kr.

Héraðsskólar þeir, sem nú eru, eru sjálfseignarstofnanir. Um leið og þeir falla inn í hið nýja kerfi, þarf að semja við umráðamenn þeirra, og má vonast eftir því, að það verði auðsótt, þar sem ríkið hefur lagt fram ¾ af stofnkostnaði þeirra. Eiðaskólinn er að öllu rekinn af ríkinu samkvæmt samningi við Múlasýslur um afhendingu Eiðaeigna til ríkisins. Þar munu einnig þurfa að koma nýir samningar til.

Um einstakar greinar frv. er þessa helzt að geta:

Um 1. gr.

Stefnt er að því með þessu frumvarpi, að allir skólar, sem kostaðir eru eða styrktir af almanna fé, geti myndað samfellt skólakerfi og sérhvert próf veiti ákveðin réttindi, annaðhvort til framhaldsnáms eða starfs.

Barnapróf veitir rétt til að hefja nám á gagnfræðastiginu, en próf gagnfræðastigsins veita rétt til að hefja nám í sérskólum, svo sem búnaðarskólum, sjómannaskólum, iðnskólum, verzlunarskólum o. s. frv., enn fremur í menntaskólum.

Lengstu skólar gagnfræðastigsins eru fjögurra ára skólar, og ljúka þeir, sem halda þar áfram að barnaprófi loknu, gagnfræðanámi á því ári, er þeir verða 17 ára. Ekki er þó ósennilegt, að ýmsir hverfi frá námi um hríð að skyldunámi loknu, en hefji síðar nám í efstu bekkjum gagnfræðaskólanna, og má því ætla, að allmargt nemenda verði eldra en 17 ára, er þeir ljúka gagnfræðaprófi.

Um 2. gr.

Að sjálfsögðu eru meginverkefni skóla gagnfræðastigsins, að efla alhliða þroska nemendanna. Að þessu marki á fræðslan að miða, að ógleymdu því, að ákveðin þekking sé skilyrði þess, að nemandi verði fær um að njóta þeirra réttinda, sem prófið veitir. Skólarnir mega hvorugt vanrækja, uppeldisskylduna né fræðsluskylduna, enda verður annað naumast vanrækt, án þess að hitt bíði tjón. Eins og áður er tekið fram, veita próf þessa stigs rétt til náms í sérskólum og menntaskólum, og þarf það atriði ekki frekar skýringa við. Þá er og ráðgert, að það veiti rétt til sérfræðinámsskeiða, en líklegt þykir, að komið verði upp lengri eða skemmri námsskeiðum í ýmiss konar verklegum fræðum á líkan hátt og gert hefur verið í vélstjóra- og stýrimannafræði, og þykir ekki ráðlegt, að krafizt verði öllu minni almennrar menntunar af þeim, er slík námsskeið sækja, en svarar til þess, er veitt er í fjögurra ára gagnfræðaskólum.

Gert er ráð fyrir, að sá háttur verði upp tekinn að krefjast gagnfræðaprófs af þeim, sem gegna opinberum trúnaðarstörfum, þótt ekki krefjist þau sérmenntunar.

Sem dæmi má nefna skrifstofustörf hjá opinberum stofnunum, lögregluþjónsstörf, bifreiðastjórastörf á áætlunarbifreiðum o. fl.

Um 3. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að landið skiptist í gagnfræðahéruð eftir þeirri meginreglu, að einn gagnfræðaskóli (fjögurra ára skóli eða tveggja ára skóli, er svari til tveggja efstu bekkja fjögurra ára skólans) sé í hverju héraði. Er þetta reist á þeim rökum, að rétt sé, að íbúar þeirra héraða, sem einkum eiga að njóta hvers skóla, beri af honum nokkurn kostnað og ráði mestu um stjórn hans, en til þess er héraðaskiptingin nauðsynleg. Eðlilegast virðist, og að ýmsu leyti hagkvæmast í framkvæmd, að landið skiptist í gagnfræðahéruð eftir lögsagnarumdæmum, kaupstöðum eða sýslum, en augljóst er, að gagnfræðaskólar verða ekki stofnaðir fyrst um sinn í öllum lögsagnarumdæmum, og þykir því rétt að heimila sameiningu tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma í eitt gagnfræðahérað, þegar fræðslumálastjóri, að fengnu áliti hlutaðeigandi sýslunefnda eða bæjarstjórna, telur það henta.

Um 5. gr.

Hver skóli gagnfræðastigsins, sem veitir skyldufræðslu, nær að sjálfsögðu til ákveðins takmarkaðs héraðs, og er ætlazt til, að íbúar þess kosti skólann að nokkru og stjórni honum að mestu. Slík héruð eru hér nefnd gagnfræðahverfi, og ætlazt er til, að þau verði því nær eins mörg og skólar þeir, sem veita skyldufræðslu gagnfræðastigsins. Þó verður að gera ráð fyrir skólum, er veiti þessa fræðslu án þess, að ákveðin gagnfræðahverfi eigi þangað skólasókn. Þannig mundi þetta t. d. verða, ef Kvennaskólinn í Reykjavík starfar í framtíðinni samkvæmt lögum sem fullkominn gagnfræðaskóli; að sjálfsögðu yrði skólasókn þangað ekki miðuð við eitt af gagnfræðahverfum Reykjavíkur öðru fremur, og ekki heldur við Reykjavíkurhérað eitt.

Um 6. gr.

Naumast er hægt að benda á aðra aðila en sýslunefndir og bæjarstjórnir til að kjósa yfirstjórn gagnfræðastigsskólanna í héraðinu, og þykir þá rétt, að kjörtímabil þeirra sé hið sama. Nauðsynlegt er, að fræðslumálastjórnin eigi fulltrúa innan gagnfræðaráðanna, og er þá eðlilegast, að hann sé um leið formaður. Flest gagnfræðaráð mundu samkvæmt þessu verða skipuð fimm mönnum, og naumast mundi nokkurt þeirra verða skipað fleiri en 7. Virðist því í hóf stillt.

Um 7. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 8. gr.

Námsstjórar hafa á hendi eftirlit með skólastarfsemi fyrir hönd fræðslumálastjórnarinnar. (Sbr. 35., 36. og 37. gr.) Það er því sjálfsagt að veita þeim rétt til að sitja fundi gagnfræðaráðanna, svo að þeir geti komið þar á framfæri leiðbeiningum og athugasemdum varðandi skólastarfið, og virðist sanngjarnt og jafnvel nauðsynlegt, að þeir geti kvatt ráðin til fundar, er þeim þykir henta.

Um 9. gr.

Hlutverk gagnfræðaráðanna er tvíþætt, annars vegar að annast skólanefndarstörf við gagnfræðaskólana (fjögurra ára gagnfræðaskóla eða tveggja ára skóla, er svara til efstu bekkja fullkominna gagnfræðaskóla), eins og það er skilgreint í 11. gr., og hins vegar að hafa á hendi yfirstjórn og eftirlit allra gagnfræðastigsskólanna í héraðinu. Eðlilegast virðist, að þar, sem fleiri en einn gagnfræðaskóli verður í gagnfræðahéraði, eins og t. d. í Reykjavík, verði gagnfræðaráðið skólanefnd þeirra allra.

Gagnfræðaráðin fá aðstöðu til að hafa forystu í skólamálum og menningarmálum hvert í sínu héraði, og er það tilgangurinn, að svo verði.

Um 10. gr.

Í hverju gagnfræðahverfi starfar skólanefnd, en þar, sem gagnfræðahverfi og gagnfræðahérað falla saman, annast gagnfræðaráðið skólanefndarstörfin. Enn fremur getur það annazt skólanefndarstörf í fleiri en einu gagnfræðahverfi og við fleiri en einn gagnfræðaskóla, ef skyldufræðslan er veitt í fullkomnum gagnfræðaskólum. Samkvæmt lögum þeim, sem gilt hafa um barnafræðslu, eru skólanefndir barnaskólanna kosnar af bæjarstjórnum í kaupstöðum, en af almenningi í hreppum. Reynsla sú, er fengizt hefur af þessu fyrirkomulagi, virðist benda til, að bezt henti að fela sveitarstjórnum þetta starf, og er því tekið upp það fyrirkomulag, sem verið hefur í kaupstöðum varðandi skólanefndir barnaskólanna til þessa.

Um 11. gr.

Hlutverk skólanefnda er fyrst og fremst að annast fjármál skólanna, sjá um, að ytri aðstæður til skólahalds séu í samræmi við lög og reglugerðir, að nægilegt kennaralið fáist að skólanum og börn ræki skólaskylduna. Að sjálfsögðu verða tillögur skólanefndar um fjárframlög til skólamála að fá samþykki sveitarstjórnar; rétt þykir þó, að aðilar eigi málskotsrétt til fræðslumálastjórnar, ef ágreiningur rís milli skólanefndar og sveitarstjórnar.

Eftirlit með innra starfi skólanna er ekki í höndum skólanefndanna, heldur námsstjóra, sem ætla má, að séu hæfari til að dæma á því sviði. Æskilegt verður að teljast, að aðstandendur þeirra unglinga, sem skólann sækja, fylgist sem bezt með skólastarfinu og hafi aðstöðu til að koma fram með tillögur og athugasemdir. Ekki þykir þó fært að koma fram með tillögur um að lögbinda þetta að sinni; en æskilegt væri, að sem víðast yrðu stofnuð félög aðstandenda, er störfuðu í fullu samráði við skólastjóra og kennara að velferðarmálum skólanna, nemenda og kennara. Þegar reynsla væri fengin af slíku starfi, gæti komið til álita að lögfesta eftirlit aðstandenda með skólum.

Um 12. gr.

Greinin þarf ekki skýringar hér. Um breytingu á fræðsluskyldunni er rætt fyrr í greinargerð fyrir þessu frumvarpi og í greinargerð fyrir frumvarpi um skólakerfi og fræðsluskyldu, sbr. enn fremur fylgiskjal með því frumvarpi.

Um 13. gr.

Efni þessarar greinar er skýrt í greinargerð fyrir frumvarpi um skólakerfið (sbr. og fylgiskjal). Þess skal þó getið hér, að rétt þykir að leggja það á vald sveitarstjórna og gagnfræðaráða að gera tillögu um að nota heimild þessarar greinar, en að sjálfsögðu er fræðslumálastjórninni ætlað úrskurðarvald í því efni. Ætla verður, að gagnfræðaráð og sveitarstjórnir kynni sér álit almennings, áður en slíkar tillögur eru gerðar, og er þetta raunar svo sjálfsagt, að ekki þykir ástæða til að setja um það bindandi lagaákvæði.

Um 14.—18. gr.

Þurfa ekki skýringar.

Um 19.—24. gr.

Þurfa ekki skýringar, sbr. þó greinargerð við frv. til laga um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Um 25. gr.

Allir skólar gagnfræðastigsins mynda samfellda heild, þannig, að nemendum á að vera kleift að fara úr öðrum bekk unglingaskóla í þriðja bekk miðskóla eða gagnfræðaskóla, og nemendum úr þriðja bekk miðskóla í fjórða bekk gagnfræðaskóla.

Um 26. gr.

Sennilegt verður að telja, að í sveitum verði unglingafræðsla veitt í sambandi við barnaskólana, fyrst um sinn að minnsta kosti. Það virðist því heppilegt, að héraðsskólarnir taki við af unglingaskólunum og kennsla í þeim verði miðuð við tvo efstu bekki gagnfræðaskólanna, svo að nemendur þeirra geti lokið fullkomnu gagnfræðaprófi og einnig þreytt miðskólapróf bóknámsdeildar og þannig fengið rétt til inngöngu í menntaskólana, ef þeir ná tilskilinni einkunn. Kalla mætti þessa skóla héraðs-gagnfræðaskóla.

Um 27. gr.

Barnaprófið veitir rétt til inngöngu í báðar deildir gagnfræðaskólanna. Þó verður krafizt ákveðinnar prófseinkunnar til þess að fá inngöngu í bóknámsdeild, vegna þess, að hún mun miða námsefni sitt að verulegu leyti við undirbúning undir framhaldsnám í menntaskólum og skólum, er krefjast svipaðs undirbúnings, og er hæfni til bóknáms því skilyrði þess að geta notið námsins í þeirri deild. Ástæða þykir til að taka fram, að hæfni til bóknáms er alls ekki algildur mælikvarði á gáfur. Ekki þykir rétt að ákveða í lögum, hvaða einkunna skuli krefjast til inngöngu í bóknámsdeild. Réttara virðist, að það sé ákveðið í reglugerð, svo að auðvelt verði að breyta þessum ákvæðum eftir því, sem reynslan bendir til, að rétt sé. Verknámsdeild er öllum opin, sem barnaprófi hafa lokið. Ætlazt er til, að þar verði lögð megináherzla á ýmiss konar verknám auk bóklegra greina (sbr. 28. gr.). Verknáminu þarf að haga eftir hæfni hvers nemanda og með hliðsjón af því, hvaða atvinnu líklegast er, að hann stundi. Takist vel til um verknámskennslu, getur hún veitt þroska og menningu engu síður en bóknám. Verknámsdeild ber því alls ekki að skipa óvirðulegri sess í skólakerfinu en bóknámsdeild, og sennilega veitir hún viðtækari réttindi að námi loknu, því að ætla má, að þegar lög sérskólanna verða endurskoðuð, krefjist þeir flestir fremur prófs frá verknáms- en bóknámsdeild.

Fyrst um sinn mun mjög skorta hæfa kennara að verknámsdeildum, og vissulega verður reynslan að móta þær hægt og hægt, en rétt er að geta þess, að fyrirkomulag líkt þessu hefur verið reynt í Svíþjóð og með mjög góðum árangri, að dómi sænskra skólamanna.

Um 28. og 29. gr.

Þessar greinar fjalla um námsefni bóknáms- og verknámsdeilda. Ekki þykir fært á þessu stigi málsins að lögfesta ýtarlegri ákvæði um námsefni; reynslan verður að skera úr, hvað bezt á við í einstökum atriðum, og ætla verður fræðslumálastjórn að fylgjast það vel með, að hún finni þær úrlausnir, sem bezt henta á hverjum tíma. Sjálfsagt þykir að binda í lögum, að íslenzka og íslenzk fræði skuli vera öndvegisgrein meðal bóklegra greina í báðum deildum, og þarf naumast að rökstyðja þá skoðun, svo sjálfsögð verður hún að teljast. Í verknámsdeildinni mundi, næst íslenzku og íslenzkum fræðum, verða lögð áherzla á bóknám í þeim greinum, sem hagnýtastar eru í sambandi við atvinnuhætti og daglegt líf. Koma þá fyrst til greina ýmiss konar náttúruvísindi, en reikningur og stærðfræði sem hjálpargreinar þeirra.

Um 30. gr.

Gera verður ráð fyrir, að margir unglingar óski að flytjast milli deilda, þegar nokkur reynsla er fengin af náminu. Sjálfsagt er, að skólarnir greiði fyrir þessu, eftir því sem kostur er. Markmiðið er, að hver unglingur hljóti kennslu við þarfir og hæfi. Þeir, sem óska að fara í bóknámsdeild úr verknámsdeild, þurfa aukaleiðbeiningar í bóknámi, en þeir, sem úr bóknámsdeild fara, í verknámi. Flutningar milli deilda ættu þó ætíð að fara fram í samráði við kennara og þar, sem því yrði við komið, eftir nákvæma og vísindalega athugun á hæfileikum nemenda.

Um 31. gr.

Þarf ekki skýringa, sbr. skýringar við 28. og 29. gr.

Um 32. gr.

Gera verður ráð fyrir, að í flestum unglingaskólum verði kennt nokkru meira en minnst þarf til að ljúka skyldunámi, því að sjálfsagt er að gefa þeim, sem létt er um nám, kost á að fara lengra í ýmsum greinum en þeir geta farið, sem þyngra er um námið. Skyldunámið verður því að vera miðað við það, að þorri nemenda geti auðveldlega lokið því á tilskildum tíma, og hefði ef til vill verið rétt að fara hér að dæmi Svía, sem ákveða, hve margar kennslustundir skyldunám skuli ná yfir, en gera um leið ráð fyrir, að fleiri stundir séu kenndar í skólunum fyrir þá, sem vilja og geta tileinkað sér meira nám á því árabili, er skólinn stendur yfir. Réttara virðist þó að fá nokkra innlenda reynslu í þessu efni, áður en reglur eru lögfestar.

Um 33. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 34. gr.

Sjálfsagt þykir að gefa skólastjórum og skólanefndum tillögurétt um val kennara. Verði þessir aðilar eigi á eitt sáttir, þykir rétt, að fremur sé tekið tillit til skólastjóra en skólanefndar, þar sem kennarinn starfar að verulegu leyti á ábyrgð skólastjórans.

Um 35. og 36. gr.

Af þeirri reynslu, sem fengizt hefur af starfi námsstjóra við barnaskóla, þykir mega ráða, að sjálfsagt sé að hafa slíka starfsmenn við skóla gagnfræðastigsins. Sérstaklega verður að telja nauðsynlegt að hafa menn til leiðbeiningar og eftirlits, meðan skólar þess stigs eru að mótast og komast í fast horf. Skorti eftirlit og leiðbeiningar fyrir hina einstöku skóla, er hætt við, að skólakerfið verði ekki svo samræmd heild sem því er ætlað að vera.

Um 37. gr.

Rétt þykir, að námsstjórar séu með í ráðum um val skólastjóra, þar eð þeir hafa öðrum fremur tækifæri til að kynnast öllum þorra kennara. Vegna þessarar sérstöðu þykir og rétt, að tekið verði meira tillit til tillagna námsstjóranna en tillagna skólanefndanna.

Um 38. gr.

Árangur af starfi hvers skóla fer fyrst og fremst eftir því, hve góðum kennurum hann hefur á að skipa. Það er því einsætt, að gera verður strangar kröfur um menntun kennara, og þykir ekki minna koma til greina en um ræðir í þessari grein. Ljóst er, að fyrst um sinn verður skortur á kennurum, er fullnægi skilyrðum þessarar greinar, og er þá ekki annað að gera en fræðslumálastjórnin ráði fram úr vandanum í hverju tilfelli og fái sem hæfasta menn til, þótt ekki fullnægi þeir settum skilyrðum, en ætíð sé þó tryggt, að þeir, sem tilskilda menntun hafa, gangi fyrir. Alveg sérstaka áherzlu verður að leggja á, að sérhver kennari fullnægi hinum almennu menntunarskilyrðum, sem tilgreind eru í a-lið.

Um 39. og 40. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 41. gr.

Naumast er það starf til, að fremur krefji sívakandi áhuga og sífelldrar endurnýjunar þekkingar en kennarastarfið. Þykir af þessum sökum nauðsynlegt að ætla kennurum tíunda hvert ár til að endurnýja kennarahæfni sína og auka þroska sinn. Að sjálfsögðu mundi leiða af þessu verulegan kostnað eða 10% af heildarlaunafúlgu starfandi kennara, eða sem svarar því, að þegar 180 kennarar eru að kennslustörfum, þá verða 20 í orlofi; en ætla má, að kennarar gagnfræðastigsins verði von bráðar um 200.

Um 42. gr.

Hér er kveðið á um hámarksstarfstíma gagnfræðaskólanna. Sennilegt er, að fæstir þeirra mundu starfa lengur en átta mánuði á ári fyrst um sinn, en í þorpum og sveitum eflaust allmiklu skemur.

Um 43. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 44. gr.

Við barnaskólana er þegar fengin góð reynsla af landsprófum, og þykir alveg sjálfsagt að taka þau upp við skóla þessa stigs, svo að tryggt verði, að sambærilegur árangur fáist af kennslunni við hina ýmsu skóla. Þetta er sérstaklega nauðsynlegt vegna þess, að próf þessa stigs veita öll ákveðin réttindi, ýmist til framhaldsnáms í skólum stigsins eða í öðrum skólum.

Þó þykir ekki fært, að gagnfræðaprófið verði landspróf, vegna þess, að ætlazt er til, að í fjórða bekk gagnfræðaskólanna verði tekið svo mikið tillit til sérhæfni og þarfa einstakra nemenda, að ekki sé hægt að gera sömu prófkröfur til þeirra allra; hins vegar ættu prófvottorð þeirra að bera með sér, undir hvaða starf eða sérfræðinám hver einn þeirra hefur búið sig.

Um 45.—47. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 48. gr.

Þau atriði, sem um getur í þessari grein, þykir ekki rétt að binda í lögum um sinn, en æskilegt er að fá nokkra reynslu í þessum efnum, og kemur þá til álita við endurskoðun laganna, sem væntanlega fer fram, áður en langir tímar líða, hver þeirra þykir þá fært að binda í lögum.

Um 49.—54. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Um 55. gr.

Eins og nú er háttað skiptingu tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga, virðist hæfilegt að ákveða skiptingu á stofnkostnaði skólanna, eins og hér er gert, enda að mestu stuðzt við ákvæði gildandi laga.

Um 56. gr.

Rétt þykir, að kennarar taki laun sín hjá einum aðila, og þá að sjálfsögðu hjá ríkinu, en ekki hlutaðeigandi sveitarfélagi. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru, lætur nærri, að kennaralaunin séu ⅔ af rekstrarkostnaði skólanna. Sveitarfélögin yrðu þá að greiða ⅓ kostnaðarins, en gert er ráð fyrir, að ríkið endurgreiði ¼ þess kostnaðar, þegar fengin er vissa fyrir, að skólahald sé í samræmi við þær kröfur, sem fræðslumálastjórn gerir. Hluti sveitarfélaganna yrði því sem næst ¼, en ríkisins ¾ alls rekstrarkostnaðar skólans. Virðist þetta sanngjarnt, er litið er á skattstofn sveitarfélaganna annars vegar og ríkisins hins vegar.

Um 57. og 58. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 59. gr.

Líklegt er, að nokkrir kvennaskólar starfi samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa, og verði þeir sóttir engu síður úr öðrum gagnfræðahéruðum en þeim, sem þeir starfa í. Að sjálfsögðu er ekki rétt, að eitt hérað beri kostnað þessara skóla, og þykir því rétt, að ríkið beri hann að mestu. Ekki þykir þó ranglátt, að það hérað, þar sem skólinn starfar, beri af honum nokkurn kostnað, því að það verður að teljast til hlunninda hverju héraði, að þar starfi sem flestir skólar.

Um 60.—62. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 63. gr.

Rétt þykir að setja takmörk fyrir því, hve margir nemendur skuli vera, hið fæsta, svo að gagnfræða- eða miðskóli verði haldinn, og þá jafnframt ákvæði um styrk til kennslu í námsgreinum þessara skóla, þar sem þeir eru ekki starfandi. Til skýringar því, hvernig styrkurinn reiknast, skal tekið fram, að fullt starf kennara miðast við, að kennt sé í 7 mánuði 30 stundir á viku, og nemendur séu 25. Ef gert er ráð fyrir, að kennslustundafjöldi kennara, sem kennir fulla kennslu, verði 840 og styrkur sé veittur vegna 500 kennslustunda fyrir 15 börn og fullkomin kennaralaun séu kölluð a, verður styrkupphæðin a $\times$ $^{500}/_{840}$ $\times$ $^{15}/_{25}$.

Um 64.—70. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Fylgiskjal 1.

Árið 1945, mánud. 11. júní kl. 2 e. h., var settur fundur skólastjóra héraðs- og gagnfræðaskóla. Fræðslumálastjóri, er átt hafði frumkvæði að fundinum, setti hann og gat þess, að verkefni hans væri að ræða frumvarp það um gagnfræðanám, er milliþinganefnd í skólamálum hafði samið.

Á fundinum voru mættir fræðslumálastjóri, skrifstofustjóri fræðslumálastjóra, milliþinganefnd í skólamálum og þessir skólastjórar:

Benedikt Tómasson,
Bjarni Bjarnason,
Guðmundur Gíslason,
Hermann Hjartarson,
Ingimar Jónsson,
Jóhann Jóhannsson,
Oddur Sigurjónsson,
Ragnheiður Jónsdóttir,
Þorsteinn M. Jónsson,
Þorsteinn Víglundsson,
Þórarinn Þórarinsson,
Þórir Steinþórsson,
Þóroddur Guðmundsson,
Hanníbal Valdimarsson (mætti 12. júní).

Fundarstjórar voru kjörnir Bjarni Bjarnason og Þorsteinn M. Jónsson og fundarritarar tilnefndir Benedikt Tómasson og Guðmundur Gíslason.

Frummælandi var Ingimar Jónsson.

Gerði hann nokkra grein fyrir því, sem vakað hefði fyrir milliþinganefnd við samningu frumvarpsins, og kvaðst vænta þess, að fundarmenn létu í ljós álit sitt á því, einkum því, er þeim þætti við það að athuga.

Þorsteinn M. Jónsson bar fram tillögu um, að skipaðar yrðu þrjár nefndir og skyldu þær gera athugasemdir við frumvarpið. Frestað var þó að skipa nefndirnar, þar til er málin hefðu verið rædd nokkru meir.

Síðan tóku til máls Þórir Steinþórsson, Þorsteinn Víglundsson, Guðmundur Gíslason og Oddur Sigurjónsson. Töldu ræðumenn sig samþykka frumvarpinu í aðalatriðum, en gerðu þó nokkrar athugasemdir við einstök atriði.

Fundi frestað.

Kl. 5,30 hófst fundur á ný. Skipað var í nefndir á þessa leið:

Laganefnd (frumvarpsnefnd):
Þórir Steinþórsson,
Bjarni Bjarnason,
Ragnheiður Jónsdóttir,
Benedikt Tómasson,
Ingimar Jónsson.
Fjármálanefnd:
Þorsteinn Víglundsson,
Oddur Sigurjónsson,
Þórarinn Þórarinsson,
Þóroddur Guðmundsson,
Hermann Hjartarson.
Kennslubókanefnd:
Jóhann Jóhannsson,
Þorsteinn M. Jónsson,
Guðmundur Gíslason.
Til máls tók Bjarni Bjarnason.

Kvaðst andvígur aukinni skólaskyldu. Taldi hallað á heimavistarskólastjóra í launagreiðslum samanborið við skólastj. heimangönguskóla. Andvígur því, að skólagjöld yrðu niður felld. Sjálfsagt, að skólar hefðu rekstur til tekjuöflunar og gætu kaupstaðarskólar einnig verið gistihús á sumrin. Kennarar ættu að vera starfsmenn skólanna allt árið og laun þeirra miðuð við það. Mælti gegn því, að skólar yrðu gerðir að ríkisskólum.

Jóhann Jóhannsson ræddi um ósamræmi í launum skólastj. og kennara gagnfræðaskóla.

Þá tók til máls Sigfús Sigurhjartarson. Gerði hann glögga grein fyrir aðalatriðum frumvarpsins og breytingum þeim, er yrðu á skólakerfinu samkvæmt því.

Þorsteinn Jónsson taldi sérskóla að ýmsu leyti betri en samskóla. Var andvígur gistihúsrekstri í skólum, einkum kaupstaðaskólum. Kvað verða að gera miklar kröfur í einkunnum til þeirra nemenda, er í menntaskóla færu. Fundi frestað til næsta dags.

Þriðjudaginn 12. júní. Fundur settur kl. 2,15.

Form. frumvarpsnefndar, Þórir Steinþórsson, tók til máls. Kvað nefndina ekki hafa skilað áliti, en lýsti skoðun sinni á frumvarpinu og gerði við það nokkrar athugasemdir.

Fræðslumálastjóri rakti ástæður þess, að skólaskylda yrði framlengd til 15 ára aldurs.

Ingimar Jónsson kvað frumvarp milliþinganefndar beint framhald á þeirri þróun, er undanfarin ár hefði gerzt í skólamálum landsins. Nýir skólar hefðu risið upp og fleiri mundu bætast við. Nauðsynlegt væri því að samræma skólakerfið, og væri það höfuðtilgangur frumv. Taldi æskilegt, að skólarnir yrðu sjálfseignarstofnanir eins og áður.

Bjarni Bjarnason endurtók andmæli gegn aukinni skólaskyldu. Vildi fá nemendur í framhaldsskóla eftir 15 eða 16 ára aldur, ef þeir hygðu ekki á framhaldsnám.

Sigfús Sigurhjartarson gaf nokkrar skýringar á sumum atriðum frumvarpsins. Lýsti yfir því, að hann teldi kennara héraðs- og gagnfræðaskóla beitta rangindum í ákvæðum launalaga.

Fundi frestað.

Fundur hófst að nýju kl. 6.

Guðmundur Gíslason vildi, að skólarnir störfuðu ekki lengur en 7½—8 mán. á ári, og taldi nauðsynlegt að stofna menntaskóla í sveit. Tillögu á þessa leið var vísað til frumvarpsnefndar:

I. „Fundur héraðs- og gagnfræðaskólastjóra beinir þeim tilmælum til milliþinganefndar í skólamálum, að hún geri það að tillögu sinni, að menntaskóli verði

stofnaður í sveit hið fyrsta til þess að auðvelda æskumönnum sveitanna menntaskólanám.“

Þorsteinn M. Jónsson hafði framsögu f. h. kennslubókanefndar. Bar hann fram þessa tillögu:

II. „Fundurinn telur, að útgáfa kennslubóka eigi að vera frjáls og öllum heimil, því að þann veg verði bezt tryggð eðlileg þróun í vali og útgáfu námsbóka, enda verði fræðslumálastj. jafnan á verði um, að ekki skorti nauðsynl. kennslubækur. Þá telur fundurinn rétt, að nemendur kaupi og eigi þær bækur, er þeir nota við nám. Einnig lítur hann svo á, að æskilegast sé, að fræðslumálastjóri annist útvegun erlendra kennslutækja og kennslubóka.“

Hannibal Valdimarsson var nú mættur á fundinum. Ræddi hann um, hve erfitt væri að koma öllum námsgreinum fyrir á stundaskrá sökum tímaskorts. Vildi fella sumar námsgreinar niður eða fá að öðrum kosti nýjar, stuttar yfirlitsbækur í þeim greinum.

Oddur Sigurjónsson var hlynntur ríkisútgáfu námsbóka. Nauðsynl., að til væri einhver aðili, sem bæri ábyrgð á því, að til væru nægar námsbækur. Vildi, að fræðslumálastjóri byði út samningu námsbóka og keypti beztu handritin.

Fundi frestað.

Miðvikudaginn 13. júní var fundur settur kl. 1½.

Prófessor Ásmundur Guðmundsson hóf umræður um kennslubækur. Taldi það höfuðatriði, að kristin fræði væru kennd í gagnfræðaskólum. Óskaði álits fundarmanna á því, hvernig haga bæri slíkri kennslu.

Þorsteinn Víglundsson lýsti ánægju yfir frumvarpinu. Taldi kristindómsfræðslu vænlegasta í sambandi við kennslu í mannkynssögu, og yrði þá að semja nýjar bækur í þeirri grein. Vildi ekki, að ríkið gæfi út kennslubækur, en þó yrði að hafa eftirlit með því, að ekki væru gefnar út of margar kennslubækur í hverri grein.

Þorsteinn M. Jónsson kvað nauðsynlegt að takmarka allmjög námsgreinafjölda í skólum.

Þóroddur Guðmundsson lýsti stuðningi sínum við frumvarpið. Mótfallinn landsprófi. Námsskrá skóla skyldi vera frjálsleg og rúm.

Fundarstjóri bar tillögu kennslubókanefndar (II.) undir atkvæði, og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þórir Steinþórsson kvaddi sér hljóðs f. h. frumvarpsnefndar og las þetta nefndarálit:

„Fundur héraðs- og gagnfræðaskólastjóra, haldinn í Reykjavík dagana 11.—13. júní árið 1945, lýsir yfir því, að hann er í höfuðatriðum samþykkur tillögum milliþinganefndar í skólamálum um gagnfræðanám og telur þær til bóta. Um einstök atriði tekur hann fram þetta:

III. Um 39. gr. frv. Setja mætti skýrari ákvæði um það, að ýmis störf kennara, önnur en bein kennslustörf, megi telja með í starfsmánaðafjölda hans og geti því lengt hann.

IV. Um 44. gr. frv. Rétt væri að fella niður ákvæði um það, að kennarar dæmi um úrlausnir hver í sinni grein við landspróf. Skulu öll ákvæði um framkvæmd prófa vera í reglugerð.

V. Um 56. gr. frv. Ákvæði vantar um það, að nemendur í heimavistarskólum skuli greiða húsaleigu. Geta mætti þess, að um fleiri tekjuöflunarleiðir en framlög ríkis og sveita megi vera að ræða.

VI. Um 57. gr. Of lítið mun vera að ætla einn kennara á 25 nemendur í skólum, sem hafa verknámsdeildir. Mundi nær, að einn kennara þyrfti á 15—18 nem. eftir stærð skólanna.

Þá hafa sumir fundarmenn sérstöðu að því leyti, að þeir telja skyldunám frá 13—15 ára aldurs ekki æskilegt að svo stöddu. Ef skyldunám verður lögboðið eftir 13 ára aldur, telja ýmsir æskilegt, að því þurfi ekki að vera lokið við 15 ára aldur.“

Hannibal Valdimarsson vildi ekki, að skólar störfuðu lengur en 7—7½ mánuð á ári. Benti á, að erfitt yrði að framkvæma landspróf, ef skólarnir störfuðu mislengi. Taldi sjálfsagt, að kennarar fengju laun í samræmi við starfstíma skólanna.

Ingimar Jónsson gat fallizt á, að skólar störfuðu ekki lengur en 8 mánuði. Laun kennara við gagnfræðaskóla væru óréttlát miðað við aðra kennaraflokka, en gagnslaust mundi þó að fara fram á lagabreytingu nú þegar. Skýrði frá tilraunum sínum til þess að gera kennara sjóðfélaga í lífeyrissjóði.

Jóhann Jóhannsson bar fram þessa tillögu:

VII. „Fundurinn samþykkir, að upphaf 55. gr. í frumvarpi til laga um gagnfræðanám orðist svo: Ríkissjóður greiði allt að þrem fjórðu stofnkostnaðar við heimavistarskóla og heimangönguskóla."

Kristinn Ármannsson lét í ljós undrun sína á því, að óskað skyldi eftir breytingu á ákvæðum um landspróf, þar sem þau væru sett til þess að gera skólum utan Rv. jafnhátt undir höfði.

Fundi frestað.

Kl. 5 hófst fundur að nýju.

Þorsteinn Víglundsson hóf umræður f. h. fjárhagsnefndar og óskaði eftir, að milliþinganefnd tæki til greina nokkrar breytingartillögur.

Þá voru lesnar upp tillögur og þær bornar undir atkvæði.

Tillaga nr. III (við 39. gr. frv.) borin upp og samþ. í einu hljóði.

VIII. Svo hljóðandi tillaga Hannibals Valdimarssonar, Guðm. Gíslasonar og Þorsteins Víglundssonar borin upp og samþ. með 5 atkv. gegn 4:

„Fundurinn telur, að héraðs- og gagnfræðaskólar skuli ekki starfa lengur en 7½ mánuð á ári hverju, til þess að æskumenn þeir, er skólana sækja, slitni ekki úr tengslum við lifrænt atvinnulíf þjóðarinnar."

Tillaga nr. IV. (um 44. gr.) samþ. með 7 atkv. án mótatkv.

IX. Svo hljóðandi tillaga samþ. með 7 atkv. án mótatkv.:

1) „Við 53. gr. bætist: „Skólastjórar og skólanefndir hafa úrskurðarvald um notkun skólahúsa."

2) Framan við 56. gr. komi: „Skólastjórar og aðrir ...."

Tillaga nr. VII samþ. með 5 atkv. gegn 3.

X. Svo hljóðandi tillaga samþ. samhljóða:

„Við 56. gr. bætist: Skólastj. heimavistarskóla njóti ókeypis húsnæðis, ljóss og hita."

Tillaga nr. V samþ. með öllum greiddum atkv.

Tillaga nr. VI samþ. með 7 atkv. gegn 3.

XI. Svo hljóðandi tillaga felld:

„Í 57. gr. bætist á eftir orðunum „hvern kennara": í bóklegum greinum, — og á eftir orðunum „á ári" komi: en við verknám séu 10—25 nem. í hverri kennslustund eftir því, hver kennslugreinin er".

Till. nr. I samþ. með 7 atkv. án mótatkv.

XII. Svo hljóðandi till. frá Benedikt Tómassyni samþ. með öllum atkv.:

„Fundur héraðs- og gagnfræðaskólastjóra, haldinn í Rv. dagana 11.—13. júní árið 1945, leyfir sér að skora á hið háa Alþingi að samþykkja frumvarp það um gagnfræðanám, er milliþinganefnd í skólamálum hefur lagt fram."

XIII. Svo hljóðandi tillaga samþykkt með öllum atkv.:

„Fundurinn samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd, er vinni að því við fræðslumálastjóra, kennslumálaráðherra og Alþingi, að laun héraðs- og gagnfræðaskólakennara og kennara Eiðaskóla verði greidd eins og ákveðið er í 16. og 29. gr. launalaga, þótt kennslutími skólans sé styttri en 9 mánuðir. Má benda á það, að skólarnir geta að öðrum kosti búizt við því, að beztu kennararnir hverfi frá þessum skólum og leiti sér starfs, þar sem kennslutími er lengri og árslaun því hærri. Þá felur fundurinn nefndinni að beita sér fyrir því, að héraðsskólakennarar verði færðir í sama launaflokk og gagnfræðaskólakennarar."

Í nefndina voru kjörnir samhljóða:

Þórir Steinþórsson, Hannibal Valdimarsson og Sigfús Sigurhjartarson.

Þá tók til máls Þorsteinn M. Jónsson og kvaðst mótfallinn því að greiða hærra kaup þeim stundakennurum, er stílaleiðréttingar hefðu í heimavinnu. Óskaði eftir, að þetta yrði alls staðar eins.

Ingimar Jónsson var þessu sammála, en taldi þó rétt að greiða íslenzkukennurum aukalega fyrir leiðréttingar á ritgerðum.

Þorsteinn Víglundsson tók í sama streng. Ragnheiður Jónsdóttir óskaði eftir úrskurði kennslumálaráðherra eða fræðslumálastjóra í þessu máli.

Fræðslumálastjóri kvaðst vilja heyra tillögur skólastjóra, þar eð þeir hefðu betri skilyrði til að meta slíkt. Ragnheiður Jónsdóttir óskaði samkomulags við félag stundakennara. Jóhann Jóhannsson og Hannibal Valdimarsson voru sammála Þorsteini M. Jónssyni.

Síðan var þessi tillaga borin fram og samþykkt með öllum greiddum atkv. (fyrri hluti hennar):

XIV. „Fundurinn telur ekki þörf á sérstakri greiðslu fyrir heimavinnu stundakennara."

Seinni hluti tillögunnar, er hljóðaði svo, var felldur:

„.... nema ef vera skyldi fyrir leiðréttingar á ísl. stílum (ritgerðum) í efri bekkjum skólanna."

Samþykkt var að kjósa skólaráð héraðs- og gagnfræðaskóla með 7 atkvæðum gegn 1.

Samþykkt að ráða námsstjóra með öllum greiddum atkv.

Fundarhlé.

Í fundarhléi sátu fundarmenn kvöldverð að Hótel Borg í boði fræðslumálastjóra. Var þar mættur kennslumálaráðherra, Brynjólfur Bjarnason, og frú hans.

Að kvöldverði loknum hófst fundur á ný að Hótel Borg, og las ritari fundargerð. Var hún samþykkt athugasemdalaust.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Benedikt Tómasson (sign.) ritari.

Ingimar Jónsson (sign.) e. u.

Fylgiskjal 2.

MILLIÞINGANEFND Í SKÓLAMÁLUM

Reykjavík, 4. sept. 1945.

Dagana 11.—13. júní þ. á. var haldinn í Reykjavík fundur skólastjóra héraðs- og gagnfræðaskóla að frumkvæði fræðslumálastjóra. Verkefni fundarins var meðal annars að taka til athugunar frumvarp um gagnfræðanám, er milliþinganefnd í skólamálum hefur samið.

Fundurinn gerði ýmsar ályktanir varðandi frumvarpið, svo sem sjá má í afriti af fundargerð, sem fylgir hér með.

Milliþinganefndin hefur nú athugað samþykktir fundarins, og getur hún fallizt á að mæla með þessum breytingum á frumvarpinu:

1. Við 39. gr.
   Aftan við gr. bætist: eða taka tillit til slíkra aukastarfa, þegar ákveðin er lengd árlegs starfstíma kennara. Skólanefnd ákveður kennsluskyldu skólastjóra með samþykki fræðslumálastjórnar.
2. Við 44. gr.
   Orðin: „Kennarar dæma .... fræðslumálastjórnar" falli burt.

3. Við 56. gr.
   3. málsliður 1. málsgreinar orðist svo:
   Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum það, sem á vantar, en ríkissjóður endurgreiðir fjórða hluta þess að fengnum skýrslum um fullnægjandi skólahald samkvæmt settum reglum og fyrirmælum. Endurgreiðsla ríkissjóðs rennur í skólasjóð og telst til tekna hans á næsta ári. Fræðslumálastjórn ákveður húsaleigu heimavistarnemenda í samráði við skólastjóra og skólanefnd.
4. Við 57. gr.
   a. Fyrir orðin „allt að 25 .... er styttri“ komi: 20—25 nemendur komi á hvern kennara eftir því, hve verknám er mikið.
   b. Í stað orðanna: „25 á hvern kennara“ komi: þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum.

Í 58. gr. er prentvilla. Er þar vitnað í 54. gr., en á að vera 55. gr.

Aðrar tillögur frá áðurnefndum fundi skólastjóra getur nefndin ekki fallizt á. Telur hún sumar óþarfar, en aðrar ekki til bóta.

Um einstakar tillögur vill nefndin taka þetta fram:

1. Tillaga merkt I í fundargerð.
   Samkvæmt 1. gr. frv. þess um menntaskóla, er nefndin hefur samið, er það á valdi Alþingis á hverjum tíma að fjölga menntaskólum og þá einnig að stofna menntaskóla í sveit. Milliþinganefndin telur ekki tímabært að bera fram tillögu um það nú, en telur rétt, að hugsað verði fyrir heimavistum við Menntaskólann í Reykjavík við væntanlega aukningu eða endurbyggingu þess skóla.
2. Tillaga merkt II í fundargerð.
   Milliþinganefndin mun síðar leggja fram tillögur sínar um útgáfu námsbóka.
3. Tillaga merkt VII í fundargerð.
   Nefndin er mótfallin því, að ríkissjóður leggi hlutfallslega jafnmikið fram til bygginga heimangönguskóla og heimavistarskóla. Við hina síðarnefndu er margháttaður aukakostnaður, sem erfitt er fyrir hlutaðeigandi héruð að standa straum af. Tillag ríkisins á að jafna nokkuð aðstöðumuninn.
4. Tillaga merkt VIII í fundargerð.
   Nefndin vill ekki binda það í lögum, að skólar gagnfræðastigsins megi ekki starfa lengur en 7½ mánuð árlega. Samkvæmt 42. gr. frv. er svigrúm til þess að haga árlegum starfstíma hvers skóla eftir því, sem bezt á við staðhætti og atvinnulíf á hverjum stað.
5. Tillögur merktar IX og X í fundargerð telur nefndin óþarfar.

Þetta tilkynnist yður, hæstvirtur menntamálaráðherra, með ósk um, að þér kynnið efni bréfs þessa þeirri þingnefnd, sem væntanlega fær frv. til laga um gagnfræðanám til meðferðar á næsta Alþingi.

F. h. milliþinganefndar í skólamálum.

Ásmundur Guðmundsson. Helgi Elíasson.

Til menntamálaráðherra, Reykjavík.

Nd. **31. Frumvarp til laga**

um menntaskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

I. KAFLI

Skólarnir, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Menntaskólar eru tveir á Íslandi og heita: Menntaskólinn í Reykjavik og Menntaskólinn á Akureyri. Ríkisstjórnin getur ákveðið stofnun nýrra menntaskóla, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum, enda verði þeir í hvívetna sambærilegir við áðurnefnda skóla, m. a. um námsefni, menntun kennara og húsakynni.

2. gr.

Það er markmið skólanna að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

3. gr.

Í skólunum eru 4 ársbekkir og greinast 3 efstu bekkirnir í 2 deildir: máladeild og stærðfræðideild, og fleiri deildir, ef þörf krefur að dómi stjórna skólanna og yfirstjórnar.

4. gr.

Skólarnir eru jafnt fyrir pilta og stúlkur.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólana.

5. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skóla.

6. gr.

Inntaka nemenda fer að jafnaði fram í upphafi skólaárs.

7. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 15 ára um næstu áramót. Aldursákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki;
2. að hann hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti að meini orðið;
3. að hann sé óspilltur að siðferði;
4. að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

8. gr.

Rétt til inngöngu í 1. bekk skólanna veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.

9. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki skólanna, verður nemandi að hafa staðizt miðskólapróf í bóknámsdeild með ákveðinni lágmarkseinkunn og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, er hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, er skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið það, sem kennt er í þeim bekkjum, er hann kann að hafa hlaupið yfir.

III. KAFLI
Um kennsluna.

10. gr.

Í skólunum skal kenna: íslenzku, dönsku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sögu, kristin fræði, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði og stjörnufræði, íþróttir og söng.

Heimilt er stjórnum skólanna að fjölga kennslugreinum eða fækka að fengnu samþykki yfirstjórnar þeirra.

IV. KAFLI
Um próf og einkunnir.

11. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Ljúka má við árspróf námi í einstökum greinum, eftir því sem tilskilið verður í reglugerð, enda skulu einkunnir í þeim greinum teljast til stúdentsprófs.

12. gr.

Árspróf veitir nemanda, er stenzt það, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan, og stúdentspróf til inntöku í háskóla, hvort tveggja með þeim takmörkunum, sem settar eru í reglugerðum þessara skóla.

13. gr.

Við árspróf dæma kennarar skólanna um úrlausnir hver hjá öðrum. Við stúdentspróf og próf í þeim greinum, sem fyrr er lokið og til þess teljast, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómarar, skipaðir af yfirstjórn skólanna samkvæmt tillögum háskólaráðs og forstöðumanna skólanna.

14. gr.

Um próf að öðru leyti og um einkunnir segir í reglugerð.

V. KAFLI
Um kennara skólanna.

15. gr.

Við hvorn menntaskólann um sig skulu skipaðir hið fæsta 12 fastir kennarar auk skólastjóra. En heimilt er að skipa fleiri fasta kennara, ef þörf gerist. Stundakennara má ráða eftir þörfum.

16. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar.

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna.

Undanþágur frá þessum ákvæðum má enn fremur veita, er sérstaklega stendur á og þörf krefur, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

17. gr.

Skólastjóra og fasta kennara skipar forseti Íslands samkvæmt tillögum kennslumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar skólanna. Fræðslumálastjórn setur skólastjórum og föstum kennurum erindisbréf.

Skólastjórar ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna.

18. gr.

Af hverjum 10 árum, sem kennari er í embætti, á hann rétt til eins orlofsárs með fullum launum. Skal hann verja því til að fylgjast með nýjungum í kennslugrein sinni og kynnast kennsluaðferðum erlendis. Til utanfarar skal veittur styrkur, allt að hálfum embættislaunum. Stjórn skólans ákveður, að fengnu samþykki yfirstjórnar, hvenær orlofsins sé neytt. Skylt er kennara að láta yfirstjórn skólans í té skýrslu um það, hvernig hann hafi varið orlofsári sínu, og er honum þá fyrst greiddur síðari helmingur utanfararstyrks.

19. gr.

Nánari ákvæði um réttindi kennara og skyldur standa í reglugerð.

VI. KAFLI

Um stjórn skólanna og yfirstjórn.

20. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar skipa stjórn hvors skóla um sig.

21. gr.

Fræðslumálastjórn er yfirstjórn skólanna.

VII. KAFLI

Um skólalækna.

22. gr.

Yfirstjórn skólanna skipar, í samráði við skólayfirlækni og skólastjóra, skólalækna til 5 ára í senn og ákveður þeim þóknun fyrir starfann.

Skólalæknar skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólunum.

VIII. KAFLI

Um skólatíma og leyfi.

23. gr.

Skólaárið byrjar 20. september og endar 17. júní.

24. gr.

Þessi skulu vera leyfi ákveðin: jólaleyfi, páskaleyfi, sumardagurinn fyrsti, hvítasunnuleyfi.

Nánari ákvæði um leyfi standa í reglugerð.

IX. KAFLI

Um nemendur skólanna, reglu og aga.

25. gr.

Um nemendur skólanna, reglu og aga segir í reglugerð.

X. KAFLI

Um gildistöku laganna.

26. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 32 19. maí 1930, um menntaskóla á Akur-

eyri, lög um breyting á þeim lögum, nr. 89 19. júní 1933, og lög nr. 19 24. marz 1944, og önnur ákvæði, er fara í bág við þessi lög. Þó skulu gilda ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstilhögun fyrir þá nemendur, er þegar hafa gengið inn í skólana.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af milliþinganefnd í skólamálum, sem var skipuð af þáverandi menntamálaráðherra 30. júní 1943 „til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera tillögur um skipun þeirra". Meiri hl. menntamálanefndar, þeir SigfS, BG og GTh, flytur frv. að beiðni hæstv. menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv.

Frá milliþinganefnd í skólamálum fylgdi frv. greinargerð. Enn fremur hefur menntamálanefnd borizt útdráttur úr gerðabók félags menntaskólakennara frá fundi, sem haldinn var í Reykjavík dagana 24.—28. júní 1945, þar sem gerðar voru ýmsar samþykktir varðandi frv. þetta, svo og álit milliþinganefndar í skólamálum varðandi samþykktir fundarins. Útdrátturinn úr fundargerðinni ásamt áliti milliþinganefndarinnar birtast hér sem fylgiskjöl. — Greinargerð milliþinganefndarinnar er svo hljóðandi:

Um Menntaskólann í Reykjavík hafa aldrei verið sett lög. Þegar „Lærða skólanum" var breytt í „Hinn almenna menntaskóla í Reykjavík", var það gert með bráðabirgðareglugerð 9. sept. 1904. Starfaði skólinn síðan samkv. þessari reglugerð og ýmsum breytingum á henni (18. apríl 1907, 13. marz 1908, 20. maí 1910 og 5. apríl 1923) fram til 1937. Þá var gefin út ný reglugerð um Menntaskólann í Reykjavík, sniðin að mestu eftir frumvarpi til laga um skólann, er ekki varð útrætt á Alþingi. Hefur skólinn starfað eftir þessari reglugerð allt til þessa.

Menntaskólinn á Akureyri var stofnaður með lögum nr. 32 19. maí 1930. En reglugerð hefur honum aldrei verið sett. Hefur skólinn þó að sumu leyti ekki starfað eftir þessum lögum, heldur samkvæmt eldri reglugerð Menntaskólans í Reykjavík.

Af þessu hefur leitt töluvert ósamræmi í starfi skólanna innbyrðis, bæði um námsefni og einkunnastiga.

Telur því nefndin nauðsynlegt, að hvorum tveggja skólanum séu sett sömu lög og sams konar reglugerð. Hefur nefndin þegar samið drög að þess konar reglugerð og þar stuðzt við núgildandi reglugerð Menntaskólans í Reykjavík, og má leggja fram sem nánari greinargerð við frumvarp þetta, ef óskað er, enda mun rækilegri greinargerð verða samin um þá reglugerð.

I. KAFLI

Við 1. gr.

Nefndin leggur áherzlu á, að það sé tryggt, verði fleiri menntaskólar stofnaðir, að kröfurnar til stúdentsmenntunar séu í engu rýrðar frá því, sem nú er. Þótt undanfarið hafi orðið að hlíta við núverandi húsakynni menntaskólanna, þá er það augljóst mál, að þau eru mikils til of lítil og mega sízt lakari vera miðað við þær kröfur, er gera verður til húsnæðis menntaskóla. Er þess í rauninni brýn nauðsyn, að húsakynni hvors tveggja skólans verði stórum aukin og endurbætt.

Við 2. gr.

Hér er miðað bæði við almenna framhaldsmenntun og undirbúning undir háskólanám, enda fer því mjög fjarri, að æskilegt sé, að allir þeir, er útskrifast úr menntaskólum, taki fyrir háskólanám, heldur að menn með stúdentsmenntun séu í sem flestum stéttum þjóðfélagsins.

Við 3. gr.

Miðað er við sömu deildaskiptingu og nú er í báðum skólum. Telur nefndin það fyrirkomulag heppilegt, að deildanna sé ekki meiri munur en það fyrsta árið, að nemendur geti skipt um deild án mikillar fyrirhafnar.

Aðrar deildir, sem kynni að vera æskilegt að stofna síðar, gætu t. d. verið: náttúrufræðideild, íslenzku- og sögudeild. (Í norskum menntaskólum er gert ráð fyrir allt að 6 deildum.)

Ýmsir menntamenn hafa bent nefndinni á það, að rétt væri að stofna sérstaka forntungudeild. En reynslan nú á dögum með öðrum Norðurlandaþjóðum hvetur sízt til þess, því að þar eru slíkar deildir harla fásóttar.

II. KAFLI

Við 5. gr.

Skólastjórar veita að sjálfsögðu inntöku í skólana þeim, er um hana sækja og fullnægja inntökuskilyrðum. En hér er átt eingöngu við úrskurði, er vafi leikur á um rétt umsækjanda til inntöku.

Við 7. gr.

Nefndin hyggur ekki ástæðu til að setja neitt aldurshámark, en telur það yfirleitt ekki heppilegt, að nemendur setjist yngri í skólana en 15 ára eða á 15. ári og verði þá stúdentar 18 til 19 ára.

Við 8. gr.

Greinin er orðuð svo til þess, að sem skýrast komi í ljós, að allir þeir, er fullnægja almennum inntökuskilyrðum og hafa lokið miðskólaprófi í bóknámsdeild með ákveðinni lágmarkseinkunn, sem tiltekin er í reglugerð í eitt skipti fyrir öll, eigi þess kost að setjast í skólana. Verður að gera þær kröfur til menntaskólanna bæði um húsnæði og kennara, að þeir geti veitt öllum þessum inngöngu.

Miðskólapróf bóknámsdeildar einnar er tiltekið sökum þess, að undirbúningur undir menntaskólanám mundi verða ófullnægjandi í verknámsdeild, En nemendur verknámsdeildar, sem ætluðu sér að setjast í menntaskóla, gætu með nokkuru viðbótarnámi þreytt miðskólapróf bóknámsdeildar.

Um tilhögun þessa miðskólaprófs sjá greinargerð við 4. gr. frv. til laga um skólakerfi og fræðsluskyldu.

III. KAFLI

Við 10. gr.

Hér eru taldar allar þær námsgreinar, sem nú eru kenndar í menntaskólunum, nema bókfærsla og teiknun. En nefndin telur rétt, að kostur sé á að bæta við þessum námsgreinum og fleirum, ef þörf gerist, án nýrra lagasetninga.

IV. KAFLI

Við 13. gr.

Eina breytingin frá núgildandi ákvæðum, sem nefndin leggur til, er sú, að háskólinn hafi tillögurétt um val prófdómara við stúdentspróf. Virðist það ekki ósanngjarnt, að sá skóli, sem á að veita þorra stúdenta viðtöku til náms, geti haft nokkurt eftirlit með undirbúningsmenntun þeirra.

V. KAFLI

Við 15. gr.

Ljóst má vera, að um færri fasta kennara getur ekki verið að ræða. Ef t. d. væri gert ráð fyrir föstum kennurum einum og þriðjungi hvers bekkjar, mundi

þörf 18 kennara með fullum kennslustundafjölda við hvorn skóla. En að ófenginni reynslu um aðsókn að skólunum eftir breytinguna virðist réttast að ákveða aðeins lágmarkstölu fastra kennara, en heimila fjölgun þeirra eftir þörfum.

Við 16. gr.

Nám í uppeldisfræði, hugsar nefndin sér, að fari fram í kennaradeild við Háskóla Íslands eða aðra háskóla, unz slík deild verður sett hér á stofn, en kennsluæfingar í menntaskólum.

Við 17. gr.

Nefndin telur yfirleitt æskilegt, að embættismenn fái í erindisbréfi sem gleggsta vitneskju um skyldur sínar og réttindi.

Við 18. gr.

Með grein þessari yrði bætt úr mjög brýnni þörf, því að hingað til hafa menntaskólakennarar ekkert orlof fengið né þeim verið veittur utanfararstyrkur á fjárlögum. En það er auðsætt, að þeim ber nauðsyn til að efla þekkingu sína í kennslugrein sinni og fylgjast með nýjungum í kennsluaðferðum. Það er einnig venja með öllum menningarþjóðum að veita kennurum utanfararstyrk. Er því fremur ástæða til að gera það hér, þar eð land vort er svo einangrað og því mikil vandkvæði á fyrir kennara að fylgjast með. Virðist ekki til of mikils ætlazt, að orlof sé 10. hvert ár.

Gert er ráð fyrir, að kennarinn verji allmiklum hluta orlofsársins erlendis, svo að það komi honum að fullu gagni. En auðvitað gæti það stundum verið heillavænlegt fyrir kennara hvors skóla um sig að kynnast kennslu við hinn skólann, einkum í sinni kennslugrein.

Launakjörum menntaskólakennara hefur löngum verið þannig háttað, að þeir hafa alls ekki haft efni á að kosta sjálfir utanfarir. Virðist því sanngjarnt, að þeir hljóti styrk þann, er hér er nefndur. Hins vegar er eðlilegt, að ríkisvaldið vilji hafa nokkurt aðhald um það, að orlofsárinu sé varið á þann hátt, sem til er ætlazt.

VI. KAFLI

Við 20. gr.

Ætlazt er til, að sameiginleg stjórnarstörf skólastjóra og kennara fari fram á kennarafundum, svo sem verið hefur (sbr. nánari ákvæði í reglugerð).

VII. KAFLI

Við 22. gr.

Í lagafrumvarpi nefndarinnar um fræðslu barna er mælt svo fyrir, að ráðinn skuli sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, er hafi yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í skólum. En gera verður ráð fyrir engu að síður, að nóg verkefni verði fyrir sérstaka skólalækna í stórum skólum.

Nánari ákvæði um starfssvið skólalækna verða sett í reglugerð.

VIII. KAFLI

Við 23. gr.

Greinin er í samræmi við núgildandi reglugerð Menntaskólans í Reykjavík, en þar var þessi breyting gerð, að skólaárið skyldi byrja fyrr og enda fyrr en áður hafði verið. Var það gert til hagræðis nemendum við atvinnustörf þeirra. Hefur sú reynsla gefizt vel. — Að vísu mun mörgum nemendum þykja það kostur að geta stundað atvinnu fram undir lok septembermánaðar, en þeir mundu geta gert það flestir þrátt fyrir þetta ákvæði, þar eð fyrsta vika skólaársins mun venjulega fara í próf.

Fylgiskjal 1.

Úr gerðabók F. M. K. (Félags menntaskólakennara).

„Á aðalfundi félagsins, er haldinn var í Reykjavík dagana 24.—28. júní 1945, voru eftirfarandi tillögur samþykktar:

„Fundur í Félagi menntaskólakennara telur, að frumvörp þau, er milliþinganefnd í skólamálum hefur lagt fram, stefni í rétta átt og séu í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur í skólamálum landsins hin síðari ár. Jafnframt leggur fundurinn áherzlu á, að varast beri, að ákvæðum hins fyrirhugaða skólakerfis verði beitt þannig, að þau bindi um of starfsháttu hinna einstöku skóla, t. d. megi ekki miða kennslu í hinum lægri skólum eingöngu eða aðallega við undirbúning undir menntaskólana; enn fremur verði ákvæðum um aldurstakmark beitt með fyllstu varúð, þegar í hlut eiga framúrskarandi gáfaðir og þroskaðir nemendur.

Um einstök atriði í frumvarpinu um menntaskóla vill fundurinn taka þetta fram:

1. 1. gr. orðist þannig, að skýlaust sé, að menntaskólum verði ekki fjölgað nema með samþykki Alþingis.
2. Með því að ætlazt er til samkv. 8. gr., að landspróf ráði um inntöku í fyrsta bekk menntaskólanna, telur fundurinn sjálfsagt, að leitað verði til menntaskólanna um prófkröfur, verkefnaval og skipun manna í landsprófsnefnd.

   Það skal tekið fram, að skoðanir fundarmanna eru nokkuð skiptar um réttmæti landsprófs.
3. Fundurinn lýsir sérstakri ánægju yfir ákvæðinu um orlof samkv. 18. gr. og telur þetta nýmæli brýna nauðsyn fyrir skólana."

Kristinn Ármannsson,
formaður."

Fylgiskjal 2.

MILLIÞINGANEFND Í SKÓLAMÁLUM
Reykjavík, 3. sept. 1945.

Út af hjálögðum samþykktum Félags menntaskólakennara varðandi fyrirhugað skólakerfi og frumvarp um menntaskóla vill nefndin taka þetta fram:

Aðalsamþykkt fundarins er í fullu samræmi við sjónarmið nefndarinnar í þessum efnum.

Varðandi einstök atriði telur nefndin nægilega skýrt tekið fram í 1. gr. frumvarpsins um menntaskóla, að samþykki Alþingis þurfi til þess að fjölga menntaskólum, þar sem sagt er: „þegar fé er veitt til þess á fjárlögum". Samkvæmt 1. gr. krefst bæði fjárveitingar og lagabreytingar til stofnunar menntaskóla, og verður það hvort tveggja að hljóta samþykki Alþingis.

Að því er snertir landsprófið, hefur nefndin talið sjálfsagt, að leitað sé til menntaskólanna um prófkröfur, verkefnaval og skipun manna í prófnefndina, enda er gert ráð fyrir þessu í bráðabirgðareglugerð þeirri um miðskólapróf og landspróf, er nefndin hefur samið.

F. h. milliþinganefndar í skólamálum.

Ásmundur Guðmundsson. Helgi Elíasson.

Til menntamálaráðherra, Reykjavík.

Nd. 32. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Orðin „enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til“ í næstsíðustu málsgr. 1. gr. falli burtu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði það, sem hér er lagt til að fella niður, hefur valdið almennri óánægju meðal bænda og áskoranir um afnám þess verið samþykktar víðs vegar um land og yfirleitt einróma. Hér skulu þó aðeins birtar tvær samþykktir: frá síðasta aðalbúnaðarþingi og frá stofnfundi Stéttarsambands bænda.

Búnaðarþing samþykkti eftirfarandi tillögu með 24:1 atkv.:

„Búnaðarþing telur sig ekki hafa misnotað það fé, er það hefur fengið til ráðstöfunar á undanförnum áratugum, og álítur því ómaklega þá tortryggni, er kom fram á Alþingi í garð þess með breytingu þeirri, er Alþingi gerði á frv. til laga um búnaðarmálasjóð, þar sem áskilið er, að landbúnaðarráðherra samþykki áætlun fyrir sjóðinn, og þar sem hér er eingöngu um að ræða fjárframlag frá landbúnaðinum, leggur búnaðarþing áherzlu á, að þetta ákvæði verði numið úr lögum.“

Samþykkt stofnfundar Stéttarsambands bænda var svo hljóðandi:

„Fulltrúafundur bænda, haldinn að Laugarvatni dagana 7.—9. september 1945, ályktar að skora á Alþingi að nema það ákvæði úr lögum um búnaðarmálasjóð, að ráðstöfun á fé sjóðsins sé háð samþykki landbúnaðarráðherra.“

Samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Auk þessa hafa Búnaðarfélagi Íslands borizt svipaðar áskoranir og mótmæli víðs vegar af landinu, t. d. frá mjög mörgum aðalfundum búnaðarsambandanna, aðalfundum kaupfélaga o. fl.

Ed. 33. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Flm.: Hermann Jónasson, Páll Hermannsson.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Næstu 10 ár frá gildistöku laga þessara skal:

a. þúfnasléttun í túni styrkt með 100% hækkun frá því, sem ákveðið er í 9. gr. laganna, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 10. gr. laganna;
b. venjuleg nýrækt, þar með talin nauðsynleg framræsla, styrkt með 100% álagi frá því, sem ákveðið er í 9. gr. laganna, ásamt verðlagsuppbót (Sbr. 10. gr.), þar til býli það, er styrks nýtur, hefur 600 hesta (100 kg) heyskap á véltæku landi í meðalári;
c. greiða 50 kr. á hektara ásamt verðlagsuppbót fyrir sléttun engjalanda á þeim býlum, sem hafa ekki 600 hesta heyskap á véltæku landi.

Hámarksákvæði 11. og 13. gr. laganna taka ekki til framkvæmda samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands um nánari fyrirmæli viðvíkjandi mælingu túnþýfis og úttekt þessara jarðabóta til styrkgreiðslu, og skal þar m. a. ákveða reglur um, við hvaða stærð 600 hesta heyskaparland á túni og engjum skuli miðast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um breyting á jarðræktarlögunum var flutt af þingmönnum Framsóknarflokksins í efri deild á haustþinginu 1943. Frumvarpinu fylgdi mjög ýtarleg greinargerð, sem síðar verður lítillega á minnzt. Frumvarp þetta komst aðeins til 2. umr. í efri deild og var þar vísað frá með rökstuddri dagskrá, þess efnis m. a., að útvegaðar verði nægilega margar stórvirkar jarðvinnsluvélar, til þess að reynsla fáist í notkun þeirra, áður en frumvarpið verði samþykkt.

Eftir þessa afgreiðslu tók milliþinganefnd, er búnaðarþing hafði skipað til þess að gera athuganir og tillögur um landbúnaðarmálin, frumvarp þetta til athugunar. Nefndin skipti þá málinu í tvennt, frumvarp til laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, sem samþykkt var á síðasta þingi, og frumvarp um breyting á jarðræktarlögum nærri samhljóða því frv., sem hér liggur fyrir. Þessi tvö frumvörp eru efnislega að heita má alveg samhljóða áðurnefndu frumvarpi, sem flutt var 1943, að öðru leyti en því, að við er bætt heimild til samþykktar um húsagerð í sveitum.

Frumvarpið um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum var, eins og fyrr segir, samþykkt á síðasta þingi, en þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir, náði ekki samþykki. Það var flutt í Nd. af þeim þingmönnunum Bjarna Ásgeirssyni, Jóni Sigurðssyni og Pétri Ottesen, og fylgdi því þá greinargerð um athuganir milliþinganefndar búnaðarþings á málinu.

Neðri deild gerbreytti frumvarpinu, svo sem þingmenn munu minnast. Það var Jón Pálmason, þm. A.-Húnv., sem einkum beitti sér fyrir breytingunni. En þegar til efri deildar kom, vildi hún ekki afgreiða málið á þennan hátt, og varð að lokum enn að vísa því frá með rökstuddri dagskrá og að þessu sinni til nýbyggingarráðs.

Frá nýbyggingarráði hefur ekkert heyrzt um þetta mál. Þykir því bæði rétt og nauðsynlegt að bera þetta mál fram hér í hv. efri deild, til þess að enn gefist tækifæri til að taka afstöðu til málsins, eins og milliþinganefnd búnaðarþings gekk frá því.

Við flutningsmenn sjáum ekki ástæðu til að endurtaka rökin fyrir nauðsyn þess, að mál þetta fái afgreiðslu og það sem allra fyrst. Það má þó enn minna á það, að bændur landsins hafa þegar almennt gert sér það ljóst, að vinna með orfi og hrífu er svo seinvirk vinnuaðferð, að engir möguleikar eru að nota slík vinnubrögð til frambúðar. Eftirspurn þeirra eftir nýtízkuvélum sýnir og sannar, að engum er ljósara en þeim, að nauðsynlegt er að skipta um vinnuaðferðir. Það er og augljóst mál, að ef þannig á að búa að landbúnaðinum og jarðræktarframkvæmdum, að umbætur í starfsaðferðum við framleiðslu landbúnaðarvara verða á eftir tímanum, skapast óþolandi ósamræmi milli þeirra innbyrðis, sem stunda framleiðslu landbúnaðarafurða, og jafnframt milli landbúnaðarins og annarra atvinnugreina. Hitt er augljóst mál, að fljótvirku átaki til gerbreytingar verður ekki á komið nema með verulegri hlutdeild ríkissjóðs, enda er það viðurkennt, að ræktun er ekki unnin aðeins fyrir kynslóðina, sem hana framkvæmir, heldur engu síður fyrir óbornar kynslóðir, og þess vegna réttlætisatriði, að þjóðin öll taki verulegan þátt í þessum ræktunarframkvæmdum. Slíka viðurkenningu hafa þær landbúnaðarþjóðir, sem framarlega standa, veitt ræktunarmálunum með riflegum fjárframlögum frá því opinbera.

Það er ákveðin skoðun flutningsmanna, að ef þjóðin lætur nú undir höfuð leggjast að gera verulegar ráðstafanir til þess að notfæra sér auðlegð moldarinnar samhliða auðæfum hafsins, þá hljóti sú yfirsjón að koma henni alvarlega í koll síðar.

Ed. 34. Breytingartillaga

við frv. til laga um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni.

Við 2. gr. C.
Eftir 23. tölulið komi nýr liður (og breytist liðatalan samkvæmt því):
24. Sandgerði.

Nd. 35. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búðahreppi landspildu úr Kjappeyrarlandi.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Búðahreppi í Suður-Múlasýslu landspildu þá úr Kjappeyrarlandi, sem ekki er í leigu ábúandans á Kjappeyri samkvæmt byggingarbréfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndar Búðahrepps. Fylgdi beiðninni eftirfarandi grg.:

„Landspilda sú, sem hér um ræðir, liggur á takmörkum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps, þó meira í þeim síðarnefnda. Landspildan er að mestu óbyggð strandlengja austan Búðakauptúns út í svonefnda Mjóeyri, en úr Mjóeyrarodda og þvert yfir fjörðinn eru takmörk Fáskrúðsfjarðarhafnar, svo að höfn kauptúnsins liggur að allri þessari strandlengju. Á þeim hluta landspildunnar, sem liggur í Búðahreppi, eru tvö atvinnufyrirtæki kauptúnsins, hraðfrystihús og lifrarbræðsla, en rétt austan við hreppamörkin, í Fáskrúðsfjarðarhreppi, eru tvö íbúðarhús, en landspildan síðan óbyggð út á endamörk hafnarinnar, Mjóeyrarodda.

Það er langt síðan mönnum varð það ljóst, að landspilda þessi ætti að tilheyra Búðakauptúni vegna legu sinnar og atvinnurekstrar kauptúnsins. Eins og áður segir, ná hafnarmörkin út á Mjóeyrarodda, og þegar ríkissjóður byggir síðast ábúandanum á Kjappeyri, þá er þessi sama landspilda undanskilin í byggingarbréfinu. Þetta hvort tveggja styður þá málaleitun Búðahrepps, sem hér um ræðir. Þá mun það og vera álit manna, að kaupstöðum og kauptúnum sé nauðsyn að eiga það land, sem þau standa á, en í þessu tilfelli má fullvíst telja, að Búðakauptún byggist í þessa áttina, út í Kjappeyrarland, með ströndinni. Enn má geta þess, að vegna bátaútvegsins í kauptúninu er hin mesta nauðsyn á að koma upp dráttarbraut í kauptúninu, en eini staðurinn, sem tiltækilegur er til þeirra hluta samkvæmt áliti sérfróðra manna, er Mjóeyrin.

Enda þótt landspildur þær, sem hér um ræðir, séu ekki innifaldar í erfðafestuleigu Kjappeyrar, þá eru ábúendum Kjappeyrar ætluð afnot nokkur í byggingar-

bréfi, unz landið er notað í bryggjulóðir eða á annan hliðstæðan hátt. Að sjálfsögðu er ætlazt til þess, að ábúendur haldi þeir rétti, sem þeir þannig hafa nú, þrátt fyrir eigendaskiptin.

Ed. 36. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

Flm.: Lárus Jóhannesson.

1. gr.

Til hafnarbóta á Seyðisfirði veitast úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 400000.00 — fjögur hundruð þúsundum króna —, gegn ⅗ frá hafnarsjóði Seyðisfjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 600000,00 — sex hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Seyðisfjarðar kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Seyðisfjarðar, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu opinberra lánsstofnana, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til framkvæmdar hafnarbótunum eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnarbótin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Seyðisfjarðar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn af gagnaðila hans.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar.

Sá, sem hefur fengið slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 króna, og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti 3 menn. Nefndin skal kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og ber ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né endurnýja slík lán eða fresta afborgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til þess að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. grein.
2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Seyðisfjarðarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. Undanskildar eru þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum þeim, er leggjast við bryggjur í höfninni.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot annarra eigna hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2, a og b.

11. gr.

Nú má telja, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá bæjarstjórn með sérstöku samþykki atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukagjald á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur, er nemi allt að 4% af gjöldum þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Hafnarnefnd innheimtir gjaldið.

Gjald þetta sem og gjöldin samkvæmt 10. grein má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal

hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, sem samþykkis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarsjóðs frá sér fara.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á liðna árinu og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, allt það, sem lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru, sem höfninni viðvikur og við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í bæjarsjóð Seyðisfjarðar.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Engin hafnarlög eru til fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, og er frv. þetta flutt skv. beiðni bæjarstjórnarinnar í samráði við Vitamálaskrifstofuna. — Hafnarbryggjan á Seyðisfirði var svo úr sér gengin, að ekki þótti annað fært en rífa hana, og ber því brýna nauðsyn til að hefja nú þegar smíði nýrrar hafnarbryggju. Hefur Vitamálaskrifstofan teiknað slíka bryggju og ýmis önnur mannvirki, t. d. bátakví, sem nauðsyn er á að koma upp, en bæjarstjórn sér sér ekki fært í bráð sökum kostnaðar að hefja framkvæmdir á öðru en bæjarbryggjunni. Er upphæð sú, sem tiltekin er í 1. gr., miðuð við það.

Nánar í framsögu.

Nd. 37. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Samkvæmt tillögum Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans er ráðherra heimilt að ákveða frekari takmörkun eða bann gegn notkun dragnóta en í 1. gr. segir.

Fyrir brot gegn fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þessari grein, skulu sektarákvæði og viðurlög öll hin sömu og gilda um brot gegn 1. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni atvinnumálaráðherra.

Þykir nauðsyn bera til, að heimilt sé að friða þau svæði, þar sem beztar eru uppeldisstöðvar fyrir flatfisk. Í frumvarpinu er ráðgert, að Fiskifélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans verði að mæla með takmörkun, til þess að hún geti orðið ákveðin af ráðherra.

Ed. 38. Breytingartillaga

við frv. til laga um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Páli Hermannssyni.

Við 2. gr. C.

a. Á eftir 17. tölulið komi nýr liður: Höfn í Bakkafirði.
b. Á eftir 32. tölulið komi nýr liður: Vopnafjörður.

Liðatalan breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

Nd. 39. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Aftan við g-lið 14. gr. laga nr. 20 20. maí 1942 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sú upphæð, er bændur verja til umbóta á ábúðarjörð sinni, skal undanþegin tekjuskatti, þó eigi hærri fjárhæð árlega en nemur $\frac{1}{5}$ — einum fimmta — af hreinum tekjum viðkomandi bónda, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að útgerðarmenn hafa nú um skeið fengið að leggja ⅓ hluta af tekjum sínum skattfrjálsan í varasjóð til að tryggja rekstur útgerðarfélagsins. Á sama hátt hafa almenn hlutafélög fengið að láta ⅕ af tekjum sínum í varasjóð, án þess að borga skatt af þeirri upphæð, og orkar þó tvímælis, svo að ekki sé sterkara kveðið að orði, hvort þess er þörf. Hér er lagt til, að bændum sé á sama hátt leyfilegt að verja ⅕ af tekjum sínum til umbóta á ábúðarjörð sinni, og er ekki vafi á, að þeir eiga sama rétt á því og aðrir, sem þau réttindi hafa nú, að leggja nokkuð af fé sínu til hliðar án þess að greiða af því skatta.

Umbætur á jörðinni, svo að hún verði betri, er þeirra bezti tryggingarsjóður, og hann kemur ekki einungis þeim að notum, er á jörðinni búa, þegar umbótin er gerð, heldur öllum þeim, er síðar meir búa á henni og njóta umbótanna. Það er því fullkomlega réttmætt, miðað við aðra, að bændur fái þessi fríðindi, enda er málið hér flutt eftir ósk frá þeim.

Nd. 40. Frumvarp til laga

um afnám nokkurra lagaákvæða varðandi sölverð fasteigna í sveitum.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

17. gr. laga nr. 54 4. júlí 1942 (jarðræktarlög) falli burt.

2. gr.

1., 3. og 4. málsgr. 47. gr. laga nr. 108 9. okt. 1941 (byggingar- og landnámssjóður) falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta búnaðarþingi var samþykkt svo hljóðandi ályktun varðandi 17. gr. jarðræktarlaganna og hliðstæð ákvæði í lögum um byggingar- og landnámssjóð:

„Búnaðarþing lýsir yfir því, að það telur, að 17. gr. jarðræktarlaganna og hliðstæð ákvæði í lögum um byggingar- og landnámssjóð, frá 9. okt. 1941, nái ekki þeim tilgangi að koma í veg fyrir óeðlilega verðhækkun jarða, og leggur því til, að þessi ákvæði verði numin úr lögum. Jafnframt ályktar búnaðarþing að kjósa þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur um löggjöf, er miði að því að hindra varhugaverða verðhækkun á jörðum og enn fremur lóðum og lendum í kaupstöðum, kauptúnum og í öðru þéttbýli."

Nefnd sú, er um getur í seinni lið ályktunarinnar, var kosin þegar á þinginu, og skipa hana þeir Jens Hólmgeirsson skrifstofustjóri, Jóhannes Davíðsson bóndi og Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður. Hefur hún fyrir nokkru hafið störf sín, en ekki lokið við að ganga frá tillögum enn þá. Flm. þessa frumvarps telur sér skylt að láta þessa afstöðu búnaðarþings koma fram á Alþingi og flytur það því hér í samræmi við þá samþykkt, er þar var gerð og að framan hefur verið getið. Telur hann sjálfsagt, að ákvæði þessi verði látin fylgjast að og fái sams konar og sameiginlega afgreiðslu á Alþingi. Virðist einsætt, að reynsla sú, sem nú er fengin um haldleysi þessara ákvæða til að ná þeim tilgangi, er þeim var ætlað, verði látin ráða um það að nema þau úr lögum, svo að þau eða deilan um þau standi ekki í vegi fyrir því, að annarra

raunhæfari aðgerða í þessum efnum verði leitað. Er nú, eins og að framan er sagt, þegar hafizt handa um það, og ætti að mega vænta þess, að viðunandi lausn fáist í máli þessu, þar sem aðilar þeir, er að nefndarskipuninni standa og í nefndinni starfa, virðast á einu máli um nauðsyn þess að sporna á móti óeðlilegri verðhækkun á bújörðum, lóðum og lendum.

Nd. 41. Frumvarp til laga

um girðingar kringum hveri og laugar.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Eigendum hvera og lauga (50° C og þar yfir) er skylt að afgirða þau. Skal girðingin vera svo traust, að hvorki mönnum né skepnum geti stafað hætta af hinu heita vatni.

2. gr.

Sé slíkum girðingum eigi komið upp innan árs frá gildistöku laga þessara, skal lögreglustjóri héraðsins láta setja þær upp á kostnað eigenda, og má taka kostnaðinn lögtaki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Víða hér á landi eru hverir og laugar nálægt alfaraleiðum og enn fleiri nálægt híbýlum manna eða að heita má rétt við bæjarvegginn. Þessar hitauppsprettur eru enn þá víðast hvar óbyrgðar eða óafgirtar, þó að hin mesta lífshætta, bæði mönnum og skepnum, geti stafað af þeim.

Hin mörgu sorglegu slys, bæði fyrr og síðar, sem orðið hafa af þeirra völdum, eru öllum landslýð of vel kunn til þess, að ástæða sé til að rekja þau hér. Hið almenna gáleysi og óttaleysi fyrir þessum hættum er óþolandi og blettur á íslenzkri menningu. Er því brýn nauðsyn, að úr þessu sé bætt tafarlaust og þótt fyrr hefði verið. En seint er betra en aldrei.

Ed. 42. Breytingartillaga

við frv. til laga um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 2. gr. C.

a. Á eftir 4. tölulið komi nýr liður: Búðardalur.
b. Á eftir 24. tölulið komi nýr liður: Skarðsstöð.

Liðatalan breytist samkvæmt þessu.

Nd. 43. Frumvarp til laga

um framleiðsluráð landbúnaðarins og verðskráning og verðmiðlun á landbúnaðarvörum.

Flm.: Jón Sigurðsson, Bjarni Ásgeirsson, Sveinbjörn Högnason, Pétur Ottesen, Páll Zóphóníasson.

I. KAFLI

Um val og verkefni framleiðsluráðs.

1. gr.

Búnaðarfélag Íslands skipar 9 manna framleiðsluráð til 4 ára í senn. Skulu 5 þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu aðalfundar Stéttarsambands bænda, og sé þess að jafnaði gætt, að þeir séu valdir úr öllum landsfjórðungum, en þó skal hlutfallskosning viðhöfð við tilnefningu þeirra, ef óskað er. Hinir 4 skulu skipaðir af eftirgreindum aðilum, einn af hverjum: S. Í. S., Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Sláturfélagi Suðurlands og mjólkurbúunum utan mjólkurverðjöfnunarsvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Kosning og skipun þeirra fer fram í fyrsta skipti ekki síðar en í byrjun septembermánaðar 1946. Framleiðsluráð kýs sér formann og ræður sér framkvæmdastjóra.

2. gr.

Aðalverkefni framleiðsluráðs er:

1. að fylgjast með framleiðslu og vinnslu landbúnaðarvara;
2. að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, svo að hún fullnægi þörfum þjóðarinnar;
3. að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð varanna;
4. að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir þessar vörur utan lands og innan;
5. að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma;
6. að ákveða verðmiðlun á kindakjöti, mjólk og mjólkurvörum samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

3. gr.

Kostnaður við framleiðsluráð greiðist úr búnaðarmálasjóði.

4. gr.

Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert ýtarlega skýrslu um framleiðslu landbúnaðarvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma. Skylt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, er hafa með höndum vinnslu eða sölu landbúnaðarafurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þær geta veitt.

II. KAFLI

Um verðskráningu.

5. gr.

Hagstofa Íslands reiknar árlega út framleiðslukostnað bænda. Við útreikning framleiðslukostnaðarins skal fylgt þeim reglum, sem fyrir er mælt í 4. gr. laga nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir, og samkomulagi sex manna nefndarinnar.

6. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi verðskráningu landbúnaðarvara. Við verðskráningu grænmetis og garðávaxta tekur fulltrúi Sölufélags garðyrkjumanna sæti í framleiðsluráði og hefur atkvæðisrétt um þau mál. Nú verða atkvæði jöfn um verðlagning þessara vara, og ræður þá úrslitum atkvæði fulltrúa sölufélagsins. Heimilt er framleiðsluráði að fela formanni og framkvæmdastjóra ásamt fulltrúa sölufélags garðyrkjumanna að hafa á hendi verðskráningu grænmetis og garðávaxta milli funda.

III. KAFLI

Um sláturleyfi og greiðslu verðjöfnunargjalds.

7. gr.

Verðmiðlun á kjöti, mjólk og mjólkurvörum skal haga þannig:

a. Á mjólk og mjólkurvörum: Innan hvers verðjöfnunarsvæðis haldast núgildandi ákvæði um sama verð fyrir sams konar vöru á sama sölustað. Skal sú verðjöfnun framkvæmd, þegar mjólkurbú verða að taka að sér meira til vinnslu úr mjólkinni hlutfallslega en önnur bú á sama svæði.

Auk verðjöfnunar þessarar innan verðjöfnunarsvæðanna skal verðmiðlun framkvæmd milli þeirra þannig, að 1% sé tekið sem verðjöfnunargjald í því skyni af allri mjólk, sem seld er til neyzlu, og skal því varið til jöfnunar á verðminni vörur mjólkurbúanna skv. ákvörðun framleiðsluráðs. Því er enn fremur heimilt að styðja framleiðslu rjómabúa og smjörsamlaga af þessu fé á sama hátt og mjólkurbúanna.

b. Á kjöti: Verðmiðlun á kindakjöti skal framkvæmd á innlendum markaði þannig, að sama verð fáist fyrir sams konar vöru á sama sölustað, og auk þess skal útflutt kindakjöt tekið í hina sömu verðjöfnun sem það, er selst innan lands, þegar mismunur er á verði á innlendum og erlendum markaði.

8. gr.

Framleiðsluráð ákveður verðmiðlun á 1. og 2. flokks dilka- og geldfjárkjöti svo og á vinnslumjólk og mjólkurvörum milli verðjöfnunarsvæða.

Verðjöfnun á mjólk og mjólkurvörum innan verðjöfnunarsvæða annast hlutaðeigandi sölustjórnir hver á sínu svæði.

9. gr.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðmiðlunarinnar og aflar sér þeirra gagna, er það telur sér þörf á, þar á meðal skýrslna frá eftirgreindum aðilum:

a. þeim, er sláturleyfi hafa, um móttekið kindakjöt, greint eftir flokkum, ásamt skýrslu um kjötsöluna svo og skrá yfir kjötbirgðir sínar;
b. mjólkurbúum um móttekið mjólkurmagn og um selda neyzlumjólk, rjóma og aðrar mjólkurvörur;
c. rjómabúum og smjörsamlögum um unnið vörumagn hvers þeirra;
d. þeim, er annast mjólkursölu í kaupstöðum og kauptúnum utan sölusvæðis mjólkurbúanna, um selda neyzlumjólk.

Skylt er þessum aðilum svo og öðrum fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita framleiðsluráði upplýsingar, er að þessu lúta og þau geta í té látið.

10. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi úthlutun á sláturleyfum samkv. ákvæðum 3. gr. laga nr. 2 9. jan. 1935. Þeir, sem slátra fé til sölu, gefa ráðinu skýrslu um daglega slátrun, staðfesta af kjötmatsmönnum, og standa skil á verðmiðlunargjaldinu til framleiðsluráðs. Stjórn neytendafélaga, sem fengið hefur sláturleyfi, skal einnig

senda slíka skýrslu og standa skil á verðmiðlunargjaldinu. Gjalddagi er, þegar slátrunin fer fram, nema framleiðsluráð heimili annað.

11. gr.

Framleiðsluráð ákveður, um leið og það veitir sláturleyfi ár hvert, hversu mikið hverjum leyfishafa ber að halda eftir af verði kjötsins til verðmiðlunar. Framleiðsluráð getur leyft, að fé þetta sé í vörzlu hlutaðeigenda að einhverju eða öllu leyti gegn þeim tryggingum, sem framleiðsluráð tekur gildar, þar til er verðmiðlunargjald það, er leyfishafa ber að inna af hendi, er endanlega ákveðið.

12. gr.

Framleiðsluráð gerir þær ráðstafanir, er það telur þurfa, til þess að innlendi markaðurinn fyrir kjöt og slátur notist sem allra bezt og fullnægt verði sanngjörnum óskum neytenda. Það hefur eftirlit með allri meðferð sláturfjárafurða, stuðlar að notkun beztu aðferða við geymslu kjötsins og leiðbeinir eða hlutast til um, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og alla meðferð þessara vara og verzlun með þær. Það getur enn fremur takmarkað flutning á kjöti eða öðrum sláturfjárafurðum til markaðsstaða, ef það telur hættu á, að þeir ofhlaðist að öðrum kosti.

IV. KAFLI

Um sölu stórgripakjöts.

13. gr.

Framleiðsluráð hefur eftirlit með sölu nautgripakjöts og vinnur að því, að það verði flokkað og metið eftir tegundum og gæðum, enda verði verðskráning á kjötinu í heildsölu og smásölu (Sbr. 5. gr.) miðuð við þá flokkun. Það getur enn fremur ákveðið, að því aðeins sé heimilt að selja nautgripakjöt á opinberum markaði, að gripunum hafi verið slátrað á sláturstöðum, sem framleiðsluráð eða umboðsmaður þess hefur viðurkennt viðunandi.

14. gr.

Framleiðsluráð verðskráir hrossakjöt á innlendum markaði, ef félag framleiðenda, sem framleiðsluráð viðurkennir, óskar þess.

Nú hafa framleiðendur sláturhrossa myndað með sér félag, sem framleiðsluráð viðurkennir, og skal þá framleiðsluráð setja reglugerð um sölu og meðferð sláturhrossa og hrossakjöts, ef félagið, er að framan greinir, óskar þess.

Í reglugerð þessari skal fram tekið m. a.:

1. um skipting landsins í sölusvæði;
2. bann gegn sölu afsláttarhrossa og hrossakjöts milli sölusvæða nema með samþykki framleiðsluráðs;
3. að framleiðsluráð ákveði kjötverð í heildsölu og smásölu eftir árstíðum og gæðum;
4. um mat og flokkun hrossakjöts;
5. um skipun söluráðs hvers sölusvæðis, er starfi undir yfirumsjón framleiðsluráðs;
6. um úthlutun söluleyfa, er miðist bæði við markaðskröfur á hverjum tíma og hrossaeigna manna samkv. síðasta skattaframtali, eftir því sem við verður komið.

V. KAFLI

Um yfirstjórn mjólkurmála og verðmiðlun.

15. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi yfirstjórn mjólkursölumála landsins. Skal það stuðla að því, að ávallt sé næg neyzlumjólk og mjólkurvörur til sölu í kaupstöðum,

kauptúnum og þorpum, þar sem stöðugur markaður fyrir þessar vörur er fyrir hendi og líkur benda til, að markaður vinnist með skipulegri sölu.

16. gr.

Framleiðsluráð skal fylgjast með sölu mjólkur og mjólkurvara um land allt ásamt þörfum neytenda fyrir þessar vörur. Það aflar sér nauðsynlegra skýrslna og upplýsinga, er að þessu lúta, og er mjólkurbúum og öðrum félögum eða fyrirtækjum, er að þessum málum starfa, skylt að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar um þessi efni, er þau geta.

17. gr.

Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum. Skal þá framleiðsluráð hlutast til um í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölusvæðum og forráðamenn viðkomandi kaupstaða og kauptúna, að bót fáist á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu o. s. frv. Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf kauptúna eða kaupstaða verður aðeins fullnægt með sérstaklega kostnaðarsömum flutningum, og er framleiðsluráði þá heimilt, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar eða kauptúns óskar þess, að víkja frá gildandi mjólkurverði á staðnum og láta niður falla verðmiðlunargjald af þeirri mjólk, sem að er flutt.

18. gr.

Framleiðsluráði ber að hafa íhlutun um, að mjólkurframleiðendur komi sér upp mjólkursölustöðvum í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem engar eru fyrir eða eru ófullnægjandi. Þar, sem skilyrði til mjólkurframleiðslu eru álitleg, getur framleiðsluráð krafizt þess, að bygging stöðvarinnar sé hagað þannig, að mjólkursölustöðin geti einnig tekið á móti mjólk til vinnslu, þegar þörf krefur.

Mjólkursölustöðvar, sem jafnframt hafa vinnslu, skulu reistar samkv. fyrirsögn sérfróðs manns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Telji framleiðsluráð félagsskap framleiðenda, er að slíkri byggingu stendur, svo traustan, að af framkvæmdum hans megi vænta varanlegra umbóta á sviði mjólkurmálanna, skal ríkissjóður styrkja þær stöðvar að ¼ stofnkostnaðar, enda leggi hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag stöðinni til ókeypis lóð á hentugum stað. Hafa stöðvar þessar sömu réttindi og skyldur og mjólkurbú samkv. lögum nr. 1 7. jan. 1935.

Framleiðsluráð getur þó heimilað sölustöðvum þessum, er því þykir nauðsyn til bera, að selja ógerilsneydda mjólk, en lúta verða þær að öðru leyti öllum fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar um alla meðferð mjólkurinnar.

19. gr.

Nú verður tilfinnanlegur mjólkurskortur hjá mjólkurbúum og mjólkursölumiðstöðvum, án þess að stjórnir þeirra hafi ráðið þar bót á, og er framleiðsluráði þá heimilt að fyrirskipa mjólkurbúum og sölumiðstöðvum að gera nauðsynlegar ráðstafanir, eftir því sem við verður komið, til að koma í veg fyrir endurtekið mjólkurleysi, m. a. með því, að búið greiði framleiðendum hærra verð fyrir mjólkina þann tíma árs, sem hörgull er á henni.

Skal nánar kveðið á um það í reglugerð.

20. gr.

Framleiðsluráð innheimtir verðmiðlunargjaldið, er greiðist eftir á í lok hvers ársfjórðungs, nema öðruvísi semjist um greiðsluna. Gjaldið má innheimta með lögtaki hjá seljendum mjólkurinnar.

21. gr.

Framleiðsluráði er heimilt að auka viðskiptasvæði mjólkurbúa í samráði við stjórnir hlutaðeigandi búa, svo sem vélar, húsrúm og aðrar ástæður búsins leyfa.

Framleiðsluráð ákveður takmörk viðskiptasvæða nágrannamjólkurbúa í samráði við forráðamenn hlutaðeigandi búa og mjólkurframleiðendur og með tilliti til samgangna og vinnslugetu búanna.

22. gr.

Skylt er mjólkurbúi og samsölum að taka til sölu rjóma og nýtt skyr frá öðrum búum, þegar skortur er á þeirri vöru hjá búinu, enda fullnægi vörurnar settum reglum um gæði. Sömuleiðis skal framleiðsluráð hlutast til um, að mjólkursölustöðvar taki að sér sölu á vinnsluvörum búanna. Framleiðsluráð ákveður söllaunin.

23. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi verkefni mjólkursölunefndar, eins og þau eru ákveðin í lögum nr. 1 7. jan. 1935, að svo miklu leyti sem þau ákvæði geta átt við og lög þessi mæla ekki öðruvísi fyrir.

VI. KAFLI
Um iðnað úr landbúnaðarvörum.

24. gr.

Framleiðsluráð safnar árlega skýrslum um öll iðnfyrirtæki hér á landi, er vinna úr íslenzkum landbúnaðarvörum, hvers konar vinnsla þeirra er og magn hrávöru og vinnsluvöru. Enn fremur ber ráðinu að afla sér upplýsinga um markaði og markaðshorfur innan lands og utan fyrir íslenzkar iðnaðarvörur, unnar úr framleiðsluvörum landbúnaðarins.

25. gr.

Nú telur framleiðsluráð, að skortur sé á iðnaðarvörum þeim, er um ræðir í 24. gr., svo að til tjóns sé fyrir landbúnaðinn, og ber þá framleiðsluráði að stuðla að því, að ný iðnaðarfyrirtæki verði stofnuð eða önnur efld svo, að fullnægt verði varanlegri eftirspurn eftir þessum vörum.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum framleiðsluráðs og stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

27. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða skv. þeim, skal farið sem opinber lögreglumál. Varða brot sektum frá 300—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

28. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 1. og 2. gr. og 4.—12. gr. laga nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim, enn fremur 8. gr. laga nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við þessi lög.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er í öllum höfuðatriðum samhljóða frumvarpi um verðlagsráð landbúnaðarins, er afgreitt var frá síðasta búnaðarþingi. Hafa flutningsmenn þessa frv. gert á frumv. búnaðarþings þær breytingar einar, er þeir telja eðlilegar, eftir að Stéttarsamband bænda hefur verið formlega stofnað, og eru þó flestar breytingarnar smávægilegar.

Á búnaðarþingi því, er háð var síðari hluta vetrar 1943, voru afurðasölumál og framleiðsluskipulag landbúnaðarins tekin til meðferðar. Í lok þingsins var svo skipuð milliþinganefnd til að fjalla um endurskoðun á málum þessum fyrst og fremst ásamt ýmsum öðrum landbúnaðarmálum, er biðu úrlausnar. Milliþinganefndin skilaði síðan áliti og tillögum í frumvarpsformi, er lagðar voru fyrir aðalbúnaðarþing 1945. Búnaðarþing tók síðan málið til meðferðar og gerði ýmsar breytingartill. við frv. milliþinganefndarinnar. Síðan var málið sent til búnaðarsambandanna, er tóku það til meðferðar á aðalfundum sínum síðastliðið vor og skiluðu áliti og tillögum, er lagðar voru fyrir aukabúnaðarþing það, er háð var í ágústmánuði síðastliðnum. Aukabúnaðarþingið gekk síðan frá málinu til fullnaðar í samræmi við þær megintillögur, er borizt höfðu frá búnaðarsamböndunum og allar voru í aðalatriðunum í samræmi við það álit um málið, er ríkti á búnaðarþingi.

Hér skulu nú raktar nokkrar af þeim meginbreytingum frá hinu eldra skipulagi, er í frumvarpi þessu felast.

1. Með frv. er lagt til, að bændastéttin fái sjálf óskorað vald yfir málum þessum, bæði um verðlagsákvörðun og sölumeðferð. Samkv. því skal stofna verðlagsráð landbúnaðarins, er skipað sé sameiginlega fulltrúum frá Stéttarsambandi bænda og sölufélögum bændastéttarinnar. Verðlagsráðið ákveður síðan verðlag landbúnaðarvara á innlendum markaði, ákveður og sér um verðmiðlun á vörum, aðra en þá, sem fram fer innan mjólkursölusvæða, og hefur íhlutun um vinnslu vörunnar og dreifingu á hina ýmsu markaði.
2. Frumvarpið breytir einnig til um yfirstjórn þessara mála frá hinu eldra skipulagi, þannig að það fær einni nefnd (framleiðsluráði) í hendur vald yfir öllum framleiðsluvörum landbúnaðarins, í stað þess, að áður var þetta vald í höndum margra nefnda, en náði þó ekki til að skipuleggja sölu og dreifingu nema nokkurs hluta framleiðslunnar. Þannig er allur sá hluti mjólkurframleiðslunnar, sem ekki er stundaður innan mjólkursölusvæðanna, svo og öll sala nauta- og hrossakjöts utan alls heildarsöluskipulags, og getur það hæglega valdið tjóni og glundroða í framleiðslu og verðlagsmálum landbúnaðarins. Er það og auðsætt, að eigi að hafa áhrif á það, í hvaða átt skuli beina landbúnaðarframleiðslunni í einstökum greinum eða einstökum landshlutum, er nauðsynlegt, að einn og sami aðilinn hafi yfirsýn og íhlutun um þessi mál öll.
3. Þá er enn það nýmæli í frv., að lögboðin er verðmiðlun á mjólk á milli sölusvæða, þannig að unnt sé að veita þeim mjólkur- og rjómabúum, sem ekki hafa aðstöðu til að koma afurðum sínum á nýmjólkurmarkaðinn, stuðning og uppörvun til framleiðslu og vinnslu mjólkurvara og hafa áhrif á það, að lögð sé aukin áherzla á framleiðslu þeirra vörutegunda, sem mest þörf er á hverju sinni.

Önnur nýmæli þessa frumvarps eru öll áframhald eða afleiðing af þeim meginatriðum, sem nefnd eru hér að framan.

Frumvarpið byggir á þeirri meginreglu hinna eldri afurðasölulaga, að framleiðendur fái allir sama verð fyrir sams konar vöru á sama sölustað. — Í kjötsölumálunum er nú svo komið, að landið allt er orðið eitt verðjöfnunarsvæði, þannig að sams konar kindakjöt (þ. e. sami matsflokkur) er nú greitt framleiðendum sama verði miðað við markaðsstaði, hvar sem það er framleitt á landinu. Hitt er svo annað mál, að ýmsir álita, að ástæða væri til að beita nokkru strangara gæðamati í verðflokkun kjötsins og hafa þannig áhrif á það, að kjötframleiðslan verði sem mest

bundin við þá staði, þar sem skilyrðin eru bezt til sauðfjárræktar af náttúrunnar hendi, og að önnur svæði landsins snúi sér meir að nautgriparækt og mjólkurframleiðslu.

Ekki eru hér gerðar tillögur um verðjöfnun stórgripakjöts, enda minni ástæða til þess að svo stöddu. Hins vegar ætti að mega takast að koma sölu og verðlagi þess í meira samræmi við sölu og verðlag kindakjöts en nú er með afskiptum, sem verðlagsráðinu eru ætluð um þau mál samkvæmt frv.

Um mjólkursöluna er aðstaðan enn svo ólík víða um landið, að ekki getur talizt eðlilegt að upphefja skiptingu þess í einstök mjólkursölusvæði. Með bættum samgöngum og fleiri mjólkurbúum getur þetta hins vegar tekið skjótum breytingum, og má því gera ráð fyrir, að áður langir tímar líða, fari svo, að landið verði allt eða mestallt eitt og sama verðjöfnunarsvæðið, eins og nú er orðið um kjötið.

Hér er stigið spor í þá átt, að unnt sé að hafa áhrif á aukna framleiðslu sérstakra mjólkurvara á einstökum framleiðslustöðvum utan núverandi mjólkursölusvæða.

Nánar í framsögu.

Nd. 44. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 126 30. des. 1943, um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 126 1943 skal orða svo:

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrirmælum a-liðar 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra frá og með 1. janúar 1946 til ársloka 1947. Ákvæði nefndra laga, nr. 84 1932, gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.

2. gr.

1. málsgr. 2. gr. sömu laga skal orða svo:

Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið að $^3/_5$ hlutum til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, en að $^2/_5$ til brúargerða, og skal fyrst smíða brú á Jökulsá á Fjöllum, en þar næst brú á Jökulsá í Lóni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal ráðstafa samkvæmt þeim því innflutningsgjaldi af benzíni, sem innheimt er eftir 1. janúar 1946.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þær breytingar frá eldri lögum, að framlengja skuli um næstu tvö ár skatt þann, sem rennur til brúarsjóðs, og að byggð verði brú á Jökulsá í Lóni fyrir fé úr sjóðnum, þegar lokið er smíði brúarinnar á Jökulsá á Fjöllum.

Þegar sett voru lög þau, er nú gilda um þetta efni, var þegar ákveðið, að fyrst skyldi byggja brú á Jökulsá á Fjöllum fyrir fé úr brúarsjóði. Nú mun hafa safnazt í sjóðinn nokkuð á aðra milljón króna. Má ætla, að það fé nægi fyrir brúna á Jökulsá á Fjöllum samkvæmt því, sem ákveðið er í lögunum. Efni í þá brú mun nú fáan-

legt, enda ákveðið að byggja hana næsta sumar. Er því tímabært að setja nú ákvæði um að undirbúa aðrar framkvæmdir með sama hætti.

Jökulsá í Lóni er, eins og öllum mun kunnugt, ein af stórám þessa lands. Hún er mesti farartálminn á þjóðveginum milli Hornafjarðar og Austurlands. Koma þær vegabætur, sem gerðar eru á því svæði, aldrei að fullum notum sem örugg samgönguleið milli héraða, fyrr en Jökulsá hefur verið brúuð. Sú brú er því nauðsynlegur þáttur í vegakerfi landsins.

Jökulsá klýfur Lónssveitina. Augljóst er, að slíkt vatnsfall torveldar stórkostlega samskipti og félagslíf hreppsbúa. Meiri hlutinn af bændum sveitarinnar býr austan árinnar. Verzlunarviðskipti þeirra eru öll bundin við Hornafjörð, enda eru þeir einangraðir að austanverðu af Lónsheiði. Þeir verða því að sækja yfir Jökulsá með alla aðdrætti til heimilanna, fjárrekstra til slátrunar o. s. frv. Liggur í augum uppi, hve mikla örðugleika það skapar, og verður aldrei á þeim sigrazt að fullu á annan hátt en að brúa Jökulsá.

Vegamálastjórnin hefur þegar athugað brúarstæðið á ánni.

Ed. 45. Lög

um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

(Afgreidd frá Ed. 19. okt.).

Samhljóða þskj. 37.

Nd. 46. Frumvarp til laga

um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

Flm.: Jón Sigurðsson, Sigurður Þórðarson.

1. gr.

Til þess að varna yfirvofandi, stórfelldum skemmdum af ágangi vatns úr Héraðsvötnum á undirlendi Skagafjarðar vestan Vatna skulu gerðar fyrirhleðslur með nauðsynlegum flóðgáttum.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað af fyrirhleðslunni og öðrum framkvæmdum en flóðgáttum að ⅞ hlutum, en sýslufélag Skagafjarðar annast um greiðslu ⅛ hluta. Kostnaður af flóðgáttum greiðist af ríkissjóði að ¾ hlutum, en sýslufélaginu að ¼ hluta. Viðhald mannvirkja þeirra, sem þegar eru gerð og gerð verða samkvæmt lögum þessum, greiðist einnig af áðurnefndum aðilum og í sömu hlutföllum.

3. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist heimild til að jafna niður að einhverju eða öllu leyti þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að annast um greiðslu á samkv. 2. gr., á þær jarðir, sem eiga lönd, hús og mannvirki í hættu, ef Héraðsvötnin brytust vestur í Svartá og norður Vallhólminn. Við niðurjöfnun þessa skal aðallega miðað við fasteignamat þeirra landa, húsa og annarra mannvirkja, sem hættan vofir yfir.

4. gr.

Sýslunefndin kýs 3 óvilhalla menn til að kveða á um, hvaða jarðir falli undir ákvæði laga þessara, og semja gjaldskrá, er sýni hundraðshluta hverrar jarðar í

fyrirhleðslukostnaðinum. Eigendur þeirra jarða, sem matsgerð þessi tekur til, geta krafizt yfirmats. Í yfirmat dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn. Gjaldskrána skal endurskoða á 10 ára fresti.

5. gr.

Gjald það, sem jafnað er niður á jarðirnar samkv. 3. gr., greiðist af jarðareigendum. Nú er gjaldið ekki greitt af jörð, svo sem sýslunefnd hefur áskilið, og getur hún þá látið fara fram fjárnám í jörðum til lúkningar skuldinni.

6. gr.

Ríkisstjórnin sér um byggingu og viðhald þeirra mannvirkja, er um ræðir í 1. gr.

7. gr.

Bætur fyrir landspjöll við framkvæmd fyrirhleðslunnar eða spjöll, sem sannað þykir, að fyrirhleðslan hafi beinlínis valdið, skal telja með kostnaði við verkið. Má ákveða slíkar skaðabætur eftir samkomulagi milli landeigenda og umboðsmanna stjórnarvalda þeirra, er bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, enda sé um verulegt tjón að ræða, og skal þá ákveða bætur eftir mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Skal að öðru leyti fara um framkvæmd og greiðslu skaðabóta svo sem fyrir er mælt í vatnalögunum frá 20. júní 1923.

8. gr.

Heimilt er sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að fela framkvæmdir þær, er um ræðir í 3. og 5. gr., félagi, sem hefur það markmið að vinna að fyrirhleðslu Héraðsvatna og í eru jarðeigendur þeir, er lög þessi taka sérstaklega til, enda starfi félagið samkvæmt samþykkt, er ráðherra staðfestir. Skylt er félaginu að taka að sér áðurgreindar framkvæmdir, ef sýslunefndin óskar þess.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, allt að 1000 kr., og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðastliðin 40 ár hafa Héraðsvötnin fallið öll að kalla vestan við Steinstaðahólminn meðfram Reykjatungu og Vindheimabrekkunum. Meðfram brekkunum var þá allvíðáttumikið sléttlendi. Nú hafa Vötnin brotið nær allt þetta land undir sig og eru víða komin fast að brekkunum og brotna þar á bergi. En þar sem Vindheimabrekkunum sleppir, tekur við Vallhólmurinn, marflöt slétta, með sendnum valllendisbökkum, sem Héraðsvötnin mylja niður jafnt og þétt. Á þessum slóðum norðan við Vindheimabrekkurnar eru fornir farvegir Héraðsvatnanna, og liggur aðalfarvegurinn og sá, er mest hætta stafar af, vestur með brekkunum vestur í Svartá, og með flughalli alla leið. Auk þessa farvegar liggja aðrir farvegir norður Vallhólminn, og getur einnig mikil hætta stafað af því, ef mikill hluti Vatnanna félli í þá.

Skagfirðingar í þeim sveitum, sem eiga hlut að máli, hafa ekki horft á þetta aðgerðalausir. Á síðari árum hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir samkv. fyrirsögn vegamálastjóra til að stöðva ágang Vatnanna á þessum stöðum. Alls hafa verið byggðir þarna 4 varnargarðar. Tvo þeirra hafa Vötnin brotið, en brotizt fyrir endann á þeim þriðja. Nú eru þau komin fast að vestasta varnargarðinum, er liggur frá svonefndu Arnarbergi í Vindheimabrekkum þvert yfir aðalfarveginn, sem áður er getið, og norður á Vallhólminn.

Takist Héraðsvötnunum að brjóta þennan garð, geta þau fallið með öllum þunga sínum vestur í Svartá. Farvegur hennar mundi vart rúma meira en ¼ af því vatnsmagni, hitt mundi falla norður yfir Vallhólminn og undirlendið út með Langholtinu alla leið til sjávar. Við þetta mundi blómleg byggð og beztu engjalönd héraðsins breytast í aura og sanda, er Héraðsvötnin flæmdust um til og frá. Þegar svo væri komið, er nokkurn veginn víst, að þjóðvegurinn til Akureyrar yfir Vallhólminn yrði ófær með öllu, en það hefði í för með sér, að flytja yrði veg og jafnframt byggja tvær stórbrýr á Svartá og Héraðsvötn, ef viðunandi vegarsamband ætti að haldast til Akureyrar og Austurlands. Allir, sem til þekkja, eru sammála um, að allt verði að gera, sem unnt er, til að styrkja garðinn norður af Arnarberginu. Vinna við garðinn er nú hafin samkv. fyrirsögn vegamálastjóra, og verður væntanlega unnið að því áfram í vetur að styrkja hann á allan hátt.

Kostnaðurinn við framkvæmdir þessar er nú að verða svo mikill, að bændur þeir, sem hér eiga hlut að máli, treysta sér ekki til að standa straum af honum á sama hátt og gert hefur verið, enda virðist það ekki sanngjarnt.

Frv. er sniðið eftir lögunum um fyrirhleðslu Þverár og Markarfljóts, enda vofir nú yfir Skagafirði vestanverðum svipuð eyðilegging og átti sé stað á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Nd. 47. Breytingartillaga

við frv. til laga um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 6. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Verðlag á nýmjólk má ákveða mismunandi eftir því, hvort hún er seld frá mjólkurbúum eða beint frá framleiðendum til neytenda, enda verði þá verðmunurinn greiddur úr ríkissjóði.

Ed. 48. Breytingartillaga

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá forsætisráðherra.

Við 2. gr. C. 8. Nýr tölul.:
Gerðar í Garði.

Nd. 49. Frumvarp til laga

um landshöfn í Þórshöfn.

Flm.: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera höfn í Þórshöfn í Sauðaneshreppi. Til hafnargerðarinnar má verja allt að kr. 3250000.00. Skal einn þriðji fjárhæðarinnar greiddur úr ríkissjóði, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, en tveir þriðju hlutar skulu teknir að láni gegn veði í mannvirkjum hafnarinnar, og er ríkisstjórninni heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lánið, allt að kr. 2166600.00.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa þrír menn: hafnarstjóri skipaður af ráðherra þeim, er fer með hafnarmál, og tveir meðstjórnendur, annar tilnefndur af sveitarstjórn, en hinn kosinn af sameinuðu Alþingi.

Laun hafnarstjóra og þóknun til meðstjórnenda skulu ákveðin af ráðherra.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar mannvirki, er þarf til að gera höfnina, og svo viðáttumikið land sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til þess að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og að leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið er framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru skv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:

a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
b. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
f. Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og önnur gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveðið, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2 a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

11. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru, annar af sveitarstjórn, en hinn af sameinuðu Alþingi. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni hafnarnefndar Þórshafnarkauptúns og hreppsnefndar Sauðaneshrepps.

Í lok síðasta Alþingis var útbýtt til þingmanna í handriti frumvarpi til laga um landshöfn í Njarðvíkum frá milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, en vegna þess, hve skammur tími var þá til þingslita, var frumvarp þetta ekki lagt fyrir Alþingi að því sinni.

Engin greinargerð mun hafa fylgt frumvarpi þessu, en sjálfsagt hefur það vakað fyrir milliþinganefndinni að skapa aukin og bætt skilyrði til sjósóknar við Faxaflóa með byggingu öruggrar hafnar á þessum stað, og jafnframt mun hún hafa litið svo á, að útilokað mundi vera, að hafnargerð þessi gæti komizt til framkvæmda með öðru móti en því, að ríkissjóður legði fram allan kostnað, sem af henni leiddi.

Eins og kunnugt er, hafa nú verið gerðir samningar við erlendar og innlendar skipasmíðastöðvar um smíði fjölda nýtízku-veiðiskipa, og er þess að vænta, að með þessum skipakaupum muni auðlegð hafsins við strendur landsins notast betur en kostur hefur verið á til þessa.

En til þess að endurnýjun og stækkun veiðiflotans komi að fullu gagni, mun verða óhjákvæmilegt að bæta skilyrði til útgerðar á fleiri stöðum við strendur landsins með umbótum á hafnarmannvirkjum þeim, sem fyrir eru, og byggingu nýrra hafna. En því miður eru slík mannvirki ákaflega dýr og af þeirri ástæðu víða ofvaxin hlutaðeigandi héruðum og þess vegna því aðeins framkvæmanleg, að ríkissjóður standi undir kostnaðinum að öllu leyti.

Á sumum stöðum við strendur landsins eru auðug fiskimið, en slæmar hafnir, sem útiloka sjósókn á stærri bátum eða skipum. Einn af þeim stöðum er Þórshöfn á Langanesi. Fiskimið eru þar ein hin beztu hér við land, en vegna þess, hve hafnarmannvirki eru þar ófullkomin, hefur ekki verið hægt að gera þar út nema trillubáta eða litla dekkbáta. Undanfarin ár hafa að vísu haldið þar til um hásumarið nokkrir 20—30 tonna bátar frá Austfjörðum, en vegna öryggisleysis í höfninni hafa bátar þessir jafnan orðið að hverfa heim, þegar liðið hefur að hausti. Væri þarna hins vegar örugg höfn, mundu þar vera mjög álitleg skilyrði til sjósóknar á stórum vélbátum að hausti og vetri, því að oft er góður afli á vetrum skammt undan landi, þegar svo vel viðrar, að sjósókn er möguleg á smábátum, og líklegt, að meiri væri aflavon á djúpmiðum, ef skip væru fyrir hendi til sóknar þangað.

Auk nálægðar við góð fiskimið hefur Þórshöfn það til síns ágætis, að ræktunarskilyrði eru þar betri en í flestum, ef ekki öllum öðrum sjóþorpum hér á landi, en víðlendar landkostasveitir liggja að kauptúninu. Ef þörf þætti að reisa nýjar síldarverksmiðjur til viðbótar þeim, sem fyrir eru og ákveðið er að reisa á næstu árum, hygg ég, að fáir staðir muni vera álitlegri til síldariðnaðar en Þórshöfn, þegar þar er komin örugg höfn. Þá má og benda á það, að þegar svo væri komið, mundi þarna verða tryggt athvarf fyrir báta og skip úr öðrum verstöðvum. Er af öllu þessu auðsætt, að Þórshöfn hefur mjög góð skilyrði til þess að verða stór og fjölmenn útgerðarstöð, þegar þar er komin góð höfn.

Fyrir nokkrum árum lét vitamálaskrifstofan gera nákvæma uppmælingu á höfninni, og á þessu ári hefur skrifstofan enn fremur látið gera uppdrátt og kostnaðaráætlun um hafnarmannvirki, sem við það eru miðuð, að þar verði komið upp öruggri höfn með hafskipabryggju. Er gert ráð fyrir, að þessi mannvirki muni kosta kr. 3242000.00. Eru ákvæði frumvarps þessa um kostnað við hafnargerðina byggð á þessari áætlun.

Að öðru leyti er frumvarp þetta samhljóða frumvarpi milliþinganefndarinnar í sjávarútvegsmálum um landshöfn í Njarðvíkum.

Nd. 50. Frumvarp til laga

um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín.

Flm.: Jón Sigurðsson, Sigurður Þórðarson.

1. gr.

Sláturfélagi Skagfirðinga veitist heimild til að innkalla stofnbréf þau, er út hafa verið gefin til félagsmanna, gegn því að afhenda félagsmönnum samtímis og bréfum er skilað stofnfjárbækur fyrir innstæðu þeirra í stofnsjóði.

2. gr.

Auglýsing um innköllunina skal birta í Lögbirtingablaðinu á venjulegan hátt að minnsta kosti með þriggja mánaða fyrirvara. Einnig skal auglýsa innköllunina í þeim vikublöðum eða dagblöðum, sem ætla má, að hafi verulega útbreiðslu á félagssvæðinu. Í auglýsingu skal skýrt kveðið á um eindaga afhendingar og það jafnframt tekið fram, að þau bréf, sem ekki hafa verið afhent á eindaga, skuli ógild vera og réttlaus.

3. gr.

Að innköllunarfresti liðnum skal sláturfélagið færa inn í viðskiptabækurnar stofnfjáreign félagsmanna án tillits til þess, hvort bréfin hafa verið afhent eða eigi, enda fellur niður skylda félagsins til að innleysa bréfin, þótt þau komi síðar fram.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk Sláturfélags Skagfirðinga. Reynslan hefur sýnt, að allmikil brögð eru að því, að bréf þau, sem gefin eru út fyrir eign manna í stofnsjóði félagsins, glatast. Til þess að eigendur slíkra bréfa missi ekki stofnfjáreign sína í félaginu, verður að ógilda þau bréf með dómi, en það er ærið kostnaðarsamt.

Félagið hefur því ákveðið að breyta til um þetta þannig, að í stað þess að gefa út bréf fyrir stofnfjáreigninni, verði eign félagsmanna í stofnsjóði færð inn í bækur, en bréfin kölluð inn með ákveðnum fyrirvara. Til þess að létta mönnum kostnað er farið fram á lagaheimild til þess að ógilda í einu lagi þau bréf, sem koma þá ekki í leitirnar með þeim hætti, er frv. greinir.

Frv. er sniðið eftir lögum um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín.

Ed. 51. Fyrirspurn

til samgöngumálaráðherra um flutning hengibrúar.

Frá Eiríki Einarssyni.

Hefur rannsókn farið fram á því, samkvæmt þingsályktun frá 6. febr. 1945, hvort hin gamla hengibrú á Ölfusá sé hæf til notkunar á fyrirhuguðu Hvítárbrúarstæði hjá Iðu, og ef svo er, hver hefur þá orðið niðurstaða þeirrar rannsóknar?

Nd. 52. Fyrirspurn

til landbúnaðarráðherra varðandi sölu íslenzkrar ullar.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Hvenær verða seldar þær miklu ullarbirgðir, sem eru í landinu?

Greinargerð.

Það er kunnugt, að nú liggur óseld í landinu ullarframleiðsla þriggja ára. Er augljóst, að af því leiðir mikil óþægindi fyrir framleiðendur. Bændur bíða eftir því að fá réttmætt verð fyrir vöruna, verð, sem ríkissjóður hefur tekið ábyrgð á.

Það má fullyrða, að gjaldþol margra bænda leyfir ekki þann mikla drátt, sem orðinn er á sölu ullarinnar. Verkamenn og aðrir launþegar mundu ekki una því að bíða í eitt til þrjú ár eftir miklum hluta launa sinna. Þar sem ríkissjóður hefur tekið á sig skuldbindingu um að tryggja bændum sexmannanefndarverð fyrir ullina, er eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi ákvörðunarrétt um, hvenær og á hvaða verði ullin er seld. Það er kunnugt, að landbúnaðarráðherra hefur látið gera ítrekaðar tilraunir til að selja ullina á góðu verði. Þær tilraunir virðast ekki hafa borið þann árangur, sem æskilegt er. Ýmsir gerðu sér vonir um góða sölumöguleika, þegar Norðurlöndin opnuðust í styrjaldarlokin. Þær vonir voru eðlilegar, þar sem kunnugt er, að þau lönd hafa mjög lítið af ull.

Væntanlega gefur ráðherrann upplýsingar um gang þessa máls, svo að framleiðendum verði ljóst, hvenær þeir geta búizt við þeim gjaldeyri, sem fyrir ullina kemur.

Sþ. 53. Tillaga til þingsályktunar

um byggingarstað handa bændaskóla Suðurlands.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta reisa hinn fyrirhugaða bændaskóla Suðurlands heima í Skálholti eða við túnið á hinu forna biskupssetri.

Greinargerð.

Síðan biskupsstóll og menntaskóli fluttust frá Skálholti eftir móðuharðindin, hefur ríkið ekki gert neitt til að hlynna sérstaklega að þessum stað, sem var annað höfuðsetur landsins um margar aldir. Á síðustu áratugum hefur þar verið læknissetur og bændabýli. Húsakynni eru þar lík og tíðkaðist um sunnlenzka bæi eftir jarðskjálftana 1896. Núverandi ábúandi hefur gert þar miklar túnbætur, en það er vitanlega algerlega ofvaxið hverjum ábúanda, sem fær Skálholt leigt, að gera þar þær margháttuðu og dýru endurbætur, sem þarf að koma í verk, ef staðurinn á ekki að vera í ósamræmi við sögufrægð sína og þann sess, sem hann skipar í hugum nálega allra Íslendinga.

Í Skálholti er alls ekkert, sem minnir á forna frægð staðarins, nema jörðin sjálf með sínu fagra útsýni mitt á suðurláglendinu. Kirkjan er hrörlegt timburhús, kirkjugarðurinn hefur enga aðhlynningu fengið frá þjóðfélaginu. Prestastétt landsins hefur ekki, svo að vitað sé, sýnt nokkurn áhuga á endurreisn staðarins. Alþingi hefur ekki heldur gert neitt í því efni, fyrr en samþykkt voru í fyrravetur lög

um, að bændaskóli Suðurlands skyldi reistur á þessum stað. Skálholt er yfirleitt ekki betra setur fyrir búnaðarfræðslu en margar aðrar sunnlenzkar jarðir. Þegar ákveðið var að flytja skólann þangað, hlaut sögufrægðin að hafa ráðið úrslitum. Með því að setja skólann í Skálholt var stofnuninni fengið stórt ábýli með miklum ræktunarmöguleikum og þjóðfélaginu gert kleift að láta reisa á þessum stað myndarleg húsakynni og prýða staðinn að öðru leyti á margan hátt. En í meðferðinni er málið nú að snúast á annan veg. Nú er stefnt að því að reisa búnaðarskóla í landi Skálholts, en láta sögustaðinn falla í enn meiri vanrækslu en áður var.

Ríkisstjórnin skipaði þriggja manna nefnd til að standa fyrir byggingarframkvæmdum í Skálholti. Var þá að sjálfsögðu fyrst byrjað á að athuga, hvar skólahúsin skyldu standa. Nefndinni mun hafa borizt til eyrna, að einstöku prestar óskuðu eftir, að búnaðarskólinn yrði alls ekki reistur heima í Skálholti, heldur einhvers staðar fjær bænum í landareign staðarins. Var af hálfu þessara manna haldið fram, að Skálholt væri og ætti að vera helgað kirkjulegri starfsemi. Þar ætti að halda kirkjugarðinum óhreyfðum, endurreisa kirkju Brynjólfs Sveinssonar, reisa í Skálholti hvíldarheimili gamalla presta og jafnvel stofna þar menntaskóla af nýju. Nefndin virðist hafa tekið óþarflega mikið tillit til þessara lauslega framsettu skoðana óábyrgra og umboðslausra manna og mun hafa ráðlagt ríkisstjórninni að reisa hinn væntanlega búnaðarskóla Suðurlands á eyðihæð svo sem bæjarleið í vesturátt frá Skálholti. Önnur bæjarleið er frá þessum tilvonandi skólastað suður að Þorlákshver. Mun tilætlunin þó sú að dæla heitu vatni úr þessum hver og leiða það upp á hæðina að húsum nýju skólabyggingarinnar.

Málið stendur þannig nú, að ríkisstjórnin hefur að öllum líkindum um næstu áramót nokkuð á aðra milljón króna í handbæru fé úr ríkissjóði til að reisa hinn nýja Skálholtsskóla mitt á milli hins fræga bæjarstæðis, þar sem var annar höfuðstaður Íslands í mörg hundruð ár, og hitauppsprettunnar, sem á að nota vegna hinna nýju bygginga. Búnaðarskólinn mundi þannig einskis njóta af sögulegri erfð staðarins og að líkindum ekki heldur hafa gagn af jarðhitanum, fyrr en rafmagn hefði verið leitt úr mikilli fjarlægð til búnaðarskólans.

Ef Alþingi lætur hjá líða að leiðrétta þau mistök, sem hér er stefnt að, verður hinn nýi skóli án þeirra mörgu þæginda, sem fylgja því að byggja á biskupssetrinu. Þar er nálega 1000 hesta tún í ágætri rækt og hið prýðilegasta ræktarland niður að Hvítá. Í túninu í Skálholti verður vart við jarðhita, og er ekki dregið í efa, að með borun megi fá þar nægan hita til heimilisþarfa á staðnum, þar sem Skálholt liggur svo að segja mitt á milli hveranna í Laugarási og Þorlákshvers. Og ef nægur hiti fengist með borun heima í Skálholti, má engu síður leiða þangað heitt vatn en að hinu umtalaða nýbýli.

Þegar búið væri að reisa bændaskólann fjarri staðnum í Skálholti, hlyti jörðin þó að sjálfsögðu öll að verða lögð til skólans. Tún, garðar og skógarlundar mundu spretta upp við nýja skólann, en gamla Skálholt verða einhvers konar hjáleiga eða eyðikot í landi staðarins. Þar mundi verða vanhirtur kirkjugarður, vanrækt kirkja, fyrst lítið og síðan ekki notuð, og þar næst ummerkjalausar sögulegar minningar, líkt og á Örlygsstöðum í Skagafirði. Með þessum hætti yrði eyðing hins forna biskups- og skólastaðar algerlega fullkomnuð.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir, að allt í einu yrði farið að sinna sögulegri helgi Skálholtsstaðar, þó að hann yrði með þessum hætti lagður í eyði. Það er liðin hálf önnur öld, síðan skóli og biskupssetur voru flutt burtu úr Skálholti. Á þessum tíma hefði átt að votta fyrir áhuga um endurreisn staðarins á kirkjulegum grundvelli. En svo er ekki. Prestastéttin hefur ekkert gert til að reisa staðinn við aftur, og þegar borin var fram tillaga á Alþingi fyrir nokkrum árum um að reisa þar menntaskóla, var sú tillaga felld með öllum atkvæðum þeirra þriggja flokka, sem nú standa saman að stjórn landsins. Með þessari atkvæðagreiðslu virtist endurreisn menntaskóla í Skálholti hafa fengið endanlega hvíld.

Vanræksla Skálholts í andlegum efnum er svo alger, að það hefur verið látið

óátalið, að algerlega óviðkomandi persóna reisti minnismerki í Skálholtskirkjugarði, sem er til mikillar minnkunar fyrir staðinn og á ekki sinn líka annars staðar á landinu. Ekkert bendir þess vegna í þá átt, að þeir menn austan fjalls, sem staðið hafa á móti því, að búnaðarskólinn yrði reistur heima í Skálholti, séu líklegir til að gera þar nokkra bragarbót á ókomnum árum fremur en hingað til.

Vafalaust hefur vakað fyrir forgöngumönnum laganna um, að búnaðarskóli Suðurlands skyldi vera í Skálholti, að með því væri staðurinn endurreistur sem þjóðarsetur, líkt og á sér stað um Hóla í Hjaltadal. Þar halda hinar miklu byggingar skólans, ræktunin og skóggræðslan virðulega á loft frægð hins gamla staðar. Eftir að biskupar og menntaskólar fluttust frá Hólum og Skálholti vegna breyttra kringumstæðna, er eðlilegt, að ný menningarsetur rísi á rústum hinna gömlu og þar sé líka fylgt breyttum tíðaranda.

Búnaðarskóli Suðurlands getur vel risið í Skálholti, án þess að hann þrengi á nokkurn hátt að hinum fornu kirkjulegu sögustöðum. Búnaðarskólinn ætti þvert á móti að gefa staðnum nýtt líf. Þar kæmi mikill og góður húsakostur bæði fyrir menn og fénað. Túnið yrði gert stærra en á tímum hinna voldugustu biskupa. Garðar og trjálundar mundu prýða hinn forna sögustað. Ósennilegt er, að kirkjugarður og kirkja yrðu með öllu vanrækt. Hitt er líklegra, að aukið tilefni þætti til að endurreisa kirkju Brynjólfs biskups í sama stíl og hún var upprunalega. Og ef kirkjunnar menn vildu koma á fót hvíldarheimili fyrir stéttina, væri sannarlega nógur húsgrunnur í gamla Skálholti. Sama má segja um menntaskóla, ef síðari kynslóðir kynnu að vilja hafa þar slíka stofnun. Ef búnaðarskólinn væri kominn á biskupssetrinu, yrði einmitt ódýrara og auðveldara að reisa þar fleiri menningarstofnanir.

Þær tillögur, sem byggingarnefnd Skálholtsskóla hefur lagt fram, eru byggðar á villandi upplýsingum um aðstöðu kirkjunnar í landinu. Þegar Alþingi samþykkti lögin um búnaðarskóla í Skálholti, var engum mótmælum hreyft af hálfu kirkjulegra yfirvalda. Og athugun mundi sýna, að ef kennilýður landsins vill byrja að sýna Skálholti sóma í verki, þá er betri aðstaða til framkvæmda í því efni, ef búið er að reisa þar hinn væntanlega búnaðarskóla. Aftur á móti mundi búnaðarskóli, sem reistur væri á eyðihæðinni í Skálholtslandi, verða til að auka enn meir vanrækslu hins sögufræga biskupsseturs. En það var vissulega ekki tilgangurinn með löggjöfinni um búnaðarskóla Suðurlands.

Þessu máli er hér hreyft til að gera síðustu tilraun til að bjarga málstað Skálholts. Alþingi getur komið því til leiðar, að innan skamms verði hætt að áfella íslenzku þjóðina og alveg sérstaklega kirkjulega og veraldlega valdsmenn hennar fyrir að hafa sýnt áratugum saman áberandi kæruleysi og vanrækslu í sambandi við þann sögustað á Íslandi, sem gengur næst Þingvöllum að sögulegri helgi.

Sþ. 54. Tillaga til þingsályktunar

um hlutleysi útvarpsins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að tryggja hlutleysi útvarpsins frá því, sem nú er, m. a. með því að láta fara fram fullkomna ritskoðun á öllu útvarpsefni undir yfirumsjón útvarpsráðs og á þess ábyrgð.

Greinargerð.

Eftir að Alþingi tók til starfa í haust, hefur gætt mikillar opinberrar gagnrýni varðandi starfsemi útvarpsins. Alþýðublaðið, Dagur, Morgunblaðið, Tíminn og Vísir

hafa flutt harðorðar og rökstuddar ádeilugreinar um þetta efni. Auk þess hafa tvö stjórnmálafélög í bænum, Óðinn og Vörður, samþykkt opinber mótmæli gegn hlutdrægum fréttaflutningi útvarpsins. Útvarpsráð tók málið til meðferðar og fól formanni sínum að gera ráðstafanir til að hindra hinar átöldu misfellur. Þessi viðleitni útvarpsráðs bar þó ekki tilætlaðan árangur, því að skömmu eftir að útvarpsráð hafði byrjað að skipta sér af misfellunum, notaði einn af starfsmönnum útvarpsins fræðifyrirlestrartíma sinn til að munnhöggvast við gagnrýnendur sína í blöðunum. Réðst þessi starfsmaður sérstaklega á Alþýðublaðið og ritstjórn þess.

Það má segja, að þessar óvenjulegu misfellur komi vonum síðar í ljós. Íslenzka útvarpið hefur frá upphafi látið hjá líða að framkvæma þá einu öryggisráðstöfun, sem hægt er að koma við í þessu efni. Erlendis er yfirleitt gerð sú krafa til yfirstjórna ríkisútvarpanna, að allt efni, sem þar er flutt, sé háð fyrirframathugun bæði á efni og máli. Þykir þar við eiga að endurskoða líka mál og setningaskipun, til þess að tryggja sem bezt heppilegan flutning í útvarpinu. Hér er ætlazt til, að þingið leggi fyrir ríkisstjórnina að láta sérstaka og vel hæfa menn lesa allt útvarpsefni, áður en það er flutt, og gera á því þær breytingar, sem nauðsynlegar eru. Þar sem ríkisútvarpið ræðst nú í að reisa mestu og dýrustu húsakynni, sem byggð hafa verið á Íslandi, yfir starfslið sitt, er ekki lengur til að dreifa fátækt útvarpsins. Hlutleysi þess í daglegum störfum verður að sitja fyrir byggingarframkvæmdunum.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn á afkomu sjávarútvegsins og framleiðslukostnaði sjávarafurða. Að þeirri rannsókn lokinni verði lagt fram rökstutt álit um, hvaða verð þurfi að vera á sjávarafurðum, til þess að gera megi ráð fyrir, að framleiðsla þeirra svari kostnaði og veiti þeim, er hana stunda, lífvænlega afkomu, eigi lakari en aðrar stéttir eiga við að búa. Enn fremur sé rannsakað, hver áhrif dýrtíðaraukning stríðsáranna hefur haft á framleiðslukostnað sjávarafurða og afkomu útvegs- og fiskimanna og hver áhrif lækkun dýrtíðar í landinu mundi hafa á afkomu þeirra, er sjávarútveg stunda.

Greinargerð.

Flestum ætti að vera það ljóst, að aukning dýrtíðarinnar í landinu hefur komið harðast niður á afkomu þeirra, sem framleitt hafa til útflutnings. Þeir hafa ekki getað tekið þátt í dýrtíðarkapphlaupinu innanlands, þar sem hver hefur velt yfir á annan með þeim afleiðingum, að dýrtíðin hefur farið síhækkandi. Þeir, sem framleiða vörur til útflutnings, hafa ekki getað flúið þannig undan dýrtíðinni um stundarsakir, hvað þá heldur til frambúðar. Vöxtur dýrtíðarinnar hefur því grafið undan afkomu útvegsmanna og fiskimanna. Þegar dýrtíðarráðstafanirnar voru brotnar niður árið 1942, gleypti dýrtíðaraukningin í landinu alla hækkun, sem fékkst á fiskverðinu, og reyndar enn meira, þótt verðið hækkaði úr 35 aurum í 45 aura pr. kg. Afleiðingin varð sú, að afkoma smáútvegsmanna og fiskimanna varð mun verri með 45 aura verðinu, er búið var að brjóta niður ráðstafanirnar gegn dýrtíðinni, heldur en áður hafði verið, þegar 35 aurar pr. kg fengust fyrir fiskinn. Á sama hátt hefur farið á síðasta ári. Fiskverðið hækkaði lítils háttar framan af árinu, en framleiðslukostnaðurinn hefur farið síhækkandi. Þannig hefur svo farið, að þær ráðstafanir, sem menn töldu

sig gera til þess að bæta kjör almennings, hafa orðið til þess að svipta þá, sem eiga afkomu sína undir sjávarafla og verðlagi sjávarafurða erlendis, verulegum hluta tekna þeirra. Framleiðslukostnaður sjávarafurða hefur verið of hár síðustu missirin, jafnvel ef miðað er við stríðsverð afurðanna, þegar togarar eru undanskildir. Þó hefur verið varið stórfé til þess að halda honum niðri með niðurborgunum úr ríkissjóði, sem dregið hafa úr hækkun vísitölu. Smáútvegsmenn hafa flotið á óvenjulegum afla. Verðbólgan hefur minnkað hlut fiskimanna í samanburði við kaup og atvinnutekjur í landi og framleiðslukostnað.

Fiskimönnum í landinu fækkaði á árunum 1942—44. Það er orðið stórkostlegt vandamál að fá sjómenn á fiskiflotann, eins og hann nú er, en mikil aukning hans stendur fyrir dyrum.

Ráðstafanir til þess að draga úr verðbólgunni þola því enga bið. Ella eiga menn það á hættu, að sjávarútvegurinn sitji áður en varir í dýpra skuldafeni en áður hefur þekkzt. Það er of seint að gera ráðstafanir til þess að skapa jafnvægi, eftir að verðfall afurða er búið að standa lengi eða eftir að menn hafa reynt, þótt ekki sé nema eina aflatregðuvertíð. Það, sem gerðist í sumar á síldveiðunum, sýnir þetta gleggst.

Ráðstafanir vegna verðbólgunnar þola ekki heldur bið blátt áfram vegna þess, að það er ekkert vit í því að halda verðbólgunni við, meðan menn eru að leggja stórfé í ný atvinnutæki, sem á að reka framvegis.

Það hefur orðið til stórtjóns, að ekki hafa legið fyrir glöggar skýrslur um afkomu sjávarútvegsins og áhrif verðbólgunnar á sjávarútveginn á undanförnum árum. Ég hef tvívegis flutt till. til þál. um, að þessar skýrslur yrðu gerðar, í þeirri von, að allir mundu geta orðið því samþykkir, að þetta yrði gert, og einnig með það fyrir augum, að menn kynnu frekar að sjá, hvert stefndi, ef glöggur samanburður fengist á afkomu sjávarútvegs og fiskimanna annars vegar og annarra landsmanna hins vegar. Nú er öllum þessum málum þann veg komið, að tæpast verður þess langt að bíða, að menn verði blátt áfram neyddir til þess að gera sérstakar ráðstafanir til að skapa jafnvægi úr því öngþveiti, sem orðið er. Það þolir því enga bið, að rannsókn þessi fari fram. Því er þessi þáltill. flutt.

Það ætti að mega gera sér vonir um, að niðurstöður þeirrar rannsóknar, sem gert er ráð fyrir í þáltill., yrðu að miklu gagni í sambandi við þær ráðstafanir, sem ekki verður komizt hjá að grípa til, áður en langt um líður.

Ed. 56. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Þegar frv. þetta var afgreitt frá nefndinni, var einn nefndarmanna (HG) fjarstaddur. Annar nefndarmanna (KA) lýsti því yfir, að hann hefði óbundnar hendur um málið.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt. Þó lætur Páll Hermannsson þess getið, að hann áskilji sér rétt til þess að koma fram með breytingartillögu við frv. eða samþykkja breytingartill., er fram við það kunna að koma.

Alþingi, 25. okt. 1945.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm.	Eiríkur Einarsson.	Páll Hermannsson., með fyrirvara.

Nd. 57. Nefndarálit

um frv. til laga um togarakaup ríkisins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. við forsætisráðherra og m. a. fengið skýrslur um nýbyggingarsjóði og umsóknir um togarakaup. Nýbyggingarsjóðir 23 togarafélaga og 3 togaraútgerðarmanna munu um næstu áramót nema samtals kr. 18661407.03. Þó mun þessi fjárhæð lækka um þá upphæð, sem varið verður úr sjóðunum til nýbygginga á þessu ári. Þá hefur verið sótt um kaup á 43 togurum, en óreynt enn, hve margir umsækjendur hafa nægilegt fé fram að leggja til kaupanna. Vill nefndin beina því til hæstv. ríkisstjórnar að ganga svo fljótt sem auðið er frá sölu togaranna og innheimtu andvirðisins. Það er nú séð, að kaupverð togaranna með þeim viðbótarkröfum, sem gerðar hafa verið, verður mun hærra en gert var ráð fyrir, þegar bráðabirgðalögin voru gefin út, en þar fyrir mun ekki nauðsynlegt að hækka lántökuheimild frumvarpsins, þar sem andvirði togaranna greiðist inn til ríkissjóðs, jafnóðum og greiðslur samkvæmt samningi falla í gjalddaga.

Alþingi, 23. okt. 1945.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Ingólfur Jónsson. H. Benediktsson. Katrín Thoroddsen.

Nd. 58. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abraham, Robert Louis Eugen, söngstjóri í Reykjavík, fæddur 17. maí 1912 í Þýzkalandi.
2. Friedländer, Heinz Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.
3. Göhlsdorf, Elisabeth, tungumálakennari í Reykjavík, fædd 3. ágúst 1890 í Þýzkalandi.
4. Lindemann, Albert Volker, forstöðumaður í Varmahlíð í Skagafirði, fæddur 17. ágúst 1899 í Þýzkalandi.
5. Pedersen, Martin Schjönning Kristian, pípulagningarmaður á Raufarhöfn, fæddur 27. júlí 1887 í Noregi.
6. Sonnenfeld, Kurt Gustav, tannlæknir á Siglufirði, fæddur 3. ágúst 1909 í Þýzkalandi.
7. Vestmann, Ingibjörg Einarsdóttir, iðnmær í Reykjavík, fædd 25. des. 1919 í Kanada.

2. gr.

Ef ríkisstjórnin telur nauðsynlegt, er henni heimilt að lengja frest þann, er 4. mgr. 4. gr. l. nr. 64 28. jan. 1935 ræðir um, eða veita aðilum með öllu undanþágu frá skilyrði málsgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni dómsmálaráðherra, og fylgdi því svolátandi athugasemd varðandi 2. gr. frv.:

„Með því að óvíst má telja, hvort allir þeir, sem um ræðir í frv., einkum þeir, sem fæddir eru í Þýzkalandi, geti innan 12 mánaða fært sönnur á, að þeir séu leystir undan sínu fyrra ríkisfangi, er í 2. gr. frv. gert ráð fyrir undanþáguheimild, líkt og gert var í lögum nr. 51 1943."

Nd. 59. Breytingartillaga

við frv. til laga um verðlagningu landbúnaðarafurða og fleira.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 6. gr. Aftan við 1. tölulið bætist:

Verðlag á nýmjólk má ákveða misjafnt eftir útsölustöðum. Á sama stað má þó ákveða mismunandi útsöluverð á nýmjólk eftir því, hvort hún er seld frá mjólkurbúum eða beint frá framleiðendum til neytenda, enda verði þá verðmismunurinn greiddur úr ríkissjóði.

Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar

um endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Helgi Jónasson, Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefjast handa um undirbúning að endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá. Verði undirbúningi þessum hraðað svo, að hægt verði að hefja framkvæmdir við verkið sjálft á vori komanda.

Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Verið er nú að endurbyggja Ölfusárbrúna, er á að verða svo traust og fullkomin að geta fullnægt umferðar- og flutningaþörfinni á þessari fjölförnustu leið landsins, a. m. k. um næstu framtíð. Verður þá hægt að stækka farar- og flutningatæki að mun á þessari leið. Mun það gera flutninga að mun ódýrari en nú er. En meðan brúin á Þjórsá er áfram jafnveikbyggð og hún er nú, kemur þetta ekki að fullum notum fyrir héruð þau, sem austan þeirrar ár eru. Þó verður því ekki neitað, að sveitir þær, sem lengstar hafa vegalengdir til flutninga, hafa þess mesta þörf að geta notað sem haganlegust og ódýrust flutningatæki. Vafasamt er nú talið, að brúin á Þjórsá sé að nokkrum mun traustari en brúin á Ölfusá, sú er slitnaði niður á s. l. ári, enda eru sett sömu ákvæði um hámarksþunga farartækja yfir hana og þau, er gilda um brúna á Ölfusá. Að vísu er nú eitthvað verið að styrkja brúna á Þjórsá, en vegamálastjóri telur vafasamt, að það geti orðið til þess, að hægt sé að hækka hámarksþunga farartækja, sem um brúna fara.

Enginn, sem til þekkir, efast um þörf þá, sem fyrir hendi er um endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá, og vonandi þarf ekki að bíða eftir því, að hún falli niður fyrst, til þess að hafizt verði handa um fullnægjandi úrlausn í þessu efni.

Ed. 61. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við 4. mgr. 211 gr. laganna bætist svo hljóðandi málsliður: Þó má höfða barnsfaðernismál á varnarþingi barnsmóður, ef stefndi er af landi farinn eða ókunnugt er, hvar hann heldur sig, og getur þá valdsmaður gefið út meðlagsúrskurð á hendur barnsföður á varnarþingi barnsmóður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt skv. beiðni hæstvirts dómsmálaráðherra í bréfi dags. 24. okt. sl. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins þrátt fyrir flutning þess. Frv. fylgdi svofelld greinargerð:

„Miðstjórn Kvenréttindafélags Íslands hefur vakið athygli dómsmálaráðuneytisins á því, að barnsmæður, er eignast börn með útlendingum eða mönnum, sem ekki er hægt að hafa upp á, þegar kemur til feðrunar á börnum þeirra, eiga jafnan mjög erfitt með að feðra börn sín, og er þeim það stundum algerlega ómögulegt, jafnvel þótt þær geti fært fram fullar sönnur fyrir faðerninu. Þurfa konur þessar þá að ala börn sín og annast uppeldi þeirra án meðgjafar af hálfu barnsföðurins og lenda af þessum sökum í miklum fjárhagslegum vandræðum og basli.

Felur frumvarp þetta í sér breytingu á réttarfarinu í barnsfaðernismálum, er ætti að verða barnsmæðrum til mikils hægðarauka í þeim tilfellum, er að framan getur.“

Ed. 62. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 24 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Orðið („ingeniör“) úr 1. gr. laganna falli burt.

2. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó þrátt fyrir ákvæði 1. gr. veitt þeim mönnum leyfi til þess að kalla sig verkfræðinga áfram, sem lokið hafa fullnaðarprófi við verkfræðiskóla eða tekníska framhaldsskóla fyrir gildistöku laganna og stundað hafa verkfræðistörf samfleytt síðan.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt skv. beiðni félagsins Tækni í bréfi dags. 9. oks. sl. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins þrátt fyrir flutning þess. Frá félaginu Tækni fylgdi svofelld greinargerð:

„Breytingar þessar hagga að engu heildarstefnu og tilgangi umræddra laga, en fela einungis í sér tvær smávægilegar leiðréttingar.

Fyrri breytingin er fram komin í tilefni af dómi hæstaréttar, uppkveðnum 5. nóv. 1943, þar sem því er slegið föstu, að ekki „verði hjá því komizt“ — væntanlega sökum óheppilegs orðalags — að skýra lögin svo, að þau banni mönnum í sumum tilfellum að nota hin erlendu eða alþjóðlegu próf- eða starfsheiti, sem þeir samkvæmt prófskírteinum hafa rétt til. En slíkt mun aldrei hafa verið tilætlun löggjafans, heldur aðeins að setja reglur um notkun **íslenzka heitisins** „verkfræðingur“. Orðið „ingeniör“ í svigunum er villandi, því að eftir samhengi laganna er sýnilegt, að verkfræðingur þarf að vera dipl. ing., civil ing., eða ing. cand. polyt., þ. e. háskólagenginn ingeniör. Aðrir ingeniörar mega þá nota heitið „iðnfræðingur“ samkv. 5. gr., ef þeir óska að nota íslenzkt starfsheiti, en að sjálfsögðu á þeim einnig að vera heimilt að kenna sig við hina erlendu prófgráðu, alveg á sama hátt og verkfræðingarnir gera það oft og einatt (dipl. ing. o. s. frv.) þrátt fyrir lögin. Í umræðum og greinargerðum á Alþingi, þegar lögin voru sett, er engan staf að finna um það, að ætlunin hafi verið að meina mönnum að nota hin erlendu prófheiti, né heldur kemur það fram í bréfum Verkfræðingafélags Íslands til atvinnumálaráðherra varðandi framkvæmd laganna. Tilgangur laganna var eingöngu sá að koma í veg fyrir þann rugling innan hinnar verkfróðu stéttar, að menn með **mismunandi** erlend próf notuðu í framtíðinni sama íslenzka heitið, verkfræðingur. Er því full ástæða til — og reyndar óhjákvæmilegt — að orða lögin skýrar að þessu leyti. Má og á það benda, að það mun hvergi þekkjast um hinn menntaða heim, að amazt sé við hinum alþjóðlegu prófeða starfsheitum, og mundi slíkt tiltæki okkar verða talin freklegasta móðgun gagnvart hinum erlendu menntastofnunum, sem auðveldlega gæti leitt til þess, að erlendir verkfræðiskólar neituðu að taka við námsmönnum héðan af landi.

Síðari breytingin snertir tiltölulega fáa menn, sem segja má með nokkrum sanni, að orðið hafi hart úti, er lögin 1937 voru látin gilda allt að 6 ár aftur fyrir sig, en slíkt er yfirleitt ekki venja. Það má telja fasta og reyndar sjálfsagða reglu við setningu laga, sem takmarka rétt eða aðstöðu manna í atvinnulífinu á tilsvarandi hátt og hér var gert, að menn fái að halda þeim réttindum eða aðstöðu áfram, sem þeir áður höfðu, og má nefna þess mýmörg dæmi á sviðum iðnlöggjafar og atvinnulöggjafarinnar yfirleitt. Með því nú að þessi almenna regla var við setning l. nr. 24 1937 látin ná til flestra, sem þá áttu hlut að máli, en einungis örfáir menn útilokaðir (þeir, sem höfðu ekki unnið full 6 ár að verkfræðistörfum við gildistöku laganna), þá þykir eftir atvikum og eftir því, sem fram er komið, mega á það fallast að veita þeim tilsvarandi tilslökun, með því og að það skerðir að engu leyti framtíðargildi laganna. En gert er þó ráð fyrir tveim viðbótarskilyrðum, sem ekki giltu um undanþágur samkvæmt 2. gr. laganna:

1. að menn þessir hafi leyst af hendi fullnaðarpróf í verkfræðiskóla eða tekniskum framhaldsskóla og
2. að þeir hafi stundað verkfræðistörf samfleytt í 7—14 ár.

Er með skilyrðum þessum tryggt, að ekki komi aðrir til greina í þessu sambandi en þeir, sem lærdóm hafa og mikla verkfræðilega æfingu. Er því ekki einungis sanngjarnt, heldur og fyllilega réttmætt samkvæmt höfuðtilgangi laganna, að breyting þessi nái fram að ganga.

Umrædd lög hafa, svo sem kunnugt er, vakið miklar deilur og óánægju. Eru breytingar þessar hugsaðar sem samkomulagslausn, sem allir gætu við unað eftir atvikum og áframhaldandi deilur um lögin þá fallið niður. Hins vegar er hér að engu leyti haggað meginstefnu laganna sjálfra.“

Nd.

63. Frumvarp til laga

um vernd barna og ungmenna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

I. KAFLI
Inngangur.

1. gr.

Vernd barna og ungmenna tekur yfir:

1. Almennt eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili.
2. Eftirlit með hegðun og háttsemi utan heimilis.
3. Ráðstöfun í vist, í fóstur, til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir.
4. Eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnahælum, dagheimilum, leikskólum, sumardvalarheimilum, fávitahælum fyrir börn og ungmenni o. s. frv.
5. Eftirlit með börnum og ungmennum, líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín. Koma hér einkum til greina börn og ungmenni, blind, málhölt, fötluð, fávita og á annan hátt vangefin, svo og börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum.
6. Heilsu- og vinnuvernd.
7. Eftirlit með skemmtunum.
8. Fræðslu- og leiðbeiningarstarfsemi varðandi uppeldismál.

2. gr.

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum: barnaverndarnefndir og barnaverndarráð.

3. gr.

Barnaverndarnefndarmenn og barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðila og annað starfslið á vegum þeirra eru opinberir starfsmenn og hljóta þá vernd, sem slíkum mönnum er tryggð, og bera skyldur samkv. því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða vísir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.

II. KAFLI
Um barnaverndarnefndir.

4. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera í hverjum kaupstað landsins. Utan kaupstaða vinnur skólanefnd störf barnaverndarnefndar og hefur að því leyti réttindi hennar og skyldur. Þó getur hreppsnefnd eða barnaverndarráð ákveðið, að sérstök barnaverndarnefnd skuli kosin.

5. gr.

Barnaverndarnefnd (skólanefnd) hefur eftirlit með uppeldi og hegðun barna og ungmenna til 16 ára aldurs, svo og eldri ungmenna, ef þau eru líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, og þá allt að 18 ára aldri.

6. gr.

Bæjarstjórn í kaupstað kýs barnaverndarnefnd, í Reykjavík 7 manna, í öðrum kaupstöðum 5 manna. Ef kjósa skal barnaverndarnefnd utan kaupstaða (sbr. 4. gr.), skal hún skipuð 3 mönnum og valin af hreppsnefnd. Skulu nefndarmenn

vera kunnir að grandvarleik og bera sem bezt skyn á mál þau, sem barnaverndarnefnd fjallar um. Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í bæjarstjórn. Kjósa skal með sama hætti varamenn í barnaverndarnefnd.

7. gr.

Kjörtími barnaverndarnefndar er hinn sami og bæjarstjórnar. Fyrsta kosning samkv. lögum þessum gildir þó einungis, þangað til bæjarstjórnarkosningar fara næst fram.

8. gr.

Það er borgaraskylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta skorazt undan kosningu þeir, er átt hafa sæti í nefnd allt síðasta kjörtímabil. Maður eldri en 60 ára getur skorazt undan kosningu fyrir fullt og allt.

Bæjarstjórn (bæjarráð) ákveður þóknun nefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfum úr bæjarsjóði.

9. gr.

Barnaverndarnefndarmenn skipta með sér störfum og kjósa formann, varaformann og ritara. Ritari heldur nákvæma fundarbók um störf nefndar og sendir barnaverndarráði skýrslu um þau fyrir miðjan febrúar ár hvert.

10. gr.

Í Reykjavík skal bæjarráð að fengnum tillögum barnaverndarnefndar ráða fulltrúa, er annast skal dagleg störf barnaverndarnefndar í umboði hennar. Skal hann vera kunnáttumaður um uppeldismál.

Barnaverndarnefnd ræður annað starfsfólk að fengnum tillögum fulltrúa og að fenginni heimild bæjarráðs.

Barnaverndarnefnd utan Reykjavíkur er heimilt með samþykki bæjarstjórnar eða hreppsnefndar að ráða sér fulltrúa og annað starfsfólk.

11. gr.

Um störf og starfsháttu barnaverndarnefnda fer að öðru leyti eftir IV. kafla þessara laga.

III. KAFLI

Um barnaverndarráð.

12. gr.

Ráðherra skipar barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það skipað 3 mönnum og eiga heima í Reykjavík. Einn skal skipaður skv. tillögu Prestafélags Íslands, annar samkv. tillögu Sambands íslenzkra barnakennara, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins, en að öðru leyti skiptir ráðið með sér störfum. Á sama hátt skulu skipaðir jafnmargir varamenn. Ritari heldur fundarbók um störf ráðsins. Barnaverndarráðsmaður má ekki veita forstöðu barnahæli né vera í stjórn þess.

Ráðherra ákveður þóknun barnaverndarráðsmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði af ráðinu úr ríkissjóði.

Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs fer eftir V. kafla þessara laga.

IV. KAFLI
Um störf og starfsháttu barnaverndarnefnda.

13. gr.

Barnaverndarnefnd er ályktunarfær, þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund, enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Ef svipta á forráðamenn barns umráðarétti yfir því, þurfa hið fæsta 2 nefndarmenn í 3 manna nefnd, 4 í 5 manna nefnd og 5 í 7 manna nefnd að gjalda ráðstöfuninni jákvæði.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarnefndarmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

14. gr.

Ef bráðan bug þarf að vinda að ráðstöfun, sem ber undir barnaverndarnefnd, getur formaður — eða fulltrúi í umboði hans — framkvæmt hana, en leggja skal málið til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd svo fljótt sem kostur er.

15. gr.

Ef lögfræðingur á ekki sæti í barnaverndarnefnd, er héraðsdómara skylt að veita henni lögfræðilega aðstoð, eftir því sem samrýmist embættisstörfum hans.

16. gr.

Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er heimilt að fara á heimili og hæli til rannsóknar á högum barns og ungmennis, taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar, er um kann að bera. Svo getur hún og krafizt vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar máli.

17. gr.

Barnaverndarnefndir skulu veita hver annarri atbeina til skýringar málum og í framkvæmd hvers konar barnaverndarráðstafana.

18. gr.

Ef opinber starfsmaður verður í starfa sínum var við misfellur á uppeldi og aðbúð barna og ungmenna, er honum skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum og þeim, sem fara með framfærslumál, skylt að fylgjast eftir föngum með hegðun og uppeldi barna og ungmenna og hafa náið samstarf við barnaverndarnefnd.

Um tilkynningarskyldu annarra manna fer svo sem segir í 49. gr.

19. gr.

Skylt er löggæzlumanni að aðstoða barnaverndarnefndir og gera þeim viðvart, ef hann verður þess vís, að ábótavant sé framferði, uppeldi eða aðbúð barns eða ungmennis.

Ef brot eru framin, sem börn innan 16 ára eru viðriðin, ber lögæzlumanni og dómara þegar í stað að tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn máls og láta nefndarmenn, fulltrúa eða annan starfsmann vera viðstaddan yfirheyrslu. Getur dómari krafizt þessa, ef honum þykir þörf.

20. gr.

Jafnan skal leita, ef þess er kostur, umsagnar foreldra eða forráðamanna barns eða ungmennis, áður en framkvæmdar eru meiri háttar ráðstafanir, svo sem taka barns af heimili.

21. gr.

Barnaverndarnefnd skal kosta kapps um að fylgjast sem bezt með framferði, uppeldi og aðbúð barna eða ungmenna í umdæmi sínu og hafa stöðugt samband við aðra þá aðila, sem stöðu sinnar vegna öðlast vitneskju um þessi efni.

22. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að heimilishögum, uppeldisháttum, framferði foreldra, forráðamanna eða annarra heimilismanna, aðbúnaði eða hegðun barns sé ábótavant, og skal hún þá láta málið til sín taka á þann hátt, er bezt þykir við eiga, eftir því sem á stendur.

23. gr.

Ef barn verður munaðarlaust, skal barnaverndarnefnd aðstoða þá, er láta sig hag þess varða, eða hreppsnefnd eða framfærslunefnd við að koma því í fóstur á gott heimili, enda er óheimilt að vista slík börn á öðrum heimilum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, samþykkir.

24. gr.

Ef fjárhagur foreldra barns eða forráðamanna er svo bágborinn, að það nýtur ekki sómasamlegrar aðbúðar og uppeldis, skal barnaverndarnefnd hlutast til um, að ráðin verði bót á því. Ef barn líður skort vegna örbirgðar, skal barnaverndarnefnd þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til bráðabirgða, og greiðist kostnaður úr bæjar-(sveitar-)sjóði.

Ekki má taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna.

25. gr.

Nú stafar heilsu barns eða ungmennis hætta af sjúkdómi, er aðrir heimilismenn tafa tekið, eða það er sjúkt og fær ekki viðunandi hjúkrun og læknishjálp, og skal þá barnaverndarnefnd í samráði við heimilislækni gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til verndar heilsu barns eða ungmennis.

26. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að uppeldi barns eða ungmennis, aðbúnaði eða atlæti er ábótavant vegna hirðuleysis foreldra eða forráðamanna, vankunnáttu þeirra, andlegra eða siðferðislegra annmarka, líkamlegs eða andlegs heilsuleysis, drykkjuskapar, eiturlyfjanautnar, lauslætis eða annars siðleysis, refsiverðs athæfis o. s. frv., og skal þá barnaverndarnefnd gera viðeigandi ráðstafanir. Kemur þá m. a. til greina að leiðbeina foreldrum og forráðamönnum og áminna þá, skipa heimili eftirlitsmann, eiga hlut að því, að sjúklingi eða annmarkamanni verið komið brott af heimili, eða taka barn af heimili, ef það þykir bezt henta, og má þá fela öðrum foreldravaldið. Ef ungmenni yfir 16 ára á í hlut, skal barnaverndarnefnd fara eftir ákvæðum 31. gr., eftir því sem við á.

Það er borgarakvöð að taka skipun sem eftirlitsmaður heimilis samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

27. gr.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni eða ungmenni háski búinn af háttsemi eða framferði heimamanns, svo sem vegna ofdrykkju eða annars ósæmilegs athæfis, en því gæti annars liðið vel á heimilinu, er henni skylt, ef umvandanir og aðrar ráðstafanir koma ekki að haldi, að kæra málið fyrir valdsmanni þeim, er í hlut á. Er honum þá skylt að gera ráðstöfun, sem tryggi hag barnsins eða ungmennisins að þessu leyti, og í því skyni jafnvel heimilt að víkja manni brott af heimili um stundarsakir eða til frambúðar, ef hann bætir ekki ráð sitt, sbr. 50. gr.

28. gr.

Ef barnaverndarnefnd verður þess vís, að hegðun barns sé ábótavant, svo sem vegna ódælsku og óknytta, slæpingsháttar, flækings, betls, vanrækslu á námi, drykkjuskapar eða annarrar óreglu, lauslætis eða lögbrota, skal barnaverndarnefnd hefjast handa um viðeigandi aðgerðir. Skal hún þá ráðgast um við foreldri eða forráðamenn, áminna barnið og reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut. Ef barn er í skóla eða við nám, skal barnaverndarnefnd ráðgast við kennara eða meistara um betrun á hegðun þess, en við dómara, ef um lögbrot er að tefla. Ef nauðsyn þykir bera til, skal barnaverndarnefnd taka barn brott af heimili og fá því góðan samastað á heimili til umsjár eða í vist á hæli eða uppeldisstofnun, enda sé höfð hliðsjón af annmörkum þess, sbr. 26. gr., og skulu þeim, sem við því taka, veittar leiðbeiningar um, hvernig með það skuli fara. Sá, sem tekur við slíku barni, skal ekki láta það frá sér fara án vitundar barnaverndarnefndar þeirrar, er í hlut á.

Þegar annmarkabarn eða ungmenni, sbr. 31. gr., er vistað á heimili, skal þess gætt, að á heimilinu séu ekki önnur börn eða ungmenni, sem ætla má, að stafi hætta af sambúð við það.

Jafnframt ákvæðum þessarar greinar skulu haldast ákvæði refsilaga um ráðstöfun vegna lögbrota barna yngri en 15 ára.

Nú verður barn 16 ára á heimili, hæli eða uppeldisstofnun, þar sem barnaverndarnefnd hefur komið því fyrir, og skal þá sú ákvörðun barnaverndarnefndar haldast, þar til hún ákveður annað. Rétt er aðila, þegar hann er orðinn 16 ára, eða lögráðamanni hans að bera málið á ný undir barnaverndarnefnd og barnaverndarráð.

29. gr.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni eða ungmenni, sbr. 31. gr., til dvalar í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar, skal hún að jafnaði tilkynna það þeirri barnaverndarnefnd, sem þá ber að láta fyrrgreinda barnaverndarnefnd fylgjast með högum þess.

30. gr.

Þegar barni er ráðstafað brott af heimili, sbr. 26. og 28. gr., skal leggja áherzlu á, að því sé séð fyrir lögskipaðri fræðslu eða fræðslu við sitt hæfi, ef annmarkabarn á í hlut. Nú er barn fullra 14 ára, og skal þá barnaverndarnefnd leitast við að ráðstafa því til þess starfa eða náms, er bezt svarar til hæfi þess og því má að gagni koma. Kostnað af þessu má leggja á foreldra eða framfærslumenn, séu þeir aflögufærir, en ella leitar barnaverndarnefnd aðstoðar hreppsnefndar eða framfærslunefndar.

31. gr.

Ef ungmenni eldra en 16 ára er haldið annmörkum þeim, er í 28. gr. getur, skal barnaverndarnefnd reyna að bæta hegðun og framferði þess með leiðbeiningum og áminningum, viðræðum við venzlafólk, húsbændur, kennara, meistara o. s. frv.

Ef ungmenni lætur skipast við áminningar barnaverndarnefndar og fellst á, að því sé komið í vist eða til náms, er barnaverndarnefnd skylt að veita atbeina sinn til þess, enda ráðstafi dómari eða ráðherra ekki á annan veg ungmenni, sem framið hefur lögbrot og eldra er en 15 ára. Jafnframt skulu gilda áfram ákvæði 30. gr. laga nr. 19 1940.

Nú hefur ungmenni lokið vist, sem því hefur verið fengin samkvæmt ákvæðum þessara laga, og skal þá barnaverndarnefnd sú, sem í hlut á, veita því atbeina sinn til þess að komast í vist, í atvinnu eða til náms við þess hæfi.

32. gr.

Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar barnaverndarnefndar.

33. gr.

Rétt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með högum þeirra vegna umkomuleysis eða annmarka. Skylt er nefndinni að hafa eftirlit með slíkum börnum a. m. k. tvisvar á ári.

34. gr.

Ef barnaverndarnefnd kemst að raun um, að þeir, sem hafa á vegum sínum fósturbarn eða tökubarn, vanræki uppeldi þess, atlæti eða aðbúnað, þá er henni auk annarra ráðstafana, er lög leyfa, heimilt að leggja bann við, að þeir taki vandalaus börn framvegis.

35. gr.

Áður en ráðherra veitir heimild til stofnunar eða rekstrar barnahælis eða annarrar uppeldisstofnunar, skal hann leita umsagnar barnaverndarráðs. Ekki má fela forstöðu slíks hælis eða stofnunar öðrum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, telur þar til hæfa, eða barnaverndarráð, ef hæli er ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum hvaðanæva af landinu.

Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skal hún gæta þess vandlega, að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur hæli eða stofnanir en þær, sem hlotið hafa löggildingu lögum samkvæmt.

Ef meðferð barns á barnahæli eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks hælis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skal barnaverndarnefnd með leiðbeiningum og áminningum leitast við að bæta úr því, sem áfátt er. En komi það ekki að haldi, skal hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fær eigi úr bætt, getur það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt hæli eða stofnun rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar. Bera má mál þessi undir dómstóla, en ekki frestar það framkvæmd úrskurðar barnaverndarráðs eða ráðherra.

36. gr.

Áður en ráðstafað er samkvæmt lögum þessum barni eða ungmenni, sem er líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, sbr. 5. tölul. 1. gr., skal barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð, ef unnt er, láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til, hvernig með skuli fara.

Í Reykjavík skal barnaverndarnefnd á kostnað bæjarsjóðs séð fyrir athugunarstöð í þessu skyni. Þar skal þess kostur að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum, og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa um stuttan tíma, unz athugun þeirra er lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.

Barnaverndarnefnd semur reglur um starfsháttu þessarar stöðvar, er barnaverndarráð og bæjarráð samþykkja.

37. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu hæli þessi vera a. m. k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á hælum þessum, fræðslu, uppeldi og aga þar.

Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á hælum þessum og öðrum hælum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 35 gr. getur, fer skv. lögum nr.

78 1936. Þegar leitað er samninga um vist á slíkum hælum, skal það gert í samráði við barnaverndarráð.

38. gr.

Rétt er barnaverndarnefnd að leita í samráði við oddvita eða framfærslunefnd samninga um meðlag með barni eða ungmenni, sem ráðstafað er samkvæmt lögum þessum gegn meðlagi. Ágreiningi má skjóta til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar (bæjarráðs), er skal tafarlaust leggja úrskurð á málið. Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til æðra stjórnvalds.

Þá er barni eða ungmenni er ráðstafað svo sem nú var sagt, skal framfæranda skylt, eftir því sem hann er megnugur, að bera kostnað af því. Nú telur framfærandi sér kostnað um megn, og skal þá valdsmaður sá, sem í hlut á, kveða upp úrskurð um meðlagsskyldu, er hann hefur rannsakað efni og ástæður aðila. Má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Að öðru greiðist kostnaður úr sveitarsjóði, sbr. þó 37. gr. þessara laga.

39. gr.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum. Ekki má ráða barn yngra en 14 ára til vinnu í verksmiðju, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi. Sama gildir um ráðningu barns til vinnu á skipi. Til iðnaðarnáms má ekki ráða barn yngra en 16 ára. Rétt er ráðherra að setja reglugerðir, er taki yfir landið í heild, ef við á, en annars einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, vinnutíma, aðbúð, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar.

Rétt er, að ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna taki m. a. yfir: vernd sendisveina í starfa, þar á meðal útbúnað flutningatækja þeirra; takmörkun á blaðasölu barna og ungmenna og annarri verzlunarstarfsemi þeirra; starfa barna og ungmenna í veitingahúsum og opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar, svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkvæmt henni, varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

40. gr.

Barnaverndarnefnd skal veita atbeina sinn til þess, að almenn heilsuvernd barna og ungmenna í umdæmi hennar sé rækt sem bezt. Sérstaklega skal hún gefa gaum skólaeftirliti og annarri lögskipaðri heilsuverndarstarfsemi meðal barna og ungmenna, styðja lækna og aðra heilbrigðisstarfsmenn í þeim starfa og stuðla að því, að farið sé eftir réttmætum ráðleggingum þeirra og fyrirskipunum.

41. gr.

Rétt er að setja með reglugerð ákvæði, er banna í umdæmi barnaverndarnefndar sölu á tóbaki til barna yngri en 16 ára, banna að setja sælgætisverzlanir og tóbaks á stofn í námunda við barnaskóla, leikvelli eða aðra samkomustaði barna, banna sölu sælgætis á veitingastöðum, sem börnum telst óhollt að sækja, banna umferðasölu sælgætis og tóbaks og takmarka eða banna með öllu einstakar sælgætistegundir, sem talizt geta beinlínis eða óbeinlínis hættulegar börnum.

Rétt er í reglugerð að banna leikföng, sem hættuleg eru börnum að dómi barnaverndarnefndar.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar, sem sett er samkv. grein þessari, varðar sektum.

42. gr.

Barnaverndarnefnd skal vinna gegn áfengisneyzlu barna og ungmenna og aðstoða í því efni áfengisvarnarnefnd í umdæmi sínu.

43. gr.

Barnaverndarnefnd er skylt að hafa í umdæmi sínu eftirlit með kvikmyndasýningum, leiksýningum og öðrum opinberum sýningum. Er þeim, sem veita slíkum sýningum forstöðu, skylt að veita barnaverndarnefnd kost á því að kynna sér efni sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur sýningu skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Skulu þá forstöðumenn sýningar geta þess á sinn kostnað í auglýsingum um hana.

Í Reykjavík — og víðar, ef þörf gerist, — er ráðherra heimilt að skipa eftirlitsmann kvikmynda og annan til vara að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Annast hann skoðun allra kvikmynda, sem þar eru sýndar, og úrskurðar um þær með sama hætti og áður segir um barnaverndarnefnd. Úrskurð sinn stimplar eftirlitsmaður á seðil, er fylgir hverri mynd, og gildir úrskurðurinn um þá mynd, hvar sem er á landinu. Kvikmyndahús greiðir eftirlitsmanni eða varaeftirlitsmanni (barnaverndarnefndarmanni, sbr. 1. mgr.) þóknun þá, er ráðherra ákveður fyrir hverja mynd.

Ef forstöðumaður brýtur gegn reglum, sem honum eru settar samkv. ákvæðum greinar þessarar, varðar það sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

44. gr.

Barnaverndarnefnd stuðlar að fræðslu um meðferð og uppeldi barna, svo sem með því að láta flytja erindi fyrir almenning um slík efni og veita leiðbeiningar þeim, sem þess æskja.

45. gr.

Rétt er að setja með reglugerð ákvæði til verndar börnum og ungmennum gegn siðspillandi áhrifum, vondum fordæmum og freistingum.

Rétt er að takmarka í reglugerð útivistir barna og ungmenna á kvöldum og nóttum, ferðir út í skip og banna þeim aðgang að opinberum knattborðsstofum og öðrum skemmtistöðum, sem eru ekki við barna og ungmenna hæfi.

Í reglugerð má leggja bann við starfa kvenna innan 18 ára á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

Rétt er að takmarka í reglugerð heimild manna til að fela börnum og ungmennum fjárhæðir í vörzlu eða til umráða og hafa tiltekin verzlunarviðskipti við börn.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar, sem sett er samkv. grein þessari, varðar sömu viðurlögum og brot gegn ákvæðum 39. gr.

46. gr.

Ef maður viðhefur í návist barns eða ungmennis ósiðlegt, ruddalegt eða ósæmilegt orðbragð eða athæfi, ertir það eða dregur dár að því eða særir það á ósæmilegan hátt eða beitir það refsingum, ógnunum eða hótunum og slíkt orðbragð eða athafnir má telja því skaðsamlegar andlega eða líkamlega, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

47. gr.

Ef maður leiðir barn eða ungmenni allt að 18 ára á hættulega siðferðislega glapstigu, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef maður verður áskynja um brot samkvæmt 1. mgr. og lætur ógert að afstýra því, ef honum er það fært, eða gera hlutaðeigandi löggæzlumanni eða barnaverndarnefnd viðvart.

48. gr.

Ef foreldrar, forráðamenn, forstöðumaður eða starfsmaður barnahælis eða uppeldisstofnunar, kennari, meistari eða aðrir, sem forsjá barna og ungmennis allt að 18 ára er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin, þá varðar það refsingu samkv. 191 gr. laga nr. 19 1940. Þegar maður er dæmdur til refsingar eftir grein þessari, má beita hann ákvæðum 64., 65. og 68. gr. sömu laga.

49. gr.

Hver, sem verður þess vís, að foreldrar, forráðamenn, kennari, meistari eða aðrir þeir, sem forsjá barns eða ungmennis er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin, skal skyldur að kynna það barnaverndarnefnd, þar sem barnið er.

Vanræksla í þessu efni varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum. Refsimál skal því aðeins höfða, að barnaverndarnefnd sú, er hlut á að að máli, eða barnaverndarráð krefjist þess.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik, sem telja má, að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta.

50. gr.

Það varðar mann sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum, ef hann heimsækir gegn forboði barnaverndarnefndar, barnaverndarráðs eða dómara barn eða ungmenni, sem ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum eða almennum hegningarlögum. Hver, sem á brott nemur barn eða ungmenni, er ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum, tælir það til brotthlaups, leynir því eða aðstoðar það við að strjúka, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Sömu refsingar varðar það mann, ef hann óhlýðnast úrskurði valdsmanns að víkja brott af heimili samkv. 27. gr. eða sækir á heimili, eftir að honum hefur verið vikið þaðan. Beita má hér ákvæðum 64. og 65. gr. laga nr. 19 1940.

Hver, sem annars tálmar rannsókn eða framkvæmd, sem fram á að fara samkvæmt lögum þessum, gefur ranga eða villandi skýrslu þeim, sem slíka rannsókn eða framkvæmd á að annast, eða hlýðir ekki því, sem lagt er fyrir hann samkvæmt heimild í lögunum, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra.

V. KAFLI

Um störf og starfshættu barnaverndarráðs.

51. gr.

Barnaverndarráð er ályktunarfært, ef allir ráðsmenn sitja fund og tveir þeirra fylgjast að máli.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarráðsmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

52. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs er að hafa yfirumsjón starfa allra barnaverndarnefnda á landinu. Skal það veita barnaverndarnefndum hvers konar leiðbeiningar um starfa þeirra, skilning á lagaákvæðum, er þær varða, o. s. frv.

53. gr.

Nú verður barnaverndarráð þess víst, að barnaverndarnefnd rækir ekki störf þau, sem henni eru falin í lögum, og skal barnaverndarráð þá krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína.

54. gr.

Ef barnaverndarráði þykir ástæða til, getur það tekið mál í umdæmi barnaverndarnefndar til meðferðar, hvort sem hún hefur áður um fjallað eða ekki. Fer um tilhögun þeirrar rannsóknar, eftir því sem við á, á sama hátt sem um starfa barnaverndarnefnda.

55. gr.

Barnaverndarráð heimtir ársskýrslur frá barnaverndarnefndum og gefur út útdrátt úr þeim ásamt skýrslu um störf sín ekki sjaldnar en annað hvert ár. Ráðherra getur að fengnum tillögum barnaverndarráðs beitt dagsektum, 5—20 kr. á dag, ef barnaverndarnefnd vanrækir að standa skil á fyrirskipuðum skýrslum.

56. gr.

Barnaverndarráð hefur yfirumsjón allra barnahæla og uppeldisstofnana á landinu og beint eftirlit með hælum þeim og uppeldisstofnunum, sem ætluð eru til viðtöku börnum og unglingum hvaðanæva af landinu. Skal það fela einum ráðsmanna eða sérstökum fulltrúa að vitja til eftirlits hvers hælis eða stofnunar svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Er forráðamanni þeirrar stofnunar, er í hlut á, skylt að greiða fyrir eftirliti og veita eftirlitsmanni eða lækni, sbr. 57. gr., færi á að rannsaka börn og ungmenni, sem þar eru vistuð, húsakynni þeirra, þrif, heilsufar, eldi, aðbúnað og þroska, veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunarinnar o. s. frv.

Tálmanir gegn framkvæmd eftirlits varða refsingu að lögum, sbr. 3. gr. og 50. gr., 3. mgr.

57. gr.

Barnaverndarráð getur skipað barnahæli eða uppeldisstofnun sérstakan heimilislækni og greiðir honum þóknun. Barnaverndarráð getur krafið hann skýrslna og læknisumsagnar um atriði þau, er um getur í 56. gr.

58. gr.

Aðili, er ráðstöfun barnaverndarnefndar varðar hagsmuni hans, getur borið málið undir barnaverndarráð, og er því skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar. Slík áfrýjun frestar ekki framkvæmd ráðstöfunar barnaverndarnefndar.

VI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

59. gr.

Mál samkvæmt 47., 48. og 49. gr. þessara laga skulu rekin að hætti opinberra mála.

60. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi numin lög nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd, lög nr. 76 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, lög nr. 62 4. júlí 1942, um eftirlit með ungmennum o. fl., og önnur þau lög, er fara í bág við þessi lög.

Greinargerð.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd flytur frumvarp þetta að beiðni menntamálaráðuneytisins. Þó hafa nefndarmenn áskilið sér að hafa óbundnar hendur til breytinga, er fram kynnu að koma.

Frá ráðuneytinu fylgdi frv. svolátandi greinargerð:

„Frumvarpið er upphaflega samið af stjórnskipaðri nefnd. Í henni áttu sæti þeir Gissur Bergsteinsson hæstaréttardómari, dr. Símon Jóh. Ágústsson uppeldisfræðingur og Vilmundur Jónsson landlæknir.

Í athugasemdum nefndarinnar við frumvarpið segir m. a.:

„Áður en lög nr. 43 frá 1932 voru sett, voru engin heildarlög um barnavernd hér á landi, en í ýmsum lögum voru ákvæði, sem vörðuðu forráð yfir börnum og meðferð þeirra, sbr. tilskipun 3. júní 1746 um húsagann á Íslandi, lög nr. 46 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, lög nr. 57 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, lög nr. 39 1921, um stofnun og slit hjúskapar, sem kveða á um rétt barna, er foreldrar slíta hjúskap. Þá má geta laga nr. 39 1907, um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga, en lög þessi hafa nú verið afnumin með lögum nr. 19 1940, sem hafa samsvarandi ákvæði. Enn má greina fátækralög, nr. 43 1927, sem geymdu ýmis barnaverndarákvæði, en nú eru í þeirra stað komin framfærslulög, nr. 52 1940. Í lögum um iðnaðarnám, nr. 11 1927, nú nr. 100 1938, hjúalögum, nr. 22 1928, sjómannalögum, nr. 41 1930, og lögum um verzlunarnám, nr. 45 1909, eru ákvæði til verndar börnum og ungmennum í vist og starfi. Þá eru í lögreglusamþykktum ýmis ákvæði, sem varða sérstaklega eftirlit með börnum og ungmennum.

Með lögum nr. 76 1933 voru gerðir nokkrir viðaukar og breytingar á áðurnefndum lögum um barnavernd, nr. 43 1932. Loks var með bráðabirgðalögum nr. 122 1941 kveðið sérstaklega á um eftirlit með ungmennum allt að 20 ára aldri og settur á stofn sérstakur ungmennadómur til að dæma mál út af lögbrotum og öðru misferli ungmenna. Bráðabirgðalög þessi voru staðfest með lögum nr. 62 1942, þó þannig, að ungmennadómur dæmdi einungis mál þeirra, sem brotlegir urðu fyrir 18 ára aldur.

Barnaverndarnefndir hafa nú starfað hér í tíu ár. Á þessu tímabili hafa bæir vaxið ört vegna innflutnings manna þangað úr sveitum landsins. Jafnframt hafa lögbrot barna og ungmenna og annað misferli þeirra aukizt, enda hafa ýmis uppeldismistök, t. d. eftirlitsleysi, miklu alvarlegri afleiðingar fyrir siðferði barna í þéttbýli en í dreifbýli. Við þetta bætist svo siðferðishætta sú, sem börnum og ungmennum, einkum telpum, stafar nú sem stendur af fjölmennu erlendu setuliði í Reykjavík og víða annars staðar. Af þessum ástæðum hafa störf barnaverndarnefnda aukizt mjög í öllum kaupstöðum landsins, og hafa þær látið ýmis uppeldismál til sín taka, eins og ráða má t. d. af því, að ekki hafa færri en 13 sveitarfélög sett og fengið staðfestar reglugerðir um barnavernd. Þessi sveitarfélög eru: Reykjavík, Hafnarfjörður, Akranes, Borgarnes, Hvammstangi, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvík, Akureyri, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Vestmannaeyjar. Vafalaust hafa þessar aðgerðir komið að nokkru gagni.

Starf barnaverndarnefndar Reykjavíkur er, sem vænta má, langumsvifamest. Vaxa verkefni hennar sífellt og verða æ fjölþættari vegna breyttra þjóðfélagshátta og uppeldisskilyrða, sem hér verða ekki nánar rakin. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur tekur árlega til meðferðar fjölda mála, sem varða börn og ungmenni sakir lögbrota þeirra og annars misferlis, margvíslegrar vanrækslu og ágalla á uppeldi þeirra í heimahúsum, óhollra áhrifa utan heimilis og freistinga, sem leiða þau á siðferðislega glapstigu. Nefndin hefur nú skrifstofu, sem er opin daglega, og leita menn þangað með málefni sín. Hjúkrunarkona, sem nefndin hefur í þjónustu sinni, hefur eftirlit með uppeldi og aðbúð barna og lætur heimilum í té margs konar hjálp og aðstoð. Sérfróður maður annast rannsókn á börnum og ungmennum og veitir foreldrum

leiðbeiningar um uppeldi þeirra og meðferð. Jafnframt réð barnaverndarnefnd Reykjavíkur fulltrúa til að annast dagleg störf nefndarinnar í umboði hennar. Af þessum staðreyndum má ráða, hve starf til verndar börnum og ungmennum í Reykjavík hefur aukizt mjög hin síðustu ár. Má gera ráð fyrir, að eftir ófriðinn verði verkefnin þó enn meiri, einkum að því er tekur til pilta. Verður þeim sérstök hætta búin, ef atvinnuleysi steðjar að eftir þá fjárveltu, sem nú er.

Með því að skorta hefur þótt á, eins og áður er að vikið, að lög nr. 43 1932, um barnavernd, væru nógu rækileg, hefur ríkisstjórnin hlutazt til um, að lagafrumvarp þetta væri samið. Hefur þetta frumvarp margs konar ákvæði að geyma, sem ekki eru í eldri lögum. Við samningu þess hefur verið stuðzt við reynslu þá, sem fengizt hefur við framkvæmd barnaverndar undanfarinn áratug, og að nokkru við erlend lög, og loks hafa höfundar frumvarpsins leitazt við að setja sér fyrir sjónir ýmis tilvik, sem fyrir kunna að koma og helzt krefjast úrlausnar við framkvæmd þessarar löggjafar.

Við lestur þessa frumvarps verða menn einkum að hafa í huga það, sem hér segir: Samkvæmt 14. gr. laga nr. 19 1940 skal manni eigi refsað fyrir verknað, sem hann hefur framið, áður en hann varð 15 ára. Gagnvart yngri mönnum verður að beita uppeldisráðstöfunum, svo sem nánar greinir í frumvarpinu og 267. gr. laga nr. 19 1940, og gagnvart ungmennum 15—18 ára getur einnig komið til álita að beita sams konar aðgerðum í stað refsingar. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 60 1917 verður maður sjálfráða 16 ára. Ræður hann því verustað sínum og er ekki lengur háður valdi foreldra sinna eða forráðamenna um annað en fé sitt. Rétt hefur því þótt að svipta ekki sjálfráða menn frjálsræði sínu nema með dómsathöfn, sbr. þó 30. gr. laga nr. 19 1940 ....."

Um einstakar greinar frumvarpsins segja höfundar þess m. a.:

„Um 3. gr. Rétt er að taka fram, að starfsmenn þeir, sem greinin getur um, séu opinberir starfsmenn. .....

Um 5. gr. Hér skal á það minnt, að barnaverndarnefnd hefur ekki ráðstöfunarrétt á ungmenni eldra en 16 ára, þó að andlega miður sín sé, nema það hafi verið svipt sjálfræði. En vald hefur hún til að fara á heimili, athuga slíkt ungmenni og fylgjast með líðan þess og aðbúð. Gera má og ráð fyrir, að aðstoð barnaverndarnefndar til líknar og umönnunar fávitum og öðrum ungmennum andlega miður sín verði almennt vel þegin af aðilum. Í þessu sambandi þykir ástæða til að benda á, að ákvæði laga nr. 60 1917, um sviptingu sjálfræðis og fjárræðis, eru mjög ófullkomin. Þannig vantar í lögin ákvæði um, hverjir eigi að hefjast handa um sviptingu sjálfræðis manns og hvaða meðferð mál skuli hlíta í héraði. Auk þess eiga ákvæði laganna ekki alls kostar við, þegar fávitar, geðveikir menn, ofdrykkjumenn og eiturlyfjaneytendur eiga í hlut.

Um 38. gr., nú 36. gr. Hér er gert ráð fyrir rekstri athugunarstöðvar á vegum barnaverndarnefndar í Reykjavík. Verður að telja fulla nauðsyn slíkrar stöðvar, ef fullnægja á þar fyrirmælum laga um vernd barna og ungmenna. Rekstur athugunarstöðvar í Reykjavík er þegar hafinn án sérstakra ákvæða í lögum, enda skortir enn mikið á, að tilhögun hennar sé komið í fastar skorður.

Um 39. gr., nú 37. gr. .... Ætlazt er til, að um greiðslur fyrir vist barna og ungmenna á þessum hælum og öðrum hælum fari samkvæmt lögum nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Fyrir úrskurðuð styrkhæf börn og ungmenni yrðu þá greiddir úr ríkissjóði $\frac{4}{5}$ hlutar vistgjaldsins, en $\frac{1}{5}$ hluta ber aðila sjálfum að greiða, nema hann biði við það tilfinnanlegt tjón á efnahag sínum, en þá greiðist þessi hluti úr sjóði framfærslusveitar hans.

Um 40. gr., nú 38. gr. Oft munu börn og ungmenni, sem ráðstafað er samkvæmt barnaverndarlögum, vera á einhvern hátt miður sín, og má því gera ráð fyrir, að meðalmeðlag nægi oft ekki þeim til framfærslu. Eru því ákvæði 14. gr. laga nr. 43 1932 starfi barnaverndarnefnda til trafala. Tilætlunin með 40. gr. frumvarpsins er

að tryggja samvinnu barnaverndarnefndar og hreppsnefndar (framfærslunefndar) um vistun barna og ungmenna og ákvörðun meðlags með þeim.

Um 41. gr., nú 39. gr. Grein þessi fjallar um vinnuvernd barna og ungmenna. Erfitt þótti að setja almenn lagaákvæði um þessi efni, með því að staðhættir og vinnubættir eru að mörgu leyti ólíkir hér á landi.

Um 42. gr., nú 40. gr. Misbrestur mun á því vera, að heilbrigðiseftirlit í skólum komi að fullu haldi, vegna þess að of lítið er sinnt fyrirmælum og ráðleggingum skólalækna um bætta heilbrigðisháttu. Tilætlunin með grein þessari er, að barnaverndarnefndir veiti atbeina sinn til þess, að þetta megi betur fara.

Um 47. gr., nú 45. gr. Athygli skal vakin á því, að þegar hafa verið sett í ýmsar lögreglusamþykktir ákvæði, sem miða að sama marki og ákvæði tveggja fyrstu málsgreina þessarar greinar. En rétt þótti engu að síður að minna á þessi ákvæði hér til gleggra yfirlits.

Um 48.—50. gr., nú 46.—48. gr. Refsiákvæði greina þessara eru sett til aukinnar verndar barna og ungmenna, einkum siðferði þeirra, og er ætlazt til, að þeim sé beitt auk ákvæða XXI. og XXII. kafla laga nr. 19 1940.

Um 51. gr., nú 49. gr. Börn á ungum aldri eru þess ekki umkomin að leita réttar sins vegna misferlis, sem þau verða fyrir, og börn og ungmenni eru annars oft svo háð þeim, sem veita þeim forsjá, að þau geta ekki borið sig upp undan meðferð þeirri, er þau sæta. Þykir því rétt að leggja kæruskyldu á þriðja mann.

Um 52. gr., nú 50. gr. Reynslan hefur sýnt, að þörf er á ákvæðum þessarar greinar.

Um 56. gr., nú 54. gr. Rétt þykir að taka það fram til glöggvunar, þótt segja megi, að það leiði af eðli málsins, að barnaverndarráð geti tekið mál upp, ef barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, gerir því ekki skil."

Frumvarpið var fyrst flutt í ársbyrjun 1943 af þáverandi ríkisstjórn. Var því vísað til allshn. Nd., sem tók það til mjög ýtarlegrar athugunar, aflaði um það umsagna fróðustu manna og flutti við það ýmsar breytingartillögur, sem allar voru samþykktar. Svo breytt gekk málið til Ed., en dagaði þar uppi.

Á haustþinginu 1943 tók heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. málið til athugunar og umræðna og ræddi það m. a. við dómendur ungmennadóms, barnaverndarráð og barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sem síðan sendu nefndinni ýmsar breytingartillögur við frumvarpið, er allar voru teknar til greina.

Að þessu sinni dagaði frumvarpið uppi í deildinni, en á síðasta Alþingi flutti heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. það að nýju, eins og deildin hafði áður gengið frá því, að öðru leyti en því, að úr frv. voru felld ákvæðin um ungmennadóm, enda var hann raunverulega lagður niður og hefur ekki starfað síðan haustið 1943. Gekk frumvarpið nú í gegnum deildina með smávægilegum breytingum, en í Ed. var frumvarpinu vísað frá með rökstuddri dagskrá, þar sem tekið var fram, að deildin vænti þess, að ríkisstjórnin undirbúi fyrir næsta þing frumvarp til laga um vernd barna og ungmenna og hafi í því efni m. a. samráð við fræðslumálastjóra og milliþinganefnd í skólamálum.

Hinn 22. marz s. l. sendi menntamálaráðuneytið fræðslumálastjóra, milliþinganefnd í skólamálum, barnaverndarráði Íslands og barnaverndarnefnd Reykjavíkur frumvarpið til umsagnar. Eins og fyrr segir, hafði barnaverndarráð og barnaverndarnefnd Reykjavíkur áður fjallað um frumvarpið og tillögur þeirra verið teknar til greina. Nú hafa engar tillögur eða umsagnir borizt frá fyrrnefndum aðilum. Verður því að líta svo á, að þeir sætti sig við frumvarpið, eins og það liggur nú fyrir.

Það er orðið mjög aðkallandi að fá ýtarlegri löggjöf um þessi mál en nú er til, enda ýmsir gallar á gildandi lögum, sem ekki er lengur hægt að búa við, svo sem það, að barnaverndarráð var um skeið raunverulega óstarfhæft vegna þess, að í því voru engir varamenn. Í þessu frumvarpi felast margvíslegar umbætur á eldri lögum, er

þessi mál snerta og reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegar eru, til þess að barnaverndarráð og barnaverndarnefndir geti leyst hin þýðingarmiklu störf sín sem bezt af hendi.“

Ed. 64. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 27. júní 1921, um lestagjald af skipum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna breytist og verði þannig:

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Um greiðslu gjaldsins í ríkissjóð fer sem um aukatekjubókargjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd flytur frv. þetta að beiðni fjármálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um einstök atriði frv. og málið sjálft.

Frv. fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Í 2. gr. nefndra laga er svo ákveðið, að gjaldið skuli innheimt á manntalsþingum og greiðast í því lögsagnarumdæmi, sem skip er skrásett. Fari svo um greiðslu gjaldsins í ríkissjóð sem um önnur manntalsbókargjöld.

Ýmis önnur gjöld af fiskiskipum og fleiri skipum og gjöld í sambandi við útgerð þeirra eiga að greiðast í byrjun útgerðartímans og eru talin með aukatekjubókargjöldum. Það þykir því hentugra, að sama regla gildi um lestagjaldið og t. d. um vitagjaldið, gjöld fyrir slysatryggingar, haffærisskírteini, lögskráningar- og skoðunargjöld og gjöld þessi verði öll innheimt í einu lagi, sem bæði auðveldar og flýtir fyrir innheimtunni.

Rétt þykir þó, einkum vegna gjaldsins af skipum í utanlandssiglingum, að gjalddaginn sé miðaður við ákveðinn dag í síðasta lagi.“

Nd. 65. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 105 3. maí 1935, um Ræktunarsjóð Íslands.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur Ræktunarsjóðs Íslands er að styðja landbúnaðinn með lánveitingum.

2. gr.

2. tölul. 2. gr. laganna orðist svo:

Tillag úr ríkissjóði 5 milljónir króna, er greiðist með jöfnum greiðslum á árunum 1946—1950.

3. gr.

Í stað „2½%“ í fyrri málsgrein 6. gr. laganna komi: 1½%.

4. gr.

1. Í stað 1.—3. málsgr. 8. gr. laganna komi:

Fé Ræktunarsjóðs má eingöngu lána til jarðræktar og húsagerðar á býlum í sveitum (þó ekki til íbúðarhúsa), rafstöðva og annarra mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnaverksmiðja, þvottahúsa og viðgerðarstöðva landbúnaðarverkfæra, enn fremur til kaupa á vélum, sem notaðar eru við landbúnað.

Til jarðræktar teljast þær jarðabætur, sem greinir í II. og V. kafla jarðræktarlaganna frá 4. júlí 1942, og þær aðrar jarðabætur, sem reglugerð Ræktunarsjóðs tiltekur.

Lán til húsagerðar á sveitabýlum má veita til peningshúsa og geymsluhúsa úr vönduðu efni, er samsvarar jörðinni sem bændabýli að stærð og verði, en venjulega skal þess krafizt, að jarðabætur séu áður gerðar á býlinu, eftir því sem stjórn Ræktunarsjóðs telur hæfilegt.

2. Á eftir 1. málslið 4. málsgr. 8. gr. laganna komi nýr málsliður, þannig:

Lán til vélakaupa mega nema allt að ¾ kostnaðarverðs.

5. gr.

1. Á eftir a-lið 2. málsgr. 13. gr. laganna komi nýr stafliður, er verði b-liður, svo hljóðandi:

Til vélakaupa 5—15 ár.

2. e-liður 2. málsgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Til peningshúsa og annarra bygginga en þeirra, sem nefndar eru í d-lið, allt að 35 árum.

3. Við 13. gr. laganna bætist:

Vextir af lánum úr sjóðnum skulu ekki vera hærri en 3 af hundraði.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að fjármagn Ræktunarsjóðs Íslands verði aukið allverulega og honum ætluð stærri verkefni en áður. Er svo til ætlazt, að sjóðurinn veiti landbúnaðinum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda, annarra en íbúðarhúsabygginga, en Byggingarsjóður á að annast lánveitingar til þeirra, og er flutt annað frumvarp samhliða þessu af þingmönnum Framsóknarflokksins um breytingar á lögunum um byggingar- og landnámssjóð. Jafnframt verði lánskjörin gerð bændum hagstæðari en þau eru nú, enda hafa vextir yfirleitt lækkað, síðan gildandi lög um Ræktunarsjóðinn voru sett. Samkv. frv. eiga vextir af lánum úr sjóðnum ekki að vera hærri en 3 af hundraði, en hafa áður verið 4—5 af hundraði.

Um síðustu áramót átti Ræktunarsjóðurinn í útistandandi lánum um 2 millj. kr., en skuldaði tæplega 1 millj. 100 þús. kr. (jarðræktarbréf í umferð). Höfuðstóll sjóðsins var þá kr. 3793159.89 og þar að auki varasjóður kr. 512811.15. Í 2. gr. þessa frv. er lagt til, að sjóðurinn fái úr ríkissjóði 1 milljón króna árlega næstu 5 ár, sem leggist við höfuðstólinn. Ákvæði laganna um útgáfu jarðræktarbréfa haldast óbreytt, en vaxtabréf í umferð mega aldrei nema meira en sexfaldri upphæð höfuðstóls Ræktunarsjóðsins.

Samkvæmt gildandi lögum má Ræktunarsjóður eingöngu lána fé til jarðræktar og húsagerðar á býlum í sveitum. Eftir þessu frv. á sjóðurinn eins og áður að lána til jarðabóta og húsabygginga, annarra en íbúðarhúsa, jafnt á eldri býlum sem nýbýlum, en lánadeild nýbýlasjóðs að hætta störfum; einnig til rafstöðvabygginga fyrir sveitabýli, sem ekki fá rafmagn frá rafveitum ríkis eða sveitarfélaga, og stofnlán til ýmissa annarra framkvæmda í þágu landbúnaðarins, svo sem til byggingar mjólkur-

vinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullar- og skinnaverksmiðja, viðgerðarstöðva landbúnaðarverkfæra, þvottahúsa o. s. frv.; enn fremur til kaupa á landbúnaðarvélum.

Í 6. gr. laganna frá 1935 er ákveðið, að af árlegum tekjuafgangi, sem verða kann hjá sjóðnum, skuli leggja við höfuðstólinn 2½% vexti af upphæð hans, en í 3. gr. þessa frv. er lagt til, að höfuðstólnum reiknist ekki hærri vextir en 1½ af hundraði.

Samkvæmt framansögðu eru aðalatriði frumvarpsins þessi:

Ákvæði um ríkisframlag til sjóðsins, samtals 5 millj. kr. á næstu 5 árum.

Verksvið sjóðsins gert stærra en áður.

Vextir af lánum úr sjóðnum lækkaðir verulega.

Nd. 66. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Orðin „til ársloka 1946“ í 2. ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 15 24. marz 1944, falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög nr. 15 24. marz 1944.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða öðrum frv., sem áður hafa verið flutt um þetta sama efni. Bátaábyrgðarfélaginu er nauðsynlegt að geta starfað áfram á sama grundvelli og áður.

Nánar í framsögu.

Nd. 67. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Vestmannaeyjar.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum veitast úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að einni milljón og fimm hundruð þús. kr., gegn ⅗ hlutum frá hafnarsjóði Vestmannaeyja.

Til kostnaðar við hafnargerðir telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar og dráttarbrautir.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að þriggja milljón króna lán, er hafnarsjóður Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi

hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullkomnar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsgerðinni verður ekki breytt honum í vil meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn af gagnaðila hans.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar.

Sá, sem hefur fengið slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að taka það burt án endurgjalds til eiganda.

6. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga 5 menn sæti. Nefndin skal kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

Nefndin sér um viðhald og umbætur á höfninni og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

8. gr.

Bæjarstjórn skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

9. gr.

Eignum hafnarinnar má aðeins verja í þágu hafnarinnar.

Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og ber ábyrgð á eignum og fé hafnarinnar.

10. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem í hönd

fer, né endurnýja slík lán eða fresta afborgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Vestmannaeyjahöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar eru þó vörur þær, sem samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum þeim, er leggjast við bryggjur í höfninni.
   e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarinnar.
   f. Leiðsögugjald.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2 a og b.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin með sérstöku leyfi atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukagjald á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó ekki fara fram úr 4% af gjöldum þeim, er greiða ber í ríkissjóð af vörunum. Hafnarnefnd innheimtir gjaldið.

Þetta gjald sem og gjöldin samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki, og ganga festar-, lesta- og uppsátursgjöld af vélbátum og öðrum skipum í 1 ár eftir gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipum og bátum, samhliða vita- og lestagjaldi til ríkissjóðs.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarsjóðs frá sér fara.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar,

skal þegar leita samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar skal bæjarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á liðna árinu og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjarsjóðs.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð við höfnina, góðri reglu og öðru, er höfninni viðvíkur og við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—1000 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóv. 1913, ásamt lögum nr. 39 28. nóv. 1919, lögum nr. 29 31. maí 1927, lögum nr. 39 7. maí 1928, lögum nr. 58 19. maí 1930 og nr. 36 23. júní 1932, um breytingar og viðauka við þau lög.

Greinargerð.

Það eru nú liðin rúm 30 ár, síðan hafin var bygging hafnarmannvirkja í Vestmannaeyjum, og hefur því verki að vísu miðað hægt áfram vegna óvenjulegra örðugleika við byggingu hafnargarðanna, sem eru fyrir opnu hafi, sem kunnugt er. Þeir hafa á þessu tímabili orðið fyrir miklum áföllum hvað eftir annað, og þótt nokkurt hlé hafi orðið á stórsköðum á þeim um tíma, er enn sýnilegt, að garðhausarnir, einkum norðanvert, þurfa stórkostlegra umbóta, svo að frambúð sé að. Jafnt og þétt er unnið að dýpkun hafnarinnar, og á stækkun hennar inn á við hefur líka verið byrjað með góðum árangri. Sú stækkun jafnframt dýpkun innsiglingarinnar og hafnarsvæðisins í heild mun enn í mörg ár krefjast mikilla fjárframlaga.

Höfnin er undirstaða alls atvinnulífs í Eyjunum, og nú, þegar skipin stækka, þarf enn meiri átök en áður til þess að gera höfnina svo úr garði, að hún geti fullnægt hinu mikilvæga hlutverki sínu bæði fyrir Vestmannaeyjar og í rauninni fyrir landið allt.

Þýðing Vestmannaeyjahafnar fyrir þjóðarbúskapinn sést m. a. af nokkrum tölum varðandi ísfiskútflutning í flutningaskipum 3 síðustu ár.

Frá Vestmannaeyjum fluttust árið 1942 16.6 %, 1943 17.9% og 1944 21.7% af öllum ísfiskútflutningi landsmanna, sem fluttur var út í flutningaskipum. Árið 1942 fóru frá Eyjum 129, 1943 102 og 1944 125 ísfiskfarmar í smærri og stærri skipum á erlendan markað.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs til hafnarmannvirkja Vestmannaeyja nemi ⅖, þótt þær hafi lengi búið við ⅓ hl. framlag. Framan af var þetta framlag aðeins ¼, og var það kaupstaðnum vitanlega ofvaxið að bera ¾ hluta kostnaðar af hinni dýru hafnargerð. Það er því full þörf á að fá þessum hlutföllum breytt, enda eru þeir staðir á landinu, sem búa við ⅓ hluta ríkissjóðsframlag til slíkra mannvirkja, miklu betur settir en Eyjarnar, hvað aðstöðu snertir frá náttúrunnar hendi. Hafnargarðarnir í Eyjunum eru byggðir fyrir opnu hafi, en víðast annars staðar, þar

sem lagt er fram af ríkissjóðs hálfu í sama hlutfalli og átt hefur sér stað þar, skýla firðir og flóar hafnarmannvirkjunum, og er því aðstaðan harla ólík.

Nánar mun að þessu vikið í framsögu.

Nd. 68. Nefndarálit

um frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum frá 20. ágúst sl. og hefur þegar komið til framkvæmda. Það felur í sér miklar breytingar til bóta á því skipulagi, sem ríkt hefur um verðlagningu og sölu landbúnaðarafurða. Í stað fjögurra nefnda, sem ráðið hafa yfir þessum málum, kemur ein 5 manna nefnd. Formaður hennar er nú forstöðumaður búreikningaskrifstofu ríkisins og með honum fjórir bændur, sinn úr hverjum landsfjórðungi, kosnir af búnaðarráði, sem er samkvæmt ákvæðum frumvarpsins nefnd 25 bænda og bændafulltrúa, er landbúnaðarráðherra velur til að fjalla um þau mál, sem í þessu sambandi koma til greina.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt þetta frumvarp og samþykkt að fella inn í það efni viðaukabráðabirgðalaga frá 29. september. En um afgreiðslu málsins í heild er nefndin ekki sammála. Við undirritaðir leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt án frekari breytinga, Barði Guðmundsson er hvorki með né móti, en þeir Bjarni Ásgeirsson og Jón Sigurðsson eru andvígir frumvarpinu og munu skila séráliti.

Alþingi, 26. okt. 1945.

Jón Pálmason, form., frsm. Sigurður Guðnason.

Nd. 69. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 126 30. des. 1943, um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr. Orðin „frá og með 1. janúar 1946 til ársloka 1947“ falli burt.

Nd. 70. Nefndarálit

um frv. til laga um togarakaup ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta um togarakaup ríkisins er flutt af ríkisstjórninni og er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 23. ágúst sl.

Samkvæmt upplýsingum, sem fjárhagsnefnd hefur fengið, hefur ríkisstjórnin nýlega gert samninga um kaup á 28 botnvörpuskipum frá Englandi. Fjárhagsnefndin hefur ekki séð samningana, en í viðtali við nefndina hefur forsætisráðherra skýrt

frá því, að í ágústmánuði í sumar hafi stjórnin gert bráðabirgðasamning um smíði á togurum í Englandi. Samningur sá var gerður fyrir hönd ríkisstjórnarinnar af þriggja manna nefnd, sem stjórnin sendi utan þeirra erinda. Var umsamið verð 72 þúsund sterlingspund fyrir hvern togara allt að 170 fetum á lengd, og skyldu skipin vera svo vel úr garði gerð sem bezt gerist þar í landi.

Eftir að þessi samningur var gerður og leyfi stjórnarvalda í Englandi til smíðanna fengið, skipaði ríkisstjórnin aðra nefnd, fimm manna, til þess að líta yfir verk hinna fyrri sendimanna. Var síðari nefndin skipuð þrem mönnum frá Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, formanni Sjómannafélags Reykjavíkur og einum verkfræðingi. Þessi nefnd lagði til, að gerðar yrðu allmiklar breytingar á togurunum frá því, sem áður var um samið, t. d. að þeir yrðu 175 fet á lengd, vélarafl aukið, olía notuð til gufuvélanna í stað kola og mannaíbúðum breytt. Sendi svo ríkisstjórnin enn þrjá menn utan til þess að semja um þessar breytingar, og hækkaði þá verð skipanna um rúmlega 36%, upp í 98 þúsund sterlingspund. Verða það um 2570000.00 ísl. krónur fyrir hvert skip. Nú í októbermánuði var síðan endanlega gengið frá samningum um kaup á 28 togurum fyrir þetta verð, þó þannig, að verðið getur tekið breytingum í samræmi við kaupgjaldsbreytingar og verðbreytingar á smíðaefni í Englandi.

Af þessum 28 skipum eiga 8—10 að vera fullsmíðuð á árinu 1946, en hin fyrir 1. okt. 1947. Greiðsluskilmálar eru þannig, að 20% af kaupverðinu á að greiða nú þegar, en eftirstöðvarnar smám saman, eftir því sem smíðinni miðar áfram.

Eins og áður segir, hefur fjárhagsnefndin ekki séð samningana um togarakaupin. Nefndarmönnum er því ekki kunnugt um það, hvað kann að vanta af nauðsynlegum tækjum og útbúnaði til skipanna, þegar seljendur hafa uppfyllt samningana. Skal hér engu spáð um það, hvað skipin muni kosta fullbúin til veiða.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að togararnir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum. Þó að tveir mánuðir séu liðnir frá útgáfu bráðabirgðalaganna, hefur ríkisstjórnin ekki enn gert neina samninga um sölu á skipunum. Minni hl. fjárhagsnefndar telur, að ríkisstjórnin hefði átt að tryggja sér kaupendur að skipunum, áður en lokið var samningum um smíði þeirra, en það mun hafa verið um miðjan þennan mánuð, enda hefði þá fjöldi skipanna verið ákveðinn eftir því, hvað kaupendur fengust að mörgum skipum. Þetta hefði vafalaust verið framkvæmanlegt.

Eftir beiðni fjárhagsnefndar hefur nýbyggingarráð sent henni lista yfir „umsækjendur um botnvörpuskip“. Listi þessi lítur þannig út:

Kveldúlfur h.f.	1	skip
Ó. Jóhannesson & Co., Patreksfirði	1	—
Geir Thorsteinsson, Reykjavík	1	—
Einar Þorgilsson & Co. h.f., Hafnarfirði	1	—
Fylkir h.f., Reykjavík	1	—
Bæjarstjórn Vestmannaeyja	1—2	—
Bæjarstjórn Seyðisfjarðar	1	—
Oddur Helgason, Reykjavík	1—2	—
H.f. Venus, Hafnarfirði	1	—
H.f. Grímur, Friðrik Þórðarson	1	—
Axel Ketilsson & Soffía Jóhannesdóttir, Ísafirði	1	—
Tómas M. Guðjónsson, Vestmannaeyjum	1	—
Alliance h.f., Reykjavík	1	—
Mjölnir h.f., Reykjavík	1	—
H.f. Júpiter, Hafnarfirði	1	—
H.f. Marz, Hafnarfirði	1	—
H.f. Vífill, Hafnarfirði	1	—
Bæjarútgerð Hafnarfjarðar	2	—
Bæjarstjórn Neskaupstaðar	1	—
Forseti bæjarstjórnar og formaður atvinnumálanefndar Ísafjarðar	2	—

Sviði h.f., Hafnarfirði	1	skip
Árni Ketilbjarnarson, Stykkishólmi	1	—
H.f. Max Pemberton, Reykjavík	1	—
Bæjarstjórn Ólafsfjarðar	1	—
H.f. Helgafell	1	—
Ólafur Lárusson, Keflavík	1	—
Keflavík h.f. (Huxley Ólafsson)	1	—
Hrafnaflóki h.f. (Ásg. G. Stefánsson)	1	—
Bæjarstjórinn á Akranesi	1	—
Hreppsnefnd Eskifjarðar	1	—
Stefán S. Franklín, Keflavík	1	—
H.f. Sæfell, Vestmannaeyjum	1—2	—
Bæjarstjórn Akureyrarbæjar	2	—
Lúðvík Jósefsson, v. Vigfúsar Guttormssonar o. fl., Norðfirði	1	—
Bæjarstjórn Siglufjarðar	1	—
Pétur Ottesen, v. Víðis, Akranesi	1	—
Hreppsnefnd Stykkishólms	1	—

Flestar þessar umsóknir eru frá því snemma í júlímánuði þ. á. og þá upphaflega sendar til ríkisstjórnarinnar í tilefni af tilkynningu hennar um, að leyfi mundi fást til smíða á nokkrum togurum í Bretlandi fyrir Íslendinga. Í umsóknunum felast engar skuldbindingar um að kaupa þá togara, sem ríkisstjórnin hefur samið um að kaupa, og engar upplýsingar eru þar heldur um fjárhagslega möguleika viðkomandi aðila til skipakaupa.

Þess má geta varðandi þetta mál, að með bréfi til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 10 júlí sl., bar borgarstjórinn í Reykjavík fram þá kröfu bæjarstjórnarinnar, að úthlutað yrði til útgerðarfyrirtækja í bænum ⅔ af þeim smíðaleyfum fyrir 13—16 togurum, sem þá var talið, að mundu fást í Englandi og Svíþjóð. Í bréfi borgarstjórans var enn fremur tilkynnt, að ef ekki kæmu svo margar umsóknir um togara frá útgerðarfyrirtækjum í Reykjavík, að þetta hlutfall fengist, þá hefði bæjarráð og bæjarstjórn samþykkt á fundum 9. og 10. júlí, „að bærinn kaupi sjálfur þann togarafjölda, sem þarf, til þess að umrætt hlutfall náist, og í því falli verði skipasmíðastöðvar, teikningar og annað varðandi smíðina háð samþykki bæjarins“.

Með öðru bréfi borgarstjórans í Reykjavík til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 25. sept. sl., er ítrekuð krafa um, að ⅔ hlutum smíðaleyfanna fyrir 30 togurum verði úthlutað til útgerðarfyrirtækja í Reykjavík eða Reykjavíkurbæjar og þeim tilmælum beint til ríkisstjórnarinnar, „að svo verði frá úthlutun umræddra togara gengið, að ekki færri en 20 þeirra verði smíðaðir fyrir útgerðarfyrirtæki hér í bæ eða Reykjavíkurbæ, ef svo ber undir, og eru ítrekaðar yfirlýsingar um, að bæjarstjórn ábyrgist gagnvart ríkisstjórninni kaup þess togarafjölda, sem hér er óskað eftir“.

Í bréfi þessu segir enn fremur:

„Fyrirvari um, að smíðastöðvar, teikningar og annað varðandi smíðina verði háð samþykki bæjaryfirvaldanna er og ítrekaður.“

Af þessum yfirlýsingum bæjarstjórnar Reykjavíkur lítur út fyrir, að ríkisstjórnin geti selt í Reykjavík tvo af hverjum þrem togurum, sem hún hefur samið um að kaupa, ef bæjarstjórnin hefur fyrir sitt leyti samþykkt skipasmíðasamningana. En samkvæmt umsóknalistanum frá nýbyggingarráði, sem birtur er hér að framan, hafa útgerðarfyrirtæki í Reykjavík sent umsóknir um 8—9 togara, þó án nokkurra skuldbindinga um kaup. Má því búast við, að það komi í hlut bæjarsjóðs Reykjavíkur að kaupa marga togara, ef ríkisstjórnin tekur kröfur bæjarstjórnarinnar til greina við úthlutun skipanna. Engar upplýsingar liggja fyrir um greiðslumöguleika Reykjavíkurbæjar, en ósennilegt verður að teljast, að bæjarstjórnin hafi gefið áðurnefndar skuldbindingar um togarakaup án þess að hafa umráð yfir því fjármagni, sem þarf til kaupanna.

Eins og málum þessum er nú komið, leggur minni hl. nefndarinnar áherzlu á, að nú þegar verði hafnir samningar við væntanlega kaupendur um sölu skipanna og fullnægjandi tryggingar fengnar hjá þeim fyrir greiðslu á kaupverðinu á þeim gjalddögum, sem ákveðnir eru í samningi ríkisstjórnarinnar. Minni hl. flytur því breytingartillögu við frv. um, að kaupendur skuli fyrir 1. des. næstk. borga þann hluta af verði skipanna, sem á að greiða fyrir fram, og setja fullnægjandi tryggingar fyrir greiðslu eftirstöðvanna.

Samkv. 2. gr. frv. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 60 millj. kr. lán til togarakaupanna. Þar sem hér er lagt til, að ríkisstjórnin geri samninga um sölu á skipunum innan skamms og kaupendur þeirra borgi verð skipanna á þeim gjalddögum, sem ákveðnir eru í samningunum, er hér einnig flutt tillaga um, að lántökuheimildin verði lækkuð úr 60 í 25 millj. króna. Engin þörf virðist fyrir viðtækari lánsheimild til ríkisstjórnarinnar vegna þessara framkvæmda, ef nú þegar verður gerð gangskör að því að selja skipin, eins og hér er lagt til og sjálfsagt er.

Samkvæmt þessu ber ég fram við frv. þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr.: Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Fyrir 1. des. 1945 skulu væntanlegir kaupendur skipanna borga einn fimmta hluta af umsömdu verði þeirra og setja fullnægjandi tryggingar fyrir greiðslu á eftirstöðvum af kostnaðarverði skipanna á þeim gjalddögum, sem um hefur verið samið af ríkisstjórninni.
2. Við 2. gr.: Í stað „60 millj. króna“ komi: 25 millj. króna.

Alþingi, 27. okt. 1945.

Skúli Guðmundsson.

Ed. 71. Frumvarp til laga

um byggingarlánasjóð.

Flm.: Hermann Jónasson, Bernharð Stefánsson.

I. KAFLI
Um byggingarlánasjóð.

1. gr.

Stofna skal byggingarlánasjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf í kaupstöðum og kauptúnum. Sjóðurinn heitir byggingarlánasjóður.

2. gr.

Byggingarlánasjóður lánar fé til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum og kauptúnum með þeim skilyrðum og kjörum, er í lögum þessum segir. Kauptún telst í þessum lögum þorp eða byggðahverfi með minnst 10 fjölskyldum, enda hafi engin þeirra svo mikið jarðnæði, að talizt geti lögbýli. Verði ágreiningur um þetta atriði, sker félagsmálaráðuneytið úr.

3. gr.

Í stjórn byggingarlánasjóðs skulu vera fimm menn og jafnmargir varamenn, valdir til fjögurra ára í senn. Kýs Alþingi fjóra þeirra með hlutfallskosningu, en félagsmálaráðherra skipar einn, og er hann formaður. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lán-

veitingar úr honum samkvæmt reglugerð, sem ráðuneytið setur. Skal hvert byggingarfélag, sbr. 6. gr., vera sérstök deild í sjóðnum með aðgreindu reikningshaldi. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að lána fé sjóðsins milli deilda, ef hún telur það fært og nauðsynlegt.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með, að byggingarfélög sjóðsins gæti skyldna sinna, sbr. 7. gr., má stjórnin setja trúnaðarmann, einn eða fleiri, á hverju byggingarfélagssvæði.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðast úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi byggingarfélag.

Sveitarstjórnir sveitarfélaga þeirra, er byggingarfélög starfa í, hafa rétt til, hver á sínu svæði, að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi byggingarfélags og allri starfsemi þess, svo og að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það telur, að félagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra til úrskurðar.

Ráðuneytið úrskurðar reikninga byggingarlánasjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Tekjur byggingarlánasjóðs eru:

a. Sveitarsjóðir, sbr. 6. gr., greiða árlegt tillag í sjóðinn, sem nemur 4 krónum fyrir hvern heimilisfastan íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins samkv. manntali næsta ár á undan. Sé kauptún aðeins hluti úr hreppi, skal tillagi þessu jafnað niður á þá íbúa kauptúnsins, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

b. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð í byggingarlánasjóð, sem nemur tvöföldu tillagi sveitarsjóðanna.

Umrædd árgjöld samkvæmt a- og b-liðum þessarar greinar greiðast með verðlagsuppbót, sem ákveðst af verðlagsvísitölu kauplagsnefndar, eins og hún er 1. okt. það ár, sem gjöldin eiga að greiðast.

c. Innlánsfé, sem fengið er með þeim hætti, að stofnuð er innlánsdeild byggingarlánasjóðs, þar sem félagsmönnum hinna ýmsu byggingarfélaga er gefinn kostur á að leggja inn sparifé sitt gegn því, að þeir geti fengið íbúðarhús hjá félaginu, þegar innlánsféð hefur náð tiltekinni upphæð. Byggingarfélögin veiti innlánsfé móttöku og skrásetji það, en sendi síðan byggingarlánasjóði. Stjórn byggingarlánasjóðs getur falið sparisjóðum og bönkum að annast þessa starfsemi, enda sjái stjórn byggingarlánasjóðs um, að þar séu til innlánsbækur, sem sérstaklega eru auðkenndar sem innlánsbækur byggingarlánasjóðs og í séu skráðar helztu reglur um þetta innlánsfé.

Ráðuneytið gefur út reglugerð um innlánsstarfsemi byggingarlánasjóðs, þar sem nánar er ákveðið um starfsemi þessa.

d. Lánsfé, sem aflað er með sölu vaxtabréfa, er ríkissjóður ábyrgist, eða fengið að láni á annan hátt með ábyrgð ríkissjóðs.

Tekjur byggingarlánasjóðs samkvæmt a- og b-liðum þessarar greinar eru séreign viðkomandi byggingarfélags.

Byggingarlánasjóður skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkisábyrgð að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

5. gr.

Byggingarlánasjóður lánar viðurkenndum byggingarfélögum fé til íbúðarhúsabygginga, ef þau fullnægja settum skilyrðum, sbr. 7. gr.

A-flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði húsanna, lánstími 42 ár, ársvextir og afborganir 3½%.

B-flokkur. Lánshæð allt að 85% af byggingarkostnaði, lánstími 42 ár, ársvextir og afborganir 5%.

Öll lán, sem byggingarlánasjóður veitir, skulu vera tryggð með 1. veðrétti í íbúðum þeim, sem lánin eru veitt til að byggja. Enn fremur séu þau tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi sveitarsjóðs. Lánin séu jafnan affallalaus.

Stjórnir byggingarfélaga á hverjum stað gera tillögur um lánskjörin til stjórnar byggingarlánasjóðs með hliðsjón af óskum, efnahag og ástæðum lántakenda, en stjórn byggingarlánasjóðs úrskurðar endanlega um þau. Að jafnaði skal miða lánveitingar til einstakra byggingarfélaga við það, að árlegar tekjur þeirra samkvæmt a- og b-liðum 4. gr. nægi til að greiða vaxtamismuninn, sem lánveitingarnar hafa í för með sér.

II. KAFLI
Um byggingarfélög.

6. gr.

Stofna skal byggingarfélag í hverjum kaupstað og kauptúni, sbr. 2. gr., ef minnst 10 menn innan sveitarfélagsins koma sér saman um það og setja sér samþykktir, sem stjórn byggingarlánasjóðs samþykkir. Þegar slíkt félag er löglega stofnað og viðurkennt af stjórn byggingarlánasjóðs, er hlutaðeigandi sveitarfélag orðið gjaldskylt til byggingarlánasjóðs, sbr. 4. gr., a-lið, og byggingarfélagið jafnframt orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, er lög þessi veita.

Gjaldskylda sveitarsjóðs samkv. 1. mgr. þessarar greinar fellur niður, ef hlutaðeigandi byggingarfélag hefur ekki hafið byggingarframkvæmdir innan 10 ára frá stofnun eða á í sérsjóði sínum handbært fé, sem nemur 10 ára tillagi, samkv. a- og b-liðum 4. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarfélaga fer eftir ákvæðum samþykkta þeirra, er stjórn byggingarlánasjóðs staðfestir.

Í hverju sveitarfélagi skal vera eitt byggingarfélag. Heimilt er þó að skipta byggingarfélagi í deildir, er hafa sérsamþykktir, þegar 15 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn byggingarlánasjóðs. Fjárhagur deilda innan sama byggingarfélags er þó alltaf sameiginlegur.

7. gr.

Byggingarfélög eiga rétt til að fá lán úr byggingarlánasjóði, enda séu þau löglega stofnuð, sbr. 6. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn byggingarfélags sé skipuð fimm mönnum, og skal formaður skipaður af félagsmálaráðherra. Hina stjórnarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af félagsmönnum.
2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína eða þar, sem það hentar betur, leggi þeim til faglega aðstoð við byggingarnar eða hafi eftirlit með, að þær séu gerðar samkvæmt uppdráttum og áætlunum þar um.
3. Að húsin séu vönduð, með venjulegum nútímaþægindum og falli inn í ramma byggingarskipulags á staðnum, ef til er. Rúmtak hverrar íbúðar má ekki fara fram úr 350 m³, þegar lán er veitt í A-flokki, og ekki yfir 500 m³, ef lán er veitt í B-flokki.
4. Að félagsmenn séu fjárráða og heimilisfastir innan þess svæðis, er byggingarfélag nær yfir.
5. Að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarlánasjóðs ákveður.
6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir kostnaðarverð.
7. Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir, sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleiga metin reglulega á 5—10 ára fresti, eða á eignarlóð íbúðarkaupanda. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi kaupstaður, sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal kaupstað eða sveitarfélagi skylt, ef ekki

fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkvæmt l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

8. Að sett sé reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innan húss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
9. Að félagið hafi forkaupsrétt að íbúðum, sem félagið hefur byggt og félagsmenn vilja selja, sbr. 9. gr.
10. Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að aðeins þeir félagsmenn njóti lánskjara samkvæmt a-lið 4. gr., sem eigi hafa haft yfir 7000 króna árstekjur miðað við meðaltal síðustu þriggja ára samkv. skattaframtali, að viðbættum 500 krónum fyrir hvern ómaga, þó eigi samtals yfir 9000 króna tekjur, né eigi yfir 10000 króna eignir. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við þessar upphæðir umreiknaðar til hækkunar meðalvísitölu ársins á undan.
11. Að stjórn byggingarlánasjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem félagsmálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra félaga.

8. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlanir. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 7. gr., 8. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

9. gr.

Um forkaupsrétt félagsins að húseignum þeim, er það hefur byggt eða veitt lán til að byggja, fer sem hér segir:

a. Félagsmenn, sem notið hafa lánskjara samkv. a-lið 5. gr., mega ekki selja íbúð þá, er félagið hefur reist fyrir þá, nema stjórn félagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja íbúðina nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar, eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkv. mati af íbúðinni eða þann hluta hennar, sem leigður er, að viðbættri vísitölu þeirri, sem gildir um húsaleigu á hverjum tíma.

   Börn látins félagsmanns eða ekkja hans hafa þó ávallt forkaupsrétt að íbúðinni á undan félaginu, enda gerist þau þá löglegir meðlimir þess.

b. Félagsmenn, sem notið hafa lánskjara samkvæmt b-lið 5. gr., eru skyldir að bjóða félaginu forkaupsrétt að húsum þeim, er þeir hafa reist með aðstoð félagsins.

   Verði ekki samkomulag um söluverð, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna, og hlíti seljandi mati þessu, ef hann þá kýs að selja og félagið vill kaupa. Næst á eftir félaginu hafa félagsmenn, sem ekki eiga íbúð, forkaupsrétt við sama verði, enda hafi þeir ekki byggt íbúð með aðstoð félagsins samkvæmt þessum lögum. Ekki er eiganda íbúðar heimilt að framleigja nema nokkurn hluta íbúðarinnar. Þó getur hann leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og félagsstjórnin leyfir og samþykkir leigumálann.

Nú sannast, að félagsmaður hafi selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, en þó því aðeins að honum hafi, þegar kaupin fóru fram, verið kunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæðum þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

Neyti stjórn byggingarfélags eigi forkaupsréttar, er eiganda heimilt að selja hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir, enda gerist hann þá löglegur félagi í byggingarfélaginu.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.

Einstaklingar í þorpum og byggðahverfum, sem eru minni en svo, að þau eigi rétt til að stofna byggingarfélög, sbr. 2. gr. laga þessara, eiga kost á að fá byggingarlán úr byggingarlánasjóði. Slíkum lánsbeiðnum skal fylgja umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar um byggingarþörf og ástæður lánbeiðenda. Vaxtamunur, sem byggingarlánasjóður verður að borga vegna slíkra lánveitinga, skal endurgreiddur úr ríkissjóði.

Um lánveitingar samkvæmt þessari grein gilda hliðstæðar reglur, eftir því sem við getur átt, eins og um lán til byggingarfélaga, og skal um það nánar ákveðið í reglugerð.

11. gr.

Stjórn byggingarlánasjóðs skal svo fljótt sem verða má koma upp og reka sérstaka teiknistofu, er geri uppdrætti að íbúðarbyggingum fyrir byggingarfélögin, og séu þeir ókeypis til afnota fyrir félögin. Skal teiknistofan og höfð í ráðum um allar þær byggingar, sem byggingarlánasjóður veitir lán til, enda verða slík lán ekki veitt, nema teiknistofan hafi áður samþykkt uppdrætti að byggingunum.

Teiknistofan skal veita byggingarfélögum hvers konar leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, sem við kemur húsagerð. Ber henni að fylgjast með innlendum og erlendum nýjungum í húsagerð og sjá til þess, að gerðar séu tilraunir um gildi þeirra, eftir því sem við verður komið.

Kostnaður við teiknistofuna greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Ríkisstjórninni er skylt að láta gera ókeypis fyrirmyndauppdrætti til afnota fyrir byggingarfélögin, þar til er teiknistofa byggingarlánasjóðs, sbr. 11. gr., tekur til starfa.

13. gr.

Byggingarfélög skulu fyrir 1. des., árið áður en þau ætla að hefja byggingar, senda stjórn byggingarlánasjóðs umsóknir um lán ásamt upplýsingum um fjölda, gerð, stærð og tilhögun þeirra íbúða, er þau ætla að byggja, ásamt upplýsingum um fjárhag væntanlegra íbúðarkaupenda.

14. gr.

Séu í gildi í landinu ákvæði um innflutning byggingarefnis, ber byggingarfélögum, sem starfa samkv. lögum þessum, réttur til innflutningsleyfa og gjaldeyris vegna kaupa á efni til byggingar íbúðarhúsa hlutfallslega á við aðrar hliðstæðar stofnanir eða einstaklinga.

15. gr.

Þau byggingarfélög, sem starfandi eru samkv. lögum nr. 3 frá 1935 og nr. 71 frá 1938, skulu, þegar lög þessi öðlast gildi, verða deildir í byggingarlánasjóði og öðlast þar þau réttindi, er lög þessi veita, enda geri þau þá nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum, að því leyti sem það getur samrýmzt áður gerðum skuldbindingum þeirra.

16. gr.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 3 frá 1935 og nr. 71 frá 1938 ásamt síðar áorðnum breytingum.

Greinargerð.

Öllum er augljós nauðsyn þess, að þegnar þjóðfélagsins eigi kost á að búa í mannsæmandi húsakynnum. Léleg og óhæf húsakynni samrýmast ekki sönnu menningarlífi, og heilsufar þjóðarinnar verður aldrei varanlega bætt, nema húsakynnin séu nothæf. Að tryggja öllum þegnum þjóðfélagsins sómasamleg húsakynni er því eitt hið mesta menningar- og velferðarmál einstaklinga og þjóðarheildar. Hins vegar er þetta erfitt verkefni sökum þess, hve dýrt er að reisa góð hús, svo og af því, að efnahagur mikils þorra þjóðfélagsþegnanna er svo þröngur, að þeim er fjárhagslega ofvaxið að leysa þetta vandamál af eigin rammleik.

Í öllum menningarlöndum er það nú orðin viðurkennd þjóðfélagsleg nauðsyn, að hið opinbera veiti efnaminni stéttunum nokkra fjárhagslega aðstoð til þess að koma upp sómasamlegum húsakynnum, sem eigi verði dýrari en svo, að fjölskyldum með miðlungstekjum sé fært að búa í þeim.

Með setningu laga um verkamannabústaði árið 1929 var af hálfu þjóðfélagsins stigið mikilsvert skref í þá átt að aðstoða hinar efnaminni stéttir í kaupstöðum og kauptúnum til þess að eignast nothæf íbúðarhús. Lögum þessum hefur síðan smátt og smátt verið breytt í þá átt að fullkomna þá aðstoð, sem lögunum var upphaflega ætlað að veita.

Samkvæmt þessum lögum hafa nú verið stofnuð byggingarfélög í níu kaupstöðum og örfáum kauptúnum. Í árslok 1944 námu greiðslur ríkissjóðs og bæjarfélaga samtals 3672000 króna, þar af um ⅗ hlutar úr ríkissjóði. Þá höfðu verið fullgerðar samkv. lögunum um 400 íbúðir og lánað úr byggingarsjóðum 9174000 króna. Enn fremur voru þá í smíðum allmargar íbúðir, og að sjálfsögðu hafa talsvert margar íbúðir verið byggðar síðan.

Kjör þau, er Byggingarsjóður verkamanna gefur kost á nú, eru: lánsupphæð 85% af byggingarkostnaði, lánstími 42 ár, árgjald lána 4%; svarar það til 2.69% ársvaxta.

Þar sem mest af byggingarlánunum eru fengin með 4% ársvöxtum, er auðsætt, að verulegur hluti af árlegum tekjum byggingarsjóðsins fer til að greiða vaxtamismun á byggingarlánunum.

Til aðstoðar af hálfu ríkisins við íbúðarbyggingar í þéttbýlinu má og telja lög um byggingarsamvinnufélög frá 1932. Er sú liðsemd þó mjög takmörkuð, þar sem einungis er gert ráð fyrir ábyrgð af hálfu ríkisins fyrir 60% af byggingarkostnaðinum. Samkvæmt þessum lögum hafa verið stofnuð fjögur byggingarfélög: í Reykjavík, á Akureyri, í Ólafsvík og Stykkishólmi. Reykjavíkurfélagið hefur byggt 80 íbúðir og á auk þess 40 í smíðum. Akureyrarfélagið hefur byggt nálega 20 íbúðir, og í Ólafsvík og Stykkishólmi munu vera nokkur hús í smíðum á vegum félaganna.

Þótt hvor tveggja þessi lög hafi haft talsverða þýðingu fyrir hinar efnaminni stéttir í þéttbýlinu, er ljóst, að sú liðsemd, er lögin gefa kost á, er með öllu ófullnægjandi. Því til sönnunar nægir að benda á húsnæðisvandræðin í flestum kaup-

stöðum og kauptúnum landsins, sem jafnframt sýnir vanmátt hinna efnaminni stétta til þess að eignast nothæfar íbúðir. Meginástæða þess, að lögin hafa eigi haft almennari þýðingu, er sú, að byggingarfélögin hefur vantað fjármagn til framkvæmda og kröfur laganna um framlög félagsmanna og um árgjöld af byggingarlánum hafa verið efnalitlum mönnum um megn, einkum eftir að byggingarkostnaður fór að stíga. Með því að hafa teiknistofu, sem annast alla teikningu fyrir byggingarfélög þau, er starfa samkvæmt því, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, eftirlitsmann og byggingameistara, má spara verulegar fjárhæðir við byggingu íbúðanna. Aðeins þessir kostnaðarliðir munu nema 8—10 þús. kr. á meðalíbúð í Reykjavík og þaðan af meira. Byggingameistarar, sem hafa nokkur hús í smíðum í einu, geta haft um og yfir 200000 krónur í árstekjur aðeins fyrir umsjón með smíði íbúðanna. Þessa kostnaðarliði mætti án efa lækka mjög mikið með því að hafa fastráðna starfsmenn til þess að sjá um þessi atriði byggingarinnar.

Það virðist augljóst, að til þess að gera byggingarfélögin færari um að leysa það hlutverk, sem þeim er ætlað, sé nauðsynlegt:

1. að skapa skilyrði fyrir því, að byggingarfélögin geti fengið meiri árlegar tekjur, svo að þau verði fær um að veita byggingarlán í samræmi við efnahag og ástæður fjöldans;
2. að gera ráðstafanir til þess, að þau eigi kost á nægu lánsfé;
3. að veita byggingarfélögunum starfsskilyrði til þess að draga sem mest úr byggingarkostnaðinum.

Með frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er að því stefnt að auðvelda hinu efnaminna fólki í þéttbýlinu að eignast sómasamleg húsakynni, sem ekki verði ofvaxin efnahag þess. Frumvarpið er byggt á grundvelli þeim, sem lagður hefur verið með lögum nr. 3 1935, um verkamannabústaði, og lögum nr. 71 1938, um byggingarsamvinnufélög, enda er gert ráð fyrir, að þau lög verði úr gildi felld, ef frumvarpið nær fram að ganga.

Meginefni frumvarpsins er í stuttu máli þetta:

Stofna skal byggingarlánasjóð, er láni fé til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum og kauptúnum að uppfylltum settum skilyrðum. Stjórn og reikningshald sjóðsins sé með líkum hætti og nú er um byggingarsjóð verkamanna. Tekjur fær sjóðurinn eftir líkum leiðum og byggingarsjóður verkamanna nú (lög nr. 3 1935). Til þess að auka tekjur sjóðsins eru tillög sveitasjóðanna tvöfölduð og ríkistillagið fjórfaldað miðað við lög nr. 3 1935. Samkvæmt þessu má því gera ráð fyrir, að tekjur byggingarfélaga innan sjóðsins þrefaldist. Búast má við, að mikill hluti þessara tekna gangi til greiðslu á vaxtameðgjöf á lánsfé sjóðsins, en það er ætlazt til, að fáist með sölu ríkistryggðra vaxtabréfa og með líkum hætti og lánsfé byggingarsjóðs verkamanna nú, og verður það sem hingað til að sjálfsögðu á valdi ráðherra, hve víðtækar ábyrgðir ríkissjóður veitir.

Gert er ráð fyrir, að byggingarlánasjóður starfræki innlánsdeild, er veiti viðtöku sparifjárinnlögum þeirra, er vilja tryggja sér íbúð hjá félaginu, þegar innlögin hafa náð tilskyldu lágmarki.

Gert er ráð fyrir, að sjóðurinn veiti lán með tvenns konar kjörum, A- og B-lán. A-lánin svara til lánskjara byggingarsjóðs verkamanna nú. Vextir eru þó um 0.69% lægri og kröfur um framlag lántakanda þær sömu eða 15% af byggingarkostnaði. B-lánin svara til lánskjara samkv. gildandi lögum um byggingarsamvinnufélög, þó með þeirri breytingu, að ársvextir eru ákveðnir 4% og lánshæðin miðuð við 85% af byggingarkostnaði í stað 60%. Í báðum tilfellum er hér miðað við 85% sem hámarkslánveitingu, en að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að íbúðarkaupendur megi leggja meira fram en 15%, ef þeir geta, og að sjálfsögðu æskilegt, þar sem efnahagur leyfir.

Öll lán byggingarlánasjóðs séu tryggð með 1. veðrétti í þeim, sem þau eru veitt til að byggja, svo og ábyrgð viðkomandi sveitarsjóðs.

Stjórnir byggingarfélaga á hverjum stað geri tillögur til stjórnar byggingar-

lánasjóðs um, hvers konar lán séu veitt, og hefur um það til hliðsjónar óskir og ástæður lántakanda, en stjórn sjóðsins úrskurðar endanlega um lánskjörin. Sjálfsagt virðist að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa atriðis.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að byggingarfélög séu stofnuð í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, — eitt félag á hverjum stað —, ef minnst 10 menn koma sér saman um það og setja sér samþykktir, sem stjórn byggingarlánasjóðs staðfestir. Þegar er slíkt félag hefur verið löglega stofnað, verður viðkomandi sveitarsjóður gjaldskyldur til byggingarlánasjóðs, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Tillag sveitarsjóðsins ásamt mótframlagi ríkissjóðs varðveitist í bygginarlánasjóði sem séreign félagsins og notast eftir því, sem þörf er á, til þess að standa undir vaxtamuninum á lánum byggingarlánasjóðs til þess félags, er hlut á að máli. Gjaldskylda sveitarsjóðs fellur niður, ef viðkomandi byggingarfélag gerir ekkert að byggingarframkvæmdum innan 10 ára frá stofnun eða á handbært fé í þessum sérsjóði sínum sem svarar til 10 ára tillags sveitarsjóðs og ríkissjóðs.

Til þess að byggingarfélag geti fengið lán úr byggingarlánasjóði, þarf um stofnun þess og framkvæmdir að vera fullnægt flestum sömu skilyrðum og nú gilda um lán úr byggingarsjóði verkamanna og um lán samkvæmt lögum um byggingarsamvinnufélög.

Auk hinna almennu skilyrða, sem ekki virðist ástæða til að rekja hér, eru þessi sérskilyrði um lánin:

A-lán: Lántakandi hafi eigi haft yfir 7000 króna árstekjur að viðbættum 500 krónum fyrir hvert barn, þó eigi yfir 9000 króna tekjur alls, og skuldlaust eignaverð hans sé eigi yfir 10000 krónur, allt miðað við meðaltal skattaframtala síðustu þrjú árin. Þessar upphæðir séu umreiknaðar til hækkunar með meðalverðlagsvísitölu kauplagsnefndar næsta ár á undan. Húsin mega ekki vera yfir 350 m³ að stærð. Framleiga þeirra og sala er óheimil nema með leyfi félagsstjórnar. Félagið hefur forkaupsrétt að húsunum fyrir kostnaðarverð að viðbættum endurbótum, ef til eru, en frádreginni hæfilegri fyrningu.

Ákvæði þessi eru sams konar og nú gilda um byggingarlán samkvæmt lögum um verkamannabústaði, en þó nokkru rýmri.

B-lán: Sérákvæði eru þau, að íbúðirnar séu eigi yfir 500 m³ að stærð og félagið hafi forkaupsrétt að þeim eftir mati. Ákvæði þessi eru samhljóða tilsvarandi ákvæðum í lögum um byggingarsamvinnufélög.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir stofnun byggingarfélaga í þorpum, sem í eru færri en 10 fjölskyldur. Þar sem gera má ráð fyrir, að þetta ákvæði útiloki nokkur minnstu þorpin frá því að geta notið þeirra hlunninda, er í frumvarpinu felast, þykir réttmætt að hafa sérákvæði handa því fólki, er þar býr, svo að það sé eigi með öllu útilokað frá opinberri aðstoð í byggingarmálum. Að þessu miðar 10. gr. frumvarpsins. Tæpast mun þó þurfa að gera ráð fyrir mörgum lánbeiðnum úr þessari átt.

Í 11. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að stjórn byggingarlánasjóðs setji upp, svo fljótt sem verða má, teiknistofu, er annist um uppdrætti fyrir byggingarfélögin og veiti þeim auk þess aðra faglega og fræðilega aðstoð og leiðbeiningar um húsagerð, val byggingarefnis og annað, er að byggingum lýtur. Er hér gert ráð fyrir hliðstæðri stofnun fyrir þéttbýlið eins og teiknistofa landbúnaðarins er nú fyrir sveitirnar, en hún hefur, eins og kunnugt er, mjög mikla þýðingu fyrir byggingarmál sveitanna og hefur sparað þeim stórfé.

Þar til er þessi teiknistofa tekur til starfa, er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin láti byggingarfélögum uppdrætti í té. Er þetta ákvæði í gildandi lögum (nr. 3 1935 og nr. 71 1938), en mun gera fremur takmarkað gagn vegna anna teiknistofu húsameistara ríkisins, sem hefur átt að inna þetta verk af hendi.

14. gr. frumvarpsins á að tryggja byggingarfélögum hlutfallslegan rétt á innflutningsleyfi og gjaldeyri til efniskaupa vegna íbúðarhúsabygginga. Verður að telja, að þetta ákvæði eigi fullan rétt á sér, eins og innflutningsverzluninni er nú háttað.

Mundi án efa sparast stórfé í efniskaupum, ef byggingarfélögin keyptu sameiginlega inn efnið í stórum stíl.

Verði frumvarp þetta að lögum, falla að sjálfsögðu úr gildi lög nr. 3 1935 og lög nr. 71 1938. Virðist þá sjálfsagt, að byggingarfélög, sem stofnuð hafa verið samkv. þeim lögum, fái þá þau réttindi, sem frumvarpið á að veita löglega stofnuðum byggingarfélögum, enda geri þá eldri félögin nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum að svo miklu leyti sem það getur samrýmzt eldri skuldbindingum.

Með því að frv. þetta er sniðið eftir lögum nr. 3 1935 og lögum nr. 71 1938 og þar sem nýmæli frumvarpsins hafa hér verið nokkuð rakin, þykir eigi ástæða til að lengja greinargerð þessa frekar með sérstökum útskýringum um einstakar greinar þess.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að lána megi mest 85% af kostnaðarverði húsa. Þetta er að sjálfsögðu miðað við venjulega tíma. Þar af leiðir, að gera verður ráð fyrir því, að meðan hið óheilbrigða ástand ríkir í fjármálalífi þjóðarinnar, verði frekari takmarkanir settar í framkvæmd fyrir svo háum lánum. Er framkvæmd þessa atriðis eðlilega á valdi stjórnar byggingarlánasjóðs og hlutaðeigandi ráðherra.

Nd. 72. Frumvarp til raforkulaga.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

I. KAFLI
Um vinnslu raforku.

1. gr.

Ríkinu einu er heimilt að reisa og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl.

Réttur sá, sem ríkinu er áskilinn samkv. 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til. Þó er þeim, sem við gildistöku þessara laga eiga og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, heimilt að reka þau áfram. Enn fremur er ráðherra heimilt að fengnum tillögum raforkumálastjóra að veita sveitarfélagi, einstökum manni eða félagi leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 500 hestöflum að stærð til að fullnægja rafaflsþörf sinni, ef rafveitur ríkisins eða héraðsveita geta eigi eða óska eigi að láta rafaflið í té.

2. gr.

Nú hefur ráðherra veitt einkarétt til að koma upp og reka héraðsveitu á tilteknu orkuveitusvæði, sbr. 14. gr., og er þá engum öðrum en einkaréttarhafa heimilt að reisa og reka raforkuver, sem er 100 hestöfl eða minna að stærð, innan takmarka orkuveitusvæðisins, nema leyfi ráðherra komi til. Ráðherra leitar álits raforkumálastjóra og stjórnar hlutaðeigandi héraðsveitu, áður en hann veitir leyfið. Um orkuver, sem fyrir eru á orkuveitusvæðinu, fer eftir ákvæðum 18. gr. um orkuveitur, eins og við á.

II. KAFLI
Um rafveitur ríkisins.

3. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn og starfrækir rafveitur, er vera skulu eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi undir umsjón þess ráðherra, er fer með raforkumál. Stofnunin skal heita: rafveitur ríkisins.

4. gr.

Raforkumálastjóri hefur í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með rafveitum ríkisins, rekstri þeirra og framkvæmdum.

5. gr.

Ráðherra ræður að fengnum tillögum raforkumálastjóra framkvæmdastjóra til að annast um daglega stjórn rafveitna ríkisins og hafa umsjón með rekstri þeirra. Nefnist hann rafveitustjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Rafveitustjóri hefur prókúruumboð fyrir rafveitur ríkisins og skuldbindur þær samkvæmt reglum um prókúru að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið.

Um ráðningu og kjör annarra fastra starfsmanna fer eftir ákvæðum reglugerðar.

6. gr.

Rafveitur ríkisins skulu hafa það verkefni að afla almenningi og atvinnuvegum landsins nægrar raforku á sem hagfelldastan og ódýrastan hátt með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá öðrum orkuverum eða orkuveitum, veita orkunni um landið og selja hana í heildsölu héraðsrafveitum, er stofnsettar eru til að taka við orkunni og veita henni til neytenda innan héraðs eða á orkuveitusvæði.

Rafveitur ríkisins geta einnig gerzt meðeigandi í orkuverum og orkuveitum annarra eða tekið þær á leigu og starfrækt þær eða tekið þátt í starfrækslu þeirra eftir sérstökum samningi.

Rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku beint til neytenda á þeim stöðum, þar sem héraðsveita er ekki fyrir hendi, eða annars staðar með samþykki héraðsveitunnar.

7. gr.

Engum nema rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku í heildsölu. Þó mega Reykjavíkurkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður og Ísafjarðarkaupstaður selja héraðsrafveitum sínum og rafveitum ríkisins raforku í heildsölu frá orkuverum þeim, sem kaupstaðir þessir nú eiga.

Réttur sá, sem rafveitum ríkisins er áskilinn samkvæmt 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til.

8. gr.

Áður en hafizt er handa um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu, skal raforkumálastjóri hafa látið fara fram rannsókn á því, á hvern hátt verði heppilegast fullnægt raforkuþörf þess héraðs eða landshluta, sem hinni fyrirhuguðu orkuveitu er ætlað að ná til, sbr. og 46. gr. Að lokinni þeirri rannsókn sendir raforkumálastjóri ráðherra tillögur sínar um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir. Tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar lætur raforkumálastjóri fylgja nauðsynlegar kostnaðaráætlanir, greinargerð um skilyrði fyrir orkuvinnslu eða orkukaupum og orkusölu og nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af virkjunum.

Kostnað allan við þessar rannsóknir svo og við annan undirbúning skal greiða úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í því skyni og að svo miklu leyti sem ekki er séð fyrir fé til þeirra á annan hátt, sbr. einnig 35. gr. Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra.

9. gr.

Nú telur ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjóra rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða auka við hin fyrri orkuver eða orkuveitur eða festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þessa samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ríkisstjórnin fylgja nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af þessum virkjum.

Þó getur raforkumálastjóri látið gera minni háttar aukningu á orkuveri og orkuveitum, er hann telur þess brýna þörf, áður en samþykki Alþingis er fengið, og tekið til þess bráðabirgðalán, sbr. 34. gr., 2. málsgrein, að fengnu samþykki ráðherra.

10. gr.

Nú er ákveðið að reisa raforkuver eða koma upp raforkuveitu, og annast þá rafveitur ríkisins um þær framkvæmdir allar.

11. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum raforkumálastjóra og rafveitustjóra gjaldskrá um raforkusölu frá rafveitum ríkisins.

Tekjum rafveitna ríkisins skal varið til greiðslu rekstrarkostnaðar hinna einstöku raforkuvirkja, þar með talið stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur og hæfilegar afborganir lána miðað við fyrningu. Enn fremur skal árlega leggja hæfilega upphæð í varasjóð, allt að 10% af heildartekjum.

Tekjuafgangur sá, sem eftir verður, þegar fé hefur verið lagt í varasjóð, skal renna í raforkusjóð.

12. gr.

Raforkumálastjóri skal árlega senda ráðherra efnahags- og rekstrarreikning rafveitna ríkisins svo og kostnaðarreikning fyrir þau virki, sem eru í smíðum, enn fremur skýrslu um starfsemina. Hann skal og árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um lántökur og önnur fjárframlög svo og tillögur um ráðstöfun á fé úr raforkusjóði, sbr. 37. gr., 3. málsgr.

13. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga um rafveitur ríkisins, þar á meðal um:

1. stjórn og fjárreiður, reikningshald og fyrningu, um meðferð varasjóðs, svo og um skýrslugerðir;
2. starfsmannahald og verkaskiptingu starfsmanna;
3. skilyrði, sem rafveitur ríkisins mega setja héraðsrafveitum, er kaupa raforku frá þeim, um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja til tryggingar öruggum rekstri, svo og til að tryggja rafveitum ríkisins greiðslu fyrir orku þá, er þær selja, og til að stuðla að aukinni raforkunotkun og góðri hagnýtingu orkunnar.

III. KAFLI

Um héraðsrafveitur.

14. gr.

Héraðsrafveita veitir raforku um tiltekið orkuveitusvæði og selur hana neytendum innan takmarka þess.

Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, ákveður orkuveitusvæði hverrar héraðsrafveitu.

Ráðherra getur veitt einkarétt til að reka héraðsrafveitu á tilteknu orkuveitusvæði, veita raforku um orkuveitusvæðið og selja hana neytendum innan takmarka þess. Veitingu einkaréttar getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja til að tryggja jafnrétti notenda og hagkvæma og fullnægjandi dreifingu raforku um orkuveitusvæðið.

15. gr.

Nú tekur orkuveitusvæði, sem ráðherra hefur ákveðið, aðeins yfir einn kaupstað eða einn hrepp eða hluta úr hreppi eða íbúatala kaupstaðarins eða hreppsins er ¾ af íbúatölu alls orkuveitusvæðisins a. m. k., og hefur þá bæjarstjórn eða sveitar-

stjórn forgangsrétt til að reka héraðsveitu á því orkuveitusvæði og að hljóta til þess einkarétt samkv. 14. gr.

16. gr.

Alls staðar annars staðar en um getur í 15. gr. og þar sem bæjar- eða sveitarstjórn neyta eigi réttar síns samkv. þeirri grein, hafa héraðsrafveitur ríkisins forgangsrétt til að reka héraðsrafveitu og hljóta til þess einkarétt samkv. 14. gr.

17. gr.

Nú óskar einstakur maður eða félag að reka héraðsrafveitu á tilteknu orkuveitusvæði og hljóta til þess einkarétt samkv. 14. gr., og skal þá ráðherra tilkynna það hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn og héraðsrafveitum ríkisins, eins og við á, og veita þeim hæfilegan frest til að ákveða, hvort þær vilja nota rétt sinn samkv. 15. og 16. gr. Hafi þær eigi innan þess frests, sem þeim var settur, tilkynnt ráðherra, að þær ætli að nota rétt sinn samkv. 15. og 16. gr., getur ráðherra veitt umsækjanda einkaréttinn, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum laga og reglugerða þar að lútandi. Einkarétturinn veitist um tiltekið árabil.

18. gr.

Áður en einkaréttur er veittur, auglýsir ráðherra þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um veitingu einkaréttarins og um takmörk orkuveitusvæðisins.

Nú eiga einstakir menn, félög eða héruð raforkuveitur á því takmarki, sem auglýsing samkv. 1. málsgrein nær til, og skulu þá eigendur þeirra skýra ráðherra frá því innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óska að halda starfrækslunni áfram, og ákveður hann þá staðartakmörk þess fyrirtækis, um leið og hann veitir því leyfi til að starfa áfram. Þetta leyfi veitir engan frekari rétt en þeir höfðu áður og er því ekki til fyrirstöðu, að einkaréttarhafi stofnsetji og starfræki orkuveitu innan takmarka fyrirtækisins.

19. gr.

Héraðsrafveitu, sem hlotið hefur einkarétt samkv. 14. gr., er skylt að selja raforku öllum, sem þess óska, innan takmarka orkuveitusvæðis hennar með þeim skilyrðum, sem nánar eru ákveðin í lögum þessum og í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

20. gr.

Um héraðsrafveitu, sem hlýtur einkarétt skv. 14. gr., aðra en héraðsrafveitu ríkisins, skal setja reglugerð, sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir, og skal þar m. a. setja ákvæði um stjórn og rekstur rafveitunnar, orkuveitusvæði hennar, skilmála fyrir raforkusölunni, löggildingu rafvirkja og sektir, allt að 10000 krónum, fyrir brot á reglugerðinni.

21. gr.

Gjald fyrir raforku úr héraðsrafveitu, sem fellur undir ákvæði 20. gr., skal ákveða í gjaldskrá, sem stjórn rafveitunnar semur og ráðherra staðfestir. Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimtaugagjald, sem greiðist, þegar heimtaug er lögð. Gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

IV. KAFLI

Um héraðsrafveitur ríkisins.

22. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn og rekur héraðsrafveitur, þar sem ekki eru aðrar héraðsrafveitur fyrir hendi, með þeim skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

Rafveiturnar skulu vera eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrir-

tæki með sérstöku reikningshaldi undir yfirumsjón þess ráðherra, sem fer með raforkumál.

Stofnunin heitir: héraðsrafveitur ríkisins.

23. gr.

Rafveitur ríkisins annast rekstur héraðsrafveitna ríkisins, og hafa raforkumálastjóri og rafveitustjóri ríkisins á hendi umsjón og stjórn þeirra á sama hátt og gildir um rafveitur ríkisins.

Héraðsrafveitur ríkisins endurgreiða rafveitum ríkisins allan kostnað, sem þær hafa af stjórn og rekstri héraðsrafveitnanna, eftir reikningi, sem ráðherra samþykkir.

24. gr.

Héraðsrafveitur ríkisins vinna orku í eigin orkuverum eða kaupa hana frá öðrum orkuverum eða orkuveitum, veita henni um þau svæði, sem orkuveitutaugar þeirra ná yfir á hverjum tíma, og afhenda hana hverjum kaupanda við húsvegg hans eða á notkunarstað.

25. gr.

Til þess að koma upp mannvirkjum héraðsrafveitna ríkisins skal fjár aflað:

a. með lántökum;
b. með framlögum úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið kann að verða í fjárlögum;
c. með framlögum úr héraði, sbr. 26. gr., og
d. með tekjuafgangi héraðsrafveitna ríkisins, sbr. 29. gr.

26. gr.

Gegn óendurkræfu og vaxtalausu framlagi ríkissjóðs til héraðsrafveitu ríkisins skal ávallt koma óendurkræft og vaxtalaust framlag úr héraði, er að upphæð nemi minnst hálfu framlagi ríkissjóðs. Framlag úr héraði greiðist úr sýslusjóði, og má í reglugerð, sem hver sýslunefnd semur og ráðherra staðfestir, setja um það ákvæði, hvernig sýslusjóði skuli koma sérstakar tekjur fyrir þeim greiðslum, þar á meðal þau skilyrði, að rafmagnsneytandi hafi greitt ákveðið gjald, heimtaugagjald, áður en veitutaugar eru lagðar að húsi hans eða jarðeign. Framlag úr sýslusjóði til héraðsrafveitu ríkisins getur sýslunefnd bundið við tiltekið mannvirki.

27. gr.

Áður en ráðizt er í að koma upp orkuveitu eða reisa orkuver, skal að undangengnum rannsóknum gera nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af mannvirkjunum.

Nú sýna áætlanir, að tekjur af mannvirkjunum muni eigi nægja til að greiða vexti og afborganir af öllum stofnkostnaði auk annars rekstrarkostnaðar, þar með talið hæfilegt gjald í varasjóð, og má þá eigi gera mannvirkin, nema héraðsrafveitum ríkisins hafi komið óendurkræf og vaxtalaus framlög, sbr. 25. og 26. gr., sem nægi til þess að greiða þann hluta stofnkostnaðar, sem umfram er það, er tekjur af mannvirkjunum geta staðið undir.

28. gr.

Nú er í senn um að ræða að gera fleiri en eina nýja héraðsrafveitu ríkisins eða aukningar eldri veitna, og skal þá sú veita ganga fyrir um framkvæmd, sem áætlanir sýna, að ber sig betur fjárhagslega.

Þá skal og að öðru jöfnu sú veita ganga fyrir um framkvæmd, sem hæst framlag er veitt til úr héraði að tiltölu við framlag ríkissjóðs.

29. gr.

Bókhaldi héraðsrafveitna ríkisins skal, eftir því sem kostur er, hagað þannig, að það sýni stofnkostnað, tekjur og gjöld veitnanna innan hverrar sýslu um sig.

Nú verður tekjuafgangur af rekstri héraðsrafveitna ríkisins innan sýslunnar, og skal honum varið til aukningar og endurbóta á veitum í þeirri sýslu. Reiknast í því sambandi sem framlag úr héraði jafnhár hundraðshluti af þeim tekjuafgangi og framlag úr sýslunni þá er orðið af öllu framlagi til héraðsrafveitna ríkisins innan sýslunnar.

30. gr.

Gjald fyrir raforku frá héraðsrafveitum ríkisins skal ákveða í gjaldskrá, sem stjórn þeirra semur og ráðherra staðfestir.

31. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd á ákvæðum þessara laga um héraðsrafveitur ríkisins.

V. KAFLI
Um raforkusjóð.

32. gr.

Raforkusjóður er eign ríkisins.

Stofnfé sjóðsins er raforkusjóður, eins og hann er orðinn við gildistöku þessara laga.

Aðrar tekjur sjóðsins eru:

a. tekjuafgangur rafveitna ríkisins, sbr. 11. gr.;
b. vextir af fé sjóðsins;
c. framlag úr ríkissjóði að upphæð 2 milljónir króna ár hvert, og
d. önnur framlög úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið kann að verða í fjárlögum.

33. gr.

Raforkumálastjóri annast stjórn raforkusjóðs og reikningshald undir yfirumsjón ráðherra.

Handbært fé raforkusjóðs á hverjum tíma skal geymt og ávaxtað í Landsbanka Íslands.

34. gr.

Úr raforkusjóði má veita rafveitum ríkisins:

1. lán, sem veitast til allt að 30 ára, til að koma upp tilteknum mannvirkjum;
2. rekstrarlán og bráðabirgðalán til skemmri tíma, þar á meðal til að greiða rekstrarhalla, sem verða kann af mannvirkjum hin fyrstu árin, eftir að þau eru gerð.

35. gr.

Úr raforkusjóði má greiða kostnað af rannsóknum og áætlunum til undirbúnings rafveituframkvæmda samkvæmt 8. og 46. gr.

Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra og endurgreiðast raforkusjóði með áföllnum vöxtum.

36. gr.

Úr raforkusjóði má greiða kostnað af almennum rannsóknum og tilraunum, sem raforkumálastjóri annast, til að stuðla að aukinni hagnýtingu raforku og hagfelldri notkun hennar svo og af leiðbeiningum til raforkunotenda um notkun orkunnar, sbr. 46. gr.

37. gr.

Lán þau, sem um getur í 34. gr., tölulið 1, veitast samkvæmt tillögum ráðherra og samþykki Alþingis samkvæmt 9. gr.

Lán þau, sem um getur í 34. gr., tölulið 2, ákveður ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjóra.

Um aðrar greiðslur úr raforkusjóði skal raforkumálastjóri árlega gera áætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis, sbr. 12. gr.

38. gr.

Ráðherra ákveður útlánsvexti raforkusjóðs, og mega þeir vera allt af 2½% lægri en víxilforvextir Landsbanka Íslands.

VI. KAFLI
Um rafmagnseftirlit ríkisins.

39. gr.

Ráðherra setur í reglugerð um raforkuvirki ákvæði til öryggis gegn hættu og tjóni af þeim og til varnar gegn truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru eða síðar kunna að koma.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

a. Gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja og annarra virkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón eða hætta getur stafað af.
b. Takmörkun á eða bann við innflutningi, sölu og notkun tækja og annarra hluta raforkuvirkja, sem fullnægja ekki þessum skilyrðum.
c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um raforkuvirki, sem fyrir hendi eru, og um ný virki og aukningu eldri virkja, svo og að hlíta fyrirmælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum.
d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með innflutningi og sölu raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innan lands. Má ákveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra og efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki frá rafmagnseftirliti ríksins. Skal viðurkenningarmerkið vera staðfest af ráðherra og birtast í Stjórnartíðindum. Er engum heimilt að nota merkið nema með leyfi rafmagnseftirlits ríkisins og eftir þeim reglum, sem það setur um notkun þess.
e. Löggildingu á hæfum rafvirkjum.
f. Skyldu rafveitustjórna að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, sem notuð eru í sambandi við raforkuveitur þeirra, brjóti eigi í bága við ákvæði settra reglugerða, og um heimild handa rafmagnseftirliti ríkisins að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuveitna eða láta loka fyrir rafmagnsstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, er þverskallast við að hlíta settri reglugerð, svo og að taka löggildingu eða söluleyfi um skamman eða langan tíma af þeim, sem hafa gerzt brotlegir við reglugerðina.
g. Sektir, allt að 10000 krónum, fyrir brot á reglugerðinni.

40. gr.

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sér hættu fyrir eignir annarra manna eða hættu við truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja, en þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana hefur í för með sér verulega hagsmuni fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður trygg en venja er til eða krafizt verður um ný virki á þeim tíma, þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Ráðherra sker úr öllum ágreiningi um það:

a. hvort raforkuvirki hafi í för með sér hættu við truflunum á starfrækslu eldri virkja;

b. hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum truflunum;
c. hver eigi að koma þeim ráðstöfunum í verk;
d. hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Ráðherra getur stöðvað notkun raforkuvirkja, unz öryggisráðstafanir þær, er hann áskilur, eru komnar í framkvæmd.

41. gr.

Raforkumálastjóri hefur í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með eftirliti ríkisins með raforkuvirkjum.

42. gr.

Ráðherra skipar að fengnum tillögum raforkumálastjóra framkvæmdastjóra til að stjórna framkvæmd eftirlits ríkisins með raforkuvirkjum. Nefnist hann rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Ráðherra skipar og ræður aðra fasta starfsmenn við rafmagnseftirlit ríkisins, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum rafmagnseftirlitsstjóra og raforkumálastjóra.

Laun rafmagnseftirlitsstjóra og annarra fastra starfsmanna og annar kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði að svo miklu leyti sem ekki er séð fyrir fé til þess á annan hátt, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum.

43. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera og raforkuveitna skuli árlega greiða til rafmagnseftirlits ríkisins gjald, sem miðast við heildartekjur þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og má nema allt að einum hundraðshluta af þeim, og að þeir, sem flytja inn til landsins raforkuvirki og hluta þeirra eða gera þau innan lands, greiði til eftirlitsins gjald, sem miðast við innkaupsverð virkjanna, en söluverð þeirra frá verksmiðju, ef þau eru gerð hér, og má nema allt að ¾% af því. Undanþegin því gjaldi skulu þó vera þau raforkuvirki, sem ekki falla undir rafmagnseftirlit ríkisins.

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, og má þá miða gjaldið við stærð rafla í orkuveri, og má það nema allt að 5 krónum á hvert kílówatt í málraun þeirra.

Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiðast kostnaður þess eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Ráðherra setur ákvæði um innheimtu gjaldanna. Hann getur heimilað stöðvun á rekstri virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjalddaga.

VII. KAFLI
Um stjórn raforkumála.

44. gr.

Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, skipar raforkumálastjóra til að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Hann skal vera rafmagnsverkfræðingur.

Ráðherra skipar og ræður fasta starfsmenn raforkumálastjóra til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum hans.

Laun raforkumálastjóra og annarra fastra starfsmanna og kostnaður af skrifstofu hans greiðist úr ríkissjóði, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum.

45. gr.

Raforkumálastjóri er ráðunautur ríkisstjórnarinnar í raforkumálum.

46. gr.

Raforkumálastjóri annast rannsóknir á skilyrðum til hagnýtingar á orkulindum landsins, svo sem fallvötnum og jarðhitasvæðum, til raforkuvinnslu. Hann rannsakar og gerir tillögur um heildartilhögun á raforkuveitum til almenningsþarfa, sbr. og 8. gr.

Raforkumálastjóri rannsakar enn fremur og gerir tilraunir um hagfellda notkun raforku og leiðbeinir raforkunotendum í þeim efnum. Hann getur haft um það samvinnu við héraðsrafveitur.

47. gr.

Raforkumálastjóri hefur umsjón með vatnsrennslismælingum í fallvötnum landsins.

48. gr.

Raforkumálastjóri hefur umsjón með fallvötnum, sem eru í eign ríkissjóðs, heldur skrá yfir þau og annast nauðsynlegt bókhald í sambandi við þau. Um alla veiði í slíkum fallvötnum skal hann leita tillagna veiðimálastjóra.

Raforkumálastjóri gerir tillögur til ríkisstjórnarinnar um kaup á vatnsréttindum og jarðhitasvæðum, sem hann telur nauðsynlegt eða hagkvæmt, að ríkið eignist. Um hagnýtingu jarðhitasvæða, sem eru í eign ríkisins, skal leita álits raforkumálastjóra.

49. gr.

Ráðherra skipar fimm manna ráð, er skal vera ríkisstjórninni til aðstoðar í raforkumálum og nefnist raforkuráð.

Í raforkuráði eiga sæti fjórir menn, og tilnefnir hver þessara aðila einn: Samband íslenzkra rafveitna, Félag íslenzkra atvinnurekenda, Búnaðarfélag Íslands og Alþýðusamband Íslands, og einn maður kosinn af Alþingi, og er hann formaður ráðsins. Skulu þeir tilnefndir og kosnir til fjögurra ára í senn, og gengur einn úr á hverju ári í þrjú ár, en tveir fjórða árið, í fyrsta skipti einu ári eftir að ráðið er skipað. Skal hlutkesti ráða í upphafi röð þeirra, er úr ganga, en þeirri röð síðan fylgt.

50. gr.

Þóknun til meðlima raforkuráðs greiðist úr ríkissjóði, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum.

51. gr.

Verkefni raforkuráðs er að fylgjast með stjórn og framkvæmdum í raforkumálum, gera tillögur í þeim efnum og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í öllum raforkumálum.

52. gr.

Raforkuráð skal eiga kost á að fylgjast með rannsóknum raforkumálastjóra og rekstri rafveitna ríkisins. Ráðinu skulu send til athugunar og umsagnar:

1. tillögur raforkumálastjóra um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu;
2. tillögur ríkisstjórnarinnar til Alþingis um að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða festa kaup á slíkum mannvirkjum;
3. frumvarp að gjaldskrám rafveitna ríkisins;
4. efnahags- og rekstrarreikningar rafveitna ríkisins og kostnaðarreikningar mannvirkja í smíðum svo og skýrslur raforkumálastjóra um rekstur rafveitna ríkisins;
5. fjárhagsáætlun rafveitna ríkisins og tillögur um lántökur, önnur fjárframlög og ráðstöfun fjár úr raforkusjóði;
6. frumvarp að reglugerð um rafveitur ríkisins;
7. erindisbréf, sem ráðherra gefur út handa starfsmönnum hjá raforkumálastjóra, rafveitum ríkisins og rafmagnseftirliti ríkisins;
8. tillögur um ákvörðun orkuveitusvæðis héraðsrafveitu;
9. frumvörp að reglugerðum og gjaldskrám héraðsrafveitna, ef ráðið óskar þess sérstaklega;

10. tillögur um nýjar héraðsrafveitur ríkisins ásamt kostnaðar- og rekstraráætlunum um þær.
11. frumvörp að reglugerð og gjaldskrám héraðsrafveitna ríkisins;
12. ársreikningar og fjárhagsáætlun héraðsrafveitna ríkisins;
13. frumvörp að reglugerð um raforkuvirki;
14. tillögur til breytinga á raforkulögum.

53. gr.

Ef raforkuráð verður eigi sammála um afgreiðslu máls til ríkisstjórnarinnar, skal það gera henni grein fyrir því, hvernig atkvæði féllu um málið í ráðinu, og er hverjum einstökum fulltrúa í ráðinu rétt að leggja fram sérálit í málinu, sem sendist með málsskjölum til ríkisstjórnarinnar.

54. gr.

Ráðherra getur sett raforkuráði ákveðinn frest til afgreiðslu mála, sem því eru send til umsagnar. Hann getur í reglugerð að fengnum tillögum raforkuráðs og umsögn raforkumálastjóra sett nánari ákvæði um starfshætti og verksvið þess.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

55. gr.

Rafveitur ríkisins, héraðsrafveitur ríkisins og raforkusjóður eru undanþegin tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

56. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: lög um vatnsorkusérleyfi, nr. 46 1925, lög um raforkuvirki, nr. 83 1932, lög um viðauka við og breytingar á lögum um raforkuvirki, nr. 38 1939, lög um rafveitur ríkisins, nr. 16 1942, og lög um raforkusjóð, nr. 91 1942; enn fremur öll önnur ákvæði eldri laga, sem koma í bága við ákvæði laga þessara.

57. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meiri hluti iðnaðarnefndar, þeir SEH, JJós, StJSt og STh, flytur frv. þetta að beiðni samgöngumálaráðuneytisins. Þó áskilja þeir sér rétt að flytja og fylgja breytingartillögum. Fimmti nefndarmaðurinn, SÞ, vildi ekki taka þátt í flutningi málsins.

Svolátandi greinargerð fylgdi frv. frá ráðuneytinu:

„Svo sem fyrirsögn frumvarpsins bendir til, er það tilætlunin, að í lögum eða lagabálki þessum séu saman tekin öll löggjafarákvæði, sem sérstaklega varða raforkumál. Þó hefur verið reynt að komast hjá því, svo sem kostur er, að hrófla við vatnalögunum.

Aðalákvæði frumvarpsins eru í stuttu máli þessi: Ríkið tekur að sér að annast vinnslu á raforku handa íbúum landsins og flutning orkunnar milli héraða og landshluta. Það áskilur sér jafnframt einkarétt til þessa. Ríkið setur á stofn fyrirtæki, sem nefnist rafveitur ríkisins, til þess að leysa þetta verkefni af hendi. Sérstök fyrirtæki, sem nefnast héraðarafveitur, annast um að veita orkunni innan héraðs til notendanna. Ríkisstjórnin ákveður orkuveitusvæði hverrar héraðsveitu, ákveður takmörk þess svæðis, sem henni er ætlað að veita raforku um. Kaupstaðir og kauptún, sem eru orkuveitusvæði út af fyrir sig eða eru að íbúatölu ¾ hlutar orkuveitusvæðis eða meira, hafa rétt á að hafa héraðsveituna í sínum höndum. Ráðherra veitir þeim þá einkarétt til sölu á raforku innan takmarka orkuveitusvæðisins. Ríkið setur á stofn

sérstakt fyrirtæki, er nefnist héraðsrafveitur ríkisins og hefur það verkefni að koma upp og reka héraðsrafveitur hvarvetna þar, sem ekki er annar aðili fyrir hendi til að taka þetta að sér, eða sérstökum erfiðleikum er bundið að veita orkunni til notenda, t. d. vegna þess, hve byggð er strjál. Þeim héraðsrafveitum, sem svo hagar til um, skal þegar í upphafi veitt nægilega mikið styrktarfé, til þess að þegar megi afskrifa stofnkostnað svo, að þær sé unnt að reka sem fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki eftir það. Af því styrktarfé leggur ríkissjóður fram allt að ⅔ hlutum, en ⅓ hluti a. m. k. skal koma úr héraði, og fer sá hluti framlagsins um hendur sýslunefnda, enda hafa þær og rétt til að ákveða í aðalatriðum, í hvaða veitumannvirki skal ráðizt innan hverrar sýslu á hverjum tíma. Öll núgildandi ákvæði um eftirlit af hálfu ríkisins með raforkuvirkjum til öryggis gegn tjóni og hættu af þeim eru tekin upp í frumvarpið að heita má óbreytt og án viðauka. Ríkið lætur gera fullkomna rannsókn á skilyrðum til vinnslu og notkunar raforku. Stjórn raforkumálanna er í aðalatriðum þannig fyrir komið, að skipaður er raforkumálastjóri, sem hefur þau mál öll með höndum undir yfirstjórn þess ráðherra, sem fer með raforkumál, en fimm manna raforkuráð, skipað af ráðherra, fjórir þeirra eftir tilnefningu fjögurra félagssamtaka, sem telja innan sinna vébanda þorra allra rafmagnskaupenda og rafmagnsnotenda í landinu, hinn fimmti, formaður ráðsins, kosinn af Alþingi, er ríkisstjórninni til ráðuneytis í öllum raforkumálum, fylgist með stjórn þeirra og framkvæmd og gerir tillögur til ríkisstjórnarinnar þeim viðvíkjandi. Sérstakur framkvæmdastjóri er skipaður til að stjórna rekstri og byggingarframkvæmdum rafveitna ríkisins undir yfirstjórn raforkumálastjóra og á sama hátt sérstakur framkvæmdastjóri yfir rafmagnseftirlitið, einnig undir yfirstjórn raforkumálastjóra. Raforkusjóði, sem er eign ríkisins, er varið til að koma upp mannvirkjum rafveitna ríkisins og héraðsveitna ríkisins, þó þannig, að fé er veitt úr sjóðnum í þessum tilgangi aðeins sem lán, er endurgreiðist með vöxtum. Úr sjóðnum má og kosta rannsóknir og undirbúning virkjunarframkvæmda, en kostnaðurinn endurgreiðist sjóðnum, ef í framkvæmdir er ráðizt. Þá má og kosta úr honum ýmsar almennar rannsóknir á sviði raforkumála. Tekjuafgangur rafveitna ríkisins rennur í raforkusjóð.

Þetta er í stuttu máli innihald frumvarpsins.

Það er vitað, að alveg óhjákvæmilegt verður að verja á næstu árum, svo að skiptir hundruðum milljóna króna eftir núverandi verðlagi til þess að koma upp mannvirkjum til að vinna raforku og veita henni um landið, ef þróun atvinnu- og menningarlífs á að haldast hér á landi. Öllum kaupstöðum landsins og öllum sjávarþorpum þarf að sjá fyrir rafafli, og er aflþörfin sums staðar ti- til tvítugföld á við það afl, sem fyrir er. Í öllum sýslum landsins þarf auk þess hið allra fyrsta að sjá miðstöðvum atvinnu- og menningarlífs sveitanna og kjarna byggðanna fyrir rafmagni. Það mun nú vera almennt viðurkennt, að veruleg hætta er á því, að framkvæmdir næstu ára til öflunar raforku handa landsbúum muni fara mjög í handaskolum, ef þær eru ekki rækilega skipulagðar og vel undirbúnar. Og mönnum er það ljóst, að án verulegra afskipta ríkisvaldsins verður ekki tryggt, að vel fari í þessum efnum.

Um afskipti ríkisvalds virðist þá aðallega um tvær aðferðir að ræða. Önnur er sú, að ríkið hafi strangt eftirlit með því, í hvaða framkvæmdir er ráðizt, og með tilhögun þeirra og rekstri og hafi fullt vald til að skipa þar fyrir um og banna, eftir því sem nauðsynlegt er til að tryggja haldkvæma tilhögun. Til þess að geta skipað fyrir í þeim efnum verður ríkið að sjálfsögðu að hafa gert sér grein fyrir því, hvaða framkvæmdir og hver tilhögun mannnvirkja er hin hagkvæmasta. Og það verður einungis gert með því móti, að ríkið sjálft láti framkvæma hinar fullkomnustu rannsóknir, komi upp ríkisstofnun, sem sakir þekkingar sinnar og að undangengnum ýtarlegum rannsóknum fær fullkominn myndugleika til að segja fyrir um, í hvaða mannvirki skuli ráðizt og hvað ekki megi gera.

Hin aðferðin er sú, að ríkið taki sjálft að sér framkvæmdirnar, að koma á ríkisrekstri á vinnslu og flutningi raforku.

Fyrri aðferðin er að því leyti neikvæð, að hún tryggir ekki, að í nauðsynlegar

framkvæmdir verði ráðizt. Verkefnin, sem fram undan eru, eru svo stórfelld, að þau eru ofviða og ná langt út fyrir verkahring þeirra aðila, sem til þessa hafa haft raforkuvinnsluna í höndum sér. Nýr og öflugri aðili þarf að koma til kastanna. Hingað til hefur hvert sveitarfélag annazt um raforkuöflun handa íbúum síns héraðs. Hér eftir er ekki nema um tvennt að ræða: Annaðhvort verður að mynda öflug samtök margra sveitarfélaga til að leysa verkefnin í hverjum landshluta eða ríkið tekur þetta að sér. En þótt framkvæmdir yrðu í höndum sambanda sveitarfélaganna, kæmist ríkið ekki hjá óbeinni þátttöku í tvennum skilningi. Ríkið mundi í fyrsta lagi þurfa að láta framkvæma að mjög verulegu leyti nauðsynlegar rannsóknir og tekniskan undirbúning framkvæmdanna, eins og þegar hefur verið bent á, en í öðru lagi yrði ríkið að taka á sig fjárhagslega ábyrgð þeirra vegna með ríkisábyrgð á lánum til þeirra.

Það verður varla efazt um það, að hin fyllsta trygging þess, að vel takist um framtíðarþróun raforkumála landsins, fæst með því, að ríkið taki að sér þau verkefni á þessu sviði, sem liggja utan við verksvið og yfir getu einstakra sveitarfélaga. Um þetta verður því síður efazt sem sjá má fram undan þá þróun, að orkuveitur landsins tengjast að lokum í samfellt kerfi um allt landið.

Grundvallaratriði frumvarpsins er í samræmi við þetta, þar sem það gerir ráð fyrir því, að ríkið taki að sér alla raforkuvinnslu og flutning orkunnar milli héraða og landshluta. Það fer hins vegar ekki lengra í þessu efni en tilefni standa til, þar sem það ætlar sveitarfélögunum að annast framvegis eins og hingað til það verkefni að dreifa orkunni innan héraðs til notenda.

Alger nýjung eru ákvæði frumvarpsins um stofnun héraðsrafveitna ríkisins. Hlutverk þeirra er, svo sem áður er á minnzt, að koma upp og reka héraðsveitur hvarvetna þar, sem annar aðili er ekki fyrir hendi til að taka þetta að sér, og þar, sem sérstökum erfiðleikum er bundið að veita orkunni til notenda, t. d. vegna þess, hve byggð er dreifð. Þeim er með öðrum orðum einkum ætlað að reka héraðsveitu utan kaupstaða og þeirra kauptúna, sem eru hreppar út af fyrir sig. Höfuðverkefni þeirra verður þannig að veita rafmagni um sveitir landsins, en það er vitanlegt, að sveitir landsins eru allar svo strjálbýlar, að hinn sérstaki kostnaður af því að veita orkunni til þeirra, sem þar búa, þótt veitt sé frá orkuveri eða spennistöð miðsveitis, er meiri en svo, að tekjur af raforkusölu frá slíkri veitu geti borið hann. Svo mun að minnsta kosti verða um langan aldur. Verkefni héraðsveitna ríkisins er þó ekki eingöngu bundið við styrkþurfa veitur, heldur nær það einnig til þess að koma upp veitum, þar sem að vísu er nægilega þéttbýlt til þess, að héraðsveitan getur borið sig sjálf, en þar sem orkuveitusvæði héraðsveitunnar verður af tekniskum og fjárhagslegum ástæðum að taka yfir svæði, sem ekki fylgir sveitamörkum.

Héraðsrafveitur ríkisins mundu að nokkru leyti svara til Rural Electrification Administration, R. E. A., í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Þó eru þar, sem kunnugt er, afskipti ríkisins af sveitarafveitunum aðeins þau að veita tekniska aðstoð og hagkvæm lán. Veitunum er komið upp og þær reknar hver af sínu samvinnufélagi, sem stofnað er um veituna eftir sérstökum reglum. Til þessa hafa að heita má allar veiturnar borið sig fjárhagslega og staðið í skilum við ríkið um endurgreiðslu lána. Um beina styrkveitingu til þeirra hefur ekki verið að ræða. Hér á landi verða að heita má allar sveitarafveitur styrkþurfa. Tala allra sveitabýla á landinu mun vera kringum 6000. Töluverður hluti sveitanna er svo dreifbýll, að lagning rafveitu um þær kemur ekki til greina. Í Bandaríkjunum mun hins vegar varla nokkur einstök sveitarafveita vera svo lítil, að hún telji ekki nema 6000 býli. Aðstæður eru því harla ólíkar þar og hér. Eitt er þó það atriði í þessu sambandi, sem ætla má, að gildi jafnt hér sem þar. Þess er ekki að vænta, að „raflýsingu“ sveitanna miði neitt áfram, nema það verkefni verði tekið upp á sérstökum skipulagslegum grundvelli. Sveitarafveitan er og verður sérstakt tekniskt og fjárhagslegt viðfangsefni. Þannig má t. d. ekki reikna með því, að kaupstaða- og kauptúnarafveitur víkki orkuveitusvæði sín út fyrir bæjarmörkin og teygi sig út um sveitir, svo að nokkru nemi.

Búast má við því, að mjög óvíða hér á landi verði fyrst um sinn hægt að taka

fyrir heila sveit og koma upp rafveitu um hana alla í einni svipan. Hitt er fremur, að í hverri sýslu landsins verði í fyrstu lögð ein eða nokkrar línur til ákveðinna staða, sem mestu máli þykir skipta að veita raforku til og þar sem raforkunotkunin verður tiltölulega mest í hlutfalli við tilkostnað. Sem dæmi slíkra hugsanlegra byrjunarframkvæmda skulu nefndar: veita um þéttbýlasta hluta Ölfuss til Hveragerðis, lína frá Andakílsárvirkjun eða frá Hvanneyri um Kleppjárnsreyki og Deildartungu til Reykholtsskóla, lína frá Sauðárkróki til Varmahlíðar, lína frá Akureyri áleiðis inn Eyjafjörð (raunar þegar komin inn að Laugalandi, að nokkru með tilstyrk setuliðsins), lína frá Laxárvirkjun um Grenjaðarstaða- og Múlahverfin og Breiðumýri til Laugaskóla, lína um Egilsstaði á Völlum til Eiðaskóla o. s. frv. Á Suðurlandi hefði einnig mátt nefna línu upp að Skálholti (bændaskóli) og Laugarvatni og línu austur frá Selfossi um Skeggjastaði, skólasetur í Holtum, Keldur og Þykkvabæ til Hvolhrepps, en þessi dæmi hafa aðeins verið tekin af handahófi og því alls fjarri, að um neina tæmandi upptalningu sé að ræða. En frumvarpið gerir þá og ráð fyrir því, að íbúar héraðanna eða fulltrúar þeirra, nánar tiltekið sýslunefnd hverrar sýslu, ákveði á hverjum tíma, hvaða línur eða veituhlutar þá skuli gerðir, jafnframt því sem þeir leggja að sínu leyti fram fé til framkvæmdanna, sbr. 26. gr. frumvarpsins.

Verður þannig að gera ráð fyrir því, að framan af verði í hverri sýslu að vísu um einhverjar rafveituframkvæmdir til sveita að ræða, en hvarvetna svo smáar, að veitan geti ekki borið tekniskt menntað starfslið til nýbygginga og viðhalds né heldur sérstaka rafveitustjórn. Þá verður og óhjákvæmilegt, að ríkið leggi fram verulegan hluta af nauðsynlegu styrktarfé til að koma upp veitunum og sjá þeim auk þess fyrir lánsfé. Þegar nú ríkið þannig hlýtur að fá svo verulegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta hjá rafveitum sveitanna, en hlýtur auk þess óhjákvæmilega að hafa í sinni þjónustu vel menntað og þjálfað starfslið vegna annarra rafveituframkvæmda sinna í sambandi við rafveitur ríkisins, framkvæmda, sem ráðizt verður í víðs vegar um allt land, þá verður þessum málum varla fyrir komið á annan hátt heppilegri en ríkið sjái um að koma upp rafveitunum um sveitir landsins og annist rekstur þeirra.

Að sjálfsögðu verður þessi starfsemi héraðsveitna ríkisins að vera reikningslega og fjárhagslega aðgreind frá þeim framkvæmdum, sem falla undir rafveitur ríkisins, enda gerir frumvarpið ráð fyrir því, að héraðsrafveitur ríkisins séu fjárhagslega sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki, þótt rafveitum ríkisins sé falin stjórn og rekstur héraðsveitnanna.

Það mun varla fara hjá því, að fljótlega verður hafizt handa um að koma upp hvarvetna um landið rafveitum til sveita, þar sem brýnust er talin þörfin og skilyrði fjárhagslegrar afkomu bezt, ef frumvarp þetta nær fram að ganga og bæði rafveitur ríkisins og héraðsrafveitur ríkisins taka til starfa og fjárhagur þjóðarinnar versnar ekki til muna frá því, sem nú er.

Í frumvarpi þessu er valin sú leið um notkun raforkusjóðs að verja fé hans fyrst og fremst til að koma upp rafveitum ríkisins, þó þannig, að sjóðurinn haldist áfram sem sérstakur sjóður og starfi sem lánsstofnun fyrir rafveiturnar. Í sjóðinn renni 2 milljónir króna á ári úr ríkissjóði og allur tekjuafgangur rafveitna ríkisins. Vextir af fé sjóðsins leggist við höfuðstólinn. Ef vextirnir eru 3% á ári, vex sjóðurinn samkvæmt þessum forsendum á 10 árum úr 11 milljónum króna í tæplega 40 milljónir, enda þótt ekki sé reiknað með neinum tekjuafgangi frá rafveitum ríkisins. Með sama áframhaldi vex sjóðurinn á næstu 10 árum þar á eftir næstum því í 80 milljónir. Sé nú gizkað á, að rafveitur ríkisins geri orkuver og orkuveitur fyrir 10 milljónir króna á ári að meðaltali næstu 20 árin og sjóðurinn sé jafnan notaður allur að telja megi til þeirra mannvirkja, þá er þátttaka hans í stofnkostnaði kringum ⅔ hluta á þeim tíma, og í lok þess tíma er hluti sjóðsins í áhvílandi lánum orðinn enn hærri, með því að þá er töluverður hluti af öðrum lánum þegar greiddur.

Er raunar óþarft að benda á það, hversu mjög slík sjóðmyndun dregur úr allri fjárhagslegri áhættu ríkissjóðs af þessum fjárfreku framkvæmdum, jafnframt því,

að rafveitunum eru eftir atvikum veitt hin ákjósanlegustu fjárhagsleg skilyrði til þess að afla landsbúum orkunnar við hagkvæmu verði.

Önnur notkun raforkusjóðs verður að kosta nauðsynlegar rannsóknir. Þarf eigi að fjölyrða um það, hversu miklu máli skiptir, að undirbúningsrannsóknir séu í engu vanræktar. Hefur oft viljað brenna við, að ekki þætti vera fé fyrir hendi til þeirra, og því full þörf á því, að í tíma sé lagt fé til hliðar í þeim tilgangi.

Sá kafli frumvarpsins, sem fjallar um rafmagnseftirlit ríkisins, er að mestu leyti tekinn orðréttur upp úr gildandi lögum (lög nr. 83 1932, um raforkuvirki, og síðari viðbætur þeirra laga). Nýjar eru 42. og 43. gr.

Síðasti kafli frumvarpsins fjallar um stjórn raforkumálanna. Samkvæmt því yrði framkvæmdastjórnin í þessum málum öllum sameinuð í einni skrifstofu undir forstöðu manns með fyllstu sérfræðilega menntun og kunnáttu, raforkumálastjóra, og undir yfirstjórn þess ráðherra, sem fer með raforkumál. Undir umsjón raforkumálastjóra er þó rekstur rafveitna ríkisins skilinn frá í sérstaka deild með sérstökum framkvæmdastjóra, rafveitustjóra ríkisins, og öll framkvæmd á rafmagnseftirliti ríkisins í aðra deild með sérstökum framkvæmdastjóra eða deildarstjóra, sem nefnist rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins, en öll rannsóknarstarfsemi og allt annað, er lýtur að hinni opinberu stjórn raforkumálanna, fellur beint undir skrifstofu raforkumálastjórans. Við skrifstofu raforkumálastjórans verður að sjálfsögðu að vera einn yfirverkfræðingur, sem jafnframt er staðgengill raforkumálastjórans í forföllum hans. Ríkisstjórninni til ráðuneytis um stjórn og meðferð raforkumálanna verður fimm manna ráð, skipað eftir tilnefningu viðurkenndra félaga og sambanda, sem til samans hafa innan sinna vébanda að telja má alla rafmagnskaupendur og rafmagnsnotendur í landinu, af hverju tagi notkunar sem er. Tilgangurinn með skipun ráðsins er tvíþættur, annars vegar að veita kaupendum og notendum rafmagns kost á — fyrir meðalgöngu samtaka sinna og fulltrúa þeirra í ráðinu — að fylgjast með meðferð mála, rannsóknum og undirbúningi framkvæmda og að koma fram áliti sínu og óskum í tíma, hins vegar að veita ríkisstjórninni og Alþingi þann stuðning til afgreiðslu þessara mála, sem með því fæst, að fulltrúar þessara aðila, sem tækifæri hafa haft til þess að kynna sér málin rækilega þegar við undirbúning þeirra, hafa látið í ljós álit sitt um þau.

Um einstakar greinar frumvarpsins:

1. kafli. Um vinnslu raforku.

1. gr.

Með frumvarpi þessu er valin sú leið til að tryggja hagkvæma tilhögun á öflun raforku handa landsbúum, að ríkið taki að sér orkuvinnsluna, og í þeim tilgangi áskilur ríkið sér einu heimild til að reisa og reka raforkuver. En þyki þó í einstökum tilfellum koma til athugunar, að annar aðili reisi raforkuver og reki það, eða sé slíks sérstaklega óskað, þá skal slíku máli eigi til lykta ráðið nema á Alþingi, enda ber ekki að gera ráð fyrir, að ríkið framselji þennan rétt sinn, nema mikilvæg rök hnígi að því og Alþingi setji í hvert sinn, að undangenginni athugun sérfróðra trúnaðarmanna ríkisins, þau skilyrði um tilhögun og rekstur orkuvers, sem nauðsynleg eru til þess að tryggja, að tilgangi þessara laga verði náð.

Um alllangan aldur verða nokkrir hlutar landsins utan hinna stærri rafveitna, og verður á þeim svæðum að vinna raforku í smáum rafstöðvum handa hverjum einstökum notanda eða fáum saman. Það er utan þess verksviðs, sem rafveitum ríkisins er sett, að annast þá orkuvinnslu, og eru því hin smáu orkuver undanskilin einkarétti ríkisins. Að vísu er nokkurt álitamál, hvar stærðartakmörk þeirra orkuvera skuli sett, en hæfilegt þykir þó að setja þau við eitt hundrað hestöfl. Rafstöðvar einstakra sveitabýla eða fárra saman svo og við skóla eða aðrar stofnanir til sveita eru jafnan innan 100 hestafla að stærð. Hins vegar eru nokkur þorp og byggðahverfi í landinu, sem rétt þykir, að taki orku úr hinum stærri orkuveitum, en mundu hvert um sig eigi

þurfa meira afl en 100 hestöfl, fyrst um sinn að minnsta kosti. Þó hefur þótt rétt að setja ákvæði um heimild handa ráðherra að veita undanþágur allt að 500 hestöflum, einkum vegna verksmiðja, frystihúsa og þess konar, sem eru á afskekktum stöðum eða þurfa meira afl en héraðsveita getur í té látið. Þykir ekki ástæða til að láta þurfa koma til kasta Alþingis um samþykktir til slíks. Því meir sem rafveitur ríkisins þenja veitukerfi sitt um landið, því sjaldnar mun þó þurfa að koma til slíkra undanþáguveitinga. Hins vegar mun jafnan koma mjög til álita að leggja línu frá stærra veitukerfi til notandans, ef aflþörf hans fer fram úr 500 hestöflum.

Lögin gera ekki ráð fyrir því, að orkuver þau, sem nú eru í notkun, verði tekin af eigendum þeirra né þeim bannað að reka þau áfram. Þykir eigi vera nauðsyn að gera það almennt, en hins vegar veita vatnalögin ríkisstjórninni heimild til „að taka lögnámi sérhvert fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til að vinna úr því orku til almenningsþarfa, svo og orkuver eða orkuveitu, ef nauðsynlegt þykir til að fá hallkvæma skipun á orkuveitum um eitthvert svæði .....". Hitt er hugsanlegt, að sérrekstur sumra þessara orkuvera verði eigendum þeirra óhagkvæmari en áður, eftir að rafveitur ríkisins eru teknar til starfa, og að þeir óski að afhenda þær ríkinu. Virðist mega telja, að ríkinu beri nokkur skylda til að kaupa orkuverin, þegar svo stendur á. Kæmi jafnvel til mála að setja slíkt skylduákvæði í þessa grein laganna, en þykir þó að athuguðu máli ekki ástæða til þess, með því að um kaupin yrði samþykki Alþingis að koma til samkvæmt öðrum ákvæðum laganna, en eigandi orkuvers mun jafnan eiga þess kost að koma máli sínu á framfæri á Alþingi, þótt sölutilboði hans væri eigi sinnt af stjórn rafveitna ríkisins.

2. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við 1. gr. laga nr. 83 1932, um raforkuvirki, sem segir, að hver sveitar- eða bæjarstjórn hafi einkarétt til þess að stofnsetja raforkuver og starfrækja þau innan sveitar. Þau eru og í samræmi við ákvæði vatnalaganna, sbr. t. d. 60. gr. þeirra.

II. kafli. Um rafveitur ríkisins.

3. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. laga nr. 16 1942, um rafveitur ríkisins, að öðru leyti en því, að þar stendur: „Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn" o. s. frv., en hér: „Ríkisstjórnin setur á stofn" o. s. frv. Það leiðir af samþykkt frumvarps þessa, að ríkið verður þegar í stað að koma upp rafveitum og hefja rekstur þeirra, og er því ástæðulaust að orða þetta ákvæði sem heimildarákvæði.

4. gr.

Um raforkumálastjóra og stjórn raforkumála nánar síðar.

5. gr.

Sérstakur framkvæmdastjóri skal ráðinn til að annast um rekstur rafveitna ríkisins. Í frumvarpinu er verksvið hans ekki ýtarlega skilgreint, en verður gert í erindisbréfi. Er gert ráð fyrir því, að undir hans verksvið falli að sjá um byggingu orkuvera og orkuveitna, þegar slíkar framkvæmdir hafa verið ákveðnar, og að sjálfsögðu er og miðað við, að hann sé jafnan með í ráðum um ákvörðun slíkra framkvæmda og geri tillögur um þær, þótt hvorugt sé sérstaklega fram tekið í frv. Með því að hér er um nýtt fyrirtæki að ræða, sem á sér ekki fordæmi hér á landi, þykir ekki ástæða til og raunar ekki rétt að setja nánari ákvæði um starfslið þess, ráðningu þess og kjör, en lagt í hendur ráðherra að setja um þetta ákvæði í reglugerð.

6. gr.

Fyrsta málsgreinin skilgreinir í stórum dráttum verkefni og verksvið rafveitna ríkisins. Er hún í rauninni hin sama sem í 2. gr. laga um rafveitur ríkisins, en orða-

lagi nokkuð breytt. Er hér notað heitið héraðsrafveitur sameiginlega um raforkuveitur í kaupstöðum og kauptúnum og aðrar innanhéraðsorkuveitur eða orkuveitufélög, en heitið héraðsrafveita er nægilega skilgreint í III. kafla frumvarpsins, um héraðsrafveitur.

Tvær síðari málsgreinarnar eru teknar upp úr lögum um rafveitur ríkisins með þeirri breytingu einni, að í stað orðanna „innanhéraðsorkuveita eða orkuveitufélag“ kemur: héraðsveita. — Ákvæðinu um heimild handa rafveitum ríkisins að gerast „meðeigandi í orkuverum og orkuveitum annarra“ o. s. frv. er haldið, enda þótt ríkið áskilji sér einkarétt til að koma upp orkuverum (stærri en 100 hestafla), vegna þess að frumvarpið gerir ráð fyrir, að þeir, sem við gildistöku laganna eiga raforkuver, eigi þau og reki áfram, ef þeir óska þess, og kann þetta ákvæði að koma til framkvæmda í samningum við einhverja þeirra. Þótt rafveitum ríkisins sé fyrst og fremst ætlað að selja raforku í heildsölu til héraðsveitna, þá getur þó sums staðar hagað þannig til, að hagkvæmara sé að afhenda einstökum rafmagnsnotendum orkuna beint úr veitu rafveitna ríkisins en úr héraðsveitu, einkum þó ef engin héraðsveita er nálægt þeim stað, þar sem orkunnar er þörf. Þykir nauðsynlegt að heimila, að rafveitur ríkisins selji beint til notenda, þar sem svo hagar til, en fremur sjaldgæft mun það vera, að þá heimild þurfi að nota.

7. gr.

Eins og áður er rætt, tekur ríkið að sér eigi aðeins að vinna raforku handa landsbúum, heldur og að flytja orkuna frá orkuverum til þeirra staða, þar sem héraðsveitur taka við henni. Þar selur ríkið héraðsveitunum orkuna í heildsölu, en þær annast smásöluna. Ákvæði þessarar greinar um einkarétt rafveitna ríkisins til heildsölu á raforku er hliðstætt ákvæðum frumvarpsins og gildandi laga um einkarétt héraðsveitna til smásölu á raforku, hverrar á sínu orkuveitusvæði. Það er og hliðstætt ákvæði 1. gr. frumvarpsins um einkarétt ríkisins til að reisa og reka orkuver, og eru þessi tvö ákvæði bæði saman raunar grundvallaratriði þess, sem nýtt er í lagafrumvarpi þessu, að ríkið velur þá aðferð til að tryggja hina hallkvæmustu skipan á vinnslu raforku og á flutningi hennar til héraðanna að annast sjálft þetta hvort tveggja að öllu leyti. Undanþáguákvæði um heimild handa kaupstöðunum að selja héraðsveitum sínum og rafveitum ríkisins raforku í heildsölu frá orkuveitum þeim, sem þeir eiga nú, leiðir óhjákvæmilega af því ákvæði 1. gr. frv., sem heimilar kaupstöðunum að reka þessi orkuver áfram. Um heildsölu frá öðrum orkuverum en þeirra kaupstaða, sem nafngreindir eru í greininni, er varla að ræða, eins og nú standa sakir.

8. gr.

Í þessari grein er í samræmi við tilgang frumvarpsins, svo sem að framan greinir, lögð sérstök áherzla á, að áður en hafizt er handa um að reisa orkuver eða koma upp orkuveitu, sé látin fara fram rannsókn á því, á hvern hátt verði heppilegast fullnægt raforkuþörf þess héraðs eða landshluta, sem hinni fyrirhuguðu orkuveitu er ætlað að ná til. Þetta er ekki gert í núgildandi lögum um rafveitur ríkisins, enda réðu við samning þeirra önnur sjónarmið. Verður þó að sjálfsögðu að gera ráð fyrir, að einnig þá hafi verið til þess ætlazt, að jafnan yrði valin hin hallkvæmasta tilhögun, er fundin varð. Í þeim lögum er hins vegar lögð megináherzla á það, að rafveitur ríkisins megi ekki reisa orkuver eða gera orkuveitu, nema áætlanir sýni, að mannvirkin muni gefa nægar tekjur til að standa straum af öllum útgjöldum við þau og séu þannig fjárhagslega sjálfstæð í venjulegum rekstri. Enda þótt enn sem fyrr sé gert ráð fyrir, að rafveitur ríkisins verði fyrirtæki, sem beri sig sjálft í fjárhagslegu tilliti, þykir ekki ástæða til að setja því svo þröngar skorður um einstök mannvirki sem gert er í lögunum um rafveitur ríkisins, og það því síður sem tekið er fram í frumvarpinu, að samþykki Alþingis skuli koma til, áður en hafizt er handa um að gera ný mannvirki eða festa kaup á eldri virkjum, og ríkisstjórninni jafnframt gert að skyldu að láta tillögum sínum til Alþingis fylgja nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af mann-

virkjunum. Og raunar er þetta ákvæði 1. málsgr. 4. gr. laga um rafveitur ríkisins hálfgerð meinloka, með því að vitanlega er ekki hægt með almennum lagaákvæðum að setja Alþingi skilyrði um, hvað það samþykkir og hvað ekki.

9. gr.

1. málsgr. þessarar greinar er tekin orðrétt upp úr lögum um rafveitur ríkisins (síðasta málsgr. 5. gr.) að öðru leyti en því, að bætt er inn í hana orðunum: „eða auka við hin fyrri orkuver eða orkuveitur". Þykir rétt að taka það fram, svo að ótvírætt sé, að aukningar skuli bundnar samþykki Alþingis. Svo sem kunnugt er, geta t. d. síðari aukningar orkuvers orðið bæði kostnaðarsamari og meiri að afli en orkuverið var í upphafi, en hins vegar ekki hægt þá þegar að ákveða, hvernig þær aukningar verða eða hvenær þær verða framkvæmdar. Nú getur hins vegar orðið þörf minni háttar aukningar, einkum á orkuveitu, sem fullnægja þarf innan skemmri tíma en svo, að tími vinnist til að leita áður samþykkis Alþingis. Þykir því rétt að rýmka svo skilyrðið um samþykki Alþingis sem gert er í 2. málsgrein þessarar greinar.

10. gr.

Þarf eigi skýringar við.

11. gr.

Fyrstu tvær setningar greinarinnar eru teknar orðrétt upp úr lögunum um rafveitur ríkisins. Viðbót er ákvæðið um það, að árlega skuli leggja hæfilega upphæð í varasjóð, allt að 10% af heildartekjum. Þarf varla að leiða rök að því, að slíku fyrirtæki er þörf að eiga varasjóð til að mæta sérstöku tjóni, sem það getur orðið fyrir, svo sem t. d. miklum skemmdum á mannvirkjum vegna sérstakra ofveðra, ófyrirséðra flóða í fallvötnum og þess konar. Það getur verið álitamál, hve hátt tillagið í varasjóð þurfi að vera. Hér hefur því verið sett hámark við 10% af heildartekjum. Nú er gert ráð fyrir því, að tekjur rafveitna ríkisins nemi kringum 10% af stofnkostnaði þeirra, ef ekki koma verðlagsbreytingar, og nemur því hámark varasjóðstillagsins kringum 1% af stofnkostnaði mannvirkjanna. Þá mælir greinin svo fyrir, að annar tekjuafgangur rafveitna ríkisins renni í raforkusjóð. Ákvæði frumvarpsins um raforkusjóð eru á þá lund, að honum verði öllum varið til að koma upp rafveitumannvirkjum ríkisins og að öðru leyti til að efla og stuðla að heppilegri þróun raforkuvinnslu og raforkunotkunar í landinu og hagnýtingar orkulinda landsins. Ráðstöfun á fé úr raforkusjóði er jafnframt í meginatriðum bundin samþykki Alþingis árlega.

12. gr.

Þarf eigi skýringar við.

13. gr.

Þarf eigi skýringar við.

III. kafli. Um héraðsrafveitur.

14. gr.

Með 1. málsgrein er hugtakið héraðsrafveita skilgreint. Flestar rafveitur til almenningsþarfa, sem nú starfa hér á landi, eru héraðsrafveitur, svo sem Rafmagnsveita Reykjavíkur, Rafveita Hafnarfjarðar og Rafveita Akureyrar. Þær rafveitur, sem nú voru nefndar, kaupa raforkuna frá sérstökum fyrirtækjum, nefnilega Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, sem hafa einungis á hendi vinnslu orkunnar og flutning hennar til héraðanna. Héraðsrafveiturnar hafa einnig verið nefndar innanbæjarveitur, innansveitarveitur o. s. frv.

Hvorki í vatnalögunum né í lögum um raforkuvirki eru skýr ákvæði um það, hvernig orkuveitusvæði rafveitna skuli takmarkast að svo miklu leyti sem þau eru ekki bundin við héraðstakmörk. Þörf þess, að hverri rafveitu séu sett ákveðin staðartakmörk, hefur þó þegar komið fram. Í reglugerðum hinna stærstu rafveitna, svo

sem Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafveitu Akureyrar, eru nú sett ákvæði, er hljóða á þessa leið: „Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi kaupstaðarins og sá sluti nágrennis bæjarins, sem bæjarstjórn ákveður og atvinnumálaráðherra samþykkir.“ Nú verður það þáttur í rannsóknarstarfi raforkumálastjórnarinnar að athuga, hvernig landinu verður heppilegast skipt í dreifingarumdæmi, og ákveður þá ráðherra hverri héraðsveitu staðarmörk skv. niðurstöðum þeirra athugana.

Ákvæði 3. málsgreinar um veitingu einkaréttar til að veita raforku um tiltekið orkuveitusvæði og selja hana neytendum innan takmarka þess er í samræmi við ákvæði vatnalaganna (Sbr. 56. og 60. gr. þeirra laga.) og laga um raforkuvirki (Sbr. 1. gr. þeirra laga.).

15. gr.

Vatnalögin veita eigi héraðsstjórn neinn forgangsrétt til að stofna og reka héraðsrafveitu í umdæmi sínu, en 1. gr. laga um raforkuvirki kveður svo á, að „hver sveitareða bæjarstjórn hefur einkarétt til þess að stofnsetja raforkuver til almenningsþarfa, önnur en vatnsorkuver, og starfrækja þau innan sveitar. Til starfrækslu utan sveitar þarf samþykki ráðherra“.

Í þessu frumvarpi er héraðsstjórn beinlínis veittur forgangsréttur til að stofna og reka hraðsrafveitu, ef nærri lætur, að orkuveitusvæði, sem ráðherra hefur ákveðið, falli saman við takmark umdæmis héraðsstjórnar eða það liggur allt innan takmarka hreppsins. Er forgangsrétturinn bundinn við það, að ¾ hlutar íbúa orkuveitusvæðisins búi innan takmarka kaupstaðarins eða hreppsins, ef orkuveitusvæðið er stærra en kaupstaðurinn eða hreppurinn. Um það hlutfall getur þó verið álitamál, hversu stórt það ætti að vera, en ekki er ástæða til þess, að bæjar- eða sveitarstjórn missi forgangsrétt sinn til rekstrar héraðsveitu, þótt þannig hagi til, að henni sé gert að selja raforku nokkrum íbúum utan héraðs, sökum þess að þeim er hagkvæmara að taka raforkuna úr þeirri héraðsveitu en afla hennar annars staðar að.

Sem dæmi þess, að orkuveitusvæði sé hins vegar aðeins hluti úr hreppi, má nefna, að vera kann, að ráðherra ákveði að undangengnum rannsóknum og áætlunum, að kauptún, sem ekki er hreppur út af fyrir sig, skuli vera sérstakt orkuveitusvæði, og hefur þá sveitarstjórnin forgangsrétt til þess að reka héraðsrafveitu kauptúnsins samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps.

16. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að dreifing raforku innan héraðs verði víðast hvar í höndum bæjar- og sveitarstjórna eða ríkisins, en einkum þó í höndum bæjar- og sveitarstjórna. Þykir rétt að áskilja héraðsrafveitum ríkisins forgangsrétt til að reka héraðsveitu hvarvetna þar, sem bæjar- eða sveitarfélögin taka ekki þetta verkefni á sína arma, þannig að einstaklingar og félög fái ekki einkarétt til þess rekstrar, nema héraðsrafveitur ríkisins sjái ekki ástæðu til að taka reksturinn að sér á þeim stað. Verður að gera ráð fyrir, að héraðsrafveitur ríkisins beri í þeim málum hagsmuni rafmagnsneytenda fyrir brjósti eigi síður en hagsmuni ríkisins.

17. gr.

Þarf eigi skýringar við.

18. gr.

Greinin er í samræmi við 2. tölulið 56. gr. og 1. tölulið 57. gr. vatnalaganna og raunar að verulegu leyti tekin orðrétt upp úr þeim. Greinin þarf varla skýringar við að öðru leyti.

19. gr.

Á móti einkarétti til að selja raforku á tilteknu svæði verður að koma skylda til að láta þeim raforku í té, sem á því svæði búa. Þetta er og í samræmi við 61. gr. vatnalaganna. Hins vegar verður að takmarka þessa kvöð, sem á héraðsrafveituna er lögð, með vissum skilyrðum um raforkusöluna, m. a. til tryggingar því, að fjárhags-

legu öryggi rafveitufyrirtækisins sé ekki stefnt í voða af óhóflegum kröfum einstakra íbúa orkuveitusvæðisins. Eru nú í reglugerðum allra hinna stærri rafveitna slík ákvæði um söluskilmála, svo sem, að „rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug", og „sé um tiltölulega mikla orku að ræða og rafveitan þarf til þess að fullnægja henni sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitunni heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði". — Í greininni er og gert ráð fyrir, að slíkir skilmálar verði framvegis settir í reglugerðum.

20. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við gildandi ákvæði vatnalaganna og laga um raforkuvirki. Þó gera vatnalögin (Sbr. 63. gr. þeirra.) það ekki að skyldu, að héraðsrafveita hafi reglugerð. Í lögum um raforkuvirki (frá 1932), sem ætlazt er til, að numin verði úr gildi með samþykkt þessa frumvarps, er þetta hins vegar gert að skyldu, enda hafa nú allar rafveitur til almenningsþarfa, sem einkaréttar njóta, reglugerðir staðfestar af ráðuneyti.

21. gr.

Ákvæði þessarar greinar um, að héraðsrafveita skuli hafa gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir, er einnig í samræmi við ákvæði vatnalaganna og laga um raforkuvirki og við gildandi venju. Hvorug þessara laga hafa nein bein ákvæði um heimtaugagjöld, en það hefur verið nokkurn veginn föst venja um langt skeið (yfir 20 ár hjá sumum rafveitum) að taka heimtaugagjöld, og hafa þau jafnan verið ákveðin í gjaldskrám, sem staðfestar hafa verið af ráðherra. Upphæð heimtaugagjalds hefur þá venjulega verið miðuð við fasteigna- eða brunabótamat þeirrar fasteignar, sem heimtaugin er lögð að. Er ekki ástæða til annars en halda þessari venju, sem hefur gefizt vel, og þá rétt að hafa í lögum ótvírætt heimildarákvæði til þess.

IV. kafli. Um héraðsrafveitur ríkisins.

22. gr.

Þarf eigi skýringar við.

23. gr.

Það er hægt að spara allverulega í kostnaði af byggingu og rekstri héraðsrafveitna ríkisins, einkum meðan starfsemi þeirra er ekki mjög umfangsmikil, með því að láta starfslið rafveitna ríkisins annast rekstur héraðsrafveitnanna og framkvæmdir, eftir því sem við verður komið. Rafveitur ríkisins munu hafa þjálfað lið til verklegra framkvæmda víðs vegar um landið, fullkomin flutningatæki, verkfæri og vinnuvélar, og munu mjög oft geta hagað því svo til, að starfslið þetta vinni þau verk, sem inna þarf af hendi fyrir héraðsrafveitur ríkisins í hverju héraði, þegar það á erindi í héraðið eða í námunda við það vegna rafveitna ríkisins. Um sams konar sparnað í innheimtu og skrifstofuvinnu verður einnig að ræða.

24. gr.

Þótt greinin geri ráð fyrir því, að héraðsrafveitur ríkisins kunni að hafa eigin orkuver, þá verður hitt að sjálfsögðu reglan, að þær kaupa orkuna frá rafveitum ríkisins svo sem flestar aðrar orkuveitur. Þá er í greininni komizt svo að orði, að héraðsrafveitur ríkisins veiti raforku um það svæði, sem orkuveitutaugar þeirra ná yfir á hverjum tíma. Um skyldu þeirra til að selja raforku öllum, sem þess óska innan takmarka þess eða þeirra orkuveitusvæða, sem þær fá einkarétt á, gildir þó ákvæði 19. gr með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem fólgin eru í öðrum ákvæðum laganna og nánar verða fram tekin í reglugerð.

25. gr.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, sbr. 27. gr., mega héraðsrafveitur ríkisins eigi taka hærra lán til að koma upp neinu mannvirkja sinna en áætlanir sýna, að tekjur af mannvirkinu geti staðið straum af, auk annarra rekstrarútgjalda. Hafi áætlanir sýnt, að sú lánsupphæð hrökkvi ekki fyrir stofnkostnaði mannvirkisins, mega héraðsrafveitur ríkisins ekki ráðast í að gera mannvirkið, nema til þess hafi verið lagt fram á annan hátt það fé, er á vantar. Gerir frumvarpið ráð fyrir því, að það fé komi úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi héraði sem óendurkræf og vaxtalaus framlög, auk þess sem nota má tekjuafgang héraðsrafveitnanna sjálfra í þessum tilgangi.

Í frumvarpinu er ekki tiltekin upphæð árlegs framlags ríkissjóðs, en gert er ráð fyrir, að Alþingi veiti á hverju ári fé í þessum tilgangi eftir því, hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar eða fært þykir í að ráðast.

26. gr.

Að ákvæði þessarar greinar, sem setur það sem skilyrði fyrir framlagi ríkissjóðs til héraðsveitu, að móti komi framlag úr héraði eða frá þeim, sem veitunnar munu njóta, hníga ýmis rök. Það er sanngirniskrafa frá ríkinu, er það býður íbúum héraðanna þann stuðning, sem hér er gert, til að bæta afkomuskilyrði þeirra og auka lífsþægindi, að þeir eftir fjárhagslegri getu taki þátt í því að koma þeim mannvirkjum upp, sem hér um ræðir. Þá má og búast við, að héruðin mundu eigi stilla í hóf kröfum sínum til ríkisins um lagningu veitna, ef þau ættu sjálf að engu leyti að bera kostnað af þeim, en ríkið að öllu. Skilyrðið um fjárframlög úr héraði jafnframt réttinum til að ákveða að verulegu leyti, í hvaða framkvæmdir skuli ráðizt, veitir íbúum héraðanna þá tilfinningu ábyrgðar, sem þeir þurfa að hafa á því, að ekki verði ráðizt í að gera önnur mannvirki en þau, sem þörfin og fjárhagsleg skilyrði réttlæta.

27. gr.

Það er ætlunin (Sbr. greinargerð fyrir 25. gr.), að áður en héraðsrafveitur ríkisins leggja í að koma upp nýju mannvirki, sé ávallt rannsakað svo ýtarlega sem kostur er, hverjar tekjur og hver útgjöld muni af því verða, og sýni þær rannsóknir, að tekjur muni ekki hrökkva fyrir útgjöldum, þá skuli athugað, hversu miklum hluta stofnkostnaðar tekjur af mannvirkinu geta staðið undir, þegar allur rekstrarkostnaður og andvirði aðkeyptrar raforku hafa verið greidd. Síðan komi héraðsrafveitum ríkisins nægilega hátt vaxtalaust og óendurkræft framlag til þessa mannvirkis til þess að greiða þegar í upphafi niður stofnkostnað þess í þá upphæð. Má ekki gera mannvirkið, fyrr en það framlag er fengið. Er til þess ætlazt, að á þann hátt sé fyrir fram tryggt, að sjálft fyrirtækið, héraðsrafveitur ríkisins, verði hallalaust í rekstri.

Eins og áður er getið, munu héraðsrafveitur ríkisins í flestum tilfellum kaupa raforkuna frá rafveitum ríkisins, og er verð þeirrar orku á hverjum stað ákveðið í gjaldskrá rafveitna ríkisins. Um verð á raforku frá héraðsveitum ríkisins verða settar sérstakar gjaldskrár, sbr. 30. gr. frumvarpsins. Gera verður ráð fyrir því, að þessar gjaldskrár séu fyrir hendi, þegar gerðar eru rekstraráætlanir um ný mannvirki héraðsveitna ríkisins, eða söluverð rafmagns frá þeim verði ákveðið, um leið og áætlun er gerð, ef gjaldskrá hefur ekki áður verið sett.

28. gr.

Greinin þarf ekki skýringar við, og varla þörf að færa fram rök fyrir réttmæti ákvæða hennar.

29. gr.

Héraðsrafveitur ríkisins munu að vísu víða ekki fylgja sýslumörkum, en með þeirri nákvæmni, sem nægir í þeim tilgangi, er hér ræðir um, er hægt að sundurliða tekjur og gjöld veitnanna eftir sýslum.

Rétt þykir að tryggja rafmagnsnotendum í hverju héraði, að tekjuafgangi af við-

skiptum þeirra verði varið til rafveituaukninga innan héraðs. Þó þykir ekki fært að miða í því sambandi við minna svæði en heila sýslu.

Telja verður heppilegt að hafa þá reglu að áætla varlega, þegar ákveðin er styrkþörf til fyrirhugaðs mannvirkis héraðsveitna ríkisins. Er þess þá að vænta, að rekstrarafkoman verði stundum betri en áætlanir gerðu ráð fyrir og nokkur tekjuafgangur verði í rekstri þeirra. Þegar svo er, má segja, að krafizt hafi verið óþarflega mikils framlags til mannvirkjanna, og þykir þá sanngjarnt að reikna sýslunni sem framlag til nýrra mannvirkja vissan hluta tekjuafgangsins, svo sem síðasta setning þessarar greinar mælir fyrir um, enda má þá búast við, að menn verði fúsari en ella að fallast á varlegar áætlanir og rífleg framlög.

30. gr.

Þegar hér er talað um gjaldskrá héraðsrafveitna ríkisins, þá er þó raunar miðað við, að um margar gjaldskrár geti orðið að ræða, jafnvel sérstaka gjaldskrá fyrir hvert hérað. Gjaldskrá rafveitna ríkisins mun jafnan ráða nokkru um gjaldskrá héraðsveitna. Að sjálfsögðu er þess að vænta, að íbúar héraðanna muni að öðru jöfnu æskja þess, að verð á rafmagni héraðsrafveitu sé sem lægst. En hins vegar hafa þeir og hag af því, að héraðsrafveitan beri sig sem bezt, svo að framlag þeirra sé sem lægst. Það verður því nokkurt hagsmunamál héraðsins, að sett sé það verð á rafmagn frá héraðsveitunni, sem gefur henni mestar tekjur. En svo sem kunnugt er, gefur víst rafmagnsverð mestar tekjur af raforkusölu á hverjum stað og tíma. Hvort sem verðið er hækkað eða lækkað frá því, rýrna tekjur veitunnar. Greinin kveður svo á, að stjórn héraðsrafveitna ríkisins semur gjaldskrána, en ráðherra staðfestir hana. Að sjálfsögðu munu íbúar héraðanna og sýslunefndir láta sig gjaldskrármálin nokkru skipta, og þykir mega gera ráð fyrir, að stjórn héraðsrafveitnanna muni hafa samráð við sýslunefndir um þau, enda hlýtur gjaldskráin jafnan að koma að einhverju leyti til athugunar og umræðu, þegar framlag úr sýslu til nýrra mannvirkja héraðsrafveitunnar er ákveðið. Þykir ekki ástæða til að setja í lögin nánari ákvæði um samningu gjaldskrár og ákvörðun rafmagnsverðs, fyrr en nokkur reynsla er fengin um rekstur héraðsrafveitna ríkisins, ef ýtarlegri ákvæða þykir þá þörf.

31. gr.

Í reglugerð mun þurfa að setja ýmis nánari ákvæði en ástæða þykir að taka fram í lögunum varðandi viðskipti héraðsrafveitna ríkisins við aðra, svo sem um söluskilmála o. fl., um löggildingu rafvirkja o. s. frv.

V. kafli. Um raforkusjóð.

32. gr.

Raforkusjóður er nú samkvæmt lögum um hann, nr. 91 1942, 11 milljónir króna. Er í þeim lögum svo fyrir mælt, að ríkissjóður leggi árlega fram til sjóðsins 500 þús. króna. Með þessu frumvarpi er lagt til, að árlegt framlag ríkissjóðs til raforkusjóðs sé hækkað upp í 2 millj. króna.

Að öðru leyti vísast til þess, sem áður er sagt um raforkusjóð.

33. gr.

Svo sem þegar er um rætt, er fé raforkusjóðs eingöngu varið í þágu rafveitna ríkisins og til þeirra rannsókna, sem ríkið lætur framkvæma. Um lán úr sjóðnum og greiðslur rannsóknarkostnaðar fer skv. ákvæðum frumvarpsins eftir ákvörðun Alþingis og ráðherra á hverjum tíma. Þótt í þessari grein frumvarpsins sé svo að orði komizt, að raforkumálastjóri annist stjórn sjóðsins, þá er hér því raunar fremur um gæzlu og reikningshald að ræða.

34. gr.

Flestum rafveitufyrirtækjum er þörf nokkurs rekstrarfjár, með því að tekjur og gjöld haldast ekki í hendur frá degi til dags. Þykir rétt að heimila rafveitum ríkisins rekstrarfé úr raforkusjóði á þann hátt, sem gert er í 2. tölulið þessarar greinar. Jafnframt er gert ráð fyrir, að rafveitur ríkisins kunni að þurfa á fé að halda til að mæta rekstrarhalla frá ári til árs. Svo sem kunnugt er, vaxa útgjöld rafveitufyrirtækja mjög í stökkum, þegar aukningar á mannvirkum fara fram, en raforkusala og tekjur rafveitnanna vaxa jafnt frá ári til árs, og getur þá orðið halli af rekstri mannvirkja í nokkur ár, þótt öruggt sé, að hann vinnist upp síðar. Fyrir slíku er og ráð gert í lögum um rafveitur ríkisins, sem nú eru í gildi.

Þá er og í sama tölulið gert ráð fyrir bráðabirgðalánum úr sjóðnum til rafveitna ríkisins í öðrum tilgangi, en það er til minni háttar aukninga, sem hafin er framkvæmd á, áður en samþykki Alþingis er fengið, samkv. síðari málsgrein 9. greinar. Er þá miðað við, að þegar Alþingi kemur næst saman þar á eftir, taki það ákvörðun um þau lán, að fengnum tillögum ráðherra, hvort þeim skuli breytt í föst lán hjá sjóðnum eða greidd upp.

35. og 36. gr.

Nú er að vísu gert ráð fyrir, að laun raforkumálastjóra og fastra starfsmanna, sem ráðnir eru honum til aðstoðar, svo og skrifstofukostnaður verði greitt úr ríkissjóði og fé veitt til þess árlega í fjárlögum skv. 44. gr. En einatt verður um margháttaðan annan og sérstakan rannsóknarkostnað að ræða, og geta það orðið mjög mismunandi upphæðir frá ári til árs eftir því, hvernig á rannsóknum stendur. Þykir heppilegt að heimila, að slíkur kostnaður verði greiddur úr raforkusjóði til bráðabirgða, en endurgreiðist sjóðnum, þegar ákveðið hefur verið að ráðast í mannvirki þau, sem undirbúin hafa verið með þeim rannsóknum, og fjár hefur verið aflað til framkvæmdanna.

Þó verður jafnan um ýmsar rannsóknir að ræða, sem ekki verður hægt að heimfæra til undirbúnings ákveðinna mannvirkja, en þó stuðla að því, að tilgangi þessara laga verði náð um hagkvæma öflun raforku handa íbúum landsins og hagnýta notkun hennar. Í því sambandi er ástæða til að taka það fram, að það skuli vera í verkahring raforkumálastjórnar ríkisins að leiðbeina landsmönnum um það, hvernig þeir geta notfært sér orkuna á sem hagfelldastan hátt, kenna þjóðinni að nota raforkuna á margvíslegan hátt og nota hana rétt. Að sjálfsögðu verður um slíkt jafnframt að hafa samvinnu við héraðsveitur, sem afhenda orkuna til notenda. Á vel við að verja nokkru fé úr raforkusjóði eða af tekjuafgangi rafveitna ríkisins í þeim tilgangi.

37. gr.

Um rekstrarlán og bráðabirgðalán, sem veitt eru til skamms tíma, virðist ekki ástæða til að láta samþykki Alþingis koma til í hvert sinn.

Um kostnað af rannsóknum verður ekki fyrir fram vitað með verulegri nákvæmni, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að raforkumálastjóri geri árlega fyrir fram tillögur og kostnaðaráætlanir um rannsóknir, er framkvæmdar verði á næsta ári, eftir því sem kostur er, og að ráðherra leggi fyrir Alþingi tillögur um notkun fjár úr raforkusjóði í þessum tilgangi.

38. gr.

Það getur að vísu verið álitamál, hversu háa vexti rafveitum ríkisins skuli gert að greiða raforkusjóði af því fé, sem þær fá að láni úr sjóðnum, en með því að á lán úr sjóðnum fellur væntanlega enginn lántökukostnaður af neinu tagi, þá munu þau vaxtakjör, sem greinin heimilar, væntanlega jafnan verða rafveitum ríkisins tölu-vert hagkvæmari en þær geta fengið annars staðar.

VI. kafli. Um rafmagnseftirlit ríkisins.

39. gr.

Greinin er tekin orðrétt að mestu upp úr gildandi lögum um raforkuvirki. Efnisbreyting er engin, önnur en hækkun á hámarksupphæð sekta úr 1000 krónum í 10000 krónur.

40. gr.

Greinin tekin orðrétt úr lögum um raforkuvirki.

41. og 42. gr.

Þurfa varla nánari skýringar.

43. gr.

Greinin er tekin orðrétt úr gildandi lögum um raforkuvirki að öðru leyti en því, að í 2. málsgrein er upphæð gjalds hækkuð úr 2 krónum í 5 krónur.

VII. kafli. Um stjórn raforkumála.

44. gr.

Raforkumálastjóri er hinn sérmenntaði aðstoðarmaður ríkisstjórnarinnar um afgreiðslu allra raforkumála. Með reglugerðum og erindisbréfi mun ríkisstjórnin fela honum að fara í hennar umboði með stjórn ýmissa þeirra mála og annast fullnaðarafgreiðslu á ýmsum atriðum.

Starfi raforkumálastjóra má skipta í fjóra aðalþætti:

a) að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í öllum raforkumálum;
b) að sjá um þær rannsóknir á sviði raforkumála, sem kostaðar verða af ríkinu, og gera tillögur um það, í hvaða framkvæmdir skuli ráðizt;
c) að hafa í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með rekstri allra rafveitna ríkisins og nýbyggingum þeirra;
d) að hafa í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með eftirliti ríkisins með raforkuvirkjum.

Umboð raforkumálastjóra, rafveitustjóra ríkisins og rafmagnseftirlitsstjóra ríkisins verða nánar ákveðin í erindisbréfum og reglugerðum.

45. gr.

Þarf eigi nánari skýringar við.

46. gr.

Fyrir dyrum standa allumfangsmiklar rannsóknir á jarðhitasvæðum landsins með það fyrir augum að fá úr því skorið, hvort vér munum geta hagnýtt jarðhitann til raforkuvinnslu. Hér er lagt til, að raforkumálastjóri sjái um þær rannsóknir. Að vísu er um ýmiss konar aðra notkun jarðhitans að ræða, eins og kunnugt er, svo sem til húsahitunar, til gróðurhúsa, til þurrkunar o.s.frv., og fellur þetta í eðli sínu ekki undir raforkumál. Þó er sýnt, að virkjun jarðhita til raforkuvinnslu hlýtur að verða í höndum raforkumálastjóra og rafveitna ríkisins og svo allur undirbúningur virkjunar. Og víða hagar þannig til um jarðhita, að líklegt er, að jarðgufan verði fyrst notuð til raforkuvinnslu, en hiti hennar síðan nýttur til einhverra þeirra þarfa annarra, sem áður voru nefndar. Væri því e. t. v. heppilegast, að yfirumsjón með hvers konar hagnýtingu jarðhita og öllum rannsóknum jarðhitasvæða væri falin raforkumálastjóra, en sérstök deild í skrifstofu hans fari með þau mál. Um þetta eru ekki sett ákvæði í frv. þetta, enda mundi eigi þurfa lagaákvæði til að koma þeim málum svo fyrir, ef horfið yrði að því ráði.

Um ákvæði annarrar málsgreinar þessarar greinar hefur áður verið rætt.

47. gr.

Vatnsrennslismælingar í fallvötnum eru fyrst og fremst framkvæmdar til undirbúnings virkjana til raforkuvinnslu, og eru þær raunar einn þáttur í rannsóknum á skilyrðum til hagnýtingar á orkulindum landsins. Þykir eftir atvikum réttara og heppilegra, að þær heyri undir raforkumálastjóra og séu framkvæmdar með öðrum rannsóknum hans, en þær hafa til þessa heyrt undir vegamálastjóra.

48. gr.

Ákvæði greinarinnar eru tekin úr gildandi lögum um rafveitur ríkisins, en því, sem að jarðhita lýtur, er þó bætt við hér. Viðvíkjandi síðustu setningu greinarinnar vísast til þess, sem sagt var um 46. gr., en ákvæðið er nauðsynlegt, ef raforkumálastjóra er ekki falin umsjón með jarðhitasvæðunum.

49. gr.

Um það, hver rök hníga að því, að skipað verði raforkuráð, er þegar rætt, og vísast til þess. Það er tilætlunin með ákvæðum greinarinnar um tilnefningu í raforkuráð, að í því komi til með að eiga sæti menn, sem skoðazt geti fulltrúar aðalatvinnuvega landsins, sem sérstaklega hafa hagsmuna að gæta vegna notkunar rafmagns í atvinnurekstri, fulltrúar fyrir héraðsveitur, sem eru milliliðir milli rafveitna ríkisins og rafmagnsnotenda, og fulltrúar samtaka, sem telja innan sinna vébanda meginþorra þeirra, er rafmagn kaupa til heimilisnota. En svo virðist mega telja, að Félag íslenzkra atvinnurekenda, Búnaðarfélag Íslands og Alþýðusamband Íslands hafi innan sinna vébanda meginþorra þeirra, er rafmagn kaupa til heimilisnota.

Með því að ráðið er skipað fulltrúum félaga og sambanda, er rétt, að meðlimir þess séu skipaðir aðeins til takmarkaðs tíma og félögunum gefist þá kostur á að skipta um fulltrúa, ef þau óska þess, og virðast fjögur ár vera hæfilegur tími. En með því að ekki er heppilegt að skipta um alla meðlimi í ráðinu í senn, er svo ákveðið, að árlega gangi einn maður úr því, nema fjórða hvert ár, er tveir ganga úr. En þess er þó að vænta, að sem oftast verði hinir sömu menn endurkosnir, ef á annað borð hefur vel tekizt með valið, með því að gera má ráð fyrir, að það taki hvern fulltrúa nokkurn tíma að öðlast þá reynslu og þekkingu á raforkumálum, sem mjög er æskilegt, að meðlimir ráðsins hafi.

50. gr.

Þarf eigi skýringar við.

51. og 52. gr.

Enda þótt ráðið hafi eigi ákvörðunarrétt í raforkumálum, mun það geta haft allrík áhrif á meðferð þeirra og alla þróun, þar sem það á þess kost að fylgjast mjög vel með gangi þeirra og koma fram með gagnrýni og tillögur þeim viðvíkjandi, hvenær sem er. Hins vegar er með skipun þess og starfi eigi á neinn hátt dregið úr ábyrgð ráðherra og raforkumálastjóra á stjórn raforkumálanna og allri framkvæmd.

53. gr.

Með því að í ráðinu eiga sæti fulltrúar, sem kunna að hafa mismunandi hagsmuna að gæta í ýmsum atriðum, er rétt, að jafnan komi skýrt fram afstaða hvers einstaks fulltrúa í hverju máli.

54. gr.

Þar sem ráðherra er gert að skyldu að leita umsagnar raforkuráðs í öllum veigamiklum atriðum raforkumála, er hins vegar ástæða til að hafa ákvæði, sem koma í veg fyrir, að ráðið geti tafið gang mála með því að draga á langinn að afgreiða umsagnir um þau.

Þá mun og verða þörf á því, að settar verði allýtarlegar, fastar reglur um starfshætti ráðsins og samvinnu þess og raforkumálastjóra, og er rétt, að tillögur frá hvorum tveggja aðilum komi til um þær.

VIII. kafli. Almenn ákvæði.

55. gr.

Rafveitur þær, sem ríkið kemur á fót, eru gerðar og reknar í þeim tilgangi einum að fullnægja almenningsþörfum, og vitanlegt, að rekstri verður eigi hagað með hagnað fyrir augum, en öllum rekstrarhagnaði, sem af mannvirkjunum kann að verða, er varið óskiptum í þágu sama tilgangs. Hins vegar er vitanlegt, að rekstur þeirra fyrirtækja, sem hér ræðir um, getur orðið allörðugur í fjárhagslegu tilliti, einkum framan af, og að ríkissjóður tekur með þeim á sig nokkra fjárhagslega áhættu. Hníga þessi rök að því að undanþiggja þessi fyrirtæki öllum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

56. gr.

Með frumvarpi þessu, ef það verður að lögum, er ríkinu áskilinn einkaréttur til að reisa orkuver, sem er að afli stærra en 100 hestöfl. Heimild handa ríkisstjórninni til að veita sérleyfi til virkjunar í fallvatni, sem hefur meir en 500 eðlishestöfl, hlýtur þá að falla niður. Verði hins vegar einhvern tíma horfið að því ráði að veita öðrum aðila leyfi til að virkja fallvatn, t. d. í þágu stóriðju, verður samþykki Alþingis að koma til og þá væntanlega sett um það sérstök lög í hvert sinn og í þeim fram tekið um öll skilyrði fyrir leyfisveitingunni.

Úr lögum um raforkuvirki, lögum um rafveitur ríkisins og lögum um raforkusjóð hafa verið tekin upp í þetta frumvarp öll ákvæði, sem talið er, að eigi að halda gildi.“

Nd. 73. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 108 frá 9. okt. 1941, og lögum nr. 41 frá 30. júní 1942, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Þórðarson.

1. gr.

3. gr. laga nr. 108 1941 orðist þannig:

Stofnfé sjóðsins er byggingar- og landnámssjóður, eins og hann er nú.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af útistandandi lánum.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði eftir því, sem fjárlög ákveða í hvert sinn, en þó aldrei minna en tvær milljónir króna, þar til er stofnfé sjóðsins nemur 30 milljónum króna, en síðan eigi minna en ein milljón króna á ári. Jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkv. 14. gr. laga nr. 58 frá 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

2. gr.

4. gr. laga nr. 108 1941 orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán handa byggingarsjóðnum til stuðnings þeirri starfsemi, sem honum er ætluð samkvæmt lögum þessum. Einnig er stjórn sjóðsins heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að gefa út verðbréf, er innleysast á 30—40 árum, og sé gerð bréfanna, vextir og nánara fyrirkomulag um sölu þeirra ákveðið af ríkisstjórninni. Samanlögð upphæð lána og útgefinna verðbréfa má þó aldrei nema meira en tvöfaldri stofnfjáreign sjóðsins á hverjum tíma.

3. gr.

Í stað orðanna „varanlegu efni“ í 4. tölulið 7. gr. laga nr. 108 1941 komi: vönduðu efni, — og í stað orðanna „endurreisa bæjarhús“ í 5. tölulið sömu greinar komi: reisa bæjarhús.

4. gr.

9. gr. laga nr. 108 1941 orðist þannig:

Lán veitast með þessum kjörum:

1. Vextir og afborganir af lánum séu ekki yfir 3½% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.
2. Lán þessi mega nema allt að ¾ hlutum af kostnaðarverði bygginga þeirra, er lánað er til, enda samþykki teiknistofa Búnaðarbankans viðkomandi byggingarreikning, og lánið útborgast samkvæmt reglum, er Búnaðarbanki Íslands setur.

5. gr.

34. gr. laga nr. 108 1941 orðist svo:

Byggingarsjóður veitir lán til íbúðarhúsabygginga á sveitabýlum, jafnt endurbygginga á eldri jörðum sem nýbýla, en Ræktunarsjóður Íslands veitir lán til annarra bygginga og framkvæmda eftir þeim reglum, sem gilda um lánveitingar úr þessum sjóðum.

6. gr.

35. gr. laga nr. 108 1941 falli niður.

7. gr.

36. gr. laga nr. 108 1941 orðist svo:

Í fjárlögum fyrir hvert ár skal ákveðið, hve miklu fé skal varið í styrk til nýbýla. Nýbýlastjórn ákveður, hverjir umsækjendur skuli fá styrk og hversu háir þeir skuli vera. Á sama hátt geri hún tillögur til stjórnar Búnaðarbankans um það, hverjir skuli fá lán til nýbýla úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði og hversu há þau lán megi vera.

8. gr.

37. gr. laga nr. 108 1941 falli niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði 1. gr. laga nr. 41 30. júní 1942 svo og önnur ákvæði, er koma kunna í bága við lög þessi.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal færa þau ásamt ákvæðum laga nr. 41 30. júní 1942 inn í meginmál laga nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þegar ákvæði laga þessara um lánveitingar úr byggingarsjóði koma til framkvæmda, skal bankastjórn eftir tillögum bankastjóra Búnaðarbanka Íslands heimilt að færa vexti eldri lána úr byggingar- og landnámssjóði og nýbýlasjóði, þeirra sem tekin eru eftir 31. des. 1941, til samræmis við vexti af nýjum lánum samkvæmt lögum þessum.

Eignum þeim, sem nýbýlasjóður á í útistandandi lánum, skal varið til nýbýla samkv. 33. gr. laga nr. 108 1941, jafnóðum og lánin innheimtast, og sömuleiðis varasjóði nýbýlasjóðs, þegar innheimtu lánanna er lokið.

Greinargerð.

Byggingaþörfin í sveitum landsins er nú meiri en áður hefur verið um langt skeið. Erfiðleikar um innflutning byggingarefnis á styrjaldarárunum hafa valdið kyrrstöðu um byggingar. Hús hafa hrörnað og gengið úr sér, en efnisskortur hamlað eðlilegu viðhaldi þeirra og torveldað endurbyggingar.

Til þess að sami mannfjöldi haldist við í sveitum landsins og nú er þar og hafi boðlegan húsakost, þarf óhjákvæmilega að endurbyggja fjöldamörg sveitaheimili svo fljótt sem því verður við komið og styðja að nýbýlabyggingum.

Byggingarefni hefur, sem alkunnugt er, stórlega hækkað í verði á stríðsárunum, en smíðavinna þó enn þá meira. Fyrir því er höfuðnauðsyn að beina nokkru af fjármagni þjóðarinnar að þessu verkefni, og tekur það jafnt til endurbygginga og nýbýla.

Til þess að þjóðin geti lifað heilbrigðu og starfsömu menningarlífi, þarf hún að eiga sæmilegan húsakost. En á það skortir bæði í sveitum og kaupstöðum, að svo sé.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga um byggingar- og landnámssjóð er fjármagn hans svo lítið, að hann getur ekki nema að mjög litlu leyti sinnt þeim óskum, er til hans verða vafalaust gerðar um lánveitingar til bygginga, þegar greiðist um innflutning byggingarefnis.

Hjá því verður ekki komizt að auka fjármagn sjóðsins og lækka útlánsvexti hans, ef hann á að geta bætt úr aðkallandi þörf bændastéttarinnar nú, svo sem honum var í fyrstu ætlað, er hann var stofnaður.

Eins og högum vorum er nú komið, eru allar byggingarframkvæmdir mjög fjárfrekar. Er því augljóst, að hærri lán þarf nú til bygginga en áður var. En þar sem íbúðarhús, er reist verða á næstu árum, binda mikið fjármagn og taka verður tillit til þess, að íbúðarhús gefa ekki beinan arð, er augljóst, að lán til þeirra mega ekki vera dýr. Þess vegna er hér lagt til, að vextir og afborganir þeirra verði ekki yfir 3½% á ári. Byggingar- og landnámssjóður hefur lánað til íbúðarhúsabygginga með 5% árgjaldi af allri lánsupphæðinni í 42 ár. Þetta svarar til 4% í vexti og 1% í afborgun lánanna. Hér er lagt til, að árgjaldið verði 3½% af allri lánsupphæðinni jafnlangan tíma, 42 ár, en það svarar til, að lánin séu með 2% vöxtum og 1½% í afborgun.

Í frv. þessu er farið fram á, að árgjald byggingarlánanna verði lækkað um 1½% frá því, sem nú er, og raunverulegir vextir úr 4% í 2%. Sýnist það eðlilegt með tilvísun til þess, sem að framan er sagt, og með tilliti til almennrar vaxtalækkunar í landinu og að hinu leytinu hækkunar á byggingarkostnaði.

Enn fremur er hér gert ráð fyrir því, að lána megi að hámarki 75% af kostnaðarverði húsa. Þetta hámark er miðað við venjulega tíma og að sjálfsögðu á valdi bankastjórnarinnar að takmarka það. Meðan verðlag er óeðlilegt, er til þess ætlazt, að svo verði gert í framkvæmdinni. Í frumvarpi þessu er lagt til, að lánastarfsemi nýbýlasjóðs eftir lögum nr. 108 1941, 34. og 35. gr., falli niður. Í stað þess er byggingar- og landnámssjóði nú ætlað að veita lán til bygginga íbúðarhúsa og sveitabæja almennt, bæði á eldri jörðum og nýbýlum. Þetta tekur þó aðeins til íbúðarhúsa, því að Ræktunarsjóði Íslands er ætlað að lána til allra útihúsabygginga samkvæmt frv., sem lagt er fram samhliða þessu. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er leitazt við að bæta úr bráðustu þörfum í byggingarmálefnum sveitanna með því að gefa bændum kost á því, að þeir fái byggingarlán með sanngjörnum vaxtakjörum og svo rífleg, að varanleg og góð íbúðarhús verði reist þar, sem þörfin er mest aðkallandi.

Nd. 74. Frumvarp til laga

um sölu þjóðjarða og kirkjujarða.

Flm.: Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Ábúendur þjóð- og kirkjujarða hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja 1. gr. laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, og auk þess eftirtöldum skilyrðum:

a. hafi búið á jörðinni minnst 1 ár;
b. gefi út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali;

c. fyrir liggi yfirlýsing hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að hann hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta.

Þó getur hann skotið þeirri umsókn til sýslunefndar.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra jarða, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og þeirra jarða, er að dómi Búnaðarfélags Íslands að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarfélaga teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

Námuréttindi á þjóð- og kirkjujörðum skulu undanskilin sölu.

2. gr.

Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 1. gr., skulu seldar fyrir það verð, sem eftirgjald þeirra segir til um, miðað við 3% vexti, og greiðast að fullu við afsal.

Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær hafa verið gerðar að ættaróðulum, á ríkissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignamatsverð.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn a-liður 47. gr. l. nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum um ættaróðal og erfðaábúð er ábúendum þjóð- og kirkjujarða veittur réttur til að fá ábýlisjarðir sínar keyptar, ef þeir hafa fengið erfðaábúð á jörðinni. Þótt enn séu ekki full 2 ár, síðan ákvæði þessi fengu lagagildi, hafa ýmsir notfært sér þau. Sá galli þykir þó á, að þessi ákvæði taka aðeins til þeirra leiguliða, sem hafa erfðaábúð á jörð. Nú hefur breyting á ábúðinni í erfðaábúð talsvert umstang og skriftir í för með sér, bæði fyrir ábúanda og hið opinbera eða umboðsmenn þess, og sé þessi breyting eingöngu gerð til að geta keypt jörðina strax á eftir, sem gera má ráð fyrir, að oft eigi sér stað, þá virðist ástæðulaust með öllu að valda ábúanda og umboðsmönnum með þessu óþarfa fyrirhöfn. Það er og augljóst, að leiguliðar vilja helzt losna við þessa krókaleið, því að árlega liggja fyrir Alþingi beiðnir frá ábúendum um kaup á ábýlisjörðum sínum, sem ekki eru í erfðaábúð, og frv. frá þingmönnum þar að lútandi. Hér er því lagt til, að erfðaábúð sé ekki gerð að skilyrði fyrir kauprétti leiguliða, en öðrum skilyrðum haldið óbreyttum að því undanteknu, að í stað 5 ára ábúðartíma er hér lagt til, að kaupandi hafi búið á jörðinni minnst 1 ár.

Nd. 75. Frumvarp til laga

um breyting á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir C. 4. í 1. gr. laga nr. 37/1943 komi nýr liður, þannig:

5. **Vatnsnesvegur:** Frá Hvammstanga út Vatnsnes að Hindisvík.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að vegurinn frá Hvammstanga norður Vatnsnes að Hindisvík verði tekinn í tölu þjóðvega. Áður hefur vegurinn austan Vatnsnesfjalls, af Norðurlandsvegi norður Vesturhóp að Hindisvík, verið tekinn í þjóðvegatölu.

Á Vatnsnesi eru góðar jarðir, þar sem saman fara landgæði, ræktunarskilyrði, hlunnindi og aðstaða til sjósóknar. En til þess að þessi náttúrugæði komi að notum, er m. a. nauðsynlegt, að samgönguskilyrði séu viðunandi. Héraðsbúar hafa á liðnum árum lagt fram allmikið fé til að gera akveg um nesið, en þó er enn mikið óunnið, til þess að vegargerðinni verði lokið. Verður að teljast eðlilegt, að ríkið taki að sér að ljúka þessu nauðsynlega verki.

Bréf oddvitans í Kirkjuhvammshreppi, þar sem skýrt er frá samþykkt um þetta mál, er gerð var á almennum sveitarfundi þar 20. marz s.l., fylgir hér með.

Fylgiskjal.

ODDVITI KIRKJUHVAMMSHREPPS

Syðri-Kárastöðum, 14. maí 1945.

Á almennum sveitarfundi í Kirkjuhvammshreppi, höldnum að Gröf þriðjudaginn 20. marz 1945, kom fram svo hljóðandi tillaga og var samþykkt í einu hljóði:

„Almennur sveitarfundur í Kirkjuhvammshreppi, haldinn að Gröf þriðjudaginn 20. marz 1945, beinir þeim tilmælum til vegamálastjóra ríkisins að beita sér fyrir, að sýsluvegurinn frá Hvammstanga að Hindisvík sé tekinn hið fyrsta í tölu þjóðvega.

Telur fundurinn þessi tilmæli þeim mun eðlilegri og réttlátari, þar sem vegurinn austan Vatnsnesfjalls hefur þegar fyrir nokkru verið gerður að ríkisvegi.

Væntir fundurinn þess jafnframt af þingmanni kjördæmisins, að hann beiti sér fyrir framgangi þessa máls á Alþingi."

Virðingarfyllst.

Jón R. Jóhannesson.

Til alþingismanns Vestur-Húnavatnssýslu.

Nd. 76. Frumvarp til laga

um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, sem á jörð, er hann nytjar ekki sjálfur, skal skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi að dómi úttektarmanna.

Nú hefur maður nytjað jörð, sem hann á, og dvelur þar ekki sjálfur né fjölskylda hans, en tún fer í órækt, mannvirki níðast niður eða jörðin rýrnar svo, að sveitarfélagið bíður hnekki af, allt að dómi úttektarmanna, getur þá sveitarstjórn krafizt þess, að jarðeigandi bæti það, sem áfátt er, innan tveggja missira eða hann byggi jörðina frá næstu fardögum samkvæmt 1. málsgrein. Nú byggir landsdrottinn ekki jörð sína fyrir 15. marz, og skal honum þá skylt að bjóða sveitarstjórn

innan 6 daga að ráðstafa ábúð á jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta, en hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats samkvæmt 53. gr.

Sveitarstjórn getur krafizt þess, að landsdrottinn láti fylgja jörðinni nauðsynleg hús og mannvirki, er henni hafa fylgt, og ekki í lakara lagi en telja verður meðallag í þeim hreppi að dómi úttektarmanna, eða setja tryggingu fyrir, að svo verði.

Ákvæði annarrar málsgreinar 11. gr. eru ekki bindandi, að því er þessar jarðir snertir.

Sinni sveitarstjórn ekki þeirri málaleitun innan mánaðar, er landsdrottni skylt að auglýsa jörðina til ábúðar. Geti hann þá ekki byggt hana, má hann ráðstafa jörðinni næsta fardagaár. Næsta ár skal hann bjóða sveitarstjórn enn að ráðstafa jörðinni, ef hann hefur ekki byggt hana sjálfur fyrir þann tíma, er áður greinir. Er þá sveitarstjórn heimilt að byggja jörðina til lífstíðar, þannig að óheimilt sé að byggja ábúanda út af jörðinni, þó að landsdrottinn sjálfur eða skyldulið hans, sbr. 9. gr., óski að fá jörðina til ábúðar.

Þegar svo hefur gengið 3 ár í röð, að jörðin byggist ekki, er jarðeiganda heimilt að ráðstafa jörðinni sem hentast þykir.

Hafi enginn not jarðarinnar, er landsdrottni ekki skylt að greiða af henni opinbera skatta, en önnur lögskil verður hann að inna af höndum.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Nú sinnir jarðeigandi ekki kröfu sveitarstjórnar, er um ræðir í annarri málsgr. 1. gr., eða vanrækir að bjóða sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar, svo að jörðin fer í eyði eða hús á jörðinni eru fallin, hafa verið rifin eða annað það gert, er eigendur jarðarinnar síðustu 5 árin eiga að mestu sök á, og getur þá hlutaðeigandi hreppsnefnd krafizt þess, að sýslumaður auglýsi jörðina til sölu. Sýslumaður rannsakar því næst alla málavexti og aflar sér nauðsynlegra upplýsinga, þar á meðal umsagnar hlutaðeigandi úttektarmanna, ef um jarðníðslu er að ræða. Nú telur sýslumaður kröfu hreppsnefndar réttmæta, og skal hann þá, að undangengnum úrskurði, bjóða jörðina upp og selja hæstbjóðanda, endi leggi kaupandi fram skilríki fyrir því, að hann geti innleyst jörðina og rekið á henni hæfilegan búskap, og enn fremur yfirlýsingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali.

Nú fullnægir kaupandi ekki þessum skilyrðum, og hefur þá hreppsnefnd heimild til að ganga í kaupin.

Söluákvæði þessi taka þó ekki til hjáleigna með óskiptu beitilandi úr heimajörð, þar sem sami er eigandi að báðum jörðunum, enda sé jörðin nytjuð og sameiginlegt ræktað land ekki minnkað.

3. gr.

Aftan við 44. gr. laganna bætist: Geti ábúandi ekki keypt ábýlisjörð sína eða vilji það ekki, hefur sveitarstjórn heimild til að ganga í kaupin með þeim skilmálum, er hún var boðin ábúanda, og skal landsdrottinn því senda sveitarstjórn samrit af tilboði sínu til ábúanda.

4. gr.

45. gr. laganna, 1. málsgr., orðist svo:

Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð. Áður en úttektin fer fram, skal byggingarbréfið liggja frammi til athugunar fyrir úttektarmenn, hvort það sé lögum samkvæmt. Þegar úttektarmenn hafa fullvissað sig um, að svo sé, skulu þeir rita samþykki sitt á byggingarbréfið.

Nú telja úttektarmenn, að byggingarbréfið sé ekki lögum samkvæmt, og skulu þeir þá leitast við að fá það leiðrétt. Takist það ekki, ber þeim að rita athugasemdir sínar þar að lútandi á byggingarbréfið.

Úttekt á jörð skal fram fara fyrir 20. júní.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum allt að kr. 3000.00. Mál út af brotum á lögum þessum svo og rannsókn sú, er um ræðir í 2. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 22 7. maí 1940, um breyting á ábúðarlögunum, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við ákvæði laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 87 19. júní 1933 og gefa ábúðarlögin út svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp það um breyting á ábúðarlögunum, sem hér er flutt, er að mestu í samræmi við tillögur frá búnaðarþingi, er Búnaðarfélag Íslands sendi landbúnaðarnefnd. Orsakir þess, að það er fram komið, eru þær, að á síðari árum hefur það farið mjög í vöxt, að byggðar jarðir fari í eyði. Oftast mun það stafa af því, að ekki fást ábúendur á slíkar jarðir vegna afskekktrar legu eða lélegra nytja. En hitt er líka nokkuð víða til, að jarðir fari í eyði vegna mannvirkjaskorts og af því að eigendur sýna ekki nægilegt frjálslyndi í viðskiptunum við fátæka leiguliða. Landbúnaðarnefnd lítur svo á, að enn ríkari þörf sé á að koma í veg fyrir, að byggðar jarðir, sem hafa sæmilega landkosti, fari í eyði, heldur en á hinu, sem þó er varið nokkru fé til, að byggja ný býli á óræktuðu landi. Getur þó aðstaða til samgangna o. fl. gert hvort tveggja eðlilegt.

Nú er það svo, að hreppsnefndirnar eru yfirleitt sá aðili, sem hefur ríkasta skyldu og hvöt til að verja sveitarfélögin fyrir áföllum og annast um velgengni þeirra, eftir því sem við verður komið. Þess vegna er réttmætt, að löggjafarvaldið styrki aðstöðu hreppsnefndanna á allan hátt, til þess að þær geti fullnægt hlutverki sínu. Með þessu frumvarpi er þeim líka gefið mjög aukið vald til að vera á verði gegn þeirri hættu, að jarðir sveitarfélagsins fari í eyði eða gerist óbyggilegar vegna mannvirkjaskorts. En um leið og hreppsnefndunum er á þessu sviði gefið aukið vald, þá er eðlilega til þess ætlazt, að þær, hver í sinni sveit, hafi sterkari aðgæzlu á því en verið hefur, að einstökum mönnum sé ekki liðið að níða niður jarðir sínar eða gera kröfur, sem fækka byggðum jörðum og auka á örðugleika þess fólks, sem í sveitunum býr.

Einstakar greinar þessa frumvarps þarfnast ekki langra skýringa, en að svo miklu leyti sem skýringa er þörf munu þær verða gefnar í framsögu.

Nd. 77. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Eins og fram er tekið í greinargerð þess, er það sniðið eftir heimildarlögum fyrir Sláturfélag Suðurlands um innheimtu hlutabréfa sinna.

Nefndin mælir með, að frumv. verði samþykkt.

Alþingi, 30. okt. 1945.

Garðar Þorsteinsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Gunnar Thoroddsen. Þóroddur Guðmundsson.

Sþ. 78. Tillaga til þingsályktunar

um vélar til raforkuvinnslu á sveitaheimilum.

Flm.: Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að láta rannsaka hið allra fyrsta, hvernig raforkuþörf sveitaheimila, sem ekki hafa hentug skilyrði til vatnsvirkjunar, verði haganlegast fullnægt, meðan ekki er kostur á raforku frá orkuverum með háspennuleiðslum;
2. að tryggja bændum með gjaldeyrisráðstöfunum þær vélar, er álitlegastar þættu til raforkuvinnslu fyrir sveitaheimili, með beztu fáanlegum kjörum og ákveða, að ekki verði hærri tollur greiddur af vélum þessum en landbúnaðarvélum;
3. að hlutast til um að loknum rannsóknum samkv. tölul. 1, að gefinn verði út leiðarvísir fyrir notendur vélanna um gerð þeirra, niðursetning og alla meðferð.

Greinargerð.

Það hefur mikið verið um það rætt síðustu árin, hver nauðsyn bændunum væri á því að taka vélar og hvers konar nýtízkutækni í sína þjónustu. Þetta er þó enginn nýr boðskapur. Bændum var flestum orðið þetta ljóst, áður en kreppan skall á, og mörgum löngu áður. Á árunum 1931—39 átti þorri bænda fullt í fangi með að kljúfa árleg rekstrarútgjöld búanna, og varð því lítið fé afgangs til að kaupa dýrar vélar. Þó miðaði flest árin nokkuð áleiðis í því efni. Eftir að stríðið skall á, batnaði hagur bænda, en þá brá líka svo við, að pantanir á alls konar landbúnaðarvélum streymdu að frá bændum og búnaðarfélögum. Vegna styrjaldarinnar reyndist ógerlegt að útvega nema örlítið brot af því, sem um var beðið, og við það situr enn þá, en væntanlega rætist úr því á næsta ári. Stríðsárin hafa því þrátt fyrir fullan vilja margra bænda til að breyta um búnaðarhætti orðið þeim biðtími. Þennan tíma hafa bændur, Búnaðarfélag Íslands og búnaðarþing notað til að undirbúa og skipuleggja ræktun og húsabyggingar í sveitum með stórvirkum vélum og nýtízkutækjum. Með lögunum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir, er milliþinganefnd búnaðarþings samdi og búnaðarþing og Alþingi samþykktu, er bændum gert kleift að koma í framkvæmd með félagslegum átökum stórfelldri ræktun og húsagerð í sveitum. Þessi starfsemi hefst fyrir alvöru, er þær vélar koma, sem beðið er eftir.

Í kjölfar ræktunarinnar koma svo enn fleiri vélar og tæki til heyvinnu og annarra starfa utan bæjar, er spara mannsaflið og létta störfin. Það eru því horfur á, að á verksviði bóndans verði á næstu árum gagnger breyting um vélanotkun og tækni frá því, sem verið hefur.

Nokkuð öðru máli gegnir um verkahring húsmóðurinnar. Að vísu hafa einnig á því sviði orðið allmiklar breytingar til verkaléttis. Mætti þar til nefna haganlegri húsaskipan, góðar eldavélar, miðstöðvarhitun, vatnsleiðslu, skolpleiðslu o. fl., sem breiðzt hefur óðfluga um allar sveitir á síðari árum. Þrátt fyrir þessar framfarir skortir þó mjög á, að húsmæður í sveitum hafi fengið þann verkalétti við störf sín, er þær nauðsynlega þarfnast. Veldur því sívaxandi verkafólksskortur, sérstaklega til innanbæjarstarfa, svo að víða horfir til vandræða.

Það, sem einkum torveldar áframhaldandi úrbætur á þessu sviði, er, að tæki til verksparnaðar innan bæjar, svo sem við ýmiss konar matargerð, ræstingu, þvott, frystingu og geymslu matvæla o. fl., eru yfirleitt knúin raforku, en meðan heimilin eiga hennar engan kost, verður ekki bætt úr aðkallandi þörf heimilanna á þessu sviði. Allmörg heimili eru að vísu þannig sett, að þau geta aflað sér nauðsynlegrar raforku með smávatnsvirkjunum, en hin eru þó margfalt fleiri, sem þess eiga engan kost. Til þess að hjálpa þessum heimilum hefur verið rætt um að reisa raforkuver með raforkuveitum um helztu héruð landsins. Hér er þó fyrst og fremst um framtíðarlausn að ræða, því að varlegast er að gera ráð fyrir, að framkvæmdir á þessu sviði verði með líkum hætti og t. d. símalagningar, og er því auðsætt, að mörg heimili verði að bíða lengri eða skemmri tíma, áður en þau fá raforku eftir þessum leiðum. Bændur verða því margir hverjir að leita annarra úrræða, að minnsta kosti í bili, til að afla sér raforku til heimilisþarfa. Gæti þar komið til greina að nota t. d. hráolíumótora. Því miður verður að gera ráð fyrir, að ekki svari kostnaði að nota þessa raforku til suðu eða hitunar. Notkun hennar yrði því til ljósa og til að knýja vinnusparandi tæki innan bæjar og enn fremur mjaltavélar, blásara við súgþurrkun heys o. fl. utan bæjar.

Nú eru daglega auglýstar í útvarpi og blöðum vindrafstöðvar fyrir sveitaheimili og mótorar af ýmsum stærðum og gerðum, þar sem hver heldur fram gæðum sinnar vélar. Það er því úr vöndu að ráða fyrir bændur, sem skortir þekkingu og reynslu á þessu sviði, og því oft tilviljun ein, sem ræður, hvaða vélar eru keyptar. Auk þessa er hætta á, þegar keyptar eru vélar af margvíslegum gerðum, að ekki verði séð nægilega fyrir varahlutum til þeirra véla, er náð hafa lítilli útbreiðslu, og gæti þá svo farið, að bændur yrðu að kasta vélum, er þær biluðu, af því að varahlutir fengjust ekki.

Loks má benda á, að bændur hafa yfirleitt mjög takmarkað fjármagn til umráða, en verða að verja miklu fé til vélakaupa, ræktunar og húsagerðar og margvíslegra annarra umbóta, er hafa orðið að bíða undanfarin styrjaldarár. Bændum er því flestum stéttum fremur rík nauðsyn á, að engin mistök eigi sér stað og að hver eyrir, sem í þetta er lagður, komi að fullum notum.

Með þáltill. er leitazt við að tryggja bændum góðar og hentugar vélar til raforkuvinnslu og jafnframt greiða götu þess, að húsmæður sveitanna eigi ekki við lakari skilyrði að búa en margar þær, sem búsettar eru í kaupstöðum og kauptúnum, meðan þær bíða eftir raforku frá háspennuleiðslum þeim, sem lagðar verða um sveitirnar.

Nd. 79. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna orðist þannig:
Ekki mega hjón né menn skyldir að niðjatali sitja samtímis í hreppsnefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um breytingar og viðauka á því.

Í 2. mgr. 7. gr. núgildandi laga um sveitarstjórnarkosningar er bannað, að hjón og menn skyldir að niðjatali sitji samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn. Samkv. 1. gr. laganna skulu bæjarstjórnir utan Reykjavíkur skipaðar 7—15 bæjarfulltrúum, en í Reykjavík 15—21 bæjarfulltrúa. Þar sem bæjarstjórnir eru skipaðar svo mörgum fulltrúum, virðist engin réttmæt ástæða til þess að banna með lögum, að hjón eða menn skyldir eins og að framan greinir megi sitja samtímis í bæjarstjórn, og er jafnvel álitamál, hvort ekki sé rétt að afnema hér um ræddar takmarkanir, einnig að því er tekur til hreppsnefnda, þannig að fullt samræmi verði milli laga um sveitarstjórnarkosningar og laga um kosningar til Alþingis.

Nd. 80. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Helgi Jónasson, Ingólfur Jónsson.

Við 1. gr.

1. Framan við greinina kemur:
   a. Á eftir A. 23. í 1. gr. laga nr. 37/1943 koma tveir nýir liðir:
      Árbæjarvegur: Frá vegamótum á Suðurlandsbraut utan við Ytri-Rangá um Árbæjarhverfi, Snjallsteinshöfða á Landveg niður við Köldukinn.
      Ásvegur: Frá vegamótum á Suðurlandsbraut móts við Meiri-Tungu um Áshverfi, Sandhólaferju og Hofshverfi til Þykkvabæjar.
   b. Á eftir A. 26. í sömu lagagr. kemur nýr liður:
      Þórsmerkurvegur: Frá Markarfljótsbrú að Stóru-Mörk.
2. Í stað „1. gr. laga nr. 37/1943“ kemur: sömu lagagr.

Nd. 81. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætast tveir nýir liðir:

a. Á eftir D. 6. í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Húseyjarvegur: Frá Jökulsárbrú um Hróarstungu að Húsey, um Hól í Hjaltastaðaþinghá og á Úthéraðsveg hjá Gagnstöð.

b. Á eftir D. 8. í sömu lagagr. kemur nýr liður:
Þórarinsstaðavegur: Frá Seyðisfirði um Þórarinsstaðaeyrar að Þórarinsstöðum.

Ed. 82. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá Páli Hermannssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: en fylgifé það með hverri jörð, sem myndazt hefur vegna þeirrar lagagreinar, meðan hún var í gildi, skal verða eign jarðareiganda.

Sþ. 83. Tillaga til þingsályktunar

um kosningu milliþinganefndar til þess að rannsaka áhrif húsaleigulaganna og endurskoða þau.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutbundinni kosningu fimm menn í milliþinganefnd til þess að rannsaka áhrif húsaleigulaganna og endurskoða þau. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Lög um húsaleigu voru sett í stríðsbyrjun. Frv. til húsaleigulaga kom fram á þinginu 1939, en var ekki útrætt. Á þinginu 1940 kom sama frv. fram aftur og enn fremur annað frv., flutt af allsherjarnefnd Ed., er síðan var samþykkt með nokkrum breytingum sem lög nr. 91 17. maí 1940. Á árunum 1941—1943 voru gerðar nokkrar breytingar á lögunum, og nú gilda um þessi mál lög nr. 39 7. apríl 1943.

Húsaleigulögin upphaflegu og síðari breytingar á þeim voru sett sem ófriðarráðstöfun, er talin var óhjákvæmileg vegna ófriðarástandsins og þeirrar óvissu í öllum viðskiptum, er það hafði í för með sér.

Nú er sjálfum ófriðnum lokið, þótt enn ríki í þessum efnum flestir þeir örðugleikar, er hann hafði í för með sér. Enda þótt ekki þyki fært að fella húsaleigulögin úr gildi að svo komnu, þá þykir þó rétt, að málið í heild sé tekið til rækilegrar rannsóknar og endurskoðunar.

Ed. 84. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 6. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Nú hefur húsaleiga verið hækkuð í samræmi við vísitölu og hækkunin innheimt, án þess að húsaleigunefnd hafi staðfest leigumálann eða án þess að skriflegur leigumáli hafi verið gerður, og er þá hækkunin ekki endurkræf frá leigusala, ef húsaleigunefnd staðfestir leigumálann síðar eða grunnleiguupphæðin er hófleg að hennar dómi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 11. gr. húsaleigulaganna er skylt að senda húsaleigunefndum til staðfestingar alla leigumála um húsnæði, sem gerðir eru eftir 14. maí 1940. Nú er það kunnugt, að margir leigumálar eru til frá fyrri tíma, bæði skriflegir og munnlegir, og það er líka kunnugt, að oft er látið undan fallast að leita yngri leigumálum staðfestingar, og eiga þar venjulega báðir sök, leigusali og leigutaki.

Eftir þessum leigumálum er yfirleitt krafizt hækkunar samkvæmt húsaleigu-vísitölu, og greiða leigutakar hana venjulega mótmælalaust. Þó hefur orðið ágreiningur út af þessu, og er nýlega fallinn hæstaréttardómur í slíku deilumáli. Úrslit málsins voru þau, að leigusali var dæmdur til að endurgreiða leigutaka vísitöluupphæð, er hann hafði innheimt eftir óstaðfestum leigumála. En leigumála um sama húsnæði staðfesti húsaleigunefnd síðar með hærri grunnleigu.

Þar sem það er vitað, að mikill fjöldi eðlilegra leigumála um húsnæði hefur ekki verið staðfestur af húsaleigunefndum, mundi það valda óeðlilegri og ranglátri röskun á viðskiptum manna, ef ákvæði það, er áðurnefndur dómur byggist á, væri látið standa óbreytt. Innheimtur sem þessar hafa staðið yfir árum saman og nema því talsverðum fjárhæðum. Til þess hefur ekki heldur verið ætlazt, að eðlilega húsaleiguupphæð mætti ekki hækka sem svaraði viðhaldskostnaði, en leigusalar munu almennt ekki hafa gert sér ljóst, að vanræksla þeirra á að leita leigumálum staðfestingar gæti haft þessar afleiðingar.

Frv. þetta er flutt til að bæta úr þeim ágalla húsaleigulaganna, sem þarna virðist hafa komið í ljós.

Nd. 85. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Barði Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir A. I. a. 47. í 1. gr. laga nr. 30 1943 komi nýr liður: Múlaá í Ísafirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vatnsfall það, sem hér um ræðir, er á leið þjóðvegarins frá Arngerðareyri að Múla. Á sl. sumri fór fram athugun á brúarstæði á ánni, og liggur skýrsla um hana fyrir í skrifstofu vegamálastjóra.

Nauðsyn ber til þess, að brú þessi verði byggð í nánustu framtíð, og leggja flm. frv. þessa því til, að hún verði tekin upp í brúalög.

Nd. 86. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Sigurði Thoroddsen.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
2. mgr. 7. gr. laganna falli niður.

Nd. 87. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Sigurði Bjarnasyni og Barða Guðmundssyni.

Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Á eftir B. 32 í 1. gr. laga nr. 37 1943 komi nýir liðir:

a. **Ögurvegur:** Frá Múla í Ísafirði um Eyrarfjall og Mjóafjörð í Ögur.
b. **Snæfjallastrandarvegur:** Frá Ármúla um Bæjahlíð og Snæfjallaströnd að Sandeyri.
c. **Staðarheiðarvegur:** Frá Staðarbryggju í Grunnavík um Staðarheiði að Dynjanda.
d. **Skorarheiðarvegur:** Frá Dynjanda um Skorarheiði í Furufjörð.

Nd. 88. Nefndarálit

um frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur þríklofnað um afgreiðslu þessa máls. Tveir nefndarmenn (JPálm og SG) vilja samþykkja frv. efnislega óbreytt. Við, sem að nefndaráliti þessu stöndum, viljum gera á því þær breytingar, að Stéttarsambandi bænda verði falin störf landbúnaðarráðs og verðlagsnefndar. Einn nefndarmanna (BG) tjáði sig andvígan frv., en kvaðst þó ekki mundu greiða atkvæði gegn bráðabirgðalögum né stjórnarfrumvörpum, sem borin væru fram af ríkisstjórn, er hann að öðru leyti styddi að málum, og sat því hjá við afgreiðslu málsins í nefndinni. Breytingartillaga 2. minni hluta og síðan frv. sjálft féll því hvort tveggja með jöfnum atkvæðum á nefndarfundi.

Við, sem að áliti þessu stöndum, teljum, að grundvöllur dýrtíðarlaganna frá 14. apríl 1943 um hið svo kallaða sexmannanefndarverð hafi ekki verið burtu fallinn, er bráðabirgðalögin voru gefin út. Í lögunum um dýrtíðarráðstafanir er kveðið svo á, að verðlag á landbúnaðarvörum skuli ákveðið samkv. grundvelli sex manna nefndarinnar, á meðan núverandi styrjaldarástand helzt. Lögin miða með öðrum orðum við styrjaldarástandið, en ekki sjálfa styrjöldina. En það styrjaldarástand, sem olli því, að löggjafarvaldið sá sig til knúð að láta mál þessi til sín taka á þennan hátt, var: 1) lokun ýmissa beztu utanlandsmarkaða landbúnaðarins fyrir styrjöldina, svo sem á meginlandi Evrópu og á Norðurlöndum; 2) verðlagsástandið í landinu sjálfu, sem olli því, að framleiðsluverð íslenzkra landbúnaðarafurða — sem annarra vara — var svo hátt, að eini erlendi markaðurinn, sem stóð þeim opinn að nokkru leyti, enski markaðurinn, fullnægði engan veginn því verðlagi, er bæri uppi framleiðslukostnaðinn; 3) svo þrálátar og háværar deilur um verðlag landbúnaðarvara innan lands, að nauðsyn þótti á dómstól, er báðir aðilar sættu sig við, er skæri úr um það, hvaða verðlag teldist réttlátt, til þess að bændur bæru úr býtum fyrir störf sín svipað kaupgjald og aðrar vinnandi stéttir landsins.

Þessi dómstóll var sexmannanefndarsáttmálinn.

Við sjáum enga breytingu til bóta á þessu ástandi, frá því að dýrtíðarlögin voru sett, og teljum því, að eðlilegast hefði verið að túlka þessi ákvæði dýrtíðarlaganna þannig, að þau væru enn í gildi, og láta sexmannanefndarverðið koma til framkvæmda þetta ár að öllu leyti.

En það teljum við aðalatriði þessa máls, að þegar farið var að raska hinu eldra skipulagi um verðlagsvaldið yfir landbúnaðarafurðunum, álítum við, að sjálfsagt

hefði verið að fá fulltrúum bændastéttarinnar sjálfrar og félagssamtaka hennar vald þetta í sínar hendur. Bændastéttin hefur jafnan sætt sig við það, að nokkrar hömlur væru settar á vald hennar yfir verðlagsmálum sínum í bili, er það hefur verið talin alþjóðarþörf og hið sama látið ganga yfir aðrar stéttir og einstaklinga þjóðfélagsins.

En þegar svo er ástatt sem nú, að allar starfsgreinar þjóðfélagsins virðast nær einráðar um það, hvaða verð þær setja á vinnu sína og varning innan lands án nokkurs tillits til þess, hvaða verð er á sams konar vinnu og varningi í nágrannalöndunum, er útilokað, að bændastéttin ein geti sætt sig við það að hafa enga íhlutun um verðlag framleiðslu sinnar á innlendum markaði eða með öðrum orðum það, hvaða kaupgjald hún skuli úr býtum bera fyrir vinnu sína.

Því hefur verið haldið fram af ýmsum, að með stofnun landbúnaðarráðsins hafi bændastéttin fengið vald yfir málum þessum, þar sem það sé eingöngu skipað bændum og starfsmönnum landbúnaðarins. En þetta er að okkar áliti hin mesta fjarstæða. Það er sá aðili, sem valdið hefur til að velja og skipa í ráðið, er ábyrgð ber á því og framkvæmdum þess, hverjir svo sem í það veljast. Og í þessu falli er það ríkisstjórnin, sem ræður. Búnaðarráðið er því fulltrúi ríkisstjórnarinnar, en ekki bændastéttarinnar.

Eins og kunnugt er, hefur Alþingi og ríkisstjórn oftsinnis á undanförnum árum falið Búnaðarfélagi Íslands að koma fram fyrir hönd bændastéttarinnar, er taka þurfti ákvarðanir um verðlagsmál landbúnaðarins. Álítum við, að svo hefði einnig átt að vera í þetta skipti.

En þegar Búnaðarfélag Íslands varð þess áskynja, að ríkisstjórnin taldi ekki lengur þörf á afskiptum þess af málum þessum, beitti það sér fyrir því, að komið yrði á sérstökum stéttarsamtökum innan búnaðarfélagssamtakanna í landinu, er hefði með höndum þennan þátt í hagsmunamálum bændastéttarinnar. Þetta stéttarsamband er nú formlega stofnað og tekið til starfa. Og þar sem stjórn þess er kosin á lýðræðislegan hátt af kjörnum fulltrúum bændanna sjálfra, teljum við einsætt, að henni verði falið vald og framkvæmd þeirra mála fyrst um sinn, sem verðlagsnefnd landbúnaðarráðs fer með samkv. bráðabirgðalögunum. En tillögur um framtíðarskipulag þessara mála, eins og hún hefur nýskeð verið mörkuð með samþykktum frá búnaðarþingi og búnaðarsamböndunum, liggja nú þegar fyrir Alþingi í frumvarpsformi. Samkvæmt því er ætlazt til, að fulltrúar frá Stéttarsambandi bænda og ýmsum sölufélögum þeirra fari í sameiningu með framkvæmd söluskipulags og verðlagsmála landbúnaðarins.

Teljum við, sem m. a. stöndum að frv. þessu, að með því sé mörkuð sú stefna í málum þessum, sem bændur gera nú kröfu til og ein verður talin réttlát. En þangað til að það frv. verður að lögum, viljum við, að Stéttarsambandi bænda og framkvæmdastjórn þess verði falin verðlagsmál landbúnaðarins, eins og fjöldi bænda hefur þegar gert kröfu til. Hefur komið mjög berlega í ljós almenn óánægja meðal bænda yfir bráðabirgðalögum þessum. Ber hvort tveggja til, að þeir vilja ekki sætta sig við þetta fyrirkomulag, sem þeir telja óviðunandi í sjálfu sér, svo og hitt, að mikil gremja ríkir meðal þeirra út af framkvæmd laganna. Hafa þeir talið sig eiga siðferðilegan rétt til þess að setja verð á afurðir sínar á innlendum markaði samkvæmt sexmannanefndargrundvellinum, hvað sem hinum lagalega rétti liði. En frá því hefur verðlagsnefndin vikið svo, að nú eru fyllstu horfur á, að kindakjöt, sem er næstum eina söluvara margra bænda, stórlækki í verði til bænda frá því síðastl. ár, þótt framleiðslukostnaður hafi stórhækkað á sama tíma. Veldur því hið háa verðjöfnunargjald, sem leggja varð á kjötið til uppbótar verði á útflutt kjöt. Auk þess hefur nokkur hluti verðjöfnunargjaldsins verið tekinn til að greiða niður saltkjöt á innlendum markaði og lækka þannig innlenda verðið frá því, sem áður hafði verið ákveðið.

Samkvæmt framansögðu berum við fram á sérstöku þingskjali breytingartillögur um, að Stéttarsambandi bænda verði falið vald það, sem búnaðarráði er ætlað samkv. bráðabirgðalögunum. Verði þær samþykktar, munum við fylgja frv. svo

breyttu sem bráðabirgðaskipulagi í þeirri von, að frv. um verðlagsráð verði fljótlega gert að lögum. Verði breytingartillögurnar felldar, munum við greiða atkvæði á móti frumvarpinu.

Alþingi, 1. nóv. 1945.

Bjarni Ásgeirsson, fundaskr., frsm. 2. minni hl.

Jón Sigurðsson.

Nd. 89. Breytingartillögur

við frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn Stéttarsambands bænda, er stofnað var að Laugarvatni 9. september 1945, er með lögum þessum falið fyrst um sinn:
   1. að ákveða verðlag á landbúnaðarafurðum á innanlandsmarkaði (kjöti alls konar, mjólk og mjólkurafurðum, garðávöxtum);
   2. að annast aðrar framkvæmdir, sem hingað til hafa verið í höndum mjólkursölunefndar, mjólkurverðlagsnefndar, kjötverðlagsnefndar og verðlagsnefndar garðávaxta.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn Stéttarsambands bænda gegnir enn fremur þessum störfum:
   1. gerir tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um setning reglna um gæðaflokkun og verðflokkun landbúnaðarafurða;
   2. ákveður verðjöfnunarsvæði samkvæmt 1. gr. laga nr. 1 7. janúar 1935 og verðlagssvæði samkvæmt 9. gr. laga nr. 2 9. janúar 1935;
   3. ákveður verðjöfnunargjald á kindakjöt, mjólk og mjólkurafurðir;
   4. stuðlar að hagnýtri verkun og meðferð landbúnaðarafurða og hagkvæmri nýtingu markaða fyrir þær, jafnt innan lands sem utan.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn stéttarsambandsins ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri sér um daglega afgreiðslu mála og annast önnur störf, er stjórn stéttarsambandsins felur honum.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Á fundum stjórnar stéttarsambandsins ræður afl atkvæða úrslitum.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Allur kostnaður, er leiðir af framangreindum störfum, greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.
6. 6., 7., 8. og 9. gr. frv. falli burt.
7. 10. gr. verður 6. gr.
8. 11. gr. verður 7. gr.

Sþ. 90. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerð á Skaftá undan Heiði á Síðu.

Flm.: Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera brú á Skaftá undan Heiði á Síðu, svo fljótt sem kostur er á, og heimilar til þess fé úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Eitt af því, sem nú er aðkallandi í sveitum þessa lands, er að fá færi á að nytja þau svæði, sem frá náttúrunnar hendi eru vel fallin til ræktunar eða hafa landgæði fullnægjandi til þess, að fólk geti lifað og þróazt þar vel, ef hjálparhönd er til þess lögð að gera það aðgengilegt eftir breyttum atvinnuháttum. Nú horfir á síðustu tímum nærri til landauðnar í ýmsum héruðum sakir ásóknar einkanlega unga fólksins úr sveitum til bæja eða á hina fjölmennari staði, þar sem ekki þarf að erja jörðina með erfiðismunum. Er þetta voði þjóðfélaginu, sem afstýra verður með einhverjum ráðum. Ber því að gera allt, sem kleift er og skynsamlegt, til þess að sveitafólkið haldi velli og vinna að framleiðslu úr gróðursælu skauti lands vors, og er þá ekki sízt, heldur eitt aðalatriði að bæta samgöngur allar, eftir því sem eðlilegt má þykja og nauðsynlegt telst, bæði um héruðin og innan sveitanna og yfirleitt milli mannabyggða.

Nú er svo ástatt um það efni, sem hér er gerð um tillaga til þingsályktunar, að brú á vatnsfallið Skaftá á tilgreindum stað er ótvíræð samgöngu- og afkomunauðsyn fyrir búendur á Út-Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu. Hefur mál þetta verið í undirbúningi undanfarin ár og er nú tilbúið til flutnings í háttv. Alþingi, með því að vegamálastjóri hefur rannsakað allar aðstæður og gert áætlun um brúargerðina. Er álit hans prentað hér á eftir sem fylgiskjal (III). En þótt eigi sé brúarstæði þetta á þjóðvegi, má þykja sjálfsagt, að ríkissjóður beri kostnað af þessu mannvirki, enda öðrum aðilum ofvaxið. Nauðsynlegar vegagerðir til fullrar notkunar brúarinnar munu hins vegar hlutaðeigendur í héraði telja sér skylt að annast, þangað til öðruvísi yrði ákveðið.

Auk álits vegamálastjóra eru hér prentuð sem fylgiskjöl (I og II) áskorun nokkurra búenda á Síðu og í Meðallandi um framkvæmd þessa verks, og eru þar færð fram greinileg rök fyrir nauðsyn þess, svo og álit héraðsráðunautar, Árna Jónssonar, um ástæður og framtíðarmöguleika á jörðum þessa fagra og áður farsæla byggðarlags, er með þessari brúargerð mundi komast í nothæft samband við umhverfi sitt og þar með samgöngukerfi Suðurlandsins.

Er þess fyllilega að vænta, eins og nú horfir málum, að háttv. alþingismenn ljái þessari till. fylgi sitt.

Fylgiskjal I.

Vér undirritaðir leyfum oss hér með að láta það álit vort í ljós, að knýjandi nauðsyn beri til, að brú verði sett á Skaftá nálægt Heiði í Kirkjubæjarhreppi. Hreppshlutinn fyrir vestan Kirkjubæjarklaustur er útilokaður, eins og er, hvað samgöngur snertir, þar sem ekki er einu sinni hægt að nota hestkerrur til flutninga vegna Skaftár, sem telja má algerlega ófæra nú orðið, þar sem hún er tíðast ófær með flutninga á klökkum og mjög oft óreið og fer æ versnandi. Hafa búendur á þessu svæði því oftast orðið að fara um svo nefndar Brýr að og frá Kirkjubæjarklaustri, sem er illfær leið með flutninga á klökkum, hvað þá með öðrum tækjum.

Við slíkar samgöngur er ekki unandi nú á tímum, þar sem árlegir aðflutningar hafa margfaldazt í seinni tíð, svo sem áburður, fóðurbætir o. s. frv. Auk þess liggur fyrir, að endurbyggja þarf bæina á þessu svæði, en slíkt má telja ókleift, svo í lagi sé, eins og samgönguleiðinni er nú háttað. Vér viljum og taka það fram, að á þessu svæði er mjög mikið og gott land, vel fallið til ræktunar, en ræktun er því aðeins kleif, svo verulegu nemi, að hægt sé að koma á svæðið þeim vinnuvélum, sem til þess þarf. Og flutningar aukast með vaxandi ræktunarbúskap. — Beitiland er með ágætum. Er því augljóst mál, að þetta svæði, með bættum samgöngum, er vel fallið til býlafjölgunar í framtíðinni. Það skal tekið fram, að brú á Skaftá á þessum stað kemur lágsveitunum að mjög miklu gagni, auk annarrar umferðar í og um þetta svæði. Vér viljum því eindregið mæla með því og óska þess, að téðri brú verði komið á, sem fyrst að mögu-

leikar leyfa, því knýjandi nauðsyn kallar að. Og er það skoðun vor, að þar sem svona hagar til, að brúa þarf eina ófæru til þess að opna leið að byggðarhlutum, eigi ríkið að leggja drýgstan skerf til, þótt ekki sé í þjóðleið talið, því það er skoðun vor, að ríkið eigi að stuðla að því að byggja upp landið, en ekki eyða.

Í maí 1945.

Siggeir Lárusson, Kirkjubæ. Vald. Lárusson, Kirkjubæjarklaustri, Valdimar Runólfsson, Hólmi. Þórarinn Helgason, Þykkvabæ. Helgi Jónsson, Seglbúðum. Sigfús H. Vigfússon, Geirlandi. Magnús Auðunsson, Sólheimum. Auðunn Auðunsson, Ásgarði. Páll Pálsson, Efri-Vík. Árni Sigurðsson, Hólmi. Þorfinnur Magnússon, Hæðargarði. Sigurjón Einarsson, Mörk. Skúli Valtýsson, Hunkubökkum. Árni Jónsson, Heiðarseli. Þorleifur Pálsson, Þykkvabæ. Árni Kr. Árnason, Skál. Bjarni Ásgr. Eyjólfsson, Efri-Steinsmýri. Guðmundur Bjarnason, Steinsmýri. Bjarnfreður Ingimundarson, Efri-Steinsmýri. Ólafur Hávarðsson, Efri-Fljótum. Hávarður Jónsson, Króki. Eyjólfur Eyjólfsson, Hnausum. Guðjón Ásmundsson, Lyngum. Páll Jónsson, Syðri-Steinsmýri. Jóhann Þorsteinsson, Króki. Halldór Davíðsson, Syðri-Steinsmýri. Bjarni Bjarnason, Hörgsdal. Jón Jónsson, Teygingalæk. Sigurður Sveinsson, Hrauni. Páll Jónsson, Dalbæ. Helgi Pálsson, Hrauni. Siggeir Björnsson, Holti. Elín Bjarnadóttir, Heiði. Friðrik Kristófersson, Mörk. Jón Björnsson, Klaustri. Sigurður Runólfsson, Hraunkoti. Helgi Sigurðsson, Hraunkoti. Gísli Brynjólfsson, Kirkjubæjarklaustri. Jón Skúlason, Þykkvabæ. Elías Pálsson, Seglbúðum. Stefán Þorláksson, Arnardranga. Runólfur Björnsson, Holti. Sæm. Jónsson frá Fossi. Björn Runólfsson, Holti.

Fylgiskjal II.

Greinargerð um ræktun, landkosti og samgöngur nokkurra jarða á Út-Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu.

1. Bæir þeir, sem hér eiga hlut að máli, eru: Hunkubakkar, Heiði, Heiðarsel, Holt og Skál.

2. Ræktunarskilyrði eru hin beztu á öllum þessum jörðum (að Skál undantekinni, en þar er ræktun erfið vegna brattlendis svo og einnig öll vegagerð). Um er að ræða bæði mólendi og mýrlendi.

3. Allar þessar jarðir eru landríkar og þar af leiðandi hinar beztu fjárjarðir. Afréttarlönd þessara jarða eru einhver þau grösugustu sunnanlands a. m. k.

4. Jarðir þessar eru sem stendur mjög illa í sveit settar vegna þess, að Skaftá er óbrúuð og er meginhluta ársins illfær, og verður því að flytja allar nauðsynjar til og frá þessum bæjum á klökkum yfir grýttan og brattan fjallveg — Kirkjubæjarklaustur, en á þeirri leið er vegarstæði og vegargerð talin mjög erfið.

5. Íbúðarhús svo og önnur útihús eru á öllum þessum bæjum mjög léleg, og stingur það nokkuð í stúf við það, sem er annars staðar á Síðu, og verður vart öðru um kennt en hinum gífurlega erfiðu samgöngum. Bændur þeir, sem byggja þessar jarðir, eru engu síður duglegir búmenn en aðrir sveitungar þeirra.

6. Ég tel mjög tvísýnt, að þeir, sem búa á þessum jörðum, geti ráðizt í að endurbyggja þær, nema ráðin verði bót á samgöngumálum þeirra, — þ. e. að brúa Skaftá hjá Hólmi eða Ytra-Dalbæ.

7. Það verður að teljast illa farið og skaði fyrir Síðu og Vestur-Skaftafellssýslu, ef þetta byggðarlag þarf að leggjast niður eða fara í eyði, bæði af því að þar eru landkostir góðir og dugandi bændur, en hér þarf að grípa til skjótra úrræða.

Garðyrkjuskólanum á Reykjum, 15. okt. 1945.

Árni Jónsson,
héraðsráðunautur.

Fylgiskjal III.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 1. nóvember 1945.

Samkvæmt beiðni yðar, herra sýslumaður, og áskorun hlutaðeigandi bænda var fyrir nokkru ákveðið og mælt brúarstæði á Skaftá undan Heiði. Hefur nú verið gerð áætlun um brú þarna með járnbitum á steyptum stöplum. Brúarstæði er sérlega gott, og nægir aðeins 17 m löng brú, sem er áætluð að kosta um 60 þús. kr.

Brú þessi mundi koma 5 bæjum að notum, sem yrðu að nota ferju yfir Skaftá, ef kleift væri að koma henni þar við, og er því mjög erfitt um alla aðflutninga. Leið sú, sem brú þessi er á, er óveguð, og þarf því í sambandi við brúna að verja nokkru fé til vegabóta, en væntanlega yrði vegur þessi hreppsvegur.

Þeirri litlu sveit, sem hér á hlut að máli, verður vitanlega ofvaxið að leggja nokkuð teljandi fram til brúargerðarinnar, þar sem hún verður og væntanlega að kosta vegagerðina að öllu leyti. Má segja, að hér standi ekki ósvipað á og um brú á Laxá hjá Arnarvatni í Mývatnssveit, en sú brú var byggð í haust og kostuð að öllu leyti úr ríkissjóði, og er á Skaftá fyrirhuguð brú jafnlöng og af sömu gerð og brúin á Laxá.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Hr. sýslum. Gísli Sveinsson, Alþingi.

Nd. 91. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
Á eftir A. II, 12 í sömu lagagrein komi nýr liður:
Skaftá undan Heiði á Síðu.

Nd. 92. Breytingartillaga

við frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

Við 1. gr. Í stað „30“ kemur: 50.

Sþ. 93. Tillaga til þingsályktunar

um fjárframlög úr ríkissjóði til verklegrar kennslu í nokkrum heimavistarskólum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að veita árið 1946 úr ríkissjóði fé vegna verklegrar kennslu eins og hér segir:

a. 1500000 — eina milljón og fimm hundruð þúsund — krónur til að koma á fót verkstæðum með tilheyrandi áhöldum við héraðsskóla landsins, bændaskólana á Hólum og Hvanneyri, Eiðaskóla og væntanlegan vinnuskóla á Reykhólum;
b. allt að 150 kr. á hvern nemanda í þessum skólum til efniskaupa vegna kennslunnar;
c. allt að 33% af útgjöldum framangreindra skóla við bóklegt nám nú í ár, til að standast kostnað við verklegu kennsluna veturinn 1946—47.

Greinargerð.

Verklegt nám hefur of mjög verið vanrækt hér á landi, svo sem sjá má af því, að í einni sýslu með 4000 íbúum er ekki til nema einn fulllærður steinsmiður. Er þetta hérað þó að öðru leyti í fremstu röð um manndóm og menntun. Hefur fram að þessu ekki tekizt að hindra það, að skólahald landsmanna hefur að langmestu leyti snúizt um bóklegt nám og það með þeim hætti, að námsþreytan gerir miklu meira vart við sig en góðu hófi gegnir. Í þessu efni eru húsmæðraskólarnir ánægjulegasta undantekningin. Þar er verklega námið látið sitja í fyrirrúmi. Hafa húsmæðraskólarnir gert stórmikið gagn. Vinsældir þeirra eru svo miklar, að ekki er óalgengt, að hundrað nemendur sæki um skólavist, þar sem ekki er hægt að taka við nema tuttugu. Næstir koma héraðsskólarnir. Þeir hafa allir haft talsverða vinnukennslu, og við einn þeirra er byrjuð framhaldsdeild í smíðum. En um héraðsskólana alla gildir yfirleitt hið sama. Þá skortir vinnustofur til verklega námsins, fé til efniskaupa og til kennslunnar. Um bændaskólana er það að segja, að svo mjög hafa þeir verið vanræktir af ríkisvaldinu, að eftir hálfrar aldar starf vantar tilfinnanlega vinnustofur til verklegu kennslunnar, bæði á Hvanneyri og Hólum. Eiðaskóli á nú samkvæmt lögum að starfa með sama hætti og héraðsskólarnir. Ákveðið hefur verið að koma á fót verknámsskóla á Reykhólum, en þar vantar líka fé til bygginga og rekstrar.

Forgöngumenn héraðsskólanna hafa skilið þessa nauðsyn á auknu verknámi í æskumannaskólum landsins. Var að tilhlutun þeirra gerð mikilvæg breyting á löggjöfinni um héraðsskólana árið 1939. Verða hér tilfærðar nokkrar málsgreinar úr þeim lögum, að því leyti sem þær gera ráð fyrir mjög auknu verknámi:

„Héraðsskólar skulu veita æskumönnum landsins fjölbreytta fræðslu á þjóðlegum grundvelli. Þeir skulu miða starf sitt við að búa nemendur undir athafnalíf við íslenzk lífskjör, með vinnukennslu, bóknámi og íþróttum. .....

.....Jafnskjótt og því verður við komið, vegna húsrúms til vinnukennslu og nauðsynlegra áhalda, skal verklega námið vera 12 stundir á viku að minnsta kosti.“ Þannig skyldi þriðjungi tímans vera varið til verknáms. Um það efni segir enn fremur í héraðsskólalögunum frá 1939:

„Þar sem því verður við komið, skal starfrækja kennslubú í sambandi við héraðsskóla og halda námsskeið í jarðyrkju og góðri meðferð búpenings. Sömuleiðis skal koma á fót við héraðsskóla svo fullkomnu sérnámi í húsagerð og smíði einfaldra húsgagna, að nemendur, sem því sérnámi hafa lokið, geti reist venjulegar byggingar og smíðað innanstokksmuni fyrir heimili í sveitum.“

Haustið eftir að þessi lagasetning var gerð, skall heimsstyrjöldin á. Efni varð torfengið til að koma upp vinnustofum við skólana. Það var auk þess erfiðleikum bundið og síðast ókleift að fá efni til smíðanna, og að lokum varð kaup smiða svo hátt, að skólunum var ekki kleift að koma við þessari miklu aukningu í kennslustarfinu. Rétt er þó að geta þess, að við flesta skólana hefur jafnan verið nokkur smíðakennsla fyrir pilta og ýmiss konar hannyrðir fyrir stúlkur. Má sjá á ýmsum stöðum á landinu einföld og smekkleg húsgögn eftir pilta úr héraðsskólunum. Enginn af skólunum hefur aðstöðu til að framkvæma verklega námið á þann hátt, sem mælt var fyrir af Alþingi 1939.

Nú er friður kominn á og hin ytri skilyrði fengin til að geta hafið þessa verklegu kennslu í svo stórum stíl, að þess hafi ekki verið dæmi áður hér á landi. Til þess

þarf fé til húsagerðar, efniskaupa og kennslu. Ríkið kostar að öllu leyti rekstur búnaðarskólanna og Eiðaskóla, en leggur aðeins 75% fram í byggingarkostnað héraðsskólanna. Sú upphæð, sem hér er nefnd, mundi hvergi nærri nægja til að koma upp nauðsynlegum vinnustofum í öllum þessum skólum, en engar líkur eru til, að hentugt þætti að vinna fyrir meira fé á einu ári.

Ef einhverjum mönnum kynni að þykja mikið færzt í fang með tilkostnað við verknámið, þá er því að svara, að það er meiri eyðsla að vanrækja verkkunnáttu en að verja nokkru fé til að auka verkmenningu landsmanna. Auk þess hefur menntamálanefnd neðri deildar flutt fjögur kennslumálafrumvörp fyrir einn af núverandi ráðherrum, þar sem gert er ráð fyrir stórfelldri aukningu skólanna og einkum bóknámsins. Samkvæmt því á að reisa heimavistarskóla í öllum dreifbyggðum fyrir sveitabörnin, koma á skólaskyldu fyrir alla unglinga og tengja barna- og unglingaskólana svo saman, að þeir verki á æsku landsins eins og trekt, þar sem börnin streyma hvíldarlaust úr einum skylduskólanum í annan, þannig að börn, sem hafa byrjað sjö ára, enda tuttugu árum síðar sem vísindamenn úr Háskóla Íslands. Þetta kerfi er svo umfangsmikið, að Laugarvatn, sem hefur mestan húsakost af héraðsskólunum, yrði allt of lítið fyrir börn úr Árnessýslu, sem send yrðu þangað til skyldunáms. Má nærri geta, hvílíkan tilkostnað þjóðin verður að hafa við þessa nýju skólaskipun, ef henni verður komið á, eins og nú virðist stefnt að á Alþingi.

Landsmenn mega vera þess fullvissir, að sú byrði, sem þeim ber að taka á sig vegna vinnukennslu í héraðsskólunum samkvæmt lögunum frá 1939, er næsta létt í samanburði við þær álögur, sem fylgja mundu hinu nýja bóknámskerfi, sem nú er til meðferðar í neðri deild. Þá ber þess að gæta, að byggingarmál sveita og kauptúna verða alls ekki leyst nema með því að skapa mikinn fjölda manna, sem geta byggt fyrir sig sjálfa og sína nánustu án þess að leita til byggingarmanna úr bæjum, sem fá nú 300 kr. eða meira á dag fyrir vinnu sína við byggingar í kaupstöðum. Engin framkvæmanleg lausn á þessu vandamáli sveita og kauptúna er enn fundin nema sú, sem fólgin er í héraðsskólalögunum frá 1939.

Menn kynnu ef til vill að benda á, að hið nýja skólaskipulag gangi í sömu átt. Þar sé líka gert ráð fyrir verknámsdeildum. Í héraðsskólalögunum frá 1939 er gert ráð fyrir, að allir nemendur eyði þriðja hluta námsdagsins við verklegt nám. Auk þess fylgir framhaldsnám fyrir menn, sem vilja ná meiri fullkomnun í verklegri þekkingu. Milliþinganefndin í skólamálum ætlar að skipta unglingum á fermingaraldri í tvo hópa. Annar sinni bóklegu námi, en hinn verklegu. Þetta skipulag hefur verið reynt erlendis og gefizt mjög illa. Foreldrum og börnum þykir fint að stunda bóknámið, en verknámið talið hæfa úrkastinu einu saman. Reyna foreldrar og vandamenn þess vegna með margháttaðri elju og aukakennslu að koma börnum sínum að bóknámi. Þeir, sem sinna vinnunáminu, eru álitnir úrgangsvara með litlar framtíðarvonir. Jafnframt er miklum hluta barnanna í bóknámsdeildinni ofþjakað með ítroðningi, svo að þau njóta ekki meðfæddra hæfileika fyrir þessa óskynsamlegu meðferð kennsluyfirvalda og vandamanna.

Vinnukennsla héraðsskólalaganna er byggð á heilbrigðum grundvelli. Þar læra allir að vinna, af því að það er öllum nauðsynlegt. Sérstakir áhugamenn halda lengra áfram og verða að nýtari menn og nauðsynlegir þjóðfélaginu. Nemendur, sem hafa mikinn hug á bóknámi, stunda það sérstaklega og njóta þar hæfileika sinna, ef þeir eru áberandi. Verknámsdeildir milliþinganefndarinnar í skólamálum eiga að starfa eftir dönsku fyrirmyndinni. Þar eru sauðir skildir frá höfrum. Börn og ungmenni með tregar námsgáfur, hvað sem líður öðrum kostum, eru dæmd til að fá ekki að gera það, sem hin ungmennin telja ólíkt veglegra, en það er að sinna bóknámi og leysa próf af prófi, halda lengra og lengra eftir bóknámsbrautinni, án tillits til þess, hvort þjóðfélagið þarf þeirra með eða hvort þessir nemendur hafa raunverulega óskað eftir að fara bóknámsleiðina.

Þeir, sem hafa til muna kynnzt börnum og unglingum, vita, að allur þorri þeirra hneigist miklu meira til vinnu og líkamlegrar áreynslu en til bóknáms. Það er miklu

fremur grunnfær metnaður foreldra en hneigð æskumanna, sem veldur hinni óheppilegu offramleiðslu af mönnum til bóklegra starfa. Verður reynslan venjulega sú, að bæði foreldrar og aðrir vandamenn hafa, þegar allt kemur til alls, litla ánægju af kvalafullri bóknámskúgun ungmenna, sem hafa verið barin til bókar móti hneigð sinni og vilja. Verður mikið af því fólki landeyður og öfgamenn, sióánægt með kjör sín og stórlega vanþakklátt því þjóðfélagi, sem hefur hjálpað því til að verða allt annað en það átti að vera.

Vel má vera, að Alþingi sé nú svo skipað, að það yfirgefi stefnu þá, sem tekin var með héraðsskólalöggjöfinni 1939, og vilji í þess stað koma á skipulagi, sem er miðað við það að koma rýrð og óorði á framleiðslustörfin. Þá getur svo farið, að innan tíðar verði til mannmörg héruð, þar sem enginn maður hefur til að bera þá verkkunnáttu, sem heimtuð er til að gera sómasamlegt hús í kaupstöðum landsins. Tillaga þessi er flutt til að ganga úr skugga um það, hvort þessi stefnubreyting sé nú orðin að veruleika.

Nd. 94. Frumvarp til laga

um kaup á nýjum strandferðaskipum.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða þrjú strandferðaskip erlendis fyrir reikning ríkissjóðs. Sé eitt skipið um 1400—1500 rúmlestir brúttó og aðallega byggt sem farþegaskip. Hin tvö skipin séu um 300 rúmlestir brúttó, fyrst og fremst til vöruflutninga.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 7 millj. króna lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk samgöngumálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Síðastliðið sumar barst samgöngumálaráðuneytinu álit milliþinganefndar, er um tvö undanfarin ár hefur haft til athugunar, á hvern hátt strandferðum yrði komið fyrir á sem hagfelldastan veg hér við land. Þrír nefndarmenn af fjórum lögðu til sem byrjunarframkvæmdir í málinu, að keypt yrði skip á stærð við Esju, aðallega til farþegaflutninga, og tvö skip minni, 300—400 brúttó rúmlestir að stærð, aðallega til vöruflutninga. Fjórði nefndarmaðurinn, Gísli Jónsson alþm., lagði til, að fyrst yrði leitað upplýsinga um, hve mikið mundi kosta smíði þessara skipa, og síðan yrði ákvörðun tekin, þegar þær upplýsingar lægju fyrir, um framkvæmdir. Sbr. fskj. I.

Ráðuneytið ákvað þá þegar að leita tilboða í byggingu þessara skipa og fól framkvæmdastjóra Skipaútgerðar ríkisins að fara utan þeirra erinda. Hafa tilboð þessi verið að berast í síðastliðnum mánuði, og eru upplýsingar um þau prentuð hér með í bréfi skipaútgerðarinnar. (Fskj. II.) Eins og tilboðin bera með sér, verður byggingarkostnaður farþegaskipsins rúmar 4½ millj. kr., en hinna um 1¼ millj. kr. hvors um sig.

Var Skipaútgerð ríkisins þá falið að gera rekstraráætlun um afkomu Skipaútgerðar ríkisins, ef reiknað væri með því, að þessi skip væru fyrir hendi, og fylgir sú áætlun einnig hér með. (Fskj. III.) Einnig er prentaður til samanburðar aðal-

rekstrarreikningur skipaútgerðarinnar fyrir sl. ár. Eins og öllum er kunnugt, hefur Skipaútgerð ríkisins ekki, sökum ófullnægjandi skipakosts, getað annað strandsiglingunum hér við land á undanförnum árum, svo í viðunandi lagi hafi verið. Samtímis hefur halli á rekstrinum orðið mjög mikill, vegna þess að skipin hafa mörg verið óheppileg. Úr þessu er að mjög verulegu leyti ætlað að bæta með kaupum þeirra þriggja skipa, sem hér er gert ráð fyrir að láta byggja.

Vegna þess að skipasmíðastöðvar þær, sem tilboðin hafa sent, hafa ekki skuldbundið sig til að standa við tilboðin nema til 15 þ. m., er mikil nauðsyn á, að málinu verði hraðað svo, að það verði afgreitt nokkru fyrir þann tíma.

Að öðru leyti vísast til fylgiskjala.

Nefndarmenn áskilja sér óbundið atkvæði um einstök atriði frv.

Fylgiskjal I.

Nefndarálit. — Tillögur um fyrirkomulag strandsiglinga og fleira.

Samkvæmt ályktun frá Alþingi 12. apríl 1943 skipaði atvinnumálaráðherra með bréfi, dags. 28. júní það ár, mig undirritaðan ásamt hr. Gísla Jónssyni alþingismanni, hr. Jóni Axel Péturssyni bæjarfulltrúa og hr. Arnfinni Jónssyni kennara til þess að rannsaka skilyrði fyrir og starfrækslu fullkominnar skipasmíðastöðvar í Reykjavík og gera tillögur um nýja skipun strandsiglinga, einkum fyrirkomulag flóabáta, og hvernig bezt megi samræma ferðir þeirra við siglingar strandferða- og millilandaskipa.

Eins og ályktunin ber með sér, var verkefni nefndarinnar tvenns konar. Urðu nefndarmenn sammála um þann þátt, sem fjallar um skipasmíðastöðina, og skiluðu sameiginlegu áliti til ríkisstjórnarinnar 6. nóv. 1943. Hins vegar hefur ekki tekizt þrátt fyrir marga fundi og ítrekaðar tilraunir að fá nefndarmenn sammála um álit varðandi strandsiglingarnar. Það, sem hér fer á eftir, er því sérálit undirritaðs:

Það munu varla vera skiptar skoðanir um það, að samgöngur á sjó meðfram ströndum landsins eru eitt af höfuðskilyrðunum fyrir heilbrigðri þróun atvinnuveganna. En þrátt fyrir það hefur það atvikazt svo, að strandferðum hefur verið mjög ábótavant. Ræður þar mestu um ónógur og óhentugur skipakostur og skipulagsleysi strandferðamálanna yfirleitt. Fyrir styrjöldina héldu tvö útlend skipafélög (Sameinaða og Bergenska) uppi föstum ferðum til Íslands og létu þá skip sín um leið sigla meira og minna í strandferðum, þó eingöngu á hinar stærri hafnir, þar sem svaraði kostnaði að koma við á. Skip Eimskipafélags Íslands sigldu einnig nokkuð í strandferðum ásamt millilandaferðunum, en þó aðallega á þær hafnir, sem höfðu góð afgreiðsluskilyrði. Eimskipafélagið lét þó skip sín koma við á ýmsum smærri höfnum, þegar sérstaklega stóð á og beðið hafði verið um það í tíma.

Enda þótt hinar stærri hafnir fengju flutningaþörf sinni að miklu leyti fullnægt á þennan hátt, voru ferðirnar óhentugar. Skip komu oft hvert á eftir öðru með stuttu millibili og stundum fleiri en eitt samdægurs, enda sigldu skip þessi að meira eða minna leyti í samkeppni. Hlutverk strandferðaskipanna (Esju gömlu og Súðarinnar) var því aðallega að sjá minni höfnunum fyrir samgöngum, en vegna þess að flutningarnir á stærri hafnirnar, sem helzt gáfu tekjur, fóru að miklu leyti með strandferðum millilandaskipanna, varð tilfinnanlegur halli á rekstri strandferðaskipanna.

Þetta ástand og fyrirkomulag gerði það að verkum, að strandferðirnar urðu óhentugar og dýrar og að ekki var hafizt handa um að útvega til strandferðanna nægan og hentugan skipakost.

Enda þótt stærri hafnirnar gætu haft mikil not af strandferðum millilandaskipanna, varð flutningsþörf þeirra hvergi nærri fullnægt, vegna þess hve viðkomurnar voru óreglulegar, enda miðaðar fyrst og fremst við millilandaferðir. Minni hafnirnar, þar sem millilandaskipin komu ekki, vantaði tilfinnanlega skipaferðir, enda var það komið svo fyrir styrjöldina, að kröfurnar um bættar strandferðir fóru

sívaxandi. Nú á síðustu árum hafa atvinnuvegirnir breytzt til muna og ný viðhorf skapazt, sem gera það að verkum, að strandferðir eru enn nauðsynlegri en nokkru sinni fyrr. Má þar til nefna hinn stóraukna hraðfrystiiðnað, en sá iðnaður verður að hafa örar og öruggar strandferðir, ef hann á að geta þrifizt, þá fjölgun síldarverksmiðja, enn fremur nýju orlofslögin, allt þetta útheimtir auknar samgöngur. Þar sem tvær strandferðaviðkomur á mánuði voru nægilegar fyrir fimm árum, er lágmarkið nú ein viðkoma á viku, ef atvinnulífið á ekki að hemlast af samgönguleysi.

Annað þýðingarmikið viðhorf hefur skapazt í sambandi við afgreiðslu skipanna á hinum ýmsu höfnum úti á landi. Þar eru, eins og kunnugt er, margar hafnir, sem ekki hafa hafskipabryggjur, og verða því flutningar milli skips og lands að fara fram á bátum. Viðkomustaðir strandferðaskipanna munu að jafnaði vera 64 umhverfis landið. Þar af eru 43, sem ekki hafa hafskipabryggjur. Flutningar milli skips og lands á bátum eru mjög kostnaðarsamir og það, sem verra er, að víðast hvar er þannig ástatt, að ómögulegt hefur reynzt að fá nægan mannafla til vinnunnar. Af þessum ástæðum gengur afgreiðsla strandferðaskipanna á þessum stöðum mjög seint, og segir það sig sjálft, hversu fráleitt það er, að stór skip, sem kosta 6—7 þúsund krónur á dag, bíði eftir slíkri afgreiðslu, enda er það svo, að farþegar fara helzt ekki með þeim skipum, sem búast má við, að tefjist af þeim sökum. Af þeim 43 viðkomustöðum, sem ekki hafa hafskipabryggjur, hafa 14 bryggjur fyrir minni skip, og útlit er fyrir, að í náinni framtíð fjölgi mjög mikið bryggjum, sem skip geta lagzt upp að, sem ekki rista meira en 9—10 fet. Sívaxandi kröfur berast frá hinum minni höfnum um það, að flutningar til og frá þeim fari fram á litlum skipum, sem geta lagzt upp að hafnarmannvirkjum, sem til eru, og á þeim höfnum, sem ekki hafa slík hafnarmannvirki, geta hin minni skip legið mun nær landi en stóru skipin og þar af leiðandi auðveldara um alla afgreiðslu. Það er því ljóst mál, að stór strandferðaskip með farþega mega ekki tefja sig á því að bíða eftir afgreiðslu á þeim stöðum, sem hafa slæm afgreiðsluskilyrði, heldur verður flutningur til þeirra staða að fara fram á litlum skipum.

Með hliðsjón af framangreindu tel ég, að það, sem aðallega þurfi að hafa í huga í sambandi við skipulagningu strandferðanna, sé þetta:

1. Strandferðirnar verða að vera það tíðar, að það samsvari hraðanum í verzlun og viðskiptum á hverjum tíma.
2. Farþega- og vöruflutningar geta illa farið saman á þær hafnir, sem hafa slæm afgreiðsluskilyrði.
3. Vöruflutningar á hinar minni hafnir, sem ekki hafa hafskipabryggjur, verða að fara fram á litlum skipum, sem geta notað þau hafnarmannvirki, sem fyrir eru og væntanlega koma í náinni framtíð.

Þá er komið að því að taka millilandasiglingarnar til athugunar í sambandi við strandferðamálin.

Séu athugaðar skipakomur hingað til lands fyrir stríð og það borið saman við flutningsmagnið til og frá landinu á sama tíma, sést, að notaður hefur verið óþarflega mikill skipakostur. Mun láta nærri, að hægt hefði verið að komast af með helmingi minni skipakost en gert var, ef flutningar til og frá landinu hefðu verið skipulagðir. Auðvitað hafa Íslendingar orðið að greiða hið tóma skiprúm með auknum flutningsgjöldum. Margar ástæður munu hafa legið til þess, að þetta ástand var ríkjandi. Þó tel ég, að meginástæðurnar hafi verið í fyrsta lagi, að vantað hafi samtök milli innflytjenda um að taka flutning sinn á stórum skipsförmum, og í öðru lagi, að skipin voru ekki notuð sem skyldi, t. d. kolaskip ekki látin taka síldarmjöl til baka, olíuskip síldarlýsi o. s. frv., og í þriðja lagi voru íslenzk skip, sem voru leiðandi að því er flutningsgjöld snerti, of dýr í rekstri, en það stafaði aðallega af því, að þau komu á of margar hafnir innan lands. Ferðir þeirra urðu því langar, og þar af leiðandi þurftu þau að hafa há flutningsgjöld til að geta borið sig fjárhagslega. Útlend skip af hagkvæmari gerð gátu því í skjóli háu flutningsgjaldanna siglt til landsins með góðum hagnaði, þó að þau hefðu ekki fullfermi.

Ýmsar líkur benda til þess, að þessi mál muni falla í svipaðan farveg að stríðinu loknu, ef ekki verður að gert, að nokkur íslenzk skip verði í förum til Norðurlandanna, Bretlands og Þýzkalands og flytji ýmsar nauðsynjavörur, sem keyptar verða þar, þar á meðal vörur, sem eru innfluttar til þessara landa, enda kaupa þá þessi lönd afurðir af okkur Íslendingum ýmist til eigin nota eða útflutnings í endurbættu ásigkomulagi. Millilandaskip þessi verða svo látin koma við á flestum hinna stærri hafna innan lands og mynda þannig eins konar betrihafnastrandferðir, sem fríar þó ekki ríkið við að reka strandferðir, en eykur aðeins rekstrarhalla þeirra til stórra muna. Með því að blanda þannig saman strandferðunum og millilandaferðunum verða ferðir millilandaskipanna tafsamar, og afleiðingin verður óeðlilega há flutningsgjöld. Þessi háu flutningsgjöld verða síðan tekin til fyrirmyndar við alla flutninga til og frá landinu og gera útlendingum auðvelt að hefja illvíga samkeppni við íslenzk skip.

Ég tel, að þannig megi þetta ekki verða, enda ætti að vera kleift að skipuleggja flutning á nauðsynjum okkar litlu þjóðar þannig, að óeðlilega há flutningsgjöld þurfi ekki að auka dýrtíð í landinu. Það, sem gera þarf í því sambandi, virðist mér í stuttu máli vera þetta:

1. Skipuleggja þarf alla flutninga til og frá landinu þannig, að þungavörur, svo sem salt, kol, kornvörur og sykur, verði fluttar til landsins í sem allra stærstum skipsförmum.
2. Kappkosta þarf að nota skiprúm báðar leiðir, t. d. skip, sem koma með kol, salt og olíu og þess háttar, þurfa að taka til baka síldarmjöl, fisk, síldarlýsi o. s. frv.
3. Koma þarf á fót þremur umskipunarhöfnum á landinu utan Reykjavíkur, einni á Austurlandi, einni á Norðurlandi og einni á Vesturlandi. Á þessar hafnir þurfa svo vörur að koma með millilandaskipunum, og yrði þeim síðan dreift með hentugum strandferðaskipum um nágrennið. Einnig munu þá millilandaskipin taka vörur til útflutnings á þessum aðalhöfnum, sem strandferðaskipin hafa safnað þangað. Gera má ráð fyrir, að iðnaðarfyrirtæki verði sett á stofn á slíkum aðalstöðum, sem sjá nálægum landshlutum fyrir nauðsynlegum iðnaðarvörum.

Það er vitað, að kostnaðurinn við skipshafnir skipa er mjög stór liður í rekstri þeirra, og þar sem vitað er, að 2000 lesta skip hefur nálega sömu skipshöfn og 5000 lesta skip, sést fljótt á því einu, hve miklu hagkvæmara það er að flytja í stórum förmum. Það ætti ekki að reynast erfitt að fá samtök um að skipuleggja flutninga á hinni svokölluðu þungavöru, eins og kolum, salti og slíku, en nokkru erfiðara mun það verða að því er viðkemur hinni venjulegu stykkjavöru. Kemur þar ýmislegt til greina, sérstaklega hvað þjóðin er fámenn og tekur þar af leiðandi lítið af hverri tegund, en vörur, sem til landsins þarf að flytja, fjölbreyttar. Það verður því að gera ráð fyrir, að slíkar vörur verði að kaupa mikið eftir hendinni og flytja til landsins á svipaðan hátt og verið hefur, í fremur litlum skipum, en þó stærri en áður var. Til þess að flutningsgjöld fyrir slíkar vörur verði ekki óeðlilega há, þarf að taka hraðann til hjálpar. Skipin mega ekki koma á margar hafnir innanlands. Þau verða að vera fljót í ferðum, svo að notagildi þeirra verði sem allra mest, enda er það vitað, að þau skip, sem flytja stykkjavörur, og væntanlega einnig farþega, milli Íslands og útlanda, verða aðalsamgönguæð landsins á sjó og leiðandi að því er við kemur flutningsgjöldum til og frá landinu yfirleitt.

Ef gengið er út frá því, að millilandaferðirnar verði færðar í það horf, sem hér að framan hefur verið drepið á, tel ég, að eftirgreind skip og tilhögun á ferðum þeirra þurfi til að byggja upp fullkomið strandferðakerfi:

1. **Tvö strandferðaskip** ámóta og Esja, sem gangi hvort á móti öðru kringum landið með viðkomu á flestöllum höfnum, að undanteknum Húnaflóa- og Breiðafjarðarhöfnum, og taki flutning til og frá höfnum, sem hafa hafskipabryggjur og góð afgreiðsluskilyrði, en komi við á hinum aðeins vegna farþega. Hver hringferð ætti þá að taka 7—8 daga, og ef gert er ráð fyrir þriggja daga stoppi í Reykjavík að meðaltali, yrðu ferðir frá Reykjavík 10.—11. hvern dag austur og vestur um land.

2. **Austurlandsbátur** (250 lestir) gangi milli Langaness og Hornafjarðar með viðkomu á öllum Austfjarðahöfnum í báðum leiðum. Ætti báturinn að geta farið eina ferð í viku fram og aftur. Meðan ekki er komin umhleðsluhöfn á Austurlandi, yrði bátur þessi að fara til Reykjavíkur, og mundi þá hver ferð taka um 10 daga.

3. **Norðurlandsbátur** (250 lestir) gangi á svæðinu frá Ísafirði til Þórshafnar á Langanesi, með viðkomu á öllum höfnum milli þessara staða í báðum leiðum, má gera ráð fyrir, að hver ferð fram og aftur taki um 10 daga.

4. **Vestfjarða- og Vestmannaeyjabátur** (250 lestir) ganga frá Reykjavík til Ísafjarðar með viðkomu á öllum Vestfjörðum (ekki Breiðafirði) í báðum leiðum. Aðra hverja ferð fer svo báturinn til Vestmannaeyja. Ætla má tvo daga í hverja Vestmannaeyjaferð og fimm daga í hverja Vestfjarðaferð og þrjá daga til afgreiðslu í Reykjavík báðar ferðir. Gæti báturinn þá farið þrjár ferðir til Vestmannaeyja og þrjár ferðir til Vestfjarða á rúmum mánuði.

5. **Breiðafjarðarbátur** (150 lestir) gangi milli Breiðafjarðarhafna og Reykjavíkur. Gera má ráð fyrir, að hver ferð taki 6—7 daga með stoppi í Reykjavík, eða sem næst 4 ferðir á mánuði. Bátur þessi gæti einstaka sinnum farið til Vestfjarða, ef þurfa þætti.

6. **Akranes- og Borgarnesbátur** (farþegabátur um 300 lestir) gangi milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness. Meðan farþegastraumurinn er mestur yfir sumarmánuðina, þyrfti að líkindum að bæta við öðrum bát um 50 lestir, sem þá yrði leigður til að annast vöruflutninga til beggja staðanna. Er ekki ólíklegt, að farþegabáturinn gæti farið eina ferð í viku til Vestmannaeyja að vetrinum.

7. **Vestmannaeyja- og Stokkseyrarbátur** (50 smálestir). Ætlazt er til, að bátur þessi haldi uppi ferðum milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja frá byrjun apríl til nóvemberloka. Ef vegur kemur til Þorlákshafnar, eru líkur til, að hagkvæmara verði að hafa ferðirnar þangað. Báturinn þarf að vera 50—60 smálestir og sérstaklega byggður til þessara ferða, aðallega vegna hafnarskilyrða á Stokkseyri.

8. **Djúpbátur** (50 smálestir). Nokkuð hafa verið skiptar skoðanir um, hvaða stærð af bátum hentaði bezt fyrir Ísafjarðardjúp. Álíta sumir, að bezt sé að hafa 30—40 smálesta bát, sem gangi um Djúpið eingöngu, en aðrir telja 80—100 smálesta bát hentugastan, enda gangi hann þá jafnframt til annarra Vestfjarðahafna. Ef hafður er sérstakur bátur milli Vestfjarða og Reykjavíkur, eins og gert er ráð fyrir hér að framan, verður að telja heppilegast, að Djúpbáturinn sé um 50 smálestir og gangi aðeins um Djúpið og ætti þá að vera byggður með það fyrir augum að geta tekið 1—2 bíla, þegar vegur yfir Þorskafjarðarheiði er fullgerður. En sýni það sig þá, að bátur þessi sé of lítill yfir sumarmánuðina, mætti skipta um hann og setja annan stærri í staðinn þann tíma, sem Þorskafjarðarvegurinn er fær bifreiðum.

9. **Skagafjarðar- og Eyjafjarðarbátur** (150 smálestir). Bátur þessi gangi milli Skagafjarðar- og Eyjafjarðarhafna frá 1. nóvember til síðasta apríl. Er þá ætlazt til, að báturinn fari 2 ferðir í viku milli Akureyrar og Sauðárkróks og komi við í annarri ferðinni á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum, en í hinni aðeins á Siglufirði í báðum leiðum. Er þá gert ráð fyrir, að farþegar, sem koma með bílum frá Suðurlandi til Sauðárkróks, noti aðallega hraðferðina. Bátur þessi fari svo einstakar ferðir til Grímseyjar, þegar tími vinnst til. Yfir sumarmánuðina er svo ætlázt til, að bátur þessi verði tekinn í annað, t. d. fyrir báta, sem þurfa aðgerðar við, en tveir minni bátar leigðir til þess að hafa flutningana á hendi, og gangi annar þeirra milli Siglufjarðar og Skagafjarðar, en hinn um Eyjafjörð til Siglufjarðar. Þegar vegurinn yfir Siglufjarðarskarð er fullgerður, mun ekki þurfa bát milli Skagafjarðar og Siglufjarðar.

Þetta fyrirkomulag á ferðum strandferðaskipanna getur auðvitað breytzt eftir því, sem ný viðhorf kunna að gera breytingar æskilegar.

Strandferðaskipin, sem hér hefur verið minnzt á, þurfa að vera fullkomin mótorfarþegaskip af svipaðri stærð og Esja og vel út búin að öllu leyti og geta gengið 15—16 sjómílur á klukkustund. 300 lesta báturinn er ætlaður fyrir Borgarnes- og

Akranesferðir og þarf fyrst og fremst að vera gerður fyrir farþega. Hina bátana þarf að byggja sérstaklega fyrir þær strandferðir, sem þeir eru ætlaðir til. Þurfa þeir að vera fyrst og fremst útbúnir fyrir vöruflutninga og að þægilegt sé og fljótlegt að ferma þá og afferma. Í þeim þarf að vera rúm fyrir frystar vörur, hylki fyrir lausa olíu og benzín og einnig útbúnaður til að geta flutt olíu og benzín í tunnum, án þess að hætta stafi af. Gert er ráð fyrir, að farþegar fari aðallega með farþegaskipunum, en þó verður að gera ráð fyrir, að nokkuð af farþegum fari með bátunum, sérstaklega stuttar leiðir, og verður því að gera ráð fyrir lítils háttar farþegarúmi í þeim.

Öll þessi strandferðaskip, sem nefnd eru hér að framan, er ætlazt til, að verði rekin af ríkinu, að svo miklu leyti sem ekki telst hagkvæmara, að einstaklingar eða félög reki þau, en séu skipin eða bátarnir reknir af öðrum en ríkinu, verður að sjálfsögðu að gera þá kröfu, að reksturinn sé háður eftirliti stjórnar strandferðamálanna og áætlanir og annað falli inn í strandferðakerfið eins og heppilegast þykir á hverjum tíma.

Ekki verður hægt að komast af án þess að hafa flóabáta, sem styrktir eru af ríkinu, fyrst um sinn á ýmsum stuttum leiðum, þar sem þarf að koma afskekktum stöðum í bílasamband, eða milli lands og eyja og þess háttar, en þess er að vænta, að slíkum bátum fari fækkandi, eftir því sem vegakerfi landsins fullkomnast og strandferðir færast í fastara form. Bátarnir verða að sjálfsögðu að vera eins og áður undir eftirliti stjórnar strandferðamálanna og ferðir þeirra að falla inn í strandferðakerfið, þar sem því verður við komið.

Fari svo, að ekki þyki fært að skipuleggja millilandasiglingarnar á þann hátt, sem bent hefur verið á hér að framan, er hætt við, að þær falli í svipaðan farveg og áður var, þ. e. að millilandaskipin sigli nokkuð í strandferðum jafnframt millilandaferðunum. Verður þá ekki nægilegt verkefni fyrir allan þann skipakost í strandferðum, sem gert hefur verið ráð fyrir hér að framan. Hins vegar verður ekki hjá því komizt að hafa strandferðir, og verður þá varla hægt að komast af með minna en tvö strandferðaskip ámóta og Esju og tvo strandferðabáta um 250 lestir hvorn, auk Borgarnes—Akranesbáts. Það verður því að teljast hyggilegt að byrja með að útvega til strandferðanna þann skipakost, sem minnstan er hægt að komast af með, hvernig svo sem fer með skipulag siglinganna að öðru leyti, og bæta svo við strandferðabátum eftir því, sem þurfa þykir, þar til strandferðakerfið er fullkomið.

Niðurstaðan af því, sem hér að framan hefur verið sagt, verður þá sem hér segir:

I. Skipulagning millilandasiglinga.

A. Flutningar til og frá landinu fari fram á sem allra stærstum skipum.

B. Milliferðaskip, sem sigla eftir föstum áætlunum, tefji sig ekki á strandferðum, heldur verði notaðar umhleðsluhafnir og vörunum þaðan dreift með hentugum strandferðaskipum til nærliggjandi staða.

II. Skipulag strandferðanna.

A. Tvö strandferðaskip ámóta og Esja gangi hvort á móti öðru kringum landið, komi við á flestöllum höfnum vegna farþega, en taki aðeins flutning til og frá þeim höfnum, sem hafa hafskipabryggjur og góð afgreiðsluskilyrði.

B. Strandferðabátar annist flutninga á takmörkuðum svæðum, sérstaklega á þær hafnir, sem strandferðaskipin flytja ekki til vegna slæmra hafnarskilyrða. Sé ætlaður einn 250 lesta bátur á svæðið Hornafjörður—Langanes, einn 250 lesta bátur á svæðið Langanes—Ísafjörður, einn 250 lesta bátur á svæðið Vestfirðir—Reykjavík—Vestmannaeyjar, einn 150 lesta bátur fyrir svæðið Reykjavík—Breiðafjörður, einn 300 lesta farþegabátur á svæðið Reykjavík—Borgarnes—Akranes, einn 150 lesta bátur milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar yfir vetrar-

mánuðina, einn 50 lesta bátur fyrir Ísafjarðardjúp og einn 50 lesta bátur milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja yfir sumarmánuðina. Auk þessa verði litlir flóabátar styrktir, þar sem þurfa þykir, til þess að afskekktir staðir komist í vegasamband eða eyjar í samband við land og þess háttar, en bátar þessir verði lagðir niður eftir því, sem strandferða- og vegakerfi landsins fullkomnast.

III. Byrjunarframkvæmdir.

Hafizt verði handa eins fljótt og hægt er að láta byggja strandferðaskip ámóta og Esju og tvo strandferðabáta 250 lestir hvorn, enda verði tvö strandferðaskip og tveir strandferðabátar skoðaðir sem lágmarksskipakostur í strandferðunum. Síðan verði bætt við strandferðabátum eftir því, sem þörf krefur, þar til strandferðakerfið er fullgert.

Ef litið er yfir íslenzka siglingaflotann, sést fljótt, að þar er illa ástatt. Millilandaskipin eru gömul og svo fá, að þau geta ekki tekið nema lítið brot af því, sem til landsins þarf að flytja. Skip til strandferða vantar tilfinnanlega. Orðið hefur undanfarið að notast við alls konar fiskiskip og báta, til þess að atvinnuvegir landsmanna líði ekki stórlega fyrir skort á samgöngum. Má segja, að íslenzka þjóðin hafi ekki ráð á nema einu skipi (Esju), sem svarar til krafna nútímans. Er þetta ærið bágborið, þegar þess er gætt, að siglingar eru þjóðinni höfuðnauðsyn. Það er því alveg augljóst, að gera þarf stórt átak í því að byggja upp íslenzka skipastólinn bæði til utan- og innanlandssiglinga. Er þá nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, hvers konar skipulag er hentugast á þeim málum yfirleitt, og hef ég ekki komið auga á annað heppilegra fyrirkomulag en það, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.

Reykjavík, 18. júní 1945.

Pálmi Loftsson.

Reykjavík, 11. júní 1945.

Nefndarálit um nýja skipun strandsiglinga.

Frá Gísla Jónssyni.

Þann 28. júní 1943 skipaði hr. fyrrverandi atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vilhjálmur Þór mig undirritaðan í nefnd ásamt hr. forstjóra Pálma Loftssyni, er jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, hr. hafnsögumanni Jóni A. Péturssyni og hr. kennara Arnfinni Jónssyni, til þess að:

1. „Rannsaka skilyrði fyrir byggingu og rekstri fullkominnar skipasmíðastöðvar í Reykjavík."
2. „Athuga og gera tillögur um nýja skipun strandsiglinga, einkum um fyrirkomulag flóabáta og hversu bezt megi samræma ferðir þeirra við siglingar strandferða- og millilandaskipa."

Nefndin hóf störf í september 1943. Lauk hún fyrst athugun á verkefni undir tölulið 1, og skiluðu nefndarmenn sameiginlegu áliti um það atriði. Verkefni undir tölulið 2 hefur verið til umræðu á fjölmörgum fundum hjá nefndinni. Hefur hún ekki haft við önnur gögn að styðjast í því máli en ársreikninga Skipaútgerðar ríkisins ásamt meðfylgjandi skýrslum frá 1942—1944, svo og þær upplýsingar, sem formaður nefndarinnar hefur getað látið henni í té.

Það kom þegar fram í upphafi, að ef gera átti tillögur um nýja skipun strandsiglinga, yrði að ganga út frá því, að strandferðirnar yrðu framvegis allar á einni hendi, þ. e. lytu allar einni og sömu stjórn. Á þann hátt var auðveldast að fá fullt yfirlit yfir flutningaþörfina á hverjum tíma og þá jafnframt hægast að tryggja nægilegan skipakost til ferðanna, án þess þó að fleiri skip væru í ferðunum en

þörf væri á. Um þetta urðu allir nefndarmenn sammála. Skyldu tillögurnar síðan gerðar með tilliti til þessa samkomulags. Á árunum 1941—44 hefur þessi háttur verið hafður á strandsiglingunum að langmestu leyti, þótt nokkrar undantekningar hafi þar á verið, þar sem Eimskipafélag Íslands hefur á þessu tímabili annazt að einhverju leyti strandsiglingar samfara millilandasiglingum. Gefur því skýrsla Skipaútgerðarinnar á þessum árum nokkuð glögga hugmynd um flutningsþörfina, nauðsynlegan skipakost, tekjur og kostnað. Að byggja tillögur um skipulagningu á nokkru öðru en því, að einn aðili hafi þær á hendi, er að sjálfsögðu alger ógerningur, þar sem þá ríkir megnasta óvissa um flutningsþörfina, sem Skipaútgerðinni væri ætlað að sjá fyrir, enda var það jafnan svo fyrir stríð, á meðan þessar siglingar voru á höndum fjögurra aðila.

Sé gerður samanburður á árunum 1935 og 1944, sést, að viðkomurnar hjá Skipaútgerðinni hafa tvöfaldazt, farþegatalan nærri þrefaldazt og vörumagnið fjórfaldazt, en þetta er að sjálfsögðu langmest fyrir það, að nú er Skipaútgerðin svo að segja ein um alla þessa flutninga. Hefur vörumagnið á síðasta ári orðið tæp 44 þús. smál. og er þá lægst yfir 4 síðustu ár, en hæst kemst það 1943 upp í rúm 50 þús. smál. Að vörumagnið hefur minnkað um nærri 7 þús. smál. á sl. ári, mun stafa langmest af því, að Eimskipafélagið hefur einmitt þetta ár haft e/s Selfoss í strandsiglingum miklu meira en hin árin. Mér þykir því líklegt, að óvarlegt sé að reikna með meira vörumagni, nema því aðeins, að til komi alveg sérstakt dreifingarfyrirkomulag á þungavöru, sem ekki hefur verið tekið upp áður. Farþegatalan hefur komizt hæst á síðasta ári í tæp 26 þús. og farið mjög vaxandi, en með tilliti til aukinna loftferða og bættra bílasamgangna er tæplega unnt að gera ráð fyrir mikilli aukningu á farþegum. Þó þætti mér ekki ólíklegt, að þetta gæti aukizt upp í allt að 30 þús., ef sá aðili, sem annast strandsiglingarnar, hefði einn allan farþegaflutning. Í þessum tölum er ekki reiknaður með rekstur Borgarnes—Akranesbáta, hvorki vörur né farþegar.

Tekjur af öllum þessum flutningum hafa á s. á. orðið 6,3 millj. króna. En auk þess hafa strandvarnarskipin haft tekjur af vöru- og farþegaflutningum, sem nema 360 þús. krónum. Má því segja, að heildartekjur af strandsiglingum hafi orðið sem næst 6,7 millj. á sl. ári. Til þess að annast þessa flutninga hefur Skipaútgerðin haft þann skipakost, sem hér segir:

1. **M/s Esja:** Þetta skip hefur verið afkastamest, enda stærst, yngst og bezt útbúið til ferðanna. Hefur það því hentað bezt í hraðferðirnar og til farþegaflutninga, en þær ferðir hafa einmitt verið bezta tekjulind útgerðarinnar. Hefur þetta skip farið alls á árinu 28 ferðir, flutt tæplega 18 þús. smál. af vörum og um 75% af öllum farþegum.

   Rekstrargjöld eru 2 millj. 873 þús., þegar með er talin afskrift skipsins, og er það rúmum 500 þús. hærra en rekstrargjöld e/s Súðar, enda eru flestallir útgjaldaliðir Esju hærri nema eldsneyti og viðhald.

   Tekjur skipsins af vöruflutningum eru 1 millj. 868 þús., af farþegaflutningi rúml. 981 þús. og af fæðissölu 213 þús., eða alls 3 millj. 63 þús. Skilar skipið þannig 189 þúsund króna arði, en þá er þó eftir að reikna til útgjalda rúmar 100 þús. af sameiginlegum kostnaði við rekstur strandferðanna.

2. **E/s Súðin:** Þetta skip, sem bæði er eldra og óhentugra og því ekki notað til hraðferða, hefur ekki farið nema 16 ferðir á móti 28 hjá Esju, og flutt tæpl. 13 þús. tonn af vörum og um 20% af farþegunum. Rekstrarútgjöldin eru 2 millj. 362 þús. En með því að tekjur af vöruflutningum eru aðeins 1 millj. 380 þús., af farþegum 189 þús. og fæðissölu 22 þús., verður rekstrartapið 770 þús., og er þó eftir að reikna rúmar 100 þús. af sameiginlegum kostnaði.

3. **Ýmsir bátar:** Þessi farkostur hefur verið látinn annast það af vöru- og fólksflutningum, sem hin 2 skipin hafa ekki getað komizt yfir. Hefur hann flutt

um 12 þús. smál. af vörum og um 5% af farþegum. Kostnaður við þessa báta hefur orðið rúmar 3 millj., en tekjur 1 millj. 650 þús. og rekstrartap 1 millj. 370 þús. auk hluta af sameiginlegum kostnaði. Er hvort tveggja í senn, að hér er tapið langmest og notagildi skipanna langminnst.

Af því, sem að framan greinir, er ljóst, að tvö skip lík og Esja mundu ekki geta afkastað flutningaþörfinni á ströndinni, svo framarlega sem flutningarnir væru allir á einni hendi og þeim eigi dreift til annarra aðila, líkt eins og átti sér stað fyrir stríð. Hins vegar mundi eftirfarandi skipakostur nægja til þess:

A. **2 skip lík og Esja og auk þeirra Súðin.**

Af reynslu s. á. má nokkuð marka, hvaða kostnað þetta fyrirkomulag mundi hafa í för með sér:

1. Esja I. mundi kosta í gjöldum		3	millj.
2. Esja II. um 1 millj. meira vegna vaxta, vátr. og afskr.		4	—
3. Súðin mundi kosta í gjöldum um		2,4	—
Tekjur af öllum skipunum um	7 millj.		
Rekstrartap	2,4 —		
	Alls 9,4 millj.	9,4	millj.

Yrði tapið nokkru meira en á síðasta ári, en ferðir hins vegar miklu öruggari.

B. **2 skip lík og Esja og einn 300 smál. bátur.**

Kostnaður þeirra mundi verða sem hér segir:

Esja I.		3	millj.
Esja II.		4	—
Bátur 300 smál.		1,2	—
Tekjur	7 millj.		
Rekstrartap	1,2 —		
	Alls 8,2 millj.	8,2	millj.

Yrði tap þetta nokkru lægra en með núverandi fyrirkomulagi, en ferðirnar miklu öruggari og notagildi þeirra meira fyrir almenning.

C. **Esja, Súðin og tveir 300 smál. bátar.**

Kostnaður mundi verða sem hér segir:

Esja		3	millj.
Súðin		2,4	—
2 bátar		2,4	—
Tekjur	7 millj.		
Rekstrartap	0,8 —		
	Alls 7,8 millj.	7,8	millj.

Á þennan hátt yrði tapið minnst, eða rúml. 1 millj. minna en nú, en notagildið mun betra.

D. **Esja og 4 300 smál. bátar.**

Kostnaður mundi verða sem hér segir:

Esja		3	millj.
4 bátar		4,8	—
Tekjur	7 millj.		
Tap	0,8 —		
	Alls 7,8 millj.	7,8	millj.

Tapið yrði sama og undir fyrirkomulagi merkt C, en notagildi e. t. v. nokkru meira.

E. **3 skip lík og Esja.**

Kostnaður yrði sem hér segir:

Esja	3	millj.
Esja II. og III.	8	—
Tekjur	7 millj.	
Tap	4 —	
	Alls 11 millj.	11 millj.

Þetta fyrirkomulag væri því aðeins hugsanlegt, að skipin yrðu að einhverju leyti notuð í millilandaferðir, sem þó ekki gæfist mikill tími til.

F. **2 skip lík og Esja, 4 300 smál. bátar og 1 150 smál. bátur.**

Kostnaður yrði sem hér segir:

Esja I.	3	millj.
Esja II.	4	—
4 bátar 300 smál.	4,8	—
1 bátur 150 smál.	0,8	—
Tekjur	7 millj.	
Tap	5,6 —	
	Alls 12,6 millj.	12,6 millj.

Með því að þessi skipakostur er meira en fullnægjandi fyrir strandsiglingarnar, mætti reikna með töluverðum tekjum af skipunum í öðrum ferðum og þannig minnka nokkuð rekstrartapið. Annað fyrirkomulag en það, sem getur hér að framan undir stafliðum A—F, kemur varla til greina. En með því að alger óvissa ríkir um það, hvort strandsiglingar verði í framtíðinni hafðar á einni hendi eða þeim dreift eins og áður var til ýmissa aðila, er ógerningur að leggja fram ákveðnar tillögur, sem baka mundu ríkissjóði feikna útgjöld, en tryggðu honum ekki jafnframt allar tekjur af samgöngunum. Þá er ekki heldur unnt að gera tillögur um samræmingu flóabáta eða annarra strandsiglinga, nema vitað sé, hvaða fyrirkomulag verði haft á vöruflutningum til landsins og frá í framtíðinni, hvort t. d. hugsað er að taka vörurnar á milli landa í stórum förmum á fáar hafnir eða í smáförmum um land allt.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, legg ég til:

1. Að ríkisstjórnin láti nú þegar afla fullkominna upplýsinga um það, hvað kosta muni að smíða eða kaupa eitt skip líkt og m/s Esju og 3—4 strandferðabáta 300—400 smál., svo og hvenær unnt muni vera að fá slíkan skipakost til landsins. Jafnframt feli ríkisstjórnin Skipaútgerðinni að gera rekstraryfirlit yfir þessi skip í strandsiglingum.
2. Að ríkisstjórnin leiti nú þegar samvinnu við Eimskipafélag Íslands um skipulagningu á strandsiglingum og millilandasiglingum, svo og að semja um fullkomna verkaskiptingu á flutningum á milli þessara aðila.
3. Að þegar ofanrituðum verkefnum er lokið, verði nefndinni eða öðrum aðila falið að gera tillögur þær um skipun strandsiglinga, sem til var ætlazt í fyrrnefndu bréfi ráðuneytisins frá 28. júní 1943.

Gísli Jónsson.

Til samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Reykjavík, 18. júní 1945.

Nefndarálit. — Tillögur um fyrirkomulag strandsiglinga o. fl.

Það munu varla vera skiptar skoðanir um það, að samgöngur á sjó meðfram ströndum landsins er eitt af skilyrðum fyrir heilbrigðri þróun atvinnuveganna, en þrátt fyrir það hefur það atvikazt svo, að strandferðunum hefur verið mjög áhóta-

vant. Ræður þar mestu um ónógur og óhentugur skipakostur og skipulagsleysi á strandferðamálunum yfirleitt, meðal annars af þeim ástæðum.

Fyrir styrjöldina héldu tvö útlend skipafélög (Sameinaða og Bergenska) uppi föstum ferðum til Íslands og létu þá skip sín um leið sigla meira og minna í strandferðum, annað félagið þó eingöngu á hinar stærri hafnir, þar sem það svaraði kostnaði. Skip Eimskipafélags Íslands voru einnig höfð í strandferðunum, en eins og útlendu skipin sigldu þau skip aðallega á þær hafnir, sem höfðu góð afgreiðsluskilyrði. Eimskipafélagið lét þó tvö af skipum sínum koma við á ýmsum smærri höfnum og önnur, þegar sérstaklega stóð á og beðið hafði verið um það í tíma.

Enda þótt hinar stærri hafnir fengju flutningaþörfinni að miklu leyti fullnægt á þennan hátt, voru ferðirnar óhentugar. Skipin komu oft þétt saman, hvert á eftir öðru á sömu leið og stundum fleiri en eitt samdægurs, enda sigldu þessi skip að meira eða minna leyti í samkeppni. Hlutverk strandferðaskipanna (Esju gömlu og Súðarinnar) varð því aðallega að sjá hinum minni höfnum fyrir samgöngum, en vegna þess að flutningur á stóru hafnirnar, sem gaf helzt tekjur, fór að miklu leyti með strandferðum millilandaskipanna, var tilfinnanlegur halli á rekstri strandferðaskipanna.

Þetta ástand í strandferðamálunum gerði strandferðirnar óhentugar og dýrar og varð meðal annars þess valdandi, að ekki var hafizt handa um að útvega til strandferðanna hæfilegan og hentugan skipakost.

Vér teljum, að strandferðirnar megi ekki að styrjöldinni lokinni falla í þann farveg, sem þær voru í áður, né heldur eins og þær eru nú, og teljum, að eitt af meginskilyrðunum fyrir því, að svo verði ekki, sé, að strandferðirnar séu á einni hendi.

Enda þótt hinar stærri hafnir gætu haft mikil not af strandferðum millilandaskipanna, voru ferðir þeirra hvergi nærri fullnægjandi, vegna þess hve viðkomurnar voru óreglulegar, enda miðaðar fyrst og fremst við millilandaferðirnar. Minni hafnir, þar sem millilandaskipin komu ekki við á, vantaði tilfinnanlega skipaferðir, enda var það komið svo löngu fyrir styrjöldina, að kröfurnar um bættar strandferðir fóru vaxandi. Nú síðustu árin hafa atvinnuvegirnir breytzt til muna og ný viðhorf skapazt, sem gera það að verkum, að aukinn og bættur skipakostur er enn nauðsynlegri en nokkru sinni áður. Má þar til nefna hinn stóraukna hraðfrystihúsiðnað, en sá iðnaður verður að hafa örar og öruggar strandferðir, ef hann á að geta þrifizt, þá fjölgun á síldarverksmiðjum, aukinn innlendan iðnað og nýju orlofslögin, sem einnig útheimta auknar samgöngur. Þetta í sambandi við nútíma verzlunarmáta krefst siaukins hraða i allri verzlun og viðskiptum. Þar sem tvær strandferðaviðkomur á mánuði voru nægjanlegar fyrir fimm árum, er lágmarkið nú ein viðkoma á viku, ef atvinnulífið á ekki að hemlast af samgönguleysi.

Annað þýðingarmikið viðhorf hefur skapazt við afgreiðslu skipanna á hinum ýmsu höfnum úti á landi. Eins og kunnugt er, eru þar margar hafnir, sem hafa ekki hafskipabryggjur, og verður þá flutningur milli skips og lands að fara fram á bátum. Eru það 43 af 64 viðkomustöðum strandferðaskipanna, sem þannig er ástatt um. Flutningur milli skips og lands á bátum er mjög kostnaðarsamur, og það, sem verra er, að víðast hvar er þannig ástatt, að eins og sakir standa, er lítt mögulegt að fá nægan mannafla til slíkrar vinnu. Af þessum ástæðum gengur afgreiðsla strandferðaskipanna á þessum stöðum mjög seint, og segir það sig sjálft, hversu fráleitt það er, að stór skip, sem kosta 6000—7000 kr. á dag, bíði eftir slíkri afgreiðslu, enda er það svo, að farþegar fara helzt ekki með þeim skipum, sem þeir búast við, að tefjist af þeim sökum. Af þessum 43 viðkomustöðum, sem ekki hafa hafskipabryggju, hafa 14 bryggjur fyrir minni skip, og útlit er fyrir, að á næstunni fjölgi mjög mikið bryggjum, sem skip geta lagzt upp að, sem ekki rista meira en 9—10 fet. Sívaxandi kröfur berast frá hinum minni höfnum um, að flutningur til og frá þeim fari fram á litlum skipum, sem geta lagzt upp að þeim hafnarmannvirkjum, sem til eru, og á þeim höfnum, sem ekki hafa slík hafnarmannvirki, geta hin minni skip legið mun nær landi en stóru skipin og þar af leiðandi auðveldara um alla afgreiðslu. Það er því

ljóst, að stóru strandferðaskipin, sem flytja farþega, mega ekki tefja sig á því að bíða eftir afgreiðslu á þeim höfnum, sem hafa slæm afgreiðsluskilyrði, heldur verður flutningur til þeirra að fara fram á minni skipum.

Til þess að geta gert sér einhverja grein fyrir því, hvernig strandferðunum verði bezt hagað með tilliti til þarfa hinna ýmsu staða, hvern skipakost þurfi til þeirra og hver stærð skipanna skuli vera, er þá ýmislegt fleira að athuga. Má þar fyrst nefna siglingar til landsins. Á hvern hátt verða þær? Eru líkur til, að þær eigi sér stað með stærri og hraðskreiðari skipum beint frá framleiðslulöndunum (Ameríku) með þeim afleiðingum, að slík skip losi einvörðungu á einni eða fleiri stórum höfnum, t. d. fjórðungshöfnum, eða eingöngu í Reykjavík með umskipun til annarra staða fyrir augum? Eða falla siglingarnar erlendis frá í líkan farveg sem var fyrir stríð, þannig að mörg smá skip annist millilandaferðirnar og skili erlendu vörunni sem mest til hinna dreifðu hafna með miklum undantekningum, þar sem hafnarskilyrði eru lakari, þannig að eftir verði skilið fyrir strandferðaskipin flutningur á innlendum iðnaðarvörum og íslenzkum afurðum til innanlandsneyzlu svo og flutningur erlendrar vöru í hafnir með lök skilyrði til afgreiðslu, farþegafl. o. fl.?

Þá ber og á það að líta, að gera verður ráð fyrir, að flutningur á fólki og pósti milli einstakra staða hlýtur að stóraukast frá því, sem var, strax og skilyrðin til kaupa á tækjum (flugvélum og bílum) til flutninganna og umbætur vegna lendinga (flugvellir, flughafnir) eru fyrir hendi. Þá má og hugsa sér, að eftir því, sem vegakerfi landsins batnar, stærri og öruggari bílakostur flyzt til landsins, dragi úr fólks- og vöruflutningum á ýmsum svæðum með strandferðaskipunum.

Hinu má þó ekki heldur gleyma, að með þeim stórhug, sem ríkjandi virðist vera með þjóðinni og ætla má, að fái útrás í aukinni tækni og framkvæmdum hér, verður að gera ráð fyrir þörf á meiri hraða og afköstum í strandferðum heldur en hingað til hefur getað átt sér stað, en hversu stórt skref skuli stigið um aukningu á skipakosti, er fullnægi þeirri þörf, er erfitt að svara af ástæðum, sem að framan eru greindar.

Til þess að gera verkefninu nokkur skil er þá vert að athuga ástandið eins og það er nú, þegar siglingarnar eiga sér stað frá útlöndum að mestu leyti til einnar hafnar (Reykjavíkur), og spyrja: Er ástandið viðunandi? Því var áður svarað, að svo er ekki. Mundi það vera það, ef fyrri tíma flutningar með smáskipum frá Evrópu kæmust á aftur með líkri tilhögun og var? Því verður og að svara neitandi af ástæðum, sem áður eru tilgreindar, þ. e. gerbreyttum framleiðsluháttum landsmanna, aukinni vörufl.- og fólksflutningaþörf. Eftir er þá að gera sér grein fyrir, að hve miklu leyti flutningar með bílum og flugvélum bæta úr þörfinni, sem hvort tveggja vafalaust gerir það á vissum tíma árs, og þá jafnframt, að hve miklu leyti má byggja á þeim úrlausnum að því er atvinnuvegi landsmanna snertir, þar sem aðeins um úrbætur á vissum tíma árs verður að ræða og fólksflutningar verði með þeim hætti milli hinna ýmsu landshluta (fólk á dekki og í lestum eða hvar sem því varð við komið), að lítt hefur verið sæmandi.

Af því, sem að framan er sagt, er það ljóst, að til engrar hlýtar er unnt að gera sér fulla grein fyrir því, hvernig strandferðamálunum verði bezt komið fyrir. Til þess ríkir of mikil óvissa um ýmis veigamikil atriði, sem leggja verður til grundvallar.

Af framansögðu og með hliðsjón af almennum þörfum, hver sem skipanin verður á flutningum erlendis frá, flugvéla- og bílasamgöngum, þykir oss sýnt, að til þess að fólksflutningar og vöruflutningar geti farið sómasamlega fram, sé viturlegt að láta byggja eitt strandferðaskip á stærð við m/s Esju og af líkri gerð, enn fremur tvö minni skip, 300—400 smálestir, til fólks- og vöruflutninga. Slík aukning mundi bæta verulega ástandið í strandferðamálum vorum, en þegar sú viðbót er komin, verður vafalaust auðveldara að gera sér fyllri grein fyrir, hverra frekari umbóta er þörf og hvernig ferðum skuli hagað til hinna einstöku hafna og lands-

hluta. Við teljum því eðlilegast, að vér hættum störfum nú og að Nýbyggingarráð taki við störfum nefndarinnar, þar sem líta verður svo á, að það muni hafa sterkari aðstöðu til þess að gera sér grein fyrir, hvernig siglingar verða til landsins framvegis, og væri þá einni launaðri nefndinni færra eftir í landinu.

Nefndarmenn hafa ekki getað orðið ásáttir um að skila sameiginlegu áliti, en öllum þó ljóst, að ómögulegt er eins og sakir standa að inna það hlutverk af hendi til fulls, er nefndinni var ætlað, þ. e. að gera frambúðaráætlanir um strandferðirnar.

Virðingarfyllst.

Jón Axel Pétursson. Arnfinnur Jónsson.

Fylgiskjal II.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 20. október 1945.

Eins og hinu háa ráðuneyti er kunnugt, höfum vér leitað eftir tilboðum um byggingu á þremur nýjum skipum í Englandi, Svíþjóð og Danmörku. Hafa skip þessi verið miðuð við það, að eitt þeirra væri líkt og Esja, þó 10 fetum lengra og ½ feti dýpra, affermingarútbúnaður fullkomnari en á Esju og vélin ca. 600 hestöflum stærri. Hin skipin tvö er miðað við, að verði 300 lesta vöruflutningabátar, sem gangi um 11 mílur og hafi rúm fyrir um 12 farþega í herbergjum og nokkrum fleiri í setsal.

Oss hafa nú undanfarið verið að berast tilboð í skip þessi, og eru þau, sem komið hafa, eins og hér fer á eftir:

Farþegaskipin:

1. Frá Inglis Ltd. on Pointhouse Ship-Yard, Glasgow, 212 þús. £. Afhendingartíminn er ca. 20 mánuðir. Tilboðið fylgir hér með, merkt 1.

2. Frá George Brown etc. & Co. Marine Ltd., Greenock, 215 þús. £, og afhendist í júní 1947. Tilboð þetta fylgir hér með, merkt 2.

3. Aalborg Værft í Aalborg báðum vér um tilboð í sams konar skip og vér buðum út í Englandi, en það hefur ekki borizt enn þá. Hins vegar höfum vér fengið tilboð um byggingu á skipi alveg eins og Esju fyrir ca. 3 millj. 250 þús. danskar krónur, svarandi til 679 þús. amerískra dollara. Afhendingartími 18 mánuðir. Frá sömu byggingarstöð höfum vér einnig fengið tillögu um dampskip með olíukyndingu af sömu stærð, og mundi það verða lítið eitt ódýrara, en fengist líklega á 6—8 mánuðum styttri tíma. Tilboð þessi eru merkt 3 og fylgja hér með.[1])

4. Frá Svíþjóð höfum vér fengið tilboð í sams konar farþegaskip og vér buðum út í Bretlandi, 3. millj. og 200 þús. sænskar krónur. Tilboð þetta fylgir hér með, merkt 4.

Strandferðabátar:

1. Frá George Brown, Greenock, 45 þús. 800 £ hvert skip. Gætu afhenzt í ágúst 1946. Tilboð þetta fylgir hér með, merkt 5.

2. Frá Grangemouth Dockyard Co. Ltd., Grangemouth, 53 þús. £ hvert skip. Tilboð þetta er í símskeyti og fylgir hér með, merkt 6.

3. Frá Goole Ship-Building, Goole, 55 þús. £. Tilboð þetta fylgir hér með, merkt 7.

Fleiri tilboð hafa enn ekki borizt. Hafa sumar skipasmíðastöðvarnar hætt við að gera tilboð vegna erfiðleika á útvegun ýmissa efna, og nokkrar, sem tekið hafa að sér byggingu íslenzku togaranna, hafa ekki tjáð sig geta gert tilboð í þessi skip, enda þótt þær hefði lofað því, þegar undirritaður var þar á ferð í sumar.

Nú eru farnar að berast fyrirspurnir um það, hvort tilboð þessi, sem komin eru, séu líkleg til að verða samningsgrundvöllur, og hefur t. d. Inglis í Glasgow tjáð í sím-

1) Tilboð í sams konar skip og boðið var út í Englandi hefur nú borizt frá Aalborg Værft, og er það 731 þús. dollarar.

skeyti í gær, sem fylgir hér með, að ekki verði hægt að halda tilboðinu opnu lengur en til 29. þ. m. Það virðast vera stöðugt vaxandi verkefni, sem brezkar skipasmíðastöðvar fá til meðferðar, og sérstaklega eru miklir erfiðleikar á því að útvega mótorvélar í skip.

Ef hið háa ráðuneyti getur fallizt á, að einhverju af ofangreindum tilboðum verði tekið, er mjög nauðsynlegt, að teknar verði ákvarðanir sem allra fyrst.

Virðingarfyllst.

Skipaútgerð ríkisins.

Pálmi Loftsson.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 22. október 1945.

Í framhaldi af bréfi voru, dags. 20. þ. m., varðandi tilboð um smíði þriggja strandferðaskipa, leyfum vér oss hér með að senda rekstraráætlun fyrir strandferðirnar, miðað við það, að umrædd þrjú skip verði keypt. Gerum vér ráð fyrir, að skip þessi anni árlega flutningum á 45 þúsund tonnum af vörum milli innlendra hafna, en það er álíka mikið vörumagn eins og Skipaútgerðin hefur árlega þurft að sjá um flutning á nú hin síðari ár. Að öðru leyti mundum vér æskja að ræða munnlega við hið háa ráðuneyti um ofangreinda rekstraráætlun.

Virðingarfyllst.

Skipaútgerð ríkisins.

Guðjón F. Teitsson.

Til samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Áætlun um rekstur strandferða árið 1947, miðuð við, að útveguð hafi verið þrjú ný skip,

		Gjöld kr.	Tekjur kr
Esja. Samkv. viðfestum reikn.		2 640 000	2 640 000
Nýtt skip (ca. 1500 br. tonn). Samkv. viðfestum reikn.		2 785 000	2 785 000
Nýtt skip (ca. 300 br. tonn). Samkv. viðfestum reikn.		739 400	542 000
Nýtt skip (ca. 300 br. tonn). Samkv. viðfestum reikn.		739 400	542 000
Breiðafjarðarbátur. Samkv. viðfestum reikn.		714 000	500 000
Vöruafgreiðslan		1 600 000	1 600 000
Hluti af sameiginlegum kostnaði		300 000	
Fyrning:			
Afskrift af Esju	kr. 100 000		
Afskrift af nýju skipi, 5% af 5 millj. ..	— 250 000		
Afskrift af nýju skipi, 5% af 1.2 millj. ..	— 60 000		
Afskrift af nýju skipi, 5% af 1.2 millj. ..	— 60 000		
Afskrift áhalda	— 15 000		
		485 000	
Halli (án vaxta af höfuðstól)			1 393 800
	Samtals	10 002 800	10 002 800

Rekstraráætlun m.s. Esju árið 1947.

Gjöld:

Sjóvátrygging skips	kr.	110 000.00
Stríðsvátrygging skips	—	10 000.00
Trygging áhafnar	—	30 000.00
Laun og vinna	—	1 430 000.00
Fæði skipshafnar	—	105 000.00
Brennsluolía, 900 tonn á kr. 300.00	—	270 000.00
Hafnar-, hafnsögu-, vatnsgjöld o. fl.	—	85 000.00
Viðhald og endurbætur	—	200 000.00
Vörur til dekks og vélar	—	130 000.00
Þvottar og hreingerning	—	100 000.00
Eldhúsáhöld, borðbúnaður, dúkar, sængurfatnaður o. fl.	—	15 000.00
Þóknun til afgreiðslumanna	—	70 000.00
Símakostnaður og auglýsingar	kr.	30 000.00
Sjúkrakostnaður	—	10 000.00
Fatnaður	—	10 000.00
Tapaðar og skemmdar vörur	—	10 000.00
Ýmislegt	—	25 000.00
Samtals	kr.	2 640 000.00

Tekjur:

Farmgjöld	kr.	1 545 000.00
Fargjöld	—	885 000.00
Fæðis- og lausasala	—	210 000.00
Samtals	kr.	2 640 000.00

Rekstraráætlun fyrir nýtt strandferðaskip árið 1947.

Gert er ráð fyrir, að skipið sé mótorskip, hér um bil eins og Esja, að öðru leyti en því, að það geti tekið 100 tonnum meiri vörur og hafi 20% meiri vélaorku.

Gjöld:

Sjóvátrygging skips, 4% af kr. 5 000 000.00	kr.	200 000.00
Stríðsvátrygging skips, 1/5% af kr. 5 000 000.00	—	10 000.00
Trygging áhafnar	—	30 000.00
Laun og vinna	—	1 500 000.00
Fæði skipshafnar	—	105 000.00
Brennsluolía, 1000 tonn á kr. 300.00	—	300 000.00
Hafnar-, hafnsögu-, vatnsgjöld o. fl.	—	90 000.00
Viðhald og endurbætur	—	150 000.00
Vörur til dekks og vélar	—	130 000.00
Þvottar og hreingerning	—	100 000.00
Eldhúsáhöld, borðbúnaður, dúkar, sængurfatnaður o. fl.	—	15 000.00
Þóknun til afgreiðslumanna	—	70 000.00
Símakostnaður og auglýsingar	—	30 000.00
Sjúkrakostnaður	—	10 000.00
Fatnaður	—	10 000.00
Tapaðar og skemmdar vörur	—	10 000.00
Ýmislegt	—	25 000.00
Samtals	kr.	2 785 000.00

Tekjur:

Farmgjöld	kr.	1 690 000.00
Fargjöld	—	885 000.00
Fæðis- og lausasala	—	210 000.00
Samtals	kr.	2 785 000.00

Rekstraráætlun fyrir nýtt 300 tonna mótorskip í strandferðum árið 1947.

Gjöld:

Kostnaður við áhöfn	kr.	439 000.00
Vátrygging, sjóvátr., 5% af kr. 1 200 000.00	—	60 000.00
Brennsluolía, 386 kg pr. ha. × 600 hö. = 232 tonn á kr. 300.00	—	69 600.00
Smurningsolía, 6 kg pr. ha. × 500 = 3000 kg á kr. 2.60	—	7 800.00
Vörur til dekks og vélar	—	36 000.00
Skipagjöld	kr.	20 000.00
Viðhald	—	40 000.00
Borðbúnaður, dúkar og sængurfatnaður	—	4 000.00
Þvottar og hreingerning	—	10 000.00
Símakostnaður og auglýsingar	—	5 000.00
Sjúkrakostnaður	—	3 500.00
Tapaðar og skemmdar vörur	—	12 000.00
Fatnaður	—	7 500.00
Þóknun til afgreiðslumanna, 3% af ca. kr. 500 000.00	—	15 000.00
Ýmislegt	—	10 000.00
Samtals	kr.	739 400.00

Tekjur:

Farmgjöld fyrir 5000 tonn á kr. 100.00	kr.	500 000.00
Fargjöld	—	42 000.00
Halli	—	197 400.00
Samtals	kr.	739 400.00

Rekstraráætlun fyrir línuveiðara líkan Sverri (173 br. tonn), leigðan til Breiðafjarðarferða árið 1947.

Gjöld:

Afgreiðsluþóknun	kr.	14 000.00
Kol, 500 tonn á kr. 200.00	—	100 000.00
Vöruvinna í lest og önnur yfirvinna	—	95 000.00
Hafnargjöld, auglýsingar, símakostnaður og ýmislegt	—	30 000.00
Leiga í 10 mánuði	—	475 000.00
Samtals	kr.	714 00000

Tekjur:

Flutningsgjöld, 4500 tonn á kr. 110.00	kr.	495 00000
Fargjöld	—	5 00000
Halli	—	214 00000
Samtals	kr.	714 00000

Fylgiskjal IV.

Rekstrarreikningur fyrir strandferðirnar árið 1944.

Gjöld:

1.	Mismunur á viðfestum reikningi Súðarinnar		kr.	770 448.15
2.	— — — — Þórs		—	675 157.79
3.	— — — — Sverris		—	162 169.71
4.	— — — — Víðis		—	119 502.32
5.	— — — — Hólmsbergs		—	68 138.92
6.	— — — — Hrings		—	80 183.19
7.	— — — — Ármanns		—	57 569.81
8.	— — — — Hermóðs		—	85 373.21
9.	— — — — ýmissa báta		—	190 242.03
10.	— — — — vöruafgreiðslu		—	146 926.50
11.	Hluti af sameiginlegum kostnaði samkv. viðfestum reikningi		—	250 059.63
12.	Vextir		—	20 000.00
13.	Eftirlaun		—	12 423.20
14.	Fyrning:			
	a. Esja	kr. 100 000.00		
	b. Skrifstofuáhöld	— 2 857.00		
	c. Pakkhúsáhöld	— 3 548.00		
	d Pakkhúsbyggingar	— 7 851.00		
			—	114 256.00
		Samtals	kr.	2 752 450.46

Tekjur:

1.	Mismunur á viðfestum reikningi Esju		kr.	289 604.40
2.	Greiddar afskrifaðar skuldir		—	625.29
3.	Til jafnaðar:			
	a. Frádráttur á höfuðstólsreikn. v. fyrningar	kr. 114 256.00		
	b. Fjárframlag ríkisins	— 2 347 964.77		
			—	2 462 220.77
		Samtals	kr.	2 752 450.46

Nd. 95. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búðahreppi landspildu úr Kjappeyrarlandi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frv. þetta og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Þó álítur hún rétt, að undan kaupunum séu skilin námaréttindi, eins og venja er við sölu þjóð- og kirkjujarða. Samþykkti hún því að bera fram svohljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Námaréttindi skulu þó undanskilin.

Alþingi, 2. nóv. 1945.

Jón Pálmason, form. Bjarni Ásgeirsson, fundaskrifari, frsm. Jón Sigurðsson.

Barði Guðmundsson. Sigurður Guðnason.

Nd. 96. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætast tveir nýir liðir:

a. Á eftir D. 14 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
Skriðdalsvegur: Frá Austurlandsvegi við Grímsá á Völlum um Skriðdal norðan ár, um brýr á Geitdalsá og Múlaá eða brú á Grímsá í Skriðdal á Austurlandsveg skammt frá Arnhólsstöðum.

b. **Norðurdalsvegur:** Frá Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að Þorvaldsstöðum.

Ed. 97. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 16. jan. 1943, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Síðari málsliður 8. gr. laga nr. 1 16. jan. 1943 hljóði svo:
Lög þessi falla úr gildi 1. des. 1945.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk viðskiptamálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um það. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Svo hefur verið litið á, að lög um innflutning og gjaldeyrismeðferð féllu úr gildi 8. nóv., og hefur nefnd verið skipuð til að gera tillögur um tilhögun þessara mála í framtíðinni. Nefndin hefur enn ekki lokið störfum, og þykir því ástæða til að framlengja lögin óbreytt um stundarsakir."

Sþ. 98. Þingsályktun

um friðun Faxaflóa.

(Afgreidd frá Sþ. 5 nóv.).

Samhljóða þskj. 14.

Nd. 99. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Á eftir A. 1. b. 2 í sömu lagagrein komi nýr liður:
Tjarnará á Vatnsnesi.

Nd. 100. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1943.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 1. gr.

I. Framan við greinina kemur:
Á eftir B. 1. í 1. gr. l. nr. 37 1943 kemur nýr liður:
Skorradalsvegur: Af þjóðveginum hjá Ausu um Hálsa norðan Skorradalsvatns að Efstabæ.

II. Á eftir B. 5. sömu lagagr. koma nýir liðir:
a. **Melasveitarvegur:** Af Hafnarfjallsvegi hjá Skorholti um Melasveit á þjóðveginn austanvert við Höfn.
b. **Leirársveitar- og Svínadalsvegur:** Af þjóðveginum hjá Beitistöðum um Leirá, Hávarðsstaði og Tungu norðan Laxár og Svínadalsvatna á þjóðveginn gegnt Geitabergi.

Sþ. 101. Tillaga til þingsályktunar

um hlutfallslega lækkun á kaupi, launum og íslenzkum afurðum á innlendum markaði.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa nú þegar með hlutfallskosningu 4 menn til að gera í samráði við ríkisstjórnina tillögur um, hversu lækka skuli hlutfallslega með lagasetningu verkakaup, laun starfsmanna hjá ríki, bæjarfélögum og einstökum fyrirtækjum svo og verð á íslenzkum afurðum á innlendum markaði.

Greinargerð.

Dýrtíðin hefur nú náð því hámarki, að Íslendingar geta ekki keppt við nábúaþjóðir sínar nema í sárfáum framleiðslugreinum, og þar, sem framleiðslan annars ber sig enn þá, er sýnilegt, að samkeppni annarra þjóða mun fyrr en varir valda stöðvun, ef ekki tekst að koma á heilbrigðu skipulagi um tilkostnað við dagleg störf í landinu.

Flestum landsmönnum mun nú vera kunnugt, að öll hin stærri verzlunarskip landsins liggja nú bundin við bryggju síðan í byrjun októbermánaðar. Krafa sjómanna virðist vera sú, að kaup þeirra eigi ekki að lækka, þó að stríðinu sé lokið, fyrr en aðrar stéttir lækki kaup að sama skapi og innlend vara falli í verði hlutfallslega. Má segja, að þetta sé ekki ósanngjarnt í sjálfu sér, en samt er þessi krafa óframkvæmanleg, ef íslenzk skip eiga að fara á flot aftur. Nágrannaþjóðirnar hafa svo miklu lægri taxta á flutningum og lægra kaup og laun í siglingum, að stundum munar helmingi eða tveimur þriðju hlutum, hvað útgerðarkostnaður Íslendinga er hærri en hjá keppinautunum. Nú sem stendur hagnast Eimskipafélag Íslands stórmikið á hverjum degi, sem verkfallið stendur, því að það flytur vörur til landsins með ódýrum útlendum skipum, en skip félagsins liggja óhreyfð, þannig að ekki er tap á þeim. Þó að setja megi málið fram á þann hátt, að í bili sé það gróði fyrir Eimskipafélagið að láta skip sín liggja bundin í höfn, þá þýðir slík stöðvun upplausn og eyðing félagsins svo og allra íslenzkra siglinga. Þjóðin er þá komin á sama stig og áður, þegar hún gat ekki annazt flutninga sína sjálf, heldur varð í því efni að leita til útlendra þjóða. Mætti það kallast undarlegur háttur að haga svo fjármálum landsins, að þjóðin yrði fyrir fákæna stjórn í þeim málum aftur handbendi annarra þjóða.

Þó að siglingar séu hér nefndar, er það eingöngu af því, að samkeppnin við útlönd hefur nú þegar stöðvað siglingaflotann. En svipað er ástatt um aðrar atvinnugreinar. Þjóðin getur ekki keppt við nágranna sína um smíði báta né viðgerð skipa. Einstakir iðnaðarhlutir eru tífalt dýrari hér á landi en í Ameríku, sem er þó dýrt land. Það er alkunna, að ýmsar landbúnaðarvörur eru miklu dýrari hér en í grannlöndunum, og fá bændur þó of lítið í sinn hlut, miðað við kaupgjald bæjanna.

Það, sem nú þarf að gera og Alþingi ætti að hafa forgöngu um, er að koma á samtökum um lækkun á dýrtíðinni og beita síðan löggjöf til að halda réttu hlutfalli um laun, kaup og afurðaverð. Allar stéttir standa jafnvel að vígi, því að tekjur og útgjöld lækka að sama skapi. Hlutföll verðlags og kaupgjalds haldast óbreytt, en tölurnar lækka. Bezt væri að koma þessari samræmingu á með löggjöf, sem gengið væri frá á einum degi, en ef það tækist ekki, mætti lækkunin gerast í nokkrum stigum og þó vera lokið um næstu áramót. Takmarkið ætti að vera það að lækka kaup, laun og afurðaverð á þann hátt, að Íslendingar yrðu hvarvetna innan lands og utan samkeppnisfærir í samanburði við Norðurlandabúa og Breta. Lagt er til, að allir stjórnmálaflokkarnir starfi saman að lausn þessa máls í samráði við ríkisstjórnina.

Ef ekki er hnigið að þessu ráði, mun hver ófarnaðurinn fylgja öðrum. Íslenzki flotinn liggur fyrst í höfn og verður síðan leigður eða seldur til útlanda. Eimskipafélagið hættir við að endurnýja og stækka flota sinn. Strandferðir landsins komast aftur í hendur danskra og norskra skipaeigenda. Íslenzkur fiskur fellur í verði til jafns við verðlag Norðurlandabúa og Englendinga. Við það stöðvast fiskiflotinn. Þá mun gripið til þess úrræðis að lækka krónuna. Þá eyðast innstæður landsmanna, auk þess sem krónulækkun er blábert augnabliksúrræði og dregur eftir sér meiri verðfellingu myntarinnar, og er erfitt að sjá, hvar þá skal numið staðar. Getur þá að líta þjóð, sem hefur eyðilagt gjaldmiðil sinn, eytt innstæðum sínum innan lands og utan, stöðvað sínar eigin siglingar og lamað alla framleiðslu í landinu.

En ef farin er sú leið, sem hér er bent á, tapar enginn, en allir græða. Íslenzku krónunni er bjargað. Innieignir í bönkum og sparisjóðum halda fullu gildi. Íslenzku skipin leita út á hafið, og flotinn stækkar. Hin nýpöntuðu veiðiskip fá eðlileg starfsskilyrði í þjóðarbúinu. Ræktun eflist, og íslenzkur landbúnaður færist í aukana, þar til hann getur gert tvennt í einu: fætt íslenzku þjóðina og byrjað að flytja íslenzka búvöru til erlendra markaða, eins og gert hefur verið frá landnámstíð og fram á síðustu missiri.

Ed. 102. Frumvarp til laga

um æskulýðshöll í Reykjavík.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Ríkissjóður og Reykjavíkurborg reisa í félagi æskulýðshöll í Reykjavík. Leggur Reykjavík til hæfilega lóð undir höllina ókeypis, en að öðru leyti taka báðir aðilar jafnan þátt í kostnaði af byggingu og rekstri hallarinnar. Ef bæjarbókasafn Reykjavíkur verður í höllinni, þá skal Reykjavík ein bera allan kostnað þar af, enda skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna, hversu mikill aukinn kostnaður af byggingu hallarinnar hafi orðið vegna bókasafnsins og hversu mikinn þátt Reykjavíkurborg skuli aukreitis taka í viðhaldi hallarinnar vegna bókasafnsins. Veita skal þó móttöku framlögum til æskulýðshallarinnar frá félögum æskumanna í Reykjavík og öðrum, er málið vilja styðja.

2. gr.

Þriggja manna nefnd skal standa fyrir byggingu æskulýðshallar. Nefnir hvor aðili sinn nefndarmann, en þriðja nefndarmanninn tilnefnir fulltrúaráð æskulýðsfélaga í Reykjavík, er skipað sé einum fulltrúa frá hverju félagi, er lagt hefur fram fé til hallarinnar samkvæmt 1. gr. Varamenn í nefndina skulu jafnmargir vera og nefndir með sama hætti. Samþykki kennslumálaráðherra og bæjarráðs þarf til ákvörðunar á lóð undir höllina, uppdrátta að henni og til ákvörðunar um það, hverjum bygging hennar verði falin og með hvaða kjörum, svo og til ákvörðunar um allar aðrar meiri háttar ráðstafanir í sambandi við bygginguna.

3. gr.

Með sama hætti sem í 2. gr. segir skal nefna þriggja manna nefnd, er standa skal fyrir rekstri æskulýðshallar. Nefndin ræður forstjóra og starfsmenn æskulýðshallar og leysir þá frá starfi. Þó getur ráðherra og borgarstjóri leyst forstjóra og dyravörð, ef hann verður sérstakur ráðinn, frá starfi, ef einhver nefndarmanna leggur það til.

4. gr.

Nánari fyrirmæli um allt, er rekstur æskulýðshallar varðar, skal setja í reglugerð, er bæjarráð og ráðherra setja.

5. gr.

Heimilt er aðilum þeim, er í 1. gr. getur, að starfrækja tómstundaheimili í þágu æskulýðs í Reykjavík, þar til æskulýðshöllin er tekin til starfrækslu. Um rekstur tómstundaheimilis fer eftir þeim reglum, sem að framan segir, eftir því sem við getur átt. Þó getur ráðherra og bæjarráð samið við æskulýðsfélagsskap, sem óháður er öllum stjórnmálasamtökum, um að taka að sér rekstur slíks heimilis, og þarf þá ekki að skipa sérstaka forstöðunefnd.

6. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum ríkisins og í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta flutti ég á síðasta þingi, og var það þá afgreitt frá efri deild í þessari mynd, en varð ekki útrætt í neðri deild.

Ed. 103. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37. 7. apríl 1943, um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Gísli Jónsson.

1. gr.

Á 1. gr. B. í lögum nr. 37/1943 eru gerðar þessar breytingar:

a. Á eftir tölulið 20. kemur nýr liður:
Haukadalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Haukadalsárbrú inn Haukadal að Krossi.

b. Á eftir tölulið 21 kemur nýr liður:
Laugavegur: Af Vesturlandsvegi á Leysingjastaðamelum að Laugum.

c. Á eftir tölulið 22 kemur nýr liður:
Staðarhólsvegur: Af þjóðveginum við Kirkjuhvol í Saurbæ um Staðarhól að Hvammsdal.

d. Á eftir tölul. 43 kemur nýr liður:
Suðurfjarðavegur: Frá Bíldudal að Trostansfirði.
c. Tölul. 46 orðist þannig:
Rauðasandsvegur: Frá Ósá við Patreksfjörð að Naustabrekku á Rauðasandi.
f. Á eftir tölulið 46 kemur nýr liður:
Örlygshafnarvegur: Frá Hvalskeri um Sauðlauksdal að Hnjóti í Örlygshöfn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. er lagt til, að nokkrir vegir í Dalasýslu og Barðastrandarsýslu verði teknir í þjóðvegatölu. Eru þessar breytingar á vegalögunum fluttar samkvæmt eindreginni ósk sýslubúa. Er héruðum þessum fyllsta þörf, að þær nái fram að ganga, enda hafa héruð þessi borið mjög skarðan hlut frá borði við fyrri breytingar á veglögum. — Nánar í framsögu.

Ed. 104. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Gísli Jónsson.

Á eftir till. 43 í 1. gr. A. I. a. laga nr. 30/1943 kemur nýr liður:
Hvestuvaðall í Ketildalahreppi.

Greinargerð.

Vatnsfall þetta er á Dalahreppsvegi, en vegur sá hefur uú verið tekinn upp í þjóðvegatölu. Er mjög aðkallandi, að vatnsfallið verði brúað hið allra fyrsta.
Nánar í framsögu.

Nd. 105. Frumvarp til laga

um aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1945.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 4 milljónum króna eða ábyrgjast jafnháa fjárhæð til aðstoðar síldarútvegsmönnum árið 1945.

2. gr.

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki þeirra íslenzkra skipa, sem stunduðu síldveiðar með herpinót sumarið 1945, geta sótt um lán samkvæmt lögum þessum, ef þeir (þau) vegna aflabrests á síldarvertíðinni eiga erfitt með áframhaldandi rekstur.

3. gr.

Sameinað Alþingi kýs fjögurra manna nefnd, sem tekur á móti umsóknum um lán þessi. Nefndin ákveður, hve langan frest umsækjendur hafa til lánbeiðninnar.

Lánbeiðnir skulu vera skriflegar. Þeim skulu fylgja skilríki sem hér segir:
1. staðfest eftirrit af skattframtali umsækjanda 1945;
2. efnahagsreikningur umsækjanda 30. sept. 1945;
3. rekstrarreikningur síldarútgerðar umsækjanda 1945;
4. veðbókarvottorð skipa og fasteigna umsækjandans.

Auk þess er umsækjanda skylt að gefa nefndinni allar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar. Með allar upplýsingar varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

4. gr.

Þegar lánveitinganefnd hefur fengið tilskilin skjöl í hendur, skal hún sannprófa, eins og unnt er, hvort þau eru rétt. Telji nefndin, að umsækjandi eigi erfitt með áframhaldandi rekstur, skal honum veitt lán, ef hann getur sett tryggingar, sem nefndin metur gildar. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera.

5. gr.

Ekkert lán má afgreiða, fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og sér um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

6. gr.

Lán þessi veitast til 5 ára með 3% ársvöxtum. Þau greiðast með jöfnum árlegum afborgunum.

7. gr.

Selji lántakandi skip sitt, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

8. gr.

Þeir, sem fá lán samkv. lögum þessum, eru skyldir til að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

9. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um lánveitingar þessar, ef þurfa þykir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt fyrir tilmæli atvinnumálaráðherra. Ástæður fyrir því, að frv. er fram komið, eru þær, að eigendur allmargra síldveiðiskipa komust í rekstrarfjárþröng eftir aflabrest á síldarvertíðinni í sumar. Atvinnumálaráðherra skipaði þá nefnd til þess að rannsaka málið og gera tillögur um það til ríkisstjórnarinnar. Meðal annars, sem nefndin skilaði ríkisstjórninni, var frumvarp um aðstoðarlán til síldarútvegsmanna. Atvmrh. sendi sjávarútvegsnefnd þessarar deildar frv. með tilmælum um, að n. flytti það.

Sjávarútvegsnefndir þingsins hafa rætt frv. á tveim sameiginlegum fundum og nefnd þessarar deildar síðan á tveim fundum. Var samþ. að flytja frv. nokkuð breytt. Hefur atvinnumálaráðherra fallizt á breytingarnar.

Eysteinn Jónsson taldi sig ekki geta tekið þátt í flutningi frumvarpsins. Er það því flutt af meiri hluta nefndarinnar.

Nd. 106. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

Við 1. gr. Framan við greinina koma nýir liðir:

I. Á eftir A. 27. í 1. gr. laga nr. 37/1943 komi nýr liður:
Reynishverfisvegur: Frá Suðurlandsbraut á Gatnabrú að Reyniskirkju.

II. Á eftir A. 29. í sömu lagagr. komi nýr liður:
Kirkjubæjarklaustursvegur: Frá brúnni á Skaftá að Kirkjubæjarklaustri.

Ed. 107. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
17. gr. laganna fellur niður, og breytist greinatala þeirra í samræmi við það.

Nd. 108. Lög

um breyting á lögum nr. 1 16. jan. 1943, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

(Afgreidd frá Nd. 6. nóv.).

Samhljóða þskj. 97.

Nd. 109. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Á eftir A. I. d. 11 í sömu lagagrein komi nýr liður:
Virkisá í Öræfum.

Nd. 110. Breytingartillaga

við frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

a. Als, Emil, námsmaður, Reykjavík, fæddur 6. jan. 1928 í Danmörku.
b. Beckmann, Wilhelm Ernst, myndskeri í Reykjavík, fæddur 5. febr. 1909 í Þýzkalandi.
c. Schrader, Harry Wilhelm, kennari í Reykjavík, fæddur 28. febr. 1913 í Þýzkalandi.

Nd. 111. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað um það álits vegamálastjóra. Hefur hann sent nefndinni umsögn sína og mælir með frv. Leggur nefndin einróma til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 7. nóv. 1945.

Gísli Sveinsson, form., frsm. Lúðvík Jósefsson, fundaskrifari. Ásg. Ásgeirsson.
Sigurður Bjarnason. Sveinbjörn Högnason.

Nd. 112. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búðahreppi landspildu úr Kjappeyrarlandi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Búðahreppi í Suður-Múlasýslu landspildu þá úr Kjappeyrarlandi, sem ekki er í leigu ábúandans á Kjappeyri samkvæmt byggingarbréfi. Námaréttindi skulu þó undanskilin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 113. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Búðahrepp lán til aukningar raforkuveitu hreppsins.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ingvar Pálmason, Lúðvík Jósefsson.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 650000 króna innlent lán fyrir Búðahrepp til raforkuveitu hreppsins, þó ekki yfir 85% heildarkostnaðar. Ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu verði falin manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Greinargerð.

Raforkuveita Búðahrepps í Suður-Múlasýslu fyrir Búðakauptún er orðin alls ófullnægjandi fyrir kauptúnið, og er raforkuskorturinn mjög til baga. Er fyrirhugað að bæta úr þessu svo fljótt sem verða má, en eins og að líkum lætur, er ekki bolmagn til þess heima fyrir að standa undir öllum stofnkostnaði án lántöku. Er því farið fram á, að ríkissjóður ábyrgist lán fyrir hreppinn í þessu skyni, hliðstætt því, sem gert er fyrir aðra staði.

Áætlanir um fyrirhugaðar framkvæmdir munu verða lagðar fyrir fjárveitinganefnd.

Nánar í framsögu.

Nd. 114. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 106 (Vegalög).

Frá Gísla Sveinssyni.

Við I. [Reynishverfisvegur]. Liðurinn orðist þannig:
Reynishverfisvegur: Frá Suðurlandsbraut á Fossholtum um Reyni og yfir Reynisfjall að Vík.

Nd. 115. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abraham, Robert Louis Eugen, söngstjóri í Reykjavík, fæddur 17. maí 1912 í Þýzkalandi.
2. Als, Emil, námsmaður, Reykjavík, fæddur 6. jan. 1928 í Danmörku.
3. Beckmann, Wilhelm Ernst, myndskeri í Reykjavík, fæddur 5. febr. 1909 í Þýzkalandi.
4. Friedländer, Heinz Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.
5. Göhlsdorf, Elisabeth, tungumálakennari í Reykjavík, fædd 3. ágúst 1890 í Þýzkalandi.
6. Lindemann, Albert Volker, forstöðumaður í Varmahlíð í Skagafirði, fæddur 17. ágúst 1899 í Þýzkalandi.
7. Pedersen, Martin Schjönning Kristian, pípulagningarmaður á Raufarhöfn, fæddur 27. júlí 1887 í Noregi.
8. Schrader, Harry Wilhelm, kennari í Reykjavík, fæddur 28. febr. 1913 í Þýzkalandi.
9. Sonnenfeld, Kurt Gustav, tannlæknir á Siglufirði, fæddur 3. ágúst 1909 í Þýzkalandi.
10. Vestmann, Ingibjörg Einarsdóttir, iðnmær í Reykjavík, fædd 25. des. 1919 í Kanada.

2. gr.

Ef ríkisstjórnin telur nauðsynlegt, er henni heimilt að lengja frest þann, er 4. mgr. 4. gr. l. nr. 64 28. jan. 1935 ræðir um, eða veita aðilum með öllu undanþágu frá skilyrði málsgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 116. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Eskifjarðarhrepp.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Ingvar Pálmason, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, 700 þúsund króna lán, sem

Eskifjarðarhreppur tekur til þess að standast kostnað við stækkun rafstöðvarinnar og við endurbætur á rafveitukerfi hreppsins, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði. Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Greinargerð.

Á Eskifirði er einhver elzta rafstöð landsins, enda er hún orðin með öllu ófullnægjandi þorpinu. Öll orkuaukning rafveitunnar er orðin óframkvæmanleg, nema veitukerfið sé endurnýjað og stórum bætt frá því, sem verið hefur.

Þær breytingar, sem nú eru fyrirhugaðar, eru einkum þessar:

1. Byggt verði nýtt rafstöðvarhús, sem rúmi tvær ca. 250 ha vélar ásamt nauðsynlegum útbúnaði.
2. Keypt verði ein 250 ha vélasamstæða.
3. Komið verði upp háspennukerfi um bæinn (2 spennistöðvar).
4. Lágspennukerfið endurnýjað.

Samkvæmt kostnaðaráætlun, sem rafmagnseftirlit ríkisins hefur gert, er talið, að framkvæmdir þessar muni kosta í kringum 700 þúsund krónur, og er ábyrgðarheimild tillögunnar miðuð þar við.

Það skal fram tekið, að þessar fyrirhuguðu breytingar á rafveitu Eskifjarðar ættu á engan hátt að þurfa að koma í bága við fyrirætlanir um heildarrafveitu fyrir Austfirði, ef rannsóknir leiða í ljós, að hún sé heppileg og í hana verður ráðizt, því að allar þær breytingar á veitukerfinu á Eskifirði, sem hér eru áformaðar, eru óhjákvæmilegar fyrir alla orkuaukningu á staðnum. Það eina af þeim framkvæmdum, sem hér eru ráðgerðar og ekki fellur að öllu saman við heildarrafveituna, er dieselvélin, en auðvelt ætti að vera fyrir rafveituna að fá sæmilegt verð fyrir hana, þegar Austfjarðaveitan er tilbúin, þyki þá ekki nauðsynlegt að hafa vélina vegna varaorku.

Nd. 117. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina kemur:

1. Á eftir A. 10 í 1. gr. laga nr. 37/1943 koma tveir nýir liðir:
   a. **Úlfarsfellsvegur:** Af Vesturlandsvegi við Úlfarsárbrú um Úlfarsfell, Þormóðsdal og Miðdal á Suðurlandsveg við Geitháls.
   b. **Reykjavegur:** Af Vesturlandsvegi við Varmárbrú um Álafoss með afleggjara að Reykjalundi, um Reykjahverfi og á Úlfarsfellsveg.
2. B. 10 í sömu lagagr. skal orða svo:
   Kleifavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kláffossbrú um Kleifar, Norðtungu að Kvíum.
3. Á eftir B. 10 kemur nýr liður:
   Stafholtstungnavegur: Af Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt og Arnbjargarlæk á Kleifaveg hjá Högnastöðum.
4. B. 13 í sömu lagagr. skal orða svo:
   Hraunhreppsvegur: Af Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa um Hrafnkelsstaði, Laxárholt og Vog að Ökrum.

Nd. 118. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina kemur:
Á eftir A. l. a. 10 í 1. gr. laga nr. 30/1943 kemur nýr liður:
Litla-Þverá hjá Högnastöðum.

Nd. 119. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búðahreppi landspildu úr Kjappeyrarlandi.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. Við 1. gr. Við fyrri málslið bætist: og enn fremur Innri-Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða í sama hreppi.
2. Við fyrirsögnina bætist: og Innri-Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða.

Nd. 120. Frumvarp til laga

um embættisbústaði héraðsdómara.

Flm.: Gísli Sveinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, þar til fullnægt er húsnæðisþörf héraðsdómara, láta byggja eða kaupa 1—2 íbúðarhús á ári handa héraðsdómurum, enda sé þar rúm fyrir skrifstofur þeirra, skjalasafn o. s. frv. Byggingarnar skal gera eftir teikningum, er ráðherra hefur samþykkt. Byggingum skal haga í samræmi við húsnæðisþörf og aðstæður á hverjum stað, og sé vandað til staðarvals og byggingarlóðar. Þar skal fyrst byggja, er þörfin er mest að dómi ráðherra, að fengnum tillögum Félags héraðsdómara.

Kostnaður allur við framkvæmdir þessar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Nú verða héraðsdómaraskipti og sá, er af störfum lætur, eða bú hans á hús, sem að dómi ráðherra er hæfur héraðsdómarabústaður, og skal þá ríkisstjórnin kaupa eignina, ef viðtakandi héraðsdómari óskar, enda fáist hún fyrir hæfilegt verð að dómi sérfróðra, óvilhallra manna.

3. gr.

Héraðsdómarar greiði leigu fyrir afnot einkaíbúða sinna samkvæmt ákvörðun ráðherra, þó eigi yfir 10% — tíu af hundraði — af grunnlaunum þeirra, að viðbættri verðlagsuppbót.

Um viðhald embættisbústaðarins o. fl. fer eftir reglum, er ráðherra setur.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af stjórn Félags héraðsdómara, og hefur það legið hjá dómsmálaráðuneytinu síðustu missiri, en þangað var það sent með áskorun

um, að ríkisstjórnin beitti sér fyrir flutningi og framgangi þess, svo sem skylt mátti teljast, því að hér er um að ræða hina fremstu og ábyrgðarmestu starfsmenn sjálfs ríkisvaldsins, sem eiga að varðveita mikil verðmæti og dýrmæt skilríki fyrir þess hönd, — og verða þó að standa með það allt „á götunni“, ef svo ber undir. Sjá víst flestir, hvílíkt reginhneyksli slíkt ástand er, sem ekki þekkist lengur hjá siðuðum þjóðum. Er því ekki vanþörf hér úr að bæta og það hið fyrsta, og að sjálfsögðu hefði það fyrr átt að vera, enda hefur flutningsmaður frumvarpsins fyrir löngu bent ríkisstjórnum landsins á þetta, þótt því hafi eigi verið sinnt, hverju sem um er að kenna.

Aðeins hin nauðsynlegustu fyrirmæli eru tekin upp í frumvarpið, og má við meðferð þess í þinginu auka það, ef þörf þykir. Að öðru leyti fylgdi því frá stjórn Félags héraðsdómara svo látandi rökfærsla:

Fram á síðustu ár, og enn að mestu, hafa héraðsdómarar landsins orðið að sjá sér sjálfir fyrir húsnæði, þ. e. íbúð, skrifstofu og geymslu fyrir embættisbækur og skjöl. Til þessa liggja að vísu þau sögulegu rök, að sýslumenn hafa til tiltölulega skamms tíma einnig verið bændur, og húsnæðisvandamálið þá allajafna verið leyst, um leið og jarðnæði var fengið. Á síðustu áratugum hafa umboðsstörf héraðsdómaranna margfaldazt og halda jafnt og þétt áfram að aukast. Er nú svo komið, að þeir verða að gefa sig alla við störfum sínum fyrir ríki og hérað og hafa engan tíma aflögu til bústjórnar, þótt aðstæður að öðru leyti hefðu leyft það. Hið fyrsta vandamál hvers nýskipaðs héraðsdómara hefur því nú um sinn verið það að fá þak yfir höfuðið. Oft hefur þetta vandamál ekki orðið leyst á annan veg en þann að byggja nýtt hús, sem síðan hefur verið selt hæstbjóðanda, er héraðsdómarinn flutti burt eða á annan hátt lét af störfum á þeim stað. En hefði héraðsdómarinn ekki bolmagn til þess að byggja, varð hann að kaupa hús eða taka húsnæði á leigu. Slíkt húsnæði hefur að vonum, oftar en hitt, verið mjög á annan veg en æskilegt hefði verið, stundum of lítið, stundum of stórt, óhentugt að herbergjaskipan, en þó orðið við að hlíta, þar sem ekki var á öðru völ. — Á verðbólgutímum þeim, er nú standa yfir, er félitlum héraðsdómurum fjárhagslega um megn að byggja eða kaupa, en mjög undir hælinn lagt, að leiguhúsnæði sé fáanlegt. Rökrétt afleiðing þessa, ef slíkt ástand helzt, hlýtur að verða sú, að menn leita að öðrum störfum fremur, þar sem þessir annmarkar eru ekki fyrir hendi í jafnríkum mæli. Svo langt ganga þessir erfiðleikar nú þegar, að vitað hefur verið um a. m. k. 2 héraðsdómara, er um stundarsakir hafa setið í húsnæði í skjóli gildandi húsaleigulaga, en í algerri óþökk húseigenda. Væri hér ekki um að ræða fullkomið alvörumál, mundi megi telja það góða skopsögu, er ríkisstjórnin neyddist til, samkvæmt framkominni löglegri kröfu, að skipa mann með fógetavaldi til þess að bera héraðsdómara út á götuna, og þá ekki eingöngu hann sjálfan, konu hans og börn, heldur og skrifstofugögn, bækur og skjöl ríkisins og hlutaðeigandi héraðs, er í hans vörzlu væru. .... Auk þessa, er nú var talið, verður varla um það deilt, að stefna beri að því, að húsakostur opinberra starfsmanna sé frekar til fyrirmyndar en hið gagnstæða. Loks virðist og fullkomlega ósanngjarnt, að héraðsdómarar séu, að þessu leyti, skör lægra settir en t. d. hin fjölmenna prestastétt, sem jafnan hefur átt að einhverju húsnæði að hverfa, að undanskildum örfáum kaupstaðarprestum, en þó nú kappsamlega að því unnið að bæta einnig úr þeirri þörf. Er þess fastlega vænzt, að Alþingi sjái nauðsyn þessa máls og sanngirni þeirra raka, er það styðja.

Sþ. 121. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning löggjafar um veiting héraðsdómaraembætta.

Flm.: Gísli Sveinsson, Þorst. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um veiting embætta héraðsdómara og leggja fyrir næsta þing frumvarp um það efni.

Greinargerð.

Á aðalfundi sínum dagana 22.—26. september þ. á. samþykkti Félag héraðsdómara í einu hljóði og með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna svo hljóðandi ályktun:

„Um mörg undanfarin ár hafa embætti héraðsdómara verið veitt, án þess að nokkrum föstum reglum hafi verið fylgt og stundum með þeim hætti, sem félaginu virðist hafa brotið mjög í bág við þær meginreglur, er það telur réttmætar. Á fundi sínum 1941 samþykkti Félag héraðsdómara eftirfarandi ályktun:

„Fundurinn felur félagsstjórninni að standa á verði um, að veitingavaldið auglýsi með hæfilegum fyrirvara þau héraðsdómaraembætti, er laus verða, og að við veitingu þeirra sé fullt tillit tekið til menntunar, reynslu og embættisaldurs umsækjenda."

Með því að eigi verður séð, að ályktun þessi hafi borið árangur, ályktar aðalfundur Félags héraðsdómara 1945 að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf og Alþingi að lögfesta þegar á næsta þingi reglur um veitingu héraðsdómaraembætta í samræmi við framangreinda ályktun. Vill félagið leggja til, að áður en embætti þessi eru veitt, verði leitað tillagna nefndar, er skipuð sé þrem mönnum, einum tilnefndum af Félagi héraðsdómara, öðrum af hæstarétti og þriðja af lagadeild háskólans (lögfræðiprófessorum)." —

Ályktun þessi var afgreidd til hæstv. dómsmálaráðherra, en hann hefur ekki fallizt á að veita henni brautargengi, eins og ætlazt var til, og þykir því rétt að leita til þessa atbeina Alþingis, svo að eigi verði undan skorazt af ríkisstjórn, enda mun nú nauðsyn þess öllum ljós. Héðan af getur málið sjálft þó eigi komið til frekari kasta þingsins fyrr en á næsta ári, en eðlilegast er, að ríkisstjórnin undirbúi það, eins og till. greinir.

Sþ. 122. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Húsavíkurhrepp til að endurnýja rafveitukerfi kauptúnsins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 500 þús. kr. innlent lán fyrir Húsavíkurhrepp til að endurnýja rafveitukerfi kauptúnsins í sambandi við rafleiðslu frá Laxárfossum, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði. Ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu verði falin manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefur leitað eftir því, að ríkissjóður vildi ábyrgjast allt að 500 þús. kr. til að endurnýja rafveitukerfi hreppsins. Rafmagnseftirlit

ríkisins hefur í vor, sem leið, áætlað þann kostnað 650 þús. kr. Hreppsnefnd kauptúnsins telur sér fært að leggja nú þegar fram til verksins það, sem verður fram yfir hálfa milljón króna.

Nd. 123. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 124. Nefndarálit

um frv. til l. um kaup á nýjum strandferðaskipum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta ásamt fylgiskjölum og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. nóv. 1945.

Eiríkur Einarsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 125. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 2. gr. Við greinina bætist: Skal það fylgifé hverrar fasteignar, er til hefur orðið vegna ákvæða þeirra, sem úr gildi eru felld með lögum þessum, verða haftalaus eign eiganda fasteignarinnar.

Nd. 126. Frumvarp til laga

um mjólkurflutninga.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Mjólkurbúi, sem fær mjólk til sölu eða vinnslu og annast sjálft flutninga mjólkurinnar eða felur þá verzlunum eða öðrum aðilum, er skylt, ef krafa kemur fram um það frá minnst 40 mjólkurframleiðendum, sem selja búinu mjólk sína, að láta

þá verzlun, er þeir skipta við og starfar á félagssvæði mjólkurbúsins, annast flutninga á mjólk og mjólkurafurðum að og frá búinu í réttu hlutfalli við heildarvörusölu verzlunarinnar næstliðið ár, miðað við aðrar verzlanir á félagssvæðinu, er annast áðurgreinda flutninga.

2. gr.

Flutningsgjald á mjólk að mjólkurbúi skal miðast við ekinn kílómetrafjölda. Flutningsgjald fyrir mjólk og mjólkurafurðir frá mjólkurbúinu skal miðast við þunga hins flutta. Öllum, sem rétt hafa til flutnings skv. 1. gr., skal greitt eftir sama flutningstaxta.

3. gr.

Verzlunum á félagssvæði mjólkurbús, sem rétt hafa til mjólkurflutninga samkv. 1. gr., er skylt að senda mjólkurbúinu skýrslu um vörusölu sína fyrir 1. marz ár hvert, í fyrsta skipti fyrir 1. marz 1946. Geri verzlunin það ekki, fellur réttur hennar skv. 1. gr. niður og vörusala hennar skal ekki talin með, þegar flutningshlutföll milli verzlana skv. 1. gr. eru ákveðin.

4. gr.

Nú hefur krafa komið fram frá minnst 40 mjólkurframleiðendum samkv. 1. gr., og er stjórn hlutaðeigandi mjólkurbús þá skylt að ákveða svæðið, sem verzlunin á að flytja mjólk af, svo fljótt, að hún geti byrjað flutninga innan tveggja mánaða, frá því krafan kom fram. Svæðið skal vera á viðskiptasvæði verzlunarinnar.

5. gr.

Samningar mjólkurbús um flutninga, sem nú eru í gildi, falla niður eigi síðar en 6 mánuðum eftir gildistöku þessara laga, þótt þeir hefðu átt að gilda lengur samkvæmt samningum. Nýr samningur um flutning á mjólk og mjólkurafurðum er ógildur, ef mjólkurbú getur ekki framfylgt þessum lögum, án þess að rjúfa hann.

6. gr.

Ágreiningur um, hvort verzlun hefur rétt til mjólkurflutninga samkvæmt þessum lögum eða hve mikið flutningsmagn henni ber, heyrir undir úrskurð landbúnaðarráðuneytisins.

7. gr.

Brot á lögum þessum varðar sektum allt að kr. 250000.00.

8. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á síðari árum hafa bændur í ýmsum héruðum komið upp stórum og myndarlegum mjólkurbúum. Flutningar að og frá þessum búum eru framkvæmdir með ýmsu móti. Í nokkrum héruðum annast einstaklingar eða félagssamtök heima í sveitunum þessa flutninga, og eru þá jafnframt fluttar kaupstaðavörur fyrir bændur í þeim sveitum. Í öðrum héruðum hefur þróunin orðið á þá leið, að einstök félög hafa náð undir sig öllum mjólkurflutningum í því skyni að ná viðskiptum frá öðrum verzlunum. Er á þann hátt rekin eins konar einokunarstarfsemi, þar sem öðrum samvinnufélögum eða bændaverzlunum er fyrirmunað að flytja mjólk fyrir félags- eða viðskiptamenn sína, enda þótt þeir óski einskis annars fremur en að þeirra eigin verzlun annist flutningana.

Það er gegn þessu einræði, sem frumvarp þetta er flutt.

Nd. 127. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

17. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal það fylgifé hverrar fasteignar, er til hefur orðið vegna ákvæða þeirra, sem úr gildi eru felld með lögum þessum, verða haftalaus eign eiganda fasteignarinnar.

Ed. 128. Lög

um kaup á nýjum strandferðaskipum.

(Afgreidd frá Ed. 9. nóv.).

Samhljóða þskj. 94.

Ed. 129. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

A-lið 1. gr. laganna skal orða svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 25000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði.

2. gr.

Í stað orðanna „í öllum 10 flokkum“ í c-lið 1. gr. laganna komi: í öllum 12 flokkum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk fjármálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um það. Með frumvarpinu var bréf rektors háskólans, þar sem gerð er grein fyrir því. Er það birt hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 31. október 1945.

Í 1. gr. l. nr. 44 19. júlí 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, er mælt svo fyrir, að hlutatalan, 25000, skuli skiptast í 10 flokka á ári hverju og skuli dráttur fyrir einn flokk fara fram á mánuði hverjum, á tímabilinu marz—desember, og

hafa lögin verið framkvæmd á þessa leið hingað til. Háskólaráð og stjórn happdrættisins hafa nú óskað, að lögunum verði breytt um þetta efni í þá átt, sem í frumvarpinu greinir, þ. e., að flokkarnir verði 12 og að dráttur fari fram í hverjum mánuði ársins. Reynslan virðist hafa sýnt það, að hlé það, sem verður milli drátta í desember og í marz, þ. e. tveir mánuðir, janúar og febrúar, hafi óheppileg áhrif á sölu happdrættismiðanna, að menn gleymi frekar að endurnýja kaup sín á þeim, er svo langt líður á milli, en þegar endurnýja þarf mánaðarlega. Fjölgun flokkanna mundi og gefa happdrættinu auknar tekjur, en kostnaður við rekstur þess ekki vaxa að sama skapi. Það mundi t. d. ekki þurfa að auka starfslið á skrifstofu happdrættisins, þar sem þar er um fastráðið fólk að ræða, sem nú tekur laun einnig þá mánuði, sem drættir fara ekki fram. En þörf er á því að auka tekjur happdrættisins. Arðurinn af því á, svo sem kunnugt er, að ganga að nokkru leyti til byggingaframkvæmda háskólans og að nokkru leyti til atvinnudeildarinnar. Hafa þegar tvö stórhýsi verið reist fyrir arðinn af rekstri happdrættisins, háskólinn og atvinnudeildin, en fyrirhugað er, að fleiri hús verði byggð með sama hætti, og þá fyrst og fremst íþróttahús fyrir stúdenta og hús fyrir náttúrugripasafnið. Tekjurnar af happdrættinu á árabilinu 1934—1944 hafa alls numið kr. 2669684.68. Af þeirri fjárhæð hafa kr. 311695.03 runnið í ríkissjóð auk kr. 200000.00, sem háskólinn lagði til byggingar atvinnudeildarinnar. Afgangurinn, kr. 2157989.65, hefur gengið til háskólabyggingarinnar, og í árslok 1944 vantaði um kr. 86500.00 á það, að byggingarkostnaður háskólans væri greiddur að fullu. Að vísu hafa tekjur happdrættisins aukizt hin síðari ár vegna aukinnar sölu happdrættismiða og hækkaðs verðs þeirra, og námu tekjurnar árið 1944 kr. 447265.58, og skiptust þær þannig milli háskólans og ríkissjóðs, að háskólinn fékk kr. 357812.46, en ríkissjóður kr. 89453.12. En hækkunin á tekjum af happdrættinu hefur þó hvergi nærri haldizt í hendur við hækkun byggingarkostnaðarins. Rík þörf er á því, að hús þau, er háskólinn hefur í hyggju að reisa, komist upp sem fyrst, og því ærin þörf á, að tekjurnar af happdrættinu verði auknar. Með fjölgun flokkanna um tvo mætti vænta þess, að hreinar tekjur happdrættisins hækkuðu um 20%. Ef gert yrði ráð fyrir svipuðum ágóða og árið 1944, mundu tekjur háskólans aukast um nál. kr. 70000.00 og tekjur ríkissjóðs um 10—15 þús. kr.

Samkv. framansögðu leyfi ég mér hér með að fara þess á leit við yður, herra fjármálaráðherra, að þér vilduð hlutast til um, að meðfylgjandi lagafrumvarp verði flutt á Alþingi, og stuðlið þar að því, að það nái fram að ganga.

Ólafur Lárusson.

Til fjármálaráðherra.

Nd. 130. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Upphaf fimmtu málsgr. orðist svo:
   Sinni sveitarstjórn ekki boði landeiganda um að ráðstafa ábúð á jörð hans samkv. grein þessari innan mánaðar o. s. frv.
2. Við 2. gr. Í stað „1. gr.“ komi: 3. gr.

Nd. 131. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Sigurður Þórðarson, Jón Sigurðsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi:

a. C. 11 í sömu lagagr. skal orða svo:
Sauðárkróksbraut: Frá Sauðárkróki að Norðurlandsvegi hjá Varmahlíð og að Goðdölum.

b. Á eftir C. 12 kemur nýr liður:
Hegranesvegur: Frá Hofsósvegi hjá Garði um Hegranes að Eyhildarholti.

Nd. 132. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi:
Á eftir 1. lið í II. kafla 1. gr. laganna komi nýr liður:
Melsá hjá Mel í Hraunhreppi.

Sþ. 133. Tillaga til þingsályktunar

um fiskirannsóknir og fiskirækt í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera ýtarlegar fiskirannsóknir í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu með sérstöku tilliti til þess, að komið verði upp fiskirækt í firðinum, teljist skilyrði til þess álitleg að dómi fiskifræðinga.

Rannsóknir þessar séu gerðar af fiskideild atvinnudeildar háskólans og kostaðar af ríkissjóði.

Greinargerð.

Það hefur komið í ljós, að í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu er sérstaklega auðug uppeldisstöð fyrir flatfisk. Bátar, sem reynt hafa dragnótaveiðar í firðinum, hafa orðið þess varir, að þar eru ógrynni af ungum flatfiski. Svo mikil hefur veiðin þarna reynzt, að hér á landi munu engin dæmi þess, að jafnmikil veiði hafi fengizt í einum drætti í dragnót og þar fékkst nú í haust.

Þessi mikla veiði hefur nær öll verið hálfvaxinn flatfiskur og mikill meiri hluti svo smár, að óheimilt er að hirða veiðina.

Þeir fiskimenn, sem reyndu veiðar í firðinum, sáu strax, að þarna var greinilega um að ræða mjög auðuga og þýðingarmikla uppeldisstöð og að allar veiðar í firðinum þurfti að banna. Það komu því strax fram ákveðnar kröfur um, að fjörðurinn yrði friðaður fyrir öllum botnsköfuveiðum, og hefur Alþingi það, er nú situr, gert samþykkt í tilefni af því.

Hamarsfjörður er að ýmsu leyti frábrugðinn öðrum fjörðum. Svo má heita, að sandrif og grynningar loki firðinum að mestu, og komast bátar varla inn í hann nema á flóði. Fjörðurinn sjálfur er þó alldjúpur og talsvert stór, þegar inn er komið.

Hamarsfjörður hefur af þessum ástæðum verið af ýmsum talinn álitlegur til fiskiræktar, á svipaðan hátt og dæmi eru til um, að lón og innfirðir hafi verið notaðir erlendis.

Það virðist vera fullkomin ástæða til þess, að fiskifræðingar okkar rannsaki sérstaklega slíkar fiskuppeldisstöðvar og þá, sem nú hefur orðið kunnugt um í Hamarsfirði, og það er einnig full ástæða til þess, að við Íslendingar fylgjumst nákvæmlega með tilraunum um fiskirækt og þeim möguleikum, sem við kunnum að eiga á því sviði.

Það er margt, sem bendir til þess, að Hamarsfjörður sé heppilegur til þessara rannsókna, og þar sem ýmsar raddir hafa komið fram um, að efnt verði til rannsókna einmitt í þessum firði, þá hefur mér þótt rétt að flytja þessa tillögu.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að benda á, að skammt frá Hamarsfirði eru viðurkennd ágætis skarkolamið. Dragnótabátar á Austfjörðum veiða á ári hverju mikið af stórum og góðum flatfiski í nánd við Papey og inni í Berufirði, næsta firði fyrir norðan Hamarsfjörð. Það er því mjög sennilegt, að beint samband sé á milli uppeldisstöðvarinnar í Hamarsfirði og þessara ágætu veiðisvæða við Papey og í Berufirði.

Tilætlunin með flutningi þessarar tillögu er, að fiskideild atvinnudeildar háskólans hefji hið allra fyrsta rannsóknir í firðinum, og mundu svo þær rannsóknir ráða um það, hvort rétt þætti að efna til fiskiræktar þarna. Ef til þess kæmi, yrðu síðar settar reglur um þá starfsemi og fé ætlað til hennar.

Ed. 134. Frumvarp til laga

um vinnuskóla á Reykhólum.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Ríkissjóður lætur reisa og reka á sinn kostnað vinnuskóla á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu. Skal skólinn vera jafnt fyrir konur og karla. Markmið hans er að veita þá kunnáttu, sem þeim er nauðsynleg til þess að lifa og starfa á sviði landbúnaðar, smærri bátaútvegs og iðnaðar í sambandi við búrekstur. Skólinn skal aðallega starfa í 2 deildum: Verknámsdeild karla og verknámsdeild kvenna.

2. gr.

Í verknámsdeild karla skal kenna:

A. Verklegt nám:

Hagnýtustu aðferðir, sem þekktar eru á hverjum tíma í fyrirmyndar búskap á smærri býlum og undir þeim skilyrðum, er nemendur eru líklegir til að búa við síðar. Auk þessara almennu landbúnaðarstarfa skal einnig kenna einföldustu undirstöðuatriði í trésmíði, hirðingu og viðgerð rafvéla, járn- og málmsmíði, sementssteypu, samsetning og sundurlimun búvéla, meðferð þeirra og hirðingu. Skal kennslunni hagað þannig, að nemendur geti, að lokinni skólavist, talizt búhagir og sjálfum sér nógir um flest það, er lýtur að viðhaldi og notkun þeirra áhalda, sem notuð eru við búskapinn. Nota skal við kennsluna vélar og áhöld af þeirri gerð, sem henta má hverju heimili að eiga og ekki væri því ofviða í kostnaði.

B. Bóklegt nám:

Helztu undirstöðuatriði í almennum landbúnaðarnámsgreinum, svo og íslenzka, stærðfræði, eðlisfræði, dráttlist, heilsufræði, bókhald og söngur.

Bóklega námið skal fyrst og fremst miðað við þarfir verknámsins.

3. gr.

Námstími verknámsdeildar karla er 3 missiri: tveir vetur og eitt sumar.

Nemendur deildarinnar eru skyldir til að taka þátt í hinum almennu landbúnaðargreinum, bóklegu námi og íþróttum, en auk þess í námi samkvæmt 2. málsgr. 2. greinar, að minnsta kosti í tveim þeirra námsgreina, er þar getur, enda segi þeir til þess, er þeir sækja um skólavist.

4. gr.

Í verknámsdeild kvenna skal kenna:

A. Verklegt nám:

Hagnýtar aðferðir í matartilbúningi, meðferð og geymslu búsafurða, með tilliti til þeirra skilyrða, sem nemendur síðar koma til að búa við, fatagerð, vefnaði, ísaumum, prjóni, hirðingu og nýtni fata og umgengni alla um hús og heimili.

B. Bóklegt nám: Samanber 2. gr. B-lið.

Kennslutími er 1 ár.

5. gr.

Í báðum deildum skólans skal kenna sund og aðrar almennar íþróttir.

6. gr.

Auk þeirrar kennslu, sem ákveðin er með 2.—5. gr., skulu báðar deildir skólans halda námskeið fyrir almenning. Ráðuneytið setur reglugerð um inntökuskilyrði, próf og annað, sem tilheyrir rekstri skólans og eigi er tekið fram í lögum þessum.

7. gr.

Ríkið leggur jörðina Reykhóla endurgjaldslaust og kvaðalaust, samanber þó 8. gr., til vinnuskólans, ásamt öllum hlunnindum og jörðunum Grund og Börmum, húpeningi og réttindum öllum, allt eins og þetta er nú í eign ríkisins, að undanskildum þeim hluta jarðarinnar, sem lagður er til tilraunastöðvarinnar samkvæmt lögum nr. 57 31. okt. 1944.

Tekjur af eignum þessum renna til vinnuskólans frá gildistöku þessara laga.

8. gr.

Skylt skal skólanum að afhenda úr landinu endurgjaldslaust nauðsynlegar lóðir og hitaafnot til eftirfarandi:

1. Til sundlaugar.
2. Til heimavistarbarnaskóla.
3. Til prestsseturs.
4. Til saltvinnslu, ef ríkið óskar síðar að gera tilraunir með hana á Reykhólum.
5. Til tilraunastöðvarinnar í jarðrækt fyrir Vesturland.

Sé ágreiningur um stærð lóða eða magn hita, sem afhenda skal, sker ráðuneytið úr um þessi atriði.

9. gr.

Vinnuskólinn skal reka búskap á þeim hluta jarðanna, sem honum er látinn í té. Skal búskapurinn rekinn með þeim myndarskap og á þann hátt, að hann sé til eftirbreytni fyrir bændur landsins. Stefnt sé að því að koma á fót og reka eitt eða fleiri kennslubú, og sé stærð þeirra og rekstur miðaður við þau skilyrði, sem nemendur eru líklegir til að búa við síðar.

Skólinn skal jafnan vera á varðbergi fyrir nýjungum í búnaðarháttum og hagnýta sér þær.

10. gr.

Yfirstjórn skólans skal vera í höndum fimm manna skólaráðs. Skal það skipað af landbúnaðarráðuneytinu eftir tilnefningu þessara aðila: Búnaðarsambands Vest-

fjarða, Búnaðarsambands Dala- og Snæfellsnessýslna, sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu og hreppsnefndar Reykhólahrepps, — en ráðuneytið skipar þann fimmta, og er hann formaður ráðsins. Skal ráðið skipað til fjögurra ára í senn. Ber það ábyrgð á rekstri skólans gagnvart ríkisstjórninni og gerir tillögur um breytingar og endurbætur og allt annað, er lýtur að rekstri skólasetursins og hagnýtingu jarða og hlunninda.

11. gr.

Ráðuneytið skipar skólastjóra og kennara. Skulu laun þeirra vera í samræmi við laun skólastjóra og kennara annarra hliðstæðra stofnana.

12. gr.

Gerðar séu nú þegar ráðstafanir til þess að leysa jörðina Reykhóla úr ábúð, svo að allt jarðnæði og öll hlunnindi séu til fullra afnota fyrir skólann eigi síðar en í fardögum 1947.

13. gr.

Gera skal nú þegar skipulagsuppdrátt að skólasetrinu og byggingum öllum. Að því loknu skal hafizt handa um byggingu skólahúss og bústaða forstöðumanns og kennara, samfara nauðsynlegum vinnustofum og peningsbúsum, svo að skólinn geti starfað sem fyrst. Þar til þessi undirbúningur er framkvæmdur, má eigi gera neinar byggingar á jörðinni frá því, sem nú er, nema í samráði við skipulagsstjóra ríkisins.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á fyrra þinginu árið 1943 bar ég fram frv. til laga um skólasetur á Reykhólum. Landbúnaðarnefnd Ed. fékk málið til meðferðar og afgreiddi það með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að fram verði látinn fara hið bráðasta ýtarlegur undirbúningur að lagasetningu um framtíðar-menningarstarfsemi á Reykhólum og á þann hátt fáist öruggur grundvöllur undir þá starfsemi, leiðir deildin hjá sér frekari afgreiðslu málsins nú og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Hafði stjórn B. Í. áður verið sent málið til umsagnar og hún lagt það fyrir búnaðarþing, sem eindregið óskaði eftir því, að málið fengi ýtarlegri undirbúning, einkum með tilliti til þess, að sett yrði einnig upp á Reykhólum tilraunastöð í jarðrækt fyrir Vesturland. Á þessu sama þingi var samþykkt þingsályktun þess efnis, að skipuð skyldi 5 manna nefnd, til þess að gera athuganir og tillögur um framtíðarafnot jarðarinnar Reykhóla. Lauk nefndin störfum 16. sept. s. á. og skilaði þá frv. til laga um skólasetur og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum. Fylgdi því frv. ýtarleg greinargerð frá nefndinni, svo og álit og tillögur Reykhólanefndarinnar og að síðustu lýsing jarðarinnar. Bar ég síðan fram frv. þetta á síðara þingi 1943. Landbúnaðarnefnd Ed. fékk málið enn til meðferðar. Fékk hún um það umsögn fræðslumálastjóra, sem mælti eindregið með því, að Reykhólar yrðu gerðir að skólasetri og tilraunastöð í jarðrækt, og leggur hann ríka áherzlu á, að búið sé svo um hnútana, að á Reykhólum verði ekkert jarðrask gert og engar nýbyggingar reistar, er komið geti í bága við fyrirhugaða skólastofnun og tilraunastöð. En með því að skólanum sé ætlað að troða nýjar slóðir, sé nauðsynlegt að velta nýbrigðunum sem vandlegast fyrir sér. Bendir hann á ýmis atriði í frv., sem þurfi frekari athugunar, og leiðbeinir mjög um það, hvernig fara skuli með undirbúning málsins í heild. Nefndin sendi frv. einnig til umsagnar B. Í. Mælir stjórn félagsins eindregið með því, að frv. verði samþykkt. Að fengnum þessum upplýsingum þótti landbúnaðarnefnd efri deildar rétt, að málið yrði athugað betur. Afgreiddi hún því ekki frv., en bar í þess stað fram svo hljóðandi þingsályktunartillögu:

„Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um:

1. að nú þegar verði hafinn undirbúningur að því að reisa og reka á jörðinni Reykhólum tilraunastöð í jarðrækt samkv. l. nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins;
2. að frv. það, sem nú liggur fyrir deildinni um skólastarfsemi á Reykhólum, verði endurskoðað með aðstoð milliþinganefndar í skólamálum, sem nú starfar, og málið verði að nýju lagt fyrir Alþingi að þeirri athugun lokinni;
3. að jörðin Reykhólar verði laus úr ábúð þannig, að ábúðarréttur landseta verði á engan hátt til tafar því, að tilraunastöð eða skóli verði reistur á jörðinni, þegar undirbúningi þessara stofnana er að öðru leyti lokið, og nýbygging húsa eða önnur meiri háttar mannvirki verði ekki unnin þar nema í samráði við skipulagsnefnd ríkisins."

Var þáltill. samþykkt óbreytt og frv. sent milliþinganefnd í skólamálum til athugunar og umsagnar í jan. 1944. Í sept. 1944 átti ég fund með milliþinganefndinni. Kom þá í ljós, að hún hafði ekkert unnið að því að athuga frv., eins og henni hafði þó verið falið, enda hafði nefndin hugsað sér, að komið yrði upp gagnfræðaskóla á Reykhólum, og mundi þetta verða tekið upp í tillögur um almennt fræðslukerfi í landinu, sem nefndin var þá að starfa að. Mér þótti því rétt að taka ákvæðin um tilraunastöðina í jarðrækt út úr frv. og bera fram sérstakt frumvarp um þann hluta framkvæmdanna á Reykhólum. Var það samþykkt og staðfest sem lög nr. 57 31. október 1944.

Eftir er enn að ákveða með lögum þann þátt framkvæmdanna á Reykhólum, sem snertir stofnun vinnuskólans og afnot jarðarinnar í sambandi við hann, eins og þetta var lagt til af Reykhólanefndinni og eins og Alþingi, B. Í. og fræðslumálastjóri hafa viðurkennt, að bæri að gera, og má ekki dragast lengur, að þessu sé hrundið í framkvæmd, og því er frv. þetta nú fram komið. Er þess vænzt, að það fái skjóta og góða afgreiðslu á þessu þingi.

Ed. 135. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Á eftir 1. málslið 8. gr. laganna komi nýr málsliður, er hljóði svo:

Sé gjaldþegn félag, samanber II., 1. málslið 6. gr., og skal þá leggja á hann útsvar þar, sem hann á skrásett heimilisfang, án tillits til þess, hvar stjórnendur hans eða framkvæmdastjóri kunna að eiga lögheimili, enda eigi gjaldþegn fasteignir á skrásetningarstað og reki þar atvinnu.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný málsgrein, er hljóði svo:

Þó skal skipting útsvara á milli sveitarfélaga, samanber 2. og 3. staflið, eigi framkvæmd, ef bæði sveitarfélögin eru innan sömu sýslu.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi bar ég fram frv. til laga um breyting á útsvarslögunum, samanber 1. gr. þessa frv. Var frv. afgreitt frá Ed. með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem deildin væntir þess, að ríkisstjórnin láti fyrir næsta þing endurskoða lagafyrirmælin um útsvarsskyldu og skiptingu útsvara og leggi frv. um það fyrir Alþingi, telur deildin ekki rétt að afgreiða nú frv. þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Fylgdi þessu frv. svo hljóðandi greinargerð:

„Árið 1941 keyptu nýir hluthafar Fiskveiðahlutafélagið Hæng, sem átt hafði heima í Reykjavík um 25 ár. Fluttu hinir nýju hluthafar heimilisfang félagsins svo og botnvörpungsins Baldurs, sem þá var eign þess, til Bíldudals. Keypti félagið þar fasteignir, svo sem bryggjur, fiskreiti, fiskmjölsverksmiðju, lýsisbræðslustöð, fisk- og vörugeymsluhús og kolaport. Hafa eignir þessar allar verið starfræktar síðan í sambandi við útgerð félagsins. Fasteignir sínar í Reykjavík, svo sem fiskreiti, hús o. fl., seldi félagið á sama tíma og flutti jafnframt allan rekstur til Bíldudals. Lagði skip félagsins þar upp kol, lýsi og fiskúrgang og tók þar ís og vistir allan tímann, sem veitt var fyrir Vesturlandi, eða um 7 mánuði á ári. Formaður félagsstjórnarinnar, sem jafnframt var framkvæmdastjóri félagsins, var heimilisfastur í Reykjavík ásamt öðrum meðstjórnanda og öðrum endurskoðanda, en hinn meðstjórnandinn og endurskoðandi voru búsettir á Akranesi. Bókhald var að mestu fært í Reykjavík, og greiðslur fóru fram ýmist þar eða á Bíldudal. Ríkisskattar voru allir innheimtir af sýslumanni í Barðastrandarsýslu og framtöl jafnan send til skattayfirvaldanna þar. Útsvar hefur jafnan verið lagt á og greitt að fullu í Suðurfjarðahreppi og greitt þar, svo og stríðsgróðaskattur, og hafa það verið megintekjur hreppsins frá 1941. Allan tímann hefur niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur einnig lagt fullt útsvar á félagið í Reykjavík, en það jafnan verið fellt að fullu niður af ríkisskattanefnd þar til árið 1944, að nefndin úrskurðar, að full útsvarsupphæð skuli greidd í Reykjavík með tilliti til dóms hæstaréttar nr. 19/1943, um hliðstætt mál, þar sem félagi er gert skylt að greiða allt útsvar í þeirri sveit, sem yfirstjórn, fyrirsvar, bókhald og sjóðsmeðferð að miklu leyti er, því að telja verði þar heimasetu félagsins, alveg án tillits til fasteigna eða rekstrar á skrásetningarstað. Það er því bert, að brýna nauðsyn ber til þess að breyta svo ákvæðum 8. gr., að eigi verði villzt um það, hvar félag skuli greiða útsvar, og verður þá ekki gengið fram hjá því, að skrásetningarsveit eigi kröfu á öllu útsvari, ef félag rekur þar atvinnu og á þar fasteignir, nema skipting komi til greina samkvæmt öðrum fyrirmælum laganna.

Með því að fjárhagsafkoma Suðurfjarðahrepps er að fullu undir því komin á þessu ári, að frv. þetta nái fram að ganga þegar á þessu þingi, er þess vænzt, að þingmenn sjái sér fært að fylgja því og flýta því, svo að það nái samþykkt, áður en þingi er slitið."

Með því nú að enn hefur ekki komið fram neitt frv. frá ríkisstjórninni til nauðsynlegrar breytingar á þessum lögum, en hins vegar mjög aðkallandi að fá lögunum breytt nú þegar, er frv. þetta borið fram. Breyting sú, sem felst í 2. gr. frv., er gerð fyrir eindregna áskorun sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu, og fylgir hér með erindi frá sýslumanni til stuðnings kröfunni.

Fylgiskjal.

SÝSLUMAÐURINN Í BARÐASTRANDARSÝSLU

Patreksfirði, 22. október 1945.

Á síðasta sýslufundi Vestur-Barðastrandarsýslu var samþykkt að beina þeim tilmælum til Alþingis, að það breyti útsvarslögunum á þann veg, að ákvæðin um skiptingu útsvara milli sveitarfélaga skuli ekki ná til hreppa innan sama sýslufélags.

Þetta tilkynnist hér með hinu háa Alþingi.

Í þessu sambandi leyfir undirritaður flutningsmaður tillögunnar sér að taka eftirfarandi fram: Þar sem stóratvinnurekstur er í litlum sveitarfélögum, verður hann alls ekki rekinn nema með því að fá vinnuafl úr nærliggjnadi sveitarfélögum. Viðast hvar er svo fámennt orðið í sveitum, að ekki er hægt að leggja til menn til starfa annars staðar án þess að framkvæmdir heima fyrir dragist mjög saman, og minnkar þannig óeðlilega sá tekjustofn, sem útsvörin grundvallast á.

Jafnframt má benda á það, að þegar menn úr mörgum sveitarfélögum efna til atvinnurekstrar, sem á heimilisfang aðeins í einu þeirra, þá fær það óeðlilega mikinn hluta útsvaranna, þegar á það er litið, að mikill hluti stofnkostnaðar og vinnuafls er úr öðrum sveitarfélögum.

Tel ég æskilegast, að sveitarfélögin geti notið sem jafnast hags af þeirri atvinnu, sem þau öll standa að. Mun það efla samheldni og samhug. Núverandi ákvæði um skiptingu hafa víða vakið óánægju og ef til vill úlfúð, enda að ýmsra áliti óheppileg.

Jóhann Skaptason.

Til Alþingis.

Ed. 136. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm.: Guðmundur Í. Guðmundsson, Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

b-liður 1. gr. laga nr. 16 26. febr. 1943 falli niður.

2. gr.

15. gr. sömu laga orðist svo:

Kröfur á hendur vinnuveitendum um greiðslu orlofsfjár samkvæmt lögum þessum falla úr gildi fyrir fyrning eftir sömu reglu og gildir um vinnulaun.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk stjórnar Alþýðusambands Íslands, og hefur hún gert svofellda grein fyrir málinu:

„Alþýðusamband Íslands telur, að nauðsyn beri til að breyta 15. gr. laga um orlof þann veg, að um fyrning orlofskrafna á hendur atvinnurekendum fari samkvæmt lögum um fyrning kaupkrafna yfirleitt.

Til skýringar viljum vér aðeins taka þetta fram:

Samkvæmt 15. gr. orlofslaganna fyrnast kröfur um orlof á hendur atvinnurekendum, ef þær hafa eigi verið viðurkenndar eða lögsókn hafin, áður en næsta orlofsár er liðið, frá því kröfurnar stofnuðust.

Oss er kunnugt um, að þrásinnis hefur það borið við, að launtakar hafi tapað óvéfengjanlegum rétti sínum til orlofs ýmissa ástæðna vegna, svo sem erfiðrar aðstöðu í dreifbýli eða á afskekktum stöðum til að ná í lögfræðilega aðstoð, svo og vegna þess, að ýmsir hafa talið eins og sjálfsagðan hlut, að fyrning kaupkrafna og orlofskrafna, sem svo mjög eru tengdar hvor annarri í eðli sínu, fylgdust að, enda virðist liggja í hlutarins eðli, að svo sé.

Enn fremur kom á nýafstöðnum landsfundi sambandsstjórnar Alþýðusambandsins fram mjög eindregin ósk um það, að sú breyting yrði gerð á orlofslögunum, að

allir sjómenn hefðu ótvíræðan og óskertan rétt til orlofs, að öllu leyti á kostnað útgerðarmanns.

Það virðist liggja í augum uppi, hversu ósanngjarnt það er, að sú starfsstétt, sem viðurkennt er, að vinni eitt erfiðasta og þjóðnytsamlegasta verkið, skuli ekki njóta réttar til jafns við aðrar starfsstéttir landsins, að því er snertir skilyrði til hvíldar og hressingar, enda ríkir almenn óánægja meðal hlutasjómanna út af þessu misrétti."

Ed. 137. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með, að það verði samþ. Tveir nefndarmenn (LJóh og GÍG) voru fjarstaddir, þegar nefndin afgreiddi málið, og skrifa því ekki undir nál.

Alþingi, 12. nóv. 1945.

Bjarni Benediktsson, form.	Steingr. Aðalsteinsson.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.

Ed. 138. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Telur hún, að í því felist sjálfsögð réttarbót og leggur þess vegna til, að frv. verði samþykkt óbreytt. — Tveir nefndarmenn (GÍG og LJóh) voru ekki viðstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. nóv. 1945.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Steingr. Aðalsteinsson.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.

Ed. 139. Nefndarálit

um frv. til l. um æskulýðshöll í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt, enda er frv. samhljóða því, sem háttvirt efri deild samþykkti það á síðasta þingi, eftir að það hafði verið rækilega íhugað. Tveir nefndarmenn (GÍG og LJóh) voru ekki viðstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. nóv. 1945.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Steingr. Aðalsteinsson.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara.

Ed. 140. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jónas Jónsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina kemur:
Á C-kafla sömu lagagr. eru gerðar þessar breytingar:

a. Tölul. 26 skal orða svo:
Fnjóskadalsvegur: Frá Grenivík um Dalsmynni yfir Fnjóskárbrú að Reykjum í Fnjóskadal.

b. Á eftir tölul. 27 kemur nýr liður:
Laxárdalsvegur: Frá Grenjaðarstað vestan Laxár að Helluvaði við Mývatn.

c. Tölul. 30 skal orða svo:
Mývatnssveitar- og Mývatnsöræfavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Breiðumýri um Mývatnsheiði, skiptist þar, og liggur önnur álman um Skútustaði, en hin um Grímsstaði að Reykjahlíð og þaðan um Námaskarð og Mývatnsöræfi um væntanlega brú á Jökulsá og á Austurlandsveg hjá Grímsstöðum á Fjöllum.

Ed. 141. Frumvarp til laga

um tónmenntadeild Laugaskóla.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Tónmenntadeild Laugaskóla starfar sem sérnámsdeild í tónmennt við héraðsskólann að Laugum og hefur rúm fyrir 8—10 nemendur. Tilgangur hennar er: 1. að útbreiða undirstöðukunnáttu í meðferð algengustu hljóðfæra, í söngfræði og tónlistarsögu og 2. að veita nauðsynlegan undirbúning að störfum kirkjuorganleikara, söngkennara við barnaskóla og forgöngumanna um söng í félögum og á mannamótum. Jafnframt mundi deildin leita uppi efnilega tónlistarnemendur og hvetja þá til framhaldsnáms.

2. gr.

Tónmenntadeildin starfar hliðstætt smíðadeild skólans. Lýtur hún reglum og skilyrðum skólans um inntöku nemenda, skólagjöld, stjórn og dagleg störf, að öllu öðru leyti en því, sem sérstaklega verður tekið fram í reglugerð.

3. gr.

Sérnám deildarinnar skal vera: að leika á orgel eða slaghörpu, söngfræði og ágrip tónlistarsögu. Þá og, eftir því sem fært þykir og efni standa til, meðferð annarra hljóðfæra og raddþjálfun.

4. gr.

Nemendur deildarinnar skulu taka þátt í 2 bóklegum greinum í héraðsskólanum: íslenzku og einhverri annarri, eftir samkomulagi við skólastjóra og kennara. Þá taki þeir þátt í söng og að einhverju leyti í leikfimi og sundi.

5. gr.

Námstími sé 1 vetur. Þó má með samkomulagi skólastjóra og kennara veita vist í deildinni 2. vetur.

6. gr.

Að tónmenntadeildinni sé ráðinn sérstakur kennari, sem jafnframt sé söngkennari skólans. Skal hann, ásamt því að kenna sérnám deildarinnar, hafa daglegt eftirlit með vinnu (æfingum) nemendanna, heimavist þeirra og hljóðfærum.

7. gr.

Nemendur skulu þreyta próf og hljóta einkunn hvert vor. Fræðslumálastjóri skipar prófdómara. Skal hann hvert haust, ef þess er kostur, kynna sér, hvar nemendur eru á vegi staddir í sérgreinunum (byrjendur, eða hve mikið lært áður), til þess að geta dæmt um ástundun þeirra og framför.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Eins og nú er ástatt víðs vegar á landinu, að hinn mesti hörgull er á þeim, sem vilja og geta annazt söng í kirkjum landsins, þá er og erfitt að fá til söngkennara við barnaskóla í sveitum og sjávarþorpum. Margar sveitir (og þorp) hafa engum á að skipa til þess að hafa á hendi forustu um félagsskap í söng (karlakóra, blandaða kóra) og til þess að beita sér fyrir almennum söng í samkvæmum og á mannamótum. Allvíða á heimilum til sjávar og sveita eru hljóðfæri (harmonium), sem engir kunna með að fara, eða þá a. m. k. mjög lítið, og hin heimilin eru þó miklu fleiri, þar sem engin hljóðfæri eru og engin söngmennt.

Það ástand, er að framan getur, er eðlilegt. Þjóðin hefur ekki átt þess kost að kynnast æðri tónlist né heldur meðferð hljóðfæra nema mjög skamman aldur. Þó að hér hafi ætíð lifað og dafnað nokkur tónmenning, er næsta eðlilegt, að hún væri einhliða og fábreytt. Svo má heita, að allt það, er þokað hefur þjóðinni í átt til annarra sambærilegra þjóða á sviði tónlistar, hafi gerzt í tíð núlifandi manna. Það væri því með öllu ósanngjarnt að ætlast til þess, að mjög mikið hafi á unnizt. En þjóðin er söngelsk og sönghæf. Hún væntir sér meiri þroska og menningar í þeim efnum og á líka að hljóta.

Eitt það, sem nú stendur hvað mest í vegi fyrir aukinni þekkingu og tækni í tónmennt, er ill aðstaða til náms. Í Reykjavík hefur starfað ágætur tónlistarskóli í allmörg ár. Fyrir tónlistarlíf höfuðstaðarins hefur hann haft mjög mikla þýðingu. Þá og fyrir þjóðina alla, t. d. með þeim hlut, sem hann á í dagskrá útvarpsins. Í a. m. k. sumum kaupstöðunum mun vera nokkur aðstaða til tónmenntanáms hjá einkakennurum, en í dreifbýli landsins og smærri þorpum er öll aðstaða til þessa náms hin versta.

Áhugamenn um tónlistarmál hafa rætt þann möguleika að bæta aðstöðuna til þessa náms þann veg, sem hér er ráð fyrir gert. Með eins til tveggja vetra námi því, sem hér um ræðir, geta allir sæmilega tónhæfir nemendur komizt yfir byrjunarörðugleika þá, sem svo margir gefast upp við. Eftir slíkt nám eiga þeir og að vera færir um að spila í kirkjum og kenna söng við barnaskóla. Síðast en ekki sízt er þeim ætlað að stunda og útbreiða söngmennt á sjálfum heimilunum og þar með treysta undirstöðu alls æðra tónlistarlífs og tónmenningar í landinu.

Það mun vera reynsla allra þeirra, sem öðrum hafa kennt að leika á hljóðfæri, að hafi þeir haft nemendurna á heimilum sínum, undir daglegu eftirliti, hvatningu og aðstoð, og nemendurnir ekki haft um of öðru að sinna, þá hafi náðst á skömmum tíma furðu mikill árangur. Þann árangur má þakka næði til náms og aðhaldi að æfingum. Deildinni er ætlað að skapa nemendum slíkt næði og aðhald, jafnframt því, sem þeim gefst kostur þess að stunda að nokkru almennt nám.

Um 2. gr.

Við héraðsskólann að Laugum hefur um mörg ár verið sérstök smíðadeild. Því er til hennar vi'nað, að hún hefur hlotið viðurkennda sérstöðu innan skólans. Í smíða-

deild stunda nemendur smíðar sem aðalnám, þá og íslenzku og reikning, en aðrar námsgreinar eftir samkomulagi við skólastjóra. Deildin fellur að öllu öðru leyti undir reglur og háttu skólans.

Tónmenntadeildin er hugsuð hliðstæð. En hún verður að hafa sína eigin heimavist. Til þess að geta tekið 10 nemendur, þarf deildin lítið hús: 5 tveggja manna herbergi, eina kennslustofu og kennaraherbergi. Í nemendaherbergjunum þarf að vera hljóðfæri til æfinga (2 um hvert) auk harmonium og slaghörpu í kennslustofu. Ekki er útilokað, að nemendur gætu lagt sér til hljóðfæri, unz deildinni vex máttur til þess að eignast þau nógu mörg.

Nemendur yrðu vitanlega í mötuneyti skólans og mundu sækja alla kennslu auk sérnámsins þangað. Heimavist þeirra með hljóðfærum svarar því til þeirrar aðstöðu, sem aðrar sérnámsdeildir verða að hafa.

Rekstur tónmenntadeildarinnar yrði á vegum héraðsskólans, skólagjöld hin sömu og þar og ríkisstyrkur vegna nemenda hinn sami. Eigi væri ósanngjarnt, að nemendur greiddu einhverja leigu eftir hljóðfæri, sem notuð eru til æfinga. Daglegum reglum og stjórn héraðsskólans lytu nemendur tónmenntadeildarinnar.

Við Laugaskóla er aðstaða til að byggja þessa heimavist í sambandi við íbúðarhús söngkennara skólans. Það er í hæfilegri fjarlægð frá skólanum sjálfum til þess, að þar yrði næði til náms og æfinga.

Um 3. gr.

Eins og nú er háttað hljóðfærakosti landsmanna, er stofuorgelið algengasta hljóðfærið. Er því talið sjálfsagt, að höfuðáherzla yrði lögð á meðferð þess. Slagharpa hlýtur hins vegar að fá á næstu árum aukna útbreiðslu, enda hlutverk slíkrar deildar að stuðla að því. Ágrip söngfræði og tónlistarsögu yrði því aðalsérnámið. Söngur yrði stundaður með nemendum héraðsskólans. Hitt yrði svo málefni framtíðarinnar að auka við námsgreinum eftir því, sem fært þætti.

Framangreindar námsgreinar getur einn og sami kennari kennt. Þykir með því hófsamlega af stað farið, meðan reynsla er að fást og færis beðið til fjölbreyttara náms. Enda svarar það bezt tilganginum, eins og hljóðfærakosti landsmanna er nú háttað. Möguleiki er að halda námskeið í húsakynnum deildarinnar, t. d. í fiðluleik, söng (raddbeitingu) o. fl.

Um 4. gr.

Til þess að sem beztur árangur náist af sérnáminu, er áríðandi, að nemendur deildarinnar taki ekki þátt í of mörgum námsgreinum öðrum, þótt einnig sé rétt að nota aðstöðu til náms í héraðsskólanum eftir föngum. Móðurmálið þykir þar sjálfsögð aðalnámsgrein, hins vegar gætu ýmsar ástæður legið til þess, að annað nám yrði eftir frjálsu vali í samráði við skólastjóra og kennara. Því er íslenzka aðeins gerð að skyldunámi auk söngs, ásamt einhverri þátttöku í sundi og leikfimi.

Um 5. gr.

Það þykir ekki ástæða til að ákveða að sinni meir en eins vetrar nám í deildinni, en láta tímann og reynsluna skera úr um það, hvort lengja skuli námið. Fæstir unglingar eiga því láni að fagna að geta eytt mörgum vetrum ævi sinnar í nám, sem ekki miðar beint að undirbúningi lífsstarfs. Hins vegar von til þess, að eins vetrar nám geti miklu til vegar komið. Ýmsar aðstæður gætu þó legið til þess að veita skólavist 2 vetur. Gefur reglugerðin því leyfi til undanþágu.

Ekki er deild þessari ætlað að veita æðri tónlistarmenntun, en undirbúning gæti hún veitt.

Um 6. gr.

Ekki er gert ráð fyrir, að kennari deildarinnar geti haft með höndum önnur störf, að undanskilinni söngkennslu í héraðsskólanum. Um stundafjölda hvers nemanda yrði reynslan að skera úr. En hóflegt virðist að ætla, að hver þeirra fengi hálfrar klukkustundar kennslu annan hvern dag. Fyrir kennarann yrðu það 30 hálftímar

á viku, miðað við 10 nemendur, þar að auki 2 st. (venjulegar kennslust.) söngfræði og tónlistarsaga og 6 st. söngur í héraðsskólanum. Að viðbættu daglegu eftirliti með vinnu nemendanna og ástundun yrði þetta fullt starf. En eins og að framan er sagt, yrði reynslan að skera úr um það, hvernig námi og kennslu verður bezt hagað, þá og um það, hvernig rekstrarfyrirkomulag deildarinnar yrði að öðru leyti.

Um 7. gr.

Þótt gert sé ráð fyrir, að nemendur tónmenntadeildarinnar séu byrjendur að mestu eða öllu leyti, og tilgangur hennar sé fyrst og fremst að kenna byrjendum, má þó gera ráð fyrir, að í nokkrum tilfellum yrði það ekki. Það er því mjög æskilegt, að prófdómari skólans kynni sér kunnáttu nemendanna í skólabyrjun. Próf og prófdómari eiga að tryggja það, að kennari og nemendur leggi sig fram til þess að árangur verði sem beztur. Þótt ekki sé gert ráð fyrir, að nám í tónmenntadeildinni veiti réttindi, þá getur umsögn prófdómara og kennara orðið til leiðbeiningar um hæfni til starfa.

Fylgiskjal I.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 11. des. 1944.

Meðfylgjandi erindi frá Kristjáni Jónssyni, form. skólanefndar héraðsskólans að Laugum, dags. 23. okt. síðastl., og drög að frumvarpi viðvíkjandi tónlistardeild við téðan skóla sendi ég Páli Ísólfssyni tónskáldi og skólastjóra Tónlistarskólans til umsagnar. Fylgir umsögn hans hér með.

Ég er sammála Páli Ísólfssyni um nauðsyn, gagnsemi og tilhögun þessarar deildar og mæli því eindregið með stofnun hennar. En þar sem hér er um deild í sambandi við héraðsskólann, en ekki sérstakan skóla að ræða, þá er vafasamt, hvort hægt er að greiða stofnkostnaðinn á annan hátt en gildir um héraðsskólana. Hins vegar er vitanlegt, að í tónlistardeildinni verður ekki hægt að ætla kennaranum nema í mesta lagi helming nemendafjölda venjulegra deilda, svo að þessi deild verður að sama skapi dýrari í kennslu. Þess vegna væri sanngjarnt, að ríkissjóður greiddi hálf laun tónlistarkennarans.

Helgi Elíasson.

Til Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 5. des. 1944.

Herra fræðslumálastjóri.

Það hefur verið mér mikil ánægja að athuga uppkast það að reglugerð fyrir væntanlega tónmenntadeild, sem ráðgert er, að stofnuð verði við Laugaskóla í S.-Þingeyjarsýslu. Lízt mér prýðilega á þessa hugmynd og þá einnig á reglugerðina, sem ég tel vel hugsaða í öllum aðalatriðum. Þörfin fyrir aukinni kennslu á þessu sviði er mikil, og er réttilega bent á hana í greinargerð þeirri, sem reglugerðinni fylgir. Mér er ljúft og skylt að mæla eindregið með því, að hæstvirt Alþingi veiti skólanum nauðsynlegan fjárstyrk, svo að hægt verði að koma þessari ágætu hugmynd um tónmenntadeild við Laugaskóla í framkvæmd sem allra fyrst.

Mikið veltur á því, að forstöðumaður slíkrar tónmenntadeildar sé hæfur og starfi sínu vaxinn. Það vill nú svo vel til, að Laugaskóli hefur meðal kennara sinna mann, sem í alla staði er hinn ákjósanlegasti í þessa stöðu, og á ég þar við Pál Jónsson söngkennara, sem verið hefur nemandi minn og einnig hefur stundað nám erlendis í skóla-

söng og öðru því, er tónlistarkennslu í skólum viðvíkur. Hæfileikar hans og brennandi áhugi ættu að vera næg trygging fyrir því, að tónmenntadeildinni yrði vel borgið undir handleiðslu hans.

Fylgiskjölin endursendast hér með.

Virðingarfyllst.
Páll Ísólfsson.

Til fræðslumálastjórans, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

BISKUPINN YFIR ÍSLANDI

Reykjavík, 15. desember 1944.

Með bréfi, dags. 11. þ. m., hafið þér, herra fræðslumálastjóri, sent mér til umsagnar erindi formanns skólanefndar Laugaskóla til Alþingis um stofnun tónlistardeildar við skólann, ásamt uppkasti að reglugerð fyrir slíka deild.

Mér er það sérstakt gleðiefni, að þessi þarfa og ágæta hugmynd er komin fram, og vil eindregið mælast til þess, að hið háa Alþingi megi sjá sér fært að stuðla að því, að hún komist í framkvæmd sem allra fyrst.

Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar hefur tjáð mér, að mjög víða á landinu sé nú hinn mesti hörgull á vel hæfum kirkjuorganistum, og tefji það mjög fyrir því, að kirkjusöngurinn geti eflzt og batnað. Hins vegar er nú almennur áhugi vaknaður í söfnuðum landsins um stofnun kirkjukóra og bættan kirkjusöng. Til þess að bæta hér úr hinni brýnustu þörf, hefur söngmálastjórinn fengið nokkra organista úti um land til þess að kenna áhugasömu fólki orgelleik með það fyrir augum, að þetta fólk taki síðan að sér orgelleik í kirkjunum.

En bæði er, að organistar þessir hafa takmarkaðan tíma og aðstæður til þess að sinna slíkri kennslu, og einnig er úr litlu fé að spila til styrktar þessari kennslu.

Hér mundi því hin fyrirhugaða tónlistardeild við Laugaskóla hafa stóru og aðkallandi verkefni að sinna, að kenna ungu fólki víðs vegar af landinu orgelleik, svo að það geti annazt organleikarastörf við kirkjurnar, enda er það beint tekið fram í erindi skólanefndarformannsins, að þetta eigi að verða eitt fyrsta hlutverk tónlistardeildarinnar.

Af þessum ástæðum leyfi ég mér að mæla hið bezta með því, að deild þessari verði komið á fót og það því fremur, sem jafnframt er völ á prýðilega hæfum og áhugasömum manni, Páli Jónssyni söngkennara, til þess að veita deild þessari forstöðu.

Fylgiskjölin — 4 að tölu — endursendast hér með.

Sigurgeir Sigurðsson.

Til fræðslumálastjórans, Reykjavík.

Ed. 142. Frumvarp til laga

um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, sem á jörð, er hann nytjar ekki sjálfur, skal skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi að dómi úttektarmanna.

Nú hefur maður nytjað jörð, sem hann á, og dvelur þar ekki sjálfur né fjölskylda hans, en tún fer í órækt, mannvirki níðast niður eða jörðin rýrnar svo, að sveitarfélagið bíður hnekki af, allt að dómi úttektarmanna, getur þá sveitarstjórn krafizt þess, að jarðeigandi bæti það, sem áfátt er, innan tveggja missira eða hann byggi jörðina frá næstu fardögum samkvæmt 1. málsgrein. Nú byggir landsdrottinn ekki jörð sína fyrir 15. marz, og skal honum þá skylt að bjóða sveitarstjórn innan 6 daga að ráðstafa ábúð á jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta, en hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats samkvæmt 53. gr.

Sveitarstjórn getur krafizt þess, að landsdrottinn láti fylgja jörðinni nauðsynleg hús og mannvirki, er henni hafa fylgt, og ekki í lakara lagi en telja verður meðallag í þeim hreppi að dómi úttektarmanna, eða setja tryggingu fyrir, að svo verði.

Ákvæði annarrar málsgreinar 11. gr. eru ekki bindandi, að því er þessar jarðir snertir.

Sinni sveitarstjórn ekki boði landeiganda um að ráðstafa ábúð á jörð hans samkv. grein þessari innan mánaðar, er landsdrottni skylt að auglýsa jörðina til ábúðar. Geti hann þá ekki byggt hana, má hann ráðstafa jörðinni næsta fardagaár. Næsta ár skal hann bjóða sveitarstjórn enn að ráðstafa jörðinni, ef hann hefur ekki byggt hana sjálfur fyrir þann tíma, er áður greinir. Er þá sveitarstjórn heimilt að byggja jörðina til lífstíðar, þannig að óheimilt sé að byggja ábúanda út af jörðinni, þó að landsdrottinn sjálfur eða skyldulið hans, sbr. 9. gr., óski að fá jörðina til ábúðar.

Þegar svo hefur gengið 3 ár í röð, að jörðin byggist ekki, er jarðeiganda heimilt að ráðstafa jörðinni sem hentast þykir.

Hafi enginn not jarðarinnar, er landsdrottni ekki skylt að greiða af henni opinbera skatta, en önnur lögskil verður hann að inna af höndum.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Nú sinnir jarðeigandi ekki kröfu sveitarstjórnar, er um ræðir í annarri málsgr. 3. gr., eða vanrækir að bjóða sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar, svo að jörðin fer í eyði eða hús á jörðinni eru fallin, hafa verið rifin eða annað það gert, er eigendur jarðarinnar síðustu 5 árin eiga að mestu sök á, og getur þá hlutaðeigandi hreppsnefnd krafizt þess, að sýslumaður auglýsi jörðina til sölu. Sýslumaður rannsakar því næst alla málavexti og aflar sér nauðsynlegra upplýsinga, þar á meðal umsagnar hlutaðeigandi úttektarmanna, ef um jarðníðslu er að ræða. Nú telur sýslumaður kröfu hreppsnefndar réttmæta, og skal hann þá, að undangengnum úrskurði, bjóða jörðina upp og selja hæstbjóðanda, endi leggi kaupandi fram skilríki fyrir því, að hann geti innleyst jörðina og rekið á henni hæfilegan búskap, og enn fremur yfirlýsingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali.

Nú fullnægir kaupandi ekki þessum skilyrðum, og hefur þá hreppsnefnd heimild til að ganga í kaupin.

Söluákvæði þessi taka þó ekki til hjáleigna með óskiptu beitilandi úr heimajörð, þar sem sami er eigandi að báðum jörðunum, enda sé jörðin nytjuð og sameiginlegt ræktað land ekki minnkað.

3. gr.

Aftan við 44. gr. laganna bætist: Geti ábúandi ekki keypt ábýlisjörð sína eða vilji það ekki, hefur sveitarstjórn heimild til að ganga í kaupin með þeim skilmálum, er hún var boðin ábúanda, og skal landsdrottinn því senda sveitarstjórn samrit af tilboði sínu til ábúanda.

4. gr.

45. gr. laganna, 1. málsgr., orðist svo:

Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð. Áður en úttektin fer fram, skal byggingarbréfið liggja frammi til athug-

unar fyrir úttektarmenn, hvort það sé lögum samkvæmt. Þegar úttektarmenn hafa fullvissað sig um, að svo sé, skulu þeir rita samþykki sitt á byggingarbréfið.

Nú telja úttektarmenn, að byggingarbréfið sé ekki lögum samkvæmt, og skulu þeir þá leitast við að fá það leiðrétt. Takist það ekki, ber þeim að rita athugasemdir sínar þar að lútandi á byggingarbréfið.

Úttekt á jörð skal fram fara fyrir 20. júní.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum allt að kr. 3000.00. Mál út af brotum á lögum þessum svo og rannsókn sú, er um ræðir í 2. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 22 7. maí 1940, um breyting á ábúðarlögunum, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við ákvæði laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 87 19. júní 1933 og gefa ábúðarlögin út svo breytt.

Ed. 143. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1946 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1946 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1946.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta leggur til, að framlengd verði heimild sú, sem nú gildir skv. lögum nr. 18 1945, til að innheimta ýmis gjöld með viðauka.

Ed. 144. Frumvarp til laga

um tekjuskattsviðauka árið 1946.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1946 leggja á tekjur ársins 1945 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 greiðist 2%.

Af	9—	10	þús.	kr.	greiðist	20	kr.	af	9	þús.	og	4	%	af	afg.
—	10—	12	—	—	—	60	—	—	10	—	—	5	—	—	—
—	12—	14	—	—	—	160	—	—	12	—	—	6	—	—	—
—	14—	17	—	—	—	280	—	—	14	—	—	7	—	—	—
—	17—	20	—	—	—	490	—	—	17	—	—	8	—	—	—
—	20—	25	—	—	—	730	—	—	20	—	—	9	—	—	—
—	25—	30	—	—	—	1180	—	—	25	—	—	10	—	—	—
—	30—	40	—	—	—	1680	—	—	30	—	—	11	—	—	—
—	40—	100	—	—	—	2780	—	—	40	—	—	12	—	—	—
—	100—	125	—	—	—	9980	—	—	100	—	—	10	—	—	—
—	125—	150	—	—	—	12480	—	—	125	—	—	7	—	—	—
—	150—	200	—	—	—	14230	—	—	150	—	—	5	—	—	—
—	200		—	—	—	16730	—	—	200	—					

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að framlengja fyrir árið 1946 lög um tekjuskattsviðauka, nr. 50 1945, sem gilda fyrir þetta ár.

Nd. 145. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina kemur:

Á eftir A. 15. í 1. gr. laga nr. 37 1943 komi nýr liður:

Tunguvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Fellskoti og Króki að Tungu.

Nd. 146. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina kemur:
Á eftir A. I. d. 29. í 1. gr. l. nr. 30 1943 koma nýir liðir:
a. Tungufljót hjá Króki í Biskupstungum.
b. Litlu-Laxárós hjá Auðsholti í Biskupstungum.

Nd. 147. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jón Pálmason, Sigurður Þórðarson, Jón Sigurðsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
C. 10. í sömu lagagr. skal orða svo:
Skagavegur: Frá Kálfshamarsvík kringum Skaga á Gönguskarðaveg hjá Laxá.

Nd. 148. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Á eftir C. 6. í sömu lagagr. kemur nýr liður:
Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá um Reyki á Svínvetningabraut hjá Tindum.

Nd. 149. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
a. Aftan við 1. málsgr. 7. gr. laganna bætist:
Kjörgengir eru einnig þeir, sem átt hafa heimili í kaupstaðnum eða hreppnum að minnsta kosti þrjá mánuði fyrir kjördag og uppfylla skilyrði 6. greinar.
b. 2. málsgr. sömu greinar falli niður.

Nd. 150. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Sigurði Þórðarsyni og Jóni Sigurðssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Á eftir A. II. 5. í sömu lagagr. kemur nýr liður:
Norðurá í Skagafirði, framan við Egilsá.

Ed. 151. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
1. Á eftir A. I. b. 18. í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Hofsá í Svarfaðardal.
2. Á eftir A. II. 5. í sömu gr. koma 3 nýir tölul.:
   a. Öxnadalsá hjá Þverá.
   b. Eyjafjarðará hjá Hólum.
   c. Torfufellsá í Eyjafirði.

Ed. 152. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Við C-kafla 17. tölul. sömu greinar bætist: og þaðan um Hörgárdal, vestan Hörgár, að vegamótum hjá Möðruvöllum.

Nd. 153. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. málsgr. 8. gr. laganna orðist þannig:
Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 1200 kr., en árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 600 kr. til hvers þeirra og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Greinargerð.

Árslaun ullarmatsformanns eru nú 800 kr. og yfirullarmatsmanna 400 kr., og var engin breyting á þessu gerð með lögum um laun starfsmanna ríkisins frá 2. marz 1945. Með lögum nr. 3 1936 eru laun yfirkjötmatsmanna ákveðin 600 kr. á ári, og verður að teljast sanngjarnt, að yfirullarmatsmönnum séu ákveðin sömu laun og laun ullarmatsformanns hlutfallslega hærri. Breyting þessi á launakjörunum er í samræmi við tillögu, er samþykkt var á fundi yfirullarmatsmanna, sem haldinn var í Reykjavík í júnímánuði 1944.

Nd. 154. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:
Á eftir A. 24. í 1. gr. laga nr. 37 1943 komi nýir liðir:

1. **Vétleifsholtsvegur:** Af þjóðveginum vestan við Ægissíðu að Vétleifsholti.
2. **Gunnarsholtsvegur:** Frá þjóðveginum vestan við Varmadal um Gunnarsholt, Kot og Selssund.
3. **Heiðarbraut:** Frá Gunnarsholti um Geldingalæk, Heiði að Kaldbak.
4. **Keldnavegur:** Frá þjóðveginum vestan við Djúpadal um Hof, Stokkalæk að Keldum.
5. **Bakkabæjarvegur:** Frá þjóðveginum við Þverárbrú um Fróðholt að Þúfu og Skúmsstöðum.

Ed. 155. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, og hafa undirritaðir nefndarmenn orðið sammála um að bera fram breytingartillögu þá, sem hér fer á eftir.

Einn okkar, PHerm, áskilur sér rétt til að koma síðar fram með breytingartillögu við frv. Tveir nefndarmanna (KA og HG) voru fjarstaddir.

BREYTINGARTILLAGA:

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
47. gr. laganna falli niður.

Alþingi, 13. nóv. 1945.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Eiríkur Einarsson, frsm.	Páll Hermannsson, með fyrirvara.

Nd. 156. Frumvarp til laga

um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar til eins árs í senn nefnd 25 manna, er nefnist „búnaðarráð". Nefndin skal skipuð bændum eða mönnum, sem á einn eða annan hátt starfa í þágu landbúnaðarins. Heimilt er að tilnefna jafnmarga varamenn. Ráðherra tilnefnir formann ráðsins, og kallar hann það saman til fundar í síðasta lagi 5. september ár hvert. Það er borgaraleg skylda að taka sæti í búnaðarráði og mæta á fundum þess, nema lögleg forföll hamli.

2. gr.

Fundir búnaðarráðs eru því aðeins lögmætir, að allir nefndarmenn eða varamenn þeirra séu mættir. Nú stendur svo á, að hvorki aðalmaður né varamaður geta mætt á fundi, og skipar þá ráðherra mann í þeirra stað, meðan á forföllum stendur.

3. gr.

Á 1. eða 2. fundi sínum skal búnaðarráð kjósa 4 menn í nefnd, er nefnist „verðlagsnefnd landbúnaðarafurða". Nefndarmenn skulu að jafnaði valdir innan vébanda búnaðarráðs, en heimilt er þó að víkja frá því, ef heppilegra er talið. Verðlagsnefnd skal kosin meirihlutakosningu, og er enginn löglega kjörinn nema hann hafi hlotið atkvæði meiri hluta búnaðarráðsmanna. Ef ekki næst meiri hluti við endurtekna frjálsa kosningu, skal kosið bundinni kosningu milli þeirra, er flest hafa fengið atkvæði. Kjósa skal tvo menn til vara í nefndina, og taka þeir þar sæti í forföllum aðalmanna.

4. gr.

Búnaðarráð gegnir enn fremur þessum störfum:

1. Gerir tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um setning reglna um gæðaflokkun og verðflokkun landbúnaðarafurða.
2. Ákveður verðjöfnunarsvæði samkvæmt 1. gr. laga nr. 1 7. janúar 1935 og verðlagssvæði samkvæmt 9. gr. laga nr. 2 9. janúar 1935.
3. Ákveður verðjöfnunargjald á kindakjöt, mjólk og mjólkurafurðir.
4. Stuðlar að hagnýtri verkun og meðferð landbúnaðarafurða og hagkvæmri nýtingu markaða fyrir þær, jafnt innan lands sem utan.

5. gr.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal skipuð fimm mönnum, 4 kosnum samkvæmt ákvæðum 3. gr. laganna, en formaður búnaðarráðs er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Formaður kveður nefndina til funda og stjórnar störfum hennar.

6. gr.

Störf verðlagsnefndar eru:

1. Að ákveða verðlag á landbúnaðarafurðum á innanlandsmarkaði (kjöti alls konar, mjólk og mjólkurafurðum, garðávöxtum).
2. Að annast aðrar framkvæmdir, sem hingað til hafa verið í höndum mjólkursölunefndar, mjólkurverðlagsnefndar, kjötverðlagsnefndar og verðlagsnefndar garðávaxta, sbr. þó ákvæði 4. gr.

Verðlag á nýmjólk má ákveða mismunandi eftir því, hvort hún er seld frá mjólkurbúum eða beint frá framleiðendum til neytenda, enda verði þá verðmunurinn greiddur úr ríkissjóði.

7. gr.

Verðlagsnefnd ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri sér um daglega afgreiðslu mála og annast önnur störf, er verðlagsnefnd felur honum.

8. gr.

Á fundum verðlagsnefndar ræður afl atkvæða úrslitum.

9. gr.

Allur kostnaður, er leiðir af störfum búnaðarráðs og verðlagsnefndar, greiðist úr ríkissjóði, eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

10. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin:
4. gr. og 8. gr. laga nr. 1 7. janúar 1935.
1. gr. og 2. málsliður 4. gr. laga nr. 2 9. janúar 1935.
1. og 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 31 2. apríl 1943.
Loks eru úr gildi numin öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 157. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Innri Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Innri Akraneshreppi í Borgarfjarðarsýslu jörðina Staðarhöfða í sama hreppi. Námaréttindi skulu þó undanskilin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd taldi réttara að flytja sérstakt frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja jörð þá, er hér um ræðir, heldur en að tengja það við frv. um sölu á landspildu úr Kjappeyrarlandi, og telur nefndin rétt að verða við tilmælum þm. Borgfirðinga um að flytja frv. þetta.

Býli það, sem hér um ræðir, er að fasteignamati 1200 kr. Leitað er eftir kaupunum í því augnamiði, að hafizt verði handa um ræktunarframkvæmdir á býlinu.

Nd. 158. Breytingartillaga

við frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

Við 6. gr. Síðari málsl. 2. tölul. orðist svo:

Verðlag á nýmjólk má ákveða mismunandi á hinum ýmsu stöðum á landinu. Á sama útsölustað má og ákveða misjafnt útsöluverð á nýmjólk, eftir því hvort hún er seld frá mjólkurbúum eða beint frá framleiðendum til neytenda, enda verði þá verðmunurinn greiddur úr ríkissjóði.

Nd. 159. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, og á lögum nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Á eftir 3. gr. laga nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, komi ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

Ferðaskrifstofa ríkisins skipuleggur ódýrar orlofsdvalir og orlofsferðir og gerir sér far um að semja um afslátt á dvalarkostnaði og fargjöldum með farartækjum ríkisins og einkafarartækjum fyrir hópferðir, sem farnar eru fyrir orlofsfé. Skal ferðaskrifstofan leita samvinnu við stéttarfélög launþega, til þess að orlofslöggjöfin geti komið að sem beztum notum.

Hið sama gildir um hópferðir, sem stofnað er til af bændum landsins.

2. gr.

Orðin „og um innheimtu stimpilgjalds, er ræðir um í 7. og 8. gr.“ í niðurlagi 6. gr. laganna, sem verður 7. gr., falli niður.

3. gr.

7. gr. laganna, sem verður 8. gr., orðist svo:

Heimilt er að greiða kostnað við rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins af sérleyfisgjaldi bifreiða, sem innheimt er samkvæmt 6. gr. laga nr. 22 30. janúar 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

4. gr.

8. gr. laganna falli niður.

5. gr.

19. liður laga nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, og samhljóða ákvæði í eldri lögum eru úr gildi numin.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni samgöngumálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um breytingar á því. Frá ráðherra fylgdu frv. svo hljóðandi athugasemdir:

Um 1. gr.

Með hliðsjón til laga nr. 16 26. febrúar 1943, um orlof, þykir rétt að taka upp í lög nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, ákvæði um, að ferðaskrifstofan skuli skipuleggja ódýrar orlofsdvalir, orlofsferðir og hópferðir, einnig hópferðir, sem stofnað er til af bændum landsins.

Um 2. gr.

Þessi ákvæði má fella niður, þar sem ákvæði um sérleyfisgjöld eru komin í staðinn í lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Um 3. gr.

Í lögum nr. 33 1936, 7. gr., var ákveðið, að stimpilgjald af farseðlum með bifreiðum í áætlunarferðum, 5 aurar af hverri heilli krónu í andvirði seðilsins, skyldi

renna til ferðaskrifstofunnar, til að afla henni tekna. Þar sem sérleyfisgjöld eru komin í staðinn fyrir stimpilgjaldið samkvæmt lögum nr. 22 1945, þykir rétt, að kostnað ferðaskrifstofunnar megi greiða með þeim.

Um 4. gr.

Vegna laga nr. 22 1945 er rétt, að þessi grein falli niður.

Um 5. gr.

Þegar ófriðurinn hófst, féll starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins að mestu niður, og var á árinu 1940 talið rétt, að hún skyldi hætta störfum. Var þá með lögum nr. 5 12. jan. 1940 og síðar nr. 99 14. maí 1940, 19. lið, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, frestað framkvæmd 1.—6. gr. laga nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Þar sem telja verður nú nauðsynlegt, að Ferðaskrifstofa ríkisins taki til starfa á ný, er lagt til, að téð lagaákvæði verði úr gildi numin.

Ed. 160. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta er eins konar viðauki við frv. til laga um að fella niður 17. gr. jarðræktarlaganna, sem fyrir skömmu var afgreitt frá deildinni (þskj. 127). Ég er algerlega andvígur því að nema úr lögum þau ákvæði, er miða að því að koma í veg fyrir óeðlilega verðhækkun jarða og mannvirkja á þeim, en að því stefna bæði þessi frumvörp.

Ég legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 15. nóv. 1945.

Haraldur Guðmundsson.

Nd. 161. Nefndarálit

um frv. til laga um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndinni er ljóst, að hér er um nauðsynlegar framkvæmdir að ræða, sem ekki þola bið. Með tilliti til þessa telur nefndin eðlilegt og sanngjarnt, að kostnaður vegna þessarar fyrirhleðslu, sem unnið var að s. l. haust að fyrirlagi vegamálastjóra og nú er lokið í bili, verði greiddur samkv. ákvæðum frv. þessa, verði það að lögum.

Nefndin hefur borið frv. saman við ákvæði gildandi laga um fyrirhleðslu Þverár og Markarfljóts og ekkert fundið við það að athuga. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. nóv. 1945.

Jón Pálmason, form.	Bjarni Ásgeirsson, fundaskr.	Jón Sigurðsson, frsm.

Barði Guðmundsson. Sigurður Guðnason.

Nd. 162. Frumvarp til laga

um landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera landshöfn í Höfn í Hornafirði og byggja þar verbúðir og fiskvinnslustöðvar. Til þessara framkvæmda má verja allt að 6 milljónum króna. Skal einn þriðji fjárhæðarinnar greiddur úr ríkissjóði, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, en tveir þriðju skulu teknir að láni gegn veði í mannvirkjum hafnarinnar, þar með töldum verbúðum og fiskvinnslustöðvum, og er ríkisstjórninni heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lánið, allt að 4 millj. kr.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa þrír menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, er fer með hafnamál, og tveir meðstjórnendur, annar tilnefndur af sveitarstjórn, en hinn kosinn af sameinuðu Alþingi.

Laun hafnarstjóra og þóknun til meðstjórnenda skal ákveðin af ráðherra.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar mannvirki, er þarf til að gera höfnina, og svo víðáttumikið land sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til þess að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og að leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru skv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
   a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
   b. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
   e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
   f. Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2 a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

11. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru, annar af sveitarstjórn, en hinn af sameinuðu Alþingi. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Höfn í Hornafirði hefur nú um 25 ára skeið verið aðalfiskihöfn Austurlands á vetrarvertíð, enda vegna legu sinnar hagkvæmasti staður til að nýta frá hin ágætu fiskimið við strendur Suð-austurlands. En slæm hafnarskilyrði hafa mjög heft vöxt útgerðarinnar á þessum stað, og má þar fyrst og fremst nefna ófullnægjandi dýpi, þröng legupláss, skort á bryggjum o. fl. Þrátt fyrir þessa erfiðleika hefur útgerð á Hornafirði fært þjóðarbúinu mjög miklar tekjur, t. d. hefur verðgildi aflans af tæplega 30 litlum vélbátum hin síðustu ár numið um 7 millj. kr. á ári. Þá skal einnig bent á það, að frá engri höfn á landinu er jafnauðvelt að sigla með fiskinn nýjan til hafna bæði á Bretlandi og meginlandi Evrópu. Hefur þetta mjög komið í ljós hin síðustu ár í sambandi við útflutning á ísfiski, þar sem munað getur allt að tveim sólarhringum, sem sigling frá Hornafirði er styttri en frá mörgum öðrum útflutningshöfnum landsins. Enn fremur má telja víst, að með byggingu góðrar fiskihafnar á Suð-austurlandi verði farið að leggja stund á fullkomnari veiðiaðferðir og veiði fleiri fisktegunda á þessum miðum, og þannig tryggð betri nýting þeirra, án rányrkju á þeim tegundum, sem mest eru veiddar nú.

Allt þetta mælir mjög eindregið með því, að byggð verði góð fiskihöfn á Hornafirði, er auk heimaútgerðar verði hin sjálfsagða vetrarverstöð fyrir vélbátaflota Austurlands. Enn fremur mundi slík höfn skapa skilyrði fyrir stærri fiskiskip úr öðrum landsfjórðungum til að stunda veiðar á þessum miðum yfir sumartímann, t. d. með botnvörpu, þar sem stutt væri að sigla með aflann til Hornafjarðar í viðeigandi fiskvinnslustöðvar.

Hafnarlög fyrir Hornafjörð voru samþykkt á Alþingi 1935. Er í þeim, eins og í hafnarlögum flestra annarra staða, gert ráð fyrir, að viðkomandi hreppur annist framkvæmdir og ríkissjóður greiði ⅔ hluta kostnaðar. Ástæður til þess, að framkvæmdir hafa ekki verið hafnar, eru aðallega tvær. Í fyrsta lagi er hér um svo mikil mannvirki að ræða, að lítil von er til þess, að fámennur hreppur fái komið þeim í framkvæmd nema á mjög löngum tíma, og í öðru lagi er þetta alls ekki eingöngu mál Nesjahrepps og Hafnarkauptúns. Miklu fremur er þetta eitt stærsta hagsmunamál allrar vélbátaútgerðar á Austurlandi og þar með alls Austfirðingafjórðungs. Nú liggur fyrir skipting Nesjahrepps, og verður þá Hafnarkauptún, með ca. 300 íbúa, sá hreppur, sem hér ætti að standa fyrir framkvæmdum. Það er því eðlilegt, að hið opinbera taki þetta mál í sínar hendur, því að öðrum kosti er hætt við, að svo mikill dráttur verði á lausn þess, að til stórtjóns verði fyrir útgerð á Austurlandi.

Þá gerir frv. ráð fyrir, að bygging fiskvinnslustöðva og verbúða verði hluti þeirra framkvæmda, er ríkið lætur gera, algerlega tilheyrandi sjálfri hafnargerðinni. Til þess að bætt hafnarskilyrði komi að fullum notum, þarf að skapa aðstöðu til þess að koma nýtingu aflans í fullkomið horf. Mjög er líklegt, að ísfisksútflutningur sá, sem hefur tíðkazt hin síðustu ár, sé aðeins bráðabirgðaúrræði, er víkja muni fyrir öðrum betri verkunaraðferðum áður langt líður. Mun þá án efa verða aðallega um hraðfrystingu og niðursuðu að ræða. Tilraunir, sem nýlega hafa verið gerðar, gefa

góðar vonir um, að gera megi verðmætar niðursuðuvörur úr þeim hlutum fisksins, sem ekki er talinn hæfur til hraðfrystingar, svo sem þunnildum og hausum. Þær fiskvinnslustöðvar, sem byggja þarf, eru því stórt hraðfrystihús, sem gæti fryst vertíðarfiskinn, niðursuðuverksmiðja, beinamjölsverksmiðja og lýsisvinnslustöð.

Um byggingu verbúða skal það tekið fram, að þar sem ríkið yrði eigandi hafnarinnar og allar framkvæmdir væru gerðar á vegum þess, væri lítið vit í því að láta hendingu eina ráða, hvort aðrir aðilar vildu ótilkvaddir takast á hendur að leysa þennan þátt, sem alls ekki má vanrækja, til þess að aðkomubátar geti haft not af hafnargerðinni. Þær verbúðir, sem nú eru fyrir á staðnum, mundu verða alls ófullnægjandi fyrir fjölgun og stækkun þess bátaflota, er þarna mundi verða gerður út á vetrarvertíð. Bygging góðra verbúða með góðum aðbúnaði tryggir aðsókn til staðarins og þar með fjárhagslegan rekstur þeirra fyrirtækja, sem áður eru nefnd.

Hér hefur eingöngu verið bent á þá aðalhlið málsins, sem að útgerðinni snýr. En hins ber einnig að gæta, hvaða þýðingu slíkar framkvæmdir mundu hafa fyrir þær landbúnaðarsveitir, sem næst liggja og nytu þeirra markaðsskilyrða, er sköpuðust með vexti fiskveiða- og iðnaðarbæjar á Suð-austurlandi. Það má segja, að atvinnuástand í mörgum sjávarþorpum okkar sé hálfgerður óskapnaður, þar sem hver verkamaður og sjómaður þarf að reka smálandbúnaðarframleiðslu til að afla landbúnaðarvara fyrir heimili sitt. Hér vantar hina eðlilegu verkaskiptingu milli atvinnuvega og þar með milli sveita og bæja, og hindrar slíkt ástand eðlilega þróun beggja.

Þegar Höfn í Hornafirði kemst af því stigi að vera hálfgert landbúnaðarþorp með blandaða framleiðslu og á það stig að verða fiskveiða- og iðnaðarbær með blómlegu atvinnulífi, eru fyrst sköpuð góð markaðsskilyrði fyrir nærliggjandi landbúnaðarsveitir og verkaskipting, þar sem atvinnulíf sjávar og sveita styður hvort annað.

Hingað til hefur mest af fólksfjölgun þjóðarinnar lent til Reykjavíkur. Um það verður ekki deilt, að þessi þróun er ekki æskileg fyrir atvinnulíf þjóðarinnar. Skilyrðin til sjávarútvegs og iðnaðar nýtast verr en skyldi, og barátta sú, sem háð er milli landbúnaðarhéraðanna um aðgang að Reykjavíkurmarkaðinum, er gleggst dæmi þess, í hvert óefni er stefnt með núverandi þróun.

Til að beina þessari þróun í aðra heppilegri átt, er engin önnur leið en að efla atvinnulíf annarra staða, þar sem skilyrði eru heppileg. Á hinni löngu strandlengju Suður- og Suð-austurlands mun Höfn í Hornafirði tvímælalaust vera heppilegasti staðurinn til slíkra hluta.

Þær framkvæmdir, sem samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til, að ríkið geri í Höfn, eru því sjálfsagður þáttur í þeirri nýsköpun atvinnulífsins, sem hafin var með myndun núverandi stjórnarsamstarfs.

Nd. 163. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin vill mæla með samþykkt þessa frv. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað orðanna „til ársloka 1946“ í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 15 24. marz 1944 komi: til ársloka 1948.

Alþingi, 16. nóv. 1945.

Sig. Kristjánsson, form.	Jóhann Jósefsson, frsm.	Lúðvík Jósefsson, fundaskr.
Eysteinn Jónsson.	Ásg. Ásgeirsson.	

Sþ. 164. Tillaga til þingsályktunar

um afnotagjald útvarpsnotenda.

Flm.: Þorst. Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Sigurður Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, fari ekki fram úr 60 krónum á næsta gjaldári, 1946.

Greinargerð.

Á Alþingi voru um skeið bornar fram tillögur um, að afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, er ekki höfðu straumtæki, væru ákveðin lægri en þeirra, er straumtæki notuðu. Voru flestir sammála um, að stórum var þá verri aðstaða þeirra, er notuðu rafhlöðutæki, en borið var við, að mishá afnotagjöld ykju störf við innheimtu o. fl. Þegar nú rýmkaðist um greiðslugetu almennings en stillt var mjög í hóf um afnotagjöldin yfirleitt, þótti ekki ástæða til að sækja það mál frekar um sinn.

Þegar nú afnotagjöld eru hækkuð um tvo fimmtu hluta á næsta ári, eftir því sem lýst hefur verið yfir af útvarpsráði og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi fyrir næstkomandi ár, þykir full ástæða til þess að hreyfa málinu að nýju. Leikur og á tveim tungum, hvort nokkur nauðsyn er fyrir hendi að hækka svo afnotagjöldin, þar sem ráðgerður rekstrarafgangur útvarpsins og viðtækjaverzlunarinnar næsta ár er nær hálf önnur milljón króna. Næsta árs afnotagjald mun verða margfalt hærra að krónutölu en úvarpsafnotagjöld eru í ýmsum öðrum löndum.

Afnotagjaldsgreiðendur þeir, sem ekki hafa straumtæki, munu nú milli 4 og 5 þúsund, eða nálægt 17% allra notenda, og lækka því tekjur útvarpsins um 160—180 þús. krónur, ef þáltill. þessi nær fram að ganga.

Það dylst engum, sem nokkuð þekkir til, hver kostnaðar- og erfiðleikamunur er á því að hafa straumtæki eða rafhlöðutæki. Oft er það miklum erfiðleikum bundið að ná í rafgeyma og rafhlöður, og mun kostnaður þeirra að jafnaði, miðað við 4 volta geyma, verða 300 til 400 krónur á ári fyrir hvert útvarpstæki, sem mun verða nánar skilgreint í framsögu.

Nd. 165. Breytingartillaga

við frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi falla úr gildi frá og með 1. sept. 1946, og tekur þá stjórn Stéttarsambands bænda ásamt fulltrúum frá sölufélögum landbúnaðarins samkv. reglugerð stéttarsambandsins við verkefnum þeim, sem búnaðarráð og verðlagsnefnd landbúnaðarafurða fer með samkv. lögunum, ef önnur lagafyrirmæli hafa þá ekki verið sett um framkvæmd þessara mála.

Nd. 166. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu þjóðjarða og kirkjujarða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við lögin um ættaróðal og erfðaábúð. Breytingar þær, sem frv. gerir á gildandi lögum, eru, að fellt er burtu það skilyrði fyrir kauparétti ábúanda, að hann hafi fengið áður erfðaábúð á jörðinni og að krafan um, að kaupandi hafi búið á jörðinni tiltekna áratölu, er færð niður í eitt ár. Einn nefndarmanna, Sigurður Guðnason, telur sig ekki geta aðhyllzt stefnu frv. og skrifar því undir með fyrirvara. Aðrir nefndarmenn vilja samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr.

a) Fyrir „1 ár“ komi: 3 ár.
b) Fyrir orðið „umsókn“ komi: umsögn.

Alþingi, 16. nóv. 1945.

Jón Pálmason, form. Bjarni Ásgeirsson, fundaskrifari. Jón Sigurðsson, frsm.

Barði Guðmundsson. Sigurður Guðnason, með fyrirvara.

Ed. 167. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþ. með þeim breytingum, sem tillögur eru gerðar um hér á eftir.

Einn nefndarmanna (ÞÞ) hefur óbundnar hendur um breytingartillögurnar. Bernharð Stefánsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Aðra málsgr. skal orða svo:
   Ef vara er seld tvenns konar verði og niðurgreiðsla hefur farið fram á hæfilegu neyzlumagni vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er með í vísitölunni, að viðbættum 25%, skal vísitalan eingöngu miðuð við lægra verðið.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er til sölu á tímabilinu frá 1. ágúst til 20. september 1946, og á kartöflum, sem teknar eru upp og seldar á sama tíma, skal eigi hafa áhrif á vísitöluna, enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni.

Alþingi, 16. nóv. 1945.

Magnús Jónsson, form. Haraldur Guðmundsson, frsm. Þorst. Þorsteinsson.

Kristinn Andrésson.

Nd. 168. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina kemur:

1. Á eftir A. 12. í 1. gr. laga nr. 37 1943 kemur nýr liður:
   Kiðjabergsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Fossi að væntanlegu brúarstæði á Hvítá hjá Kiðjabergi.
2. Á eftir A. 14. í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Reykjavegur: Af Suðurlandsvegi fyrir vestan Hraungerði að væntanlegu brúarstæði á Hvítá hjá Kiðjabergi.

Ed. 169. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1946 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og borið það saman við gildandi lög um sama efni. Mælir nefndin með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (BSt) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 16. nóv. 1945.

Magnús Jónsson, form., frsm. Þorst. Þorsteinsson, Kristinn E. Andrésson.

H. Guðmundsson.

Ed. 170. Nefndarálit

um frv. til laga um tekjuskattsviðauka árið 1946.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (BSt) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 16. nóv. 1945.

Magnús Jónsson, form. Þorst. Þorsteinsson. frsm. Kristinn E. Andrésson.

H. Guðmundsson.

Nd. 171. Breytingartillögur

við frv. til raforkulaga.

Frá Sigurði Þórðarsyni.

1. Við 25. gr. C-liður falli burt.
2. Við 26. gr. Greinin falli burt.
3. Við 27. gr. Orðin „og 26. gr.“ falli burt.
4. Við 28. gr. Síðari málsgrein falli burt.
5. Við 29. gr. Síðari málsliður síðari málsgr. falli burt.
6. Við 30. gr. Við greinina bætist:
   Söluverð raforkunnar skal vera hið sama um allt land og eigi hærra til notenda utan kaupstaðanna en íbúar þeirra þurfa að greiða á hverjum tíma að meðaltali.
7. Við 46. gr. Á eftir fyrri málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Svo fljótt sem verða má, eftir gildistöku laga þessara, skal lokið rannsóknum á því, hvernig bezt verði fullnægt raforkuþörf landsmanna hvarvetna á landinu, og skal raforkumálasjóri gera áætlanir um framkvæmdir. Skulu áætlanir þessar miðaðar við það, að rafveitur ríkisins komi upp orkuverum og háspennulínum á árunum 1946—1955, er nægi til þess, að í lok þess tímabils geti sem flestir íbúar hverrar sýslu og hvers kauptúns fengið keypta raforku innan sýslunnar eða kauptúnsins, er fullnægi áætlaðri orkuþörf þeirra fyrst um sinn.

Sþ. 172. Tillaga til þingsályktunar

um meðferð flugvalla og annarra mannvirkja, er gerð hafa verið á Íslandi á styrjaldarárunum.

Flm.: Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita samkomulags við hlutaðeigandi ríki um meðferð flugvalla og annarra mannvirkja, sem herstjórnir Breta og Bandaríkjanna hafa látið gera á Íslandi undangengin styrjaldarár og eigi hefur þegar verið ráðstafað.

Greinargerð.

Eigi er vitað, að nein fullnaðarákvörðun hafi enn verið tekin milli íslenzkra stjórnarvalda og hlutaðeigandi erlendra aðila um frambúðar meðferð á hinum miklu flugvöllum og öðrum meiri háttar hernaðarmannvirkjum, sem hinar brezku og amerísku setuliðsstjórnir létu gera hér í landi á styrjaldarárunum, en að því hlýtur að reka, að hugsa þurfi fyrir nokkrum ráðstöfunum þar að lútandi af hálfu Íslendinga eigi síður en hinna, er að þessu teljast eigendur. Er og tvennt til, að mikils mun þykja hér við þurfa, þegar á allt er litið, og eins, að eigi mun tjóa að láta slík mál reka á reiða alls kostar eða út í gersamlega óvissan tíma, því að eigi er fremur sýnt, að farsællega leysist síðar. Ber ríkisstjórn að hafa hér forgöngu um með atbeina Alþingis, enda á það treyst, að hvorugt skorti hug og dug til þess að fara því fram, er hagkvæmast mætti þykja landi og lýð. Verður og skylt í þessu sem öðru, er til lykta kemur, að hafa það, er bezt má að haldi koma sjálfstæði og sönnu öryggi hins íslenzka lýðveldis. Má og ætla, að við samningagerðir um þessi efni sé við þá eina að eiga, er reynzt hafa vinir vorir og vilja vera það.

Nd. 173. Frumvarp til laga

um æfinga og tilrauna skóla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Stofna skal í Reykjavík skóla til kennsluæfinga og tilrauna.

2. gr.

Skólinn starfar sem æfingaskóli kennaraskólans. Skal hann hafa uppeldis- og kennslufræðilegar athuganir með höndum, einkum varðandi barnafræðslu og gagnfræðanám. Skal hann og hafa forgöngu um, að slíkar athuganir verði gerðar í öðrum skólum og unnið úr þeim. Þá getur fræðslumálastjórn falið skólanum að annast útgáfu leiðbeiningarrita fyrir kennara og aðra uppalendur, enn fremur samningu og útgáfu verkefna fyrir skólana, m. a. verkefna í landspróf.

3. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón skólans og setur honum reglugerð. Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Skólanum stjórnar skólastjóri og þriggja manna ráð, skipað skólastjóra kennaraskólans og tveimur sérfræðingum í uppeldis- og fræðslumálum, er kennslumálaráðherra skipar til fjögurra ára að fengnum tillögum fræðslumálastjóra. Það annast venjuleg skólanefndarstörf við skólann og hefur auk þess á hendi yfirstjórn þeirra athugana, sem fram fara á vegum skólans, sér um, að sendar séu skýrslur um þær, og gerir ásamt skólastjóra tillögur til fræðslumálastjórnar um nýjungar í skólamálum, sem það telur rétt að taka upp samkvæmt niðurstöðum tilraunanna.

5. gr.

Skólaráð gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um veitingu skólastjórastöðunnar. Skólastjóri við skólann skal hafa lokið háskólanámi í uppeldis- og kennslufræðum og auk þess starfað með góðum árangri að skóla- eða uppeldismálum.

6. gr.

Skólaráð gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um val kennara og hve margir kennarar skulu vera á hverjum tíma. Að jafnaði skal leitazt við að fá hina færustu meðal starfandi kennara við aðra skóla til að kenna og gera tilraunir við skólann, enda fái þeir þá leyfi frá störfum við skóla sína, eftir því sem nauðsynlegt er talið.

7. gr.

Í skólanum skulu starfa að minnsta kosti eins margar deildir og skólaskylda nær til margra aldursára á hverjum tíma.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af milliþinganefnd í skólamálum, sem var skipuð af þáverandi menntamálaráðherra 30. júní 1943 „til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera tillögur um skipun þeirra“. Menntamálanefnd flytur frv. að beiðni hæstv. menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv.

Frá milliþinganefnd í skólamálum fylgdi frv. eftirfarandi greinargerð:

Til skólahalds er varið allmiklu fé af árlegum tekjum landsmanna, en litlu kostað til að tryggja það, að þetta fé komi að hinum beztu notum, með því að sjá kenn-

araefnum fyrir góðum menntunarskilyrðum og kennurum fyrir leiðbeiningum í starfi.

Lengi hefur eimt eftir af þeim hugsunarhætti, að kennsla barna og unglinga væri starf, er hentaði bezt sveitarómögum og öðrum þeim, er lítið gagn gætu gert á öðrum vettvangi. En nútímaskólar þurfa á fullgildum starfskröftum að halda, ef þeir eiga að geta gegnt köllun sinni. Það er mikill vandi, og það kostar mikið nám að ná valdi á vinnuaðferðum, eins og þær gerast eða ættu að gerast í skólum nú. Engum, sem ber skyn á líf í nútímaþjóðfélögum, getur blandazt hugur um, að það er þjóðnýtt starf, sem skólarnir vinna. Allar starfsgreinar þjóðfélagsins þurfa að halda á fjölda fólks, sem skólamenntunar hefur notið. Að öðrum kosti legðust þær í auðn. Það er því mikið í húfi, að vel og skynsamlega sé unnið í skólunum, en kröftum ekki sóað af kunnáttuleysi.

Æfingadeild kennaraskólans er sú stofnun, er veitir kennaraefnum hagnýta starfsmenntun. Að henni er þann veg búið, að henni er ætluð ein léleg stofa í kjallara kennaraskólans innar af fatageymslu nemenda og hið næsta „hreinlætis"-klefum skólans. Auk þess starfar hún einnig í ófullkomnu leiguhúsnæði (Grænuborg), sem er alls ekki gert fyrir skólahald, og sennilega fæst það ekki lengur en í vetur sökum þess, að taka verður það til reksturs dagheimila, en til þess var húsið byggt.

Eins og séð verður af þessu, á æfingadeildin — sem á að vera fyrirmynd að öðrum skólum ríkisins — við miklu lakari skilyrði að búa en langflestir barnaskólar í landinu, og hana vantar blátt áfram margt af því, sem heyrir til venjulegum barnaskóla, t. d. stofur fyrir verklega kennslu.

Það ætti ekki að þurfa að eyða mörgum orðum að því, að ekki sómir, að æfingaskóli fyrir kennaraefni sé verr úr garði gerður en hver annar barnaskóli. Það mundi að minnsta kosti þykja undarleg kenning, að læknanemum mætti ekki kenna nema í einu lélegasta sjúkraskýli landsins, eða smiðum í smiðju, þar sem til væru aðeins hin einföldustu áhöld. Þetta er þó hliðstætt því, sem á sér stað um nemendur kennaraskólans. Þótt við Íslendingar séum eigi auðug þjóð, megum við ekki láta baslið smækka okkur svo, að við unum því til frambúðar, að slíkur kotungsbragur sé hafður til fyrirmyndar öllum barnaskólum landsins.

Þessi skóli ætti jafnframt að hafa víðtækara hlutverk en það að vera æfingaskóli kennaraskólans. Til hans ættu skólar landsins að geta leitað um leiðbeiningar og ráð. Hann ætti að hafa aðstöðu til að gera kennslufræðilegar athuganir og tilraunir. Á rannsóknum en ekki fálmi þarf að reisa allar nýjungar í skólamálum. Og þeir, sem til þekkja, vita vel, að mikil nauðsyn er á því að taka starfsháttu skólanna til gagngerðrar athugunar. Eins og að líkum lætur, eru þeir um margt á frumstæðu stigi, og mikils væri um það vert, að þeir gætu þróazt við raunvísindalega leiðsögn. Ekki væri sízt þörf á slíkri leiðsögn í sambandi við æskilegar breytingar á skólatilhögun landsins. Væri þá gott að geta stuðzt við vandlega gerðar tilraunir. Erlenda reynslu er aðeins hægt að hafa til hliðsjónar, en ekki til fyrirmyndar, er hvergi megi frá víkja.

Frumvarp það, er liggur fyrir hér, stefnir að þessu tvennu: a) að sjá kennaraskólanum fyrir nauðsynlegum skilyrðum til kennsluæfinga og b) að koma á fót rannsóknar- og leiðbeiningarstöð fyrir skóla landsins.

1. gr.

Nefndin sér ekki ástæðu til að velja skólanum sérstakt heiti að svo stöddu.

2. gr.

Í lögum um Kennaraskóla Íslands, nr. 50 14. apríl 1943, segir svo í 9. gr.: „Stofna skal, svo fljótt sem því verður við komið, æfingaskóla í sambandi við kennaraskólann með öllum ársdeildum venjulegra barnaskóla." Með frv. þessu er m. a. stefnt að því að framkvæma þetta lagaákvæði.

Flest það, sem þessi grein felur í sér, hefur verið skýrt hér að framan. Hér er

gert ráð fyrir ýmsu, sem fræðslumálastjórn getur falið skólanum að annast, t. d. útgáfu leiðbeiningarrita og samningu verkefna. Þykir ekki rétt að setja skólanum slíka starfsemi í sjálfsvald, þar sem hún á eðli sínu samkv. að vera í höndum yfirstjórnar fræðslumálanna. Mikill skortur er á leiðbeiningaritum og handbókum fyrir kennara. Að vísu hafa ýmsir kennarar aflað sér nokkurra þess konar gagna á erlendum málum, en slíkt val verður oft handahófskennt og kemur alls ekki að fullum notum. Á Englandi var það höfuðverkefni fræðslumálaskrifstofunnar (Board of Education) að láta semja og gefa út rit um öll hugsanleg efni, er varða starf skólanna. — Þá er samning verkefna þess eðlis, að hún verður ekki vel af hendi leyst nema með góðri athugun í sambandi við kennslu. Verður þar oft að þreifa sig áfram. Ef önnur frumvörp milliþinganefndarinnar ná samþykki þingsins, verða landspróf miklu meiri þáttur í starfi skólanna en hingað til.

3. gr.

Þarf engra skýringa.

4. og 5. gr.

Þessi skipan á stjórn skólans þykir tryggja það, að hinnar fyllstu þekkingar gæti í stjórn hans og störfum. Nú er verið að endurskoða öll skólamál landsins, og mun öllum ljóst, að á miklu veltur, að vel takist. Fásinna væri að nota ekki beztu krafta þjóðarinnar til þess að stuðla að sem vænlegustum árangri.

Ef hér yrði sett á stofn deild í uppeldisvísindum við háskólann, mundi þessi skóli að sjálfsögðu leggjast undir stjórn kennara við hana á líkan hátt og Landsspítalanum er stjórnað af prófessorum læknadeildar.

6. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir þeirri meginreglu, að nokkur hluti kennaraliðsins verði úr hópi starfandi kennara við aðra skóla. Yrði þetta sumpart með þeim hætti, að þeir yrðu fengnir til starfsins um ákveðið árabil og hyrfu svo aftur að sínu fyrra starfi, með líkum hætti og nú á sér stað um námsstjóra, en sumpart þannig, að þeir störfuðu við skólann, jafnhliða því að þeir störfuðu við þann skóla, er þeir eru ráðnir við. Þetta gæti þó aðeins átt við um kennara úr Reykjavík og nágrenni hennar. Með þessu fyrirkomulagi þykir mega tryggja, að hinir hæfustu menn veljist að skólanum, jafnframt því sem dregið er úr þeirri hættu, að kennarar starfi við skólann, eftir að kraftar þeirra eru þrotnir. — Þess má geta, að kennarasambandið enska gerði síðast liðið vor tillögur um, að æfingakennarar við kennaraskólana ensku yrðu valdir á þennan hátt.

7. gr.

Sbr. greinargerð með 2. gr.

Nd. 174. Frumvarp til laga

um menntun kennara.

Frá menntamálanefnd.

I. KAFLI
Um Kennaraskóla Íslands.

1. gr.

Kennaraskóli Íslands starfar í fjórum ársdeildum, eigi skemur en 8 mánuði á ári.

2. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. kennarastarf í barna- og unglingaskólum landsins;

2. uppeldisstörf félagslegs eðlis, svo sem við barna- og unglingaheimili, barnaleikvelli, fávitahæli, störf á vegum barnaverndarnefnda og annað þess konar;
3. framhaldsnám í kennaradeild við Háskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, handíðakennaraskóla og hússtjórnarkennaraskóla.

3. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:
1. að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót og ári eldri fyrir hverja aðra deild;
2. að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið eða gert hann sjálfan óhæfan til kennslustarfa;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

4. gr.

Rétt til inngöngu í fyrsta bekk veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með þeirri lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð. Þeim, sem búa sig ekki undir almennt kennarapróf, heldur smábarnakennslu, kennslu í sérgreinum eða uppeldisstörf önnur en kennslu, veitir miðskólapróf verknámsdeildar einnig sama rétt með sams konar takmörkunum.

5. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, eitt Norðurlandamál, ensku, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði, heilsufræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristin fræði, uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, skrift, teiknun, handavinnu, íþróttir og söng. Nánari ákvæði um nám og námsgreinar setur fræðslumálastjórn í reglugerð.

6. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok hvers skólaárs, og er próf fjórða bekkjar almennt kennarapróf. Ljúka má námi í einstökum gagnfræðagreinum í öðrum eða þriðja bekk, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á kennaraprófsskírteini.

7. gr.

Þeim, er búa sig eingöngu undir kennslu við smábarnaskóla, í sérgreinum eða undir það að taka að sér uppeldisstörf önnur en kennslu, er eigi skylt að stunda nám í öllum þeim greinum, er að framan hafa verið taldar. Fer um nám þeirra og réttindi eftir reglugerð, er fræðslumálastjórn setur. Sama máli gegnir um kennaranám stúdenta.

8. gr.

Með reglugerð, er fræðslumálastjórn setur, má ákveða, að kennarapróf í almennum námsgreinum, svo sem íslenzku og íslenzkum fræðum, ensku, Norðurlandamálum, kristnum fræðum og sögu hafi stúdentsprófsgildi. Skulu þeir, sem stúdentspróf þreyta að loknu kennaraprófi, ekki prófskyldir í þeim námsgreinum, er reglugerðin greinir. Einkunnir kennaraprófsins í þessum greinum skulu færðar á stúdentsprófsskírteini þeirra og reiknaðar í aðaleinkunn stúdentsprófsins.

9. gr.

Við skólann skulu vera 6 fastir kennarar hið fæsta auk skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara eftir þörfum í samráði við fræðslumálastjórn.

II. KAFLI
Um kennaradeild við Háskóla Íslands.

10. gr.

Við Háskóla Íslands starfar kennaradeild. Hlutverk hennar er:

1. að veita barna- og unglingakennurum framhaldsmenntun;
2. að búa þá, sem hafa lokið almennu kennaraprófi eða stúdentsprófi, undir kennslustörf við miðskóla og gagnfræðaskóla;
3. að annast rannsóknir og leiðbeiningar í þágu uppeldismála landsins, meðal annars um stöðuval.

11. gr.

Deildin starfar í nánu sambandi við Kennaraskóla Íslands og sérstaklega við æfinga- og tilraunaskólann. Hafa nemendur að ávísan kennara deildarinnar aðgang að þeim skóla til athugana og tilrauna. Þar fer einnig fram æfingakennsla og annar hagnýtur starfsundirbúningur á vegum deildarinnar.

12. gr.

Rétt til inngöngu í deildina hafa allir þeir, sem lokið hafa almennu kennaraprófi, svo og stúdentar til undirbúnings undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins.

13. gr.

Barnakennurum, sem stunda framhaldsnám í deildinni, er skylt að leggja stund á uppeldis- og kennslufræði. Til prófs er krafizt þess þroska í þeim greinum, að þeir geti gert einfaldar rannsóknir á sitt eindæmi og dæmt sjálfstætt um niðurstöður. Auk þess er þeim heimilt að leggja stund á fleiri greinar.

Þeir nemendur deildarinnar, sem búa sig undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins, skulu leggja stund á almenna sálarfræði, sálarfræði unglingsáranna og kennslufræði auk þeirra greina, er þeir ætla að öðlast réttindi til að kenna. Enn fremur skulu þeir stunda kennsluæfingar í gagnfræðaskóla.

Að öðru leyti fer um nám og próf og önnur störf deildarinnar eftir reglugerð, er háskólaráð lætur semja og fræðslumálastjórn staðfestir.

14. gr.

Deildinni skal skipaður forstöðumaður, og sé hann sérfræðingur í uppeldisvísindum. Að öðru leyti sér háskólaráð og fræðslumálastjórn deildinni fyrir nauðsynlegum kennslukröftum að fengnum tillögum forstöðumanns.

III. KAFLI
Um Íþróttakennaraskóla Íslands.

15. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands er sjálfstæð ríkisstofnun og starfar að Laugarvatni eða annars staðar, ef hentara þykir.

16. gr.

Íþróttakennaraskólinn er eins árs skóli og starfar eigi skemur en 9 mánuði á ári. Enn fremur er heimilt að halda námsskeið í ýmsum íþróttum eftir þörfum.

17. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. sérkennslu í íþróttum í barna- og gagnfræðaskólum, svo og öðrum skólum, sem reknir eru eða styrktir af almanna fé.
2. kennarastörf í íþróttum, einni grein þeirra eða fleiri, hjá félögum, stofnunum eða einstaklingum.

18. gr.

Aðalkennslugreinar skólans skulu vera: Íþróttir alls konar, líkams- og heilsufræði, íþróttasaga, íþróttakennslufræði og kennsluæfingar, svo og fræðsla um nauðsynleg áhöld og mannvirki til íþróttaiðkana. Um námsefni skal nánar ákveðið í reglugerð.

19. gr.

Inntökuskilyrði eru þessi:

1. að nemandi sé eigi yngri en 18 ára um næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til íþróttaiðkana;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði;
4. að nemandi hafi lokið miðskólaprófi eða hlotið hliðstæða menntun.

20. gr.

Til þess að öðlast íþróttakennararéttindi samkvæmt 1. tölulið 17. gr. skal nemandi hafa lokið prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands og almennu kennaraprófi.

Í reglugerð skal setja ákvæði um námsefni og prófkröfur fyrir þá nemendur, sem öðlast vilja takmörkuð réttindi til íþróttakennslu samkvæmt 2. tölulið 17. gr.

21. gr.

Við íþróttakennaraskólann skal starfa einn fastur kennari hið minnsta auk skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara í samráði við fræðslumálastjórn.

22. gr.

Þriggja manna skólanefnd hefur umsjón með skólanum. Í skólanefnd eiga sæti: Íþróttafulltrúi ríkisins og 2 menn, er fræðslumálastjórn skipar til fjögurra ára í senn. Skal annar þeirra vera skólastjóri Laugarvatnsskólans, meðan skólinn starfar þar.

23. gr.

Í reglugerð skólans setur fræðslumálastjórn nánari ákvæði um verksvið skólastjóra og skólanefndar.

IV. KAFLI
Um Handíðakennaraskóla Íslands.

24. gr.

Stofna skal og halda á kostnað ríkisins skóla til þess að veita menntun þeim, sem vilja gerast sérkennarar í handíðum við barnaskóla og skóla gagnfræðastigsins. Skólinn nefnist Handíðakennaraskóli Íslands. Skólinn veitir sérmenntun í hvers konar handavinnu karla og kvenna og teiknun. Hann á að fræða nemendur um uppeldisgildi þessara námsgreina og gefa þeim kost á æfingum í að kenna þær.

25. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi sé eigi yngri en 19 ára um næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til handíðanáms;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði;
4. að nemandi hafi lokið kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að dómi fræðslumálastjórnar.

26. gr.

Fastir nemendur skólans skulu njóta kennslu eigi skemur en 9 mánuði. Auk þess getur skólinn tekið við nemendum á skemmri námsskeið, annaðhvort til undirbúnings undir hið reglulega nám eða til viðbótarnáms á eftir því. Þá getur skólinn einnig haft námsskeið í einstökum greinum handíða.

27. gr.

Í reglugerð skal kveða nánar á um námsgreinar og námsefni. Þar skulu og settar reglur um viðbótarnám fyrir þá, sem vilja gerast sérkennarar í handíðum við skóla gagnfræðastigsins.

28. gr.

Við skólann skal starfa að minnsta kosti einn fastur kennari auk skólastjóra. Stundakennara ræður skólastjóri í samráði við fræðslumálastjórn. Launakjör skulu vera hin sömu og við Íþróttakennaraskóla Íslands.

29. gr.

Þangað til stofnaður er skóli sá, sem um ræðir í 24. gr., fer kennsla sú, sem honum er ætlað að inna af höndum, fram í kennaradeild Handíða- og myndlistarskólans í Reykjavík. Ríkissjóður kostar þá deild að öllu leyti, meðan svo stendur.

V. KAFLI

Um hússtjórnarkennaraskóla.

30. gr.

Hússtjórnarkennaraskóli skal reistur í Reykjavík eða nágrenni hennar. Hann skal hafa aðstöðu til þess búreksturs, sem nauðsynlegur er náminu.

31. gr.

Heimavist skal vera fyrir þá nemendur, sem búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla.

32. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. hússtjórnarkennslu í húsmæðraskólum og skólum gagnfræðastigsins;
2. ráðskonustörf við heimavistarskóla og aðrar opinberar stofnanir.

33. gr.

Námstími þeirra, er ætla að verða húsmæðraskólakennarar, skal vera 2 ár hið minnsta, en 1 ár fyrir þá nemendur, er búa sig undir hússtjórnarkennslu í skólum gagnfræðastigsins og ráðskonustörf.

Nánari ákvæði um námstíma skulu sett í reglugerð.

34. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi sé eigi yngri en 21 árs fyrir næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

35. gr.

Nemendur, sem búa sig undir kennslu við húsmæðraskóla eða gagnfræðaskóla, skulu áður hafa lokið kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að dómi fræðslumálastjórnar. Enn fremur skulu þeir hafa stundað fjögurra mánaða nám í húsmæðraskóla og unnið að minnsta kosti 12 mánuði samtals að heimilisstörfum í kaupstað eða sveit.

Þeir nemendur, sem búa sig undir ráðskonustörf, skulu auk skyldunáms hafa lokið prófi í húsmæðraskóla og unnið 12 mánuði hið minnsta við eldhússtörf í matsöluhúsi, heimavistarskóla, sjúkrahúsi eða hliðstæðum stofnunum.

36. gr.

Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum:

Verklegar: Matreiðsla, ræsting og þvottur, garðrækt, hirðing húsdýra og búsafurða, meðferð ungbarna og kennsluæfingar.

Bóklegar: Manneldisfræði, efnis- og áhaldafræði og búreikningar.

Í reglugerð skal kveða nánar á um námsgreinar og námsefni. Þar skulu og settar reglur um próf og einkunnir.

37. gr.

Við skólann skal starfa að minnsta kosti einn fastakennari auk skólastjóra. Stundakennara ræður skólastjóri í samráði við fræðslumálastjórn.

38. gr.

Þriggja manna skólanefnd, kosin til fjögurra ára í senn, hefur umsjón með skólanum.

Skólanefnd skal þannig skipuð: Félag húsmæðrakennara tilnefnir einn, kvenfélagasamband Íslands annan, en fræðslumálastjórn hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar.

39. gr.

Fræðslumálastjórn setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

40. gr.

Heimilt er að halda námsskeið fyrir kennara í aðalkennslugreinum skólans, enn fremur fyrir fóstrur samkvæmt ákvæðum reglugerðar.

VI. KAFLI

Um réttindi kennara o. fl.

41. gr.

Sá, sem lokið hefur almennu kennaraprófi, hefur rétt til að kenna við barna- og unglingaskóla.

42. gr.

Próf frá þeim stofnunum, sem veita kennurum framhaldsmenntun og taldar eru í II.—IV. kafla þessara laga, veitir þeim, sem því hafa lokið, rétt til starfs sem sérkennurum við barnaskóla. En það telst sérkennarastaða, ef hálfur starfstími kennarans eða meira er í sérgrein hans eða sérgreinum, og skal sérmenntaður kennari hafa forgöngurétt til slíkrar stöðu umfram kennara með almennu kennaraprófi.

43. gr.

Nú eru kenndar í barnaskólum fleiri sérgreinar en sérmenntun er hægt að fá í við stofnanir þær, sem um ræðir í 42. gr., og fer um réttindi sérkennara í þeim samkvæmt ákvörðun fræðslumálastjórnar í hvert sinn, nema sérstök lög verði um það sett. Þó skal þess gætt, svo sem tök eru á, að kröfur um almenna og sérstaka menntun þessara kennara séu eigi minni en gert er ráð fyrir í lögum þessum.

44. gr.

Um réttindi almennra kennara og sérkennara við skóla gagnfræðastigsins fer eftir samsvarandi reglum og við barnaskóla. Þó skulu gerðar til þeirra meiri menntunarkröfur, eftir því sem fært er á hverjum tíma.

45. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón þeirra skóla, er um getur í lögum þessum. Kostnaður við rekstur þeirra greiðist úr ríkissjóði.

46. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 50 1943, um Kennaraskóla Íslands, lög nr. 12 1942, um Íþróttakennaraskóla Íslands, svo og önnur ákvæði, er koma í bág við þau.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af milliþinganefnd í skólamálum, sem var skipuð af þáverandi menntamálaráðherra 30. júní 1943 „til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera tillögur um skipun þeirra“. Menntamálanefnd flytur frv. að beiðni hæstv. menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv.

Frá milliþinganefnd í skólamálum fylgdi frv. eftirfarandi greinargerð:

Menntun kennara hefur verið allmikið rædd hér á landi undanfarinn áratug. Hafa þar komið fram ýmis sjónarmið, sem skylt er að gera nokkur skil í þessari greinargerð. — Einhverjir munu ef til vill halda því fram, að mál þetta væri útrætt og afgreitt, þar eð lög voru um það sett fyrir tæpum tveimur árum og ógerningur væri að hringla með það frekar. Þau lög voru skynsamleg og til mikilla bóta. Þó verður ekki hjá því komizt að taka málið fyrir að nýju, jafnframt því sem samdar eru tillögur um fræðslulöggjöfina í heild. Fyrirkomulag kennaranámsins hlýtur ávallt að verða einn af höfuðþáttum fræðslukerfisins. Ef ekki er séð vel fyrir þeim þætti, getur allt annað brostið.

Kennaranámi má hugsa sér fyrir komið með ýmsu móti, t. d. 1) háskólanámi að afloknu almennu stúdentsprófi; 2) háskólanámi að afloknu stúdentsprófi úr kennaramenntaskóla; 3) kennaraskólanámi eingöngu; 4) kennaraskólanámi og bundnu eða frjálsu framhaldsnámi.

Áður en rætt er um, hvert fyrirkomulagið muni heppilegast, þykir rétt að gera nokkra grein fyrir þeim undirbúningi, sem barna- (og unglinga-) kennurum er nauðsynlegur til starfs síns. Sá undirbúningur á að áliti nefndarinnar að vera aðallega fólginn í þessu: 1) góðri almennri menntun, 2) mikilli þjálfun í meðferð móðurmáls; 3) sérþekkingu í uppeldis- og kennslufræðum; 4) ástundun kennsluæfinga.

Með „góðri almennri menntun“ er átt við alltrausta undirstöðuþekkingu í þeim greinum, sem lögð er stund á í almennum skólum, eins og t. d. barna- og unglingaskólum. Má þar nefna sérstaklega bóklegar greinar eins og reikning, sögu (einkum Íslandssögu), náttúrufræði, landafræði, kristin fræði, að ógleymdri íslenzku, sem rætt verður um síðar; enn fremur verklegar greinar (eða bæði verklegar og bóklegar) eins og handavinnu, skrift, leikfimi, teiknun og söng. Kunnátta í mörgum almennum greinum er kennurum einkar nauðsynleg, ekki sízt hér á landi, vegna þess að víða hagar svo til, að ekki starfar nema einn eða tveir kennarar við sama skóla. Ef kennarar væru ekki færir um að veita einhverja tilsögn í flestum eða öllum þessara greina, mundi það leiða til þess, að börnin færu á mis við að læra margt, sem þeim er hin mesta þörf á að læra. — En þar sem svo margs er krafizt af kennurunum, er ekki jafnframt hægt að krefjast mjög rækilegs náms í hverri grein.

Þegar í framhaldsskóla kemur, fer kennurum að verða meiri þörf á sérþekkingu í kennslugreinum sínum, og því er gert ráð fyrir í frv., að námi þeirra verði hagað á aðra lund.

Sérstöðu meðal almennra námsgreina hlýtur móðurmálið að hafa, ekki einungis vegna þess, að það er höfuðkennslugrein barnaskóla, heldur og af þeim ástæðum, að því er kennslan í öllum öðrum greinum háð. Hverjum kennara þarf að vera meðferð þess töm, orðin verða að vera honum tiltæk til að færa hugsun sína í ljósan og einfaldan búning. Þá er honum brýn nauðsyn á því að kunna að beita rödd sinni á þann veg, að orð hans nái eyrum og athygli þeirra, er á eiga að

hlýða. Móðurmálsnámi kennara verður því að gefa miklu meiri gaum en móðurmálsnámi í öðrum skólum.

Í skýrslu ensku nefndarinnar, sem fjallaði um kennaramenntunina, er greinargerð fyrir þeirri fræðslu í uppeldisfræðum (Principles of Education), sem hvert kennaraefni ætti að hljóta að dómi nefndarinnar. Virðist það nám engu síður geta átt við hér í öllum aðalatriðum. Greinargerðin er á þessa leið:

„Sú námsgrein, sem er venjulega nefnd uppeldisfræði, felur í sér mörg viðfangsefni. Markmið slíks náms er að gera nemandanum ljóst, hvað það er, sem uppeldið kemur til leiðar, og jafnframt að kenna honum að meta sögulegt og félagslegt gildi þess. Þetta er höfuðnámsgrein, af því að hún stuðlar að því að gera menn að kennurum, og af því að það, sem við er fengizt í kennslu, er mannvera, en ekki dauður hlutur.

Nauðsynlegur þáttur úr uppeldisfræðanámi er þroskasaga barnsins bæði líkamleg og andleg, svo og athugun á þroskastigum einstakra barna. Kennarar þurfa stundum að kenna stálpuðum börnum lífeðlisfræði, en þótt svo væri ekki, væri þeim engu að síður nauðsynleg nokkur undirstöðuþekking í þeirri grein, því að sérhver kennari þarf að láta sér annt um vöxt og þrif nemenda sinna. Í þessum skilningi verður líkamsuppeldi og lífeðlisfræði að vera skyldunám fyrir öll kennaraefni. Sama máli gegnir um sálarfræði, þó að það sé grein, sem er auðvelt að taka röngum tökum. Þekking á andlegum vexti og atferði barna er lífsnauðsyn fyrir kennara, en námið í kennaraskóla verður að vera nátengt persónulegri reynslu og athugun á börnum, og það á því að fara fram í sambandi við starf í æfingaskólum. Það er mjög æskilegt, að ungir kennarar hafi nokkra kynningu af sjónarmiðum nútímasálarfræði, jafnvel þótt sú kynning nái ekki lengra en að þeim sé ljóst, að námstregða barna og slæm hegðun geti verið runnin af sálfræðilegum rótum og þurfi því að vera athuguð af kunnáttufólki í þessum efnum. Þegar slíkir sérfræðingar eru fengnir til skólanna, er mikils um það vert og til góðs fyrir börnin, að kennarar kunni að meta starf þeirra og taki þeim sem starfsbræðrum. Aldur og reynsla kennaranemanna og sá tími, sem þeir hafa til umráða til námsins, hlýtur óhjákvæmilega að sníða stakk þeirri kennslu, sem hægt er að láta þeim í té. — Hvorki lífeðlisfræði né sálarfræði ætti að stunda sem væru það háskólagreinar, og ekki ætti heldur á þær að líta sem einkaeign sérfræðinga í kennaraliðinu.

. . . . . .

Fleiri greinar ætti einnig að telja til uppeldisfræðanna. Það ætti t. d. að kynna nemendum kenningar mestu uppeldisfrömuða liðinna tíma, þótt þeir geti ekki á þessu stigi lagt rækilega stund á rit þeirra. Þetta er mjög æskilegt, svo að nemendur megi finna, að þeim sé trúað fyrir miklum menningararfi, og að starfsgrein þeirra hafi átt á að skipa ýmsum hinna mestu andans manna í sögu mannkynsins um 2 þúsund ára skeið. Sú virðing, sem störfum í þágu uppeldismála er sýnd í þessu landi, er ekki eingöngu komin undir því, hvert álit aðrir hafa á því, hvernig kennarar leysa þessi störf af hendi, heldur einnig undir því, hvernig kennarar sjálfir meta starfsgrein sína. Kennarar ættu einnig að hafa nokkra yfirlitsþekkingu um uppeldiskerfi og þó sérstaklega sögu uppeldisins í landi sínu, jafnframt því sem þeir ættu að kunna glögg skil á því hlutverki, sem skóli þeirra hefur innan heildarkerfisins. Í þessu felst einnig vitneskja um vald og skyldur miðstjórna og héraðsstjórna fræðslumálanna og þann þátt, sem sjálfboðaliðar hafa átt í þróun þessara mála. Grundvöllinn að þessari þekkingu má leggja í kennaraskóla. Alveg sérstaklega ætti að gefa kennurum kost á að kynnast kennslu í þessu landi af eiginni raun á námsárunum, svo að þeir geti skoðað hana í ljósi þess náms, sem þeir stunda í uppeldisfræðum.

Til uppeldisfræðanámsins verður að teljast nauðsyn þess, að kennurum lærist að gera sér grein fyrir þeim uppeldisskilyrðum, sem börnin eiga að búa við á heim-

ilunum og hvar afskipti félagsverndarinnar (social services) eiga að hefjast. Á námsárunum má temja nemendunum nákvæma athugun á lífskjörum og öllum aðstæðum heimilanna, það mun síðar verða kennurunum hvatning til að kynna sér hagfræðileg vandamál, er verða óhjákvæmilega á vegi þeirra, er þeir hefja störf í skólum landsins. Hvetja ætti kennaraefni til að taka virkan þátt í uppeldis og félagsmála störfum utan skólans, eins og nú tíðkast við marga kennaraskóla. Á þann hátt vaknar áhugi á opinberum málum og jafnframt á því að verða góður þegn í þjóðfélagi sínu. Vér teljum þegnskap hugarfars og hátternisvenju, sem lærist engu síður af fordæmum en beinni kennslu. Þekking er nauðsynleg, en hún hrekkur ekki til. Þegnskapur er reistur á sandi, ef hann skortir siðferðilega íhugun og ríka skyldutilfinningu. Kennsla í uppeldisfræðum, sem túlkuð er af göfugu hugarfari, mun veita kennurum kennaraskólanna ríkulegt tækifæri til að innræta og útskýra skyldur þjóðfélagsþegnanna og búa kennaraefnin undir að gera slíkt hið sama, þegar til þeirra kasta kemur, einkum þó í æðri skólum og æskulýðsháskólum, en vér teljum, að þetta ætti ekki að kenna sem sérstaka námsgrein, er hverjum nemanda beri að leggja stund á.

.....

Það væri herfilegur misskilningur að líta á starfsmenntunina sem atvinnunám í þröngum skilningi. Skynsamlega hugsað nám í uppeldisfræðum hefur í för með sér mikla persónulega menntun fyrir þann, sem það stundar. Það á þátt í að skapa menntaða menn, er taki að sér störf í skólunum. Af þessum ástæðum mælum vér með því, að framhaldsnám verði á boðstólum í sérhverri grein kennaramenntunarinnar fyrir alla þá, er geta gert sér gagn með slíku námi.

.....

Það uppeldisfræðanám, sem lýst hefur verið hér að framan, felur í sér víðtækt nám í listinni að kenna, en þjálfun í þeirri list næst ekki nema með ástundun kennsluæfinga. Ein af ástæðunum til þess, að vér leggjum til, að kennaranámið verði þriggja ára nám,[1]) er sú, að kennaraefnin hljóti betri æfingu og fjölþættari kynningu af skólastarfinu, áður en reynsluárið (year of teaching on probation) hefst." Board of Education: Teachers and Youth Leaders (London 1944), bls. 67—69.

Hér að framan hefur því verið lýst, í hverju kennaranám ætti að vera fólgið. Nú er á það að líta, hvernig því verður bezt fyrir komið. Verða þær leiðir, er áður voru nefndar, ræddar hver um sig.

1. Háskólanám að afloknu stúdentsprófi.

   Með þessu móti yrði vel séð fyrir góðri almennri menntun í bóklegum greinum. Þó er hætt við, að íslenzkunámið verði síður með því sniði, sem kennurum hentar bezt. Miklum tíma yrði varið til náms, sem kennurum væri ekki bein þörf á. Verklegt nám yrði óhjákvæmilega útundan. Segja má, að það mætti bæta upp í háskóla. Mundi það þá lengja háskólanámið, auk þess sem nemendur mundu ófúsari að leggja sig fram við það, er þangað kæmi. Háskólanámið tæki tvö ár hið minnsta, og gæti þó ekki talizt, að vel væri séð fyrir sérnáminu á þeim tíma. — Ef svo miklar kröfur yrðu gerðar til kennara um undirbúning, er óneitanlega hætta á því, að ekki fáist nægt kennaralið að skólunum. Jafnvel þótt kennarar hafi nú fengið miklar launabætur, þá er aðbúnaður og starfsskilyrði öll víða svo bágborin, að kennslustörf verða ekki alls staðar keppikefli. — Þó að ekki væri öðru til að dreifa en lengd námsins, getur nefndin ekki lagt til að svo stöddu, að þessi tilhögun verði höfð á námi kennara.

2. Háskólanám að afloknu stúdentsprófi úr kennaramenntaskóla.

   Þessi tilhögun hefur þann kost fram yfir þá, sem rædd er hér að framan, að á menntaskólaárunum yrði varið tíma til sérnáms kennara, og því þegar í

1) Hér er gert ráð fyrir, að öllu gagnfræðanámi sé lokið, áður en kennaranámið hefst. Þessum þremur árum á því eingöngu að verja til sérnámsins.

upphafi höfð hliðsjón af því markmiði, sem fram undan er. En vafasamt er, að mikinn tíma sé hægt að taka frá hinu almenna menntaskólanámi, ef það á eigi að bíða tjón við það. Þeim mun minna gagn yrði af sérnámi kennara sem minni tíma yrði varið til þess. Er tvísýna á, að þetta tvennt sé hægt að sameina, svo að vel fari. Kennaranámið er undirbúningur undir vandasama starfsgrein, og þeirri starfsgrein er mestur greiði gerður með því, að þeim undirbúningi sé hagað í samræmi við þær kröfur, sem hún gerir til starfsmanna sinna. Kennarastarfið krefst fjölþættrar kunnáttu og skilnings. Undirbúningstímanum verður því að verja vel og skynsamlega, til þess að allt náist, sem þarf að nást, og eyða honum ekki til annarlegra hluta, þótt gagnlegir séu á öðrum vettvangi.

Á þessu fyrirkomulagi er einnig sami hængur og hinu fyrra, að námið verður langt. Að vísu er það mjög æskilegt að geta ætlað kennurum langan námstíma, en það er varla á það hættandi að svo stöddu að taka svo stór stökk í einu, að skylda alla kennara til háskólanáms. — Nefndin hefur því ekki lagt til, að þetta fyrirkomulag verði haft á námi kennara.

3. **Kennaraskóli** hefur þann höfuðkost, að hægt er að miða námið við það markmið, sem framundan er, en hins vegar er allt of lítið að gera ráð fyrir kennaraskóla sem æðstu stofnun kennaramenntunarinnar.

4. Nefndin leggur því mjög ríka áherzlu á, að kennarar, sem hafa lokið prófi úr kennaraskóla, eigi kost á **framhaldsnámi við háskólann.** Æskilegast hefði verið, að þeir stunduðu allir slíkt framhaldsnám. Og nefndin telur, að stefna beri að því marki, því fyrr sem því er náð því betur. En eins og að framan getur, telur hún það ekki tímabært að skylda þá alla til þess að svo stöddu.

Þörfin á annarri menntastofnun til handa kennarastéttinni en 4 vetra kennaraskóla er studd margvíslegum rökum. 4 vetra kennaraskóli getur ekki veitt nemendum sínum nema næsta takmörkuð skilyrði til að leggja stund á hugðarefni sín, því að hann verður að gera þá kröfu til þeirra, að þeir nemi margt á tiltölulega skömmum tíma. Hann fær því ekki svalað menntaþrá þeirra, sem eiga hana í verulegum mæli. T. d. getur þekking á uppeldisfræðum aldrei orðið sá þáttur í menntun kennara, sem hún á að verða, ef treysta á eingöngu á kennaraskóla. Þar er ekki hægt að gefa þeim kost á að gera sjálfstæðar athuganir, svo að neinu nemi, vegna anna við námið.

Kennarar hafa einnig sýnt það, sennilega flestum stéttum fremur, að þeir vilja nokkuð á sig leggja til að efla menntun sína. Þeir finna vel, að þeim er mikil nauðsyn á því. Það væri illt og óviturlegt, ef þeim væru eigi búin skilyrði til þess. — Þess má og geta, að flestar eða allar hinar helztu menningarþjóðir hafa fyrir löngu komið sér upp stofnunum í þessu skyni.

Ef ekki er séð vel fyrir menntun kennara, eru allar tilraunir til endurbóta í skólamálum tvísýnar, starf skólanna er algerlega komið undir hæfni þeirra.

— — —

Að öðru leyti fylgir greinargerð einstökum þáttum og greinum frumvarpsins.

I. KAFLI

1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

2. gr.

Grein þessi þarfnast lítilla skýringa, nema helzt önnur málsgrein. Hin síðari ár hefur dagheimilum, barnaleikvöllum og öðrum félagslegum uppeldisstofnunum fjölgað mjög, og allar líkur benda til, að þeim eigi eftir að fjölga stórum enn. Til þess að slíkar stofnanir nái tilgangi sínum, verður að vera völ á fólki, sem

hefur kunnáttu til að starfa við þær og skilning á hlutverki þeirra. Virðist eðlilegt, að kennaraskólanum verði falið að annast starfsmenntun þessa fólks. Hefur nefndin fulla vitneskju um, að þetta er mjög aðkallandi mál.

3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

4. gr.

Ekki þótti nauðsynlegt að krefjast bóknámsdeildarprófs undir smábarnakennslu eða uppeldisstörf félagslegs eðlis, þar eð greinar verknámsdeildar mundu ef til vill eigi síður geta komið að haldi hér. — Hins vegar verður eigi hjá því komizt að krefjast prófs úr bóknámsdeild undir hið almenna kennaranám.

5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

7. gr.

Smábarnakennsla og þau uppeldisstörf, sem hér er um að ræða, krefjast ekki kunnáttu í eins mörgum fræðigreinum og kennslustörf við barna- og unglingaskóla. Þykir því eigi rétt að heimta slíkt nám af þeim, er þau störf ætla að stunda.

8. gr.

Þetta ákvæði er sett til að gera kennaraskólamönnum greiðari leiðina að stúdentsprófi. Þykir sýnt, að tryggja megi það, að þeir hljóti hliðstæða fræðslu og stúdentar í þeim greinum, sem hér eru taldar, og því ástæðulaust að viðurkenna það ekki. — Gert er ráð fyrir því, að stúdentar þurfi að bæta við sig eins vetrar námi til þess að öðlast kennararéttindi. Væri þá sambærilegt, að kennaraskólamenn gætu lokið stúdentsprófi eftir eins vetrar nám í menntaskóla.

Nú er því svo háttað, að kennaraskólamönnum er gerð leiðin til stúdentsprófs nærri ófær. Hefur það hróplega ranglæti valdið megnri gremju meðal kennara, og væri vel, að úr því yrði bætt.

9. gr.

Þarfnast engra skýringa.

II. KAFLI

Nefndinni er ljóst, að það, sem hér er lagt til, muni geta valdið ágreiningi, þar sem gert er ráð fyrir deild við Háskólann að ýmsu leyti annars eðlis en þær deildir, sem fyrir eru. Í fyrsta lagi er ekki ætlazt til, að almennt stúdentspróf verði gert að inntökuskilyrði, og í öðru lagi, að ekki verði lögð stund á eina fræðigrein til þeirrar hlítar, að sambærilegt sé við kandidatspróf úr öðrum deildum.

Í rauninni er hægt að hugsa sér þessa deild sem sjálfstæða stofnun, en ýmis mikilsverð rök hníga að því, að hún skuli tengd Háskólanum. Ætla má, að með því yrði náminu sett hærra mark. Þá yrði einnig hægt að hagnýta betur þá kennslukrafta og húsakost, sem Háskólinn hefur á að skipa. Kennarar heimspekideildar mundu kenna íslenzku og íslenzk fræði, kennarar verkfræðideildar stærðfræði og kennarar guðfræðideildar kristin fræði. Sömuleiðis mundi kennsla sú, sem látin er í té í erlendum málum, koma hér að fullu gagni. Allt ætti þetta að geta orðið ríkinu að kostnaðarlitlu.

Háskólanum mundi vera ánægja að því að taka slíkt hlutverk að sér og gildi hans vaxa við það.

Í þessu sambandi skal þess getið, að helmingur ensku nefndarinnar, sem fjallaði um kennaramenntunina, lagði fram tillögur um það, að ekki einungis fram-

haldsnám kennara, heldur öll kennaramenntun væri lögð undir háskólana. Háskólunum var ætlað að stofna sérstakar kennaradeildir. Í þeim hluta nefndarinnar, sem þetta lagði til, voru m. a. tveir hinna allra fremstu skólafrömuða Englendinga, þeir Sir Fred Clarke, forstöðumaður uppeldisfræðideildar Lundúnaháskóla, og P. M. Morris, yfirmaður allrar fræðslustarfsemi í brezka hernum (Director-General of Army Education). Skulu rakin hér nokkur helztu atriði úr greinargerð þeirra í lauslegri þýðingu:

„Af þessum staðreyndum drögum vér þá ályktun, að háskólarnir ættu að taka að sér nýtt ábyrgðarhlutverk, kennaramenntunina, og ættu í því skyni að koma upp kennaradeildum (University Schools of Education) .... Vér leggjum ríka áherzlu á það, að vér erum hér ekki að leggja fram tillögur um mál, sem vér teljum skipta tiltölulega litlu fyrir háskólana. Fjarri fer því. Tillögur vorar krefjast mikils af þeim, m. a. ríkari skilnings á skyldum þeirra gagnvart uppeldismálum .... Tillögur vorar gera ráð fyrir, að nám kennara, sem eru stúdentar (university graduates) og þeirra, sem eru það ekki, lúti sömu yfirstjórn, þ. e. kennaradeilda háskólanna (Univ. Sch. of Education), og þær gera ráð fyrir stofnunum, sem geta séð kennurum alls skólakerfisins fyrir hæfilegri menntun. Vér vísum á bug þeirri skoðun, sem stundum skýtur upp kollinum, að háskólarnir eigi aðeins að hafa afskipti af menntun framhaldsskólakennara. Slíkar tillögur eru hvorki æskilegar né framkvæmanlegar. Þær eru ekki æskilegar, vegna þess að kennarar yngri barna þurfa að vera vel menntaðir. Það uppeldi og sú fræðsla, sem börnin fá í barnaskóla, hefur djúp og rík áhrif á allan námsferil þeirra síðar. Að öðru leyti væri það einnig til mikils tjóns fyrir uppeldismál þjóðarinnar, ef kljúfa ætti kennarastéttina í tvær fylkingar, einmitt þegar verið er að samræma skólakerfið. Þær eru óframkvæmanlegar, vegna þess að margir kennaranemar ákveða það ekki fyrr en síðast á námstímanum, við hvaða tegund skóla þeir ætli að starfa. Og það er mjög skynsamlegt af þeim. Enn fremur ættu kennarar að skiptast nokkuð á um að kenna í barna- og framhaldsskólum. Kennaradeild við háskóla, eins og vér hugsum oss hana, mundi efla og auðga þær deildir háskólans, sem fást við lífeðlisfræði, sálarfræði og þjóðfélagsfræði, og ekki sízt ef barnakennararnir sæktu þangað.

Tillögur vorar fela það á engan hátt í sér, að allir kennarar eigi að vera stúdentar. Vér erum sannfærðir um, að margur góður starfsmaður mundi glatast stéttinni, ef slíkar kröfur yrðu gerðar.“ [1])

10. gr.

Það, sem greinin felur í sér, hefur verið skýrt hér á undan, að því undanteknu, að hér er talað um leiðbeiningar um stöðuval, en það mál hefur legið fyrir Alþingi áður, og þykir því ekki ástæða til að fjölyrða um það hér.

11. gr.

Samanber greinargerð með frv. til laga um æfinga og tilraunaskóla.

12. gr.

Samanber hina almennu greinargerð.

13. gr.

Ákvæðin um námið þykir rétt að hafa rúm í lögunum, þar eð hér er um nýmæli að ræða. Verður reynslan að skera úr um nánari tilhögun þess. Þó þykir rétt að kveða svo á, að allir kennaradeildarmenn stundi framhaldsnám í uppeldisfræðum.

---

1) Board of Education: Teachers and Youth Leaders, bls. 50—51.

Námskröfurnar, sem gerðar eru til kennara við skóla gagnfræðastigsins, eru í samræmi við það, sem lagt er til í frv. til laga um gagnfræðanám.

14. gr.

Þarfnast engra skýringa.

III. KAFLI

Sú stofnun, sem rætt er um hér, er til og starfar að Laugarvatni, eins og kunnugt er. Aðalbreytingin, sem frumvarp þetta felur í sér, er sú, að almennt kennaraþróf er auk íþróttakennaraprófsins gert að skilyrði til að öðlast sérkennararéttindi í íþróttum við skóla landsins. Liggja til þess ýmis rök. Það er einróma álit nefndarinnar, að stefna beri að því, að uppeldismenntun kennara, sérstaklega við barnaskóla og skóla gagnfræðastigsins, sé sem bezt, hver svo sem kennslugrein þeirra er. Hlutverk íþróttakennara er ekki eingöngu fólgið í því að kenna tilteknar líkamshreyfingar, heldur er það jafnframt uppeldishlutverk. Á það eigi síður við um þá en ýmsa aðra kennara. Ríður því á, að skilningur þeirra á nemendunum og undirstöðuatriðum allrar kennslu og starfsemi skólans í heild sé góður.

Þá hagar víða svo til hér á landi, að eigi er nægilegt verkefni fyrir einn íþróttakennara við skóla, er þá gott fyrir þann kennara að geta jafnframt tekið að sér aðra kennslu. Það er einnig talið æskilegt frá öðru sjónarmiði, að íþróttakennari kenni ekki eingöngu sérgrein sína. Einhæf kennsla er þreytandi, og það er því örvun og hressing í því að geta unnið fjölbreyttara starf.

Nefndin telur ekki ósanngjarnt að gera kröfur um nokkuru lengra nám til íþróttakennara en almennra kennara, þar sem þeir fá jafnframt víðtækari réttindi. Almenna kennaraprófið veitir þeim sömu réttindi og almennum kennurum, en að íþróttakennaraprófinu loknu standa þeir að öðru jöfnu mun betur að vígi um að fá fastar stöður.

Um önnur atriði þessa kafla telur nefndin eigi ástæðu að fjölyrða.

IV. KAFLI

Þörf hefur lengi verið á handíðakennaraskóla, en sú þörf verður að brýnni nauðsyn, ef frumvörp nefndarinnar um barnafræðslu og þó einkum um gagnfræðanám ná samþykki þingsins. Þar er gert ráð fyrir mjög auknu verknámi. Sú löggjöf yrði ekki annað en dauður bókstafur, ef ekki yrði jafnframt séð fyrir sæmilega menntuðum kennurum í verklegum greinum.

Að vísu er starfandi deild við Handíðaskólann, sem sinnir þessu hlutverki að nokkuru leyti, og hefur hún komið í mjög góðar þarfir, en hér eftir verður ekki komizt af með annað en stofnun, sem sinnir eingöngu þessu mikilvæga verkefni. Enn er t. d. kennurum í handavinnu stúlkna ekki séð fyrir neinum sérstökum undirbúningi undir starf sitt.

Verknámsdeildirnar eru mesta nýjung og sennilega einhver mesta nauðsyn, sem frumvörp nefndarinnar gera ráð fyrir. Með þeim er stefnt að því að hefja verklega menningu þjóðarinnar á hærra stig. Skiptir því miklu máli, að vel takist um framkvæmdina.

Um inntökuskilyrðin vísast til greinargerðarinnar við III. kafla frumvarpsins.

V. KAFLI

Skólamálanefnd telur það eðlilegt og sjálfsagt, að hússtjórnarkennaraskóli verði einn áfanginn í kennaramenntun landsins og standi í sambandi við Kennaraskóla Íslands og aðrir sérgreina kennaraskólar, svo sem Íþróttakennaraskóli Íslands.

Þörfin á þessu er auðsæ, er tekið er tillit til húsmæðraskólanna, sem rísa hver af öðrum í sveitum og kaupstöðum landsins, enda hefur húsmæðrakennaraskóli þegar starfað í 3 ár.

30. og 31. gr.

Nauðsynlegt er, að hússtjórnarkennaraskóli sé heimavistarskóli fyrir þá nemendur, sem búa sig undir það að kenna við húsmæðraskóla eða veita þeim forstöðu, því að þessir skólar verða að miklu leyti heimavistarskólar. Af sömu ástæðu er og nauðsynlegt að hafa nokkurn búrekstur í sambandi við skólann, enda þarf að kenna þar garðrækt og hirðingu húsdýra og búsafurða. Skólinn verður enn fremur að vera heimangönguskóli fyrir nokkurn hluta nemendanna, og virðist því sjálfsagt, að hann sé reistur í Reykjavík eða nágrenni hennar og standi í allnánu sambandi við Kennaraskóla Íslands og við vöggustofu, svo þarf hann einnig að eiga völ ágætra stundakennara og fyrirlestra frá Háskólanum.

32. og 33. gr.

Rétt er að gera ráð fyrir, að í skólanum stundi nám — auk kennaraefna í húsmæðraskólum — þær konur, sem ætla að taka að sér ráðskonustörf við ýmsar opinberar stofnanir, svo sem heimavistarskóla, sjúkrahús og barnahæli. Skortur er mikill á menntuðum konum til að standa fyrir matreiðslu á slíkum stöðum, en það liggur í augum uppi að nokkurs sérstaks náms muni vera hér þörf til þess að allrar hollustu sé gætt, ekki síst í mataræði barna og sjúklinga.

34. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

35. gr.

Um undirbúningsnám gildir hið sama og um aðrar sérgreinar, að kennarapróf er talið nauðsynlegt fyrir þá, er ætla að leggja fyrir sig kennslu. En undirbúningur undir verklega námið telst ekki mega vera minni en gert er ráð fyrir í frumvarpinu og nauðsynlegt, að nemendur þekki nokkuð til heimilisstarfa bæði í sveit og kaupstað.

36. gr.

Námsgreinar eru í samræmi við það, sem nemendur eiga síðar að kenna sjálfir við húsmæðraskólana.

37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

38. gr.

Undanfarin landsþing Kvenfélagasambands Íslands hafa gert eindregna kröfu til þess, að skólanefnd, skipuð konum, sé sett við hússtjórnarkennaraskólann. Við Kennaraskóla Íslands er að vísu ekki skólanefnd, heldur stendur hann beint undir fræðslumálastjórn, en þar sem um sérgreinar er að ræða, svo sem hússtjórn og íþróttir, sýnist ekki óeðlilegt, að sérfróðir menn séu fræðslumálastjórn til aðstoðar. Með þetta fyrir augum er í frumvarpinu gert ráð fyrir skólanefnd og ákveðinni skipun hennar.

39. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

40. gr.

Gert er ráð fyrir, að við Kennaraskóla Íslands verði hægt að stunda nám, til þess síðan að taka að sér fóstrustörf við barna- og dagheimili landsins. Einn hluti þessa náms er matreiðsla handa börnum og næringarefnafræði. Þennan hluta kennslunnar verður hússtjórnarkennaraskólinn augsýnilega að taka að sér, og er gert ráð fyrir því í þessari grein frumvarpsins.

VI. KAFLI

Í þessum kafla er kveðið nánar á um réttindi þau, er prófin veita, frá þeim stofnunum, sem annast uppfræðslu kennara. Enn fremur hefur hann að geyma ýmis ákvæði, sem eiga sameiginlega við um allar þessar stofnanir. Er hér eigi þörf sérstakra skýringa.

Nd. 175. Breytingartillögur

við frv. til raforkulaga.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Annan málsl. síðari málsgr. skal orða svo: Þó er þeim, sem við gildistöku þessara laga eiga og reka eða eiga í smíðum raforkuver, sem eru stærri o. s. frv.
2. Við 7. gr. Annan málsl. fyrri málsgr. skal orða svo: Þó mega Reykjavíkurkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður og Andakílsárvirkjun selja héraðsrafveitum sínum og rafveitum ríkisins raforku í heildsölu frá orkuverum þeim, sem aðilar þessir eiga nú eða hafa þegar hafið byggingu á.

Nd. 176. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 13. gr. laganna kemur nýr málsliður, svo hljóðandi: Heimilt er mönnum þó að leggja lagnet eða króknet í fjöru á meginlandi ofan netlaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi laxveiðalögum er laxveiði bönnuð í sjó nema frá þeim jörðum, er laxveiðiréttindi voru sérstaklega metin til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi á árinu 1932. Það, sem vakti fyrir löggjafanum með ákvæði þessu, var einkum tvennt. Í fyrsta lagi að koma í veg fyrir, að laxastofninn yrði eyðilagður á þann hátt, að laxinum yrði sópað upp á fjörðum úti með mikilvirkum veiðitækjum, þannig að hann næði ekki að ganga í árnar til hrygningar, eins og dæmi voru til með öðrum þjóðum. Í öðru lagi að tryggja með löggjöf, það sem telja má, að hafi verið óskrifuð lög frá upphafi landsbyggðar, að laxinn væri hlunnindi og nytjafiskur landbúnaðarins og tilheyrði jörðum þeim, er laxveiðistöðvar ættu innan sinna landamerkja. Nú hefur það komið í ljós, að ákvæði þessi, eins og þau eru túlkuð, ganga beinlínis á rétt einstakra bænda til að nota sér laxveiðihlunnindi fyrir löndum sínum, án þess að það geti talizt nauðsyn til að tryggja viðhald og vöxt laxastofnsins fram yfir takmörkun eða hindrun laxveiðinnar almennt. Verða þessi friðunarákvæði svo einkennileg í framkvæmdinni, að þeim bændum, sem lönd eiga meðfram fjörðum, þar sem lax gengur, er varnað að leggja netstubb í fjöruborðið, ef þeir eru það langt frá ósum, að sjór

telst fyrir landi þeirra, og ef þeim hefur ekki hugkvæmzt að láta meta laxveiðimöguleika með landi sínu, áður en ákvæði þessi voru í lög sett. En þegar nær dregur landi og vatnsfarvegurinn þrengist, svo að öll laxgengdin leggst í tiltölulega þrönga ósa og ála, þá hafa landeigendur rétt til að koma fyrir öllum löglegum veiðitækjum út frá báðum löndum. Segir það sig þó sjálft, hvort laxastofninum er ekki meiri hætta búin af þeim aðförum heldur en þótt netstubbur væri lagður við strendur víðáttumikilla fjarða, þar sem gangan að jafnaði dreifir sér um allan fjörðinn, en þó mest miðsvæðis. Virðist hér að ástæðulausu vera skertur réttur þeirra bænda, sem aðstöðu kunna að hafa hér til að veiða lax fyrir landi sínu á sama hátt og aðrir landeigendur, sem réttur þessi er heimilaður. Um hættu á eyðingu laxastofnsins af völdum þessara manna er ekki að ræða frekar en annarra, er lax veiða, nema síður sé, ekki sízt vegna þess, að veiðistaðir sem þessir munu vera tiltölulega fáir og hvergi um uppgripaveiði að ræða. En réttur bænda til að nota sér laxveiði fyrir löndum sínum á að vera hinn sami fyrir alla, og þar eiga allir að lúta sömu lögum.

Ed. 177. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

1. Framan við frvgr. komi:
   Á eftir 28. tölulið í 1. gr. A. I. a. laga nr. 30/1943 bætist nýr liður:
   Fagradalsá á Skarðsströnd.
2. Aftan við frvgr. bætist:
   Á eftir 1. tölulið í 1. gr. sömu laga A. II. komi nýr liður:
   Haukadalsá í Dölum ofar ármótum hennar og Þverár.

Ed. 178. Frumvarp til laga

um iðnskóla í sveitum.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Stofna skal skóla í húsasmíði og húsgagna og búsáhaldagerð fyrir þá, er stunda vilja þær iðnir í sveitum landsins og kauptúnum með færri en 300 íbúa. Skal það vera heimavistarskóli, og leggur ríkið skólanum til stað, sem vel hentar, og nauðsynleg húsakynni til að geta tekið móti 50 nemendum árlega svo og áhöld og vélar til kennslunnar, sem vanda skal til svo sem verða má.

2. gr.

Skóli þessi skal rekinn á ábyrgð ríkisins sem sjálfstæð stofnun, er ber sjálf kostnað af skólahaldinu, eftir því sem tekjur hrökkva, enda njóti hún þess ágóða, er verða kann af smíðarekstri skólans og svo þeim atvinnurekstri, sem hún tekur sér á herðar samkvæmt lögum þessum. Heimilt skal stofnuninni að taka lán til framkvæmda sinna, eftir því sem nauðsyn krefur, með samþykki landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Í skólanum skal fara fram bæði fræðileg og verkleg kennsla, og skal námstími hvers nemanda vera tvö ár, hefjast og vera lokið að vori. Heimilt skal þó að gefa nemendum kost á styttri námstíma, ef þeir geta sýnt, að þeir hafi fengið slíkan

undirbúning, er þeir koma í skólann, að þeir geti með því orðið jafnfærir öðrum nemendum skólans. Ef einstakir nemendur verða að dómi kennara og prófdómenda ekki svo færir eftir tveggja ára nám, að rétt þyki að veita þeim þau réttindi, er skólinn veitir, skal forstöðumanni skólans heimilt að framlengja skólavist þeirra allt að því um eitt ár.

4. gr.

Skilyrði fyrir skólavist er, að nemandinn hafi verið einn vetur í héraðsskóla eða gagnfræðaskóla og fengið þar a. m. k. II. einkunn eða sem því svarar eða sýni það með prófi, að hann hafi eins mikla fræðilega kunnáttu og þeir, er slíks náms hafa notið. Hann skal hafa hlotið nokkra æfingu í meðferð venjulegustu smíðaáhalda og geta leitt að því líkur, að hann sé gott smíðsefni. Hann skal vera fullra 18 ára að aldri og hraustur til líkamlegrar vinnu.

5. gr.

Skólinn skal skiptast í tvær deildir, húsasmíðadeild og húsgagna- og búsáhaldasmíðadeild, og skal hann geta tekið móti a. m. k. 36 nemendum við húsasmíði og 14 nemendum við húsgagna- og búsáhaldasmíði.

6. gr.

Fræðileg kennsla skólans skal vera í þessum greinum, og skal hún vera sameiginleg fyrir báðar deildir, eftir því sem við getur átt: íslenzku, teikningu, bæði almennri teikningu og verkteikningu, iðnsögu, eðlisfræði og efnisfræði. Einnig skal nemendum gefinn kostur á nokkurri kennslu í íþróttum og söng.

7. gr.

Verklegt nám húsasmiða skal miðað við það, að þeir verði færir um að standa fyrir smíði íbúðarhúsa allt að því tveggja hæða auk kjallara og leggja einfaldar lagnir fyrir rafmagn, vatn og hita. Skulu þeir læra að nokkru hvort tveggja trésmíði og múrsmíði, en velja um það, hvort af þessu tvennu þeir gera að aðalnámi sínu. Þeir, sem gera múrsmíði að aðalnámi, skulu læra að leggja járn í steypu og leggja vatnsleiðslur og miðstöðvar eftir teikningu, en trésmiðir skulu læra málningu og veggfóðrun.

8. gr.

Verklegt nám húsgagna- og búsáhaldasmiða skal miða við það, að þeir verði færir um að smíða helztu húsgögn og búsáhöld, sem sveitaheimili þarf. Skal skólinn leggja alúð við að haga svo kennslunni, að það stuðli að því, að húsgögn megi verða sem hentugust.

Bæði húsasmíðanemum og húsgagnasmíðanemum skal leiðbeint um meðferð helztu mótorvéla og rafmagnsvéla, sem nota má við iðn þeirra.

9. gr.

Verklegt nám húsgagnasmiða skal fara fram á verkstæðum skólans, en verklegt nám húsasmiða jöfnum höndum á verkstæðum skólans og við húsabyggingar, er skólinn veitir forstöðu. Skal verknám þeirra, er fram fer við húsabyggingar, vera 5—6 mánuðir ár hvert á tímanum frá 14. maí til 15. desember, og skal skólinn takast á hendur byggingar, hvar sem er í sveitum og kauptúnum með minna en 300 íbúa. Þess skal gætt, að aldrei séu fleiri nemendur að starfi við hverja byggingu en svo, að þeir geti haft þar með höndum verkefni, er þeir læra af iðn sína, og að kennarar komi því vel við að kenna þeim réttar starfsaðferðir.

10. gr.

Við skólann skal skipaður forstöðumaður og þrír kennarar, auk þess sem þeim skal fengin aðstoð eftir þörfum við kennslu og rekstur skólans. Launakjör fastra starfsmanna skulu vera hin sömu og við bændaskólana.

11. gr.

Forstöðumaður hefur aðalumsjón með skólanum og sér um allar framkvæmdir og kennslu. Um meiri háttar mál, svo sem verulegar undanþágur frá námi, styttingu eða sviptingu skólavistar, kveður hann kennara til umsagnar. Hann hefur og á hendi allt reikningshald skólans.

12. gr.

Verklegt nám reglulegra nemenda skal vera 3900—4200 vinnustundir alls, þó aldrei yfir 10 stundir á dag. Sú vinna, sem þeir leysa af hendi þennan tíma, er eign skólans, en á móti veitir hann ókeypis húsnæði, kennslu, verkfæri til notkunar, fæði og tvennan vinnuklæðnað á ári og auk þess greiðslur samkvæmt venjulegum verkamannataxta fyrir þær vinnustundir, er umfram verða 3200. Leyfa má þó nemendum að vinna í umframstundum þessum að verkefnum í eigin þágu og þá án greiðslu frá skólanum. Skólanum skal og heimilt að kaupa af nemendum meiri vinnu, er þeir vinna á verkstæðum hans og við framkvæmdir hans.

Hirðingu herbergja sinna og þvotta á fötum sínum annast nemendur með umsjón, er skólinn veitir.

13. gr.

Vanræki nemandi nám sitt eða reynist til þess illa fallinn, svo og ef hann reynist ber að óreglu eða alvarlegum brotum á skólareglum, má forstöðumaður vísa honum úr skólanum.

14. gr.

Nemendur eiga sumarleyfi a. m. k. 6 virka daga hvort sumar og vetrarleyfi frá 16.—31. desember.

15. gr.

Yfirstjórn skólans er í hendi landbúnaðarráðherra. Skal ráðherra gefa út reglugerð, sem sett er eftir tillögum forstöðumanns skólans, þar sem nánar er ákveðið um almennar skólareglur, tilhögun kennslu, inntökuskilyrði, próf, kennslukrafta, skyldur og réttindi kennara og annarra fastra starfsmanna, rekstur húsasmíðadeildar sérstaklega og húsgagnasmíðadeildar sérstaklega, kjör óreglulegra nemenda, þar með þeirra, sem hafa lengri eða skemmri skólavist en 2 ár, o. m. fl.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram borið til að bæta úr bráðri þörf. Í sveitum landsins og kauptúnum er nauðsyn mikilla byggingarframkvæmda á næstu árum, en varla eru til nema fáir faglærðir menn í sveitum og kauptúnum til þess að veita slíkum byggingarframkvæmdum forstöðu. Kaupstaðirnir geta heldur enga hjálp veitt um þetta, því að þar er nú alls staðar hörgull á faglærðum byggingarmönnum.

Samkvæmt athugun, sem Skipulagsnefnd atvinnumála lét gera á síðast liðnu ári á íbúðarkosti sveitanna og kauptúna (og raunar alls landsins), voru í árslok 1940 8312 fjölskylduheimili og félagsheimili í sveitum og kauptúnum með færri en 300 íbúa, en handa þessum heimilum voru í árslok 1941 til 7257 íbúðarhús. Af þessum húsum voru 2418, sem alls ekki var unnt að telja viðhlítandi mannabústaði. Enn fremur verður að gera ráð fyrir því, að mörg hinna 1055 heimila, sem voru umfram tölu íbúðarhúsanna, hafi orðið að sætta sig við allsendis ófullnægjandi húsnæði.

Það þarf ekki í neinar grafgötur um það að fara, að Íslendingar verða á næstu árum að endurbyggja þúsundir íbúða í sveitum og kauptúnum með færri en 300 íbúa á næstu árum. Annars verður það fólk, sem í þeim er, húsnæðislaust og leitar athvarfs í braggahverfunum í Reykjavík eða öðrum þvílíkum húsakynnum. Einnig

verður að gera ráð fyrir, að lagfæra verði allmikið af þeim íbúðum, sem ekki eru innifaldar í framannefndri tölu.

Meðan ófriðurinn stóð sem hæst, var mjög lítið byggt í sveitum og smákauptúnum, en þeir, sem þar kunnu helzt eitthvað til smíða, gerðust „gervismiðir“ við byggingar fyrir setuliðið, og hefur margt þessara manna setzt að í Reykjavík og kaupstöðunum og vinnur nú þar að smíðum ýmist með réttindum eða — og það er miklu algengara — sem „gervismiðir“. En í sveitunum og kauptúnum er nú of fátt manna, sem nokkuð verulega kunna til bygginga, en í kaupstöðunum verða smiðir ekki fengnir til að veita byggingum í sveitum eða kauptúnum forstöðu, jafnvel ekki fyrir of fjár. Byggingarmálum sveita og kauptúna verður því alls ekki komið í sæmilegt horf, nema komið sé upp meðal þeirra, sem í sveitum og kauptúnum búa, nægilega mörgum iðnlærðum mönnum til þess að takast þetta verkefni á herðar.

Ef litið er yfir ástand byggingarmála í sveitunum, kemur í ljós, að það er yfirleitt langbezt í næstu grennd við stærstu kaupstaðina og einkum í grennd við Reykjavík og Akureyri. Að einhverju leyti liggja hér til grundvallar efnahagslegar ástæður, en hér mun einnig til greina koma, hversu auðvelt eða erfitt hefur verið að ná í hæfa smiði til að veita byggingum forstöðu.

Tvær sýslur sýnast þó hafa sérstöðu um þessi efni; þær eru ekki í næstu grennd við stóran kaupstað, og þó er ástand í byggingarmálum þeirra í bezta lagi, eftir því sem gerist í sveitum. Það er Suður-Þingeyjarsýsla, þar sem 49,5% íbúðarhúsanna eru „góð“, og Norður-Þingeyjarsýsla með 53,7% íbúðarhúsanna „góð“. Úr þessum tveimur sýslum eru heimildir um ástand íbúðarhúsanna sérstaklega greinagóðar, svo að treysta má því, að hlutur „góðu“ íbúðarhúsanna er þar ekki gerður of mikill, en svo gæti þó verið í sumum hinum sýslunum. — Ástæður til þess, hve byggingum íbúðarhúsa í Þingeyjarsýslum er vel á veg komið, geta tæpast verið efnahagslegar. Til þessa geta að vísu verið fleiri en ein ástæða, en þeirra meðal mun sú ekki minnstu ráðandi, að við héraðsskólann á Laugum hefur í meira en 20 ár verið starfrækt góð smíðakennsla, — þar hefur verið starfandi sérstök smíðadeild, og hafa 4—15 nemendur árlega haft þar smíðar sem aðalnám. Sumir þessir smíðanemendur hafa stundað þar nám sitt meira en einn vetur og orðið talsvert færir smiðir. Flestir þeirra hafa verið úr Þingeyjarsýslum, og margir þeirra hafa að þessu námi sínu loknu haft áræði til að veita forstöðu smíði íbúðarhúsa, oftast fyrst heima hjá sér, síðan í nágrenni sínu. Þess eru dæmi, að þeir hafi eftir þetta gert húsasmíði að aðalstarfi. Þessi smíðakennsla á Laugum, sem þó getur alls ekki talizt fullnægjandi í þessum efnum, hefur stuðlað mjög að því, að næstu sveitirnar við skólann eru nú einhverjar bezt húsuðu sveitir landsins.

Hugmyndin um þann skóla, sem hér eru gerðar tillögur um, er að verulegu leyti sprottin upp úr þeirri reynslu, sem þarna hefur fengizt, enda hafa þeir Leifur Ásgeirsson og Arnór Sigurjónsson, fyrrverandi skólastjórar að Laugum, unnið að því í samráði við mig að semja frumvarp þetta.

Ekki þykir þörf að láta fylgja frumvarpi þessu skýringar á hverri grein þess. En nokkur atriði þess skulu þó lítillega rædd og að mestu í þeirri röð, er þau koma þar fram.

1. Með þessum skóla mundi vera stofnað til nýjungar í skólamálum okkar, þannig að ekki er um verulegar fyrirmyndir að ræða. Því er frumvarpið þannig samið, að leitazt er við að láta það koma skýrt fram, hvaða verkefni skólanum er ætlað og hvernig til er ætlazt, að hann leysi það í aðalatriðum. En hins vegar er svo um búið, að sá maður, sem valinn verður til að veita skólanum forstöðu, hafi sem lausastar hendur til að haga störfum hans eftir því, sem fyrsta reynsla sýnir, að bezt hentar. Honum er ætlað að gera tillögur um þá reglugerð, sem skólanum verður sett og skólinn á að starfa eftir, og mætti það vel dragast, þar til skólinn hefði verið starfræktur 1—2 ár.

2. Ekki hefur þótt fært að benda á ákveðinn stað fyrir skólann, enda er það ekki hægt nema að undangenginni athugun og samningum, sem ríkisstjórnin ein getur látið framkvæma. En sjálfsagt þykir, að skólanum sé valinn staður í sveit, þar sem mætti vera góður kostur rafmagns til þess að knýja þær vélar og verkfæri, er hann kann að nota á verkstæðum sínum, jarðhita til upphitunar híbýla hans og verkstæða, og æskilegt er, að hann verði þannig settur, að mikil verkefni séu nærtæk til byggingar íbúðarhúsa í næstu framtíð. Sem dæmi um stað, sem fyrir margra hluta sakir væri vel fallinn til handa skólanum, má nefna Varmahlíð í Skagafirði, þar sem vatnsorka til rafvirkjunar er nærri, mikill jarðhiti er til hitunar híbýla og mikil verkefni fyrir byggingarmenn í stórri samfelldri byggð umhverfis staðinn. Það skal þó jafnframt tekið fram, að á landinu eru til fleiri staðir, sem bjóða fram áþekk skilyrði.

3. Einhverjum mun ef til vill þykja sem nemendum þessa skóla sé ætlaður of stuttur námstími, þar sem iðnnám í þessum greinum er 4 ár í kaupstöðum. En þess er fyrst að geta, að gerðar eru meiri kröfur um kunnáttu til þess, að nemendur fái inngöngu í skólann en til þess að fá að stunda iðnnám í kaupstöðum. Í annan stað má gera ráð fyrir, að meiri alúð verði lögð við kennsluna en algengt er við kennslu iðnsveina, sem mjög oft eru látnir vinna alls konar verk fyrri hluta námstíma síns. Enn er þess að geta, að varla er gerð eins rík krafa um kunnáttu þeirra að námstímanum loknum og tilsvarandi iðnaðarmanna í kaupstöðum. Er t. d. húsasmiðunum, sem lært hafa í skólanum, ekki ætlað án frekara náms að standa fyrir byggingu stærri íbúðarhúsa en tveggja hæða.

4. Ekki þykir rétt, að skóli þessi verði mjög stór stofnun, því að slíkt mundi gera kennslu við hann og allt starf erfiðara, enda þyrfti þá líka miklu meira fjármagn til að koma honum upp og reka hann. En ef hann reynist mikið þjóðþrifafyrirtæki, eins og flutningsmaður frumvarpsins væntir, þá er til ætlazt, að fleiri þvílíkir skólar verði stofnaðir þannig, að ef t. d. Norðurland fengi þennan fyrsta skóla, þá kæmu síðar skólar í hinum fjórðungunum.

5. Svo er til ætlazt, að námið verði aðallega í því fólgið, að nemendur séu látnir vinna að hagkvæmum verkefnum undir handleiðslu og fyrirsögn kennara. Húsgagnasmiðum er ætlað að vinna að smíði húsgagna og búsáhalda á verkstæðum skólans. Mundi þá sú deild skólans reka húsgagnavinnustofu fyrir sveitirnar, og ber að ætla henni forustu um það, hvernig húsgögn og búsáhöld verða bezt valin. — Húsasmiðum er ætlað að vinna í flokkum undir stjórn kennara skólans að húsabyggingum mikinn hluta ársins, frá því snemma að vori fram á haust og jafnvel fram yfir veturnætur, en nokkurn hluta ársins, meiri hluta vetrar, á verkstæðum skólans. Til þess er ætlazt, að kjör nemenda í báðum þessum deildum skólans verði að því leyti áþekk þeim kjörum, sem iðnnemum í kaupstöðum eru boðin, að þeir vinni ákveðinn vinnutíma á dag fyrir kostnaði sínum í skólanum, t. d. 7 vinnustundir hvern virkan dag vor, sumar og haust, en 4—5 vinnustundir á veturna þann tíma, sem þeir njóta fræðilegrar kennslu. Sú vinna, sem er umfram þennan tilskilda vinnutíma í þágu skólans, skal hins vegar vera þeirra eign, og skal skólinn greiða fullt kaup fyrir þá vinnu, ef hann kaupir hana, og er til þess ætlazt, að hann geri það að vissu marki. Á þennan hátt mundi nemendunum bæði skapazt góð námskjör og þeir fá skilyrði til þess að ljúka námi bæði fljótt og vel.

6. Sjálfsagt þykir að gera talsverðar kröfur um það, að nemendur, sem skólann sækja, hafi náð talsverðum þroska bæði að aldri og menntun, og mun frekar of skammt en of langt gengið í frumvarpinu um það. Þeir, sem lokið hafa námi við skólann, eiga að vera færir um að standa fyrir byggingum venjulegra íbúðarhúsa í sveitum og kauptúnum, og mundi ekki þykja fært að fela það yngri mönnum en um tvítugt, og er til þess stefnt með ákvæðum frv., að nemendur geti útskrifazt frá skólanum tvítugir, en ekki yngri. Um fræðilega kunnáttu mega smiðir sveita og kauptúna ekki standa að baki smiðum í kaupstöðum. Þeir þurfa að vera svo

færir bæði í iðn sinni og sem almennt menntaðir menn, að þeir geti einir síns liðs ráðið fram úr þeim vandamálum, sem það að standa fyrir húsasmíði eða húsgagnaverkstæði leggur þeim á herðar, og þeir verða að geta fundið það, að þeir standi jafnfætis húsabyggingarmönnum og húsgagnasmiðum í kaupstöðum bæði að kunnáttu í sérgrein sinni og að almennri menntun.

7. Til þess er ætlazt, að nemendur skólans fái ekki iðnréttindi nema í sveitum og kauptúnum. Þetta er ekki vegna þess, að búizt sé við því, að þeir verði verr búnir að kunnáttu í sinni grein en iðnaðarmenn kaupstaðanna, heldur er það til þess, að hér þurfi ekkert að rekast á þá iðnlöggjöf, sem nú er í gildi, og til þess að engin réttindi séu skert hjá þeim iðnaðarmönnum, sem við eigum nú. Hins vegar nær núgildandi iðnlöggjöf ekki til sveitanna og smærri kauptúnanna, og þar bíður verkefni, sem iðnaðarmenn okkar geta ekki annað, og er nemendum skólans einmitt ætlað það.

8. Þess skal að lokum getið, að fjárfesting flestra bænda er eins mikil eða meiri í byggingum og í ræktun og bústofni til samans. Því er ekki aðeins rangt að láta sveitirnar skorta sérmenntaða iðnaðarmenn til þess að allar meiri háttar byggingar þar megi verða sæmilega vel gerðar, heldur er hverjum bónda eins nauðsynlegt að kunna talsvert til smíða eins og að kunna nokkuð til jarðræktar og kvikfjárræktar. Nám við slíkan skóla, sem hér er gerð tillaga um, mundi því vera mörgu bóndaefni hentugt. Einnig mundu þeir, er námi hefðu lokið við skólann, kenna mörgum sveitapilti helztu handtök iðnar sinnar, svo að fleiri yrðu „búhagir", eins og það hefur verið kallað, en það hefur alltaf þótt hin mesta prýði á hverjum bónda.

Sþ. 179. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir til þess að ráða bót á húsnæðisskortinum og um afnám húsaleigulaganna.

Flm.: Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni eftirfarandi:

Að láta rannsaka nú þegar húsnæðisskortinn í landinu og birta niðurstöður þeirrar rannsóknar.

Að hlutast til um, að byggingarefni það, er til landsins flyzt, verði notað til að byggja íbúðarhús, en eigi til bygginga, sem eru ekki aðkallandi.

Að útvega innflutningsleyfi fyrir húsum frá Svíþjóð, nógu mörgum til að fullnægja húsnæðisþörfinni, að því leyti sem eigi er framkvæmanlegt með innlendu vinnuafli.

Að leyfa innflutning á húsum þessum með tollum, sem eigi séu hærri en nú eru á byggingarefni.

Að leyfa, að sænskir sérfræðingar komi hingað til landisns til að setja húsin upp.

Að sjá um, að kostur sé á hagkvæmum veðlánum út á hús þessi.

Að sjá um, að kostur sé á viðunandi lóðum undir húsin og taka land eignarnámi í þeim tilgangi, ef þörf krefur.

Að athuga, hvort eigi sé fært, þegar framangreindar ráðstafanir hafa verið framkvæmdar, að leggja fyrir Alþingi frv. til laga um afnám húsaleigulaganna.

Greinargerð.

Nægilegt og gott húsnæði handa öllum landsmönnum er takmark, sem verður að keppa að og leggja alla stund á að ná sem allra fyrst. Hver þjóðfélagsþegn á raunverulega kröfu á því, að þannig sé að honum búið, að hann eigi kost sæmilegs húsnæðis til

eignar eða til afnota með þeim kjörum, sem viðunandi geta talizt. Gott heimili er undirstaða heilbrigðs þjóðfélags, og á því byggist heilbrigði þegnanna, bæði andleg og líkamleg.

Hér á landi er húsnæðismálunum svo komið, að þau eru eitt erfiðasta vandamál þjóðfélagsins. Í sveitunum er ástandið óviðunandi, og er þar þörf skjótra úrbóta. Það er staðreynd, að í Reykjavík er ástandið svo ömurlegt, að um 1500 manns eru húsnæðislausir og verða að hírast í heilsuspillandi hermannaskálum, og enn fremur er talið, að um 1000 manns í Reykjavík hafist við í svo þröngum og lélegum húsakynnum, auk þeirra 1500, sem eru í hermannaskálunum, að algerlega óviðunandi verður að teljast. Í Reykjavík eru því raunverulega eigi færri en 2500 manns að kalla má húsnæðislausir.

Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum er ástandið gersamlega óviðunandi, og sums staðar er svo komið, að húsnæðisvandræðin standa í vegi fyrir eðlilegri þróun og framförum í atvinnulífinu.

Það fer að vísu tvennum sögum um það, hve brátt muni takast að bæta úr þessum húsnæðisvandræðum. Sumir eru svo bjartsýnir að vona, að svo margar íbúðir muni verða fullgerðar í Reykjavík næsta haust, að húsnæðisþörfinni muni næstum eða alveg verða fullnægt. Um þetta liggja þó ekki fyrir neinar fullnægjandi upplýsingar, enda eru margir, sem athugað hafa þetta mál, þeirrar skoðunar, að því fari mjög fjarri, að húsnæðisþörfinni í Reykjavík verði nándar nærri fullnægt með byggingu þeirra húsa, sem nú eru í smíðum, og að því er tekur til landsins í heild, er það staðreynd, að engar minnstu líkur eru til, að húsnæðisskortinum verði útrýmt á næstu árum, nema alveg nýjar aðgerðir komi til. Þau rök liggja til þess, að verið hefur tilfinnanlegur skortur á byggingarefni af og til og nægur vinnukraftur gersamlega ófáanlegur til þess að vinna að þeim húsum, sem nú eru í smíðum, og þá því síður til þess að auka þessar framkvæmdir. Þetta eru afleiðingar af þeirri ofþenslu, sem sköpuð hefur verið í þjóðfélaginu m. a. fyrir opinberar aðgerðir, en þau áhrif, sem þessi ofþensla hefur haft, eru mjög ömurleg að því er snertir húsnæðismálin. Vinnutaxti þeirra, sem vinna við húsabyggingar, hefur af mannlegum og eðlilegum ástæðum mjög hækkað, framar flestum öðrum, þar sem eftirspurn eftir vinnuafli við húsabyggingar hefur verið miklu meiri en framboðið. Byggingarframkvæmdir hafa því orðið óhóflega dýrar og munu nú kosta meir en sexfalt á við það, sem var fyrir styrjöld. En eftir því, sem húsnæðisvandræðin hafa aukizt, hafa fleiri og fleiri tekið upp þá atvinnugrein að reisa hús, sem hafa af framangreindum ástæðum og sívaxandi yfirboðum í vinnuafli orðið mjög dýr, en þeir hafa þó vegna almennrar og óhóflegrar eftirspurnar eftir húsnæði getað selt með mjög verulegri álagningu. Hefur verulegur hópur manna, sem ekki eru iðnaðarmenn og hafa því eigi með eðlilegum hætti haft húsabyggingar að atvinnu, tekið sér þessa gróðavænlegu atvinnu fyrir hendur og sumir stofnað félög í þessum tilgangi. Niðurstaðan af öllu þessu er sú, að nú þykja það jafnvel góð kjör, ef menn geta fengið keypt hús eða íbúð í húsi, sem nú er orðið algengast, fyrir allt að 400 kr. pr. m³, eða nærri áttfalt á við það, sem m³ í húsinu kostaði fyrir styrjöld. Nú er því einnig svo komið samkvæmt áreiðanlegum heimildum, að fjögurra herbergja íbúð í nýju húsi þykir hæfilega leigð fyrir 1100 kr. á mánuði, eða 14 þús. kr. á ári, án hita og ljósa. Þegar þess er gætt, að sams konar íbúð var leigð fyrir kr. 250—280 á mánuði fyrir styrjöld, virðist þessi nýja leiga þó ekki óeðlileg, er þess er gætt, hve dýrt er orðið að byggja. En misréttið, sem menn verða að þola, ætti öllum að skiljast, þegar þess er gætt, að menn, sem vinna sömu vinnu fyrir sama kaup og er reiknuð sama verðlagsuppbót á kaupið, borga svo mismunandi húsaleigu, að annar borgar 3 þús. kr., en hinn yfir 13 þús. kr. í ársleigu fyrir sams konar íbúð. Það er því auðsætt mál, að fram úr þessum málum verður ekki ráðið nema með því móti, að framboð á húsnæði svari til eftirspurnarinnar. Það er eina leiðin til að útrýma því ömurlega og gerspillta ástandi, sem nú ríkir í húsnæðismálunum. En þá rís sú spurning: Með hverjum hætti er þetta framkvæmanlegt?

Það fyrsta, sem gera þarf, er að fá rannsókn á því, hvað margir menn eru hús-

nægðislausir og hve mikið húsnæði þetta húsnæðislausa fólk þarf. Þetta er auðvelt að gera á mjög stuttum tíma.

Þegar þetta liggur ljóst fyrir, þarf að athuga, hve mikið af húsum er verið að reisa og fyrir hvaða tíma þeim byggingum verður lokið. Er þá auðvelt að fá yfirlit um það, að hve miklu leyti þessi hús, sem eru í smíðum, geta ekki fullnægt húsnæðisþörf hins húsnæðislausa fólks og þeirri eðlilegu fólksfjölgun, sem reikna verður með yfir tiltekið tímabil. Þess verður, svo sem fyrr segir, að gæta, að engar líkur eru til þess, að unnt verði að fá aukið vinnuafl til húsbygginga frá því, sem nú er, því að fæstir munu telja það heppilegt úrræði að flytja hingað verkamenn frá útlöndum. Í annan stað verður að reikna með því, að ekki takist heldur nú á næstunni að fá nægilega aukinn innflutning á byggingarefni til að svara þörfum til byggingar íbúðarhúsa, enda þótt gerð verði sú sjálfsagða ráðstöfun að sjá um, að byggingarefnið sé ekki notað í hús, sem ekki getur talizt aðkallandi að reisa. En þess vegna virðist vera það eina úrræði til staðar, sem aðrar þjóðir hafa gripið til, þegar þær hefur skort efni og vinnuafl til að fullnægja húsnæðisþörfinni nægilega fljótt, að flytja inn hús. Þessi leið til úrbóta er m. a. sú leið, sem Englendingar og fleiri þjóðir hafa valið í byggingarmálunum. Það vill svo vel til, að við munum eiga kost á að fá keypt tilbúin sænsk hús.

Það, sem ríkisstjórnin á að gera, er að útvega útflutningsleyfi fyrir nægilega mörgum sænskum tilbúnum húsum, eða svo mörgum sem nauðsyn krefur til þess, að húsnæðisskortinum sé útrýmt og framboð á húsnæði svari til eftirspurnar.

Spurning rís um það, hvort þessi hús séu nægilega vönduð og viðunandi að öðru leyti. Svíar eru miklir smekkmenn í húsagerð, og heil hverfi í bæjum í Svíþjóð hafa verið byggð upp með húsum af þeirri gerð, sem hér um ræðir. Það þyrfti að sjálfsögðu að ætla þessum húsum alveg sérstök hverfi í bæjum, sem skipulögð væru með tilliti til þessara húsa, og það er engin hætta á því, að þessi hverfi yrðu óálitlegri útlits en önnur hverfi, því að húsin eru, eins og áður segir, einkar smekkleg. Eðlilegt er, að menn spyrji um það, hvort hús þessi séu nægilega vönduð. Óhætt er að fullyrða það, að húsin eru mjög vönduð að gerð. Þau eru byggð í flekum, og fyrir menn, sem eru vanir að setja þau upp, tekur það mjög stuttan tíma, eftir að grunnurinn undir þau hefur verið lagður. Húsin eru þannig gerð: Þau eru byggð úr vel þurru timbri, og eru útveggir sem hér segir: Yzt er þumlungs þykk klæðning lóðrétt með listum á samskeytum, en skipta má á klæðningunni og múrhúðun og fylgir þá í staðinn tjörupappi og múrhúðunarnet, þá er einangrunarpappi, ¾ þumlungs panell, 1½ þumlungs loftrúm, þar næst tveggja þuml. plægðir plankar og innan á þær koma tréefnisplötur (tex), þær má svo mála eða veggfóðra eftir vild. Ef húsið er byggt fyrir köldustu héruð Svíþjóðar, er í stað loftrúms látin einangrunaplata úr svokallaðri steinull. Þak og gólf eru tilsvarandi vandað og útveggirnir. Fótstykki eru t. d. 3×9″. Reynsla er mikil fyrir húsum þessum, þar sem fleiri tugir þúsunda húsa af þessari gerð hafa verið byggð í Svíþjóð, jafnt í hinum köldustu héruðum landsins sem þeim hlýjustu, og hafa þau hvarvetna reynzt mjög vel, og liggja fyrir um það ótal vottorð.

Verð þessara húsa er lágt. Sem dæmi má nefna, að snoturt einbýlishús, þrjú herbergi, eldhús og baðherbergi, 78 m² að stærð, kostar sv. kr. 6500.00, frítt um borð í Svíþjóð. Annað hús tveggja hæða, 85 m², 7 herbergi, baðherbergi og eldhús kostar 11400.00 sv. kr. frítt um borð. Þessi hús kosta hingað komin með flutningsgjaldi, 30% verðtolli og 7 aura vörumagnstolli á hvert kílógramm með áföllnu vátryggingargjaldi og uppskipun, það fyrrnefnda ca. 19 þús. ísl. kr. og það síðara ca. 33 þús. kr. Húsin eru, sem fyrr segir, í flekum, þannig útbúnum, að mjög handhægt er að setja þá saman. Þegar grunnur eða kjallari er tilbúið, er húsið reist á örfáum dögum. Ef flutt eru inn mörg hús, er sjálfsagt að fá sérfræðinga til þess að sjá um uppsetningu húsanna, og munu verksmiðjurnar útvega þá. Mundi þá innlendum mönnum fljótt lærast þetta verk. Við byggingu þessara húsa er algengt, að húseigendurnir vinni allmikið sjálfir, og sparar það mikil útgjöld og gerir mörgum kleift að byggja, sem ekki

hefðu getað það, ef þeir þyrftu að kaupa alla vinnu. Vönduð eldhúsinnrétting fylgir með og handrið úti sem inni, en engar leiðslur.

Af þessu má það vera ljóst, að það er enginn neyðarkostur að flytja inn slík hús sem þessi, reisa þau hér og búa í þeim. Og enginn efi er á því, að þetta mundi stórlega lækka byggingarkostnað á stuttum tíma og lækka húsaleiguna á frjálsum markaði.

En til þess að greiða fyrir þessum málum, yrði ríkisstjórnin jafnframt að gera aðrar ráðstafanir. Það þarf að leyfa innflutning á þessum húsum og taka ekki af þeim hærri tolla en af byggingarefni. Tollar á húsum eru fyrst og fremst miðaðir við það að vera verndartollar fyrir innlent vinnuafl. En þegar auðsætt er, að vinnuafl okkar getur með engu móti fullnægt eftirspurninni eftir húsnæði nú á næstunni, eru þessar forsendur ekki til staðar, og virðist þá í senn óskynsamlegt og ósanngjarnt að taka hærri tolla af húsum þessum en almennu byggingarefni, því að með því væri verið að leggja tolla á þá vöru, sem nú er hvað mest aðkallandi fyrir menn að geta keypt. Það virðist því alls kostar fráleitt, eins og nú horfir, að íþyngja þannig byggingu þessara húsa með tollum. Á timbri er 8% verðtollur og 10 aura vörumagnstollur á teningsfet. Einnig þarf að gæta þess, að ekki falli óeðlilegur eða ósanngjarn innflutnings- eða milliliðakostnaður á húsin.

Þá þarf að sjá fyrir því, að þeir, sem ekki hafa fjármuni til þess að leggja út fyrir hús þessi, fái hagkvæm lán út á húsin, til þess að gera þeim kleift að koma þeim upp. En sú leið stendur mönnum opin, eftir að frumvarp það um byggingarlánasjóð, er Framsóknarfl. hefur hlutazt til um að lagt hefur verið fram á Alþingi, hefur náð samþykki.

Eins og áður er sagt, er gert ráð fyrir því, að sérstök hverfi verði skipulögð fyrir húsin í stærri kaupstöðum, en það er eitt af mörgu, sem stendur í vegi fyrir því, að menn kaupi þessi hús, að þá skortir sums staðar lóðir undir húsin. Þessari hindrun verður ríkisstjórnin því að ryðja úr vegi.

Þegar þessum framkvæmdum væri lokið og húsnæðisþörfinni hefði verið fullnægt á þeim svæðum, þar sem húsaleigulögin gilda, ætti að vera tímabært að taka til athugunar afnám þessara laga. Það er vitað mál, og það er reynsla bæði hérlend og erlend, að það er ekki hægt að hafa lög í gildi eins og húsaleigulögin um fleiri ár, án þess að þau valdi stórkostlegum vandræðum. Húsaleigulögin hafa vissulega gert mikið gagn, en sem ráðstafanir til lengdar hljóta þau að taka að vinna mikið ógagn jafnframt. Þau eru þess vegna engin lausn á húsnæðismálunum. Það hljóta allir sanngjarnir menn að sjá, að það er ekki hægt að láta þegna eins þjóðfélags búa við tvenns konar réttindi, og sízt af öllu í jafnþýðingarmiklum málum og húsnæðismálunum. Það er óframkvæmanlegt til lengdar að reikna mönnum sama kaup og sömu uppbót á kaupið vegna dýrtíðarinnar, en láta einn borga fjórfalda húsaleigu eða meira á við hinn fyrir sama húsnæði. Húsaleigan er einn stærsti útgjaldaliður hverrar fjölskyldu, og tvenns konar réttur á þessu sviði er þess vegna svo tilfinnanlega ranglátur, að það er ekki hægt að þola hann til lengdar. Þegar húsaleigulögin hafa verið í gildi og framkvæmd langan tíma, fara gallar þeirra sívaxandi. Meðal annars má nefna það, að húseigendur, sem eru harðdrægastir, hafa sagt upp leigutökum sínum, og mörgum hefur tekizt að koma þeim úr húsunum með margs konar ráðum eða margfalda hjá þeim húsaleiguna með alls konar aðgerðum. Aðrir húseigendur, sem eru sanngjarnari og löghlýðnari, halda í öllu ákvæði húsaleigulaganna, og þannig verða hinir löghlýðnari í þjóðfélaginu fyrir barði laganna, en aðrir brjóta ákvæði þeirra.

Hitt er jafnaugljóst, að eins og nú standa sakir, er ekki hægt að afnema húsaleigulögin; þau eru enn ill nauðsyn. Það, sem á undan þarf að fara, til þess að hægt sé að afnema þessi lög, er að fullnægja húsnæðisþörfinni. Ef flutt væru inn ódýr sænsk hús og greitt hér fyrir uppsetningu þeirra, þannig að þau yrðu í senn ódýrt og hollt húsnæði, er tvímælalaust, að húsaleiguokrið mundi hverfa, húsaleigan stórlækka, og þá fyrst er eðlilegt, að húsaleigulögin séu afnumin, enda verði þá framkvæmdar almennar ráðstafanir til þess að lækka dýrtíðina. En þær ráðstafanir geta naumast

beðið til lengdar, og það að halda niðri dýrtíðinni getur aldrei til langframa byggzt á því að falsa vísitöluna með þeim hætti að reikna með því þvert ofan í staðreyndir, að húsaleigan sé stórum lægri en hún raunverulega er, þar sem þeim mönnum fer stöðugt fækkandi, sem búa við þá húsaleigu, sem gilti fyrir stríð. Gerist þetta með þeim hætti, sem fyrr segir, að nýju húsunum fjölgar og húsaleigan í þeim er rándýr. Menn flytja úr íbúðum í gömlu húsunum nauðugir eða viljugir, og þá er leigan á þeim íbúðum, sem losna, stórhækkuð. Altítt er og, að leiga er hækkuð án þess að leigutaki flytji. Þess vegna líður ekki á löngu, þangað til stríðshúsaleigan verður næstum eða alveg ríkjandi húsaleiga, sem horfast verður í augu við sem staðreynd.

Með þessum úrræðum, sem hér er bent á, er framkvæmanlegt að útrýma húsnæðisvandræðunum. Þeim, sem flytur þessa till., er það ljóst, að það þarf í sambandi við þessar framkvæmdir að breyta lögum eða setja ný lög. Setja þarf lög, er heimila ríkisstjórninni að taka land eignarnámi, og sennilega þarf að breyta lögum til að tryggja það, að menn eigi kost á að fá veðlán út á húsin. Breyta þarf tollalöggjöfinni einnig. En ég tel rétt, að með þessari þingsályktunartillögu sé prófað, hvort meiri hluti fæst fyrir því á Alþingi að greiða fram úr vandræðunum með þeim úrræðum, sem hér eru fyrir lögð. Ef reyndin verður sú, að meirihlutavilji er fyrir því á Alþingi, er auðvelt að koma fram þegar á eftir þeim lagabreytingum, sem þörf er á, ef ríkisstjórnin óskar þess fremur en að gefa út bráðabirgðalög um atriðin jafnóðum og þau eru framkvæmd.

Ég vil að lokum segja það eitt, að ég vænti þess, að þeim úrræðum, sem hér er á bent, verði vel tekið, með því að það má vera hverjum manni augljóst, að vegna skorts á vinnuafli er naumast framkvæmanlegt að ráða bót á þessum málum, nema með innflutningi tilbúinna húsa. Þegar við höfum unnið upp það, sem við erum orðnir á eftir í húsnæðismálunum, getur sá vinnukraftur, sem við höfum í landinu, sennilega að mestu eða öllu leyti tekið við til að sjá fyrir þeim byggingum, sem nauðsynlegar eru til þess að fullnægja húsnæðisþörf landsmanna.

Ed. 180. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

a. Aftan við 1. málsgr. 7. gr. laganna bætist:
Kjörgengir eru einnig þeir, sem átt hafa heimili í kaupstaðnum eða hreppnum að minnsta kosti þrjá mánuði fyrir kjördag og uppfylla skilyrði 6. greinar.
b. 2. málsgr. sömu greinar falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 181. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1946“ í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 15 24. marz 1944 komi: til ársloka 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög nr. 15 24. marz 1944.

Nd. **182. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Flm.: Pétur Ottesen, Jóhann Jósefsson.

1. gr.
Fyrir „150“ í 31. gr. laganna kemur: 250.

2. gr.
Fyrir „150“ í 32. gr. laganna kemur: 250.

3. gr.
Fyrir orðin „150 hestafla“ í 33. gr. laganna kemur: 250 hestafla.

4. gr.
Fyrir orðin „150 hestafla“ í 34. gr. lagnna kemur: 250 hestafla.

5. gr.
Fyrir „150“ í 35. gr. laganna kemur: 250.

6. gr.
Fyrir „150“ í 36. gr. laganna kemur: 250.

7. gr.
Fyrir „150“ í 37. gr. laganna kemur: 250.

8. gr.
a. Fyrir orðin „meira en 150“ í 38. gr. laganna kemur: meira en 250.
b. Fyrir orðin „yfir 150“ í sömu lagagrein kemur: yfir 250.

9. gr.
a. Fyrir „150“ í c-lið 48. gr. laganna kemur: 250.
b. Fyrir „150“ í d-lið sömu lagagreinar kemur: 250.

10. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka ákvæði þeirra einnig til þeirra manna, er þegar hafa öðlazt vélstjóraréttindi samkvæmt V. kafla laga nr. 68 1945.

Greinargerð.

Vélstjórafélagið á Akranesi hefur í bréfi, sem undirritað er af öllum félagsmönnum, óskað þess, að þm. Borgf. bæri fram á þessu þingi frv. til laga, þar sem gerð sé sú breyting á V. kafla laganna um atvinnu við siglingar, að réttur vélstjóra, sem nú er takmarkaður við það að stjórna 150 hestafla mótorvél, verði aukinn þannig, að þeir megi stjórna allt að 250 hestafla vél. Sams konar ósk hefur þm. Vestm. borizt frá vélstjórafélagi Vestmannaeyja. Eru þessar óskir byggðar á þeirri staðreynd, að nú er og hefur verið mikill skortur á vélstjórum á báta, sem í eru vélar af þeirri stærð, sem hér um ræðir. Á þessu ári hefur bátum fjölgað verulega, og enn meiri aukning verður á bátaflotanum á næsta ári. Þessi þróun í útgerðinni leiðir af sér, að stórum vaxa þau vandkvæði, sem ærin voru áður, að skortur verði á vélamönnum, sem að óbreyttri löggjöf um þetta efni hafa rétt til þess að stjórna vélum af þeirri stærð, er séu við hæfi hinna nýju báta. Þó að þeim mönnum fjölgi nokkuð,

sem taka hið meira próf og öðlast þannig rétt til þess að stjórna vélum af þessari stærð, þá er tala þeirra engan veginn fullnægjandi til að leysa þann vanda, sem stafar af vöntun fagmanna á þessu sviði, svo fullnægjandi sé. Mjög hefur orðið að grípa til þess að undanförnu, svo að komið yrði í veg fyrir stöðvun bátaflotans, að fá undanþágur frá ákvæðum gildandi laga um þessi efni. Hafa slíkar undanþágur verið veittar, en mjög er það fyrirhafnarsamt að verða með þeim hætti að afla fjölda vélstjóra réttinda, þar sem sækja verður um undanþágu að hverju sinni fyrir hvern einstakan mann. Telja þeir, sem hér eiga hlut að máli, þar á meðal formenn og útgerðarmenn, að engan veginn sé óforsvaranlega skert það öryggi, sem með lögunum á að tryggja, þó að réttindi vélstjóra séu aukin samkv. þessu frv., því að munurinn á því að fara með 150 hestafla mótorvél og 250 hestafla samsvarandi tegundar sé tiltölulega lítill. Þá er það alkunnugt, að bæði útgerðarmönnum, formönnum og einnig öðrum skipverjum þykir það mjög miður farið að verða að sjá á bak þrautreyndum vélstjóra fyrir það eitt, að vélin, sem hann á að fara með, fer eitthvað fram úr því að teljast til 150 hestafla véla.

Vélstjórafélögin leggja á það áherzlu, að frv. þetta verði lögfest það snemma, að lögin taki gildi fyrir næstu vetrarvertíð, sem hefst upp úr áramótum. Réttindaaukning sú, sem hér um ræðir, tekur að sjálfsögðu einnig til þeirra, sem öðlazt hafa réttindi samkv. V. kafla laganna fyrir gildistöku þeirrar breytingar á lögunum, sem hér um ræðir, ef samþ. verður.

Ed. 183. Frumvarp til laga

um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

I. KAFLI

Um verkamannabústaði.

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna og annarra þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem hafa ekki tekjur né eiga eignir yfir það hámark, er greinir í 4. lið 6. gr. laga þessara, og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna.

2. gr.

Byggingarsjóður lánar til íbúðarhúsabygginga samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi fimm manna nefnd í kaupstöðum og þriggja manna nefnd í kauptúnum fært félagsmálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af hlutaðeigandi sveitarstjórn.

3. gr.

Byggingarsjóður skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefur verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem nemur ekki minna en 4 krónum og ekki meira en 6 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt.
2. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til þess krónufjölda á íbúa kaupstaðar eða kauptúns, er sveitarstjórn þar hefur ákveðið með samþykkt þeirri, er í 1. lið segir, að leggja fram til sjóðsins, þegar sýnt er, að þörf er fyrir starfsemi byggingarsjóðs. Sbr. 2. gr.

3. Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn kr. 150000.00, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkv. 14. gr. l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.
4. Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður. En hlutaðeigandi sveitarsjóður, sbr. 2. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu. Gefa skal út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og sveitarsjóðs til byggingarsjóðs samkv. 1. og 3. tölulið hækka til samræmis við vísitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.

Heimilt er stjórn byggingarfélags að stofna innlánsdeild við byggingarsjóð sinn, sem tekur við innlögum frá mönnum á félagssvæðinu, sem vilja tryggja sér húsnæði hjá félaginu, og skal þeim fengin íbúð, þegar innlögin hafa náð tilskildu hámarki. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi innlánsdeilda þessara að fengnum tillögum stjórnar byggingarsjóðs.

4. gr.

Byggingarsjóður veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni, og skal félagið reist á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

Heimilt er að stofna deildir, sem hafa sérsamþykktir, innan byggingarfélags, þegar 50 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn félagsins.

Lán þessi skulu vera tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, og mega þau nema allt að 90% af kostnaðarverði eignarinnar. Lánin séu affallalaus. Þau endurborgast með jöfnum árlegum greiðslum á 42—75 árum.

Úr byggingarsjóði má veita lán með eftirgreindum kjörum:

A. flokkur. Lánshæð allt að 90% af kostnaðarverði hússins; lánstími 75 ár.
B. flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 60 ár.
C. flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 42 ár.

Vextir í öllum lánaflokkum skulu vera 2% — tveir af hundraði —.

Stjórnir byggingarfélaga á hverjum stað ákveða með hliðsjón af efnahag og ástæðum lántakenda svo og óskum þeirra, hvers konar lánskjör eru veitt í hverju einstöku tilfelli.

Heimilt er lántakendum að greiða byggingarlán að fullu, hvenær sem þeir óska þess.

5. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkissjóðsábyrgð að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

6. gr.

Byggingarfélög hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 4. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð fimm mönnum, og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. töluliðar þessarar greinar.
2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
3. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni með eins til fjögurra herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna samþykkt af félagsmálaráðuneytinu.

4. Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 7000 króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 1000 krónum fyrir hvern ómaga, né yfir 10000 króna eignir. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.
5. Að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarsjóðsins ákveður.
6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, og með þeim láns- og vaxtakjörum, sem stjórnir félaganna ákveða, sbr. 4. gr. Skal gerður sérstakur kaupsamningur um hverja íbúð við þann, er íbúðina fær, og eru þeir samningar undanþegnir stimpilgjaldi.

   Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að íbúðinni, enda gerist þau þá löglegir félagar byggingarfélagsins.
7. Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleiga metin reglulega á 10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal sveitarfélaginu skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.
8. Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefur íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar, eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkv. mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.
9. Að settar séu reglur í reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innan húss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
10. Að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem félagsmálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra félaga.

7. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlun. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 6. gr., 9. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

8. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera fimm menn, valdir til fjögurra ára í senn. Kýs Alþingi fjóra þeirra með hlutfallskosningu, en félagsmálaráðherra skipar einn, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkvæmt reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, en sjóðsstjórninni er heimilt að lána fé sjóðsins milli deilda, ef þörf krefur eða það þykir henta.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með, að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinna samkv. 6. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn, einn eða fleiri, í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi sveitarfélag hefur rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og allri starfsemi byggingarfélagsins og hefur rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álítur, að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

9. gr.

Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefur verið til bygginganna.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

10. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða, að sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefur það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndauppdrætti af húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún í samráði við stjórn byggingarsjóðs og hlutaðeigandi sveitarstjórnir öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Byggingarsjóðir þeir, sem eru starfandi, þegar lög þessi öðlast gildi, renna sem deildir inn í byggingarsjóði landsins.

II. KAFLI

Um byggingarsamvinnufélög.

13. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eignarframlögum félagsmanna (sjá 16. gr.) og reka lánastarfsemi.

14. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

15. gr.

Nú vill sveitarstjórn beita sér fyrir og taka þátt í stofnun byggingarsamvinnufélags til byggingar fjölbýlishúsa með hæfilega stórum, heilsusamlegum íbúðum og

sameiginlegum þægindum fyrir þá, sem ekki eru eigendur íbúðarhúsnæðis. Skal sveitarstjórn þá hlutast til um, að almennur fundur sé haldinn á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri, sem eigi eru íbúðareigendur, og kjörnir fulltrúar bæjar- eða sveitarfélagsins koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við þessi lög, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

16. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, situr félagsmaður fyrir um byggingu húss, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands.

   Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu, verði félagsmaður fátækrastyrksþurfi, og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán, og mega þau nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, er félagið reisir. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán samkvæmt 17. gr. í þeim flokki.

   Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar.

17. gr.

Tvö byggingarsamvinnufélög í hverjum kaupstað eða kauptúni njóta réttinda samkvæmt lögum þessum:

a. Félag, sem byggir einstæð hús með einni eða tveimur íbúðum í hverju húsi.
b. Félag, sem að tilhlutun sveitarstjórnar byggir fjölbýlishús með sameiginlegum þægindum.

Nú hafa verið stofnuð fleiri byggingarsamvinnufélög í kaupstað eða kauptúni en að ofan segir, og skal þá það félagið, er fyrst hóf byggingarstarfsemi, hafa rétt til ríkisábyrgðar eða það félag, sem fyrst var stofnað, ef um byggingarstarfsemi hefur ekki verið að ræða. En hafi fleiri félög verið stofnuð eða hafið byggingarstarfsemi í sama kaupstað eða kauptúni samkvæmt lögum þessum, skulu þau hafa rétt til að ganga inn í hin viðurkenndu félög, og skal þá röðun félagsmanna þeirra á félagsskrá miðast við þann tíma, er þeir gerðust félagar í hinu fyrra félagi.

Innan byggingarsamvinnufélags, sem reisir sérstæð hús, skal vera heimilt að stofna deildir, sem hafa sérsamþykktir, ef 25 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu samþykktir deildanna staðfestar af stjórn félagsins.

18. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög,

sem um getur í 16. gr. A. hér að framan. Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 80% af kostnaðarverði eignarinnar. Heimilt er þó félagsstjórn að veita lán gegn 2. veðrétti, þó þannig, að samanlagður 1. og 2. veðréttur nemi eigi hærri upphæð en 80% af kostnaðarverði. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

19. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði. Þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937.

20. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði, auk þess sem um ræðir í 16. gr. A.:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefur ákveðið og samþykktar hafa verið af atvinnumálaráðuneytinu.

B. Að húsin séu reist á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af félagsmálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.

C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent félagsmanni gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.

Heimilt er þó félagsstjórn að leyfa, að félagsmenn reisi hús sín sjálfir, ef það er undir umsjón og eftirliti byggingarfulltrúa félagsins eða annars byggingarfróðs manns, sem félagsstjórnin telur gildan.

D. Að félagsmaður sé fjárráða og heimilisfastur innan þess svæðis, sem félagið nær yfir.

21. gr.

Byggingarsamvinnufélag, sem stofnað er að tilhlutun sveitarstjórnar samkv. 15. gr., skal í starfsemi sinni bundið við ákvæði 2., 3., 6., 7. og 9. töluliðar 6. gr. svo og ákvæði 7. gr. I. kafla laga þessara að því leyti, sem við getur átt, þó með þeirri undantekningu, að íbúðir þær, sem félagið reisir, megi vera allt að 500 rúmmetrum að stærð.

22. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutun félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, er á kunna að hafa verið gerðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkvæmt mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Ákvæði þessi taka þó til húsa þeirra, er byggingarsamvinnufélög hafa reist fyrir 1. janúar 1946, og fer um sölu þeirra og leigu eftir ákvæðum laga nr. 43 frá 1942, um breyting á lögum um byggingarsamvinnufélög.

23. gr.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt 22. gr., og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, en þó því aðeins, að honum hafi, þegar kaupin fóru fram, verið kunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

24. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau þá löglegir meðlimir félagsins.

25. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að verða á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

26. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

27. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndauppdrætti bæði af sérbyggingum og sambyggingum til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög og lætur þær í té án endurgjalds.

Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

28. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 1937.

III. KAFLI

Um íbúðabyggingar sveitarfélaga.

29. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fólk býr í heilsuspillandi íbúðum (bröggum, útihúsum, háaloftum, kjöllurum o. s. frv.) og ekki verður úr bætt á nægilega skömmum tíma að dómi sveitarstjórnarinnar með þeirri aðstoð ríkisins og sveitarfélaganna, sem um getur í I. og II. kafla þessara laga, ber sveitarstjórn kaupstaðarins eða kauptúnsins að ráða bót á húsnæðisvandræðunum, og nýtur hún til þess þeirrar aðstoðar ríkisins, sem í þessum kafla segir.

30. gr.

Sveitarstjórn lætur safna skýrslum um fjölskyldur þær í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, og kynnir sér efnahag þeirra og atvinnu svo og fyrirætlanir þeirra um útvegun húsnæðis. Að þessari skýrslusöfnun

lokinni skal sveitarstjórn láta gera áætlun um það, hversu margar og hversu stórar íbúðir sveitarstjórnin þurfi að láta byggja í kaupstaðnum eða kauptúninu, til þess að það af fólki þessu, sem ekki fær á annan veg tryggt sér viðunandi húsnæði, geti fengið húsnæði til frambúðar, er spillir ekki heilsu þess og búið er venjulegum nútímaþægindum.

31. gr.

Þeim, sem til greina koma, skal heilbrigðisnefnd skipa í fjóra flokka eftir því, hversu heilsuspillandi eða ófullnægjandi íbúðir þær eru, sem fólk þetta býr í, og skal árlega byggja yfir að minnsta kosti fjórða hlutann og byrja á þeim, sem verst eða ófullkomnast húsnæði hafa, en síðast skal byggja yfir þann flokkinn, sem talinn er hafa skást húsnæði. Íbúðir þær, sem fólk þetta bjó í áður, skal um leið leggja niður, og má ekki taka þær aftur til íbúðar.

32. gr.

Þegar skýrslum þeim hefur verið safnað og flokkun sú framkvæmd, sem segir í 30. og 31. gr., og ef það kemur þá í ljós, að fimm fjölskyldur eða fleiri í kauptúnum eða kaupstöðum með undir 1500 íbúa og 10 fjölskyldur eða fleiri í stærri kaupstöðum og kauptúnum búa í heilsuspillandi íbúðum og ekki verður á næstu fjórum árum bætt úr húsnæðisvandræðum þeirra með öðrum hætti, er sveitarstjórn skylt að senda greinargerð um húsnæðismál sveitarfélagsins til félagsmálaráðuneytisins ásamt tillögum sínum um, hvernig úr skuli bætt, svo og kostnaðaráætlun, gerða af byggingarfróðum mönnum þar á staðnum.

33. gr.

Nú færir sveitarstjórn félagsmálaráðuneytinu sönnur á, að nauðsyn sé slíkra íbúðarbygginga, sem hér um ræðir, og skal þá ríkissjóður lána þeim sveitarfélögum, sem reisa slíkar íbúðir, 80% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, en þar skal ekki lóð með talin. Lán þessi skulu vera til 50 ára með 3% ársvöxtum, og greiðast vextir og afborganir með jöfnu árlegu gjaldi. Ríkissjóður og sveitarsjóður leggja hvor um sig fram 10% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaus lán til 50 ára. Lán þessi eru einnig afborgunarlaus fyrstu 15 árin, en greiðist síðan með jöfnum árlegum greiðslum, en án vaxta, á 35 árum. Heimilt er sveitarstjórnum að taka lán til þessa framlags, ef fé er ekki fyrir hendi í sveitarsjóði, og ríkisstjórninni að ábyrgjast slíkt lán fyrir sveitarfélagið, ef félagsmálaráðherra telur það nauðsynlegt framkvæmdanna vegna. Ríkisstjórninni er heimilt að fella afborganir þær niður af 10% framlagi ríkissjóðs, er að ofan getur, ef sveitarstjórn ákveður að gera það að sínum hluta.

34. gr.

Til tryggingar 80% láni ríkissjóðs skal vera 1. veðréttur í húseignum þeim, sem reistar eru, þar til er lánin eru að fullu greidd.

35. gr.

Fé það, sem ríkissjóður lánar sveitarfélögunum til íbúðabygginga samkvæmt þessum kafla, getur ríkisstjórnin tekið að láni. Heimilt er að afla þess með útgáfu ríkisskuldabréfa, og getur ríkisstjórnin ákveðið, að skuldabréf þessi skuli undanþegin eignarskatti, enda mega vextir þeirra þá ekki vera hærri en 3%. Vaxtamismun, sem verða kann á lánastarfsemi þessari, greiðir ríkissjóður.

36. gr.

Sveitarstjórn byggir íbúðir þessar og ræður gerð þeirra og stærð, allt í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar staðarins og skipulagsuppdráttar, ef til er.

Þegar íbúðirnar eru fullbúnar, úthlutar sveitarstjórn þeim til þeirra, sem í þeim flokki voru skráðir, er það ár er byggt yfir, séu þeir þá enn í húsnæðishraki. Lóðir undir hús þessi leggur sveitarfélagið til á sama hátt og lóðir undir verkamannabústaði.

37. gr.

Íbúðir þær, sem reistar eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, eru eign sveitarfélagsins og leigjast þeim, sem þær eru byggðar fyrir, við leigu, sem eigi má hærri vera en sambærileg leiga í leiguhúsum af sambærilegri gerð, sem einstaklingar eiga. Heimilt er þó sveitarstjórn að selja íbúðirnar þeim, sem þær hafa fengið til íbúðar, á kostnaðarverði og með hagkvæmum greiðsluskilmálum.

38. gr.

Sveitarfélög, sem íbúðir reisa með þeirri ríkisaðstoð, sem í þessum kafla segir, skulu hafa sérstakt reikningshald fyrir húsbyggingar þessar og starfrækslu þeirra. Skal leggja mánaðarlega leigu og afborganir, ef íbúðir eru seldar, í sérstakan reikning, og geymist fé þetta þar, unz að gjalddögum kemur á lánum ríkissjóðs, en þá skal því varið til afborgana og vaxtagreiðslna af þeim. Nú hrökkva tekjur af húseignunum ekki eitthvert ár til fullrar greiðslu, og skal þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði.

39. gr.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra staðfestir, skal sveitarstjórn kveða nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd á byggingum íbúðarhúsa sveitarfélaganna svo og leigukjör, söluskilmála, viðhald og hvað eina, sem nauðsynlegt verður talið að ákveða þar sérstaklega, þ. á m., hvernig fara skal að um sölu slíkra íbúða, ef eigendaskipti verða eða eigandi vill losna við íbúð sína. Skal reynt að haga svo til, að greiðslur einstaklinga fyrir húsnæði sveitarfélaganna verði í sem mestu samræmi við greiðslur þeirra, sem hjá byggingarfélögum fá íbúðir. Í reglugerð skal og ákveða þau viðurlög, sem ástæða þykir að setja.

IV. KAFLI

Um innflutning og skiptingu byggingarefnis og eftirlitsnefnd ríkisins með íbúðabyggingum.

40. gr.

Meðan skortur er vinnuafls eða nægilegt byggingarefni fæst ekki flutt til landsins til þess að fullnægja byggingarframkvæmdum þeim, sem árlega eru fyrirhugaðar í landinu, getur ríkisstjórnin falið nýbyggingarráði eða annarri stofnun að annast úthlutun innflutningsleyfa á byggingarefni og veitt ráðinu heimild til að ákveða, til hvaða bygginga því skuli varið.

41. gr.

Nýbyggingarráð skal fyrir hver áramót afla sér glöggra upplýsinga um það, hvaða byggingarframkvæmdir eru fyrirhugaðar í landinu á næsta ári. Ber öllum þeim, sem til bygginga ætla að stofna á því ári, að láta nýbyggingarráði í té upplýsingar um væntanlega byggingarefnisþörf sína og enn fremur um stærð bygginganna og til hvers þær eru ætlaðar.

Þeim, sem vanrækja að láta nýbyggingarráði slíkar áætlanir í té, skal ekki ætla nein innflutningsleyfi á byggingarefni.

42. gr.

Nú þykir sýnt, að ekki fáist innflutt nægilegt byggingarefni til allra þeirra byggingarframkvæmda, sem fyrirhugaðar eru í landinu á næsta ári, eða ekki þýðir

að veita slíkt leyfi, vegna þess að vinnuafl muni skorta til byggingarframkvæmdanna, og getur þá ríkisstjórnin ákveðið að fengnum tillögum nýbyggingarráðs, að stöðva skuli stórbyggingar, sem hvorki eru ætlaðar í þágu framleiðslunnar né til íbúðar, og því byggingarefni, sem til slíkra bygginga hafði verið áætlað, skuli varið til íbúðabygginga.

Þá er ríkisstjórninni einnig heimilt að fengnum tillögum nýbyggingarráðs að banna um eins árs skeið í senn byggingar íbúða, sem séu stærri en 400 teningsmetrar.

43. gr.

Að fengnum þeim upplýsingum, sem um getur í 41. gr., skiptir nýbyggingarráð því byggingarefni, sem áætlað er, að flutt verði til landsins á komandi ári, milli þeirra, er um það hafa sótt, eftir reglum, sem nýbyggingarráð semur, en félagsmálaráðherra staðfestir. Sú takmörkun á innflutningi byggingarefnis, sem hér að framan er nefnd, nær þó ekki til byggingarefnis í þær íbúðir, sem sveitarstjórnir reisa samkv. ákvæðum III. kafla laga þessara, meðan útrýming hinna heilsuspillandi íbúða stendur yfir.

44. gr.

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem hefur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdum þeim, sem í lögum þessum greinir. Nefndin skal skipuð til 5 ára í senn.

Aðalhlutverk nefndarinnar eru þessi:

1. Að annast fyrir ríkisstjórnarinnar hönd um lánastarfsemi ríkissjóðs til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum III. kafla þessara laga. Þyki nefndinni ástæða til að ætla, að sveitarfélag misnoti á einhvern hátt þá ríkisaðstoð, sem látin er í té, hefur hún vald til að stöðva allar framkvæmdir, þar til er málið hefur verið rannsakað og úrskurður ráðherra er fenginn.
2. Að hafa eftirlit með því, að framfylgt sé ákvæðum um takmarkanir á íbúðastærð og skiptingu byggingarefnisleyfa, sbr. 42. og 43. gr., ef slíkt verður ákveðið af nýbyggingarráði.
3. Að hlutast til um, ef ástæða þykir til, að komið verði á fót innkaupastofnun á byggingarefni, sem þeir aðilar standa að, er hlunninda njóta frá ríkissjóði og sveitarsjóði samkvæmt lögum þessum, ef þeir telja sér hagkvæmt að hafa innkaup sín á byggingarefni í sinni hendi. Ríkisstjórnin getur ákveðið, að það fyrirkomulag sé á haft, meðan útrýming hinna heilsuspillandi íbúða fer fram.
4. Að leitast við að samræma sem bezt alla þá opinbera aðstoð, sem látin er í té við íbúðabyggingar, safna skýrslum og gögnum um þau efni, jafna deilur og ágreining, ef upp kemur, og veita byggingarfélagsstjórnum og sveitarstjórnum hverja þá aðstoð, er þær þurfa, við vandamál, er að höndum ber í þessum efnum og nefndin getur í té látið.

Félagsmálaráðherra ákveður þóknun til nefndarmanna, og greiðist hún úr ríkissjóði.

45. gr.

Nú kemst sveitarfélag, sem lán hefur fengið til húsbygginga samkvæmt III. kafla laga þessara, í greiðsluþrot eða er sett undir eftirlit samkvæmt lögum um eftirlit með sveitarfélögum eða það vanrækir um tveggja ára tíma skuldbindingar sínar vegna byggingarlána gagnvart ríkissjóði, er eftirlitsnefndinni skylt að taka til bráðabirgða í sínar hendur framkvæmd alla og stjórn á húseignum þess sveitarfélags, sem í hlut á og reistar hafa verið samkvæmt III. kafla laga þessara. Nefndin getur falið trúnaðarmanni sínum þar á staðnum að annast þetta. Skal þá húseignunum ráðstafað á þann hátt, sem nefndinni þykir bezt henta og ríkissjóður bíður minnst tjón af, að þar til fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

46. gr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skulu rekin að hætti opinberra mála.

47. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 3 frá 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, lög nr. 71 frá 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur þau lagaákvæði, sem fara í bág við lög þessi.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Bráðabirgðaákvæði:

Upplýsinga þeirra, sem um getur í 41. gr., að nýbyggingarráð skuli afla um fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir, skal, að því er snertir árið 1946, hafa verið safnað fyrir lok febrúarmánaðar það ár.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um einstök atriði þess. Frv. fylgir eftirfarandi greinargerð:

Hinn 5. janúar 1945 var samþykkt á Alþingi eftirfarandi þingsályktun um byggingarmál:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, með hverjum hætti bezt verði af opinberri hálfu greitt fyrir byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum landsins.

Skal stjórnin svo fljótt sem kostur er láta afla gagna um þá tækni í húsbyggingum erlendis, sem þar hefur rutt sér til rúms hin síðari ár og líkur væru til, að okkur mætti að haldi koma.

Þá skal stjórnin og leita álits og tillagna byggingarfróðra manna hér á landi um nýja tilhögun við húsagerð, er leiða mætti til þess, að byggingum skilaði fljótar áfram og drægi jafnframt úr kostnaðinum.

Enn fremur skal ríkisstjórnin láta taka til endurskoðunar löggjöf þá, sem nú gildir um byggingarmál í landinu.

Verði athugun þessa máls hraðað sem mest, svo að stjórnin geti sem fyrst lagt fram álit og tillögur um málið."

Þau atriði þingsályktunartillögu þessarar, sem sérstaklega eru í verkahring félagsmálaráðuneytisins eru þessi:

1. athugun á því og tillögur um það, „með hverjum hætti bezt verði af opinberri hálfu greitt fyrir byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum";
2. „endurskoðun löggjafar þeirrar, sem nú gildir um byggingarmál í landinu." Hingað til hefur verið litið svo á, að húsnæðismál sveitanna heyrðu landbúnaðarráðuneytinu til, og hefur félagsmálaráðuneytið því haldið sér eingöngu við kaupstaði og kauptún í rannsókn sinni og tillögum í málinu.

Með bréfi dags. 23. marz 1945 fór félagsmálaráðuneytið fram á það við bæjarstjórnir, hreppsnefndir og starfandi byggingarfélög og byggingarsamvinnufélög, að þau sendu ráðuneytinu tillögur um breytingar á núgildandi löggjöf um verkamannabústaði og byggingarsamvinnufélög, og var jafnframt til þess ætlazt, að þessir aðilar bentu á nýjar leiðir í þessum efnum, hver á sínum stað, ef tiltækilegt þætti.

Svör bárust frá stjórn byggingarsjóðs verkamanna, bæjarstjórnum Reykjavíkur, Akureyrar, Akraness og frá byggingarsamvinnufélögum í Reykjavík, Hafnarfirði og Stykkishólmi.

Þegar ráðuneytið hafði fengið svör þessara aðila, fól það eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna, Jónasi Guðmundssyni, að vinna úr tillögum þeim, sem borizt höfðu, og að semja nýja kafla um þau atriði, sem ákvæði vantar enn um í löggjöf þessa, en nauðsynlegt er, að upp verði tekin.

Hefur hann þannig í samráði við félagsmálaráðherra samið frumvarp þetta og fylgt við samningu þess í höfuðatriðum þeim tillögum, sem fram hafa verið bornar, að því er snertir verkamannabústaði og byggingarsamvinnufélög, en síðari kaflarnir tveir í frumvarpinu, um íbúðabyggingar sveitarfélaga og skiptingu byggingarefnis o. fl., eru alger nýmæli. Verður vikið nánar að hverjum kafla fyrir sig síðar í þessari greinargerð.

Helztu atriðin, sem fram komu í tillögum þeirra bæjarstjórna og annarra, sem álitsgerðir sendu og tillögur til breytinga, voru þessi:

1. Að tekjuhámark félagsmanna breytist í 6000 og 8000 krónur og eignahámark í 7000 krónur, hvorttveggja með vísitöluhækkun.
2. Byggingarsjóður fái heimild til að lána fé milli deilda.
3. Byggingarsjóður fái stórum aukið fé til umráða, bæði sem lánsfé og styrk.
4. Árgjald af byggingarlánum lækki niður í 2½%.
5. Árgjöld af byggingarlánum, sem veitt hafa verið í dýrtíðinni og veitt verða meðan hún helzt, verði verulega lækkuð, og eigi minna en 1%. (Árgjöldin eru nú 4%).
6. Félögin fái heimild til að koma upp smáhúsahverfum í útjaðri bæja og kauptúna, þar sem stuðzt er við nokkra ræktun.
7. Að lögin nái til iðnaðarmanna, verzlunarmanna og efnalítilla starfsmanna ríkis og bæja, auk verkamanna.
8. Stofnaður sé sparisjóður í sambandi við byggingarfélögin, þar sem ungt fólk leggur inn sparifé sitt, gegn því að geta síðar fengið íbúð, þegar sparifféð hefur náð ákveðnu lágmarki.
9. Hið opinbera greiði niður þá verkamannabústaði, sem byggðir hafa verið og byggðir verða, meðan dýrtíðin varir.
10. Að afnema hina ótakmörkuðu ábyrgð í byggingarfélögunum. Í stað þess sé ábyrgðin takmörkuð við ákveðna upphæð fyrir hvern félagsmann.
11. Að heimila byggingu 4 herbergja íbúða auk eldhúss.
12. Börn látins félagsmanns eða ekkja hans hafi forkaupsrétt að íbúðinni, enda gerist þau löglegir meðlimir.
13. Lánin verði um dýrleika flokkuð eftir ástæðum og efnahag, t. d. þannig:
    a. 10% útborgun, lengstur lánstími, lægstir vextir.
    b. 15—20% útborgun, nokkru skemmri lánstími en í a-lið og eitthvað hærri vextir.
    c. 20—30% útborgun og lakari lánskjör en í a. og b., eða: að íbúðirnar séu látnar með fernskonar kjörum eftir efnahag og ástæðum.
    d. 1. flokkur. Eignarlausir menn fái íbúðir án byrjunarframlags, og árgjald sé svo lágt, að hæfi tekjum þeirra. (Lágir vextir, langur afborgunartími.)
    e. 2. flokkur 5% útborgun af byggingarkostnaði, og árgjald, er hæfi tekjum íbúanna.
    f. 3. flokkur 15% útborgun af byggingarkostnaði, og árgjald, er hæfi tekjum íbúanna.
    g. 4. flokkur 25% útborgun. Afborgunarreglur líkar og nú gerist samkv. lögunum.

Skipting húseigenda í lánaflokka endurskoðist árlega og breytist, ef efnahagur breytist.

Heimilt sé þó, hvenær sem ástæður leyfa, að greiða hærri afborganir.

14. Öll löggjöf um stuðning og fyrirgreiðslur þess opinbera við íbúðabyggingar verði felld í einn lagabálk. Tvískiptur. Annar kaflinn fyrir kauptún og kaupstaði. Hinn fyrir sveitir. Í öðrum kaflanum lög um verkamannabústaði og byggingarsamvinnufélög felld saman í eina heild.
15. Byggingarfélög í kaupstöðum og kauptúnum myndi samband. Samræmdar séu reglugerðir þeirra. Fái skilyrði til þess að annast sameiginlega kaup á byggingarefni,
16. Sköpuð verði skilyrði til allsherjar verðjöfnunar, t. d. vegna mismunandi verðlags á ýmsum tímum. Í þetta notist hluti af föstum tekjum byggingarfélaganna.
17. Gerðar séu áætlanir um byggingarframkvæmdir, sem séu háðar samþykki sveitarstjórna og yfirstjórna félaganna.
18. Forgangur um húsnæði hjá þeim, sem mesta þörf hafa, t. d. vegna fátæktar og ómegðar.
19. Væntanlegir húseigendur, er óska og geta, fái möguleika til að leggja fram vinnu, er gangi upp í fyrirframgreiðslu eða lækki mánaðargreiðslur um lengri eða skemmri tíma.
20. Sett sé ákvæði um hækkuð árgjöld, ef efnahagur húseigenda batnar. Um þetta fari fram árlega endurskoðun.
21. Sveitarstjórnir geti orðið aðilar í byggingarfélagi á sama hátt og félagsmenn, eftir því sem við á, enda ráði þær húsnæði sínu.
22. Sérstakur byggingarsjóður verði fyrir kaupstaði og kauptún og annar fyrir sveitir. Lántökur verði allar innlendar.
23. Bankarnir láni fé til byggingarframkvæmda með „kostnaðarvöxtum“ ¼%. (Kostnaðarvextir = meðaltal innlánsvaxta, er bankarnir greiða af sparifé því, er þeir geyma).
24. Til verði hlutlaus yfirstjórn, er úrskurði ágreining, sem upp kann að koma, s. s. byggingaráætlanir, hvar byggt skuli o. s. frv.
25. Húsagerð verði sniðbundin eftir því sem hægt er, svo og hurðir, gluggar, föst áhöld, eldstæði, hitunartæki o. s. frv. Íbúðir af sömu gerð eins í aðalatriðum. Frá þessu sé þó vikið, ef húseigendur leggi meira fram sjálfir. Leyfðar verði mjög litlar íbúðir, t. d. 1 herbergi og eldhús.
26. Það sjónarmið ríki að gera fátækum fjölskyldum fært að búa í mannsæmandi íbúðum, án þess þær þurfi að neita sér um aðrar lífsins þarfir.

Af þessu yfirliti geta menn gert sér nokkra grein fyrir því helzta, sem þeim aðilum finnst nauðsynlegt, að tekið verði upp, er lengst hafa haft með höndum framkvæmd verkamannabústaðalaganna og laganna um byggingarsamvinnufélög.

Hefur í hinu nýja frumvarpi verið gengið svo langt til móts við þær óskir, sem hér koma fram, sem fært þótti, eins og sakir standa nú.

Engum vafa er það undirorpið, að húsnæðisvandræði eru mikil í flestum stærri kaupstöðum og kauptúnum landsins. Því miður liggja ekki fyrir neinar fullnægjandi skýrslur um það efni, þó er það vitað, að fjölskyldur svo hundruðum skiptir búa í algerlega ófullnægjandi húsnæði og heilsuspillandi t. d. í Reykjavík.

Reynt var að safna skýrslum um það frá kaupstöðum og stærri kauptúnum, hve margar íbúðir yrðu þar fullbúnar eða teknar í notkun á árinu 1945. Þessi sveitarfélög sendu upplýsingar um íbúðabyggingar hjá sér á árinu, og fara upplýsingar þeirra hér á eftir:

Ísafjörður	5
Akureyri	19
Siglufjörður	18
Ólafsfjörður	9
Neskaupstaður	9

Seyðisfjörður	íbúðir	teknar	til	afnota	á	árinu	1
Vestmannaeyjar ..	—	—	—	—	–	—	32
Keflavík	—	—	—	—	–	—	21
Borgarnes	—	—	—	—	–	—	14
Stykkishólmur ...	—	—	—	—	–	—	14
Patreksfjörður ...	—	—	—	—	–	—	6
Bolungavík	—	—	—	—	–	—	1
Sauðárkrókur	—	—	—	—	–	—	5
Húsavík	—	—	—	—	–	—	8
Eskifjörður	—	—	—	—	–	—	5

Samtals 191 íbúð.

Allmiklu fleiri íbúðir eru í smíðum, en þessi tala er áætluð sú íbúðatala, sem fullbúin verður fyrir áramót 1945—1946.

Í Reykjavík eru í byggingu í októbermánuði 1945 samtals 758 íbúðir, en hve margar þeirra verða fullbúnar eða teknar í notkun fyrir áramót, er ekki unnt að segja með neinni vissu.

Af þessum lauslegu skýrslum er það sýnilegt, að um 1000 íbúðir eru í byggingu á árinu 1945 í kaupstöðum og kauptúnum landsins, og eru ¾ þeirra í Reykjavík.

Skal nú vikið nokkuð að frumvarpinu í heild og einstökum köflum þess.

Afskipti ríkisins og sveitarfélaganna af íbúðabyggingum hafa farið mjög ört vaxandi síðari árin. Byggingarfélögum verkamanna, er styrks hafa notið frá ríkissjóði og sveitarsjóði, hefur fjölgað, og fleiri og fleiri þeirra hafa ráðizt í byggingar. Sveitarfélögin hafa sjálf ráðizt í byggingar íbúðarhúsa s. s. Reykjavíkubær, og byggingarsamvinnufélög hafa verið stofnuð og ráðizt í byggingarframkvæmdir. En þrátt fyrir þetta hafa á ýmsum stöðum orðið enn meiri húsnæðisvandræði en áður, og veldur því sérstakt aðstreymi fólks til þessara staða, og er Reykjavík þar efst á blaði. Er því full þörf á, að áfram verði haldið á þeirri braut að koma upp heilnæmum íbúðum í kaupstöðum og kauptúnum bæði yfir þá fólksfjölgun, sem þar verður af eðlilegri fólksfjölgun og aðstreymi, og einnig til þess að útrýma lélegum og gömlum íbúðum.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að auk einstaklingsframtaksins verði það hlutverk byggingarfélaga verkamanna og byggingarsamvinnufélaga að byggja yfir eðlilega fólksfjölgun og hæfilegt aðstreymi eða tilflutning fólks svo og að útrýma lélegri íbúðum, en hins vegar verði það hlutverk sveitarfélaganna sjálfra að útrýma heilsuspillandi íbúðum og ráða fram úr húsnæðisvandræðum þeim, sem skapazt hafa af of örum aðflutningi fólks til einhvers staðar. Í báðum tilfellum njóta þessir aðilar mikillar aðstoðar ríkisins.

Til þess að gera löggjöf þessa einfaldari og þægilegri í meðförum, þótti rétt að fella öll ákvæði um stuðning hins opinbera við íbúðabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum í einn lagabálk. Svara því tveir fyrstu kaflar frumvarps þessa til núgildandi laga um verkamannabústaði frá 1935 og laga um byggingarsamvinnufélög frá 1938. Þriðji kaflinn fjallar um íbúðabyggingar sveitarfélaga, en fjórði kaflinn um skiptingu byggingarefnis og eftirlit af hálfu ríkisvaldsins með byggingarmálum þeim, sem lögin taka til.

Mun þá vikið að hinum einstöku köflum frumvarpsins.

I. KAFLI

Um verkamannabústaði.

Helztu breytingarnar, sem gerðar eru á frumvarpinu frá því, sem nú er í lögum, eru þessar:

1. Ákveðið er, að lögin taki, auk verkamanna, til allra þeirra íbúa í kaupstöðum og kauptúnum, sem ekki hafa tekjur eða eiga eignir yfir það hámark, sem tilskilið er um verkamenn. Nú þegar er þetta svo í framkvæmd, og því er með ákvæði þessu aðeins lögfest það, sem orðin er venja.
2. Tillag sveitarsjóða og ríkissjóðs er hækkað um 100% frá því, sem nú er, eða úr 2 krónum á íbúa í 4 krónur á íbúa. Auk þess er sveitarstjórnum **heimilað** að hækka gjaldið upp í allt að 6 krónum á íbúa, og er þá ríkissjóði gert að leggja jafnmikið fram á móti.

   Ákvæðin um verðlagsuppbót á framlögin eru látin haldast þrátt fyrir þessa hækkun. (Sjá 3. gr.).
3. Heimilað er að stofna innlánsdeildir við byggingarsjóðina, og taka þær við framlögum, sem félagsmenn vilja leggja til hliðar til þess að tryggja sér fyrr húsnæði en ella hefði orðið. Er ætlazt til, að öll nánari ákvæði um þetta verði sett með reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar byggingarsjóðs. Er ekki ólíklegt, að slík lánadeild mundi verulega geta létt undir við byggingar og ekki þurfa jafn löng lán og ráðgerð eru í frumvarpinu. (Sjá 3. gr.).
4. Gert er ráð fyrir, að lánstími geti verið misjafn, allt frá 42 árum í 75 ár, og lánshæð geti einnig verið mismunandi eða allt að 90% af byggingarkostnaði, til þess að létta einstaklingum árlegar greiðslur.

Við lauslegt yfirlit, sem gert hefur verið, sést, að árgjöld frá þeim, sem íbúðir fá, munu verða sem hér segir:

Árgjöld af lánum, þegar lánstími, lánsupphæð og vextir eru:

Lánstími	Lánsupphæð kr.	Árgjald, ef vextir eru 2%	Árgjald, ef vextir eru 1½%
42 ár	50000.00	1770.00	1610.00
42 —	60000.00	2124.00	1932.00
42 —	80000.00	2832.00	2576.00
60 —	50000.00	1435.00	1265.00
60 —	60000.00	1722.00	1518.00
60 —	80000.00	2296.00	2024.00
75 —	50000.00	1290.00	1115.00
75 —	60000.00	1548.00	1338.00
75 —	80000.00	2064.00	1784.00

Verði byggingarfélögin mjög almenn, má ætla, að þau nái til allt að 80 þúsund landsmanna í kaupstöðum og kauptúnum, og verða þá árstekjur sjóðanna eins og hér segir miðað við vísitölu 275 og 4 króna gjald á íbúa hvern bæði frá sveitarsjóði og ríkissjóði:

1. Tillag sveitarfélaga (vísit. 275) 80000×11.00	kr.	880000.00
2. Mótframlag ríkissjóðs	—	880000.00
3. Aukatillag ríkissjóðs	—	150000.00
Samtals	kr.	1910000.00

Sé lánsfjár aflað með 4% ársvöxtum til 55 ára og útlánin veitt til sama tíma og með 2% vöxtum, verður árleg meðgjöf kr. 1.51 með hverjum 100 krónum.

Árlegar tekjur Byggingarsjóðs nægja þá til meðgjafar með kr. 126490000.00.

Sé lánsfjár aflað á sama hátt, en lánað út með 1½% vöxtum til 55 ára, verður árleg meðgjöf kr. 1.84 með hverjum 100 krónum.

Árlegar tekjur Byggingarsjóðs nægja þá til meðgjafar með kr. 103804300.00.

Lán, sem byggingarsjóður hefur tekið og endurlánað byggingarfélögunum, munu nema um 5 millj. króna. Er augljóst af þessu, að þær tekjur, sem hér eru ætlaðar, hrökkva lengi til vaxtameðgjafar, og sýnist svo sem mjög auðvelt ætti að vera fyrir byggingarfélögin að byggja á næstunni 100—200 íbúðir á ári eftir því sem þörfin krefði og byggingarefni fengist.

5. Tekjuhámarkið er fært upp úr 4000 krónum í 7000 krónur, og ómagaviðbætur hækkaðar úr 500 krónum í 1000 krónur fyrir hvert barn. Þá eru og eignir hækkaðar úr 5000 krónum í 10 þúsund krónur. Eru þetta allt nauðsynlegar hækkanir vegna hins breytta verðgildis peninganna.
6. Það nýmæli er tekið upp í 6. lið 6. gr., að sérstakan kaupsamning skuli gera um hverja íbúð, þegar byggingarfélagið lætur hana af hendi, og skuli þeim samningi þinglýst, en samningarnir séu undanþegnir stimpilgjaldi. Þá er og tekið upp það ákvæði, að ekkja, börn og tengdabörn eigi forkaupsrétt að íbúð, enda gerist þau þá félagar. Þetta getur þó því aðeins átt við t. d. um börn og tengdabörn, að það sé samkomulag milli þeirra um, hvert þeirra skuli kaupa eignina, og má gera ráð fyrir, að í flestum tilfellum komi þau sér saman um það, ef þau vilja á annað borð halda íbúðinni, því söluverðið er alveg takmarkað við kostnaðarverð íbúðarinnar að viðbættum endurbótum en frádregnum fyrningum.
7. Þá er lagt til í frumv., að leiga eftir lóðir undir húseignir þær, sem byggðar verða samkv. lögum þessum, skuli metin á 10 ára fresti, enda er til þess ætlazt, að hún hækki sem minnst, því að það er í samræmi við þá kvöð á húseignum þessum, að söluverð þeirra við eigendaskipti má ekki fara yfir upphaflegt kostnaðarverð.
8. Síðasta breytingin, sem hér verður minnzt á, er sú, að heimilað er að lána fé byggingarsjóðsins milli deilda hans, en það hefur ekki verið talið heimilt til þessa. Er þessi breyting gerð samkvæmt tillögum sjóðsstjórnar. Er því stjórn sjóðsins veitt heimild til að lána einni deild fé annarrar deildar, meðan það er ekki notað, og þannig má oft komast hjá vaxtagreiðslum um lengri eða skemmri tíma, ef nokkurt fé er fyrir hendi í sjóðnum.

II. KAFLI

Byggingarsamvinnufélög.

Helztu breytingar, sem í frumvarpinu felast, frá því sem nú er í lögum um byggingarsamvinnufélög, eru þessar:

1. Heimilað er, að tvö byggingarsamvinnufélög starfi í hverjum kaupstað eða kauptúni, og reisi annað félagið sérstæð íbúðarhús, en hitt sambyggingar. Samkvæmt þessu er og felld niður heimild fyrir þau byggingarfélög, er reisa sérstæð hús, til að reisa sambyggingar. Byggingarsamvinnufélög, sem reisa sambyggingar, skulu þó því aðeins stofnuð, að sveitarstjórn beitist fyrir stofnuninni og standi, ásamt tilteknum fjölda einstaklinga, að setningu samþykkta þeirra.
2. Heimilað er, að ríkisábyrgð fyrir byggingarkostnaði þeirra húsa, sem byggingarsamvinnufélög reisa, megi nema allt að 80% af stofnkostnaði húsanna.

   Nú er ekkert um þetta ákveðið í lögum.
3. Heimilað er að stofna sérstakar deildir innan byggingarsamvinnufélaga, sem reisa sérstæð hús, ef 25 menn æskja þess í þeim tilgangi að koma sér upp einbýlishúsum t. d. af sérstakri gerð. Eru þá sérstaklega höfð í huga tilbúin timburhús, sem nokkur hreyfing er fyrir að fá innflutt nú í húsnæðisvandræðunum.

Er svo til ætlazt, að þessar sérdeildir starfi nokkuð sjálfstætt, og skal um það kveða nánar á í reglugerð.

4. Heimilað er að veita út á 1. veðrétt þeirra húsa, sem byggingarsamvinnufélag kemur upp, allt að 80% af kostnaðarverði, en samkv. gildandi lögum er ekki heimilt að veita út á 1. veðrétt nema 60% af virðingarverði eignarinnar.
5. Felld er niður breyting sú, sem gerð var á byggingarsamvinnulögunum 1942, um hvernig að skuli farið við sölu og eigendaskipti á húseignum, sem byggingarsamvinnufélag hefur reist.

Þykir rétt, ef byggingarsamvinnufélögin njóta mikilliar hjálpar hins opinbera, að fyrirbyggt sé, að eignirnar lendi í braski, og því eru tekin upp í frumv. ákvæði þau, sem giltu fyrir 1942 (Sjá 10. gr. l. nr. 71 1938). Þó er ekki sanngjarnt, að eigendur þeirra húsa, sem ekki hafa notið þeirra hlunninda (80% ríkisábyrgð), sem í frv. þessu segir, séu bundnir við þessi ákvæði, og fyrir því er svo til ætlazt, að þau taki aðeins til þeirra húsa, sem byggð eru, eftir að frv. þetta yrði að lögum.

Það, sem hér hefur verið talið, eru helztu breytingarnar, en smærri breytingar eru nánar tilgreindar í athugsemdum við einstakar greinar og vísast þar um til þeirra og svo frumvarpsgreinanna sjálfra.

III. KAFLI.

Um íbúðabyggingar sveitarfélaga.

Kafli þessi er nýmæli í íslenzkri löggjöf. Hingað til hefur engum sérstökum aðila verið lögð sú skylda á herðar að útrýma óhollum og heilsuspillandi íbúðum í kaupstöðum og kauptúnum. Um það hefur verið deilt, hverjum raunar beri að gera slíkt, en allir raunsæir menn sjá, að ekki tjáir opinberum aðilum lengur að skjóta sér undan þeirri skyldu, ef ekki á verr að fara.

Með því að efla félög þau, sem reisa verkamannabústaði, og byggingarsamvinnufélög, má vafalaust mjög víða ráða að fullu bót á húsnæðisvandræðunum, og líka því, að útrýma hinum heilsuspillandi íbúðum. Þess vegna virðist réttast, að sú leið verði farin svo langt sem komizt verður eftir henni.

En þó að fara megi þessa leið allvíða, verða þó ávallt til þeir staðir, þar sem hún nægir ekki. Verður þar beinlínis að grípa til annarra og fljótvirkari aðgerða. **Á þeim stöðum verður sveitarfélag og ríki að hjálpast að við að leysa vandann.**

Um það má deila, eftir hvaða leiðum sú samvinna skuli fara fram. Virðist þó, þegar betur er að gætt, aðeins tvær leiðir koma til greina. Önnur er sú, að sveitarfélög og ríki annist framkvæmdirnar sameiginlega og beri allan kostnað að jöfnu, hin er sú, að sveitarfélagið eitt annist framkvæmdirnar, en ríkisvaldið styrki það og styðji á allan skynsamlegan hátt, meðan framkvæmdirnar standa yfir.

Er það síðari leiðin, sem valin er í frumvarpi þessu, og skulu nú færðar fyrir því nokkrar ástæður.

Þó að með réttu megi segja, að húsnæðisvandamálið almennt sé í rauninni alþjóðar vandamál, þá hlýtur það þó fyrst og fremst að vera áhugamál þeirra, sem í því sveitarfélagi búa, þar sem mest að kreppir, að úr verði bætt. Á það sveitarfélag lenda fyrst og fremst mestar byrðarnar af því fólki, sem sýkist í hinu óholla húsnæði eða þarf einhverrar opinberrar hjálpar við, og á það sveitarfélag setur það sinn sérstaka ómenningarbrag, ef slíkt ástand helzt um lengri tíma. Með nokkrum rétti má segja, að sveitarfélagið sjálft eigi enga sök á því aðstreymi fólks, sem venjulega veldur húsnæðisvandræðunum, en ríkisvaldið á sjálfsagt heldur ekki sök á því, svo að skylda þess verður ekki fundin með þeim hætti. Slíkt ástand skapast ávallt af sérstökum breytingum í þjóðfélaginu, ákveðinni þróun, sem ekki verður rönd við reist, fyrr en menn skilja eðli hennar og finna raunhæfa lausn, sem stöðvar þessa þróun. Meðan mestöllu fjármagni landsmanna er veitt á einn stað að-

eins, verður óhjákvæmileg afleiðing þar af sú, að þangað flykkist fólkið. Fólk fær þá trú, að lífsbaráttan verði þar léttari, og öryggið á ýmsan hátt meira í fjölmenninu, og veldur þetta ásamt mörgu fleiru, sem óþarft er upp að telja hér, því, að þar skapast húsnæðisvandræði, sem leitt geta — ef ekki er neitt að gert — til hreinna vandræða á margan hátt.

Ef litið er á þá leiðina fyrst, að ríki og sveitarfélag beri að jöfnu allan tilkostnað við þessi mál, kemur þar strax í ljós, að hvað flest sveitarfélög snertir, er þeim um megn að útvega eða leggja fram nægilegt fjármagn til þessara hluta, án þess ríkissjóður gangi fyrst í ábyrgð fyrir þeim hlutanum, sem sveitarfélaginu er ætlað að leggja fram. Þegar svo þar að kæmi, að fara ætti að borga af lánunum, og það sýndi sig þá, að sveitarfélagið gæti ekki innt af hendi sinn hluta, þá lenti allt á ríkissjóði. Aðstaða sveitarfélagsins væri þá orðin slík, að ekki mundi mikils af því að vænta, og þess mundi skammt að bíða, að það reyndi að koma málunum alveg af sér og yfir á ríkissjóð. Væri þá svo komið, að ríkissjóður þyrfti að fara að reka húsaleigustarfsemi hingað og þangað um landið, og sjá allir, að slíkt mundi aldrei geta orðið annað en vandræðalausn.

Ætti hins vegar að hafa þann hátt á þessu, að sveitarfélag legði fram án ríkishjálpar helming alls kostnaðar og ríkið svo hinn helminginn, er hætt við, að mjög fá sveitarfélög gætu notfært sér lögin. Að vísu eru ekki eins og stendur mjög margir staðir, þar sem húsnæðisvandræðin eru slík, að til stórvandræða horfi vegna þrengsla. Það er, að því bezt er vitað, einungis í Reykjavík, en hins vegar býr fólk í fjölda smærri kaupstaða og kauptúna við ákaflega léleg húsakynni og heilsuspillandi, þó að ekki sé það vegna þrengsla eða óeðlilega mikils aðstreymis til staðarins. Þar þarf líka úr að bæta, og er því svo til ætlazt, að lögin einnig geti náð þangað. Í sjálfu sér er ekki mikill munur á því frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar, hvort 100 fjölskyldur t. d. búa í bröggum í Reykjavík vegna of mikillar fólksfjölgunar þar eða 10 fjölskyldur búa í algerlega ófullnægjandi húsnæði t. d. á Hellissandi, vegna getuleysis einstaklinga þar og sveitarfélagsins á að bæta úr húsnæðisþörfinni. Á báðum stöðunum verður ríkisvaldið að hlaupa undir baggann.

Sú leið, sem valin er í þessu frumvarpi, er að sveitarfélag og ríki leggi hvort um sig fram 10% stofnkostnaðar, en ríkið útvegi síðan 80% stofnkostnaðarins og láni það fé því sveitarfélagi, sem í hlut á, til langs tíma (50 ára) og við vægum vöxtum. Hins vegar séu húsin eign sveitarfélagsins, sem ráðstafar þeim, eftir því sem sveitarstjórn telur skynsamlegast. Losnar sveitarstjórn þá við öll afskipti ríkisins af framkvæmd málanna, en það hefur sýnt sig oftlega, að mjög illt er, að bæði sveitarfélag og ríki eigi að ráða að jöfnu um framkvæmdir mála, sem þó sérstaklega snerta frekar sveitarfélagið en ríkið. Ríkið tekur aftur á móti á sig mikla fjárhagslega áhættu með þessu móti. Með því að ríkið sjálft lánar sveitarfélögunum fé, en ábyrgist það ekki aðeins, eins og venja hefur verið um flestar hliðstæðar framkvæmdir, tekur það á sig allar meginfjárhagsbyrðarnar. Í hluta sveitarfélagsins kemur þá það aðallega að sjá um, að rekstur þessara eigna beri sig, og á það í flestum tilfellum að vera auðgert, a. m. k. meðan næg atvinna er á staðnum fyrir alla. Fari hins vegar svo, að sveitarfélagið sé ekki þeim vanda vaxið, getur allt lent á ríkissjóði, og er þá gert ráð fyrir, að hann ráðstafi eignunum á þann hátt, sem hann bíður minnst tjón við.

Óþarft virðist að rökræða þetta nánar, og ekki er heldur þörf á að taka hér upp aðalefni greinanna í kaflanum, því að þær eru svo ljósar, að ekki er þar þörf annarra skýringa en þeirra, sem gefnar eru við hverja einstaka grein hér á eftir.

Væntanlega spyrja menn um kostnaðinn við þetta, en því er þar til að svara, að flestar þær skýrslur, sem þarf til þess að byggja á slíka áætlun, vantar. Það er t. d. ekki vitað með neinni vissu, hversu margar fjölskyldur það eru í Reykjavík, sem byggja þarf yfir á þann hátt, sem hér er fyrirhuguð. Lausleg ágizkun gefur til kynna, að það mundu vera a. m. k. 1200 fjölskyldur, ef aðeins er tekið það húsnæði, sem eftir ströngustu reglum er alveg óhæft. Ef byggja ætti yfir þessar segjum 1200 fjöl-

skyldur á 4 árum, þyrfti að byggja sem næst 300 íbúðum á ári. Sumar yrðu þessar íbúðir litlar en aðrar stærri — allt að 4 herbergi auk eldhúss — fyrir stærri fjölskyldur. Ekki þarf að ætla, að kostnaður að meðaltali á íbúð yrði miklu minni en ca. 60 þús. kr., ef um steinhús væri að ræða, og mundu þá hverjar 300 íbúðir kosta um 18 millj. kr. og allar íbúðirnar þá 72 millj. kr. Ríkissjóði er ætlað að lána hér af 80% eða um 57 millj. kr. Hér við bætist svo það, að gera má ráð fyrir, að eitthvert fé þyrfti að leggja fram til þessa utan Rvíkur, en það fé er með öllu ókleift að áætla eins og sakir standa nú. Þeim, sem kynni að vaxa þessar upphæðir í augum, má benda á það, að þegar tekið er tillit til þess, hvílíkum erfiðleikum það hefur verið bundið að reisa hús nú á stríðsárunum, þá er það ekki neitt ákaflega stórkostlegt, þó að ætlað væri sem lánsfé, tryggt í góðum fasteignum — vel byggðum húsum — 20 milljónir króna á ári næstu fjögur árin.

Það skal endurtekið, að allt, sem hér er sagt um kostnaðinn, er aðeins lauslegar ágizkanir, enda engin rannsókn fram farin enn þá, sem byggjandi er á, og við þessar ágizkanir ber að hafa það í huga, að e. t. v. mætti draga svo um munaði úr þessum kostnaði með því að flytja inn tilbúin timburhús og setja þau niður í sérstöku hverfi, t. d. í Reykjavík, og gætu þau hús orðið hin beztu og mjög til frambúðar, ef til þeirra væri vandað. Er bent á þetta sem eina þeirra leiða, sem fara mætti.

Skal þá ekki frekar um þetta rætt, en vikið að síðasta kaflanum.

IV. KAFLI

Um innflutning og skiptingu byggingarefnis og eftirlitsnefnd ríkisins með íbúðabyggingum.

Um kafla þennan er hið sama að segja og III. kaflann, að hann er nýmæli.

Helzt má telja það nýmælið, að Nýbyggingarráði er hér ætlað að gera áætlun um það í ársbyrjun, hversu mikið verði byggt á næsta ári í landinu. Er með þessu horfið að þeirri tilhögun að byggja eftir fyrirfram gerðri áætlun, en láta ekki ráðast um þetta, eins og venja hefur verið. Er þetta gert með tilliti til þess að skipta réttlátlega því byggingarefni, sem til landsins verður flutt, og svo til þess að því byggingarefni, sem fæst, verði fyrst og fremst varið til íbúðabygginga og til framleiðslunnar.

Það skal viðurkennt, að hér er mjög mikið vald lagt í hendur Nýbyggingarráði, en svo verður að líta á, að einmitt þetta hljóti að vera í verkahring þess. Úr húsnæðisvandræðunum verður aldrei bætt, nema þar verði farið eftir sérstakri áætlun, og þá liggur engum nær að gera hana en Nýbyggingarráði. Vald til stöðvunar á byggingum, sem fyrirhugaðar eru og nauðsyn getur verið að reisa, er þó lagt í hendur ríkisstjórnar, og þykir það tilhlýðilegra.

Frumvarpsgreinarnar, sem um þetta fjalla, eru annars svo ljósar, að ekki þarf frekari skýringa. Auðvitað má deila um það, hvort slíkar ráðstafanir skuli gerðar sem þessar, en eigi að vinna eftir áætlun að lausn málanna, er tæpast hægt hjá þeim að komast.

Að lokum skal á það bent í sambandi við þau ákvæði, að ríkið skipi sérstaka nefnd til þess að hafa yfirumsjón og eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum, sem lögin taka til, að verði horfið að því að leysa húsnæðisvandræðin eftir þeim leiðum, sem í frumvarpinu er bent á, á ríkissjóður þar mjög mikilla hagsmuna að gæta, sem ekki er nema sjálfsagt, að einhverjum ákveðnum aðila sé falið að gæta. Eftirlitsnefnd þessi gæti og orðið til mjög mikils óbeins gagns við að leysa ýmsar deilur og vandamál, sem að höndum ber, og sveitarstjórnunum væri verulegt aðhald í slíkri nefnd, er hefði vald til að grípa fram í, þegar eitthvað alvarlegt bæri út af í rekstrinum.

Verður þá greinargerð þessi ekki höfð lengri, en vikið að athugasemdum við hinar einstöku greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI
Um verkamannabústaði.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. l. 3/1935 um verkamannabústaði, en við er bætt því ákvæði, að lögin taki einnig til þeirra íbúða kaupstaða og kauptúna, sem hafa svipaðar tekjur og verkamenn.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt 2. gr. l. 3/1935.

Um 3. gr.

Greinin svarar efnislega til 3. gr. l. 3/1935, en höfuðbreytingar eru þessar:

1. Tillag sveitarsjóða og ríkissjóðs til byggingarsjóðs er hækkað úr 2 krónum á íbúa í minnst 4 krónur, en með samþykki getur sveitarstjórn ákveðið, að gjaldið skuli vera allt að 6 krónur á íbúa sveitarfélagsins, og skal þá framlag ríkissjóðs vera jafnhátt framlagi sveitarsjóðsins.
2. Felld er niður heimild til lántöku í erlendri mynt.
3. Veitt er heimild til stofnunar innlánsdeildar við byggingarsjóð, þar sem tekið er á móti innlögum frá mönnum í byggingarfélögunum, sem vilja tryggja sér þar húsnæði.

Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin svarar efnislega til 4. gr. l. 3/1935, og eru 1. og 2. mgr. óbreyttar, en 3. mgr., sem fjallar um lánskjörin, er breytt á þá leið, að lánshæð og lánstími eru undir vissum kringumstæðum aukin frá því, sem var, og vextir ákveðnir í frv. 2 af hundraði, en þeir eru nú um 2,7%, samkv. upplýsingum stjórnar Byggingarsjóðs verkamanna.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin er óbreytt 5. gr. l. 3/1935.

Um 6. gr.

Greinin svarar efnislega til 6. gr. l. 3/1935, og eru 1., 2., 5., 8., 9. og 10. tölul. óbreyttir.

Við 3. tölul. er sú breyting, að heimiluð er íbúðarstærð frá einu til fjögurra herbergja, en var áður tveggja og þriggja herbergja.

Við 4. tölul. Tekjuhámark félagsmanna er hækkað úr 4 þúsund krónum í 7 þúsund krónur, ómagaviðbætur úr 500 kr. í 1000 kr. fyrir hvern ómaga, og eignahámark er hækkað úr 5000 í 10000 kr.

Við 6. tölul. eru þær breytingar, að felld er niður lágmarksútborgunin, 15%, og ákveðið, að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum með þeim láns- og vaxtakjörum, sem stjórnir byggingarfélaganna ákveða samkv. 4. gr. frv. Enn fremur er ákveðið, að sérstakur kaupsamningur sé gerður um hverja íbúð, og séu þeir samningar undanþegnir stimpilgjaldi. Þá er og það nýmæli í þessum lið, að ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn, skuli hafa forkaupsrétt að íbúðinni, enda gerast þau þá löglegir meðlimir félagsins.

Við 7. tölul. er sú ein breyting, að ákveðið er, að lóðarleiga skuli metin reglulega á 10 ára fresti í stað 5—10 ára áður.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. l. 3/1935.

Um 8. gr.

Greinin svarar til 8. gr. l. 3/1935, með þeirri breytingu einni, að stjórn Byggingarsjóðsins er heimilt að lána fé sjóðsins á milli deilda hans.

Um 9.—12. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 9.—12. gr. l. 3/1935 og þarfnast ekki skýringa.

II. KAFLI

Um byggingarsamvinnufélög.

Um 13. gr.

Greinin óbreytt 1. gr. l. 71/1938 um byggingarsamvinnufélög.

Um 14. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. l. 71/1938.

Um 15. gr.

Ný grein. Samkv. þessari gr. er tveim byggingarsamvinnufélögum veitt leyfi til að starfa í sama kaupstað eða kauptúni, og er hlutverk annars félagsins að reisa sérstæð hús, en hins að reisa fjölbýlishús með hæfilega stórum heilsusamlegum íbúðum og sameiginlegum þægindum. Félögin, sem reisa sambýlishús, geta þó því aðeins starfað, að sveitarstjórn beiti sér fyrir stofnun þeirra og sé þátttakandi í félagsstarfinu. Af þessum ástæðum er og felld niður heimildin í 8. gr. núg. laga um, að byggingarfélög, sem reisa sérstæð hús, geti reist sambyggingar.

Um 16. gr.

Greinin svarar efnislega til 3. gr. l. 71/1938. Við A.-lið er sú breyting, að í stað ákvæða laga 46/1937, um samvinnufélög, um útborgun stofnsjóðs, eru í niðurlagi frumvarpsgreinarinnar sett tæmandi fyrirmæli um útborgun stofnfjárinnstæðu. Við C.-lið er sú breyting, að ákveðið er, að lán þau, sem ríkissjóður ábyrgist, megi nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, er félagið byggir. Fellt er niður ákvæðið um, að lánin megi taka í erlendri mynt. Þá er og fellt niður það ákvæði, að ekki megi vera færri en 15 félagsmenn í hverjum flokki.

Um 17. gr.

Greinin svarar til 4. gr. l. 71/1938, með þeim breytingum, sem leiðir af hinni nýju 15. gr. frv. um, að tvö byggingarsamvinnufélög megi stofna á sama stað. Sú viðbót er og sett við þessa grein, að heimilt skuli að stofna deildir, sem hafa sérsamþykktir, innan þeirra byggingarsamvinnufélaga, sem byggja sérstæð hús. Eru þessi ákvæði sett til þess að greiða fyrir því, að menn, sem vilja bindast félagsskap um innflutning tilbúinna smáhúsa, eigi þess kost að njóta aðstoðar og hlunninda þessa félagsskapar á þann hátt, er við verður komið.

Um 18. gr.

Greinin svarar til 5. gr. l. 71/1938, með þeirri breytingu einni, að heimilt er að veita lán út á 1. veðrétt, allt að 80% af virðingarverði eignarinnar. Í áðurnefndum lögum er miðað við allt að 60% af virðingarverði eignarinnar.

Um 19. gr.

Greinin er óbreytt 6. gr. l. 71/1938.

Um 20. gr.

Greinin svarar efnislega til 7. gr. l. 71/1938, en breytingar eru þær, að við C.-lið er bætt heimild til að húsin verði byggð undir umsjón og eftirliti byggingarfulltrúa félagsins, og úr D-lið er fellt niður ákvæði laganna um, að þeir, sem hafa tekjur undir 6000 krónum skattskyldum, gangi fyrir um íbúð hjá félaginu.

Um 21. gr.

Ný grein. Greinin svarar þó að nokkru leyti til 8. gr. l. 71/1938. Rétt þykir, að sömu ákvæði gildi að mestu um sambyggingar hjá byggingarsamvinnufélögum og gilda fyrir verkamannabústaði. Er því í greininni vísað til þeirra ákvæða í I. kafla frumvarpsins.

Um 22. gr.

Greinin svarar efnislega til fyrri mgr. 10. gr. l. 71/1938. En sú höfuðbreyting er á gerð, að upp eru tekin ákvæðin, sem giltu fram til 1942 um sölu húsa byggingarsamvinnufélaganna, en þau voru, að söluverð íbúða í húsum byggingarsamvinnufélaga mætti aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættum endurbótum. Ekki er þó gert ráð fyrir, að ákvæði þetta taki til þeirra húsa, er byggingarsamvinnufélög hafa reist fyrir 1. janúar 1946.

Um 23. gr.

Greinin er samhljóða síðari mgr. 10. gr. l. 71/1938.

Um 24. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. l. 71/1938, með þeirri viðbót, að ekkja látins félagsmanns, börn og tengdabörn eiga forkaupsrétt að íbúðinni, enda gerist þau þá löglegir meðlimir félagsins.

Um 25.—28. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 12. til 15. gr. l. 71/1938. Þarfnast ekki skýringa.

III. KAFLI.

Um íbúðabyggingar sveitarfélaga.

Um 29. gr.

Með grein þessari er sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúni lögð á herðar sú skylda að útrýma heilsuspillandi íbúðum í sveitarfélaginu og heitið til þess aðstoð ríkis, ef úr húsnæðisvandræðum þar verður ekki bætt með þeirri aðstoð ríkis og sveitarfélags, sem um er rætt í I. og II. kafla þessa frv.

Um 30. gr.

Greinin fjallar um skýrslusöfnun vegna fjölskyldna, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, og aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegt er að útvega, áður en ráðizt er í framkvæmdir.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa að öðru leyti en því, að rétt þykir að binda það við ákveðna tölu fjölskyldna í hverjum kaupstað eða kauptúni, hvort í framkvæmdir þær skuli ráðizt, sem kafli þessi gerir ráð fyrir.

Um 33. gr.

Í grein þessari eru ákveðin framlög ríkis og sveitarfélags til byggingarframkvæmdanna, og eru þau 10% af byggingarkostnaðinum frá hvorum aðila fyrir sig.

Framlög þessi eru í lánsformi og vaxtalaus fyrstu 15 árin, en að þeim liðnum getur ríkisstjórn og sveitarstjórn fellt niður afborganirnar, ef svo sýnist. Auk þessa framlags lánar ríkissjóður sveitarfélögum þeim, sem íbúðarhús byggja samkv. þessum kafla, 80% af kostnaðarverði bygginganna, og endurgreiðir sveitarsjóður ríkissjóði lán þetta á 50 árum með jöfnu árlegu gjaldi miðað við 3% ársvexti.

Um 34. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 35.—39. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

IV. KAFLI

Um innflutning og skiptingu byggingarefnis og eftirlitsnefnd ríkisins með íbúðabyggingum.

Um 40. gr.

Hér er það ákveðið, að Nýbyggingarráð annist úthlutun innflutningsleyfa á byggingarefni og ákveði, til hvaða bygginga því skuli varið, sbr. þó ákvæði 42. og 43. gr.

Um 41. gr.

Greinarnar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að lagt er á vald ríkisstjórnarinnar, hvaða stórbyggingar stöðva skuli, ef vinnuafl skortir til byggingarframkvæmda eða nægilegt byggingarefni fæst ekki flutt til landsins. Þykir þetta réttara en að telja upp í greininni þær byggingar, sem helzt koma til álita að bíða með að byggja. Þá er og talið rétt, að ríkisstjórnin fái heimild til um eins árs skeið í senn að takmarka byggingar stórra íbúða.

Um 43. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 44. gr.

Rétt þykir, þar sem ríkisstjórnin verður samkv. frv. þessu að leggja svo tugum milljóna króna skipti fram í beinum framlögum, lánum og ábyrgðum, til þess að standa undir húsbyggingum í landinu, að sérstök nefnd hafi fyrir hönd ríkisstjórnarinnar yfirumsjón og eftirlit með þessum málum. Fjallar þessi grein um þá nefnd og starfssvið hennar, og þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 45 gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Ed. 184. Lög

um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín.

(Afgreidd frá Ed. 19. nóv.)

Samhljóða þskj. 50.

Ed. 185. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

47. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 186. Breytingartillaga

við frv. til l. um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á eftir 10. gr. komi:

Bráðabirgðaákvæði.

Kostnaður sá vegna fyrirhleðslu Héraðsvatna, sem unnin var á síðastliðnu hausti að forsögn vegamálastjóra, greiðist á sama hátt sem fyrir er mælt í 2. gr.

Ed. 187. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég fékk ekki boð um fund þann í fjárhagsnefnd, þar sem mál þetta var afgreitt, og var ég því ekki viðstaddur. Þykir mér því rétt að gefa út sérstakt nefndarálit og það því fremur, sem ég get ekki mælt með sömu afgreiðslu málsins og meðnefndarmenn mínir gera.

Frv. þetta er samhljóða bráðabirgðalögum frá 2. ágúst þ. á. Heimila þau m. a. ríkisstjórninni að halda niðri dýrtíðarvísitölu til 15. sept. næsta ár með niðurgreiðslu úr ríkissjóði á tilteknum neyzluvörum eða á annan hátt. Virðast ekki vera önnur ráð fyrir hendi fyrst um sinn en að halda þessum niðurgreiðslum áfram, ef dýrtíðarvísitalan á ekki enn að stórhækka og þar með allur tilkostnaður við atvinnurekstur landsmanna og ríkisreksturinn sjálfan, en það mundi óhjákvæmilega leiða til stöðvunar margra atvinnugreina og verða ríkissjóði a. m. k. jafndýrt og niðurgreiðslurnar. Hins vegar munu flestir vera farnir að sjá það, að ástand það, sem gerir niðurgreiðslurnar nauðsynlegar, leiðir fyrr eða síðar til hins mesta ófarnaðar fyrir alla og að niðurgreiðslur úr ríkissjóði geta ekki til lengdar afstýrt því, enda ríkissjóði um megn.

Ég tel því, að það, sem þurfi að gera, sé að hefjast nú handa gegn hinu raunverulega meini: dýrtíðinni, — og þá auðvitað alveg sérstaklega að reisa skorður við því, að hún aukist enn.

Þetta verður þó ekki gert á réttlátan hátt með því að þrengja kosti einnar stéttar, eins og nú er að ýmsu leyti gert að því er bændur landsins snertir, né heldur að það

eitt beri verulegan árangur í þá átt að minnka dýrtíð. Heldur verða allar þjóðfélagsstéttir að taka þátt í þeim aðgerðum, sem nauðsynlegar eru til að stöðva dýrtíðarflóðið, að því leyti sem þjóðin hefur það á sínu valdi. En til þess að þetta geti orðið, þarf víðtækara samkomulag þjóðfélagsstétta og stjórnmálaflokka heldur en nú á sér stað. Virðist mér ekki megi dragast lengur, að reynt sé að ná slíku samkomulagi.

Ýmsar aðferðir gætu auðvitað komið til greina við þær samkomulagstilraunir, sem ég tel nauðsynlegar, og hefði ég mjög gjarnan viljað ræða um þær við háttv. meðnefndarmenn mína, ef þess hefði verið kostur. Það væri t. d. ekki óeðlilegt og mælti ýmislegt með því, að hin ýmsu stéttafélög kysu fulltrúa í nefnd til að ræða þessi mál og reyna samkomulag. Þess ber þó að gæta, að endanleg úrslit málsins hljóta að ráðast á Alþingi. Mér þykir því eftir atvikum rétt að leggja til, að þingflokkarnir kjósi sinn manninn hver í nefnd, en hagstofustjóri sé sjálfkjörinn oddamaður og formaður hennar. Nefnd þessi taki síðan til athugunar og geri tillögur um lækkun dýrtíðar í landinu. Ég geri ráð fyrir, að nefnd þessi hafi yfirumsjón með þeirri vinnu, sem nauðsynleg er til að fá réttláta niðurstöðu, og að hún reyndi að ná samkomulagi um hin pólitísku ágreiningsatriði, sem til greina geta komið í sambandi við þessi mál. Hins vegar geri ég ekki ráð fyrir, að nefndin hafi tíma og tækifæri til að vinna ýmis nauðsynleg undirbúningsstörf, né að hún hafi ef til vill svo mikla sérþekkingu á þessum málum sem þörf er á. Þess vegna legg ég til, að hún geti ráðið sér sérfróða aðstoðarmenn eftir þörfum. Kæmu þar til greina hagfræðingar og sérfróðir menn um atvinnuvegi landsmanna.

Þó að hina mestu nauðsyn beri til skjótra aðgerða í þessum efnum, verður þó að ætla nefnd þeirri, er ég legg til, að skipuð verði, töluverðan tíma til starfs síns. Legg ég því til, að henni sé ekki gert að skila áliti fyrr en 15. febr. n. k., en þann dag á næsta Alþingi að koma saman samkv. stjórnarskránni. Þá verður og að ætla Alþingi tíma til meðferðar málsins. Þykir mér sem einn mánuður muni nægja, ef samkomulag næst í nefndinni. Legg ég því til, að niðurgreiðslurnar á neyzluvörum verði heimilaðar áfram til 15. marz n. k. Kæmu þá væntanlega ný lagafyrirmæli í staðinn.

Fari hins vegar svo, sem ég vil þó ekki gera ráð fyrir, að samkomulag náist ekki í nefndinni, ætti að minnsta kosti að vera auðvelt að framlengja heimildina til niðurgreiðslna fyrir 15. marz, ef sú leið verður þá fær fjárhagsins vegna.

Í 2. málsgr. 1. gr. bráðabirgðalaganna er svo ákveðið, að vísitalan skuli miðuð við lægra verðið, ef vara er seld tvenns konar verði. Með þessu móti verður vísitalan ekki réttur mælikvarði á verðlagið í landinu, og virðist tæplega heiðarlegt að halda henni niðri á þann hátt. Auk þess álít ég mjög óheppilegt að hafa tvenns konar verð á sömu vöru. Það skapar megnasta misrétti meðal neytenda, nema þá því aðeins, að allir hafi greiðan aðgang að því að kaupa hina ódýrari vöru, en svo hefur ekki verið til þessa. En ef allir gætu keypt hina ódýrari vöru eftir þörfum, mundi það með öllu eyðileggja sölumöguleika dýrari vörunnar. Mundi þetta koma þungt niður á íslenzkri framleiðslu, því að vegna kaupgjalds og ástandsins í landinu yfirleitt er ekki hægt að framleiða hér jafnódýrt og víða annars staðar. Hið eina rétta í þessu efni er að leggja verðjöfnunargjald á ódýra vöru og nota það til að greiða niður verð þeirrar dýrari, en selja síðan sams konar vöru fyrir sama verð. Af greindum ástæðum legg ég til, að ofangreind 2. málsgr. 1. gr. falli niður.

Ákvæði 2. gr. bráðabirgðal. eru nokkuð annars eðlis en 2. málsgr. 1. gr. og að mínu áliti réttmætari. En verði till. mín um nefndarskipun og að heimildir laganna falli niður 15. marz samþ., verða fyrirmæli 2. gr. óþörf og eiga ekki við. Ég legg því til, að þau falli niður, en í þeirra stað komi tillaga mín um nefndarskipun.

Samkvæmt þessu legg ég til, að á frv. verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir „til jafnlengdar næsta ár“ í 1. málsgr. komi: til 15. febr. 1946.
   b. 2. málsgr. falli niður.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Skipa skal 5 manna nefnd á þann hátt, að hagstofustjóri er sjálfkjörinn, og er hann formaður nefndarinnar, en 4 nefndarmannanna eru tilnefndir af þingflokkunum, einn frá hverjum.
Verkefni nefndar þessarar er að athuga og gera tillögur um lækkun dýrtíðar í landinu með þátttöku allra þjóðfélagsstétta, meðal annars með lækkun á verði innlendra neyzluvara, lækkun kaupgjalds, verzlunarálagningar, farmgjalda, byggingarkostnaðar og iðnaðarvara. Enn fremur geri nefndin tillögur um sérstakt allsherjarframtal eigna í landinu. Nefndin skili áliti sínu fyrir 15. febr. 1946.
Nefndin ræður sér sérfróða aðstoðarmenn eftir þörfum, og greiðist kostnaður af því svo og annar kostnaður við nefndina úr ríkissjóði.
3. Við fyrirsögn. Í stað orðanna „um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna“ komi: um skipun nefndar til að gera tillögur um lækkun dýrtíðar í landinu.

Alþingi, 19. nóv. 1945.

Bernh. Stefánsson.

Ed. 188. Breytingartillögur

við frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1946.

Frá Bernharð Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir greininni komi ný grein:
Veltuskatt álagðan 1945 skal draga frá hreinum tekjum, áður en tekjuskattur og tekjuskattsviðauki er á þær lagður árið 1946.
2. Við fyrirsögn. Á eftir „tekjuskattsviðauka“ komi: og skattaálagningu.

Nd. 189. Frumvarp til laga

um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera byggingarsamþykkt fyrir sýsluna. Undanþegnir þessu ákvæði eru löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt l. nr. 19 frá 20. okt. 1905.
Setji löggiltur verzlunarstaður sér síðar sérstaka samþykkt, þá eru þau kauptún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar sýslunnar.

2. gr.

Sýslunefnd skal kjósa nefnd manna, er semur frumvarp að byggingarsamþykkt og leggur það síðan fyrir sýslunefnd til samþykktar.
Sýslunefndin kveður að því loknu til fulltrúafundar á því svæði, er samþykktinni er ætlað að ná til, og skal hver hreppsnefnd tilnefna 2 fulltrúa á fundinn. Sýslunefnd tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefur kosið til þess, boðar til fundar og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, sem um getur í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, sem sýslunefndin hefur áður samþykkt. Fallist fundurinn á frum-

varpið óbreytt með ⅗ atkvæða mættra fulltrúa, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Samþykki fundurinn breytingar á frumvarpinu, skal það aftur lagt fyrir sýslunefnd, og getur hún enn breytt því, þó því aðeins, að ⅔ sýslunefndar greiði þeim breytingum atkvæði. Skal frumvarpið síðan sent stjórnarráðinu til staðfestingar. Vilji stjórnarráðið breyta einhverjum ákvæðum samþykktarinnar, þá skal leggja þær breytingar fyrir sýslunefnd. Samþykki hún eigi breytingarnar, skal stjórnarráðið eigi að síður staðfesta samþykktina, nema einhver ákvæði hennar séu lögum gagnstæð.

Frumvarp til samþykktar, sem ekki hefur náð ⅗ greiddra atkvæða á fulltrúafundi, er fallið, og má eigi bera það upp að nýju í sýslunefndinni, fyrr en á næsta aðalfundi hennar.

Staðfestar byggingarsamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

4. gr.

Í byggingarsamþykkt skal ákveða, að í hverjum hreppi skuli vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn, skulu 2 vera kosnir af hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum og gildir til jafnlangs tíma og hreppsnefndarinnar. Enn fremur skal þar ákveðið, að sýslunefnd ráði byggingarfulltrúa í samráði við stjórn teiknistofu landbúnaðarins og stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands, og er hann jafnframt formaður allra byggingarnefnda hreppanna. Heimilt er 2 eða fleiri sýslufélögum að hafa sameiginlegan byggingarfulltrúa.

Laun byggingarfulltrúa greiðist af þessum aðilum: Sýslusjóði að ⅓, nýbýlasjóði að ⅓ og byggingarsjóði að ⅓.

Oddviti sýslunnar annast greiðslu til fulltrúans.

5. gr.

Í byggingarsamþykktum skulu vera fyrirmæli um:

1. Að ákveða legu og afstöðu nýrra bygginga úr varanlegu efni, sömuleiðis bygginga, þótt ekki séu úr varanlegu efni, ef þeim er fyrirhugaður staður fast við íbúðarhús eða í nágrenni þess.
2. Eftirlit með byggingarframkvæmd þeirri, er um ræðir í 1. lið. Byggingarnefnd hefur í því sambandi heimild til að heimta, þegar byggja skal nýtt hús, að uppdráttur af húsinu sé lagður fram, að þær breytingar séu gerðar á húsinu, er henni þykir ástæða til, og að ákveða, að hús, sem ætluð eru til atvinnurekstrar, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin sem henni þykir þörf á eða gildandi lög um brunamál skipa fyrir. Enn fremur hafi nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og hafi eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni.
3. Að enginn megi byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar.
4. Að ef einhver byrji á smíði slíkra húsa án leyfis nefndarinnar eða byggi öðruvísi en hún hefur ákveðið, þá skuli hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renni í sýslusjóð, og þar að auki geti nefndin látið rífa niður á kostnað eiganda, það sem gert hefur verið, ef henni þykir ástæða til. Sama gildir, ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem lög þessi taka til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.
5. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
6. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til um, að bætt verði úr því, sem áfátt er samkvæmt þeim reglum, er þar um gilda. Þar, sem árleg dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslunnar, er heimilt að ákveða, að hlutaðeigandi stjórn mjólkurbús hlutist

til um, að byggingarfulltrúi fái afrit af skýrslu dýralæknis um þau atriði, sem áfátt er og máli skiptir í þessu sambandi.

6. gr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi.
2. Að hafa umsjón með því, að byggingarsamþykktum og skipulagsuppdráttum sé fylgt.

7. gr.

Hver byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti einn fundi á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegum framkvæmdum.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsbúum með hæfilegum fyrirvara, enda hafi byggingarfulltrúi undirbúið fundinn, svo að unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

Nefndin skal halda sérstaka fundarbók, er hún ritar í allar gerðir sínar, og sé hún undirskrifuð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng greiðist af sýslusjóði. Þóknun til hinna hreppskjörnu nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar, og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns teiknistofu landbúnaðarins, er fellir fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

9. gr.

Auk þess, sem áður er fram tekið, skulu verkefni byggingarfulltrúa vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef þess er óskað. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni ekki sjaldnar en 5. hvert ár.
2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi. Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í byggingarsamþykkt.

10. gr.

Nú hefur húsagerðarsamþykkt verið sett samkv. l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og er þá stjórn þeirra mála heimilt að ráða byggingarfulltrúa, sem starfar á því svæði, er samþykktin gildir fyrir, til þess að hafa á hendi jafnframt því starfi sínu framkvæmdastjórn við hinar fyrirhuguðu byggingarframkvæmdir að fengnu samþykki sýslunefndar og teiknistofu landbúnaðarins.

11. gr.

Sýslunefnd hefur heimild til, í samráði við byggingarfulltrúa og teiknistofu landbúnaðarins, að semja sérstaka reglugerð um byggingu húsa úr varanlegu efni, svo sem styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklæðningu, raflagnir o. s. frv. Reglugerð þessi öðlast því aðeins gildi, að hún hafi hlotið staðfestingu stjórnarráðsins.

12. gr.

Með mál um brot á samþykktum, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál, og skal byggingarfulltrúi kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er sent landbúnaðarnefnd neðri deildar af Búnaðarfélagi Íslands. Það er samið af milliþinganefnd búnaðarþings og samþykkt af því. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Með frumvarpi þessu er sýslunefndum heimilað að setja sér byggingarsamþykktir. Gert er ráð fyrir, að eftir stríðið verði miklu fé varið til endurbygginga í sveitum, og munu lögin um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir eiga sinn þátt í því. Það verður því að teljast tímabært, að sett verði lög, er heimili eftirlit með byggingu húsa úr varanlegu efni og tryggi þar með, svo sem verða má, að fé þessu sé skynsamlega varið og komi að tilætluðum notum fyrir nútíð og framtíð.

Leitað hefur verið álits skipulagsstjóra Harðar Bjarnasonar og Þóris Baldvinssonar, forstöðumanns teiknistofu landbúnaðarins, um frumvarpið, og hafa þeir báðir mælt með því. Hörður Bjarnason hefur jafnframt sent nokkrar tillögur til athugunar, og hafa þær í aðalatriðum verið teknar upp í frumvarpið.

Þannig samþykkt á búnaðarþingi með 19 : 1 atkv.“

Til viðbótar því, sem þegar er fram tekið, þykir nefndinni rétt að benda enn á tvö atriði. Eftirlit með húsabyggingum í sveitum fyrir fé ríkissjóðs og fyrir láns- og styrktarfé úr byggingarsjóði og nýbýlasjóði víðsvegar á landinu hefur reynzt svo miklum örðugleikum bundið, að það hefur oft orðið lítið eða ekkert.

Í nokkrum héruðum er mikil hætta af jarðskjálftum, en auk þess geta jarðskjálftar komið í sveitum, sem ekki beinlínis teljast til jarðskjálftahéraðanna. Mætti þar minna á Dalvík og jarðskjálftana þar fyrir nokkrum árum. Í umræddum jarðskjálfta kom það í ljós, að hús, byggð úr lítið eða ekkert járnbentri steinsteypu, þoldu ekki jarðskjálftana, og var það talið mikið lán, að ekki varð manntjón af þeim orsökum. Ekkert eftirlit er með því, að íbúðar- og peningshús úr steini eða steinsteypu séu þannig byggð, að ekki stafi af þeim mikil lífshætta fyrir menn og skepnur jafnvel í smærri jarðskjálftum, t. d. í helztu jarðskjálftahéruðum landsins. Í nokkrum þessara héraða hefur þó fjöldi bæja gerfallið eða stórskemmzt jafnvel oft á fyrri öldum og síðast árið 1896.

Nokkurt orð leikur á, að margir virðist nú hafa gleymt þessum atburðum og byggi ekki með tilliti til þess, að þeir geti endurtekizt. Það eru því góðar og gildar ástæður til að heimila héraðsstjórnum að láta þetta mál til sín taka og hafa um það samvinnu við lánsstofnanir landbúnaðarins, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Nd. 190. Frumvarp til laga

um húsmæðrafræðslu.

Frá menntamálanefnd.

I. KAFLI

Húsmæðraskólar, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Markmið húsmæðraskóla er það að veita konum nauðsynlegan undirbúning undir venjuleg heimilisstörf, heimilisstjórn og barnauppeldi.

2. gr.

Til stofnunar húsmæðraskóla þarf:

1. Tillögu hlutaðeigandi gagnfræðaráðs eða gagnfræðaráða, þar sem jafnframt sé bent á skólastað.
2. Samþykki hlutaðeigandi kaupstaðar, sýslufélags eða sýslufélaga.

3. Samþykki fræðslumálastjórnar á skólastað og uppdrætti að skólahúsi.
4. Fjárveiting Alþingis til stofnunar skólans.

3. gr.

Hver skóli skal vera 1 ársdeild, er starfar 9 mánuði hið minnsta. Þó er heimilt að stytta námstímann um 1 mánuð í þeim kaupstaðarskólum, sem geta ekki komið við garðyrkjunámi né hirðingu húsdýra og búsafurða.

4. gr.

Hverjum skóla stjórnar skólanefnd, skipuð sem hér segir:

Þar, sem kaupstaður eða 1 sýsla stendur að skóla, kýs bæjarstjórn eða sýslunefnd 2 nefndarmenn hlutbundinni kosningu á 1. fundi eftir kosningar. Ef 2 eða fleiri sýslur standa að sama skóla, kýs hver sýslunefnd 1 nefndarmann.

Kvenfélagasamband hlutaðeigandi kaupstaðar eða sýslu, sem hefur húsmæðrafræðslu á stefnuskrá sinni, kýs jafnmarga menn til sama tíma.

Fræðslumálastjórn skipar formann nefndarinnar.

5. gr.

Skólanefnd hefur eftirlit með hverjum húsmæðraskóla, undir umsjón fræðslumálastjórnar. Verkefni hennar er einkum:

a. að sjá um, að fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi til skólahalds;
b. að láta auglýsa lausar kennara- og skólastjórastöður og leitast við, ásamt fræðslumálastjórn, að fá hæfa menn í þær;
c. að láta fræðslumálastjórn í té rökstutt álit á umsækjendum um kennara- og skólastjórastöður ásamt tillögu um, hver skuli valinn, svo og vara- og þrautavara-tillögu, ef nægilega margir sækja um stöðurnar;
d. að sjá um, að skólinn hafi fullnægjandi kennslutæki og að þeim og öðrum munum skólans og skólahúsi sé haldið við á fullnægjandi hátt;
e. að annast fjárreiður skólans og gera áætlun um kostnað við skólahaldið fyrir hvert reikningsár hlutaðeigandi sveitarfélags, og senda hana í tæka tíð hlutaðeigandi sveitarstjórn og fræðslumálastjórn.

Verði ágreiningur milli sveitarstjórnar og skólanefndar um fjárframlög til skólahalds, sker fræðslumálastjórn úr.

Hlutverk skólanefndar skal nánar ákveðið í reglugerð og erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

II. KAFLI
Fjármál.

6. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélag leggur skólanum til ókeypis nægilegt land til starfsemi hans að dómi fræðslumálastjórnar.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að ¾ stofnkostnaðar, en ¼ greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Ef 2 eða fleiri sveitarfélög — eða hlutar úr þeim — standa að byggingu húsmæðraskóla, skiptist stofnkostnaðurinn á milli þeirra í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna. Nauðsynlegur húsbúnaður og áhöld teljast til stofnkostnaðar.

Íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks teljast til skólahúsnæðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Bújörð ásamt nauðsynlegum húsum til búskapar telst til stofnkostnaðar, ef bú er rekið í sambandi við skólann.

8. gr.

Nú er húsmæðraskóli rekinn í leiguhúsnæði, og greiðir ríkissjóður þá árlega hálfa húsaleigu, enda samþykki fræðslumálastjórn húsnæði og leigumála. Heimilt er skólanefnd með samþykki sveitarstjórnar og fræðslumálastjórnar að kaupa eldra húsnæði til húsmæðraskólahalds.

9. gr.

Fastir kennarar við húsmæðraskóla eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Annan rekstrarkostnað skólanna greiða hlutaðeigandi sveitarfélög, en ríkissjóður endurgreiðir fjórða hluta hans að fengnum skýrslum um fullnægjandi skólahald samkvæmt settum reglum og fyrirmælum.

Séu tvö eða fleiri sveitarfélög eða hlutar úr sveitarfélögum saman um húsmæðraskóla, skiptist rekstrarkostnaðurinn niður á sýslufélögin í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna.

10. gr.

Tölu fastra kennara í heimavistarskólum ber að miða við það, að 12—16 nemendur hið minnsta komi á hvern kennara, en 16—20 í heimangönguskólum.

11. gr.

Kennsla er veitt ókeypis, en nemendur greiða húsaleigu, sem ákveðin skal af fræðslumálastjórn í samráði við skólastjóra og skólanefnd.

12. gr.

Skólanefndir og skólastjórar annast fjárreiður og reikningshald skólanna. Sveitarfélög greiða framlög sín til skólans samkvæmt fjárhagsáætlun í byrjun hvers skólaárs eða með hlutfallslegri upphæð í byrjun hvers mánaðar þann tíma, er skólinn starfar. Ef fleiri en eitt sveitarfélag á að greiða kostnað af sama skóla, skal skólanefnd jafna honum á sveitarfélögin samkvæmt 9. gr. Ef ágreiningur verður út af skiptingu kostnaðar eða greiðslu, sker fræðslumálastjórn úr. Vangreidd gjöld sveitarfélaga innheimtir hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga eða sýslufélaga, og sendir skulu þeir fræðslumálaskrifstofunni.

III. KAFLI

Kennarar.

13. gr.

Til þess að verða settur kennari við húsmæðraskóla þarf kennarapróf í hússtjórn eða handavinnu, en til skipunar tveggja ára kennslu og meðmæli skólastjóra. Skólastjóri skal hafa kennt 3 ár hið minnsta.

Heimilt er þó við gildistöku þessara laga að setja eða skipa skólastjóra og kennara þá, sem kennt hafa 3 ár hið minnsta í húsmæðraskóla með góðum árangri, enda þótt þeir fullnægi ekki framangreindum skilyrðum.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa skólastjóra- eða kennarastöðu, skal þá fræðslumálastjórn leitast við að fá kennara, er hún treystir, og má að þremur árum liðnum skipa hann í stöðuna, ef hún telur hann starfinu vaxinn, enda komi meðmæli skólanefndar til.

14. gr.

Skylt er kennara að kenna allt að 36 kennslustundir á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 30, er hann verður 55 ára, og í 24, er hann verður 60 ára. Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skóla-

stjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Kennsluskylda skólastjóra skal ákveðin í reglugerð.

15. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórn að flytja kennara milli skóla, ef starf hans verður óþarft við þann skóla, er hann starfar við, eða aðrar knýjandi ástæður eru fyrir hendi. Ekki má lækka laun kennara eða skerða hlunnindi hans við slíka flutninga.

16. gr.

Þegar kennari hefur gegnt embætti í 10 ár, á hann rétt á ársorlofi frá kennslu með fullum launum, en síðan tíunda hvert starfsár. Orlofsárum skal hann verja til þroska og endurnýjunar kennarahæfni sinni. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

IV. KAFLI
Nemendur.

17. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði í húsmæðraskóla:

a. að nemandi sé fullra 18 ára fyrir næstu áramót;
b. sé óspilltur að siðferði;
c. hafi engan næman sjúkdóm;
d. hafi lokið unglingaprófi.

V. KAFLI
Um kennsluna.

18. gr.

Þessar greinar skulu kenndar í húsmæðraskólum:

A. Verklegar greinar: Matreiðsla, ræsting og þvottur, fatasaumur og handavinna, garðrækt, hirðing húsdýra og búsafurða, meðferð ungbarna.
B. Bóklegar greinar: Íslenzka, kristin fræði, uppeldisfræði og sálarfræði barna, manneldisfræði, efnis- og áhaldafræði, búreikningur, heilsufræði og þjóðfélagsfræði.

Heimilt er stjórnum skólanna að fjölga kennslugreinum að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar. Þá er og heimilt í húsmæðraskólum í kaupstöðum að sleppa hirðingu húsdýra og búsafurða, sé eigi annars kostur.

Nánari ákvæði um námsefni og próf skulu sett í reglugerð.

VI. KAFLI
Námsskeið.

19. gr.

Heimilt er með samþykki fræðslumálastjórnar að hafa sérstæða vefnaðardeild við húsmæðraskóla. Námstími þar skal vera 4 mánuðir hið minnsta. Námsskeið í öðrum verklegum greinum, er standa eigi skemur en 3 vikur, skulu styrkt á sama hátt og önnur kennsla í skólunum. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.

VII. KAFLI
Stjórn skólanna.

20. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirstjórn húsmæðrafræðslunnar. Heimilt er að ráða námsstjóra til leiðbeiningar og eftirlits með skólunum.

21. gr.

Skólastjóri og kennarafundur stýra starfi hvers skóla.

Fræðslumálastjórn setur skólastjórum erindisbréf og reglur um starfssvið kennarafundar.

22. gr.

Skólastjóri gerir ásamt skólanefnd tillögur til fræðslumálastjórnar um val kennara. Verði skólastjóri og skólanefnd ekki á eitt sátt, ber að líta á tillögur skólastjóra sem forgangstillögur.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Skólanefnd getur með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að bú skuli rekið í sambandi við húsmæðraskóla. Skal búið rekið sem sjálfseignarstofnun með hagsmuni skólans fyrir augum. Bústjóri skal ráðinn af skólanefnd í samráði við skólastjóra.

24. gr.

Ákvæði um leyfi, reglu, aga og fleira, er skólann varðar, skal setja í reglugerð, er fræðslumálastjórn staðfestir.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, og lög nr. 65 27. júní 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, svo og önnur ákvæði, sem koma í bág við þau.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af milliþinganefnd í skólamálum, sem var skipuð af þáverandi menntamálaráðherra 30. júní 1943 „til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera tillögur um skipun þeirra“. Menntamálanefnd flytur frv. að beiðni hæstv. menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv.

Frá milliþinganefnd í skólamálum fylgdi frv. eftirfarandi greinargerð:

Húsmæðrafræðslan á Íslandi sem skólanám er mjög ung. Fyrsti vísirinn til hennar var Ytri-Eyjarskóli undir stjórn Elínar Briem. Heimilin sjálf áttu að annast allan undirbúning konunnar undir hið þýðingarmikla starf móður og húsmóður. Íslenzkum konum er nú orðið það ljóst, svo að ekki er um deilt, að þennan undirbúning eru mörg heimilin ekki fær um að veita. Ber þar margt til, svo sem aukin menning og um leið auknar kröfur til alls heimilishalds og að það sé byggt á hagrænni og heilsufræðilegri þekkingu nútímans. Jafnframt eykst skilningurinn á því, að sökum fólksfæðar heimilanna sé nauðsynlegra en nokkru sinni áður, að störf þeirra séu leyst af hendi með kunnáttu, þannig að hvert verk krefjist sem minnstrar orku og tíma, en sé þó vel af hendi leyst. Á þessu tvennu er reist krafan um hússtjórnarnám fyrir sem flestar konur, og sé það nám byggt á unglingafræðslu í þessari grein, sem bæði piltar og stúlkur verði aðnjótandi í unglingaskólunum.

Húsmæðraskólarnir hafa orðið mjög vinsælir, og það hefur komið í ljós, að þörfin á þeim er svo mikil, að þeir skólar, sem nú eru til, fullnægja ekki nema svo sem ⅓ hluta eftirspurnarinnar. Þar eð skólar þessir eru svo ungir hér á landi og á engum erfðavenjum að byggja, eru þeir auðvitað enn á tilraunastigi. Hver skóli hefur að nokkru leyti þreifað sig áfram, án þess að skólarnir allir hefðu verulega fast, sameiginlegt form. Síðustu árin hafa skólarnir sjálfir gert nokkrar tilraunir til að kynnast og læra hver af öðrum, en jafnframt hefur krafan um samræmingu sífellt farið vaxandi hjá öllum aðstandendum þeirra. Var því sjálfsagt, að skólamálanefnd tæki samræmingu þessara skóla og samband þeirra við skólakerfi landsins inn í tillögur sínar.

Til grundvallar tillögum sínum hefur skólamálanefnd kynnt sér nákvæmlega fyrirkomulag og starf þessara skóla. Hún hefur fengið upplýsingar frá skólunum sjálfum og skólanefndum þeirra og frá heimilum og nemendum, sem notið hafa leiðsagnar skólanna. Þá hefur og verið náið samband á milli konu þeirrar, er í nefndinni situr, og kvenfélaga og kvenfélagasambanda, sem mest láta sig varða þessi mál eða hafa þau á stefnuskrá sinni. Hafa nefndinni borizt ýmsar tillögur frá þessum aðilum, og hefur verið reynt að taka fullt tillit til þeirra.

Um fyrirkomulag erlendra skóla og skipun þessara mála hjá nágrannaþjóðunum hefur nefndin aflað sér þeirra upplýsinga, er unnt var, af skólaskýrslum og námsskrám og með viðtali við ýmsar konur, er þar hafa stundað nám. Sérstaklega hefur frú Rannveig Kristjánsdóttir, matreiðslukennslukona, veitt nefndinni aðstoð við byggingu þess kerfis um húsmæðrafræðsluna, er hér liggur fyrir. Að því er útlent fyrirkomulag snertir, hefur nefndin valið úr það, sem henni virtist bezt hæfa íslenzkum staðháttum, en að öðru leyti reynt að byggja á þeirri reynslu, sem hér er fengin, og nema burt þá ágalla, sem fram hafa komið á fyrirkomulagi hinna íslenzku skóla.

Aðalbreytingin, sem gerð er á fyrirkomulagi húsmæðraskólanna með þessum lögum, er sú, að vefnaðarkennslan er greind frá hússtjórnar- og handavinnunáminu og ætluð sérstökum námsskeiðum. Ekki er gert ráð fyrir, að slík námsskeið verði við alla húsmæðraskólana, en þó engar skorður við því reistar, að þeim sé komið á, þar sem nægilegt húsnæði er fyrir hendi og önnur skilyrði. Vefnaðarkennsla er húsnæðisfrek, svo að taka verður sérstakt tillit til hennar, þegar húsmæðraskólarnir eru reistir.

Ástæðan til þess, að vefnaðurinn er greindur frá hússtjórnardeild skólanna, er sú, að það virðist að kalla einróma álit skólastjóra, kennara og skólanefnda við húsmæðraskólana, að of lítill tími sé ætlaður til hússtjórnar- og saumanáms, en ⅓ námstímans fer nú til vefnaðar. Að hinu leytinu er vefnaður svo erfið námsgrein, að hann lærist ekki að neinu ráði á þeim 9 vikum, sem honum eru yfirleitt ætlaðar í skólunum. Virðist því öllu námi skólanna heppilegast, að hann sé greindur frá því.

Þá er starfstími skólanna lengdur úr 7 mánuðum í 9 mánuði að jafnaði, en jafnframt er bætt við allmörgum námsgreinum, sérstaklega við sveitaskólana. Er þetta hvort tveggja gert samkvæmt tillögum sömu aðila og áður getur — og áskorunum frá kvenfélagasamböndum, sem sérstaklega láta sig varða húsmæðrafræðsluna. Álitið er óhjákvæmilegt, að skólarnir starfi vor og haust, svo að unnt sé að kenna garðrækt að vorinu og meðferð berja, grænmetis og sláturafurða að haustinu.

— — —

Um einstakar greinar frumvarpsins er þetta helzt að segja:

Um 1. gr.

Markmiði skólanna hefur verið lýst hér að framan, svo að greinin þarf ekki frekari skýringa við.

Um 2. gr.

Eins og nú standa sakir, hefur verið mikill skortur á húsmæðraskólum, og er bygging þeirra víða í undirbúningi. Þykir sjálfsagt að styðja að stofnun þeirra, eftir því sem þörf krefur.

Um 3. gr.

Með greiðri aðgöngu kvenna að almennum skólum þykir eigi ástæða til að hafa bóknámsdeild í húsmæðraskólum. Þykir hæfilegt að ætla því verklega námi, sem gert er ráð fyrir, 9—10 mánuði. Af þeim tíma eru 1—2 mánuðir ætlaðir til garðyrkjunáms og hirðingar húsdýra og búsafurða.

Um 4. gr.

Skipun skólanefndar þarfnast ekki skýringa, nema að því er varðar ákvæðið um rétt kvenfélagasambands hvers staðar til þess að kjósa mann í skólanefnd. Er ákvæðið sett til þess að tryggja íhlutunarrétt kvenna um stjórn þessara skóla, enda eru kvenfélagasamböndin víða aðili að stofnun skólanna.

Um 5. gr.

Verkefni skólanefnda eru í aðalatriðum hin sömu og skólanefnda barnafræðslu- og gagnfræðastigsins.

Um 6.—9. gr.

Vísast til greinargerðar um frumvarp til laga um gagnfræðanám, 55. og 56. gr.

Um 10. gr.

Í húsmæðraskólum koma nú sem næst 8—12 nemendur á hvern kennara. Stafar það að mestu af því, hve skólarnir eru litlir og aðbúðinni ábótavant. Nefndin leggur til, að vefnaðarnám verði greint frá hússtjórnarnáminu, skólar verði stærri og útbúnaður þeirra bættur til muna, og telur nefndin, að þess vegna megi ætla þann nemendafjölda á hvern kennara, sem í frumvarpinu greinir, og fer sú tala þó eftir stærð skólans.

Um 11. gr.

Í samræmi við núgildandi lög.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Samkvæmt frumvarpi þessu eru í húsmæðraskólunum tvær aðalnámsgreinar, hússtjórn og handavinna. Undirbúningstími til þess að verða kennari í þessum greinum á að verða svipaður. Þykir því rétt, að kennarar beggja greina hafi jafnan aðgang að skólastjórastöðum. Nauðsynlegt er, að skólastjóri hafi fengið nokkra reynslu sem kennari, áður en hann tekur við skólastjórn. Að öðru leyti vísast til greinargerðar um gagnfræðanám, 38. gr.

Um 14. gr.

Fjöldi kennslustunda á kennara er áætlaður nokkru hærri en kennara í bóklegum fræðum, þar eð verkleg kennsla mun krefjast að jafnaði minni undirbúnings og heimavinnu.

Um 15. og 16. gr.

Vísast til greinargerðar um gagnfræðanám, 40. og 41. gr.

Um 17. gr.

Talið er, að fullkominn árangur af námi í húsmæðraskóla fáist ekki, sé nemandinn yngri en 18 ára. Meira undirbúningsnám en unglingapróf þykir ekki rétt að heimta, þar eð mikils er um það vert, að einmitt þær stúlkur, sem ekki njóta framhaldsmenntunar eftir skyldunám, sæki húsmæðraskólana.

Um 18. gr.

Námsgreinar þær, sem hér eru taldar, eru allar nauðsynlegar miðað við þær kröfur, sem gera verður til nútíma húsmæðraskóla. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringa við.

Um 19. gr.

Greinin hefur áður verið skýrð í inngangi þessarar greinargerðar.

Um 20. gr.

Húsmæðraskólar í sveitum eru nú undir stjórn landbúnaðarráðuneytisins, en húsmæðraskólar í kaupstöðum undir stjórn menntamálaráðuneytisins. Telur nefndin eðlilegt, að allir þessir skólar séu undir stjórn sama ráðuneytis, menntamálaráðuneytisins, enda er það í samræmi við eindregnar óskir skólanna sjálfra.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Vísast til 34. gr. í greinargerð um frumvarp til laga um gagnfræðanám.

Um 23.—25. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Sþ. 191. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Gerðahrepp, Miðneshrepp og Grindavíkurhrepp.

Flm.: Ólafur Thors, Guðm. Í. Guðmundsson, Sigurður Thoroddsen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán, að upphæð allt að 450000 kr., sem Gerðahreppur tekur til þess að standast kostnað af innanhreppskerfi rafveitunnar, lán að upphæð allt að 480000 kr., er Miðneshreppur tekur í sama skyni, og lán að upphæð allt að 475000 kr., er Grindavíkurhreppur tekur einnig í sama skyni, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði hverrar veitu.

Greinargerð.

Með lögum nr. 52 3. marz 1945, um byggingu nokkurra raforkuveitna, var ríkisstjórninni heimilað að koma upp m. a. rafveitu, aðalorkuveitu, frá Hafnarfirði til Keflavíkur og Njarðvíkur, Grindavíkur-, Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppa.

Veitunni til Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppa og innan þessara hreppa er nú að verða lokið, en verið að kaupa inn efni til veitnanna til Grindavíkur-, Gerða- og Miðneshreppa og framkvæmd verksins sums staðar þegar hafin.

Ríkið kostar 30000 volta aðalorkuveitu um Reykjanesið, en hverjum hrepp er ætlað að standast kostnað af innanhreppskerfum. Er hér farið fram á, að ríkið taki ábyrgð á nauðsynlegum lánum, er Grindavíkur-, Gerða- og Miðneshreppur ætla að taka til þeirra þarfa, og er sú ábyrgð hliðstæð þeim ábyrgðum, sem ríkið hefur veitt fyrir tilsvarandi kostnaði hjá Keflavíkurhreppi og Njarðvíkurhreppi svo og hjá öðrum sveitarfélögum.

Upphæð ábyrgðar er miðuð við áætlanir Rafmagnseftirlits ríkisins á kostnaði við fyrirhugaðar framkvæmdir í Grindavíkur-, Gerða- og Miðneshreppi.

Rafmagnseftirlit ríkisins mun innan skamms einnig ljúka áætlunum um rafveitur um Hafnahrepp og Vatnsleysustrandarhrepp, og mun ríkisstjórnin væntanlega þegar að fengnum þeim áætlunum taka ákvörðun um það, hvort nota skuli

heimild þá, er veitt var með lögum nr. 52 3. marz 1945, um byggingu nokkurra rafveitna, að því er tekur til þessara veitna. Mun þá verða farið fram á, að ríkið taki einnig ábyrgð á lánum fyrir tilsvarandi rafveituframkvæmdum Hafnahrepps og Vatnsleysustrandarhrepps.

Nd. 192. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta, sem fjallar um afnám hinnar alkunnu 17. greinar jarðræktarlaganna, er flutt af þingmanni Dalamanna og hefur gengið í gegnum efri deild.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt frumvarpið, og mælir meiri hluti nefndarinnar með því, að það nái fram að ganga. — Sigurður Guðnason er frumvarpinu andvígur.

Alþingi, 19. nóv. 1945.

Jón Pálmason, form., frsm.	Bjarni Ásgeirsson, fundaskr., með fyrirvara.	Barði Guðmundsson, með fyrirvara.
Jón Sigurðsson.	Sigurður Guðnason.	

Ed. 193. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Eins og tekið er fram í greinargerð frv., flutti nefndin það að tillögu samgöngumálaráðherra, en nefndarmenn áskildu sér hins vegar rétt til að koma fram með breytingar við frv. eða fylgja fram komnum breytingum. Það var því óskað eftir því, að frv. yrði sent til nefndarinnar til frekari athugunar að lokinni 1. umræðu. Hefur nefndin tekið frv. fyrir á 8 fundum og rætt það mjög ýtarlega, borið það saman við gildandi lög um hafnir og lendingarbætur, svo og við þau frv. um sama efni, sem fram eru borin á þessu þingi. Hún hefur einnig rætt málið við samgöngumálaráðherra og vitamálastjóra.

Samkvæmt 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að hafnar- og lendingarbótastöðum sé skipað í 3 flokka, og er farið að mestu þar eftir því, sem gildandi lög kveða á um, þótt nokkuð sé vikið frá þeirri reglu. Nefndinni þykir þetta ekki heppilegt, m. a. vegna þess, að hún telur það ekki réttan mælikvarða á skiptingu kostnaðarins milli ríkissjóðs og hafnarsjóðs, hvort hafnarmannvirkin eru byggð í kaupstað eða í sjávarþorpi, enda hefur Alþingi vikið áður frá þeirri stefnu, t. d. í sambandi við Akranes, Neskaupstað og Ólafsfjörð, enda er nefndinni það ljóst, að sótt muni verða sí og æ um flutning hafnanna á milli flokka, til þess að koma samræmi á, og hefur þegar verið hafizt handa um það á þessu þingi um Seyðisfjörð og Vestmannaeyjar. Nefndin taldi því rétt að skipta hafnar- og lendingarbótastöðum í aðeins 2 flokka, þ. e. hafnargerðir og lendingarbætur. Með tilliti til þessa þótti nefndinni einnig rétt, að framlag til staða í lendingarbótaflokki takmarkaðist við einhverja hámarksupphæð, og að staðurinn flyttist í hafnargerðaflokkinn, þegar kostnaðurinn fer yfir það hámark.

Við flokkun á milli hafnargerða og lendingarbóta hefur nefndin haldið sér sem allra mest við þá reglu, sem nú gildir, og vill benda á, að röskun á henni mundi óhjákvæmilega framkalla margvíslegar kröfur um að færa staði, sem nú eru í hafnargerðaflokki, yfir í lendingarbótaflokk, og skapa þannig alls konar glundroða og misræmi í hafnarmálunum. Þá þótti nefndinni og rétt að setja Elliðaárvog í frv. sem sérstaka höfn, með því að samþykkt hafði verið áður á Alþingi, að sá staður skyldi hafa sérstöðu um framlag og ábyrgð, enda er á þennan hátt betur tryggður framgangur þessa máls en ef framkvæmdum þar yrði blandað saman við framkvæmdir Reykjavíkurhafnar. Þá þótti rétt að setja það nýmæli inn í frv., að styrkir og ríkisábyrgð skyldi niður falla, ef hafnarsjóðir eru þess megnugir að standa sjálfir undir nauðsynlegum framkvæmdum, og vegna þessa ákvæðis er þá einnig gert ráð fyrir nokkru ýtarlegri og ábyggilegri reikningsskilum hafnarsjóðs til ráðuneytisins en verið hefur. Nefndarmenn eru þó óbundnir í atkvæðagreiðslu um þennan lið. Þá er einnig gerð nokkru nánari skilgreining á rétti hafnarsjóðs til þess að taka gjöld af einkaeignum innan hafnarinnar en verið hefur.

Með tilvísun til þessa leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „í þeim hlutföllum, sem segir í lögunum, enda sé áætlun um hafnargerðina eða lendingarbæturnar samþykkt“ í 1. málsgr. komi: og í þeim hlutföllum, sem þau ákveða, enda séu áætlanir um framkvæmdir allar samþykktar.
   b. Síðari málsliður 2. mgr. orðist svo: Ef slík lán eru tekin erlendis, skal það gert í samráði við ráðuneytið, og er óheimilt að leita eftir slíku láni, nema samþykki ráðuneytisins komi til.
   c. Á eftir orðinu „dýpkanir“ í síðustu málsgr. komi: uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar og innsiglingarmerki.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   A. Ríkissjóður greiðir ⅖ af kostnaði við hafnargerð eftirtalinna staða, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á ⅗ af kostnaði við hafnargerðina, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.:

1. Akranes.	20. Ingólfsfjörður.
2. Akureyri.	21. Ísafjörður.
3. Bíldudalur.	22. Keflavík.
4. Bolungavík.	23. Neskaupstaður.
5. Borgarnes.	24. Ólafsfjörður.
6. Búðareyri í Reyðarfirði.	25. Ólafsvík.
7. Búðir í Fáskrúðsfirði.	26. Patreksfjörður.
8. Dalvík.	27. Raufarhöfn.
9. Djúpavík í Reykjarfirði.	28. Reykjavík.
10. Elliðaárvogur við Reykjavík.	29. Sauðárkrókur.
11. Eskifjörður.	30. Seyðisfjörður.
12. Flateyri í Önundarfirði.	31. Siglufjörður.
13. Grafarnes í Grundarfirði.	32. Skagaströnd.
14. Hafnarfjörður.	33. Stykkishólmur.
15. Hofsós.	34. Suðureyri, Súgandafirði.
16. Hrísey.	35. Vestmannaeyjar.
17. Hólmavík.	36. Þingeyri, Dýrafirði.
18. Húsavík.	37. Þórshöfn.
19. Höfn í Hornafirði.	

   B. Ríkissjóður greiðir helming kostnaðar við að gera lendingarbætur á eftirtöldum stöðum, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heim-

ilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á hinum helmingnum af kostnaðinum við lendingarbæturnar, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.:

1. Arnarstapi.
2. Bakki í Arnarfirði.
3. Blönduós.
4. Borgarfjörður eystra.
5. Breiðdalsvík.
6. Búðardalur.
7. Djúpivogur.
8. Eyrarbakki.
9. Flatey á Breiðafirði.
10. Flatey á Skjálfanda.
11. Fjörður í Múlahreppi.
12. Gerðar í Garði.
13. Grímsey.
14. Grunnavík.
15. Hafnir.
16. Hellissandur.
17. Hellnar á Snæfellsnesi.
18. Hnífsdalur.
19. Hvalsker í Patreksfirði.
20. Hvammstangi.
21. Höfn í Bakkafirði.
22. Járngerðarstaðir.
23. Kópasker.
24. Króksfjarðarnes.
25. Látrar í Aðalvík.
26. Látravík í Rauðasandshreppi.
27. Sandgerði.
28. Selárdalur.
29. Skálar á Langanesi.
30. Skarðsstöð.
31. Skipavík.
32. Stokkseyri.
33. Stöðvarfjörður.
34. Súðavík í Álftafirði.
35. Sæból í Aðalvík.
36. Tálknafjörður innan Sveinseyrar.
37. Vattarnes eystra.
38. Vogar.
39. Vopnafjörður.
40. Þorkötlustaðir í Grindavík.
41. Þorlákshöfn.
42. Örlygshöfn í Patreksfirði.

Fari heildarkostnaðaráætlun lendingarbóta, sem hér eftir verða gerðar á einhverjum stað, yfir 800 þúsund krónur, skal staðurinn teljast, að svo miklu leyti sem þar er umfram, til hafnar undir A-lið þessarar greinar, og fá eftir það styrk og ábyrgð samkvæmt því.

3. Við 9. gr.
   a. Aftan við 3. mgr. bætist: ef þau standa á lóðum hafnar- eða lendingarbótasjóðs eða njóta hlunninda af hafnargerðinni, svo sem vegna byggingar hafnargarða, dýpkana eða annarra hafnarmannvirkja.
   b. Á eftir 3. mgr. komi 2 nýjar mgr., er hljóði svo:
      1. Af hafnarmannvirkjum einstaklinga eða félaga má engin önnur gjöld taka í hafnar- eða lendingarbótasjóð, án samþykkis hlutaðeigenda, en náist ekki samkomulag, er aðila skylt að láta mannvirkin af hendi samkvæmt ákvæðum 4. gr. þessara laga.
      2. Heimilt er að innheimta gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs, þegar byrjað er á framkvæmdum hafnarmannvirkja.
4. Við 14. gr.
   a. Framan við greinina komi ný málsgr., er orðist svo:
      Halda skal reikning yfir allar tekjur og öll gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs.
   b. Aftan við 1. mgr. bætist: á sérstök eyðublöð, er ráðuneytið lætur gera fyrir hafnar- og lendingarbótasjóði.
   c. Aftan við síðustu mgr. komi: og skal jafnan senda ráðuneytinu afrit af reikningunum þannig.
5. Á eftir 14. gr. kemur ný grein, sem verður 15. gr. (og breytist greinatalan samkv. því):
   Nú eru eignir og tekjur hafnar- eða lendingarbótasjóðs það miklar, að þær geta að dómi ráðuneytisins staðið undir nauðsynlegum framkvæmdum nýrra

hafnarmannvirkja, auk rekstrargjalda, og ber ríkissjóði þá ekki að greiða styrk til framkvæmdanna né ábyrgjast lán til þeirra.

Alþingi, 20. nóv. 1945.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Eiríkur Einarsson, með fyrirvara.
Steingr. Aðalsteinsson. Ingvar Pálmason.

Nd. 194. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Innri Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Á eftir 1. málslið komi: enda liggi fyrir yfirlýsing hreppsnefndarinnar um, að hreppurinn skuldbindi sig til, ef hann selur jörðina, að tryggja það, að jörðin verði gerð að ættaróðali.

Ed. 195. Frumvarp til laga

um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Til þess að varna yfirvofandi, stórfelldum skemmdum af ágangi vatns úr Héraðsvötnum á undirlendi Skagafjarðar vestan Vatna skulu gerðar fyrirhleðslur með nauðsynlegum flóðgáttum.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað af fyrirhleðslunni og öðrum framkvæmdum en flóðgáttum að ⅞ hlutum, en sýslufélag Skagafjarðar annast um greiðslu ⅛ hluta. Kostnaður af flóðgáttum greiðist af ríkissjóði að ¾ hlutum, en sýslufélaginu að ¼ hluta. Viðhald mannvirkja þeirra, sem þegar eru gerð og gerð verða samkvæmt lögum þessum, greiðist einnig af áðurnefndum aðilum og í sömu hlutföllum.

3. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist heimild til að jafna niður að einhverju eða öllu leyti þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að annast um greiðslu á samkv. 2. gr., á þær jarðir, sem eiga lönd, hús og mannvirki í hættu, ef Héraðsvötnin brytust vestur í Svartá og norður Vallhólminn. Við niðurjöfnun þessa skal aðallega miðað við fasteignamat þeirra landa, húsa og annarra mannvirkja, sem hættan vofir yfir.

4. gr.

Sýslunefndin kýs 3 óvilhalla menn til að kveða á um, hvaða jarðir falli undir ákvæði laga þessara, og semja gjaldskrá, er sýni hundraðshluta hverrar jarðar í fyrirhleðslukostnaðinum. Eigendur þeirra jarða, sem matsgerð þessi tekur til, geta krafizt yfirmats. Í yfirmat dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn. Gjaldskrána skal endurskoða á 10 ára fresti.

5. gr.

Gjald það, sem jafnað er niður á jarðirnar samkv. 3. gr., greiðist af jarðareigendum. Nú er gjaldið ekki greitt af jörð, svo sem sýslunefnd hefur áskilið, og getur hún þá látið fara fram fjárnám í jörðum til lúkningar skuldinni.

6. gr.

Ríkisstjórnin sér um byggingu og viðhald þeirra mannvirkja, er um ræðir í 1. gr.

7. gr.

Bætur fyrir landspjöll við framkvæmd fyrirhleðslunnar eða spjöll, sem sannað þykir, að fyrirhleðslan hafi beinlínis valdið, skal telja með kostnaði við verkið. Má ákveða slíkar skaðabætur eftir samkomulagi milli landeigenda og umboðsmanna stjórnarvalda þeirra, er bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, enda sé um verulegt tjón að ræða, og skal þá ákveða bætur eftir mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Skal að öðru leyti fara um framkvæmd og greiðslu skaðabóta svo sem fyrir er mælt í vatnalögunum frá 20. júní 1923.

8. gr.

Heimilt er sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að fela framkvæmdir þær, er um ræðir í 3. og 5. gr., félagi, sem hefur það markmið að vinna að fyrirhleðslu Héraðsvatna og í eru jarðeigendur þeir, er lög þessi taka sérstaklega til, enda starfi félagið samkvæmt samþykkt, er ráðherra staðfestir. Skylt er félaginu að taka að sér áðurgreindar framkvæmdir, ef sýslunefndin óskar þess.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, allt að 1000 kr., og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kostnaður sá vegna fyrirhleðslu Héraðsvatna, sem unnin var á síðastliðnu hausti að forsögn vegamálastjóra, greiðist á sama hátt sem fyrir er mælt í 2. gr.

Sþ. 196. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á láni til vatnsveitu Stykkishólms.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast 500 þús. kr. lán, er Stykkishólmshreppur tekur til vatnsveitufranikvæmda.

Greinargerð.

Eitt mesta vandamál Stykkishólmshrepps er vatnsveitumálið. Neyzluvatn þar fæst aðeins úr brunnum og er mjög gallað. Auk þess er vatnsskortur mikill í kauptúninu, einkum að sumarlagi. Var gerð grein fyrir þessu máli og rannsóknum á vatninu í greinargerð fyrir þingsályktunartillögu um vatnsveitur, er við hv. þm. Vestm. fluttum á síðasta þingi og náði samþykki. (Sjá Alþt. 1944, A. bls. 1237—1240.)

Við meðferð fjárlaga á síðasta þingi flutti ég 2 tillögur um stuðning við vatnsveitu Stykkishólms, aðra um styrk, hina um ríkisábyrgð. Hvorug tillagan hlaut samþykki. Málinu var samt haldið vakandi, og leituðu hreppsnefnd og þingmaður kjördæmisins nú aðstoðar Nýbyggingarráðs. Brást ráðið fljótt og vel við, taldi, að hér væri um slíkt nauðsynjamál að ræða, að rétt væri að veita því liðsinni. Valdi Nýbyggingarráð þá leið að rita flokksstjórnum allra þingflokkanna fjögurra og fara fram á, að flokkarnir gæfu fyrirheit um stuðning við ríkisábyrgð fyrir ½ millj. kr. láni til vatnsveitunnar. Brugðust allir flokkar vel við málaleitan ráðsins, og í júnílok lá fyrir samþykki þeirra allra. Var nú hafizt handa um undirbúning verksins og pantaðar pípur og annað efni til veitunnar.

Málinu er því vel á veg komið fyrir ágætan atbeina Nýbyggingarráðs.

Tillaga þessi er flutt til að fá formlega staðfestingu á fyrirheitinu um ríkisábyrgð.

Nd. 197. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Jóni Pálmasyni og Sigurði Guðnasyni.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Fyrsta grein laganna orðist á þessa leið:

Greiða skal árlega ½% gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Skal gjaldið reiknast af því verði, sem framleiðendum er greitt á hverjum tíma.

Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarbanka Íslands, er hefur á hendi stjórn hans og reikningshald.

Fé sjóðsins skal um næstu 10 ár skipt á milli búnaðarsambanda landsins í réttu hlutfalli við það, sem framlög reynast úr viðkomandi héruðum. Skulu samböndin verja þessu fé til jarðræktar og annarra félagslegra framkvæmda á sambandssvæðinu, eftir því sem aðalfundur ákveður á hverjum tíma.

Sþ. 198. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á því, hvernig bátaflota landsmanna verði tryggð aðstaða til viðlegu um vertíðir og vermönnum viðunandi aðbúnaður.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við Fiskifélag Íslands að rannsaka, hverra ráðstafana muni þörf til þess að tryggja bátaflota landsmanna viðunandi aðstöðu til viðlegu um vertíðir og vermönnum viðunandi aðbúnað.

Greinargerð.

Á því hefur borið undanfarið, að skortur hefur verið viðhlítandi aðstöðu til viðlegu um vertíðir fyrir bátaflota landsmanna. Nú stendur fyrir dyrum nokkur aukning bátaflotans, og eru þeir bátar, sem menn nú kaupa, tvímælalaust flestir ætlaðir til útróðra á vetrum frá aðalverstöðvum landsins. Er fyrirsjáanlegt, að vandkvæði í þessum efnum aukast verulega, nema leitað sé skipulegra úrræða til bóta. Ef takast á að bæta úr í tæka tíð, þarf vafalaust að byggja framkvæmdir á staðgóðri þekkingu á því, hvernig ástatt er, og þeim möguleikum, sem fyrir hendi

eru til framkvæmda. Hér kemur fleira en eitt til greina, hafnarbætur, verbúðabyggingar o. fl. Virðist flutningsmanni þörf á því, að áætlun sé gerð um þessi efni og að menn geri sér grein fyrir því þá um leið, hvaða framkvæmda í þessa átt sé að vænta af hendi einstakra héraða, einstakra manna eða félaga, enda kæmi þá í ljós, hvað hið opinbera yrði að aðhafast til þess að ná því marki, sem sett er í þingsályktunartillögunni.

Flutningsmanni virðist eðlilegast, að Fiskifélagi Íslands væri falið að framkvæma nú þegar athugun á þessu máli og gera um það álit og tillögur, sem síðan kæmu til kasta ríkisstjórnar og Alþingis. Það er hins vegar tæpast viðeigandi, að Alþingi feli Fiskifélagi Íslands með ályktun slíkt verkefni, og því er lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að fara með málið í samráði við Fiskifélag Íslands.

Hefur þá verið gerð grein fyrir þeirri hlið tillögunnar, sem veit að aðstöðu til viðlegu fyrir bátaflotann, og skal vikið nokkuð að hinni hlið tillögunnar, sem snýr að aðbúnaði vermanna.

Þeir, sem kunnugir eru í verstöðvum landsins, vita það, að aðbúnaður vermanna er víða alveg óviðunandi. Húsakynni þröng og ill. Samkomustaðir lélegir eða engir. Mun yfirleitt brýn nauðsyn á því, að úr verði bætt í þessum efnum. Þykir flm. ástæða til, að þetta sé athugað um leið og gerð væri áætlun um þær framkvæmdir, sem gera þyrfti til þess að tryggja bátaflotanum viðlegupláss. Við þá athugun kæmi væntanlega í ljós, hvort þörf væri sérstakra afskipta af hálfu hins opinbera um þessa hlið málsins og þá hverra.

Nánar í framsögu.

Sþ. 199. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Akraneskaupstað.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 1200 þús. kr. lán, sem Akraneskaupstaður tekur til þess að standast kostnað við innanbæjarkerfi rafveitunnar, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði við verkið.

Greinargerð.

Bæjarstjóri Akraneskaupstaðar hefur fyrir hönd bæjarstjórnar óskað eftir, að ég aflaði á Alþingi heimildar handa ríkisstjórninni til þess að taka ábyrgð á allt að 1200 þús. króna láni, sem bærinn þarf að fá til þess að koma upp rafveitukerfi innanbæjar, sem tekið verður í notkun, þegar lokið er virkjun Andakílsár, sem hafin var á s.l. vori og gert er ráð fyrir, að verði tiltæk til notkunar í árslok 1946.

Eins og kunnugt er, stendur Akraneskaupstaður ásamt Mýra- og Borgarfjarðarsýslum að Andakílsárvirkjuninni. Verkefni þessa félagsskapar er að byggja aflstöðina við Andakílsá, háspennulínur og aðalspennistöðvar á Akranesi og í Borgarnesi ásamt nokkrum lágspennulínum í námunda við þessa staði og út frá háspennulínunni. En hins vegar verður Akraneskaupstaður og Borgarneshreppur að byggja og reka innanbæjarkerfin hver fyrir sig. Er þetta ástæðan til þess, að Akraneskaupstaður sækir í eigin nafni um ábyrgð þá, sem hér um ræðir.

Bæjarstjóri hefur leitað til rafmagnseftirlits ríkisins um leiðbeiningar og tillögur um byggingu innanbæjarkerfisins og aðstoð um efnisútvegun í kerfið. Enn fremur hefur rafmagnseftirlitið gert áætlun um kostnað við þetta verk. Hefur Ólafur Tryggvason rafmagnsfræðingur annazt þetta fyrir eftirlitið. Er bréf rafmagnsfræðingsins um þetta efni til bæjarstjórans prentað sem fylgiskjal með þessari greinargerð.

Fylgiskjal.

20. október 1945.

Rafveita Akraness. — Yfirlit um áætlanir og undirbúning að innanbæjarveitunni.

Með bréfi, dags 31. marz þ. á., sendi ég yður fyrstu áætlun um innanbæjarveitu Akraness ásamt teikningum, sem sýndu fyrirhugað fyrirkomulag veitunnar. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir 5 spennistöðvum til að byrja með. Í þremur þessara stöðva er reiknað með 2 spennum í hverri stöð, eða samtals 8 spennum í 5 stöðvum. Nokkru eftir að þessi áætlun var gerð, var í samráði við yður og bæjarráð ákveðið að bæta strax við einni spennistöð, fyrir Slippinn. Spennistöðvarnar hafa því verið ákveðnar 6 að tölu til að byrja með, með samtals 9 spennum, 300 kVA að stærð hverjum. Teljandi breytingar á fyrirkomulagi innanbæjarveitunnar hafa ekki komið til greina síðan.

Tilhögun bæjarveitunnar er sýnd í aðalatriðum á þremur teikningum, nr. 1, 2a og 3. Með þeirri tilhögun, sem þar er sýnd, verður m. a., eins og áður hefur verið bent á, hægt að tengja spennistöðvarnar saman í hring háspennumegin, en á þann hátt fæst hringkerfi, sem eykur rekstraröryggi kerfisins og kemur í veg fyrir rekstrarstöðvanir, þótt einhver strengjanna í háspennukerfinu bili.

Eins og getið var um í fyrrnefndu bréfi frá 31. marz s.l., er mikill hluti núverandi loftlínukerfis á Akranesi þannig, að ekki er fært að byggja á því nýtt riðstraumskerfi fyrir bæinn. Af þessum ástæðum er ekki gert ráð fyrir að hagnýta nema lítinn hluta hins gamla kerfis. Þar sem ekki verður komizt hjá því að byggja að mestu nýtt lágspennukerfi, mælir margt með því að setja jarðstrengi í stað loftlína, enda þótt jarðstrengjakerfi sé að vísu nokkru dýrara til að byrja með en tilsvarandi loftlínukerfi. Þær ástæður, sem einkum réðu því, að valið hefur verið jarðstrengjakerfi, eru, eins og fyrr hefur verið getið um, þessar:

1. Gera má ráð fyrir, að loftlínukerfi endist illa á Akranesi, einkum vegna sjávarseltu. Er því hætta á óeðlilega miklum viðhaldskostnaði og tilfinnanlegum rekstrartruflunum í loftlínukerfi.
2. Á Akranesi virðist haga sérstaklega vel til með jarðstrengjalagningu, þar sem jarðvegur er sandborinn og því talið auðvelt um gröft þar.
3. Rekstraröryggi jarðstrengjakerfis er meira en loftlínukerfis, jafnframt því að viðhaldskostnaðurinn er miklu minni.
4. Með jarðstrengjakerfi er enn fremur komizt hjá þeirri óprýði og þeim óþægindum, sem að öðru leyti stafa jafnan af loftlínukerfi.

Að þessu og öðru athuguðu hefur verið ákveðið að hafa að mestu jarðstrengi í lágspennukerfinu, nema á örfáum stöðum, þar sem loftlínur eru það góðar, að ekki er endurnýjunar þörf á næstunni.

Að loknum nauðsynlegum teikningum og útboðslýsingum, var, eins og yður er kunnugt, leitað tilboða í efni til bæjarveitunnar um mánaðamótin maí-júní s.l. Ég sendi útboðslýsingar á spennistöðvaefni til Bandaríkjanna, Englands, Svíþjóðar og Danmerkur og leitaði tilboða í jarðstrengi í Englandi, Svíþjóð og Danmörku. Um útboð á þessu og öðru efni til innanbæjarveitunnar má að öðru leyti vísa til bréfs til yðar, dags. 31. maí þ. á.

Seinni hluta sumars og í haust hafa mér verið að berast tilboð í efni til veitunnar. Með bréfum, dags. 6. sept. og 6. okt. s.l., hef ég skýrt yður frá þeim tilboðum, sem borizt hafa til þessa. Samkvæmt þessum tilboðum kemur eins og nú standa sakir aðeins til greina að kaupa jarðstrengi frá Englandi. Hagkvæmustu tilboð til þessa í spennistöðvaefni hafa hins vegar borizt bæði frá Englandi og Danmörku. Að öllu athuguðu hef ég því mælt með því að kaupa jarðstrengi samkvæmt lægsta tilboði í Englandi, en háspennuvirki og spenna frá tilteknu firma í Englandi og lágspennuvirki frá Danmörku.

Með því að nú hefur verið ákveðið, hvaða tilboðum skuli taka í verulegan hluta af efni til innanbæjarveitunnar, þ. e. spennistöðvaefni og jarðstrengi, hef ég

nýlega endurskoðað hina fyrstu áætlun frá 31. marz s.l. með hliðsjón af fengnum tilboðum. Þessa endurskoðuðu áætlun hef ég sent yður með bréfi, dags. 9. þ. m. Komizt er þar að þeirri niðurstöðu, að hin fengnu tilboð gefi ekki tilefni til verulegra breytinga frá fyrstu áætlun. Eins og segir í fyrrnefndu bréfi til yðar þ. 9. þ. m., eru helztu niðurstöðutölur síðustu áætlunar þessar:

I. **Háspennukerfi og spennistöðvar.**		
6 spennistöðvar (þar af 3 stöðvar með 2 spennum hver) Jarðstrengjakerfi	kr.	710000.00
II. **Lágspennukerfi.**		
Aðallínur, heimtaugar, stofnvör, mælar o. fl.	—	712000.00
Samtals	kr.	1422000.00

Stofnkostnað aðalspennistöðvarinnar hef ég ekki tekið með hér, vegna þess að mér er skýrt svo frá, að hann sé reiknaður með í stofnkostnaði Andakílsárvirkjunarinnar.

Það skal tekið fram, að framangreindri áætlun kann að verða breytt lítið eitt, þegar endanlega hefur verið gengið frá kaupum á öllu efni til innanbæjarveitunnar, en enn þá hefur ekki fengizt endanleg staðfesting frá firmunum á öllum tilboðum, sem miðað er við í áætluninni.

Virðingarfyllst.

Ólafur Tryggvason.

Herra bæjarstjóri Arnljótur Guðmundsson, Akranesi.

Ed. 200. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og lög nr. 114 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Aftan við 14. gr. l. nr. 98 1940 (áður 11. gr.) komi 6 nýjar greinar svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkv. því):

a. (15. gr.) Jarðboranir, er ná dýpra en 10 metra, má eigi framkvæma án leyfis ráðherra. Skal leyfi til þeirra eigi veitt, ef hætta kann að þykja á því, að með því sé spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns, er þegar er hafin, eða hagnýtingu jarðhita þar síðar meir, enda sé þessi hagnýting jarðhitans að mun verðmeiri en sú hagnýting, sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun.
b. (16. gr.) Nú valda jarðboranir öðrum mönnum tjóni, svo sem því, að jarðhiti minnkar í fasteign annars manns, og er þá þeim, er framkvæma lætur jarðborunina, skylt að bæta það tjón. Ef ástæða þykir til að ætla, að tjón það, er jarðborun hefur í för með sér, sé mun meira en hagnaður sá, sem af henni verður, má krefjast þess, að hætt sé við borunina og öllu komið í samt lag og áður, eftir því sem unnt er.
c. (17. gr.) Við allar jarðboranir dýpri en 10 m skal halda dagbækur, er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna og hve mikið, svo og hvað annað, sem ráðherra fyrirskipar að færa í dagbók.
d. (18. gr.) Eigandi jarðhita, sem telur hættu á því, að jarðhiti hans hverfi eða minnki við jarðboranir hjá öðrum, getur krafizt þess, að honum sé tilkynnt,

þegar er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu, svo að honum gefist kostur á að ganga úr skugga um, hvort breyting hafi orðið á jarðhita hans, enda tilkynni hann hinum þegar, ef svo er.

e. (19. gr.) Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 kr.

f. (20. gr.) Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra lögreglumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú á tímum mætti öllum vera orðið það ljóst, hversu miklu máli hagnýting jarðhita hér á landi skiptir og mun skipta um hag þjóðarinnar. Er hitaveita Reykjavíkur og hin mikla notkun hverahita í gróðurhúsum næg sönnun þess. Er því næsta áríðandi, að farið sé svo með þessar auðlindir, að þess sé gætt sem bezt, að þær komi að sem mestum notum, ekki aðeins fyrir einstaklinga, er nota þær, heldur og fyrir þjóðarheildina. En eftir því sem lögum um þetta efni er nú varið, brestur nokkuð á, að það sé fyllilega tryggt. Um þetta gilda nú lög nr. 98 14. maí 1940 og lög nr. 114 30. des. 1943, og heimila þau landeiganda hagnýtingu jarðhitans með nokkrum takmörkunum, en ýmis ákvæði vantar þar, sem nauðsynlega þurfa að vera í slíkum lögum, bæði um eftirlit af hálfu hins opinbera, skaðabótarétt, viðurlög o. fl., og því er frv. þetta flutt.

Í 1. gr. a-lið er mælt svo fyrir, að leyfi ráðherra þurfi til jarðborana dýpra en 10 metra. Ástæðan til þess er sú, að hætta getur verið á því, að jarðboranir spilli hagnýtingu jarðhitans. Getur það t. d. orðið þannig, að sá, er bora lætur, svipti nágranna sína heitu vatni, eða jafnvel að ný jarðborun valdi því, að heitt vatn tapist með öllu. En á þessu er lítil hætta fyrr en borað er dýpra en 10 metra, samkv. reynslu þeirri, er fékkst við boranir að Reykjum í Mosfellssveit. Sýnist full ástæða til að tryggja eftirlit ríkisvaldsins með slíkum aðgerðum og binda þær því skilyrði, að leyfi til þeirra sé fengið, áður en verkið er hafið. Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

1. gr. b-liður mælir fyrir um bætur fyrir skaða, er verða kann af jarðborunum, og er ákvæðið í samræmi við almennar reglur um skaðabætur. Það getur verið nauðsynlegt að loka aftur borholu, sem tekið hefur heitt vatn frá nærliggjandi hitasvæði, þegar tjónið þar verður meira en árangurinn af hinni nýju jarðborun, og er því óhjákvæmilegt að setja um það ákvæði í lög, eins og þarna er lagt til.

Jarðboranir eftir heitu vatni geta leitt í ljós margvíslegan fróðleik um gerð og legu jarðlaganna, sem síðar má að gagni koma og getur sparað fyrirhöfn og kostnað við framkvæmdir í framtíðinni. C-liður 1. gr., um að dagbækur skuli halda við meiri háttar jarðboranir, hefur að geyma eðlileg fyrirmæli um þetta.

D-liður 1. gr. er settur til öryggis eigendum og umráðamönnum jarðhita, svo að þeir geti gætt réttar síns í tíma, ef ætla má, að hætta stafi af framkvæmdum í nágrenninu.

Önnur ákvæði frv., sektarákvæði og ákvæði um málsmeðferð þarfnast ekki skýringar. Í núgildandi lögum eru ýmiss konar bönn, sem eru þýðingarlaus, þar sem viðurlagaákvæðin vantar.

Frv. þetta er samið að tilhlutan bæjarráðs Reykjavíkur og flutt samkv. ósk þess.

Sþ. 201. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerð á Hvítá hjá Iðu.

Flm.: Eiríkur Einarsson, Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja undirbúning til brúargerðar á Hvítá hjá Iðu í Biskupstungnahreppi. Skal brúin síðan reist eigi síðar en svo, að hún verði fullgerð á árinu 1947.

Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt til nauðsynlegrar áréttingar þingsályktun sameinaðs Alþingis frá 6. febr. þessa árs, þar sem heimiluð er greiðsla úr ríkissjóði til brúargerðar hjá Iðu, en miðað við hagnýtingu hinnar gömlu Ölfusárbrúar og flutning á Iðubrúarstæðið. Rannsókn sú, sem gert er ráð fyrir í nefndri þingsályktun, um notagildi hinnar gömlu brúar til endurbyggingar þar efra, hefur nú leitt í ljós, að brúin sé óhæf til þeirra nota. Er því ekki annað að gera en leita á ný samþykkis Alþingis fyrir því, að þessi brú verði gerð, svo fljótt sem auðið er, án skilyrðis um, hvort gamalt eða nýtt efni skuli til hennar notað.

Um hina knýjandi nauðsyn Iðubrúarinnar er óþarft að fjölyrða hér. Það mál hefur fyrr verið rætt á Alþingi, og sú nauðsyn er viðurkennd af Alþingi sjálfu. Þeir, sem heima eiga í þeim breiðu byggðum, sem brúnni er ætlað að tengja saman, hafa kallað ferjuna með áskorunum sínum, og svo langt sem málum er komið hefur Alþingi tekið óskum þeim með skilningi. Eru ástæður og þarfir óbreyttar: Læknissókn úr 3 fjölmennum hreppum yfir hina miklu jökulá, er seint mun láta af duttlungum sínum, að vera ófær oft og einatt, er mest liggur við. Í engu læknishéraði landsins mun svo fjölmennt hérað eiga jafnilla aðstöðu, unz úr verður bætt. — Auk þessa eru uppsveitir Árnessýslu þeim kostum gæddar af náttúrunnar hendi, að Suðurlandssvæðið mundi finna þar hjartastað sinn, er slík samgöngubót væri fengin. Í þessu sambandi er hinn fyrirhugaði bændaskóli í Skálholti einnig sérstök hvöt til framkvæmdanna.

Ástæða er til að geta þess hér, að við athuganir og undirbúning vegamálastjórnarinnar, er lýtur að nýjum brúargerðum, er upplýst, að á Iðu mundi henta sama lengd og gerð brúar og á Jökulsá á Fjöllum, en til þeirrar brúar munu þegar hafa verið fest efniskaup erlendis. Er því víst, að nokkur sparnaður og hagræði yrði að því að láta þær tvær fylgjast að í kaupum, enda má ætla, að vegamálastjórnin hafi tekið slíkt til gaumgæfilegrar athugunar.

Smíði hinnar nýju Ölfusárbrúar er sem kunnugt er að verða lokið, og er þá fyrir hendi mikið timbur til steypumóta og fleira, er að gagni má verða við aðra brúargerð. Allt slíkt ætti að flytjast að Iðu og mundi stórauðvelda það, sem þar á að gera.

Samkvæmt því, er hér hefur verið drepið á, koma sparnaðarástæður einnig til greina, er styðja að því, að hin umrædda brúarsmíð á að hefjast án undandráttar, til þess að sú aðstaða geti notazt, sem nú er fyrir hendi, til hagræðis á ýmsa lund og hefur áhrif á kostnað við brúargerðina. Framkvæmd þessa verks verður hvort sem er ekki slegið á frest.

Ed. 202. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 27. júní 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. nóv. 1945.

Kristinn E. Andrésson, form. Eiríkur Einarsson, fundaskr., frsm. H. Guðmundsson.
Jónas Jónsson. Magnús Jónsson.

Nd. 203. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Í stað orðanna „til ársloka 1946“ í ákvæði til bráðabirgða í lögunum, sbr. lög nr. 15 24. marz 1944, komi: til ársloka 1948.

Ed. 204. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt án breytinga, eins og það liggur nú fyrir eftir samþykkt þess í Nd.

Alþingi, 22. nóv. 1945.

Eiríkur Einarsson, form., frsm. Ingvar Pálmason, fundaskr. Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 205. Breytingartillaga

við frv. til l. um aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1945.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 4. gr. Á eftir 2. málsl. kemur: Nú sækir hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð um lán eftir lögum þessum, og skal þá setja það skilyrði fyrir lánveitingunni, að eigendur taki persónulega ábyrgð á láninu í hlutfalli við hlutafjáreign eða stofnfjáreign þeirra í félaginu, nema aðrar fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir láninu.

Ed. 206. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1938, um húsmæðraskóla í sveitum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. nóv. 1945.

Kristinn E. Andrésson, form. Eiríkur Einarsson, fundaskr. Jónas Jónsson, frsm.
Magnús Jónsson. H. Guðmundsson.

Nd. 207. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1935, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt þetta frv. og ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Tveir nefndarmanna, Bjarni Ásgeirsson og Jón Sigurðsson, vilja samþykkja frumvarpið óbreytt, enda eru þeir flutningsmenn málsins. Barði Guðmundsson mætti ekki á fundi, er málið var afgreitt, en við undirritaðir viljum samþykkja frumvarpið með breytingu, sem lögð hefur verið fram tillaga um á sérstöku þingskjali, nr. 197. Fyrir okkar áliti færum við þessi rök:

Þegar lög voru sett á síðasta þingi um almennan veltuskatt á verzlunarviðskipti, þá voru landbúnaðarafurðir undanskildar öllum kvöðum í því sambandi, og var eðlilegt, að svo væri vegna þeirra banda, sem eru milli þeirra og dýrtíðarvísitölunnar. En um þetta bil var lagt fyrir Alþingi frumvarp frá stjórnarandstæðingum um veltuskatt á þessar vörur: ½% á söluverð, og skyldi þeim peningum varið til félagslegra þarfa bænda eftir úthlutun búnaðarþings. Ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar tregðuðust við að samþykkja þennan veltuskatt, en fyrir tilmæli þingmanns Austur-Húnvetninga var það þó gert með því skilyrði, að landbúnaðarráðherra samþykkti úthlutun fjárins. Þetta skilyrði var gert að hörðu árásarefni af flutningsmönnum og öðrum stjórnarandstæðingum á ríkisstjórnina og einkum þann þingmann, er kom málinu í gegn. Samþykktir voru pantaðar víðs vegar um land, og búnaðarþing samþykkti hörð mótmæli gegn skilyrði þessu. Þó gerði það tveggja ára áætlun um úthlutun þessa fjár eftir margra daga deilur, og stóð þó að henni aðeins lítill meiri hluti búnaðarþings. Landbúnaðarráðherra vildi engin áhrif hafa til breytinga þessari áætlun og samþykkti hana að formi til, svo hlutaðeigendur hefðu undan engu að kvarta. En þeir höfðu þó samþykkt að verja þessu fé í gistihúsbyggingu í Reykjavík og til þeirra starfa búnaðarþings, sem vörðuðu **„sérhagsmunamál bænda“**. Stjórnarandstæðingar létu sér heldur ekki þetta nægja, heldur héldu áfram rógburði sínum um ríkisstjórnina varðandi þetta mál, bæði á fundum og í blöðum, og í byrjun þessa þings fluttu þeir það frumvarp, er hér liggur fyrir, og auðvitað sem kosningamál gegn ríkisstjórninni, þar sem flutningsmenn hlutu að gera sér það ljóst, að skilyrði, sem stjórnarflokkamenn settu á síðasta þingi, mundu þeir ekki afnema á þessu að óbreyttum lögunum að öðru leyti. Það gæti því verið gott að nota fall frumvarpsins sem áróðursefni gegn stjórninni meðal bænda.

Eftir allt þetta viljum við undirritaðir láta losa þessa menn að fullu við það skilyrði, sem þeir telja bændum svo hættulegt, að varða ætti flokkabreytingu í land-

inu. Við viljum losa landbúnaðarráðherrann við allan vanda, áróður og rógburð í þessu sambandi, og við viljum losa Búnaðarfélag Íslands og búnaðarþing við umráð þessara peninga.

Þá komu tvær leiðir til greina í þessu sambandi. Fyrst sú **að afnema lögin og losa bændur við þennan skatt að fullu.** Hin sú að láta hann haldast og **verja fénu til þess, sem bændunum sjálfum ríður mest á,** sem er að koma búnaðinum í fullkomnara horf. Bændur vantar framræslu á engjum og túnræktarlöndum. Sú framkvæmd er í fyrstu röð. Þá vantar sléttun á þýfðu heyskaparlandi. Þá vantar rafmagn. Marga þeirra vantar vatnsleiðslu í bæi og útihús og viðunandi húsakost. Á öllu þessu ríður bændum meira en gistihúsi í Reykjavík fyrir pólitíska búnaðarþingsmenn á fundahöldum þeirra hér og þar um landið. Þess vegna leggjum við til, að skattinum sé haldið og fénu sé varið til þess, sem bændum ríður mest á. **Búnaðarsamböndin** þarf að efla sem raunhæfan framkvæmdafélagsskap. Vélavinnan til framræslu, sléttunar ræktunarlanda og margs fleira kostar félagsleg og dýr átök. Þess vegna þurfa búnaðarsamböndin fjármagn. Til þessa hafa þau verið máttlitlir styrkþegar Búnaðarfélags Íslands. **Búnaðarmálasjóður** á að efla þau til raunhæfra framkvæmda. Þó fé hans verði ekki mikið, þá er því betur varið til þess að rétta hag þeirra manna, sem versta hafa aðstöðu til framkvæmda í sveitum landsins, heldur en að byggja fyrir það hótel í Reykjavík og éta það út á snakkfundum og eyða því í ferðakostnað pólitískra spekúlanta, sem telja sig öllum færari til að gera bændum gagn, en hafa reynzt mjög mistækir í því efni.

Við teljum rétt, að Alþingi skeri úr um það, hvort bændastéttinni muni hollara. Tilefnið hafa flutningsmenn gefið, og ef þeir telja sér þessa afgreiðslu ógeðfellda, þá geta þeir kennt sjálfum sér um.

Alþingi, 23. nóv. 1945.

Jón Pálmason, frsm. Sigurður Guðnason.

Ed. 208. Frumvarp til laga

um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

I. KAFLI

1. gr.

Félag, er nefnist Íslenzk endurtrygging, skal hafa á hendi starfsemi þá, sem lög þessi kveða á um.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavik.

2. gr.

Hlutverk félagsins er:

1. Að annast endurtryggingu fyrir íslenzk vátryggingarfélög, einkum á sviði sjótrygginga, en heimilt er því að taka að sér endurtryggingar á hvaða sviði vátrygginga sem er.
2. Að annast stríðsslysatryggingar íslenzkra skipshafna samkvæmt lögum, er um þær gilda á hverjum tíma, svo og stríðsslysatryggingar og aðrar skyldar slysatryggingar íslenzkra skipshafna samkvæmt samningum, að því leyti sem félagsstjórn ákveður.
3. Að taka að sér endurtryggingar fyrir erlend vátryggingarfélög, eftir því sem stjórn félagsins telur hentugt.

Skylt er að kaupa hjá félaginu striðsslysatryggingar samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar.

Heimilt er félaginu að taka sams konar tryggingar á erlendum skipum í íslenzkri þjónustu.

3. gr.

Áhættufé félagsins er:

A. **Framlagt áhættufé.**			
1. Af ríkissjóði		kr. 1850000.00	
2. Af eftirtöldum tryggingafélögum:			
Tryggingastofnun ríkisins ...	kr. 136000.00		
Brunabótafélagi Íslands	— 136000.00		
Sjóvátryggingarfél. Íslands h/f	— 136000.00		
		— 408000.00	
3. Af útgerðarmönnum		— 2706000.00	
			kr. 4964000.00
B. **Áhættufjárábyrgðir.**			
1. Ábyrgð ríkissjóðs		kr. 856000.00	
2. Ábyrgðir tryggingafélaganna þriggja:			
Tryggingastofnunar ríkisins ..	kr. 60000.00		
Brunabótafélags Íslands	— 60000.00		
Sjóvátryggingarfél. Íslands h/f	— 60000.00		
		— 180000.00	
			— 1036000.00
		Samtals	kr. 6000000.00

4. gr.

Sjóðir félagsins eru:

I. Varasjóður.
II. Arðjöfnunarsjóður.
III. Almennur endurtryggingasjóður.
IV. Bónussjóður. Hann er séreignarsjóður.

5. gr.

Fé það, ábyrgðir og sjóðir, er um ræðir í 3. og 4. gr., er til tryggingar skuldbindingum félagsins, þannig að fyrst er varasjóður (4. gr. I), næst arðjöfnunarsjóður (4. gr. II), þá áhættufé (3. gr. A. og B. hlutfallslega), þá hinn almenni endurtryggingasjóður (4. gr. III) og loks bónussjóður (4. gr. IV).

6. gr.

Engir þeirra, sem taka þátt í félaginu, ábyrgjast skuldbindingar þess umfram áhættufé, sbr. 3. gr., sjóði, sbr. 4. gr., og tekjuafgang, sem er í vörzlu félagsins á hverjum tíma.

7. gr.

Sérhverjum eiganda áhættufjárins, sbr. 3. gr., ber að afhenda skírteini, er greinir:

1. Nafn eiganda og heimilisfang.
2. Upphæð eignar.
3. Númer skírteinis.

Um skírteinin gilda reglur þær, er hér greinir, og sé þeirra getið á skírteininu:

1. Eigandi er háður lögum, sem um félagið eru sett á hverjum tíma.
2. Skírteinið veitir atkvæðisrétt við kosningar í stjórn félagsins, sbr. 8. gr., samkvæmt reglum, er félagsstjórn setur um þá kosningu, en ekki annan rétt til afskipta af málum þess.

3. Féð er óuppsegjanlegt.
4. Skírteinið verður ekki framselt né veðsett eða látið af hendi á annan hátt, nema félagsstjórn samþykki, og á hún fyrir félagsins hönd innlausnarrétt á því fyrir matsverð dómkvaddra manna.
5. Skírteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, þó aldrei yfir 6%, sbr. þó 3. lið 9. gr.
6. Skírteinum fylgir skattfrelsi samkvæmt 10. gr.

8. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum. Tilnefnir ríkisstjórnin tvo þeirra, og er annar formaður stjórnarinnar. Þann þriðja tilnefna tryggingafélögin þrjú, sem þátt taka í félaginu, og ákveða þau nánar sjálf, hvernig þeirri tilnefningu er hagað. Þann fjórða og fimmta tilnefna aðrir eigendur skírteina þeirra, sem um ræðir í 7. gr.

Farist tilnefning fyrir af hálfu einhvers framangreindra aðila, á ríkisstjórnin tilnefningarréttinn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, sbr. þó 1. mgr., og ákveður starfstilhögun félagsins. Ráðherra ákveður laun stjórnarinnar.

Stjórnin er tilnefnd til þriggja ára í senn.

9. gr.

Tekjuafgangi félagsins skal ráðstafað þannig:

1. Í varasjóð skal fyrst leggja allt að 10%.
2. Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%.
3. Heimilt er stjórn félagsins að mynda arðjöfnunarsjóð og leggja í hann allt að 4% af innborguðu áhættufé á ári hverju. Sjóður þessi má þó aldrei nema meiru en 25% af innborguðu áhættufé.

   Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunarsjóði, getur stjórn félagsins ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að meðalársarður verði 6%.
4. Sá hluti tekjuafgangs, sem eftir er, skal lagður í hinn almenna endurtryggingasjóð, að því leyti sem stjórn félagsins telur eigi þörf á að yfirfæra hann til næsta árs.

10. gr.

Allt framlagt áhættufé félagsins, hvaðan sem það er runnið, og skírteinin, sem um það verða gefin, eru undanþegin öllum sköttum og gjöldum til ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga, öðrum en eignarskatti til ríkis, en útborgaður arður, í hverri mynd sem er, er skattskyldur samkvæmt almennum skattalögum á hverjum tíma.

Á sama hátt er fé í bónussjóði undanþegið öllum sköttum, meðan það er eigi af hendi greitt.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki skatthlunnindum, er einstakir þátttakendur í félaginu kunna að njóta að lögum.

11. gr.

Stjórn félagsins sér um ávöxtun á fé þess.

Að svo miklu leyti sem féð þarf ekki að vera handbært, skal jafnan ávaxta upphæð, er nemi jafnmiklu og innborgað áhættufé, í ríkistryggðum verðbréfum eða öðrum verðbréfum, sem skráð eru á opinberu gengi, þó ekki hlutabréfum. Einnig má ávaxta þetta fé að einum fimmta hluta í fasteignum félagsins sjálfs.

Að öðru leyti er félagsstjórn heimilt að ávaxta féð á þann hátt, er hún telur öruggt, svo sem með því að veita lán gegn veði í fasteignum og lán gegn ábyrgð ríkisins eða bæjar- og sýslufélaga.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum tilnefndum af aðalendurskoðanda ríkisins, hinum af skírteiniseigendum þeim, er kosningarrétt hafa á tveim mönnum í félagsstjórn samkv. 7. gr.

13. gr.

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða bæjarfélaga.

Skírteini þess og önnur skjöl, er það gefur út, eru ekki stimpilskyld.

II. KAFLI

Um stríðstryggingar.

14. gr.

Skylt er að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenzkum skipum og bátum, ef skylt er að slysatryggja þær samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937. Tryggingarskylda þessi hvílir á sömu aðilum og skyldan til að tryggja skipshafnirnar hinni almennu slysatryggingu samkvæmt nefndum lögum.

15. gr.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess til þess spyrjist, hversu týnzt hefur.

16. gr.

Lögboðin trygging skipshafna samkvæmt lögum þessum fær gildi, þótt farizt hafi fyrir að tryggja.

Nú eru samningar gerðir milli stéttarfélaga útgerðarmanna og stéttarfélaga sjómanna um víðtækari tryggingar í sambandi við stríðsslysaáhættu en ákveðið er í lögum þessum, og skulu aðilar þá tilkynna það félaginu í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti. Gengur tryggingin þá þegar í gildi, sbr. 22. gr. Séu slíkir samningar gerðir milli annarra en fyrrgreindra stéttarfélaga, fær hin víðtækari trygging ekki gildi fyrr en félagið gefur út iðgjaldakvittun eða tryggingarskírteini.

17. gr.

Ákveða skal með reglugerð hámark þeirra dánartrygginga, sem félagið má taka að sér í eigin áhættu á hverju skipi í einni og sömu ferð.

Ef sú upphæð nægir ekki til lögboðinnar eða umsaminnar tryggingar á skipshöfninni, skal félagið þó taka það, sem á vantar, enda sé endurtrygging fáanleg hjá öruggu vátryggingafélagi, að dómi félagsstjórnar.

Sé slík endurtrygging ekki fáanleg, eða ef hún ferst fyrir vegna vanrækslu þess, sem tryggingarskyldan hvílir á samkv. 14. gr., ábyrgist ríkissjóður, gegn iðgjaldi, er ráðherra ákveður eftir tillögum félagsstjórnar, þann hluta hinnar lögboðnu tryggingar, sem umfram er eigin áhættu félagsins.

18. gr.

Útgerðarmanni ber hverju sinni að tilkynna félaginu eða umboðsmanni þess, fyrir hvaða upphæð hann þarf að tryggja skipshöfn sína, og veita aðrar þær upplýsingar, er þýðingu hafa fyrir áhættuna.

Nú rennur trygging út, og skal hún þá endurnýjuð óbreytt á kostnað útgerðarmanns, ef hann hefur ekki tilkynnt félaginu í tæka tíð, að henni skuli breytt eða hún falla niður. Útgerðarmaður ber ábyrgð á því, að vátryggingaupphæðir séu nægilega háar.

Ef vanrækt hefur verið að tryggja þá, sem tryggja ber, á félagið engu að síður kröfu á iðgjaldi fyrir áhættuhluta sinn, samkvæmt almennum reglum sínum.

Útgerðarmönnum ber að bæta félaginu, eða eftir atvikum ríkissjóði, allt tjón, er hlýzt af röngum eða villandi upplýsingum þeirra eða annarri vanrækslu á tryggingum, er þeim ber að sjá um.

19. gr.

Iðgjöld ákveður stjórn félagsins fyrir ákveðna ferð eða ákveðinn tíma, í samræmi við áhættuna, þegar trygging hefst eða er endurnýjuð, og með hliðsjón af því, hvað sams konar tryggingar kosta erlendis. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt og hvíla sem lögveð á skipinu eða vátryggingarbótum þess.

20. gr.

Fyrir hvern tryggðan skipverja greiða útgerðarmenn fiskiskipa 5 rúmlesta (brúttó) og stærri 4 kr. í iðgjald á viku, en útgerðarmenn smærri báta 2 kr. á viku. Það, sem vantar á fullt iðgjald, greiðir ríkissjóður, enda fær hann uppbót (bónus), er þessir útgerðarmenn kunna að eignast tilkall til.

Hlunninda samkv. þessari grein njóta aðeins skip innan við 80 rúmlestir brúttó, enda hafi þau ekki siglt til útlanda á almanaksárinu.

21. gr.

Skráningarstjórar skipshafna skulu senda félaginu afrit af skráningu skipshafna á tryggingarskyld skip.

Þeir skulu og annast innheimtu iðgjalda og umboðsmennsku, eftir því sem félagsstjórn ákveður, gegn þóknun, er um semst við hana.

Verði ágreiningur, sker ráðherra úr.

III. KAFLI

Um stríðsslysabætur.

22. gr.

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglum:

I. a. Auk þeirra dagpeninga, sem ákveðnir eru í 10. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag, frá því er slysið vildi til, í allt að 52 vikur samtals.

b. Auk þeirra örorkubóta, sem ákveðnar eru í 10. gr. fyrrgreindra laga, skal greiða kr. 22000.00 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%. Félagsstjórn getur ákveðið, að örorkubætur greiðist sem árlegur lífeyrir, ef örorkan er metin 50% eða meiri.

c. Auk þeirra dánarbóta, sem ákveðnar eru í 11. gr. fyrrnefndra laga, greiðast dánarbætur samkvæmt eftirfylgjandi töflu:

	Ekkja (ekkill) kr.	Börn innan 16 ára kr.	Foreldrar kr.	Samtals kr.
Ekkja (ekkill)	12000	„	„	12000
— með 1 barn	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar)	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn	12000	5000	4000	21000

	Ekkja (ekkill) kr.	Börn innan 16 ára kr.	Foreldrar kr.	Samtals kr.
— foreldri og 2 börn eða fleiri	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri	12000	5000	4000	21000
1 barn	„	12000	„	12000
2 börn	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar)	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar)	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar)	„	„	12000	12000

II. Auk þeirra trygginga, sem um ræðir í b- og c-lið hér að framan, er skylt að tryggja alla skipverja á skipum 300 smálesta (brúttó) og stærri, öðrum en togurum, fyrir jafnháum upphæðum og þar segir, og skal félagsstjórnin verja þeim til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingafélögum, til tryggða sjálfs eða þeirra vandamanna hans, er bæturnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða önnur eftirlaun, er hlutaðeigendur kunna að eiga rétt á.

Ef togarar eða önnur skip minni en 300 smálestir (brúttó) sigla til útlanda, skulu skipverjar þeirra tryggðir á sama hátt og segir í næstu málsgrein hér á undan, frá því er skip lætur úr síðustu höfn hér á landi og þar til er það tekur hér höfn aftur.

23. gr.

Börn hljóta því aðeins bætur, að þau hafi verið á framfæri hins látna. Fósturbörn hafa sama rétt til bóta og börn. Þau börn hins látna, sem eru eldri en 16 ára og hafa verið á framfæri hans sökum varanlegrar örorku (eigi minni en 50% örorku), hafa sama rétt til bóta og börn yngri en 16 ára. Systkini hins látna, sem voru algerlega á framfæri hans sökum bernsku eða örorku (50%), þegar slysið vildi til, hafa sama rétt til bóta og börn, en bætur til þeirra skerða þó ekki bótarétt barna eftir reglum fyrstu málsgreinar, staflið c, 22. gr.

24. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

25. gr.

Eigi hinn tryggði eða bú hans skaðabótarétt gegn þriðja aðila út af atviki því, er olli greiðsluskyldu félagsins, öðlast félagið þann bótarétt, er það greiðir bæturnar, að því leyti er með þarf, til þess að það verði skaðlaust.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

26. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum allt að kr. 100000.00, og skal farið með mál út af brotum á þeim sem almenn lögreglumál.

27. gr.

Nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess, réttindi og skyldur þátttakenda í félaginu, hinna tryggðu og hinna tryggingarskyldu, skulu sett með reglugerð, er stjórn félagsins semur, en ráðherra staðfestir.

Í reglugerðina má setja ákvæði um, að brot gegn henni varði refsingu, allt að kr. 100000.00 sekt.

Þar til ný reglugerð hefur verið staðfest, gilda ákvæði reglugerðar nr. 61 6. maí 1944, eftir því sem við á.

28. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 106 30. des. 1943, um stríðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna, en Íslenzk endurtrygging tekur við öllum réttindum og skyldum þess.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni stjórnar Stríðstryggingarfélags íslenzkra skipshafna. Ræddi nefndin uppkast að frv., eins og það kom frá félaginu, bar það saman við gildandi lög og gerði á því nauðsynlegar breytingar í samráði við félagsstjórnina og færði það í það horf, sem það nú er í. Er nefndin sammála um, að lög um þetta efni þurfi að fá afgreiðslu á þessu þingi. Nefndarmenn eru óbundnir um að mega koma fram með breytingartillögur eða fylgja framkomnum breytingatillögum frá öðrum. Frv. fylgdi frá félagsstjórninni svo hljóðandi greinargerð:

Eins og lög nr. 106 30. des. 1943 bera með sér, var ákveðið, að Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna skyldi ekki leggjast niður, þegar upphaflegu hlutverki þess væri lokið, heldur skyldi félagið halda áfram, aðallega sem endurtryggingafélag.

Þar sem slík breyting var m. a. undir því komin, hvort hinir upphaflegu aðilar í félaginu — ríkissjóður, útgerðarmenn og tryggingafélögin, sem hlut áttu að máli —, vildu samþykkja hana, urðu lögin nr, 106 1943 að ýmsu leyti að miðast við það bráðabirgðaástand, sem þannig skapaðist.

Nú er svo komið, að gengið hefur verið frá stofnun félagsins og skipulagi á þeim grundvelli, sem lögin ætluðust til. Er því ástæða til, að lögin séu nú færð til samræmis við framtíðarhlutverk félagsins, og er frumvarp þetta borið fram í þeim tilgangi.

Stríðstryggingar sjómanna eru enn lögboðnar og óvíst, hvort eða hvenær þær falla niður. Ákvæðum laganna varðandi þær er því haldið óbreyttum að öðru en því, að ráðgert er, að félagið hafi slíkar tryggingar með höndum, meðan þörf er á, hvort sem þær verða lögfestar framvegis eða samningsbundnar, og jafnframt að félagið hafi skyldar slysatryggingar með höndum, ef svo sýnist, og er þar einkum átt við tryggingar, er koma kynnu í stað stríðsslysatrygginga sjómanna, þeirra er nú eru.

Um einstakar greinar þykir rétt að taka fram:

Um 1. gr.

Nafni félagsins er breytt í samræmi við aðaltilgang þess, sem nú er orðinn. Greinin er að efni til samhljóða 1. gr. l. nr. 106/1943.

Um 2. gr.

Greinin samsvarar 2. og 3. gr. l. 106/1943, en er nokkuð á annan veg, til samræmis við framtíðarhlutverk félagsins.

Um 3. gr.

Greinin samsvarar 4. gr. II. lið í l. 106/1943. En þar sem nú hefur verið gengið frá því, hverju áhættufé og áhættufjárábyrgðir nema, svo og skiptingu þess, þykir rétt, að upphæðirnar séu nefndar í lögunum. Betur þykir og fara, að sjóðir félagsins séu taldir í sérstakri grein.

Um 4. gr.

Greinin samsvarar I., III. og IV. lið 4. gr. l. 106/1943. Bætt er við nýjum sjóði, arðjöfnunarsjóði. Þykir fara betur á því, að fé, sem ætlað er til arðjöfnunar, sé í sérstökum sjóði, heldur en að það sé yfirfært frá ári til árs, sbr. og 10. gr.

Um 5. gr.

5. gr. laga nr. 106/1943 er bráðabirgðaákvæði. Þar sem því ástandi, sem hún er miðuð við, er lokið, er hún þýðingarlaus.

Á röð fjárins í áhættu félagsins er engin breyting gerð, sbr. niðurlag IV. liðs 4. gr. l. 106/1943.

Um 6. gr.

6. gr. laga 106/1943 er þýðingarlaus, sbr. athugasemd við 5. gr. Í stað greinarinnar er niðurlag 4. gr. laganna sett hér í nýja grein, og fer betur á því.

Um 7. gr.

7. gr. laga 106/1943 er orðuð til samræmis við ástandið nú.

Um 8. gr.

Það, sem úr er fellt, er nú þýðingarlaust.

Um 9. gr.

Breytingar þær, sem hér er um að ræða, eru í rauninni tvær. Sú fyrri, að ætlazt er til, að stofnaður verði sérstakur arðjöfnunarsjóður, sbr. 4. gr., og athugasemd við hana, er vísast til. Hin síðari, að lagt er til, að bónussjóður verði ekki aukinn né greiddir af honum vextir. Ástæðan er sú, að meðan ófriðurinn stóð, var áhætta félagsins oft svo óvís, að iðgjöld urðu að vera allhá. Var því eðlilegt, að þeir, sem hin háu iðgjöld greiddu, fengju bónus, ef fært var, enda frá upphafi til þess ætlazt.

Framtíðarstarfssvið félagsins leiðir aftur á móti af sér, að iðgjöld verða að vera eins lág og fært þykir, enda áhættur félagsins nú ekki í slíkri óvissu sem áður.

En af þessu leiðir, að úthlutun á bónus er hvorki heppileg né réttmæt. Hér er því ráðgert, að bónussjóður hverfi og það fé, sem í honum er, verði greitt þeim, sem það eiga.

Um 10. gr.

Sbr. 10. gr. l. 106/1943.

Um 11. gr.

Þar sem áhættufé félagsins er nú 6 milljónir króna auk sjóða, þykir rétt að rýmka heimild félagsstjórnar til ávöxtunar á fé þessu, sem umfram er áhættufé.

Reglurnar, sem hér eru settar, eru í samræmi við það, sem tíðkast hjá tryggingafélögum á Norðurlöndum.

Um 12.—26. gr.

Greinarnar eru samhljóða 12.—26. gr. laga 106/1943.

Um 27. gr.

Breytingin er aðeins sú, að skírskotað er til reglugerðarinnar, sem nú er í gildi.

Um 28. gr.

Eins og ljóst er af upphafi þessarar greinargerðar, er hér aðeins um að ræða nafnbreytingu á Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna til samræmis við framtíðartilgang þess, svo og breytingar þær, er að framan greinir á 1. kafla laganna, sem eru gerðar af sömu ástæðum.

Til þess að taka af öll tvímæli, þykir þó rétt, að þess sé getið í lögunum, að félagið beri sömu skyldur og njóti sömu réttinda og áður.

Ed. 209. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Innri Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Innri Akraneshreppi í Borgarfjarðarsýslu jörðina Staðarhöfða í sama hreppi, enda liggi fyrir yfirlýsing hreppsnefndarinnar um, að hreppurinn skuldbindi sig til, ef hann selur jörðina, að tryggja það, að jörðin verði gerð að ættaróðali. Námaréttindi skulu þó undanskilin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 210. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1946“ í ákvæði til bráðabirgða í lögunum, sbr. lög nr. 15 24. marz 1944, komi: til ársloka 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög nr. 15 24. marz 1944.

Nd. 211. Breytingartillögur

við frv. til laga um sölu þjóðjarða og kirkjujarða.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Námuréttindi, vatnsréttindi og jarðhitaréttindi skulu undanskilin sölu.
2. Við 2. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Jarðir, sem seldar eru samkv. 1. gr., skulu seldar fyrir fasteignamatsverð að viðbættu álagi, er kann að fylgja jörð, er salan fer fram. Jarðarverðið greiðist að fullu við afsal.

Nd. 212. Frumvarp til raforkulaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 72, með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Ríkinu einu er heimilt að reisa og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl.

Réttur sá, sem ríkinu er áskilinn samkv. 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til. Þó er þeim, sem við gildistöku þessara laga eiga

og reka eða eiga í smíðum raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, heimilt að reka þau áfram. Enn fremur er ráðherra heimilt að fengnum tillögum raforkumálastjóra að veita sveitarfélagi, einstökum manni eða félagi leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 500 hestöflum að stærð til að fullnægja rafaflsþörf sinni, ef rafveitur ríkisins eða héraðsveita geta eigi eða óska eigi að láta rafaflið í té.

7. gr. hljóðar svo:

Engum nema rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku í heildsölu. Þó mega Reykjavíkurkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður og Andakílsárvirkjun selja héraðsrafveitum sínum og rafveitum ríkisins raforku í heildsölu frá orkuverum þeim, sem aðilar þessir eiga nú eða hafa þegar hafið byggingu á.

Réttur sá, sem rafveitum ríkisins er áskilinn samkvæmt 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til.

Nd. 213. Breytingartillaga

við frv. til raforkulaga.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jón Pálmason.

Við 26. gr. Í stað orðanna „minnst hálfu framlagi ríkissjóðs“ komi: minnst ⅕ af framlagi ríkissjóðs.

Nd. 214. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Ásmundi Sigurðssyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi:
Á eftir 4. tölulið í 1. gr. A. I. d. komi nýr liður:
Gjádalsá í Lóni.

Nd. 215. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Ásmundi Sigurðssyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina kemur:
Á eftir 30. tölulið í 1. gr. A. komi 2 nýir liðir:
Hornsvegur: Frá Almannaskarði að Horni.
Hvalnesvegur: Frá Svínhólum að Hvalnesi.

Nd. 216. Breytingartillögur

við frv. til raforkulaga.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Við 34. gr. Aftan við greinina bætist:
   3. Ef einstakir bændur eða fleiri saman reisa raforkustöðvar til heimilisnota, er heimilt að lána þeim úr raforkusjóði allt að ⅔ kostnaðar með 2% vöxtum og 30 ára afborgun, enda séu stöðvarnar vel gerðar að dómi rafmagnseftirlits ríkisins.
2. Við 37. gr. Á eftir orðunum „34. gr. tölulið 2“ í annarri málsgr. komi: og 3.

Nd. 217. Frumvarp til laga

um tunnusmíði.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og starfrækja tvær tunnuverksmiðjur, aðra á Akureyri, hina á Siglufirði, þegar rannsókn hefur leitt í ljós, að tunnusmíði hér á landi er samkeppnisfær við erlenda tunnuframleiðslu bæði hvað verð og gæði snertir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða taka á leigu tunnuverksmiðjur á Akureyri og Siglufirði og starfrækja þær.

3. gr.

Til þess að standast kostnað af framkvæmdum samkvæmt lögum þessum heimilast ríkisstjórninni að taka að láni allt að 3 millj. króna.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi lóðir, hús og önnur mannvirki vegna tunnuverksmiðjanna.

5. gr.

Tunnur þær, er tunnuverksmiðjur ríkisins framleiða, skulu seldar síldarsaltendum

6. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og stjórn tunnuverksmiðjanna svo og um annað, er þurfa þykir, skulu sett með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Tilgangur frumvarps þessa er sá fyrst og fremst að fyrirbyggja, að sú framleiðsla síldartunna, sem fram fór hér á landi fyrir stríð, falli niður. Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir, að rannsakaðir verði til hlítar möguleikar til smíði síldartunna hérlendis, er geti verið samkeppnisfær við erlenda framleiðslu bæði hvað snertir verð og gæði, og heimilar ríkisstjórninni að ráðast í framkvæmdir, ef svo reynist.

Rök þau, sem liggja að því að hefja á ný tunnusmíði á Íslandi, eru margháttuð. Fyrstu og þýðingarmestu rökin eru þau, að með öðru móti verða ekki útvegaðar nægilega margar tunnur. Á s.l. sumri hefði tunnuskortur takmarkað söltun, ef vertíðin hefði verið í meðallagi. Möguleikarnir fyrir því að geta fengið tilbúnar síldartunnur eru mjög litlir. Að því er virðist er auðveldara að afla tunnuefnis, ef hægt er að vinna úr því hér á landi. Innlend tunnusmíði er því eins og nú standa sakir skilyrði fyrir því, að hægt verði að afla nægilegs fjölda tunna.

Íslendingar geta gert sér góðar vonir um markað fyrir saltaða síld, einkum í Svíþjóð og í Mið-Evrópu, og mega ekki glata þeim tækifærum vegna tunnuskorts.

Það er ekki óeðlilegt, að þjóðin stefni að því að smíða sjálf allar síldartunnur sínar. Það mundi gera þjóðina miklu óháðari, þegar til þess kemur að selja síldina. En auk þess veitir tunnusmíðin mikla atvinnu inn í landið, og er það kannske veigamesta atriðið. Á Norðurlandi er aðalatvinnutímabilið blásumarið og stendur oft ekki nema nokkra mánuði. Alla aðra tíma ársins er meira og minna atvinnuleysi og það á tímum, þegar nóg atvinna er sunnanlands. Þetta vetraratvinnuleysi norðanlands er ákaflega þreytandi fyrir fólkið, enda er nú svo komið, að stöðugt fleira fólk gefst upp á þessu og flytur burt. Tunnusmíðin bætir mikið úr þessu tilfinnanlega vetraratvinnuleysi norðanlands, og þegar svo er komið, að allar tunnur, sem notaðar eru í landinu, verða smíðaðar hér, hefur stór hópur manna örugga ársatvinnu, sem nú verður að sætta sig við að ganga að mestu atvinnulaus allan veturinn.

Með innlendri tunnusmíði á að vera hægt að tryggja það, að tunnur þær, sem saltað er í hér á landi, verði yfirleitt eingöngu 1. flokks, en sem kunnugt er, hefur mikið skort á, að svo væri. Hingað hafa flutzt tunnur úr ýmsum áttum, mjög mismunandi að gæðum og stærð og oft hreinasta rusl. Þetta hefur vitanlega haft sín áhrif á gæði saltsíldarinnar og gert erfiðara fyrir í samkeppninni við aðrar þjóðir.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin láti fram fara ýtarlega rannsókn á möguleikum fyrir því, að innlend tunnuframleiðsla geti staðið algerlega jafnfætis erlendri tunnusmíði. Að lokinni þeirri rannsókn og ef árangur hennar verður jákvæður, er ríkisstjórninni heimilað að reisa á tveim stöðum fullkomnar tunnuverksmiðjur. Þessir staðir eru valdir af mjög eðlilegum ástæðum. Á þessum stöðum hafa verið starfræktar tunnuverksmiðjur, þó ófullkomnar séu, og því nokkuð til af vönum tunnugerðarmönnum. Auk þess er Akureyri samgöngumiðstöð Norðurlands og því góð aðstaða til flutnings á tunnum til söltunarstöðvanna, enda liggja margar söltunarhafnir við Eyjafjörð. Hvað Siglufjörð áhrærir, þá er hann aðalsöltunarstaður landsins, og þær tunnur, sem þar yrðu smíðaðar, eru notaðar á staðnum.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin geri þegar ráðstafanir til þess að hefja starfrækslu tunnuverksmiðjanna, sem nú eru á Akureyri og Siglufirði. Hvort þær verða keyptar eða leigðar, fer eftir því, hvað um semst við eigendur. Nú er til tunnuefni í um 20 þús. tunnur, og er því hægt að hefja starfrækslu þeirra mjög fljótt. Þá mun og verða reynt að afla tunnuefnis, til þess að hægt sé að halda rekstrinum áfram í vetur.

Um 3.—7. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Nd. 218. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Björn Kristjánsson.

18. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við hreppavegi greiðist úr sveitarsjóði, en í hann skal árlega greiða gjald fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Er hreppsnefnd heimilt að ákveða gjaldið fyrir eitt ár í senn, allt að því jafnhátt eins dags vegavinnukaupi, eins og það er reiknað í hreppnum við opinbera vegavinnu það ár.

Greinargerð.

Þetta frv. er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndaroddvitans í Öxarfjarðarhreppi, og fylgdi frá honum svo hljóðandi greinargerð:

„Þegar lög um hreppavegagjald voru sett, var ákveðið, að hver verkfær karlmaður skyldi vinna einn dag kauplaust að endurbótum á hreppavegum. Síðar var þessari vinnukvöð breytt í árgjald, er þá var metið 2 kr., sem mun hafa verið almennt dagkaup í vorvinnu á þeim tíma. Um 1924 var vegalögunum breytt á þá leið, að hreppsnefndum var heimilað að hækka hreppsvegagjaldið í 5 kr., sem þá var orðið almennt dagkaup fyrir vegavinnu í sveitum. Síðan hefur ekki orðið breyting á þessu ákvæði, þó kaupgjald í vegavinnu hafi meira en tólffaldazt, síðan það var sett.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hverjum sveitabónda er það lífsnauðsyn að fá sem fyrst bílfæran akveg heim til sín. En með 2—5 króna hreppavegagjaldi fyrir hvern verkfæran mann vinnst það seint, þar sem hreppavegir eru langir og torsóttir, en útsvör yfirleitt ekki það vinsæl, að hreppsnefndir sjái sér fært að taka með þeim árlega stórar fúlgur til vegagerða.“

Ed. 219. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá Páli Hermannssyni.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný gr., sem verður 1. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):
   30. gr. laganna falli niður.
2. Aftan við 2. gr. frv., sem verður 3. gr., bætist: Skal það fylgifé hvers býlis, er til hefur orðið vegna ákvæða þeirra, sem úr gildi eru felld með lögum þessum, verða kvaðalaus eign eiganda býlisins.

Nd. 220. Frumvarp til laga

um sölu þjóðjarða og kirkjujarða.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ábúendur þjóð- og kirkjujarða hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja 1. gr. laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, og auk þess eftirtöldum skilyrðum:

a. hafi búið á jörðinni minnst 3 ár;
b. gefi út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali;
c. fyrir liggi yfirlýsing hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að hann hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta.

Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra jarða, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og þeirra jarða, er að dómi Búnaðarfélags Íslands að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarfélaga teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

Námuréttindi á þjóð- og kirkjujörðum skulu undanskilin sölu.

2. gr.

Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 1. gr., skulu seldar fyrir það verð, sem eftirgjald þeirra segir til um, miðað við 3% vexti, og greiðast að fullu við afsal.

Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær hafa verið gerðar að ættaróðulum, á ríkissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignamatsverð.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn a-liður 47. gr. l. nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 221. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á því, hvort hagkvæmt sé að flytja timburhús til landsins.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram rannsókn á því, hvort hagkvæmt muni vera að flytja sænsk timburhús til landsins. Skal áherzla lögð á að afla gagna um gæði húsanna og verð þeirra bæði utanlands og þegar búið er að koma þeim upp hér á landi. Þá skal einnig rannsaka, hvort draga þurfi úr innflutningi á öðrum nauðsynjum, ef hús þessi eru flutt inn, svo og öll önnur atriði, sem þýðingu geta haft um það, hvort hagkvæmt sé að stuðla að innflutningi þessara húsa í verulegum mæli. Jafnskjótt og rannsókn er lokið, skal ríkisstjórnin birta skýrslu um hana almenningi til leiðbeiningar.

Greinargerð.

Ýmsir telja, að eitt hagkvæmasta ráðið til að bæta úr húsnæðisvandræðunum sé að flytja inn í stórum stíl sænsk timburhús. Af húsum þessum fer hins vegar mjög tvennum sögum. Sumir telja þau ágæt. Aðrir finna þeim margt til foráttu. M. a. telja sumir fagmenn, er húsin hafa skoðað, að þau séu bæði óvönduð og muni, þegar allur kostnaður er með talinn, sízt verða ódýrari en þau hús, sem nú eru byggð hér. Um þetta liggja þó engar fullgildar rannsóknir eða skýrslur fyrir.

Úr þessu verður hins vegar að fást skorið. Ef húsin eru góð og ódýr og innflutningur þeirra þess vegna hagkvæmur, er sjálfsagt að greiða sem allra mest fyrir honum. Ef hið gagnstæða reynist rétt, þá er nauðsynlegt, að menn fái sem fyrst örugga vitneskju um það, svo að falsvonir nái ekki að þróast í þessu vandasama og viðkvæma máli.

Hér sem ella er sjálfsagt að hafa það, er sannara reynist, og hegða sér síðan samkvæmt því.

Er þess því að vænta, að Alþingi og ríkisstjórn bregðist vel við og geri hið fyrsta þær ráðstafanir, sem í tillögunni greinir.

Sþ. 222. Tillaga til þingsályktunar

um endurbyggingu Menntaskólans á Akureyri.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að verja af ríkisfé einni milljón króna árið 1946 sem fyrstu greiðslu til að endurbyggja menntaskólahúsið á Akureyri.

Greinargerð.

Sigurður Guðmundsson skólameistari og kennaralið Menntaskólans á Akureyri hefur sent Alþingi tilmæli um að veita fé til að endurbyggja hús Menntaskólans norðlenzka. Liggja mörg rök til þess, að því máli ber að sinna og það sem fyrst. Skólahúsið er orðið allt of lítið, miðað við núverandi aðsókn, enda byggt fyrir tiltölulega lítinn skóla. Í öðru lagi er heimavistin allt of mannmörg, en eldhætta mikil af svo miklu fjölmenni í þröngbýli og húsið svo eldfimt, að það gæti brunnið til ösku á örstuttri stund, ef eldur yrði laus í skólanum við óhentug veðurskilyrði, og mætti þá svo fara, að margt manna færist í þeim bruna, en skólastarfsemin öll mundi þá falla niður um nokkurra missira skeið, meðan verið væri að byggja nýtt stórhýsi fyrir skólann. Má heita, að það sé með öllu óviðunandi að hafa fjölmenna heimavist hátt uppi í svo brunahættu timburhúsi. En aðkomunemendur í skólanum eiga tæplega annars úrskosta en að sækjast eftir að fá að búa í skólahúsinu, því að herbergi eru lítt fáanleg í Akureyrarbæ, eins og málum er nú komið.

Menntaskólinn á Akureyri þarf, eins og skólameistari fer fram á, að fá mjög stóra heimavist. Það mun ekki nægja til lengdar að hafa þar herbergi handa 150 nemendum, ef hin nýja löggjöf nær fram að ganga, sem leggur þá skyldu á herðar ríkinu að taka á móti nemendum úr 25—30 gagnfræðaskólum í tvo menntaskóla, til að veita þar stúdentspróf. En í bili mundi þó mega bjargast við þetta, ef þess væri gætt í byrjun að haga framkvæmdum svo, að skólinn gæti fimmfaldað heimavistina, þegar hið nýja skólaskipulag er komið til framkvæmda.

Það, sem mest liggur á að byggja vegna Menntaskólans á Akureyri, er heimavistin, nokkrar kennslustofur og hús úr eldtraustu efni yfir hin góðu söfn skólans, bækur hans, náttúrugripi og listaverkin. Fyrst um sinn mætti nota í gamla skólanum allmargar kennslustofur og hafa þar matreiðslu og borðhald nemenda, dagstofu, vinnusali o. s. frv. Er svo vel séð fyrir land- og lóðaréttindum skólans, að hann getur um alla framtíð haft nægilegt landrými, hve mikið sem hann stækkar.

Nokkur hluti ríkisstjórnarinnar hyggur nú á að beita sér fyrir því, að byggðir verði heimavistarskólar í dreifbýlinu um land allt fyrir öll börn og unglinga. Verður að verja til þess, ef fram á að ganga, mörgum tugum milljóna. Mjög er vafasamt, að héruðin hafi aðstöðu til þess fyrir sitt leyti að bera sinn hlut af hinum mikla andlega vígbúnaði, að því er kemur til fjármálanna, auk þess að sýnilega er mikil vöntun á starfsfólki til að stjórna svo mikilli heimavistarstarfsemi. En á Akureyri er allur undirbúningur að þessu leyti í ágætu lagi. Þar er örugg reynsla um góða skólastjórn frá meira en sextíu ára starfi þriggja úrvals skólastjóra. Þar er mikið og gott kennaralið og bæjarbragur hinn bezti hjá nemendum og starfsfólki.

Á Akureyri þyrfti ekki að óttast, að heimavistarstarfsemi færi í handaskolum, þar sem hægt er að styðjast við þær venjur um skólasambúð, sem myndazt hafa í tíð Hjaltalíns, Stefáns Stefánssonar og Sigurðar Guðmundssonar.

Þó að ekki sé lögð meiri áherzla heldur en tíðkazt hefur að undanförnu á það að fjölga ungmennum með stúdentsmenntun, er höfuðnauðsyn að bæta úr húsakosti beggja menntaskólanna. En ef Alþingi hallast að því að búa nálega alla æskumenn í landinu undir fjögurra ára námsdvöl í menntaskólunum í Reykjavík og á Akureyri, er engin leið að komast hjá því að byrja nú þegar á mjög umfangsmikilli húsagerð handa þessum tveim stofnunum til að geta tekið á móti mjög aukinni aðsókn nýrra nemenda. Virðist rétt að láta menntaskólana ekki sitja á hakanum í þessum byggingarmálum, þar sem hægt er að byggja á mikilli fenginni reynslu og þörfin ótvíræð í báðum stöðum, jafnvel þó að engin breyting verði gerð á skólamálalöggjöf landsins.

Það mun mega telja heppilegt að ráðast í hinar umtöluðu endurbyggingar menntaskólanna einmitt nú. Ríkið og einstaklingar hafa í lok styrjaldarinnar rýmri fjárráð en áður, og ósagt, hvort hægra verður að sinna réttmætum kröfum forráðamanna menntaskólanna, þó að nýbyggingarmál þeirra verði dregin á langinn svo árum skipti.

Til frekari stuðnings málinu er álitsgerð Sigurðar skólameistara og Árna Friðgeirssonar skólaráðsmanns látin fylgja.

Fylgiskjal I.

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

9. nóv. 1945.

Fundur kennara í Menntaskólanum á Akureyri, haldinn 29. okt. síðastliðinn, samþykkti svo hljóðandi tillögu:

„Kennarafundur í Menntaskólanum á Akureyri, haldinn 29. október 1945, skorar á hið háa Alþingi, að það samþykki fjárveitingu til þess, að reist verði nýtt hús við Menntaskólann á Akureyri. Verði í því rúm fyrir heimavistir fyrir a. m. k. 150 nemendur, söfn skólans, lestrarstofu, kennslustofur fyrir náttúrufræði, eðlis- og efnafræði, eldhús og borðstofu. Telur fundurinn mjög aðkallandi, að hafizt verði handa um framkvæmdir í málinu sem allra fyrst, m. a. af því, að nú er eldhættan, er stafar af heimavistunum í skólahúsinu, ægileg og meiri en svo, að verjandi geti talizt, að þar búi um hundrað manns, eins og nú er."

Langveigamesta ástæða þessarar tillögu er sú, að oss kennurum skólans verður æ ljósari sú hætta, sem vofir yfir skólahúsinu af völdum elds og bruna. Svara má því, að eldhættan sé ekki meiri nú en undanfarin ár. En mér hefur ávallt verið þessi hætta ljós, og hún hefur jafnan fengið mér áhyggju, vanlíðunar og óróa. Og ég finn æ meir og meir til þessarar hættu, af því að undanfarin ár hef ég átakanlega og ógleymanlega verið minntur á hana. Í fyrra brunnu hér á Akureyri tvö stórhýsi úr timbri, annað til kaldra kola (Hótel Gullfoss), hitt að mestu. Í Hótel Gullfossi kviknaði seint um kvöld, og varð á örskammri stund ófært um húsið. Þar bjuggu nokkrir skólanemendur og sluppu sumir með naumindum úr eldinum, en margir misstu muni sína og bækur. Annars vildi það happ til, að meginhluti þeirra nemenda, er þar bjuggu, voru ekki heima, heldur voru þeir staddir á skólaskemmtun.

Má bæta því við, að hér uppi á brekkunni, sem hús Menntaskólans stendur á, er stórum örðugra að slökkva eldana, af því að vatnsmagn er hér minna en niðri í bænum, þar sem dæla má sjó, ef þörf gerist.

Í hitteðfyrra kviknaði í timburhúsi niðri á Oddeyri, sem brann á örskömmum tíma, og lá þá við, að einn nemandi skólans, er þar bjó, brynni inni. Komst hann út á nærfötum einum, en missti aleigu sína, sem raunar var ekki mikil fyrirferðar, aðeins bækur og föt. Stóð hann klæðlaus uppi daginn eftir brennuna.

Grunur leikur á, að í þessu húsi og í „Hótel Gullfossi“ hafi kviknað af völdum rafmagns. Geta og hvorki húsráðendur né umráðamenn húsa haft fullkomið eftirlit með, að rafleiðslur séu í öruggu lagi. Ég sendi hér með bréf frá ráðsmanni skólans um eldhættuna. Hefur hann skrifað það samkvæmt beiðni minni, og er hann hinn vandaðasti maður, svo að frásögn hans verður ekki með nokkru móti véfengd. Er og hægur hjá fyrir háttvirta alþingismenn að afla sér vitneskju um þetta efni, sem líf fjölmargra efnilegra unglinga getur oltið á, ef slys vill til.

Það virðist mér vera fullljóst af þessu, að það er í raun réttri algerlega ábyrgðarlaust og óverjandi að láta um hundrað manns sofa undir sama þaki í þessu gamla timburhúsi, sem getur sökum þurrleika síns brunnið á mjög stuttum tíma. Í því búa unglingar, meyjar og sveinar, sum þeirra á fermingaraldri, og er hætt við, að á þá kæmi mikið fát og jafnvel æði, ef þeir vöknuðu við það um hánótt, að kviknað væri í húsinu. Vekja verður og athygli á, að menntaskólahúsið er mjög hátt, og nær allir heimavistarnemar búa á efri hæð og sumir uppi á svokölluðu hæstalofti, þar sem erfitt er útgöngu úr sumum herbergjum og mjög hátt að komast niður á jafnsléttu. Sum herbergin eru súðarherbergi, og þarf því að renna sér um þakið, áður en hægt er að síga beint til jarðar niður. Á öllum þessum herbergjum eru að vísu kaðlar og allrar varúðar gætt, sem ég og brunafróðir menn framast kunna skil á. Má geta þess, að hér á dögunum skoðuðu tveir háttvirtir alþingismenn skólann hátt og lágt, þeir séra Sveinbjörn Högnason og hr. Pétur Ottesen. Þeir þingmenn, sem ókunnugir eru skólahúsinu, geta spurt þá, hvort hér sé ekki rétt frá skýrt. Ég fullyrði, að engum skóla á landinu sé eins mikil þörf og þessum skóla á nýrri húsagerð, að reist sé heimavistarhús til þess að bjarga fjölmörgum ungra nemenda úr sífyrirvofandi eldsvoða.

Vér kennarar förum fram á, að reist verði hús handa 150 nemendum.

Hefur það lengi verið sannfæring mín, að allir utanbæjarnemendur að minnsta kosti ættu að búa og matast í heimavist. Nauðsyn á slíku vex æ meir, eftir því sem nemendur fjölga, bærinn stækkar og meira kveður að ofnautn áfengis í kauptúninu og landinu. Það getur hver maður skilið, er skilja vill, að með vaxandi nemendafjölda torveldist eftirlit með reglusemi þeirra og hátterni. Úr því að reist er hús á annað borð, virðist mér einsætt, að stærð hússins verði að miða við sívaxandi aðsókn að skólanum. Þykist ég og þess viss, að allir vandamenn nemenda vilji hvergi fremur hafa börn sín en í heimavist. Á hverju ári verður að synja tugum nemenda þar um rúm. Margir sækja og eigi um heimavist eingöngu af því, að þeir vita, að öll rúm í heimavist eru löfuð og umsókn því árangurslaus.

Þá er einnig farið fram á í tillögunni, að söfnum skólans, bókasafni, náttúrugripasafni, eðlis- og efnafræðisafni verði ætlað rúm í hinu fyrirhugaða húsi. Lestrarstofa verður að vera þar, sem bókasafn skólans er geymt. Skólinn á dýrmætt bókasafn og ýmsar fágætar bækur, sem eigi mega með nokkru móti brenna. Kennslustofur verða að vera þar, sem söfnin eru. Í nýjustu skólum á Norðurlöndum, sem ég hef skoðað, voru sérstakar stofur ætlaðar til kennslu í náttúru- og eðlisfræði.

Hins vegar má fyrst um sinn una við gamla skólahúsið til kennslu í öðrum greinum. Þá yrði ekki kennt þar nema fyrri hluta dags. Er ólíklegt, að svo fljótt kvikni í húsinu, að ekki fái allir bjargazt, er þar starfa og nema á þeim tíma sólarhrings. Minnkar og eldhætta, er hin stórmikla matargerð, er fylgir heimavist, hverfur úr skólahúsinu. Eru og fyrir margra hluta sakir mikil vandræði að matargerð í skólanum á þeim hluta dags, er skólinn starfar. Mér er og kunnugt um, að fyrirrennara mínum, Stefáni Stefánssyni skólameistara, var það mikið áhugamál að koma matarsuðu burt úr skólanum.

Eftirlitsmenn verða einnig að búa í heimavistarhúsinu, og þarf hæfileg húsakynni handa þeim.

Að lokum má bæta því við, að hér í skólanum eru hin mestu þrengsli, svo að mikil vandkvæði eru að. Var þó að nokkru ráðin bót á húsaskorti skólans, er Alþingi af góðvild sinni veitti fé til, að keypt væri hús með þremur kennslustofum

handa skólanum. En þótt skólinn hafi eigi lengi átt hús þetta, er slíkum vandræðum enn eigi eytt né fyrir þau girt, af því að fjöldi nemenda hefur vaxið síðan. Skólann vantar mjög bagalega samkomusal, er allir nemendur og kennarar geti með góðu móti komizt fyrir í. Hefur þótt lítt tiltækilegt síðari árin að byrja dagsverk skólans með morgunsöng, sem áður var siður og var vinsæll siður, sökum þess að af því yrði mjög mikil tímatöf vegna þrengsla, sem ég veit, að gamlir nemendur skólans á Alþingi skilja og geta skýrt fyrir ókunnugum þingmönnum. Er í rauninni alveg óhjákvæmilegt, að úr slíku verði bætt.

Ég get engar áætlanir látið fylgja erindi þessu, en mér virðist sanngjarnt, að þessi skóli fái algerlega sömu upphæð til húsagerðar sem Menntaskólinn í Reykjavík. Sízt vildi ég spilla fyrir húsagerð Menntaskólans í Reykjavík, sem er auðvitað æskileg, en hér á Akureyri er nauðsynin hin brýnasta á þeirri húsasmíð, er hér er farið fram á, og í raun réttri geysimikill ábyrgðarhluti að draga slíkt. Hér er það stórum meiri ábyrgð, sem fylgir því að segja nei en já, að spara fé fremur en að veita fé.

Með virðingu.

Sigurður Guðmundsson.

Til alþingis 1945, — fjárveitinganefndar.

Fylgiskjal II.

Við skoðun, sem fram fór 15. sept. s. l. á raflögnum í Menntaskólanum á Akureyri (og framkvæmd var af Sigurði Helgasyni rafvirkja frá Rafveitu Akureyrar og öðrum manni, sem var fulltrúi frá rafmagnseftirliti ríkisins), komu fram nokkrir einangrunargallar.

Í kjallaragangi þurfti að einangra rafmagnsrör frá miðstöðvarröri, en einangrunarviðnám talið í lagi. Athugun og viðgerð rafvirkja á þessu fór fram 27.—29. sept. Við framkvæmd verksins kom í ljós, að rafmagn leiddi út í eitt rafmagnsrörið og það svo mikið, að næstum fullbjart ljós kom á peru, þegar tengt var í hana frá nefndu röri og miðstöðvarröri.

Skýring á því, að þess varð ekki vart við mælingu í öryggjatöflu, er sú, að húsið er alveg rakalaust og hársbreidd munaði, að rörin ekki snertust. Taka þurfti upp þrjú ljósastæði á ganginum, og var hægt að gera við þetta að fullu. Bilunin var þannig, að tengirör (múffa) á rafmagnsröri hafði losnað af öðru rörinu og röðin skorizt gegnum einangrun rafþráðarins og þannig leitt fullan straum út í rörið.

Af þessu gat orsakazt neistun og íkveikja, ef nokkur minnsti raki komst að og jafnvel án þess.

Ég skýri frá þessu til að sýna fram á það, að hættan er sí og æ yfirvofandi þessu stóra timburhúsi, þó að mælingar og skoðanir rafveitunnar og eftirlitsmanna ríkisins segi, að allt sé í lagi.

M. A., 4. okt. 1945.

Árni Friðgeirsson.

Nd. 223. Nefndarálit

um frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frv. ýtarlega og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi breytingum.

Einn nefndarmanna, Páll Þorsteinsson, áskilur sér rétt til að flytja og fylgja frekari breytingartillögum.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 4. gr.
   a. 1. málsl. 4. málsgr. orðist svo:
      Gagnfræðaskólar í kaupstöðum eru fjögurra ára skólar. Gagnfræðaskólar í sveitum veita aðeins tveggja ára fræðslu að loknu unglingaprófi. Þó er fræðslumálastjórn heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef forráðamenn gagnfræðaskóla óska þess.
   b. Í stað orðanna „til starfs við ýmsar opinberar stofnanir“ í 4. málsgr. komi: til starfs við opinberar stofnanir, eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.
2. Á eftir 10. gr. komi ný gr., 11. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi taka þegar gildi og skulu koma til framkvæmda á árunum 1946—1952 eftir því sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð.

Alþingi, 26. nóv. 1945.

Sigfús Sigurhjartarson, form.	Gunnar Thoroddsen, fundaskr., frsm.	Páll Þorsteinsson, með fyrirvara.
Barði Guðmundsson.	Sigurður Bjarnason.	

Ed. 224. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Lög nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks, skulu gilda til ársloka 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Reynsla sú af lögum þeim, er framlengja á með frv. þessu, hefur orðið sú, þar sem við flutningsmenn þekkjum til, að mjög hefur á undanförnum árum fækkað skaðskemmdarfuglum æðarvarpa, þar sem unnið hefur verið að útrýmingu þeirra samkvæmt framannefndum lögum. Í nokkrum varpeyjum hefur tekizt að gereyða svartbak. Við þau varplönd alast æðarungar margfalt fleiri en áður og varpið eykst árlega. Það er alkunnugt, að æðarvarpið er arðvænlegur og ánægjulegur atvinnuvegur og eykst þar mest, sem bezt er hlúð að æðarfuglinum og hann varinn kappsamlegast fyrir flugvargi. Teljum við því rétt að leggja til, að lög þessi verði framlengd enn um nokkurn tíma, þar sem reynslan hefur sýnt, að þau hafa orðið æðarvarpseigendum mjög til hagsbótar.

Sþ. 225. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð fyrir rafveituláni Eyrarsveitar á Snæfellsnesi.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs 50 þús. kr. lán Eyrarsveitar í Snæfellsnessýslu til rafveituframkvæmda, þó ekki yfir 85% af stofnkostnaði.

Greinargerð.

Í Grafarnesi við Grundarfjörð hefur á örfáum árum risið upp kauptún með tveim hundruðum íbúa. Hraðfrystihús starfar þar og verzlanir, og útvegur er rekinn þaðan. Kauptúnið er einstakt í sinni röð á landi hér að því leyti, sem það er byggt frá upphafi samkvæmt fyrirfram gerðum skipulagsuppdrætti. Kauptúnið liggur mæta vel við fiskimiðum og hafnarskilyrði eru þar ágæt.

Með hinum öra vexti og mikla atvinnurekstri er óhjákvæmilegt að afla kauptúninu rafmagns þegar í stað. Hafa verið fest kaup á vélasamstæðu (mótor) í þessu skyni og búið að setja hana upp. Næst er að leggja rafleiðslur um kauptúnið.

Tillaga þessi fer fram á ríkisábyrgð fyrir 50 þús. kr. láni í þessu skyni, þó ekki yfir 85% stofnkostnaðar.

Nd. 226. Breytingartillaga

við frv. til raforkulaga.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Við 28. gr. Síðari málsgreinin falli niður.

Nd. 227. Breytingartillögur

við frv. til l. um aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1945.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr. Orðin „þeirra íslenzkra skipa“ falli burt.
2. Við 3. gr. Í stað orðsins „fjögurra“ í fyrstu málsgr. komi: fimm.
3. Við 4. gr. Á eftir 2. málsgr. kemur: Nú sækir hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð um lán eftir lögum þessum, og skal þá setja það skilyrði fyrir lánveitingunni, að aðalhluthafar eða aðaleigendur fyrirtækisins taki persónulega ábyrgð á láninu í hlutfalli við hlutafjáreign eða stofnfjáreign þeirra í félaginu, nema aðrar fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir láninu.

Ed. 228. Frumvarp til laga

um aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1945.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 4 milljónum króna eða ábyrgjast jafnháa fjárhæð til aðstoðar síldarútvegsmönnum árið 1945.

2. gr.

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu síldveiðar með herpinót sumarið 1945, geta sótt um lán samkvæmt lögum þessum, ef þeir (þau) vegna aflabrests á síldarvertíðinni eiga erfitt með áframhaldandi rekstur.

3. gr.

Sameinað Alþingi kýs fimm manna nefnd, sem tekur á móti umsóknum um lán þessi. Nefndin ákveður, hve langan frest umsækjendur hafa til lánbeiðninnar.

Lánbeiðnir skulu vera skriflegar. Þeim skulu fylgja skilríki sem hér segir:

1. staðfest eftirrit af skattframtali umsækjanda 1945;
2. efnahagsreikningur umsækjanda 30. sept. 1945;
3. rekstrarreikningur síldarútgerðar umsækjanda 1945;
4. veðbókarvottorð skipa og fasteigna umsækjandans.

Auk þess er umsækjanda skylt að gefa nefndinni allar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar. Með allar upplýsingar varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

4. gr.

Þegar lánveitinganefnd hefur fengið tilskilin skjöl í hendur, skal hún sannprófa, eins og unnt er, hvort þau eru rétt. Telji nefndin, að umsækjandi eigi erfitt með áframhaldandi rekstur, skal honum veitt lán, ef hann getur sett tryggingar, sem nefndin metur gildar. Nú sækir hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð um lán eftir lögum þessum, og skal þá setja það skilyrði fyrir lánveitingunni, að aðalhluthafar eða aðaleigendur fyrirtækisins taki persónulega ábyrgð á láninu í hlutfalli við hlutafjáreign eða stofnfjáreign þeirra í félaginu, nema aðrar fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir láninu. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera.

5. gr.

Ekkert lán má afgreiða, fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og sér um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

6. gr.

Lán þessi veitast til 5 ára með 3% ársvöxtum. Þau greiðast með jöfnum árlegum afborgunum.

7. gr.

Selji lántakandi skip sitt, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

8. gr.

Þeir, sem fá lán samkv. lögum þessum, eru skyldir til að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

9. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um lánveitingar þessar, ef þurfa þykir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 229. Tillaga til þingsályktunar

um skipun nefndar til að rannsaka og gera tillögur um uppeldismál þjóðarinnar.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa eftir tilnefningu þingflokkanna fjóra menn í milliþinganefnd til að rannsaka og gera tillögur um uppeldismál þjóðarinnar. Nefndin skal hafa lokið störfum fyrir árslok 1948. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það hefur reynzt vel í málefnum varðandi undirbúning nýrrar skipasmíðastöðvar í höfuðstaðnum og nýja tilhögun strandferðanna að velja einn fulltrúa fyrir hvern þingflokk til að rannsaka og undirbúa löggjöf um þýðingarmikið mál. Kemur það af því, að þá verður niðurstaða nefndarinnar a. m. k. í samræmi við stefnu og skoðunarhátt Alþingis. Er Alþingi nú búið að samþykkja alveg einróma báðar niðurstöður þessarar milliþinganefndar, sem ríkisstjórnin skipaði samkvæmt þingsályktun frá 12. apríl 1943, framkvæmdir hafnar við Elliðaárvog, þar sem þrjú stórfyrirtæki eru nú starfandi við að koma á fót hinni væntanlegu skipa- og bátasmíðastöð. Sömuleiðis er nú búið að ganga frá undirbúningi að smíði þriggja nýrra strandferðaskipa. Hefur aldrei fyrr né síðar verið tekið á strandferða- og skipabyggingarmálum þjóðarinnar með jafnmiklum samhug og framsýni.

Alveg sérstök ástæða er til að beita sömu aðferð við rannsókn og undirbúning nýrra framkvæmda í uppeldismálum. Svo óheppilega hefur viljað til, að þar hefur verið unnið að eins konar nýskipun, svo að segja utan við bæði þingið og þjóðina. Það mundi verða til mikils ógagns fyrir Íslendinga, ef þróun uppeldismálanna yrði rofin af eins konar slysi og freistað að fá Alþingi til að lögfesta óundirbúið og framandi skipulag, sem yrði í framkvæmdinni dauður bókstafur, sökum ókunnugleika þeirra manna, sem fengizt hafa við tillögugerð í þessu efni. Ný nefnd mundi taka til meðferðar og fullkominnar endurskoðunar frumvörp þau, sem nú hafa verið lögð fyrir Alþingi, en alveg sérstaklega beita sér fyrir að finna þær lausnir, þar sem fyrst og fremst er byggt á íslenzkri reynslu og íslenzkum staðháttum.

Skólamálanefnd sú, sem skipuð var 30. júní 1943, er til orðin fyrir blábera tilviljun. Árið 1941 báru tveir framsóknarmenn, Pálmi Hannesson rektor og Bjarni Bjarnason skólastjóri, fram tillögu um skipun milliþinganefndar í skólamálum. Engar umræður höfðu farið fram um málið á mannfundum, í blöðum né í þingflokkum. Við meðferð málsins á Alþingi kvartaði Pálmi Hannesson yfir áhugaleysi þingmanna og „tómum stólum“. Kennslumálaráðherrann, Hermann Jónasson, skipaði ekki menn í nefndina. Síðan tók Magnús Jónsson prófessor við starfi menntamálaráðherra og hreyfði ekki heldur málinu. Loks kom aðvífandi maður, Einar Arnórsson hæstaréttardómari, í ráðherrastöðu. Báðir flutningsmenn tillögunnar voru þá hættir að eiga sæti á Alþingi. Enginn þingmaður bað um, að skólamálanefndin væri skipuð. Einar Arnórsson er afkastamikill rithöfundur, en ekki er vitað til, að hann hafi fyrr né síðar haft nokkurn sérstakan áhuga á skólamálum. En nú skipaði hann

sjö manna nefnd í málið. Í þessari nefnd voru allir fulltrúarnir launamenn. Þar var enginn til að gæta hagsmuna framleiðenda né skattgreiðenda. Aðeins einn maður var í nefndinni, sem hafði tekið virkan þátt í skólamálaframkvæmdum í landinu. Það var Ingimar Jónsson, forstöðumaður gagnfræðaskólans í Reykjavík. Og þessi maður gat einmitt flestum mönnum betur sannfærzt um, hve erfitt er að knýja áfram aðgerðir í skólamálum, ef fólkið, sem á að njóta framkvæmdanna, starfar ekki með áhuga og samúð að málinu. Nefndin hafði þannig orðið til svo að segja óviljandi. Þegar hún lauk störfum, var höfundur hennar hættur að starfa í ríkisstjórn og að þjóðmálum. Tillögur nefndarinnar komu líka eins og þruma úr heiðskíru lofti. Þær eru nálega að engu leyti miðaðar við Ísland eða íslenzka staðhætti, heldur við miklar borgir í framandi löndum. Það verður nú hlutverk þjóðarinnar og Alþingis að nota hinar framkomnu tillögur sem leiðbeiningu um það, sem ekki má gera í uppeldismálum, og láta koma til greina aðrar nýjar leiðir.

Fyrsti maðurinn, sem sýnt hefur starfi milliþinganefndarinnar fulla alúð, er leiðtogi kommúnistaflokksins, Brynjólfur Bjarnason. Ekki er vitað, að hann hafi fremur en Einar Arnórsson sýnt nokkurn almennan áhuga fyrir skólamálum landsins. En tillögur nefndarinnar nálgast mjög stefnu hans flokks, því að samkvæmt þeim á að þjóðnýta börn og unglinga á Íslandi. Tillögur nefndarinnar hafa hvergi verið ræddar í blöðum né á almennum mannfundum. Engar áætlanir hafa verið gerðar um stofnkostnað né rekstrarkostnað við hið nýja skólakerfi. Málinu hefur verið svo gersamlega haldið utan við þjóðina, að ritstjórar áhrifamestu blaðanna virðast vera ókunnugir efni þess. Sama er að segja um marga kunna þingmenn. Þeir hafa í vetur haft nóg að gera við meðferð aðkallandi stórmála og ekki getað sinnt þessum nýkomnu og framandi frumvörpum. Kennslumálaráðherrann virðist ekki hafa getað fengið hina ráðherrana til að taka að sér meðábyrgð á málinu. Brynjólfur Bjarnason hefur í stað þess beðið menntamálanefnd neðri deildar að flytja málið. Hún hefur tekið það til meðferðar, án þess að nokkur nefndarmanna virðist vilja telja sig ábyrgan um framburð þess. Við fyrstu umræðu talaði Sigfús Sigurhjartarson nokkur orð um málið, aðallega yfir tómum stólum. Þingmenn sinntu málinu alls ekki við fyrstu umræðu. Brynjólfur Bjarnason lýsti hins vegar yfir því, að málið yrði fram að ganga á þessu þingi, og kom því til leiðar, að meiri hluti efrideildarnefndarinnar í menntamálum sæti á fundum með menntamálanefnd neðri deildar við athugun málsins. Tilgangurinn með þessari ráðstöfun er auðsær. Það á að koma málinu gegnum Alþingi að þjóðinni óviðbúinni mitt í önnum þess undir þinglok nú í vetur.

Engu skal spáð um, hversu tekst að framkvæma þessa ráðagerð. Hún er að minnsta kosti ekki líkleg til að leiða mikið gott af sér. Í lýðfrjálsu landi á almenningur að ræða og meta stórmál, áður en þau eru lögfest. Löggjöfin á að vera í samræmi við óskir og vilja fólksins í landinu. Alveg sérstaklega á þetta við um allt, sem snertir fjölskyldulífið og afskipti þjóðfélagsins af börnum og unglingum. Ef þjóðnýting æskunnar í landinu verður lögfest, án þess að það sé vilji foreldra og ungmenna í landinu, verður sú löggjöf eins og dauður bókstafur. Ef foreldrar finna, að það á að rjúfa fjölskyldubönd með vanhugsuðum og ranglátum framkvæmdum ríkisvaldsins, verða mynduð samtök um að vernda samlíf fjölskyldunnar móti skemmdarstarfsemi óviðkomandi manna. Ný athugun á uppeldismálum þjóðarinnar er tímabær, ef hún er framkvæmd með þeim hætti, að fólkið í landinu fái aðstöðu til að hafa áhrif á alla meðferð málsins.

Samkvæmt tillögum milliþinganefndarinnar eiga öll börn og unglingar að vera skólaskyld frá 7 til 15 ára og undir vissum kringumstæðum til 17 ára aldurs. Í sveitum á að reisa heimavistarskóla fyrir öll börn í dreyfbýli og helzt að hafa skólana mjög stóra, svo að þar starfi fleiri en einn kennari. Þegar barnaprófi lýkur, tekur við gagnfræðanám svokallað. Unglingar í kaupstöðum og kauptúnum bæta því við sig skyldunámi í fjóra vetur, eða til 17 ára aldurs. Í sveitum á að þrýsta fólkinu til að afhenda héraðsskólana ríkisvaldinu til algerrar þjóðnýtingar. Þar á

að gerbreyta eignar- og yfirráðum og þá ekki síður öllum vinnubrögðum. Héraðsskólarnir hætta að vera frjálsar uppeldisstofnanir fyrir þroskaða unglinga. Nú á að breyta þeim í lögþvingaða framhaldsbarnaskóla. Í fyrstu eiga þeir að starfa í tvö ár og sleppa hendi af unglingunum, þegar þeir eru 15 ára. En það yrði að sjálfsögðu bráðabirgðafyrirkomulag, því að í framkvæmdinni mundi þykja óviðurkvæmilegt, að sveitabörnin næðu á hálfu styttri námstíma sama lærdómsstigi og kaupstaðaunglingar. Það má því hiklaust gera ráð fyrir því, að ef gagnfræðakennsla kaupstaðanna nær yfir fjögur ár, þá verði sveitabörnin að sitja við sama borð. Nefndin gerir réttilega ráð fyrir því, að ýmsir foreldrar geti ekki kostað börn sín í þessa löngu heimavistarskóla ár eftir ár nema með því, að sveitarfélögin kosti dvöl þeirra að öllu leyti.

Nefndin hefur ekki talið ómaksins vert að gera athuganir eða áætlanir um kostnaðinn við þessa nýju tilhögun. Sá kostnaður yrði þó ekki alllítill. Byggingarkostnaður heimavistarskóla í sveitum fyrir öll börn og unglinga frá 7 til 17 ára aldurs yrði stórkostlegur og þá ekki síður kennaralaun og dvalarkostnaður barna og ungmenna, sem sveitarfélögin yrðu að verulegu leyti að standa straum af. Nefndin kemst lengst í athugunum sínum um þetta efni, þar sem hún bendir á, að til að fullnægja ungmennafræðslunni, þurfi ekki að bæta við nema svo sem 100 kennslustofum. Í héraðsskólanum í Reykholti eru þrjár kennslustofur, en öll byggingin mundi nú ekki kosta undir fjórum milljónum króna. Vantar þar þó enn mikið húsnæði, heimavistarherbergi, vinnustofur og kennaraíbúðir. Það mun þess vegna þykja allþung byrði fyrir skattþegnana að reisa allar þær byggingar, sem hér er um að ræða, kosta nemendur, sem þar eiga að vera til að fullnægja bókstaf laganna, og til að standast kostnað við hina umfangsmiklu kennslu. Það er varla úr vegi, meðan málið er á umræðustigi, að sýna, hversu þjóðinni muni ganga að standast þennan tilkostnað.

Laust fyrir 1930, þegar lög voru sett um gagnfræðanám í kaupstöðum, hafði verið lögfest, að í Reykjavík skyldi starfa gagnfræðaskóli, kostaður af ríkinu og höfuðstaðnum. Þá var enginn almennur unglingaskóli til í bænum. Séra Ingimar Jónsson var skipaður forstöðumaður þessa skóla og með honum nokkrir mjög duganði kennarar. Skólinn hefur frá upphafi fengið gott orð og notið vinsælda í bænum. En alla þá stund, sem liðin er frá stofnun hans, hafa ríkið og bærinn ekki séð sér fært að byggja yfir þessa stofnun. Hefur skólinn orðið að hafast við í ýmsum mjög lélegum bráðabirgðahúsakynnum. Nú í haust, 1945, er verið að grafa fyrir grunni að heimili fyrir þennan gagnfræðaskóla. Ekki tekur betra við, þegar litið er á getu og áhuga landsmanna fyrir húsakosti menntaskólans í Reykjavík. Hann býr enn við þau húsakynni, sem Danakonungur reisti hans vegna fyrir hundrað árum. Þar er algerlega óhæf skólastjóraíbúð, íþróttahús, sem er bæði lítið og illa vandað, og kennslupláss svo takmarkað, að nú mun vera unnið að því að endurbæta gömul gripahús til að auka húsrými til kennslunnar. Ef litið er á rekstrarkostnað skólanna, eins og hann er nú orðinn, sést, að framleiðslan mun eiga erfitt með að standa undir þeim kostnaði, sem þar er farið fram á. Brynjólfur Bjarnason hefur í haust sem leið stofnsett einn skóla, án þess að lög séu til um það fyrirtæki. Það er gagnfræðaskóli Húsvíkinga. Nemendur eru rúmlega 30. Tilkostnaður við kennsluna fyrir kauptúnið og héraðið er um 1700 kr. á nemanda. Er þó enn kennt í gömlu húsi, þar sem ekki er borguð leiga, sama og engu varið til áhalda og annarra útgjalda, sem leiðir af fastri skólastofnun.

Reykjavík er stærsta og efnaðasta sveitarfélag á landinu, og menntaskólinn þar er elzti skóli landsins. Sú staðreynd, að ríkið og bæjarfélag Reykjavíkur hafa ekki treyst sér til að sjá þessari stofnun fyrir betri húsakosti en raun ber vitni, sýnir, hve erfiðlega muni ganga að þvinga fólkið í landinu til að taka á sig þær byrðar að reisa sæmileg skólahús til að geta boðið öllum börnum og unglingum frá 7 til 17 ára viðunandi húsakost og kennslu. Og dæmið um hinn nýja, litla gagnfræðaskóla á Húsavík, sem er enn á byrjunarstigi að öllu leyti, sýnir ótvírætt, hve mikinn kostnað

skólaskylda allra barna og unglinga um 11 ára skeið mundi baka landinu. Ef Alþingi þykir rétt að stíga slíkt spor, mælir öll sanngirni með, að skattþegnarnir í landinu hafi verið spurðir um álit þeirra, áður en hafizt er handa um þessa umfangsmiklu andlegu þjóðnýtingu.

Nefndin ætlast til, að allir þeir, sem lokið hafa gagnfræðaskólaprófi með sæmilegri einkunn, eigi rétt á fjögurra ára framhaldsnámi í menntaskólum landsins. Nú er málum svo komið, að báðir menntaskólarnir eru yfirfullir af nemendum og búa við þröngan húsakost, þó að þeir séu ekki í beinu sambandi við neina aðra skóla. En eftir að búið væri að gefa öllum þorra ungmenna í landinu lagalegan rétt til að heimta ókeypis menntaskólagöngu í fjögur ár, mundi áreiðanlega þurfa að bæta við þá skóla húsakynnum, sem Kristján 8. gat ekki dreymt um, þegar hann bætti úr heillar aldar þörf fyrir heimkynni menntaskólanemenda á Íslandi.

Nefndin ætlast til, svo sem vonlegt er, að allir stúdentar eigi síðar rétt á háskólavist. Núverandi húsakynni háskólans eru að verða of þröng fyrir hina mjög takmörkuðu tölu nemenda, sem útskrifast úr menntaskólunum, eins og þeir eru nú.

Skólaskipun sú, sem þjóðin býr nú við, er byggð á því, að ríkið og bæjar- og sveitarfélög leggi fram til þeirra mála eftir vilja og getu. Sömuleiðis er ekki reynt að hindra æskuna í landinu frá að leggja árum saman stund á skólagöngu. Grundvöllur íslenzkrar uppfræðingar hefur fram að þessu verið frjáls og byggður á sjálfsbjargarviðleitni einstaklinganna. Nú er stefnt að því að taka nokkurn veginn allt frelsi af foreldrum, ungmennum og borgurum landsins yfirleitt um allt, sem snertir uppeldi æskunnar í landinu. Auk þess er stefnt að því að leggja á þjóðina byrðar, sem ekki er létt að bera, allra sízt þar sem hinn aukni tilkostnaður mundi engan veginn verða til að auka orku þjóðarinnar, heldur til hins gagnstæða.

Skólamálanefndin hefur mál sitt á því, að hún telji æskilegt, að sveitarfélögin geti stofnsett skóla fyrir börn á 5—7 ára aldri, og lætur liggja að því, að þriggja ára börn geti þurft nokkra fyrirgreiðslu af því tagi. Nefndin segist ætla að tryggja fjölbreytni í náminu með því að skipta ungmennum í gagnfræðaskólum í tvennt. Stunda sumir aðallega bóknám, en hinir verknám. Bóknámið veitir rétt til inngöngu í menntaskóla og síðan í háskóla. Verknámið gefur engin réttindi. Danir hafa reynt þetta skipulag og gefizt það illa. Unglingunum er skipt með bóknámsprófi í sauði og hafra. Þeir, sem hljóta lægri einkunnir, eru dæmdir í aðstöðu „almúgans“. Bóknámið getur leitt inn á „höfðingja“stigið. Reynslan hefur orðið sú, þar sem þetta skipulag hefur verið prófað, að foreldrar neyta allrar orku með aukakennslu og hvers konar harðræðum að bjarga börnum sínum inn í bóknámsdeildina, þó ekki væri nema til að bjarga heiðri sínum og barnanna. Er þessi keppni alkunn í Reykjavík, þar sem allri tækni kennsluítroðnings er beitt til að koma börnum höfuðstaðarbúa inn í gagnfræðadeild menntaskólans. Sannarlega verður aldrei með tölum talið það tjón, sem börnum og unglingum er gert með þessu heimskulega atferli. En allra mesta ávirðingin í þessu efni er sú að óvirða framleiðslustörfin og koma þeirri hugsun inn í hug barna og unglinga, að meginhugsjón allra æskumanna eigi að vera sú að flýja frá framleiðslunni að lifibrauði á framfæri annarra.

Í breytingu þeirri á héraðsskólalögunum frá 1939, sem Bjarni Bjarnason, Pétur Ottesen og sá, er þetta ritar, stóðu sérstaklega að, var gert ráð fyrir að þrískipta námstímanum í þeim skólum milli bóknáms, verknáms og íþrótta. Með þessu var bóknáminu, íþróttunum og vinnukennslunni gert jafnhátt undir höfði. Sundurgreining héraðsskólanemenda á milli bóknáms og verknáms hefur fram að þessu gerzt eftir vali þeirra sjálfra, þegar dvöl þeirra í skólunum var lokið. Allir nemendur áttu að finna, að þeir þurftu jöfnum höndum að nema bókleg og verkleg vinnubrögð. Héraðsskólarnir hafa gengið lengst allra íslenzkra menntastofnana að kenna vinnubrögð, og þar hefur tekizt að starfa á þann hátt, að unglingarnir hafa fundið, að ekki var hallað á verklega námið í samanburði við bókfræðin. Þessi skoðunarháttur héraðsskólanna þarf að ná til allra annarra skóla, bæði við barnafræðslu og framhaldsnám, hverju nafni sem nefnist. Í þúsund ár hefur þjóðlíf Ís-

lendinga verið samanofið úr tveimur þáttum: líkamlegri vinnu og andlegri ræktun. Svo þarf enn að vera.

Sú breyting, sem nefndin leggur til, að þjóðnýta héraðsskólana, mundi svipta þá þeim vaxtarskilyrðum, sem byggjast á frumkvæði einstaklingsins. Í ríkisskólum er varla hægt að veggfóðra herbergi né mála húsþak án þess að leyfi Alþingis og kennslumálastjórnarinnar komi til. Í öllum héraðsskólunum hefur verið efnt til margháttaðrar vinnukennslu, einkum við smíði, þrátt fyrir fátækt skólanna. En eftir 50 ára fyrirhyggju Alþingis og ríkisstjórnar, er ekki enn búið að koma á fót sæmilegum vinnustofum í bændaskólunum. Við Ísafjarðardjúp hafa börn og unglingar, feður og mæður lagt fram stórmikla vinnu og fé til að koma á fót héraðsskóla á Reykjanesi. Svipaða sögu má segja úr nálega öllum héruðum um tilkomu hinna héraðsskólanna. Á Reykjum í Hrútafirði er nú unnið að því að koma á fót verkstæði, þar sem a. m. k. tuttugu piltar gætu fullnumið nauðsynlegustu tækni við húsagerð og jafnmargar ungar konur lagt stund á matreiðslu- og saumanám. Samhliða þessu starfar áhugalið skólans að því að koma upp heitri sjólaug til afnota fyrir nemendur og sumargesti. Flestir héraðsskólarnir hafa tekið upp þann góða sið að reka gistihússtarfsemi á sumrin og bæta þannig úr sárri neyð ferðamanna í gistihúsalausu landi. Enginn ríkisskóli hefur lagt á sig þessa þjóðlegu skylduvinnu. Ríkisreksturinn vantar þar sem endranær fjör og skapandi kraft. Um leið og búið væri að þjóðnýta héraðsskólana, mundi mestöll skapandi starfsemi hverfa, en forráðamenn þeirra kasta allri ábyrgð á fjárveitingavaldið og ríkisstjórnina.

Skólamálanefnd Einars Arnórssonar hefur nálega aldrei tekið tillit til íslenzkra staðhátta eða reynslu í tillögum sínum. Hana hefur ekki órað fyrir, að tvískipting sú, sem gert er ráð fyrir í unglinganáminu, mundi verða til niðurdreps og fordjörfunar fyrir álit framleiðslustarfanna. Nefndin gerir heldur enga grein fyrir, hversu haga skuli vinnukennslunni. Og hún er sennilega alls ófróð um það, að 13 ára börn eru miklu miður hæf til að stunda hagnýtt verknám en 17—18 ára unglingar. Nefndarmönnum virðist vera litt kunnug hin mikla og almenna námsþreyta, sem einkennir börn, sem lokið hafa margra ára innhaldslitlu skyldunámi. Þegar héraðsskólarnir fá þessi þreyttu börn til framhaldsnáms, yrðu slíkir nemendur með allt öðrum og óskemmtilegri brag en þeir unglingar, sem kæmu af frjálsum vilja frá framleiðslustörfum heimilanna og verður stuttur námstími að góðum notum, af því að hvorki vantar fjör né áhuga. Sumir af beztu starfsmönnum við héraðsskólana hafa lýst yfir því, að þeim mundi ekki koma til hugar að starfa við þessa skóla, eftir að þeim hefði verið breytt í þvingunarstofnun fyrir börnin úr sveitunum. Með hinni ráðgerðu breytingu mundi hverfa allt sjálfboðastarf í sambandi við þessar vinsælu sveitastofnanir. Bjarni Bjarnason á Laugarvatni gæti hætt við að stækka túnið fram úr 70 dagsláttum. Hann gæti lagt niður kartöflugarða, sem framleiða 300 tunnur af garðmeti. Óþarft væri fyrir hann að hugsa um gróðurhús eða að starfrækja stærsta gistihús landsins fyrir sumargesti. Eftirmenn Bjarna Bjarnasonar og hinna mörgu dugnaðarmanna, sem skapað hafa héraðsskólana með mikilli reynslu og fyrirhöfn, gætu, þegar hér væri komið sögu, hætt allri áhugamannastarfsemi og beðið eftir, að fræðslumálaráðuneytið eða kennslumálaráðherra legðu fyrir að veggfóðra nemendaherbergi eða bæta brotnar þakrennur skólabygginganna.

Nú liggur næst fyrir að athuga áhrif hinnar nýju skólaskyldu á kennsluna í sveitunum. Það á að vera heimilt að veita börnum undanþágu frá að vera allan veturinn í heimavistarskóla, en enginn vafi er á, að þeir menn, sem standa fyrir þessu þvingunarnámi, munu leggja mikla áherzlu á, að öll börn og unglingar sitji við sama borð. Það er ekki heldur sýnilegt, að mögulegt verði að láta börnin og unglingana yfirleitt sæta sömu prófraun, nema þau hafi jafnan tíma til námsins. Þess vegna er óhjákvæmlegt að gera ráð fyrir því, að innan skamms yrðu öll börn og unglingar í dreifbýlinu að heiman í heimavistarskólunum 7—9 mánuði á ári frá

7 ára aldri og þar til þau eru 15 ára. Að öllum líkindum mundi sambandið við kaupstaðaskólana lengja þessa skólavist enn um tvö ár.

Það er lítill vafi á því, að heimilin í sveitunum mundu breytast meira en lítið við þetta nýja skipulag. Nú um stund hefur á vetrum verið á heimilum sveitanna þrenns konar fólk: Hjónin á bænum, vandabundin gamalmenni og börn hjónanna á ýmsum aldri. Hin nýja löggjöf mundi losa börnin algerlega við heimilin. Í fyrstu mundu þau koma til foreldranna í sumarleyfinu, en væntanlega ekki telja sig eiga mikið erindi þangað, eftir að lokið væri hinni löngu skólavist, jafnvel þó að ekki væri snúizt að menntaskólanámi. Með þessum hætti væru heimilin svipt hinni miklu hjálp, sem börn og unglingar veita foreldrum sínum með glöðu geði við framleiðslustörfin. Heimilin væru svipt þeim andlega styrk og ánægju, sem börn veita, og börnin væru svipt þeirri margháttuðu menningu, sem fylgir vinnu við framleiðslustörfin og samveru með vandamönnum. Eftir að búið væri að taka börn og unglinga úr íslenzkum sveitaheimilum, yrðu þar um stund eftir barnlaus hjón og gamalmenni. Ekki löngu síðar mundu sveitaheimilin leggjast í auðn, eins og byggð Íslendinga í Grænlandi undan sókn Eskimóanna. Af öllum þeim tillögum, sem bornar hafa verið fram á síðari árum til niðurdreps íslenzku skólalífi, er engin háskalegri íslenzkri menningu heldur en sú að taka um 9—11 ára skeið öll börn og unglinga vetrarlangt úr heimilunum frá ættfólki sínu.

Ekki verður hjá því komizt að viðurkenna, að ótrúlega mikill kostnaður leggst á einstaklinga og þjóðfélagið við þetta ráðgerða, lögþvingaða skólahald. Það yrði óhjákvæmilegt, að bæjar- og sveitarfélög yrðu að leggja mikið fé fram til allra þessara margháttuðu skólabygginga, verkstæða, heimavista og kennarabústaða. Laun þessara manna mundu verða mjög þungur baggi, eins og kaupgjaldi er nú háttað við þau störf. Og að öllum líkindum yrði ekki létt byrði fyrir heimilin í sveitinni að kosta öll börn og unglinga að heiman vetrarlangt ár eftir ár. Sennilega mundu mjög margir foreldrar gefast upp við að standa undir þessum greiðslum, og kæmi öll byrðin þá á þau heimili, sem eitthvað hefðu aflögu. Þessi skólaskyldu-aukning mundi þess vegna, auk annarra áhrifa, verða mikilvirk við að jafna efnahag manna, þannig að allir stæðu að lokum nokkuð jafnt að vígi, með því að eiga ekki neitt.

Það hefði ef til vill verið sök sér að leggja svo mikla stund á að berja hina uppvaxandi kynslóð til bókar, ef reynslan sýndi, að löng skólaganga væri alger trygging fyrir andlegum og líkamlegum afrekum. En þessu er ekki svo varið. Heimilin í íslenzku dreifbýli hafa fram til þessa dags verið vagga alls þess, sem bezt er í íslenzkri menningu. Vinna við margbreytt störf og bóklestur í sveitabaðstofu hefur skapað og haldið við íslenzkri menningu. Þegar snillingar eins og Sveinbjörn Egilsson og Jónas Hallgrímsson taka að vinna að endurreisn tungunnar, þá finna þeir allan efniviðinn á vörum fólks, sem aldrei hafði séð svo mikið sem dyrustaf á skólabyggingu. Jafnframt því, að öllum má vera ljóst, að skólaganga er á ýmsan hátt nauðsynleg sem undirbúningur fyrir ýmiss konar vinnubrögð, þá er ekki hægt að neita því, að margt af því, sem bezt hefur verið gert í íslenzku þjóðlífi, hefur verið framkvæmt af mönnum, sem hafa notið engrar eða lítillar skólagöngu. Ef litið er til atvinnuveganna, þá hafa nálega allir helztu forgöngumenn við umbætur landbúnaðar, útvegs eða iðnaðar verið sjálfmenntaðir menn að mestu. Nálega engir af forkólfum kaupfélaganna eða kaupmenn, sem flutt hafa verzlunina inn í landið síðan um 1870, hafa notið langrar skólagöngu. Sama er raunin, ef litið er til hinna umfangsmiklu mannbætandi hreyfinga. Bindindishreyfingin, ungmennafélögin, íþróttastarfsemin, samvinnusamtökin og verkalýðsfélagsskapurinn, meðan hann starfaði á frjálsum grundvelli, hafa að langmestu leyti verið borin fram af fólki með mikinn lífsþrótt, en litla þvingun á skólabekkjum.

Það takmark, sem nefnd Einars Arnórssonar hefur sett sér, að koma öllum Íslendingum í mjög langa skylduskólagöngu, sýnist ekki jafnóhjákvæmilegt fyrir

íslenzka þjóðmenningu og sumir kynnu að halda. Barnaskólar landsins eru meira og minna nauðsynlegir, en þurfa mikilla endurbóta við, eins og síðar mun vikið að. Þvingun og einhæfni þessara skóla hefur haft lamandi áhrif á suma veigamestu þætti hins andlega lífs í landinu. Ferskeytlugerð er undirstaða allrar meiri háttar ljóðagerðar hér á landi, en ekki er kunnugt um, að neinir ferskeytluhöfundar hafi komið úr íslenzkum barnaskólum. Ekkert af þjóðskáldum landsins, nema ef vera skyldi Steinn Steinarr, hefur numið í barnaskóla. Ekki heldur þeir listamenn, sem bera af hér á landi. Aðeins einn maður af þeim mönnum, sem rita tilþrifamikið íslenzkt mál nú á dögum, hefur stundað nám í barnaskóla, og sá maður varð að læra málið af Snorra Sturlusyni og Jónasi Hallgrímssyni, eftir að hann hafði lokið háskólaprófi.

Íslenzka þjóðin hefur vafalaust þörf fyrir að eiga margháttaða skóla, og sá, sem þetta ritar, hefur lagt sinn skerf til þeirra mála í landinu. En reynslan hefur sýnt, að Íslendingar hafa oft komizt langt án mikillar skólagöngu, og í öðru lagi, að ef skólagangan er misheppnuð og vanrækt, getur það verið til fordjörfunar og niðurdreps. Vandamál forgöngumanna skólamálanna er ekki fyrst og fremst að fjölga skólum og þvinga fólk í skóla, heldur hitt, að gera skólana sem gagnlegasta og umfram allt að láta skólagönguna ekki granda neinum af dýrmætustu þáttum hins íslenzka heimilisuppeldis.

Einn af kunnustu og fremstu leiðtogum í uppeldismálum Íslendinga, Sigurður Guðmundsson skólameistari, vonaði að stúdentar úr skóla hans mundu ganga í bændastöðuna og flytja þangað fræ úr akri skólans. Ekki hefur skort í því efni drengilega hvatningu af hans hálfu, en ekki hefur sá áróður borið tilætlaðan árangur. Mjög fáir eða engir stúdentar hafa gerzt bændur. Mjög fáir stúdentar eru leiðtogar í útgerðar-, verzlunar- eða iðnaðarmálum. Í stað þess liggur meginþunginn í straum stúdenta frá framleiðslunni og að launuðum störfum. Að vísu er nauðsynlegt, að dugandi menn gerist verkamenn ríkis og bæja á föstum launum, en tæplega verður það talið við hlítandi, ef skapandi forusta í atvinnumálum verður ekki nema sjaldan í höndum þeirra manna, sem lengst hafa setið á skólabekk. Tillögur milliþinganefndarinnar ganga allar í þá átt að lengja námstímann, auka skólaþreytuna og deyfa framkvæmdaþróttinn. Nefndin sækir á að halla rétti framleiðslunnar, veikja heimilin og gera börnin fráhverf daglegum störfum. Hún gerir sér sérstakt far um að eyðileggja þá þætti í uppeldismálunum, þar sem reynir á frjáls samtök borgaranna til uppeldisbóta, og hlífist hvergi við um neinn tilkostnað á skattborgarana. Ef frumvörp milliþinganefndarinnar verða samþykkt, munu þau fyrst um sinn að mestu leyti verða dauður bókstafur, en þó til skaða, þar sem um einhverja framkvæmd verður að ræða. Mjög sennilegt er, að almenn samtök verði hafin í landinu móti öfgum þeirra, svo sem tilraunum nefndarinnar að láta barna- og unglingaraddir verða útlægar af sveitaheimilunum. En að einu leyti gæti starf nefndarinnar orðið að gagni. Þar er safnað saman í eitt kerfi nálega öllum ágöllum núverandi skipulags og miklu aukið við. Frumvarp nefndarinnar um allsherjar sókn á hendur þjóðlegri menningu í sambandi við kennsluna mun áreiðanlega vekja þjóðina til nýrra aðgerða í uppeldismálunum. Vandinn er í því fólginn að viðhafa hæfilega mikla skólagöngu til stuðnings hinu þjóðlega uppeldi, en þrengja hvergi að starfi mæðra og feðra við uppeldi hinnar uppvaxandi kynslóðar.

Nú hefur verið bent á fáein dæmi um vanhyggni þeirra, sem starfað hafa í milliþinganefnd Einars Arnórssonar, og það, í hve litlu sambandi nefnd þessi stendur við stjórnmála- og þjóðlíf Íslendinga. En þar sem hér er gert ráð fyrir nýrri milliþinganefnd, sem kosin verður af Alþingi, þykir ekki verða komizt hjá, að tillögunni fylgi bendingar um nýjar og heppilegar leiðir í uppeldismálum þjóðarinnar. Verður vikið að þeim stuðningi við tillöguna í sérstakri framhaldsgreinargerð.

Nd. 230. Breytingartillaga

við frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára. Þó getur fræðsluráð ákveðið, að fræðsluskylda í einu eða fleiri skólahverfum innan fræðsluhéraðsins skuli aðeins ná til 14 ára aldurs, ef hlutaðeigandi skólanefnd óskar þess.
Heimilt er sveitarfélögum með samþykki fræðslumálastjórnar að hækka fræðsluskyldualdur til 16 ára.

Nd. 231. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um óveitt læknishéruð og starf milliþinganefndar um skipun læknishéraða og læknisþjónustu í sveitahéruðum.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að tryggja það, að læknar fáist í óveitt læknishéruð, og hvað líður starfi nefndar þeirrar, er skipuð var eftir þingsályktun Alþingis á þingskjali 244 1944, um skipun læknishéraða og læknisþjónustu í sveitahéruðum?

Nd. 232. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 216 [Raforkulög].

Frá Jörundi Brynjólfssyni, Sigurði Þórðarsyni og Skúla Guðmundssyni.

Efnismálsgrein 1. tölul. orðist svo:
Nú vilja einstakir bændur eða fleiri saman reisa vatnsorkustöðvar til rafmagnsframleiðslu til heimilisnota utan þeirra svæða, sem gera má ráð fyrir, að orkuveitutaugar frá héraðsrafveitum nái yfir, að dómi raforkumálastjóra, og veitir þá raforkusjóður lán til þeirra framkvæmda, allt að ⅔ kostnaðar, enda séu mannvirkin vel gerð að dómi rafmagnseftirlits ríkisins. Lánin má veita til 30 ára, og endurgreiðist þau með jöfnum afborgunum. Vextir séu 2%.

Nd. 233. Breytingartillaga

við frv. til raforkulaga.

Frá Jörundi Brynjólfssyni, Sigurði Þórðarsyni og Skúla Guðmundssyni.

Við 11. gr. Við 1. málsgr. bætist: Heildsöluverðið skal vera hið sama um allt land.

Nd. 234. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 211 [Sala þjóðjarða og kirkjujarða].

Frá landbúnaðarnefnd.

Við brtt. 1. Breytingartillagan orðist svo:
Námuréttindi á þjóð- og kirkjujörðum skulu undanskilin sölu og sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir.

Nd. 235. Nefndarálit

um frv. til l. um fiskimálasjóð, markaðsleit sjávarafurða, útflutning á fiski o. fl.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Aðalnýmæli frumvarpsins eru þessi:

1. Tekjur fiskimálasjóðs verði auknar stórlega eða að minnsta kosti fjórfaldaðar frá því, sem þær hafa verið undanfarið, og heimiluð 10 milljón króna lántaka að auki.

2. Fiskimálanefnd verði lögð niður og Fiskifélagi Íslands ætluð að mestu sú forysta í sjávarútvegsmálum, sem þeirri nefnd hefur verið falin. En þriggja manna stjórn fiskimálasjóðs er ætlað að úrskurða um fjárveitingar úr sjóðnum í samráði við Fiskifélagið, í stað þess, að ráðherra hefur haft úrskurðarvaldið í samráði við fiskimálanefnd.

3. Félögum útvegsmanna og fiskimanna er ætlaður forgangsréttur að þeim stuðningi, sem fiskimálasjóður veitir til iðnrekstrar og nýjunga í sjávarútvegi.

4. Fiskimálasjóði er ætlað að styðja sérstaklega bátakaup eða bátasmíði á þeim útgerðarstöðum í landinu, þar sem tilfinnanleg vöntun er báta, en lítið fjármagn fyrir hendi til framkvæmda.

Sjávarútvegsnefnd hefur leitað umsagnar stjórnar Fiskifélags Íslands um málið, og lét hún uppi svofellt álit á málinu:

„Félagsstjórnin er því meðmælt, að fiskimálasjóður verði efldur sem mest og er samþykk þeirri skipulagsbreytingu á sjóðnum, sem felst í frv. á þskj. 12, um fiskimálasjóð, markaðsleit o. fl., það sem hún nær."

Sjávarútvegsnefnd hefur klofnað um málið. Meiri hluti nefndarinnar hefur tekið ákvörðun um að mæla ekki með frumvarpinu, en minni hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 4. gr. Í stað „200000" komi: 300000.

Alþingi, 26. nóv. 1945.

Eysteinn Jónsson.

Nd. 236. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 27. júní 1921, um lestagjald af skipum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 27. nóv. 1945.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm. Ingólfur Jónsson, fundaritari. Hallgr. Benediktsson.

Skúli Guðmundsson. Einar Olgeirsson.

Ed. 237. Frumvarp til laga

um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd, er nefnist Viðskiptaráð, og jafnmarga varamenn. Við skipun varamanna skal ákveða, fyrir hvaða aðalmenn hver þeirra um sig skuli taka sæti í ráðinu í forföllum aðalmanna eða ef sæti verður laust um stundarsakir.

2. gr.

Viðskiptaráð hefur þessi verkefni með höndum:

1. Gerir tillögur til ráðherra um það, á hvaða vörutegundum innflutningur skuli vera háður leyfisveitingum og frá hvaða löndum, en ráðherra setur um þetta ákvæði, eftir að leitað hefur verið álits Verzlunarráðs Íslands og Sambands íslenzkra samvinnufélaga.
2. Úthlutar til innflytjenda innflutningi á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og setur þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum, samanber þó lög um Nýbyggingarráð frá 24. nóv. 1944.
3. Ráðstafar gjaldeyri til vörukaupa erlendis samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar svo og til annarra nauðsynja, samanber þó lög um Nýbyggingarráð frá 24. nóv. 1944.
4. Ráðstafar, ef því þykir nauðsyn bera til, farmrými á skipum, er annast eiga vöruflutninga til landsins og eru eign íslenzkra aðila eða á vegum þeirra.
5. Fer með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit samkvæmt lögum nr. 3/1943 eða öðrum lögum, sem sett kunna að verða í þeirra stað, og vöruskömmtun lögum samkvæmt.

Ráðherra setur Viðskiptaráði starfsreglur.

3. gr.

Nýbyggingarráð og Viðskiptaráð skulu sameiginlega útbúa fyrir ár hvert heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs, magn og verðmæti, svo og um, til hvaða landa útflutningurinn fari og frá hvaða löndum innflutningurinn komi. Skal áætlun þessi miðast við það að hagnýta sem bezt markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna. Mánaðarlega skulu ráðin hafa sameiginlega fundi til þess að endurskoða áætlun þessa og breyta henni svo sem nauðsynlegt kann að vera vegna viðskipta við útlönd og gjaldeyrisástands þjóðarinnar.

4. gr.

Að fráskildum greiðslum fyrir vöruinnflutning, sem er ekki háður leyfisveitingum samkvæmt 1. tölulið 2. gr. laga þessara, má engan gjaldeyri láta af hendi án leyfis Viðskiptaráðs, nema séu greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vextir og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einir kauprétt á erlendum gjaldeyri.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f, þannig að hinn síðarnefndi fái einn þriðja hluta alls gjaldeyris, ef hann óskar, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, sem hvor banki fær, getur ráðherra breytt, ef báðir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f. Þó er póststjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ráðherra setur.

Bannað er að flytja íslenzkan eða erlendan gjaldmiðil úr landi, nema nauðsynlegan farareyri eftir reglum, sem ráðherra setur.

5. gr.

Ráðherra setur nánari fyrirmæli í reglugerð um efni þau, er í lögum þessum greinir, þar á meðal um úthlutun innflutnings og um gjaldeyrisleyfi, um gjaldeyrisverzlun, um eftirlit tollmanna til varnar við útflutningi innlends og erlends gjaldmiðils og til tryggingar því, að íslenzk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna. Enn fremur ákvæði um það, að allur annar gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

Sömuleiðis skýr og ótvíræð fyrirmæli um verkaskiptingu milli Viðskiptaráðs og Nýbyggingarráðs, svo sem um útgáfu gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum, sem veitt eru samkvæmt tillögum hins síðarnefnda og greiðast með gjaldeyri af nýbyggingarreikningi.

6. gr.

Hver sá, er innflutningsleyfi fær, greiði Viðskiptaráði ½% af upphæð þeirri, sem leyfi hljóðar um, þó aldrei minna en 1 krónu fyrir hvert einstakt leyfi. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af Viðskiptaráði og framkvæmd þessara laga.

Leyfisgjöld, sem til falla vegna útgáfu innflutningsleyfa samkvæmt tillögum Nýbyggingarráðs, renna til þess, enda sé sá innflutningur greiddur með gjaldeyri af nýbyggingarreikningi.

7. gr.

Brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, þar á meðal skilyrðum um leyfi, er Viðskiptaráð setur, varða sektum allt að 100000 krónum. Ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað, má og svipta sökunaut með dómi rétti til verzlunar. Upptaka eignar samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

8. gr.

Mál út af brotum samkvæmt 6. gr. fara að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 1 16. jan. 1943 og önnur ákvæði, sem fara í bág við lög þessi.

Lög þessi falla úr gildi 1. desember 1946.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, setur ráðherra ákvæði um það, hvaða vörutegundir skulu háðar leyfisveitingum. Skulu þau ákvæði gilda, unz Viðskiptaráð hefur gert tillögur um þetta samkvæmt 1. tölulið 2. gr. laga þessara.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd flytur frv. þetta að beiðni viðskiptamálaráðherra, og fylgdu því svolátandi athugasemdir:

„Frv. þetta er að mestu sniðið eftir tillögum nefndar þeirrar, er skipuð var af viðskiptamálaráðuneytinu hinn 9. okt. s.l., en álit hennar er prentað sem fylgiskjal hér á eftir. Aðalefnisbreytingin, sem gerð hefur verið á frv. nefndarinnar, er sú, að 3. gr. er bætt inn í.“

Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um frumvarpið. Einn nefndarmanna (KA) var fjarstaddur þegar málið var afgreitt.

Fylgiskjal.

Nefndarálit.

Með bréfi dagsettu 9. október 1945 skipaði viðskiptamálaráðherra neðangreinda menn í nefnd „til þess að gera tillögur um, hvernig skuli framvegis farið með þau mál, er falin voru viðskiptaráði með lögum nr. 1 16. jan. 1943, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, og lögum nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag“:

Jón Maríasson, bankastjóri, formaður.
Svanbjörn Frímannsson, formaður Viðskiptaráðs, tilnefndur af Viðskiptaráði.
Jóhann Þ. Jósefsson, formaður Nýbyggingarráðs, tilnefndur af Nýbyggingarráði.
Eggert Kristjánsson, stórkaupmaður, tilnefndur af Verzlunarráði Íslands.
Eyjólfur Leós, fulltrúi, tilnefndur af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga.

Nefndin tók strax til starfa og kom saman á fyrsta fundinn þann 11. okt. Alls hafa hingað til verið haldnir 11 fundir.

Byrjað var á að fara í gegnum núgildandi lög um innflutning og gjaldeyrismeðferð og lög um verðlag. Innflutningsmálin og gjaldeyrisleg afstaða þjóðarinnar voru rædd fram og aftur.

Þá kynnti nefndin sér skipulagningu og starfsemi Viðskiptaráðsins og kostnaðinn við rekstur þess.

Á einum fundi nefndarinnar mætti samkvæmt ósk hennar verðlagsstjóri, og gerði hann grein fyrir fyrirkomulagi verðlagseftirlitsins og kostnaðinum við rekstur þess. Bæði formaður Viðskiptaráðs, sem sæti á í nefndinni, og verðlagsstjóri bentu á, að draga mætti verulega úr starfsemi Viðskiptaráðsins sjálfs og verðlagseftirlitsins, sökum hins breytta viðhorfs nú að afloknu stríði, og lækka þannig kostnaðinn til muna.

Nefndin var sammála um, að draga bæri starfsemi alls Viðskiptaráðsins eins mikið saman og frekast væri unnt, vegna hinna breyttu aðstæðna. Meðfylgjandi breytingartillögur miða m. a. að því.

Jóhann Þ. Jósefsson lagði fram í nefndinni tillögur um ný lög um innflutning og gjaldeyrismeðferð. Þessar tillögur féllst nefndin ekki á. Hins vegar styður Jóhann Þ. Jósefsson til samkomulags þær breytingartillögur, sem fylgja hér með, þó með þeim athugasemdum, sem um getur hér á eftir.

Hinar einstöku breytingartillögur skulu nú skýrðar nokkuð í eftirfarandi greinargerð:

1. gr. — Meiri hluti nefndarinnar kom sér saman um að leggja til, að Viðskiptaráð verði skipað á sama hátt og áður, að öðru leyti en því, að 2. málsgrein 1. gr. núgildandi laga verði felld niður, þó með þeirri breytingu, sem um getur varðandi skipun varamanna.

2. gr. — Þessari grein hefur verið breytt mest.

1. töluliður. Nefndin lítur svo á, að þar sem stríðinu sé nú lokið og Ísland eigi verulegar gjaldeyrisinneignir í erlendum bönkum, sé eðlilegt og heppilegt að rýmka verulega á núgildandi innflutnings- og gjaldeyrishömlum, þ. e. a. s. rétt sé að gefa

innflutninginn eins frjálsan og fært þykir, a. m. k. frá þeim löndum, sem taka á móti greiðslum í sterlingspundum.

Nefndinni þykir rétt, að ráðherra skeri úr um það, í samráði við Viðskiptaráð og fulltrúa frá Verzlunarráði Íslands og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, hvaða vöruinnflutningur skuli vera frjáls og hver ekki á hverjum tíma. Það má gera ráð fyrir því, að listanum yfir þær vörur, sem háðar eru leyfisveitingum samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, muni þurfa að breyta eftir því, sem gjaldeyrisleg aðstaða landsins og þróun heimsmarkaðarins svo og viðskiptasamningaleg aðstaða þjóðarinnar krefjast á hverjum tíma. Nefndin telur því nauðsynlegt, að Viðskiptaráð fylgist vel með því, hvaða áhrif það hefur á innflutningsmagn einstakra vörutegunda og gjaldeyrisgreiðslur, ef innflutningur verður að verulegu leyti frjáls. M. a. á slíkum niðurstöðum yrði svo að byggja það, hversu víðtækur listinn yfir innflutninginn, sem háður væri leyfisveitingum, væri á hverju tímabili. — En nefndin er þeirrar skoðunar, að vöruinnflutningur til landsins skuli ætíð vera eins frjáls og aðstæður frekast leyfa.

2. og 3. töluliður. Breytingarnar eru hér aðeins til að samræma þessa liði við lög um Nýbyggingarráð frá 24. nóvember 1944.

4. töluliður. Inn í þennan lið, sem er 2. liður 2. gr. í núgildandi lögum, var bætt „... ef því þykir nauðsyn bera til ...“ Nefndin lítur svo á, að ráðstöfun farmrýmis muni, þegar frá líður, ekki verða nauðsynleg nema á vissum sviðum og því sé rétt að losa nokkuð um núgildandi ákvæði.

5. töluliður. Hér var breytt um lagatilvitnun og sett inn tilvitnun í núgildandi verðlagslög.

Nefndin leggur til, að 5. töluliður í núgildandi lögum verði felldur niður, þar sem innkaupastarfsemi Viðskiptaráðs þegar er að mestu hætt og ekki þykir sennilegt, að slík innkaup verði nauðsynleg á næstunni.

3. gr. — Fyrstu málsgrein þessarar greinar hefur verið breytt í samræmi við þær breytingar, sem að ofan getur.

4. gr. — Þar sem Viðskiptaráð heyrir beint undir viðskiptamálaráðuneytið og náin samvinna milli þessara stofnana verður að teljast nauðsynleg og sjálfsögð, telur nefndin, að það sé eðlilegt, að ráðherra en ekki öll ríkisstjórnin setji reglugerð um starfsemi Viðskiptaráðs.

Þá telur nefndin nauðsynlegt, að settar verði ákveðnari reglur um verkaskiptingu milli Viðskiptaráðs annars vegar og Nýbyggingarráðs hins vegar heldur en nú eru í gildi, svo að komizt verði hjá árekstrum milli þessara stofnana í framtíðinni.

5. gr. — Nefndin er sammála um að leggja til, að bætt verði við greinina ákvæði um það, að leyfisgjöld af þeim innflutningsleyfum, sem veitt eru samkvæmt tillögum Nýbyggingarráðs, renni til þess.

8. gr. — Með því að gera má ráð fyrir, að viðskiptaskilyrði yfirleitt muni breytast nokkuð á komandi ári og með tilliti til þess, hversu erfitt er að sjá fyrirfram þróun atvinnumála og heimsviðskipta sem stendur, þykir nefndinni rétt að leggja til, að lögum þessum verði sett þetta tímatakmark. Á þann hátt vill hún tryggja, að endurskoðun laganna fari fram innan eins árs.

Ákvæði til bráðabirgða. — Þar sem væntanlegt Viðskiptaráð verður skipað fyrst þegar núgildandi lög um innflutning og gjaldeyrismeðferð eru gengin úr gildi, eða 1. des. n. k., en fyrsta verk hins nýja Viðskiptaráðs yrði að gera tillögur til ráðherra um það, hvaða vöruinnflutningur skuli vera háður leyfisveitingum og hver ekki, og þar sem í þriðja lagi undirbúningur slíkra tillagna mun taka nokkurn tíma, þykir nefndinni rétt að leggja til, að ráðherra hafi bráðabirgðalista um þetta tilbúinn strax og Viðskiptaráð tekur til starfa, þ. e. a. s. 1. n. m., til að tryggja eðlilega afgreiðslu mála, á meðan Viðskiptaráð gengur frá tillögum sínum.

Í sambandi við þá rýmkun á innflutningshömlunum, sem gert er ráð fyrir í tillögunum, vill nefndin leggja sérstaka áherzlu á, að hún telur nauðsynlegt að hafa

strangt eftirlit með því, að slík tilslökun geti ekki haft misnotkun á gjaldeyri í för með sér, þannig að fé verði flutt út úr landinu í skjóli frjáls vöruinnflutnings, en verði notað til annarra hluta en vörukaupa til landsins. Nefndin álítur, að bankarnir, sem hafa gjaldeyrisverzlunina með höndum, verði sameiginlega að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja öruggt eftirlit.

Tveir nefndarmenn, formaður og Svanbjörn Frímannsson, líta svo á, að gera þurfi enn fremur sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að aukið frjálsræði í vöruinnflutningnum leiði til skuldasöfnunar í útlöndum, þannig að íslenzkir innflytjendur kaupi vörur til landsins gegn greiðslufresti. Komið gæti til mála að banna í þessum tilgangi allan innflutning til landsins, nema greiðsla fari fram um leið. Þó kynni slíkt bann að hafa vissar óheppilegar afleiðingar og mætti e. t. v. ná nægilegri tryggingu gegn skuldasöfnun í útlöndum í sambandi við vöruinnflutninginn með öðru móti. En þessir nefndarmenn líta svo á, að þeir innflytjendur, sem kunna að þurfa rekstrarlána við, eigi heldur að fá þau hjá innlendum lánsstofnunum en erlendum útflytjendum.

Jóhann Þ. Jósefsson lætur eftirfarandi getið:

„Ég hef ekki getað orðið sammála öðrum nefndarmönnum um skipun Viðskiptaráðs; tel ég, að 1. gr. eigi að orðast svo sem hér segir:

„Viðskiptaráð skal skipað 4 mönnum og 4 til vara. Skal viðskiptamálaráðherra skipa þá í starfið að fenginni tilnefningu stjórnmálaflokkanna fjögurra. Skulu þeir fara með öll mál sameiginlega. Viðskiptamálaráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins, og ræður hans atkvæði úrslitum, ef ágreiningur verður í ráðinu“

Að öðru leyti er ég mörgu samþykkur í uppkasti nefndarinnar, en þó með fyrirvara, sem ég mun gera nánari grein fyrir við meðferð málsins.“

Tveir nefndarmenn, Eggert Kristjánsson og Eyjólfur Leós, álíta, að eðlilegt væri, að Verzlunarráð Íslands og Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefndu einn mann hvort í Viðskiptaráð, en með tilliti til hins stutta tíma, sem ráðgert er að Viðskiptaráðið starfi, þá gera þeir það ekki að sérstöku ágreiningsefni.

Reykjavík, 16. nóvember 1945.

Nd. 238. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og vill mæla með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. nóv. 1945.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson.

Ásm. Sigurðsson. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 239. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1946 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög. Frumvarpið fer aðeins fram á framlengingu gildandi laga. Nefndin er öll fylgjandi frumv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. nóv. 1945.

Ásg. Ásgeirsson, form. Ingólfur Jónsson, fundaskr., frsm. Hallgr. Benediktsson.

Einar Olgeirsson. Skúli Guðmundsson.

Nd. 240. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Á eftir D. 17. í sömu lagagr. komi nýr liður:
Vattarnesvegur: Af Fáskrúðsfjarðarvegi fyrir austan Kolmúla að Vattarnesi.

Nd. 241. Nefndarálit

um frumv. til l. um embættisbústaði héraðsdómara.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og fellst á ástæður flutningsmanns fyrir því, að þörf sé á, að þessir embættismenn þjóðarinnar fái góða og haganlega bústaði og skrifstofur. Þrír nefndarmenn, Ásmundur Sigurðsson, Gunnar Thoroddsen og Stefán Jóh. Stefánsson, hafa nokkra sérstöðu um málið. Nefndin leggur til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórnin skal, þar til fullnægt er húsnæðisþörf héraðsdómara utan Reykjavíkur, láta byggja eða kaupa, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, 1—2 íbúðarhús á ári handa héraðsdómurum, enda sé þar rúm fyrir skrifstofur þeirra, skjalasafn o. s. frv. — Byggingarnar skal gera eftir teikningum, er ráðherra hefur samþykkt. Byggingum skal haga í samræmi við húsnæðisþörf og aðstæður á hverjum stað, og skal vandað til staðarvals og byggingarlóða. Þar skal fyrst byggja, er þörfin er mest að dómi ráðherra.
   Ráðherra getur ákveðið, að byggja megi embættisskrifstofur og íbúðarhús hvort í sínu lagi.

2. Við 3. gr. Fyrri málsgrein falli burt.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 27. nóv. 1945.

Garðar Þorsteinsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara. Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Gunnar Thoroddsen, með fyrirvara. Ásmundur Sigurðsson, með fyrirvara.

Ed. 242. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Á Alþingi 1943 var flutt í Ed. frumvarp til laga um breyting á jarðræktarlögunum og þar m. a. lagt til, að styrkur úr ríkissjóði til jarðræktarframkvæmdanna yrði mjög líkur og gert er ráð fyrir í frv. því, er hér liggur fyrir nú. Landbúnaðarnefnd hafði þá frv. til meðferðar, en klofnaði.

Tveir nefndarmanna, hinir sömu og nú gefa út þetta nál., lögðu til, að það frv. yrði samþykkt, en meiri hl. nefndarinnar gat ekki fallizt á þá afgreiðslu. Það er þó tekið fram í áliti meiri hl., að allir nefndarmenn séu „sammála um markmiðið: nauðsynina á aukinni ræktun landsins með tilstyrk ríkisins og eflingu jarðræktarlaganna". — Formsatriði og ónógur undirbúningur, sérstaklega af hálfu Búnaðarfél. Ísl. og búnaðarþings, var talið valda því, að meiri hl. landbúnaðarn. bar fram og fékk samþykkta í deildinni svofellda rökstudda dagskrá:

„Með því að mikið skortir á, að nauðsynlegur undirbúningur undir framkvæmdir þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, sé fyrir hendi, og í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að Búnaðarfélag Íslands framkvæmi hið allra fyrsta þessar undirbúningsrannsóknir og aðrar mikilsverðar athuganir, er ákveðnar hafa verið og lúta að eflingu landbúnaðarins, og að jafnframt verði nægilega margar stórvirkar jarðvinnsluvélar útvegaðar, til þess að reynsla fáist af notkun þeirra og nauðsynleg æfing í meðferð þeirra, telur deildin ekki tímabært að afgreiða frumvarpið á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Undirbúningsvinna sú, er dagskrártillaga þessi fer fram á, var unnin á árinu 1944. Milliþinganefnd búnaðarþings, í samstarfi við stjórn Búnaðarfél. Ísl. og búnaðarmálastjóra, leysti það starf af höndum. Skipti sú nefnd efni frumvarpsins frá 1943 í tvennt, samdi því tvö lagafrumvörp, er síðan voru bæði flutt í Nd. Alþingis 1944. Annað það frv., frv. til l. um ræktunar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, varð að lögum á því þingi, en hitt, sem fór fram á hækkaðan jarðræktarstyrk og var svo að segja samhljóða því frv., sem nú er til meðferðar, hlaut önnur örlög.

Neðri deild lýsti yfir velvild sinni til ræktunarmanna og ræktunarmála landsins, taldi, að því er virðist, að jarðræktarstyrkur sá, er frv. fór fram á, væri ekki of hár, en vildi nú, að ríkið breytti um aðferð við aðstoð sína við ræktunarmálin, þannig að í stað þess að greiða styrk til jarðræktarmanna taki ríkið að sér að kosta að öllu leyti þurrkun og vinnslu landsins, en jarðyrkjumennirnir bæru þá kostnað af áburði, útsæði og umhirðu. Var þessi aðstoð miðuð við allt að 600 hesta heyfeng af vélfæru landi á hverju býli. Þannig kom málið til Ed.

Landbúnaðarn. þeirrar deildar klofnaði enn, og nú í þrennt. HG og KA vildu vísa málinu frá með dagskrá, en PHerm og ÞÞ vildu, að frv. næði samþykki. EE

gaf ekki út nefndarálit, en greiddi þó að lokum atkvæði með dagskrártillögunni. Svo fór, að dagskrártill. var samþykkt í deildinni, og hljóðar hún svo:

„Þar sem deildin telur, að samfara breytingum þeim, sem frv. gerir ráð fyrir á fyrirkomulagi jarðræktarmála, þurfi að gera víðtækari breytingar á jarðræktarlögunum, og í trausti þess, að ríkisstjórnin undirbúi málið í samráði við Búnaðarfélag Íslands og nýbyggingarráð fyrir næsta reglulegt Alþingi, álítur deildin ekki rétt að afgreiða frv. á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Það er augljóst af efni þessarar dagskrártillögu, að það, sem veldur því alveg sérstaklega, að Ed. víkur enn málinu frá afgreiðslu með rökstuddri dagskrá, er hið nýja fyrirkomulag, sem Nd. hafði tekið upp. Það kom einnig í ljós við umræður, að til voru þeir deildarmenn, er töldu þetta nýja fyrirkomulag svo miklu lakara en hið eldra, að þeir aftóku með öllu að fylgja málinu í þessu formi, enda greiddu nú atkvæði með till. um að víkja málinu frá, þótt þeir einu ári áður hefðu verið málinu fylgjandi í því formi, sem það þá var, og greitt atkvæði á móti frávísunartillögu. Við undirritaðir vorum að nokkru leyti á sömu skoðun. Við litum svo á, að hið nýja fyrirkomulag væri verra en hið eldra. Við töldum og teljum enn, að framtak einstaklinganna, stutt af frjálsum félagssamtökum þeirra sjálfra, ásamt nægilegri aðstoð og eðlilegu aðhaldi ríkisins, verði heppilegasta formið á ræktunarstarfinu. En þrátt fyrir það fylgdum við frv. og réðum deildinni til að samþykkja það, vegna þess að við vildum ekki stuðla að því, að ólíkar skoðanir um fyrirkomulag eða form hindruðu aukna aðstoð frá ríkinu við ræktun landsins. En afgreiðsla málsins í Nd. sýndi ótvírætt, að á þennan eina hátt vildi sú deild þá afgreiða málið. Það er augljóst, að á Alþingi 1944 var það vilji mikils meiri hluta í Nd., að aðstoð ríkisins við ræktunarmálin yrði aukin stórlega. Þeir menn, er bezt máttu um það vita, fullyrtu, að fjárframlög þau til jarðræktarmála, sem Nd. ætlaði ríkissjóði, samsvöruðu að minnsta kosti því, að jarðræktarstyrkurinn væri tvöfaldaður, líkt og ætlazt er til í þessu frv. Við meðferð málsins í Ed. 1943 og 1944 kemur það ljóst fram hjá deildarmönnum, bæði í þingræðum og nál., að þeir vilja auka að mun þátttöku ríkissjóðs í ræktun landsins, en greinir eitthvað á um aðferðir og telja, að upplýsingar og athuganir vanti um málið, sérstaklega frá Búnaðarfélagi Íslands.

Landbúnaðarnefnd hefur nú rætt frv. þetta á nokkrum fundum. Að ósk n. kom búnaðarmálastjóri á einn þann fund til viðtals um málið. Lýsti hann því yfir, sem nefndarmönnum mátti áður vera fullkunnugt, að Búnaðarfélag Ísl. væri einhuga fylgjandi frumvarpinu, og jafnframt gat hann þess, að það væri persónuleg skoðun sín, að lög ætti að setja, sem í aðalatriðum væru í samræmi við frv. þetta. Þá upplýsti búnaðarmálastjóri einnig, að nýbyggingarráð hefði ekki enn tekið neinar ákvarðanir um þetta mál og því að sjálfsögðu engar till. gert um það til ríkisstjórnarinnar. Nefndarmenn sumir hafa og fært mál þetta í tal við formann nýbyggingarráðs og óskað eftir tillögum ráðsins sem fyrst, ef þess væri kostur. Slíkar tillögur hafa ekki borizt, og er nefndarmönnum ekki kunnugt um, að þeirra sé nein von bráðlega. Var því gengið til atkvæða í n. um frv. Kom enn í ljós, að aðeins við tveir, sem gefum út minnihl.álit þetta, vorum þá reiðubúnir til að mæla með því, að frv. yrði samþ. Einn nefndarmanna (EE) var ekki á fundi, þá er atkvæðagreiðsla fór fram.

Það er álit okkar, að allir hugsandi menn skilji það nú, að framvegis verður að afla heyja á vélfæru landi. Það er jafnframt álit okkar, að bændur yfirleitt skilji þetta manna bezt og séu fullir áhuga fyrir því að geta sem fyrst og sem bezt stuðlað að því, að svo verði. Sést þetta glöggt af hinum mörgu ræktunarsamþykktum, sem þegar er búið að setja eða er verið að koma á víðs vegar um land, og á eftirspurn bændanna eftir stórvirkum, dýrum og góðum jarðyrkjuvélum. En við teljum nauðsynlegt, að ríkið mæti þessum skilningi og áhuga með sem mestri og beztri aðstoð, geri það fljótt, geri það nú þegar, en hætti ekki á, að hin aukna aðstoð komi um seinan.

Við teljum víst og ráðum það af því, sem þegar hefur komið í ljós, að til sé í báðum deildum Alþingis nægilegur meiri hluti fyrir því að auka að miklum mun

framlag ríkisins til ræktunar. Við teljum, að það megi ekki koma fyrir, að aðstoð, sem meiri hluti Alþingis eða jafnvel þingið allt vill veita slíku stórmáli sem ræktun landsins er, strandi á ágreiningi um form eða hiki vegna einhverra vantandi upplýsinga, sem þó er sennilegast, að reynslan ein fái veitt fullkomlega. Endurtakist það of oft, gæti slíkt orðið að óhæfu.

Við leggjum það því ákveðið til, að hv. deild samþykki frumvarpið.

Alþingi, 27. nóv. 1945.

Þorst. Þorsteinsson, form. Páll Hermannsson, frsm.

Nd. 243. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd efri deildar hefur flutt þetta frumvarp eftir ósk hæstv. fjármálaráðherra, og er fjárhagsnefnd neðri deildar sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. nóv. 1945.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Ingólfur Jónsson, fundaskrifari. Hallgr. Benediktsson, frsm.

Einar Olgeirsson. Skúli Guðmundsson.

Ed. 244. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta, er náð hefur samþykki neðri deildar og síðan vísað til landbúnaðarnefndar þessarar deildar, hefur verið athugað á nefndarfundum. Leggur nefndin til, að frumv. verði samþykkt með smávægilegum breytingum, er hér verða skráðar.

HG hefur óbundnar hendur um breytingartillögurnar.

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 1. gr.

a. Fyrstu málsgrein skal orða svo:
Hver sá, sem á jörð, er undanfarið hefur verið í sérábúð og hann nytjar ekki sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi að dómi úttektarmanna.

b. Í þriðju málsgrein bætist við á eftir orðunum „að dómi úttektarmanna“: miðað við landverð jarðarinnar.

c. Fjórða málsgrein falli niður.

Alþingi, 28. nóv. 1945.

Þorst. Þorsteinsson, form. Kristinn E. Andrésson, fundaskr. Eiríkur Einarsson, frsm.

Páll Hermannsson. H. Guðmundsson.

Sþ. 245. Breytingartillaga

við till. til þál. um afnotagjald útvarpsnotenda.

Flm.: Pétur Ottesen.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að afnotagjald útvarpsnotenda verði ekki hækkað á árinu 1946.

Nd. 246. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Á eftir A. II. 1. í 1. gr. l. nr. 30 1943 koma nýir liðir:

a. Grímsá hjá Oddsstöðum.
b. Fitjaá í Skorradal.

Nd. 247. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

Við 1. gr. Framan við greinina kemur: Á eftir B. 39 í 1. gr. l. nr. 37 1943 kemur nýr liður:

Valþjófsdalsvegur: Frá Hjarðardal að Kirkjubóli í Valþjófsdal.

Ed. 248. Nefndarálit

um frv. til laga um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frumvarp þetta, og mæla 4 nefndarmenn með því, að frumvarpið verði samþykkt. Tveir þeirra (BSt og KA) áskilja sér þó rétt til þess að vera með breytingum nokkrum á því.

Alþingi, 28. nóv. 1945.

Magnús Jónsson, form., frsm.
Bernh. Stefánsson, fundaskrifari.
Þorst. Þorsteinsson.
Kristinn E. Andrésson.

Ed. **249. Nefndarálit**

um frv. til l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég get ekki fallizt á frv. óbreytt, en legg til, að það verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist Viðskiptaráð. Skulu nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn eftir tilnefningu hvers flokks. Skipa skal jafnmarga varamenn með sama hætti. Ríkisstjórnin skipar einn nefndarmanna formann, og ræður atkvæði hans úrslitum, ef atkvæði verða jöfn.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Viðskiptaráð hefur þessi verkefni með höndum:
   1. Ákveður, hvaða vörur skuli flytja til landsins.
   2. Ráðstafar farmrými í skipum, er annast eiga vöruflutninga til landsins og eru eign íslenzkra aðila eða á vegum þeirra.
   3. Ráðstafar gjaldeyri til vörukaupa erlendis og annarra nauðsynja.
   4. Úthlutar innflutningi á vörum til innflytjenda og setur þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera eða verða vegna gjaldeyrisástands eða viðskiptaskilyrða.
   5. Annast innkaup og innflutning á þeim vörum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt eða hagkvæmt, vegna viðskipta- og gjaldeyrisástands eða af öðrum ástæðum, að inn séu fluttar með þessum hætti.
   6. Fer með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit samkvæmt lögum nr. 3/1943 eða öðrum lögum, sem sett kunna að verða í þeirra stað, og vöruskömmtun lögum samkvæmt. Þegar ráðið fer með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit, tekur verðlagsstjóri sæti í ráðinu sem fimmti maður.

   Viðskiptaráð getur með samþykki ráðherra ákveðið, að innflutningur tiltekinna vörutegunda skuli vera frjáls frá ákveðnum löndum, en senda skulu innflytjendur slíkra vara viðskiptaráði afrit af vörupöntunum sínum, ásamt upplýsingum um verð og afgreiðslutíma.
   Ríkisstjórnin setur viðskiptaráði starfsreglur.
3. Við 4. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
   Engan erlendan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis Viðskiptaráðs, nema séu greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vextir og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einir kauprétt á erlendum gjaldeyri.
4. Við 5. gr. Í upphafi greinarinnar komi í stað orðanna „Ráðherra setur“: Ríkisstjórnin setur.
5. Við 9. gr. Síðari málsgrein falli niður.
6. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið falli niður.

Alþingi, 28. nóv. 1945.

H. Guðmundsson.

Ed. **250. Frumvarp til laga**

um skipulagssjóði.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Í kauptúnum og sjávarþorpum, sem skylt er að gera skipulagsuppdrætti yfir samkvæmt 7. gr. og 17. gr. laga nr. 55 27. júní 1921, sbr. lög nr. 64 11. júní 1938, 1. og 6. gr., skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að gera samþykkt um stofnun skipulagssjóðs fyrir kauptúnið eða þorpið.

2. gr.

Fé skipulagssjóðs skal varið til að greiða kaupverð fasteigna, er hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélag kaupir til þess að skipulagsbreytingu verði komið í framkvæmd, svo og til að greiða skaðabætur fyrir eignarnám, sem framkvæmt er í því skyni.

3. gr.

Nú er samþykkt um stofnun skipulagssjóðs gerð af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal þá samþykktin send félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar. Virðist ráðherra einhver ákvæði samþykktarinnar fara í bága við lög eða vera gagnstæð lögvörðum réttindum manna, endursendir hann samþykktina án staðfestingar og tilkynnir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd ástæður þess, að hann vilji eigi staðfesta hana. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Samþykkt, er ráðherra hefur staðfest, verður aðeins breytt með sama hætti og hún var sett.

4. gr.

Hafi bæjar- eða hreppsfélag vegna fyrirhugaðs skipulags keypt fasteign eða látið taka eignarnámi, og fasteign þessi er síðan seld að nokkru eða öllu leyti, skal hagnaður sá, sem bæjar- eða hreppsfélagið hefur af þeirri sölu, renna í skipulagssjóð. Sama gildir um leigutekjur, sem bæjar- eða hreppsfélagið kann að hafa af fasteignum, sem það hefur eignazt með þessum hætti.

Enn fremur má ákveða í samþykkt, að tekjur af sölu eða leigu fasteigna, sem bæjar- eða hreppsfélagið hefur eignazt með öðrum hætti, skuli renna að meira eða minna leyti í skipulagssjóð.

5. gr.

Nú eru skipulagsaðgerðir fastráðnar eða framkvæmdar, og er þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að láta þegar í stað fara fram mat á, hver verðhækkun er orðin vegna skipulagsaðgerðanna á þeim fasteignum, er ætla má, að hækkað hafi í verði af þessum sökum. Skal um það mat fara eftir því, sem segir í lögum nr. 61 1917 um framkvæmd eignarnáms.

Af verðhækkun þeirri, sem þannig er metin, skal eiganda fasteignarinnar skylt að greiða allt að 100% í skipulagssjóð, eftir því, sem samþykkt kveður nánar á um. Um gjalddaga á verðhækkunarskatti þessum skulu sett ákvæði í samþykkt, og er heimilt að kveða svo á, að hann skuli greiddur með jöfnum árlegum greiðslum á allt að 20 ára tímabili.

Við fasteignamat skal meta sérstaklega fyrir hverja fasteign, sem lög þessi taka til, þá verðhækkun, sem á henni er orðin, frá því næsta fasteignamat á undan fór fram, og telja má, að stafi af skipulagsbreytingu, hvort sem sú breyting er þegar komin til framkvæmda eða aðeins ráðgerð í skipulagsuppdrætti. Ef mat skv. 1. mgr. hefur farið fram, skal við fasteignamat aðeins meta þá verðhækkun, sem orðin er á eigninni, síðan það mat fór fram. Um gjald af verðhækkun þeirri, sem metin kann að verða við hvert fasteignamat, fer eftir því, sem segir í 2. mgr.

Undanþegnar verðhækkunarskatti samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru fasteignir þær, sem undanþegnar eru fasteignaskatti til bæjar- eða hreppssjóðs samkv. 3. gr. laga nr. 69 31. des. 1937. Nú er leigulóð eign bæjar- eða hreppsfélagsins, og greiðir þá leigutaki verðhækkunarskatt af henni, enda sé leigan eigi miðuð við fasteignamatsverð lóðarinnar eins og það er á hverjum tíma.

6. gr.

Nú hefur hluti fasteignar verið tekinn eignarnámi vegna skipulags, og hefur hagnaður sá, sem eigandi hennar hefur haft af skipulaginu, verið látinn koma til frádráttar skaðabótunum til hans, samkvæmt 25. gr. laga nr. 55 27. júní 1921, og skal sá hagnaður þá dreginn frá, er til greiðslu verðhækkunarskatts samkvæmt 5. gr. þessara laga kemur.

7. gr.

Verðhækkunarskatt samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveði í fasteigninni, og gengur það veð fyrir öllum samnings- og aðfararveðum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. um skipulagssjóði var flutt á þinginu 1940 (þskj. 177), en varð ekki útrætt. Þetta frv., sem nú er flutt, er að mestu samhljóða fyrra frv., en nokkrar breytingar gerðar á 5. gr. þess. Frv. frá 1940 fylgdi ýtarleg greinargerð með rökstuðningi fyrir hinni almennu nauðsyn á löggjöf um þetta efni og skýringum á ákvæðum frv. Hér verður því aðeins gerð grein fyrir þeim breytingum, sem gerðar eru frá fyrra frv., en vísað til greinargerðar þess að öðru leyti.

Breytingarnar eru, eins og áður segir, aðeins við 5. gr. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að bæjarstjórnum og hreppsnefndum verði heimilað að láta fara fram mat þegar í stað, þegar skipulagsbreytingar eru fastráðnar eða framkvæmdar, á þeirri verðhækkun fasteigna, er verður vegna skipulagsbreytinganna. Mat þetta skal fara fram samkv. lögum um framkvæmd eignarnáms.

Þetta ákvæði var ekki í fyrra frv., en það verður að telja nauðsynlegt, að heimilt sé að hefjast þegar handa um mat og skattheimtu, þegar örar verðbreytingar verða vegna skipulagsákvarðana, en það verði ekki látið bíða næsta fasteignamats, eins og ákveðið var í fyrra frv. Sérstaklega er þetta nauðsynlegt, þegar eignir ganga oft kaupum og sölum. Skatturinn til skipulagssjóðs á auðvitað að lenda á þeim manni, sem er eigandi fasteignarinnar, þegar verðhækkunin verður, og er þetta ákvæði m. a. sett til að tryggja það.

Upphæð skattsins er í frv. þessu hækkuð úr allt að 80% í allt að 100% og gjaldfresturinn lengdur úr 10 í 20 ár.

Verðhækkun sú, sem verður á fasteignum vegna skipulagsbreytinga, er ekki til orðin fyrir atbeina eigandans eða á hans kostnað að neinu leyti. Engin rök hníga því að því, að honum skuli heimilað að lögum að halda neinu af verðhækkuninni, og virðist því sjálfsagt að heimila, að hún skuli öll vera látin renna í skipulagssjóð.

Ákvæðið um 10 ára gjaldfrest í frv. frá 1940 sætti þegar andmælum, sbr. fskj. með greinargerð frv. — Það skiptir ekki verulegu máli fyrir skipulagssjóðina, þótt gjaldfresturinn sé lengdur um helming, eins og hér er lagt til, en hins vegar er það gjaldendunum til hagræðis í mörgum tilfellum.

Frv. þetta hefur verið athugað af bæjarráði Reykjavíkur, og mælir það með samþykkt þess að meginstefnu til.

Sþ. 251. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á því, hversu Íslandi mundi henta að ganga í félag hinna sameinuðu þjóða.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara sem fyrst fram athugun á því, hverra kosta Ísland kynni að eiga völ í félagsskap hinna sameinuðu þjóða, þannig að ljóst yrði, hver hlunnindi fylgdu inngöngu í þann félagsskap, hver yrði tilkostnaður árlega fyrir landið og hvers konar hernaðarkvaðir framandi setuliðs mundu lagðar á þjóðina. Síðan er þess vænzt, að ríkisstjórnin leggi skýrslu um þessa athugun fyrir Alþingi, áður en tekin er ákvörðun um það, hvort Ísland eigi að ganga í samband hinna sameinuðu þjóða.

Greinargerð.

Mikill skoðanamunur ríkir enn hér á landi um það, hversu hið nýstofnsetta lýðveldi geti bezt tryggt framtíð sína í samfélagi frjálsra þjóða. Er þar um þrjár leiðir að ræða:

1. Að endurtaka hlutleysisyfirlýsinguna frá 1918.
2. Að ganga í félag hinna sameinuðu þjóða.
3. Að semja við eitt stórveldi um hervernd, eins og gert var 1941.

Um fyrstu leiðina mun mega segja, að hún er af öllum, sem dómbærir mega heita, talin ófær. Hefur engri þjóð tekizt að verja sjálfstæði sitt með pappírsviggörðum, eins og keppni stórþjóðanna er nú varið. Nú sem stendur er hið fámenna lið Bandaríkjanna við flugvöllinn í Keflavík eina tryggingin gegn því, að óboðnir gestir geri sig heimakomna hér á landi, líkt og orðið hefur nýskeð bæði á Borgundarhólmi og Svalbarða.

Um Þjóðabandalagið er það að segja, að margir menn bæði hér á landi og erlendis hafa fram að yfirstandandi tíma vonazt eftir, að smáþjóðunum kynni að verða vernd að þeim samtökum. Hins vegar vita menn yfirleitt fremur lítið um þá kosti, sem hið tilvonandi bandalag byði smáþjóðunum, en þó má telja það fullvíst, að stórveldin eigi að hafa nálega ótakmarkaðan rétt til að gæta hagsmuna heimsveldanna í smálöndunum. Hefur þetta orðið til þess, að Svisslendingar telja mikinn vafa á, að þeim muni henta að ganga í Þjóðabandalagið, eins og þróun þess er að verða. Hér á landi skortir mjög heimildir um fyrirkomulag það, sem hinar svo kölluðu sameinuðu þjóðir muni hafa á samstarfi sínu. Hefur þessi ókunnugleiki orðið til þess, að námsmenn í Háskóla Íslands með stuðningi nokkurra kennara munu opinberlega hafa lýst yfir, að þeir ráði frá verndarsáttmála við eina þjóð og vilji ekki heldur leyfa sameinuðu þjóðunum að hafa hér bækistöðvar. Slík yfirlýsing bendir til, að enn séu hér á landi til menn, sem vilji treysta á varnarlaust hlutleysi, sem sennilega mundi innan skamms vera lokið með hernámi hliðstætt því, sem Danir og Norðmenn verða nú að sætta sig við að því er snertir klettaeyjar þeirra, Borgundarhólm og Svalbarða. En ef slíkir tillögumenn ætla ekki að byggja á hlutleysinu, heldur félagsskap stórveldanna, þá er furðulegt, ef þeir telja sjálfsagt, eins og segir í umræddri ályktun, að Ísland eigi að neita þeirra máttarvöldum um aðstöðu til hernaðaraðgerða hér á landi, þar sem Íslendingar mundu tæplega telja sig færa um að leggja fram liðsafla í alþjóðaher eða fjármuni til að halda uppi herafla sameinuðu þjóðanna, þá mun varla þurfa að efa, að stórveldin mundu telja, að flugvellirnir og hinar góðu hafnir á Íslandi ættu að vera framlag Íslands til sameiginlegra þarfa hins nýja bræðralags. Eftir að Íslendingar hefðu gengið í félag hinna svo kölluðu sameinuðu þjóða, virðist, að öllum mætti vera augljóst, að þjóðin ræður engu um það, hversu stórveldin nota landið í sambandi

við hernaðaraðgerðirnar. Eins og málum er nú komið, virðist innganga Íslands í félag sameinuðu þjóðanna vera sama og að afhenda landið um ótiltekinn tíma í hendur margra framandi þjóða, sem eru ekki sameinaðar, heldur í mikilli samkeppni um völd og yfirráð í heiminum.

Þriðja leiðin, að treysta á vernd einnar þjóðar, hefur gefizt Íslendingum bezt. Eftir að Bretar urðu mestu ráðandi á Atlantshafi norðanverðu, hafa þeir gætt Íslands sáttmálalaust fram á vor 1941, þegar stjórnin í London taldi sig þurfa hermátt sinn annars staðar og ráðlagði Íslendingum að gera verndarsáttmála við stjórn Bandaríkjanna. Var því ráði fylgt og hefur vel gefizt. Hafa Bandaríkjamenn farið vel með hermátt sinn hér á landi, svo sem bezt mátti vera. Þeir hafa haldið uppi siglingum til landsins og keypt meginið af framleiðslu landsmanna, meðan stríðið stóð. Íslenzkir námsmenn hafa svo hundruðum skiptir stundað margháttað nám í Bandaríkjunum, síðan samgöngur tepptust milli Íslands og meginlands Norðurálfu. Margháttuð tækni hefur borizt frá Ameríku til Íslands með herafla Bandaríkjamanna og mönnum, sem stundað hafa nám vestan hafs. Má í því efni benda á nýjungar í vegagerð, framræslu lands og vinnubrögð við afgreiðslu skipa. Þá má kalla, að svo að segja allur stríðsgróði Íslendinga sé kominn frá Bandaríkjunum. Hefur komið í ljós við athugun í þjóðbankanum, að nálega allar innstæður landsmanna erlendis stafa frá eyðslu setuliðsins hér á landi, en að sáralitlu leyti frá framleiðslu landsmanna, þó að hún hafi verið allmikil. Hafa menn tæplega gert sér grein fyrir því hér, að öll þau lönd, þar sem herlið einræðisþjóðanna hefur tekið með vopnavaldi, eru nú févana og útpínd af yfirráðum þessara þjóða, en Ísland hefur aldrei í sögu sinni eignazt verulegt fjármagn fyrr en nú í vinsamlegum skiptum við Breta og Bandaríkjamenn. Þó er eftir sú hjálpin, sem dýrmætust er. Roosevelt forseti hjálpaði Íslendingum til að verða sjálfstæð þjóð, og var öll framkoma Bandaríkjamanna í því efni vinsamleg og virðuleg. Bretar hölluðust líka á þá sveif, svo að um munaði. Varð hin glæsilega viðurkenning þessara tveggja stórþjóða á Þingvöllum 17. júní 1944 til þess, að Danir og Svíar, sem annars höfðu ekki borið gæfu til að skilja rétt Íslendinga til fullkomins sjálfstæðis, viðurkenndu líka hið nýstofnsetta lýðveldi. Má þess vegna með fullum rétti segja, að íslenzku þjóðinni hafi gefizt vel vernd Engilsaxa frá þeim tíma, þegar England varð flotaveldi, og fram til þessa dags. Virðist þess vegna meira en vafasamt, hvort undangengin reynsla bendi Íslendingum á að leita um vernd frá Engilsöxum og til annarra ókenndra og mjög framandi þjóða.

Eftir fund Churchills, Roosevelts og Stalins við Svartahaf í vor sem leið, var Íslendingum boðin þátttaka í undirbúningsfundi Þjóðabandalagsins, sem haldinn var í San Fransisco litlu síðar, en með því skilyrði, að Íslendingar lýstu yfir, að þeir ættu í styrjöld við Þýzkaland og Japan. Rússar virðast hafa lagt áherzlu á, að þetta yrði inngangseyrir allra þjóða, sem ekki höfðu dregizt inn í stríðið, ef þeir vildu sitja fund þennan. Svisslendingar og Svíar neituðu að verða við þessari vansæmandi kröfu. Sama gerðu Íslendingar. Einn af flokkum þingsins lagði afar mikla áherzlu á, að gengið væri að þessari stríðskröfu, en borgaraflokkarnir þrír voru því mótfallnir. Borgarar landsins bæði í Reykjavík og úti um land voru samhuga um að fordæma þessa fjarstæðu, að Íslendingar lýstu yfir þátttöku í stórveldahernaði í því skyni einu að fá að hafa fulltrúa til að hlusta á mál manna á stórveldasamkundu. Varð þessi neitun Íslendinga þjóðinni til sóma, hvar sem til spurðist, þar sem sanngjarnlega er litið á tilverubaráttu smáþjóða.

Þegar stórveldin tóku að ræða skipulag hins nýja bræðralags, kom í ljós, að þau voru ekki sammála, heldur mjög sundurþykk. Rússar höfðu frá upphafi tekið þá afstöðu, að smáríkin ættu sem allra minnst að koma til greina í væntanlegu samstarfi þjóðanna. Leituðust þeir við að leiða rök að því, að smáþjóðirnar hefðu eyðilagt þjóðabandalag Wilsons. Lögðu Rússar nú stund á, að vald sameinuðu þjóðanna skyldi nálega allt vera í höndum fimm stórvelda og þó stundum ekki nema þriggja eða jafnvel minna en það. Kröfðust Rússar þess, að hvert af stórveldunum

fimm gæti neitað að hlýða dómsúrskurði öryggisráðsins, ef því byði svo við að horfa. Þeir lögðu jafnvel áherzlu á, að hvert stórveldi gæti neitað að láta ræða á fundum sameinuðu þjóðanna sum viðkvæm mál. Eftir því, sem bezt verður vitað, er gert ráð fyrir, að stjórnarlög smærri þjóðanna verði með þeim hætti, að Danir geti að vísu fengið rætt um dvöl Rússa á Borgundarhólmi, en Rússar geti bannað öryggisráðinu að hafa nokkur verkleg afskipti af þessum málum. Hver smáþjóð virðist þess vegna vera algerlega réttlaus, ef einhverju af hinum fimm stórveldum þykir sér henta að þröngva kosti hennar.

Fram að lokum þessarar styrjaldar hefur það jafnan þótt sjálfsögð skylda, að þátttakendur í stríðinu hafi haldið friðarfund og samið um mál sín. Nú var út af þessu brugðið, og var það eftir tillögu Rússa. Stórveldin áttu að semja um frið þjóðanna og skapa þeim kjör og kosti. Stórveldin áttu auk þess að skapa hið nýja bandalag og með því réttlæti, sem fyrr er að vikið. Smáþjóðirnar áttu að fá að vera með á þeim fundum, þar sem ekki voru teknar þær ákvarðanir, sem skiptu máli. Var nú lagður í London friðarfundur stórveldanna fimm, og skyldu utanríkisráðherrar þeirra ráða fram úr vandamálum þjóðanna. Ekki fengu Eystrasaltsríkin þrjú, sem Rússar höfðu innlimað í veldi sitt, að bera fram kveinstafi sína á þessum fundi. Ekki máttu heldur vera þar fulltrúar frá Finnum, Norðmönnum, Dönum, Pólverjum, Ungverjum, Rúmenum, Búlgörum, Grikkjum, Ítölum, Belgíumönnum, Hollendingum eða Þjóðverjum. Mátti það heita furðuleg ráðstöfun að ætla að byrja nýtt tímabil réttlætis og friðar í heiminum með því að semja frið, án þess að þær þjóðir, sem barizt höfðu með stórþjóðum Bandamanna, fengju að vera með á friðarfundinum og skýra frá málefnum sínum og áhugamálum. En sérstaða Rússa náði lengra en til að útiloka smáþjóðirnar frá friðarfundinum. Þeir neituðu enn fremur rétti tveggja stórveldanna, Kína og Frakklands, til að eiga atkvæði á fundinum, og varð þessi einkennilega afstaða Rússa til þess, að fundur utanríkisráðherranna leystist upp og gat ekki lokið þeim ráðstöfunum, sem um munaði. Það þóttust menn finna, að Rússum væri ekki nóg að losna við Frakka og Kínverja frá friðarborðinu. Þeir vildu líka vera lausir við Bandaríkin, þegar gengið yrði frá friðarmálunum við þjóðirnar, sem mynda varnarbelti Rússlands í vesturátt. Var þá svo komið, að jafnvel stórveldin sjálf gátu ekki „sameinazt" um friðarmálin eða skipulag heimsmálanna. Nokkru eftir að fundi utanríkisráðherranna lauk í London, var alþjóðafundur um fjárhagsmál og viðskiptamál í Ottawa. Þangað áttu Rússar að koma, en komu ekki. Var þeirra beðið í meira en viku, en að lokum varð að hefja fundarstörfin án Rússa. Þeir virtust hafa svo lítinn áhuga fyrir samstarfi þjóðanna, að þeir létu hjá líða að tilkynna hreinlega, að þeir ætluðu ekki að vera með á þessari ráðstefnu.

Forsjón heimsmálanna virðist nú um stundarsakir vera framkvæmd á þann hátt, að stórveldin hafa ákveðið að stofna þjóðabandalag, þar sem þau ráða öllu, sem þau vilja, og þar sem þeim er leyfilegt að hlýða ekki reglum bandalagsins, ef þeim býður svo við að horfa. Smáríkin eiga að fá að ganga í bandalagið, og þau eiga að hlýða stórveldunum og samþykktum bandalagsins. Ef friður verður saminn á annað borð, eiga smáþjóðirnar ekki að koma nærri þeim málum. Það er meira að segja vafasamt, hvort nokkur eiginlegur friðarsáttmáli verður gerður milli þjóðanna, sem barizt hafa.

Vegna þess að nú eru að gerast erlendis atburðir, sem mjög kunna að snerta framtíð hins nýja þjóðabandalags, hef ég frestað að ljúka að sinni við þessa greinargerð, en bæti við framhaldsgreinargerð eftir nokkra daga.

Ed. 252. Frumvarp til laga

um sölu þjóðjarða og kirkjujarða.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ábúendur þjóð- og kirkjujarða hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja 1. gr. laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, og auk þess eftirtöldum skilyrðum:

a. hafi búið á jörðinni minnst 3 ár;
b. gefi út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali;
c. fyrir liggi yfirlýsing hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að hann hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta.

Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra jarða, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og þeirra jarða, er að dómi Búnaðarfélags Íslands að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarfélaga teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

Námuréttindi á þjóð- og kirkjujörðum skulu undanskilin sölu og sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir.

2. gr.

Jarðir, sem seldar eru samkv. 1. gr., skulu seldar fyrir fasteignamatsverð að viðbættu álagi, er kann að fylgja jörð, er salan fer fram. Jarðarverðið greiðist að fullu við afsal.

Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær hafa verið gerðar að ættaróðulum, á ríkissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignamatsverð.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn a-liður 47. gr. l. nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 253. Breytingartillögur

við frv. til l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist Viðskiptaráð. Skulu nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn eftir tilnefningu hvers flokks. Skipa skal jafnmarga varamenn með sama hætti. Ríkisstjórnin skipar einn nefndarmanna formann, og ræður atkvæði hans úrslitum, ef atkvæði verða jöfn.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Viðskiptaráð hefur þessi verkefni með höndum:
   1. Ákveður, hvaða vörur skuli flytja til landsins.
   2. Ráðstafar farmrými í skipum, er annast eiga vöruflutninga til landsins og eru eign íslenzkra aðila eða á vegum þeirra.
   3. Ráðstafar gjaldeyri til vörukaupa erlendis og annarra nauðsynja.
   4. Úthlutar innflutningi á vörum til innflytjenda og setur þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera eða verða vegna gjaldeyrisástands eða viðskiptaskilyrða.
   5. Annast innkaup og innflutning á þeim vörum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt eða hagkvæmt, vegna viðskipta- og gjaldeyrisástands eða af öðrum ástæðum, að inn séu fluttar með þessum hætti.
   6. Fer með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit samkvæmt lögum nr. 3/1943 eða öðrum lögum, sem sett kunna að verða í þeirra stað, og vöruskömmtun lögum samkvæmt. Þegar ráðið fer með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit, tekur verðlagsstjóri sæti í ráðinu sem fimmti maður.

   Viðskiptaráð getur með samþykki ráðherra ákveðið, að innflutningur tiltekinna vörutegunda skuli vera frjáls frá ákveðnum löndum, en senda skulu innflytjendur slíkra vara viðskiptaráði afrit af vörupöntunum sínum, ásamt upplýsingum um verð og afgreiðslutíma.

   Ríkisstjórnin setur viðskiptaráði starfsreglur.
3. Við 4. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
   Engan erlendan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis Viðskiptaráðs, nema séu greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vextir og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einir kauprétt á erlendum gjaldeyri.
4. Við 5. gr. Í upphafi greinarinnar komi í stað orðanna „Ráðherra setur“: Ríkisstjórnin setur.
5. Við 9. gr. Síðari málsgrein falli niður.
6. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið falli niður.

Ed. 254. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búðahreppi landspildu úr Kjappeyrarlandi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er flutt af tveim þingmönnum í Nd. eftir ósk hreppsnefndar Búðahrepps. Í greinargerð, er fylgir frv., eru leidd að því nokkur rök, að Búðahreppi sé það nauðsyn að eignast landspildu þessa, sem öll liggur að hinni löggiltu höfn Fáskrúðsfjarðar, og er talið, að einungis á þessu landi sé hægt að fá viðunandi stað fyrir sum mannvirki, er kauptúnið þarfnast, t. d. dráttarbraut. Það hefur að undanförnu verið venja á Alþingi að leyfa sölu á löndum, sem kaupstaðir eða kauptún þarfnast og eru í nágrenni þeirra. Landbúnaðarn. telur rétt, að sú venja haldist einnig hér, og leggur því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 28. nóv. 1945.

Þorst. Þorsteinsson, form. — Kristinn E. Andrésson, fundaskr. — Páll Hermannsson, frsm.

Eiríkur Einarsson — H. Guðmundsson.

Ed. 255. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jónas Jónsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina kemur:

a. C. 30. í 1. gr. l. nr. 37 1943 orðist svo:
Mývatnssveitar- og Mývatnsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Breiðumýri um Mývatnsheiði, Mývatnssveit, Námaskarð og Mývatnsfjöll, um væntanlega brú á Jökulsá og á Austurlandsveg hjá Grímsvötnum á Fjöllum.

b. Á eftir C. 30. í í sömu lagagrein kemur nýr liður:
Bárðdælavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Stóruvöllum í Bárðardal.

Nd. 256. Lög

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

(Afgreidd frá Nd. 29. nóv.)

Samhljóða þskj. 127.

Nd. 257. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laga nr. 29 28. nóv. 1919 orðist svo:

Fyrir hvert skip, sem er 5 smálestir brúttó eða stærra og tekur höfn á Íslandi eða er haldið úti frá landinu, skal greiða vitagjald, 1 kr. af hverri nettó-smálest af rúmmáli skipins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti sleppt. Skemmtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 20 aura í vitagjald af hverri smálest.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um vitagjald.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk fjármálaráðherra. Með því er ætlazt til að samræma meira en nú er lög um gjöld af innlendum skipum, lestagjaldið og vitagjaldið.

Nd. 258. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 27. júní 1921, um lestagjald af skipum.

Frá fjárhagsnefnd.

Eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan skv. því):

a. (2. gr.) Fyrri málsliður 4. gr. laganna falli niður.
b. (3. gr.) Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga um lestagjald af skipum, nr. 37 27. júní 1921, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 259. Frumvarp til laga

um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkissjóður greiðir hluta af kostnaði við hafnargerðir og lendingarbætur á þeim stöðum, sem taldir eru í lögum þessum, og í þeim hlutföllum, sem þau ákveða, enda séu áætlanir um framkvæmdir allar samþykktar af samgöngumálaráðuneytinu og fé veitt til þeirra í fjárlögum.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til hafnargerða og lendingarbóta í þeim hlutföllum, sem segir í lögum þessum. Ef slík lán eru tekin erlendis, skal það gert í samráði við ráðuneytið, og er óheimilt að leita eftir slíku láni, nema samþykki ráðuneytisins komi til.

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar og innsiglingarmerki.

2. gr.

A. Ríkissjóður greiðir $^2/_5$ af kostnaði við hafnargerð eftirtalinna staða, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á $^3/_5$ af kostnaði við hafnargerðina, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.:

1. Akranes.
2. Akureyri.
3. Bíldudalur.
4. Bolungavík.
5. Borgarnes.
6. Búðareyri í Reyðarfirði.
7. Búðir í Fáskrúðsfirði.
8. Dalvík.
9. Djúpavík í Reykjarfirði.
10. Elliðaárvogur við Reykjavík.
11. Eskifjörður.
12. Flateyri í Önundarfirði.
13. Grafarnes í Grundarfirði.
14. Hafnarfjörður.
15. Hofsós.
16. Hrísey.
17. Hólmavík.
18. Húsavík.
19. Höfn í Hornafirði.
20. Ingólfsfjörður.
21. Ísafjörður.
22. Keflavík.
23. Neskaupstaður.
24. Ólafsfjörður.
25. Ólafsvík.
26. Patreksfjörður.
27. Raufarhöfn.
28. Reykjavík.
29. Sauðárkrókur.
30. Seyðisfjörður.
31. Siglufjörður.
32. Skagaströnd.
33. Stykkishólmur.
34. Suðureyri, Súgandafirði.
35. Vestmannaeyjar.
36. Þingeyri, Dýrafirði.
37. Þórshöfn.

B. Ríkissjóður greiðir helming kostnaðar við að gera lendingarbætur á eftirtöldum stöðum, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á hinum helmingnum af kostnaðinum við lendingarbæturnar, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.:

1. Arnarstapi.
2. Bakki í Arnarfirði.
3. Bönduós.
4. Borgarfjörður eystra.
5. Breiðdalsvík.
6. Búðardalur.
7. Djúpivogur.
8. Eyrarbakki.
9. Flatey á Breiðafirði.
10. Flatey á Skjálfanda.
11. Fjörður í Múlahreppi.
12. Gerðar í Garði.
13. Grímsey.
14. Grunnavík.
15. Hafnir.
16. Hellissandur.
17. Hellnar á Snæfellsnesi.
18. Hnífsdalur.
19. Hvalsker í Patreksfirði.
20. Hvammstangi.
21. Höfn í Bakkafirði.
22. Járngerðarstaðir.
23. Kópasker.
24. Króksfjarðarnes.
25. Látrar í Aðalvík.
26. Látravík í Rauðasandshreppi.
27. Sandgerði.
28. Selárdalur.
29. Skálar á Langanesi.
30. Skarðsstöð.
31. Skipavík.
32. Stokkseyri.
33. Stöðvarfjörður.
34. Súðavík í Álftafirði.
35. Sæból í Aðalvík.
36. Tálknafjörður innan Sveinseyrar.
37. Vattarnes eystra.
38. Vogar.
39. Vopnafjörður.
40. Þorkötlustaðir í Grindavík.
41. Þorlákshöfn.
42. Örlygshöfn í Patreksfirði.

Fari heildarkostnaðaráætlun lendingarbóta, sem hér eftir verða gerðar á einhverjum stað, yfir 800 þúsund krónur, skal staðurinn teljast, að svo miklu leyti sem þar er umfram, til hafnar undir A-lið þessarar greinar, og fá eftir það styrk og ábyrgð samkvæmt því.

3. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu og ábyrgð ríkissjóðs er, að hafnargerðin eða lendingarbæturnar séu framkvæmdar undir yfirumsjón vitamálastjóra eða annars manns, sem samgöngumálaráðherra samþykkir.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfnina eða lendingarbæturnar, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til þess að leyfa, að tekið verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin eða lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnar- eða lendingarbótasjóði, þeim er hlut á að máli. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en það skal gera innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmatið greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemur 10 af hundraði af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hlutaðeigandi hafnar- eða lendingarbótasjóði.

5. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar eða þess svæðis, sem lendingarbæturnar ná til, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka nema samkvæmt tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar og með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Beiðni um að gera slík mannvirki skal senda hafnar- eða lendingarbótanefnd, er sendir hana áfram til hlutaðeigandi sveitarstjórnar með tillögum sínum.

Brot gegn þessari grein varða sektum allt að 10000 krónum, og getur hafnar- eða lendingarbótanefnd látið nema burt á kostnað eigenda mannvirki, sem byggt er í óleyfi eða án þess að settum skilyrðum sé fylgt.

Enn fremur er heimilt að nema á burt án endurgjalds bryggju eða annað mannvirki í sjó fram, sem staðið hefur ónotað í 5 ár eða lengur.

6. gr.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur á hendi stjórn málefna hafnarinnar eða lendingarbótanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, en skal fela framkvæmd þeirra mála þriggja eða fimm manna nefnd. Í reglugerð skal setja ákvæði um kosningu nefndarmanna, tölu þeirra og starfssvið.

7. gr.

Eignum hafnar- eða lendingarbótasjóðs má einungis verja í þarfir hafnarinnar eða lendingarbótanna. Hlutaðeigandi sveitarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

8. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnar- eða lendingarbótasjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjum ársins, sem í hönd fer, að endurnýja lán eða fresta greiðslu þeirra. Enn fremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að hefja framkvæmd mannvirkja við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar nægi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

9. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnargerðina eða lendingarbæturnar og til árlegs rekstrarkostnaðar er heimilt að leggja gjöld á skip þau og báta, er nota höfnina eða lendingarbæturnar, svo og á vörur þær, er þau flytja, þar með talinn afli, er þau leggja á land. Gjöld þessi séu ákveðin í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar þeirrar, er hlut á að máli.

Herskip og skemmtiferðaskip eru undanþegin þessum gjöldum.

Enn fremur er heimilt að ákveða í reglugerðinni, að árlegt afgjald skuli greiða af bryggjum eða mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr., ef þau standa á lóðum hafnar- eða lendingarbótasjóðs eða njóta hlunninda af hafnargerðinni, svo sem vegna byggingar hafnargarða, dýpkana eða annarra hafnarmannvirkja.

Af hafnarmannvirkjum einstaklinga eða félaga má engin önnur gjöld taka í hafnar- eða lendingarbótasjóð, án samþykkis hlutaðeigenda, en náist ekki samkomulag, er aðila skylt að láta mannvirkin af hendi samkvæmt ákvæðum 4. gr. þessara laga.

Heimilt er að innheimta gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs, þegar byrjað er á framkvæmdum hafnarmannvirkja.

Öll þessi gjöld má taka lögtaki.

10. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs og lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

11. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnar- eða lendingarbótanefnd að hafa samið og lagt fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnar- eða lendingarbótasjóðs á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

12. gr.

Nú eru í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðuneytisins þarf til, og skal þá hlutaðeigandi sveitarstjórn senda ráðuneytinu tillögu um það svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins verði fengið, áður en sveitarstjórn gengur endanlega frá fjárhagsáætlun hafnar- eða lendingarbótasjóðs.

13. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir utan fjárhagsáætlunar eða fara fram úr tilteknum fjárhæðum án samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar og samgöngumálaráðuneytisins.

14. gr.

Halda skal reikning yfir allar tekjur og öll gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal gera reikning yfir tekjur og gjöld og efnahagsreikning hafnar- og lendingarbótasjóðs á sérstök eyðublöð, er ráðuneytið lætur gera fyrir hafnar- og lendingarbótasjóði.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikning hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs, og skal jafnan senda ráðuneytinu afrit af reikningunum þannig.

15. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði, sem gilda fyrir hverja höfn eða lendingarbótasvæði fyrir sig. Skal í henni kveða á um stjórn hafnar- eða lendingarbótasjóðs, umferð og góða reglu, ákveða gjöld samkvæmt 9. gr. laga þessara, ákveða takmörk hafnarinnar eða þess svæðis, er lendingarbæturnar ná til, og annað, er þurfa þykir.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni allt að 10000 krónum, og renna þær sektir í þann hafnar- eða lendingarbótasjóð, er hlut á að máli.

16. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

17. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Hafnarlög fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915, ásamt lögum nr. 75 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 30 14. júní 1929, ásamt lögum nr. 12 13. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 34 19. júní 1922, ásamt lögum nr. 12 24. marz 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, ásamt lögum nr. 49 23. júní 1932, lögum nr. 36 19. júní 1933, og lögum nr. 11 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 10 24. marz 1944.

Hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóv. 1913, ásamt lögum nr. 63 3. nóv. 1915, lögum nr. 29 31. maí 1927, lögum nr. 39 7. maí 1928, lögum nr. 34 14. júní 1929, lögum nr. 58 19. maí 1930 og lögum nr. 36 23. júní 1932, um breytingar og viðauka við þau lög.

Hafnarlög fyrir Akranes, nr. 23 20. maí 1942, ásamt lögum nr. 2 12. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Bolungavík, nr. 11 24. marz 1944.

Lög nr. 66 8. sept. 1931, um hafnargerð á Dalvík, og lög nr. 79 7. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Grundarfjörð, nr. 88 15. sept. 1942.

Lög nr. 24 13. jan. 1938, um hafnargerð á Hofsósi.

Hafnarlög fyrir Hrísey, nr. 10 24. jan. 1945.

Lög nr. 38 19. júní 1933, um hafnargerð á Húsavík, ásamt lögum nr. 45 14. apríl 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Keflavík, nr. 23 25. des. 1943, ásamt lögum nr. 14 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942, ásamt lögum nr. 71 30. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ólafsfjörð, nr. 68 28. des. 1944.

Lög nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík, ásamt lögum nr. 55 28. jan. 1935 og lögum nr. 12 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Patreksfjörð, nr. 67 4. júlí 1942.

Lög nr. 68 11. júní 1938, um hafnargerð á Raufarhöfn, ásamt lögum nr. 97 14. maí 1940, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 65 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki, ásamt lögum nr. 11 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd, ásamt lögum nr. 49 28. jan. 1935 og lögum nr. 77 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 24 12. febr. 1940, um hafnargerð í Stykkishólmi.

Lög nr. 23 13. jan. 1938, um hafnargerð á Suðureyri.

Lög nr. 30 13. júní 1937, um hafnargerð á Þórshöfn.

Lög nr. 24 26. febr. 1943, um lendingarbætur í Bakkagerði í Borgarfirði.

Lög nr. 24 15. júní 1926, um bryggjugerð í Borgarnesi.

Lög nr. 13 24. marz 1944, um lendingarbætur í Breiðdalsvík.

Lög nr. 69 28. des. 1944, um lendingarbætur á Djúpavogi.

Lög nr. 45 8. sept. 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakka, ásamt lögum nr. 31 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 42 23. febr. 1945, um lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.

Lög nr. 37 15. febr. 1945, um lendingarbætur í Grunnavík.

Lög nr. 14 24. marz 1944, um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu.

Lög nr. 89 16. des. 1943, um lendingarbætur í Hnífsdal.

Lög nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð í Hornafirði, ásamt lögum nr. 22 26. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 50 10. okt. 1944, um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð.

Lög nr. 113 20. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík, ásamt lögum nr. 13 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 55 12. okt. 1944, um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík.

Lög nr. 70 28. des. 1944, um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi.

Lög nr. 90 25. sept. 1942, um lendingarbætur á Skálum.

Lög nr. 65 4. júlí 1942, um lendingarbætur í Skipavík.

Lög nr. 22 20. maí 1942, um lendingarbætur á Stokkseyri.

Lög nr. 88 16. des. 1943, um lendingarbætur í Stöðvarfirði.

Lög nr. 53 12. okt. 1944, um lendingarbætur við Sæból í Aðalvík.

Lög nr. 44 14. apríl 1943, um lendingarbætur á Vattarnesi við Reyðarfjörð.

Lög nr. 97 16. des. 1943, um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.
Lög nr. 53 14. júní 1929, um lendingarbætur í Þorlákshöfn.
Lög nr. 26 12. febr. 1945, um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík.
Lög nr. 51 10. okt. 1944, um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð.

Nd. 260. Lög

um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

(Afgreidd frá Nd. 29. nóv.)

Samhljóða þskj. 237.

Ed. 261. Frumvarp til laga

um lögreglustjóra á Dalvík.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Þegar skipting Svarfaðardalshrepps hefur farið fram, skipar ríkisstjórnin, að fengnum tillögum hreppsnefndar Dalvíkurhrepps, lögfræðing til að hafa á hendi hreppstjórastarf í Dalvíkurhreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda.

3. gr.

Lögreglustjóri fær laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Hafi hann á hendi oddvitastörf samkv. 2. gr., fær hann að auk laun fyrir þau úr sveitarsjóði eftir sömu reglum og aðrir hreppsnefndaroddvitar.

4. gr.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans skulu settar með reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Dalvíkurhrepps og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1946.

Greinargerð.

Ákveðið er að skipta Svarfaðardalshreppi frá næstu áramótum, þannig að Dalvík með næsta nágrenni verður sérstakur hreppur. Óskar hreppsnefndin eftir, að jafnframt verði skipaður lögreglustjóri á Dalvík, og gerir hreppsnefndaroddvitinn grein fyrir þeim tilmælum á þessa leið:

„Árið 1941 var, samkvæmt beiðni hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps, flutt á Alþingi frumvarp til laga um lögreglustjóra á Dalvík. Frumvarpið náði þá ekki sam-

þykkt Alþingis og hefur ekki verið tekið upp aftur fyrr en nú, og er það sérstaklega í því tilefni, að Dalvíkurþorp mun verða frá ársbyrjun 1946 sérstakt sveitarfélag, þar sem ákveðið er, að skipting Svarfaðardalshrepps fari fram um næstkomandi áramót.

Dalvíkurþorp er í hröðum vexti, bæði hvað fólksfjölda snertir og atvinnuskilyrði. Má í því sambandi benda á hafnargerðina. Fólksfjöldi í hinum nýja væntanlega Dalvíkurhreppi mun verða ca. 750 manns um næstkomandi áramót.

Hvert vaxandi þorp mun hafa kynnzt þeim erfiðleikum, sem því eru samfara, að forráðamenn þeirra eru venjulegast störfum hlaðnir fyrir og stunda sína eigin atvinnu, og sérstaklega er oddviti oft neyddur til að taka að sér framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. En framkvæmdastjórn vaxandi sjávarþorpa krefst nú orðið fullkomlega óskiptrar starfsgetu eins manns. Á hinn bóginn er starfið það fallvalt samkvæmt núverandi fyrirkomulagi, þar sem það er háð stefnu fólks í kosningum, að fáir munu vilja afsala sér atvinnu til að taka að sér oddvitastarf hreppsnefnda. Afleiðing af þessum erfiðleikum verður einnig sú, að í stað einnar skrifstofu, þar sem öll mál varðandi sveitarfélagið eiga að fara í gegn, eru hin ýmsu mál falin hinum og þessum mönnum til starfrækslu, svo sem vatnsveita, holræsi og annað, sem undir starfsemi hreppsnefndaroddvita heyra, og verða þannig þýðingarmestu störf sveitarheildarinnar hjáverk ýmsra manna og háð þeim hættum, sem því fyrirkomulagi eru jafnan samfara.

Vart mundu þau þorp, er nú hafa lögreglustjóra, samþykkja að leggja það embætti niður og taka upp fyrra fyrirkomulag, og ætti því reynslan að vera næg rök í þessu efni. Þá má enn benda á það, að í samskiptum bæja og sveitarfélaga er mjög mikill aðstöðumunur, þar sem bæjarfélögin hafa löglærðum starfsmönnum á að skipa, en forráðamenn sveitarfélaganna yfirleitt fákunnandi í þeim efnum. Eru þá ekki teknir með erfiðleikar einstaklinga og fyrirtækja að þurfa að sækja lögfræðilega aðstoð í önnur héruð.

Vonandi þarf því ekki annað en einfaldan samanburð og þá reynslu, sem fengizt hefur í sambandi við stofnun lögreglustjóraembætta í þorpum, til að hæstvirt Alþingi geti fallizt á samþykkt frumvarps þess, sem hér er farið fram á."

Ed. 262. Breytingartillaga

við frv. til laga um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 2. gr. B.

a. Á eftir 1. tölul. komi nýr liður:
   Árskógssandur.

b. Á eftir 15. tölul. komi nýr liður:
   Hauganes.

Nd. 263. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

30. gr. laganna falli niður.

2. gr.

47. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal það fylgifé hvers býlis, er til hefur orðið vegna ákvæða þeirra, sem úr gildi eru felld með lögum þessum, verða kvaðalaus eign eiganda býlisins.

Nd. 264. Frumvarp til laga

um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera höfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum. Til hafnargerðarinnar má verja allt að 10 millj. króna. Skal einn þriðji fjárhæðarinnar greiddur úr ríkissjóði, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, en tveir þriðju skulu teknir að láni gegn veði í mannvirkjum hafnarinnar, og er ríkisstjórninni heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lánið, allt að 7 milljónum króna.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa fimm menn. Hafnarstjóri skipaður af ráðherra þeim, er fer með hafnarmál, og fjórir meðstjórnendur, tveir kosnir af sameinuðu Alþingi og tveir tilnefndir af sveitarstjórnum Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppa, sinn úr hvorum hreppi.

Laun hafnarstjóra og þóknun til meðstjórnenda skal ákveðin af ráðherra.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar mannvirki, er þarf til að gera höfnina, og svo víðáttumikið land sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til þess að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

Núverandi hafnarmannvirki í Keflavík og Njarðvík, innan væntanlegrar landshafnar, er ríkissjóði heimilt að kaupa fyrir kostnaðarverð, enda skal þá kaupverðið talið með hafnargerðarkostnaði.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
   a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
   b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
   e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
   f. Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2 a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

11. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru, annar af sveitarstjórn, en hinn af sameinuðu Alþingi. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. beiðni samgöngumálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér þó rétt að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Fylgdu frv. frá ráðherra eftirfarandi athugasemdir:

Rétt fyrir þinglokin síðustu barst ráðuneytinu frá milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum frumv. til laga um landshöfn í Njarðvík. Frumvarpið var þá prentað óbreytt og því útbýtt til þingmanna sem handriti.

Frumvarpinu fylgdi engin greinargerð frá nefndinni, en málið hafði verið lengi á döfinni og ýtarlega rætt, bæði í nefndinni og utan hennar.

Meginrökin fyrir flutningi frumvarpsins og lagasetningu um þetta efni, ef samþykkt verður, eru þau, að undanfarin ár hafa léleg hafnarskilyrði við Faxaflóa sunnan- og vestanverðan valdið því, að miklu færri bátar hafa stundað þar veiðar en ella mundi.

Allir vita, hver gullkista fiskimiðin í og utan við Faxaflóa eru og að þangað er betra að leita til fanga en víðast hvar annars staðar, sérstaklega á vetrarvertíð. Hafnarskilyrðin á þessum slóðum eru aftur á móti hin frumstæðustu, nema rétt í Keflavík, sem hin síðustu ár hefur varið ærnu fé til úrbóta, en þó hefur þar vegna erfiðrar aðstöðu hvergi nærri verið hægt að gera því máli full skil. Í Sandgerði eru tvær bátabryggjur, allt of stuttar, í Vogum ein, sem svipað stendur á um. Í Njarðvík eru einnig stuttar bátabryggjur alls ófullnægjandi, og eru þá upp talin hafnarmannvirkin á þessum slóðum.

Er augsýnilegt, að þegar bátum fjölgar, eins og nú er gert ráð fyrir, verður tæplega afgreiðslupláss til á þessum stöðum fyrir heimabáta, hvað þá að hægt sé að taka báta utan af landi til viðlegu, en þess mundu þó margir óska, ef möguleikar væru fyrir hendi til afgreiðslu. Fullkomin fiskihöfn fyrir svo marga báta sem hér er um að ræða kostar margar milljónir króna, og þar sem hér þarf að haga

framkvæmdum að mjög verulegu leyti með hliðsjón af þörfum utansveitarmanna, er þess ekki að vænta, að neitt einstakt hreppsfélag taki sig fram um nauðsynlegar aðgerðir. Af þessum ástæðum er frumvarpið fram komið. Allýtarlegar rannsóknir hafa farið fram á öllum þeim stöðvum, sem til greina koma við staðsetningu hafnarinnar, og hafa þær leitt í ljós, að skilyrði frá náttúrunnar hendi til framkvæmda eru bezt í Njarðvík. Hins vegar verður því ekki neitað, að aðrir staðir, og þá sérstaklega Sandgerði, liggja betur við fiskimiðunum. Vitamálaskrifstofan hefur haft þessar rannsóknir með höndum bæði fyrr og síðar og ávallt komizt að sömu niðurstöðu.

Heima í héraði hafa aftur verið allskiptar skoðanir um málið, og hefur það meðal annars valdið því, að ekki hafa fyrr verið fram bornar tillögur í þessa átt til framkvæmda. Eftir að ráðuneytinu barst frumvarp milliþinganefndarinnar, var það sent hreppsnefndum Njarðvíkur- og Keflavíkurhreppa til athugunar og umsagnar og enn fremur leitað samkomulags um afgreiðslu málsins. Svör hreppsnefndanna og útvegsmannafélags Keflavíkur fylgja hér með, dags. 14. og 16. október s.l., sem fylgiskjöl I—III.

Hefur frumvarpinu verið breytt með hliðsjón af sameiginlegum tillögum þessara aðila, þannig að í stað þess, að áður var gert ráð fyrir, að landshöfnin næði aðeins yfir Njarðvík eina, er nú gert ráð fyrir, að hún nái einnig yfir hafnarmannvirkin sunnan á Vatnsnesi í Keflavíkurhreppi, sem nú eru í eign hreppsins, og að þau verði keypt með kostnaðarverði og gangi inn í höfnina. Er þá ætlazt til, að jafnframt því sem byggt verði í Njarðvík, aðallega skjólvirki og afgreiðslubryggjur fyrir bátana á hæfilega grunnu vatni fyrir þá, verði haldið áfram með hafnarvirkin á Vatnsnesi til afgreiðslu fyrir stór skip fyrst og fremst, því að þar er dýpi miklu meira. Má telja þessa lausn á ýmsan hátt mjög heppilega. Í bréfi vitamálastjóra, sem hér með fylgir, dags. 21. apríl 1945, fylgiskjal IV, er lýst þeirri gerð af hafnarvirkjum í Njarðvík, sem sennilega koma fyrst til greina. Er þar gert ráð fyrir, að aðalhafnargarðurinn, þó aðeins um 400 m langur, kosti um 5 millj. kr., en auk þess þarf til að byrja með til bryggjugerða, landkaupa og uppfyllinga og til viðbótarframkvæmda í Keflavík svipaða upphæð. Við þetta er fjárhæð 1. greinar miðuð.

Einstakar greinar frumvarpsins þarf ekki að skýra. Frumvarpið er byggt upp, að öðru leyti en hvað fjárframlög og stjórn snertir, svipað og hafnarlög hafa verið áður.

Til þess að fá nokkra hugmynd um, hve margir bátar stunduðu sjó frá þessum stöðum nú, hve margir skipverjar væru á þessum bátum og hve mikinn afla þeir flyttu að landi, hefur Fiskifélag Íslands verið beðið að safna skýrslum um þetta, og fylgir svarbréf Fiskifélagsins, dags. 3. nóvember s.l., hér með, fylgiskjal V, og má af því sjá, hversu óhemju mikið fiskmagn þarna kemur á land.

Fylgiskjal I.

Hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps skorar á ríkisstjórnina að leggja nú þegar fyrir Alþingi frumvarp milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum um landshöfn í Njarðvíkum, sem hreppsnefndinni hefur verið sent til umsagnar, með eftirfarandi breytingum:

1. Að hafizt verði nú þegar handa um byggingu landshafnar í Njarðvík.
2. Að hafnarmannvirki Keflavíkur verði tekin inn í væntanlega landshöfn.
3. Að jafnhliða byggingu landshafnarinnar í Njarðvík verði núverandi hafnarmannvirki Keflavíkur endurbætt og gerð hæf til afgreiðslu stærri skipa og þungaflutninga.
4. Að hafnarsvæði landshafnarinnar verði ákveðið sem hér segir: Bein lína frá Ytri-Skor og í Stakks-nípu.

5. Gjöld til hafnarinnar verði aldrei ákveðin hærri en þau eru á hverjum tíma til Reykjavíkurhafnar.
6. Hafnarstjórn verði skipuð 5 mönnum, og tilnefni Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppar sinn manninn hvor, sameinað Alþingi kjósi tvo, og sá ráðherra, sem með hafnarmál fer, skipi formann hafnarstjórnar.

Ytri-Njarðvík, 14. okt. 1945.

Virðingarfyllst

Hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps,

Karvel Ögmundsson. Magnús Ólafsson. Sigurður Guðmundsson.
Sigurgeir Guðmundsson. Bjarni Einarsson.

Til ríkisstjórnar Íslands, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Keflavík, 14. okt. 1945.

Á fjölmennum fundi í Útvegsmannafélagi Keflavíkurhrepps, er haldinn var í dag, var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

„Útvegsmannafélag Keflavíkurhrepps skorar á ríkisstjórn Íslands að leggja nú þegar fyrir Alþingi frumvarp milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum um landshöfn í Njarðvík, sem hreppsnefndum Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppa hefur verið sent til umsagnar, með eftirfarandi breytingum:

1. Að hafizt verði nú þegar handa um byggingu landshafnar í Njarðvík.
2. Að hafnarmannvirki Keflavíkur verði tekin inn í væntanlega landshöfn.
3. Að jafnhliða byggingu landshafnar í Njarðvík verði núverandi hafnarmannvirki Keflavíkur endurbætt og gerð hæf til afgreiðslu stærri skipa og þungaflutninga.
4. Að hafnarsvæði landshafnarinnar verði ákveðið sem hér segir: Bein lína úr Stakks-nípu í Ytri-Skor.
5. Gjöld til hafnarinnar verði aldrei ákveðin hærri en þau eru á hverjum tíma til Reykjavíkurhafnar.
6. Hafnarstjórn verði skipuð 5 mönnum, og tilnefni Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppar sinn manninn hvor, sameinað Alþingi kjósi tvo, og sá ráðherra, sem með hafnarmál fer, skipi formann hafnarstjórnar.

Virðingarfyllst

Stjórn Útvegsmannafélags Keflavíkurhrepps,

Karvel Ögmundsson. Sverrir Júlíusson. Ragnar Björnsson.

Ríkisstjórn Íslands, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

LÖGREGLUSTJÓRINN Í KEFLAVÍK

Keflavík, 16. okt. 1945.

Hreppsnefnd Keflavíkurhrepps hefur samkv. beiðni yðar, herra samgöngumálaráðherra, yfirfarið og athugað frumvarp milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum um landshöfn í Njarðvík og lýsir sig eindregið fylgjandi frumvarpinu, þó með eftirfarandi breytingum á nokkrum greinum þess:

I. Frumvarpið heiti: Frumvarp til laga um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

II. Upphaf 1. gr. hljóði svo: Ríkissjóður lætur gera höfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum. Jafnhliða og framkvæmdir hefjast í Njarðvík skulu núverandi hafnarmannvirki Keflavíkurhrepps við Vatnsnes endurbætt áfram og gerð hæf til afgreiðslu stærri skipa og þungaflutninga. Til hafnargerðarinnar má verja .. o. s. frv.

III. 2. gr. hljóði svo: Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn. Hafnarstjóri .... og 4 meðstjórnendur, 2 kosnir af sameinuðu Alþingi og 2 tilnefndir af sveitarstjórnum Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppa, sinn úr hvorum hreppi. Hafnarstjórn skipa menn búsettir í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum. Laun ....

IV. Aftan við 3. gr. komi: Þó kaupi ríkissjóður núverandi hafnarmannvirki Keflavíkurhrepps við Vatnsnes með kostnaðarverði.

V. Fyrir framan síðustu málsgrein 8. gr. komi: Ofangreind gjöld mega þó aldrei verða hærri en þau eru ákveðin til Reykjavíkurhafnar á hverjum tíma.

Það skal tekið fram, að einhuga samkomulag er um breytingar þessar á milli hreppsnefnda Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppa, og mun hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps þegar hafa sent yður sams konar tillögur, þótt í öðru formi sé.

Hreppsnefndin væntir þess fastlega, að þér, hæstvirtur ráðherra, og milliþinganefndin í sjávarútvegsmálum geri þessar breytingar á frumvarpinu, því þannig fengist langþráð lausn á miklu vandamáli okkar Suðurnesjamanna.

F. h. hreppsnefndar Keflavíkurhrepps.

A. Gíslason.

Herra samgöngumálaráðherra Emil Jónsson, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 21. apríl 1945.

Hér með fylgir tillöguuppdráttur að landshöfn í Ytri-Njarðvík. Aðalhafnargarðurinn, sem jafnframt er bryggja að innanverðu, liggur frá endanum á ytri bátabryggjunni í óbrotinni línu, sem stefnir dálítið inn á víkina. Við það vinnst tvennt: að garðurinn stefnir að nokkru undan aðalbrimáttinni, svo að minna veður yfir hann, svo og annað, að garðurinn stendur ekki á meira dýpi heldur en er á svæðinu, sem hann ver. Þetta svæði er hins vegar nógu stórt til þess, að 100 m langt skip getur þrautalaust snúið sér fyrir innan mynnið á þeirri höfn, sem uppdrátturinn sýnir.

Hinn aðalgarðurinn frá suðurlandinu er bryggja, sem hægt er að leggjast að báðum megin. Í hafnarkvínni, sem þessir tveir garðar mynda, er komið fyrir tveimur beinum bátabryggjum, og hin syðri þeirra liggur þannig, að það afkróast stór kví, sem er tilvalin bátageymsla. Grunna svæðið upp af bátabryggjunum hugsast uppfyllt, er tímar líða, sem athafnasvæði til fiskverkunar.

Bryggjan frá suðurlandinu væri sérstaklega hentug fyrir fiskiðnað og annan iðnað, sem hefði athafnasvæði upp af víkurbotninum.

Ég býst við, að heppilegasta gerðin á aðalgarðinum sé sú, að innri kanturinn verði hlaðinn veggur úr steyptum steinum, það sem liggur í sjó, og steyptur veggur þar ofan á, en að öðru leyti verði garðurinn grjótfylling með grjótfláa að utanverðu. Þessi garður með 15 m breiðri akbraut kostar lauslega áætlað tæpar 5 millj. króna, og með honum og t. d. annarri bátabryggjunni eru hafnarmálin í Njarðvík leyst í aðalatriðum, meðan atvinnurekstur er að vaxa þarna upp, sem gerir frekari hafnarframkvæmdir arðbærar.

Axel Sveinsson.

Fylgiskjal V.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 3. nóv. 1945.

Samkvæmt beiðni yðar, hv. samgöngumálaráðherra, viljum vér gefa yður eftirfarandi yfirlit yfir útgerð og aflamagn á svæðinu Sandgerði—Vogar árið 1944.

Á vetrarvertíð 1944 gengu:

frá Sandgerði og Garði	30 bátar	274 skipv.
— Keflavík og Njarðvíkum	29 —	308 —
— Vatnsleysuströnd og Vogum	16 —	89 —
	75 bátar	671 skipv.

Á þessu svæði eru 10 hraðfrystihús og 2 fiskmjölsverksmiðjur, en þær hafa ekki verið starfræktar síðustu árin. 1944 tóku hraðfrystihús á þessu svæði við 16122 smál. af fiski til frystingar.

Útfluttur ísaður fiskur á þessu svæði nam um 15000 smál. Sennilega er þessi tala heldur lág, því eitthvað af ísfiski úr þessum veiðistöðvum mun vera talið með útflutningi frá Hafnarfirði, en þangað hefur verið fluttur fiskur af Suðurnesjum í útflutningsskip.

Á sumrum stunda allmargir bátar frá þessum stöðvum botnvörpu- og dragnótaveiðar og reknetaveiðar, þegar líður á sumarið. Vegna erfiðleika á sölu saltaðrar Faxasíldar, er síldin aðallega fryst í beitu, en þegar möguleikar eru um sölu saltsíldar til útlanda, eru þeir möguleikar jafnan notaðir, því veiði hefur ekki brugðizt. Gera menn sér vonir um, að síldveiði í Faxaflóa eigi eftir að verða veigamikill þáttur í útgerðinni á þessum slóðum.

Virðingarfyllst

Fiskifélag Íslands

Arnór Guðmundsson.

Til samgöngumálaráðherra.

Nd. 265. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Á eftir orðinu „aldurstakmarkið“ í k-lið 4. gr. laganna komi: fyrir skipstjóra.

2. gr.

Fyrri málsgrein b-liðar 8. gr. laganna skal hljóða svo: hefur eftir 16 ára aldur verið 36 mánuði háseti á skipi 30 rúmlestir eða stærra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Nefndin sendi það skólastjóra sjómannaskólans til umsagnar. Umsögn hans fylgir frumvarpinu.

Fylgiskjal.

STÝRIMANNASKÓLINN

Reykjavík, 23. nóvember 1945.

Með bréfi, dags. í gær, sendi háttv. sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis mér til umsagnar samþykktir frá sambandsþingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands varðandi breytingar á núgildandi lögum um atvinnu við siglingar á ísl. skipum. Skal ég vegna þessa leyfa mér að taka eftirfarandi fram:

Höfuðástæðan fyrir óskum sambandsþingsins eftir nefndum breytingum mun vera sú, að því mun þykja ákvæði laganna um 18 mánaða hásetatíma á skipum yfir 60 rúml. torvelda piltum að fá inngöngu í stýrimannaskólann. Í reglugerð skólans segir, að til inngöngu í skólann þurfi ⅔ þess siglingatíma, sem krafizt er í lögum um atvinnu við siglingar, til þess að geta öðlazt það stýrimannsskírteini, sem hlutaðeigandi próf veitir, og verða það því 24 mánuðir fyrir fiskimenn. Af þessum 24 mánuðum hafa fiskimenn þó aðeins verið látnir leggja fram vottorð um 6 mánaða hásetatíma á skipum yfir 60 rúml. auk 18 mánaða hásetatíma á minni skipum, þegar svo hefur staðið á, þó sjálfsagt megi krefjast ⅔ hásetatíma á hvorri stærð skipa fyrir sig, eða 12 mánaða á móti 12.

Nemendur í fiskimannadeildum skólans eru nú rúmlega 90, þar af 45 nýsveinar auk nokkurra nýsveina, sem lesa undir fiskimannapróf á námsskeiði skólans á Ísafirði. Aðsókn að skólanum er því mikil, þrátt fyrir þetta ákvæði laganna, og þess ber einnig að gæta, að ávallt hljóta að vera takmörk fyrir því, hve mörgum nemendum er hægt að veita viðtöku í skólann, með þeim kennslukröftum, sem hann hefur yfir að ráða hvert sinn.

Enn fremur ber þess og að gæta, að þegar maður ræðst stýrimaður á skip, á hann að vera það fær til allra verka á skipinu, að hann geti veitt undirmönnum sínum tilsögn, í stað þess að þurfa að taka við henni af þeim. Nú má maður, sem lokið hefur fiskimannaprófi, gegna störfum sem stýrimaður á fiskiskipi af hvaða stærð sem er, hafi hann tekið stýrimannsskírteini, og því finnst mér nauðsynlegt, að hann hafi einnig verið háseti á hinum stærri skipum, en ekki eingöngu á hinum minni, svo að hann þekki öll tæki og meðferð hinna stærri skipa sem hinna minni.

Ég get því ekki fallizt á tillögur sambandsins óbreyttar, bæði af ofangreindum ástæðum og eins vegna þess, að samkvæmt þeim virðist síðari málsgrein b-liðs 8. gr. laganna verða að falla niður með öllu, sem ég teldi órétt, enda varla samkvæmt óskum sambandsþingsins. Hins vegar sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að sú breyting verði gerð á staflið b, að í stað „18 mánuðir“ í fyrri málsgrein komi „12 mánuðir“, og að í stað „12 mánuðir“ í síðari málsgrein komi „6 mánuðir“, og gæti jafnvel fallizt á til samkomulags, að á báðum stöðum kæmu „6 mánuðir“, þ. e. í stað „18“ og „12“.

Að lokum vil ég leyfa mér að benda háttv. sjávarútvegsnefnd á, að í k-lið 4. gr. laganna eiga í stað orðsins „aldurstakmarkið“ að koma orðin „aldurstakmarkið fyrir skipstjóra“. Þetta sést af efni greinarinnar, en hefur af einhverjum orsökum gleymzt.

Virðingarfyllst.

Friðrik Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 266. Breytingartillögur

við frv. til raforkulaga.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkinu einu er heimilt að reisa og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl.
   Réttur sá, sem ríkinu er áskilinn samkv. 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til.
   Við gildistöku þessara laga er þó þeim, sem eiga og reka eða eiga í smíðum raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, heimilt að reka þau áfram, og ráðherra er heimilt að leyfa aukningu á þessum raforkuverum, allt að fullri fyrirhugaðri virkjun, enda sendi eigendur þeirra uppdrætti og greinargerðir um framkvæmdirnar innan 6 mánaða frá gildistöku laganna, og setur ráðherra þau skilyrði fyrir slíkum leyfum, sem hann telur nauðsynleg, að fenginni umsögn raforkumálastjóra.
   Enn fremur er ráðherra heimilt að fengnum tillögum raforkumálastjóra að veita sveitarfélagi, einstökum manni eða félagi leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 2000 hestöflum að stærð til að fullnægja rafaflsþörf sinni, ef rafveitur ríkisins eða héraðsveitur geta eigi eða óska eigi að láta rafafl í té.
2. Við 7. gr. Orðin „eiga nú eða hafa þegar hafið byggingu á.“ falli niður, en í staðinn komi: eiga og reka skv. 1. gr.
3. Við 21. gr. Eftir greininni bætist ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan skv. því):
   Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að ⅔ stofnkostnaðar fyrir héraðsveiturnar, enda liggi fyrir samþykki raforkumálastjóra á fyrirkomulagi, gerð og tilhögun verksins hverju sinni.
4. Við 26 gr. Í stað orðanna „minnst hálfu framlagi ríkissjóðs“ komi: minnst ⅓ af framlagi ríkissjóðs.
5. Við 56. gr. Inn í greinina bætist að réttri tímaröð: lög um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa, nr. 28 1932.

Sþ. 267. Tillaga til þingsályktunar

um flutning hengibrúar.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta flytja gömlu hengibrúna á Ölfusá hjá Selfossi og setja hana niður á fyrirhugað brúarstæði á Hvítá í Borgarfirði hjá Bjarnastöðum í Hvítársíðu, enda verði unnt að gera brúna svo úr garði að dómi sérfróðra manna, að hún komi að fullum notum til frambúðar á þessum stað. Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Brúarbygging hefur nú fyrir nokkru verið ákveðin samkvæmt brúalögum á ofanverða Hvítá í Borgarfirði hjá Bjarnastöðum í Hvítársíðu. Er að allra áliti, er til þekkja, hin mesta nauðsyn á að hraða þeirri framkvæmd, en með henni yrðu tengdar saman í eitt flutninga- og samgangnakerfi nokkrar af uppsveitum þessa frjósama héraðs beggja megin árinnar. Yrði að því mikið hagræði, einkum vegna

mjólkurflutninganna, sem nú eru þarna mjög örðugir yfir vetrarmánuðina, einkum vegna þess, hve áin er mikill þröskuldur fyrir samgöngum og samstarfi í þeim efnum á milli sveita. En mjólkurframleiðsla og mjólkursala hefur farið þar mjög í vöxt á síðari árum.

Þar sem nú er langt komið byggingu hinnar nýju Ölfusárbrúar, svo að hin eldri mun verða tekin úr notkun á næsta ári, virðist sjálfsagt að ráðstafa henni nú þegar til notkunar, þar sem vissa er fyrir, að hún geti komið að fullum notum. Og þó að hún væri ekki lengur fullnægjandi til samgangna á Ölfusá, eru fyllstu líkur til, að hægt væri að gera hana nothæfa þar, sem um minni samgöngur er að ræða, ef hún væri styrkt og endurbætt samkvæmt fyrirsögn verkfræðinga. Væri og sjálfsagt, að fram væri látin fara nákvæm athugun á öryggi hennar, áður en hún yrði sett niður að nýju. Við, sem flytjum þessa þingsályktunartillögu, vildum stuðla að því að flýta fyrir brúarbyggingu þeirri, sem að framan er getið, ef unnt teldist að dómi sérfróðra manna að leysa málið á framangreindan hátt, og ef ekki er talið, að hægt verði þegar á næsta eða næstu árum að byggja þarna nýja brú.

Nd. 268. Frumvarp til laga

um skólakerfi og fræðsluskyldu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Allir skólar, þeir sem kostaðir eru eða styrktir af almannafé, mynda samfellt skólakerfi.

2. gr.

Skólakerfið skiptist í þessi fjögur stig: 1. barnafræðslustig, 2. gagnfræðastig, 3. menntaskóla- og sérskólastig, 4. háskólastig.

Á barnafræðslustiginu eru barnskólar. Á gagnfræðastiginu eru unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar. Á menntaskóla- og sérskólastiginu eru menntaskólar og sérskólar. Á háskólastiginu er háskóli.

3. gr.

Barnaskólar eru fyrir börn á aldrinum 7—13 ára. Barnafræðslunni lýkur með barnaprófi.

4. gr.

Unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar taka þegar við að loknu barnaprófi. Þeir greinast í tvenns konar deildir, bóknámsdeild og verknámsdeild, eftir því, á hvort námið er lögð meiri áherzla.

Unglingaskólarnir eru tveggja ára skólar. Nám í þeim jafngildir námi í tveimur neðstu bekkjum gagnfræðaskóla. Því lýkur með unglingaprófi, og veitir það rétt til framhaldsnáms í miðskólum og gagnfræðaskólum.

Miðskólarnir eru þriggja ára skólar. Nám í þeim jafngildir námi í þremur neðstu bekkjum gagnfræðaskóla. Því lýkur með landsprófi, miðskólaprófi. Það veitir rétt til inngöngu í sérskóla og menntaskóla með þeim takmörkunum, er kunna að verða settar í lögum þeirra eða reglugerðum. Þó veitir aðeins próf úr bóknámsdeild rétt til inngöngu í menntaskóla og aðra sambærilega skóla.

Gagnfræðaskólar í kaupstöðum eru fjögurra ára skólar. Gagnfræðaskólar í sveitum veita aðeins tveggja ára fræðslu að loknu unglingaprófi. Þó er fræðslumálastjórn heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef forráðamenn gagnfræðaskóla óska þess. Nemendur gagnfræðaskóla ganga eftir 2 eða 3 ár undir sama próf, sem nemendur unglingaskóla og miðskóla. Burtfararpróf úr gagnfræðaskóla, gagn-

fræðapróf, veitir rétt til náms í þeim sérskólum, er þess prófs krefjast, og til starfs við opinberar stofnanir, eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.

5. gr.

Menntaskólar skulu vera samfelldir fjögurra ára skólar og greinast í deildir eftir því, sem þörf krefur. Burtfararpróf þaðan, stúdentspróf, veitir rétt til háskólanáms.

Um serskóla segir í lögum þeirra og reglugerðum hvers um sig.

6. gr.

Til inngöngu í háskóla þarf stúdentspróf. Þó getur háskóladeild krafizt viðbótarprófa, ef þörf gerist. Háskólinn greinist í eins margar deildir og þurfa þykir, eftir því sem ákveðið verður í lögum hans og reglugerð.

7. gr.

Kennsla er veitt ókeypis í öllum skólum, sem kostaðir eru að meiri hluta af almannafé.

8. gr.

Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára og skulu ljúka barnaprófi og unglingaprófi, svo framarlega sem þau hafa til þess heilsu og þroska. Heimilt er þó sveitarfélögum með samþykki fræðslumálastjórnar að hækka fræðsluskyldualdur til 16 ára.

9. gr.

Nú getur nemandi ekki stundað skyldunám sökum fjárskorts, og skal þá veita styrk til þess af almannafé.

10. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd á fræðslu, skipan skóla hvers stigs og fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til skólahaldsins skulu sett í lögum og reglugerðum fyrir skóla hvers stigs.

11. gr.

Lög þessi taka þegar gildi og skulu koma til framkvæmda á árunum 1946—1952, eftir því sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð.

Ed. 269. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 1. gr. Á eftir orðinu „Laugarvatni“ bætist inn í greinina: og í Hveragerði.

Sþ. 270. Nefndarálit

um styrk til flóabáta.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálanefndir beggja þingdeilda hafa haft algera samvinnu um athugun á flóabátasamgöngum — er svo nefnast — umhverfis land, eins og áður hefur tíðkazt, og gert tillögur til háttvirtrar fjárveitinganefndar um styrk til þeirra í fjárlögum fyrir 1946. Hefur um allt hér að lútandi verið að sjálfsögðu leiðbeininga

og aðstoðar að leita til forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, og hefur hann eins og fyrr reynzt hinn öruggasti í því starfi.

Öll framkomin skilríki fyrir þessum samgöngum, svo sem skýrslur fyrir líðandi ár, erindi úr héruðum landsins og umsóknir vegna komandi árs, hafa verið athuguð og rædd af nefndunum í samvinnu við forstjórann, en aðalatriðin úr greinargerð hans og tillögum eru prentuð hér á eftir sem fylgiskjal með nefndarálitinu. — Að því er tekur til fjárlagaákvæðisins um heildartillag til flóabátaferðanna á næsta ári (13. gr. B. 2), skal þess þegar getið, að háttvirt fjárveitinganefnd hefur eftir ósk samvinnunefndar tekið fjárhæðina inn í breytingartillögur sínar við fjárlagafrumvarpið, og þarf því ekki meira um það að véla, enda eiga skilyrði fyrir styrkjunum að haldast í fjárlögum hin sömu og áður.

Að öðru leyti þykir rétt að taka eftirfarandi fram sem frekari ábending um tilhögun styrkveitinganna, sérstaklega þar sem breyting hefur þurft að gera á einstökum liðum, en að lokum mun sjálf skiptingin á styrkjunum milli staða og farkosta verða greind hér, því að eftir henni fer ráðuneytið í samráði við forstjóra skipaútgerðarinnar, þegar til greiðslu fjárins kemur til hinna einstöku aðila.

Faxaflóasamgöngur. — Eins og til var ætlazt, er við þessi mál var skilizt síðast, tók h/f Skallagrímur í Borgarnesi að sér að halda uppi til næsta árs þessum ferðum (Reykjavík—Akranes—Borgarnes), enda kom m/s Laxfoss (endurbyggt) til notkunar fyrri hluta nýliðins sumars. — Stendur við þetta enn.

Frá bæjarstjórn Akraness, sem ekkert mun hafa greitt til þessara samgangna, hefur samvinnunefndinni borizt kvörtun um vanhöld á þessum ferðum, ásamt skýrslu um framfarnar samningatilraunir milli hennar og stjórnar h/f Skallagríms um frambúðarfyrirkomulag á útgerð m/s Laxfoss, sem strönduðu í miðjum klíðum. Hafa þær umleitanir ekki verið teknar upp aftur, en nú að síðustu standa þó vonir til, að ferðunum verði komið í viðunandi lag fyrir næsta ár í höndum sama félags, sem viðkomandi staðir sætta sig við.

Téð stjórn h/f Skallagríms hefur og sent nefndinni erindi um halla á ferðunum sl. vetur og umsókn um styrk þessa vegna. Eigi verður að svo vöxnu tekin ákvörðun um slíkan styrk, en skipaútgerðinni falið að kanna málið frekar. Ef þá kemur í ljós, að óhjákvæmilegt telst að bæta úr ríkissjóði að einhverju leyti þann halla, telur samvinnunefndin ríkisstjórninni það heimilt, þó aldrei með hærri fjárhæð en síðastliðið ár. — Að öðru leyti má ætla, að Faxaflóaferðirnar með þessum hætti geti borið sig, enda ekki ætlaður neinn rekstrarstyrkur til þeirra.

Breiðafjarðarsamgöngur. — Stykkishólmsbátur sá, er í notkun hefur verið, þykir nú orðinn of lítill og ófullnægjandi, og hefur borizt erindi frá útgerð hans (m/b Baldurs) um, að nýtt og stærra skip þurfi til þess að annast ferðirnar um sunnanverðan Breiðafjörð. Er sótt um allháa styrki til þessa úr ríkissjóði (byggingarstyrk og rekstrarstyrk), en svo skammt er hugmynd þessari á veg komið, að eigi er kleift að áætla til þess nokkra upphæð að þessu sinni. Er ætlazt til, að um þetta verði gerð fullnaðarkönnun til næsta árs, en á meðan helzt sami styrkur til samgangna á þessu svæði, sem síðast var veittur. Skógarstrandarbátur hækkar þó um 1000 kr. (úr 2500 í 3500 kr.), en Hellissandsbátur fellur úr umferð vegna bifreiðaferða til þessa staðar (sbr. skýrslu forstjóra Skipaútgerðar ríkisins), sem vænzt er, að komið geti að haldi og borið sig.

Samgöngunum um norðanverðan Breiðafjörð hefur eins og áður verið reynt að fullnægja með Flateyjarbát (þ. e. „Konráði", mótorbát h/f Norðra). Rekstrarstyrkur til hans er látinn halda sér sami og síðast, en eins og ráð var fyrir gert á sl. ári, hefur gagngerð viðgerð farið fram á bátnum, og hefur verið sótt um styrk til þess (116 þús. kr. endurbyggingarstyrk), sem óhjákvæmileg nauðsyn þykir að veita, þó þannig, að á árinu 1946 verði til þess ætlaðar 66 þús. kr., en 1947 50 þús. kr., og hefur orðið um þetta samkomulag. Á með þessu að vera svo vel séð fyrir þeim ferðum sem kostur er á um sinn, en komið getur til mála, að Breiðafjarðarsamgöngurnar yfirleitt komist í annað horf, er hinir nýju strandferðabátar koma til notkunar.

Ísafjarðarsamgöngur. — Þær hefur annazt „Djúpbáturinn" eins og áður (m/s Fagranes), vegna ferða til Vesturfjarðanna hefur rekstrarstyrkur verið hækkaður um 30 þús. kr., og er þá ætlazt til, að farnar verði tvær ferðir á viku (í stað einnar) til Önundarfjarðar (vegna mjólkurflutninga). Að auki er bátnum ánafnaður endurbótastyrkur (til nýrrar vélar m. m.) 105 þús. kr., sbr. skýrslu forstjóra Skipaútgerðarinnar, er þó skiptist á árin 1946 og 1947 (55 þús. kr. + 50 þús. kr.).

Norðurlandssamgöngur. — Um þær gefur skýrsla forstjórans fullnægjandi upplýsingar. Húnaflóa- og Strandabátur (sem komið var á til reynslu síðast) verður að hækka í styrk upp í 55 þús. kr. (úr 30 þús. kr.). Einnig hefur komið fram, eins og búast mátti við, að halli verður á rekstri yfirstandandi ár og til þess að bæta það ætlaðar 22 þúsund krónur. — Skagafjarðar- og Fljótabátur og Norðurlandsbátur hækka úr 125 þúsund krónum í 150 þúsund krónur. — Hríseyjarbátur er hækkaður í rekstrarstyrk um 1000 krónur (í 3000 kr. úr 2000 kr.), en forstjóra Skipaútgerðarinnar er falið að semja frekar en orðið er við hlutaðeigendur vegna hækkunar á áður veittum „endurbyggingarstyrk", þannig að nú eru ætlaðar til þessa 4000 krónur í viðbót við fyrri 6000 krónur, sem geymast til þessara þarfa (verður alls 10 þús. kr.), en það, sem á kann að vanta, leggi hreppurinn til. — Um hækkun á rekstrarstyrk til Flateyjarbáts á Skjálfanda hefur nefndinni einnig borizt umsókn, og er fallizt á 3000 kr. hækkun (úr 7000 í 10000 kr.), sem greiðist út, ef nauðsyn krefur.

Austfjarðasamgöngur. — Ætlazt er til, að þeim verði haldið uppi með líkum hætti og áður. Mjóafjarðarbátur hækkar í styrk um 3000 kr. (upp í 6000 kr.) og Eskifjarðar- eða Reyðarfjarðarbátur um 10 þús. kr. (í 15 þús. kr.), og verður einnig að ætla honum 10000 kr. viðbótarstyrk vegna halla á rekstri þ. á. (1945). Að svo vöxnu er styrkur til Norðfjarðarbáts látinn halda sér. — Til Selvogsferða er tekinn upp lítill styrkur, 1200 kr., með sömu skilyrðum og um smábátana, að viðkomandi hreppur geri fulla grein fyrir ráðstöfun fjárins. (Til þessa hefur einu sinni áður verið greidd sama upphæð).

Um aðra styrki þykir ekki þörf að fjölyrða, með því að þeir eru áætlaðir hinir sömu og var sl. ár (þ. e. 1945).

Sjálfsagt er, enda óhjákvæmilegt, að Skipaútgerð ríkisins sjái að öðru leyti en hér er greint fyrir ferðum til þeirra staða innan flóabátasvæðanna, sem hún undanfarið hefur orðið að sjá farborða, unz úr því rætist með öðrum hætti. Má og hér yfirleitt vænta þess, að hin nýju strandferðaskip, er þau koma til sögunnar, bæti úr brýnum þörfum sem víðast um land.

Heildarstyrki á fjárlögum fyrir 1946 til allra þessara (flóabáta)samgangna áætlar samvinnunefndin samkv. framangreindu **kr. 853150.00**, er skiptast þannig:

Djúpbátur (200 000 + 55 000)		255 000
Húnaflóa- og Strandabátur (55 000 + 22 000)		77 000
Skagafjarðar—Fljótabátur til Siglufjarðar sérstakur bátur júní—okt.	23 000	
Norðurlandsbátur júní—okt.	43 000	
Sameiginlegur bátur fyrir Skagafjörð og Eyjafjörð nóv.—mai	84 000	
		150 000
Hríseyjarbátur (3000 + 4000)		7 000
Flateyjarbátur (á Skjálfanda)		10 000
Hornafjarðar—Austfjarðabátur		30 000
Fjarðabátar:		
a. Loðmundarfjarðarbátur		3 000
b. Norðfjarðarbátur		15 000
c. Mjóafjarðarbátur		6 000
d. Eskifjarðarbátur (15 000 + 10 000)		25 000
e. Berufjarðarbátur		3 000
Suðurlandsskip		60 000
Mýrabátur (á Faxaflóa)		2 500

Til Breiðafjarðarsamgangna:

1.	Flateyjarbátur, venjul. ferðir (18 000 + 66 000)	84 000
2.	Sami, vikulegar ferðir: Flatey—Brjánslækur—Kinnarstaðir—Flatey	22 000
3.	Patreksfjarðarbátur	2 000
4.	Stykkishólmsbátur	28 000
5.	Langeyjarnesbátur	2 000
6.	Skógarstrandarbátur	3 500
	Til bátaferða innan A.-Skaft. (þar af 2550 kr. til Öræfa)	4 950
	Til ferða milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja	60 000
	Rangársandsbátur	2 000
	Til Selvogsferða	1 200

Alþingi, 30. nóv. 1945.

Gísli Sveinsson, form. Nd.-nefndar, frsm. — Eiríkur Einarsson, form. Ed.-nefndar. — Lúðvík Jósefsson, fundaskr. Nd.-nefndar.

Ingvar Pálmason, fundaskr. Ed.-nefndar. — Steingr. Aðalsteinsson. — Sveinbj. Högnason.

Ásg. Ásgeirsson. — Sigurður Bjarnason.

Fylgiskjal.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 12. nóvember 1945.

Háttvirt samvinnunefnd samgöngumála Alþingis hefur óskað eftir, að ég gerði yfirlit yfir rekstur flóabátanna á þessu ári og gerði tillögur um styrk til þeirra á næsta ári. Vil ég með eftirfarandi leitast við að verða við þessum óskum, eftir því sem efni standa til:

Djúpbátur.

H/f Djúpbáturinn á Ísafirði hefur eins og að undanförnu annazt bátaferðir um Ísafjarðardjúp með báti sínum „Fagranesi". Hefur báturinn siglt eftir fastri áætlun og farið tvær ferðir í viku um Djúpið og eina ferð í viku til Jökulfjarða og Aðalvíkur. Þá hefur báturinn fram til þessa farið 6 ferðir að Horni og 6 ferðir til Bolungavíkur, Furufjarðar og Þaralátursfjarðar á Ströndum. Ein ferð á mánuði hefur verið farin til Bíldudals með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum. Vestfjarðaferðirnar voru þó ekki farnar, meðan bílfært var til Þingeyrar, en þó hefur venjulega verið farin ein ferð í viku til Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Alls mun báturinn vera búinn að fara fram til þessa 150 áætlunarferðir og nálega eins margar aukaferðir. Þegar m/s „Fagranes" var til aðgerðar eða gat ekki annað ferðunum, var leigður annar bátur því til aðstoðar.

Vélin í m/s „Fagranesi" er orðin svo gömul og slitin, að ekki verður hægt að komast hjá því lengur að fá nýja vél í skipið, og má þá vænta meiri afkasta af því.

Nú eru uppi mjög ákveðnar kröfur um það, að fjölgað verði til muna ferðum frá Ísafirði til Vestfjarða, einkum til Önundarfjarðar og Súgandafjarðar, og verður þá félagið að sjálfsögðu að leigja 15—20 tonna bát til að annast ferðirnar ásamt „Fagranesinu", og hefur það óhjákvæmilega mikinn kostnað í för með sér. Mundi félagið komast af með þann styrk, sem veittur hefur verið til þessara ferða undanfarið, ef ekki væri hugsað um Vestfjarðaferðirnar, en hjá því verður vart komizt. Félagið hefur sótt um að fá 105 þús. kr. styrk upp í greiðslu á nýrri vél og 50 þús. kr. viðbótarstyrk vegna Vestfjarðaferðanna.

Verður varla komizt hjá því að veita félaginu umbeðinn styrk til vélakaupanna, en hins vegar ætti að mega minnka viðbótarstyrkinn nokkuð, en leyfa félaginu að hækka far- og farmgjöld upp í það, sem strandferða far- og farmgjöld hafa hækkað annars staðar.

Húnaflóa- og Strandabátur.

Hr. Sigurður Pétursson tók að sér þessar ferðir með bát sínum „Hörpu“. Var farin ein áætlunarferð í viku milli Ingólfsfjarðar og Hvammstanga með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Voru þannig farnar 18 áætlunarferðir og nokkrar aukaferðir.

Hefur sýnt sig, að um 22 þús. kr. tap hefur orðið á þessum ferðum, og verður því styrkurinn fyrir næsta ár að hækka sem svarar því.

Skagafjarðar- og Fljótabátur til Siglufjarðar.

Skipaútgerð ríkisins sá um ferðir milli Skagafjarðar, Siglufjarðar og Eyjafjarðar með e/s „Ármanni“. 20. apríl hætti sá bátur, og flóabáturinn „Ester“ tók við. 1. júní var breytt um fyrirkomulag, þannig að hr. Skafti Stefánsson tók að sér ferðirnar frá Siglufirði til Skagafjarðar með bát sínum „Mjölni“, og var þá ferðunum hagað eins og venjulegt er, þannig að farið var frá Siglufirði til Sauðárkróks alla þriðjudaga og laugardaga og til Haganesvíkur alla miðvikudaga og föstudaga. Var þessu fyrirkomulagi haldið þar til 5. nóv., að m/b „Ester“ tók aftur við Skagafjarðarferðunum ásamt Eyjafjarðar.

Umsaminn styrkur til Skafta Stefánssonar var 4500 kr. á mánuði, en afgangurinn af þeim styrk, sem ætlaður var til Skagafjarðarferðanna, rennur til þess báts, sem verður í vetrarferðunum.

Norðurlandsbátur.

Ferðir þær, sem þessum báti eru ætlaðar, voru reknar af Skipaútgerð ríkisins með e/s „Ármanni“, þar til 20. apríl, að m/b „Ester“ tók við. Var ferðunum hagað þannig, að báturinn fór tvær ferðir á viku milli Akureyrar og Sauðárkróks, í annarri ferðinni hafði báturinn viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum, en í hinni ferðinni með viðkomu aðeins á Siglufirði í báðum leiðum, og í þeirri ferð var einnig komið við á Ólafsfirði og Hrísey, ef sérstaklega hafði verið um það beðið. Um helgar fór svo báturinn til Grímseyjar, þegar tími vannst til.

Í febrúar var ákveðin aðeins ein bílferð á viku frá Reykjavík til Sauðárkróks, og var þá bátaferðunum til Sauðárkróks einnig fækkað samkvæmt því, hins vegar voru ætíð farnar tvær ferðir um Eyjafjörð til Siglufjarðar á viku, og sá tími, sem vannst við að sleppa annarri ferðinni til Sauðárkróks, notaður til að fara til hafna austan Akureyrar.

1. júní, þegar fenginn hafði verið sérstakur bátur til Skagafjarðarferðanna, var ferðum m/b „Ester“ breytt í það horf, sem venjulega hefur verið yfir sumarmánuðina, þannig að tvær fastar áætlunarferðir voru farnar í viku um Eyjafjörð til Siglufjarðar og þess á milli til Grímseyjar og Þórshafnar.

5. nóvember tók m/b „Ester“ við Skagafjarðarferðunum ásamt Eyjafjarðar, og verður þeim ferðum nú hagað eins og gert hefur verið undanfarna vetur. Samið hefur verið um, að „Ester“ fái 12 þús. kr. styrk á mánuði fyrir að annast þessar ferðir, en eftir áramótin mun nýr bátur taka við þessum ferðum, sem verið er að setja vél í og endurbyggja á Akureyri, og heitir bátur sá „Eldey“, og hafa eigendur „Esters“ keypt hann og ætla sér að hafa hann við Norðurland í staðinn fyrir „Ester“. Mun hann verða mun fullkomnari og betur fær til að vera í vetrarferðunum en „Ester“. Þegar hinn nýi bátur tekur við ferðunum eftir áramótin, verður að hækka styrkinn fyrir þessar ferðir upp í 15 þús. kr. á mánuði. Eigi að síður verða ferðirnar í vetur ríkinu mun ódýrari en undanfarna vetur.

Hríseyjarbátur.

Bátur þessi, sem er opinn vélbátur, fer venjulega um tvær ferðir á dag tvisvar og þrisvar í viku milli Hríseyjar og lands í sambandi við bílaferðir til og frá Akureyri. Fram til þessa tíma mun vera búið að flytja með nefndum bát um 550 farþega.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur farið þess á leit við hið háa Alþingi að fá 10 þús. kr. styrk til kaupa og endurbóta á bát í ferðum milli Hríseyjar og lands

auk þess, sem farið er fram á, að 6 þús. kr., sem veittar voru á þessu ári og ekki hafa verið notaðar, verði teknar inn á næsta árs fjárlög. Í sambandi við þetta leyfi ég mér að líta svo á, að 10 þús. kr. ættu að nægja Hríseyingum, ef hreppurinn leggur á móti jafnháa upphæð.

Flateyjarbátur (á Skjálfanda).

Ferðum þessa báts hefur verið hagað líkt og undanfarið, hálfsmánaðarferðir milli Flateyjar og Húsavíkur með viðkomu í Flateyjardal. Erfiðlega gekk í byrjun að fá bát til að taka að sér þessar ferðir, en úr því rættist, svo að telja verður viðunandi.

Hornafjarðar—Austfjarðabátur.

Skipaútgerð ríkisins hefur séð fyrir þessum ferðum undanfarin ár, með því að enginn bátur hefur fengizt til að taka þær að sér fyrir ákveðinn styrk. M/b „Hólmsberg" var leigður til þess að vera í þessum ferðum s.l. vetur. Hafði báturinn fastar áætlunarferðir, eina í viku, milli Hornafjarðar og Bakkafjarðar með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Verkefnið reyndist mjög lítið fyrir bátinn, og var því mikill halli á útgerðinni.

Er auðséð af þeirri reynslu, sem fengizt hefur, að bátur þessi verður að vera það stór, að hann geti farið ferðir til Reykjavíkur og Akureyrar. Mun varla verða hjá því komizt, að Skipaútgerðin leigi bát í þessar ferðir í vetur, því að telja verður víst, að einstaklingar fáist ekki til að taka að sér ferðirnar fyrir ákveðinn styrk.

Loðmundarfjarðarbátur.

Bátur þessi hefur eins og að undanförnu gengið milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar, en telja verður heppilegra að breyta til um fyrirkomulag á þessum ferðum og láta bátinn ganga vikulega að sumri til milli Seyðisfjarðar og Húsavíkur með viðkomu á Selstöðum, Þórarinsstaðaeyrum, Brimnesi, Nesi og Selaklöpp í báðum leiðum, en að vetri til ætti báturinn að fara þessar ferðir hálfsmánaðarlega eða sjaldnar. Til þess að hægt sé að koma þessu í framkvæmd, þarf að hækka styrkinn upp í 3 þús. kr.

Norðfjarðarbátur.

Bátur þessi hefur haldið uppi, eins og að undanförnu, ferðum milli Viðfjarðar og Neskaupstaðar í sambandi við bílaferðir til og frá Norðurlandi. Munu ferðir þessar hafa gengið allsæmilega og styrkurinn, sem til þeirra er ætlaður, reynast nægilegur.

Mjóafjarðarbátur.

Gerð var tilraun til að sameina þessar ferðir við Norðfjarðarbátinn, þannig að sami báturinn annaðist ferðir beggja staðanna, en það hefur ekki tekizt enn þá, vegna þess að Mjófirðingar telja sig ekki hafa fullt gagn af ferðunum, nema báturinn, sem annast þær, eigi heima á Mjóafirði.

Eskifjarðarbátur.

Þetta er í fyrsta skipti, sem fastar bátaferðir hafa verið milli Kolmúla og Eskifjarðar og Reyðarfjarðar í sambandi við bílaferðir til og frá Norður- og Austurlandi.

Var farin ein áætlunarferð í viku og aukaferðir þegar þurfa þótti, en því miður reyndust tekjurnar minni en gert hafði verið ráð fyrir, og hefur verið farið fram á að fá styrkinn hækkaðan fyrir þetta ár um 10 þús. kr., eða upp í 15 þús. kr.

Berufjarðarbátur.

Ferðum var haldið uppi yfir Berufjörð í sambandi við bílaferðir í sumar, og er ekki annað vitað en þær ferðir hafi komið að því gagni, sem ætlazt var til.

Mýrabátur á Faxaflóa.

Enginn sérstakur bátur hefur fengizt í þessar ferðir, heldur hafa bændur tveir annazt flutningana með opnum vélbátum eftir því, sem þörf var á.

Flateyjarbátur á Breiðafirði.

H/f Norðri hefur annazt flóabátaferðir um norðanverðan Breiðafjörð með báti sínum „Konráð". Var siglt eftir fastri áætlun og auk þess vikulega milli Flateyjar, Brjánslækjar og Kinnarstaða.

Patreksfjarðarbátur.

Bátur þessi gengur venjulega daglega yfir Patreksfjörð, annan daginn frá Patreksfirði til Örlygshafnar og hinn daginn frá Patreksfirði til Hvalskers. Ferðir þessar eru aðallega farnar vegna mjólkurflutninga.

Stykkishólmsbátur.

Eins og undanfarið hefur m/b „Baldur" annazt þessar ferðir og siglt eftir fyrirframgerðri áætlun um sunnanverðan Breiðafjörð og auk þess farið póstferðir milli Stykkishólms, Flateyjar og Brjánslækjar.

Langeyjarnessbátur.

Bátur þessi hefur eins og að undanförnu farið ferðir milli Langeyjarness og Stykkishólms, venjulega hálfsmánaðarlega, og aukaferðir þegar þurfa þótti.

Skógarstrandarbátur.

Bátur þessi hefur haldið uppi hálfsmánaðarlegum ferðum milli Skógarstrandar og Stykkishólms, og er nokkur óánægja út af því, að styrkurinn sé ekki nægilegur.

Hellissandsbátur.

Bát þessum var ætlað að vera í sambandi við bílaferðir til og frá Ólafsvík þrisvar í viku, en sú breyting mun hafa orðið á s.l. sumar, að bílarnir fóru að ganga alla leið til Hellissands, og ætti því ekki að vera þörf fyrir þessar ferðir framvegis.

Stokkseyrar—Vestmannaeyjabátur.

Bátur þessi hefur gengið, eins og tilskilið var, milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja og farið venjulega tvær ferðir í viku, þegar veður leyfði.

Rangársandsbátur.

Enginn sérstakur bátur hefur verið í ferðum þessum, heldur hefur styrkurinn verið notaður til að létta undir með flutningum milli Vestmannaeyja og Rangársands, og hefur sýslumaður Rangæinga haft umsjón með úthlutun styrksins.

Akranes—Borgarnesferðir.

Þegar ríkið lagði fram fé til endurbyggingar m/s „Laxfoss", var gengið út frá því, að Akranes og Borgarnes sameinuðust um rekstur skipsins, með tilliti til hagsmuna beggja staðanna, en allt samkomulag um sameiginlegan rekstur skipsins fór út um þúfur, og tók þá h/f Skallagrímur í Borgarnesi að sér að sjá Akranesi fyrir samgöngum ásamt Borgarnesi.

Mikil óánægja ríkir nú á Akranesi yfir framkvæmdum þessa samnings, og telja menn þar, að þeir hafi orðið að notast við m/b „Víðir", meðan m/s „Laxfoss" sigldi fram hjá Akranesi í ferðum sínum til og frá Borgarnesi.

Er nú komið svo, að Akranes telur sig neytt til að taka samgöngurnar milli Akraness og Reykjavíkur í sínar hendur og ætlar þá væntanlega að kaupa til þess skip. Mundi þá myndast hörð samkeppni, sem hefði þær afleiðingar, að hvorugt skipið hefði nægilegt verkefni og stórkostlegur halli yrði þar af leiðandi á báðum

skipunum. Hins vegar er það augljóst, að hægt er að fullnægja samgönguþörf beggja þessara staða með skipi eins og „Laxfoss“ og ódýrum vöruflutningabát yfir sumarmánuðina.

Leyfi ég mér að líta svo á, að ekki eigi að styrkja þessa staði til að reka sjálfir samgöngur, nema því aðeins, að fullt samkomulag sé þeirra á milli um fyrirkomulag ferðanna og annað það, er að rekstri ferðanna lýtur. Hins vegar gæti komið til mála, ef ekki næst samkomulag, að ríkið taki við rekstri nefndra ferða til þess að útiloka frekari deilur milli staðanna.

Vegna þess að margir bátar hafa ekki enn þá sent bráðabirgðaskýrslu yfir þessa árs rekstur, eru þær upplýsingar, sem hér eru gefnar, því miður ekki eins fullkomnar og æskilegt væri.

Í þessu sambandi vil ég láta þess getið, að Skipaútgerð ríkisins hefur á þessu ári eins og að undanförnu reynt að sjá fyrir nauðsynlegum flutningi meðfram ströndum landsins og notað til þess ýmsa báta og skip auk strandferðaskipanna og varðskipanna. Hafa skip þessi verið tekin á leigu um lengri eða skemmri tíma og sumpart fengin í einstakar ferðir fyrir eigin reikning. Á s.l. ári voru alls fluttar á vegum Skipaútgerðar ríkisins 44 þús. smálestir af varningi og 27 þús. farþegar, og má gera ráð fyrir, að flutningarnir verði svipaðir á þessu ári. Fiskiskip og bátar, sem orðið hefur að notast við, eru auðvitað mjög óhentugur skipakostur til strandferða, enda verða allir flutningar með slíkum skipakosti mjög kostnaðarsamir. Hins vegar verður ekki hjá því komizt að sjá þjóðinni fyrir nauðsynlegum flutningum, svo að atvinnuvegirnir þurfi ekki af þeim sökum að rýrna eða stöðvast.

Vil ég leyfa mér að mæla með því, að Skipaútgerð ríkisins verði leyft að leysa úr flutningaþörfinni á svipaðan hátt og verið hefur.

Virðingarfyllst,

Skipaútgerð ríkisins.

Pálmi Loftsson.

Nd. 271. Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um varðbátakaup.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Telur ríkisstjórnin, að þeir þrír bátar, sem keyptir voru í Englandi á s. l. sumri, fullnægi þeim kröfum, sem gera verður til skipa, er stunda eiga landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi við strendur Íslands? Hvaða upplýsingar hefur dómsmálaráðherra að gefa um útbúnað og hæfni þessara báta til fyrrgreindra starfa?

Hefur sú athugun farið fram á fyrirkomulagi landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, sem ríkisstjórninni var falin með þingsályktun á síðasta Alþingi?

Greinargerð.

Fyrir skömmu eru komnir hingað til lands þrír bátar, sem ríkisstjórnin keypti í Englandi fyrir frumkvæði dómsmálaráðherra og að ráði forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem sendur var til Englands til þess að athuga möguleika á kaupum hentugra skipa til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa við strendur Íslands.

Þegar bátar þessir höfðu verið afhentir Íslendingum, kom í ljós, að því er sjómenn og aðrir skynbærir menn telja, að mjög virðist bresta á, að þeir fullnægi þeim vonum, sem menn gerðu sér um þá.

Fyrirspurn þessi er borin fram til þess, að hæstv. dómsmálaráðherra, sem forustu hefur haft um þessi bátakaup, geti gefið Alþingi og þar með þjóðinni sannar og réttar upplýsingar um báta þessa og hæfni þeirra til þeirra nauðsynjastarfa, sem þeim hafa verið ætluð. Er mjög æskilegt að fá slíkar upplýsingar vegna alls konar fregna, sem þegar eru á kreiki um hæfni þeirra eða, réttara sagt, óhæfni. Enn fremur er æskilegt, að ríkisstjórnin geri það upp við sig í tíma, hvort bátarnir verði notaðir í fyrrgreindum tilgangi, svo að unnt sé að gera aðrar ráðstafanir, t. d. selja þá og afla nýrra, ef þeir að athuguðu máli þykja ekki henta.

Að lokum er í fyrirspurn þessari spurt, hvað líði þeirri heildarathugun á fyrirkomulagi landhelgisgæzlu og björgunarstarfa, sem síðasta Alþingi fól ríkisstjórninni með þingsályktun að framkvæma. Í umræðum um þá þingsályktun hét hæstv. dómsmálaráðherra því að hraða þessari athugun eftir föngum. Er því ekki óeðlilegt, þótt nú sé grennslazt eftir því, hvað máli þessu líði.

Nd. 272. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 105 1940, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Síðari málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Enn fremur af trjávið, pappa, pappír, pappakössum og límböndum, sem notað er í umbúðir utan um fisk til útflutnings.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56 14. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 105 1940, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Stjórn sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hefur snúið sér til Alþingis með tilmælum um, að niður yrði felldur tollur af pappírsumbúðum, sem notaðar eru um hraðfrystan fisk.

Eru þessar umbúðir tollaðar eins og hér segir: 8% verðtollur af áprentuðum og óáprentuðum pergamentspappír, pappakössum og pappaöskjum; 30% verðtollur og 7 aura vörumagnstollur á kg af cellophanepappír, sem notaður er til fiskumbúða. Eru það frystihúsunum ærnar búsifjar að verða að greiða háan toll af umbúðum fiskjarins innst og utast. Eiga þeir, sem að rekstri hraðfrystihúsanna standa, eins og nú er komið, mjög í vök að verjast um fjárhagslega afkomu. Og útlit er fyrir, að enn þyngi undir fæti hjá þessari grein atvinnurekstrarins. Samkeppni á erlendum markaði færist ört í aukana. Fiskveiðaþjóðir, eins og t. d. Norðmenn, kosta nú mjög kapps um auknar fiskveiðar. Framleiðslukostnaður allur þar í landi er margfalt minni en hér, en það gerir Íslendingum þungt undir fæti meðal annars í samkeppninni um verð á hraðfrysta fiskinum. Einnig má gjalda varhuga við samkeppni í þessari grein af hálfu Canadamanna. Báðar hafa þessar þjóðir það sameiginlegt, að pappír sá, sem þær nota til umbúða um hraðfrysta fiskinn, er framleiddur þar heima fyrir, og verða því umbúðirnar hjá þeim miklu minni kostnaðarliður í framleiðslunni en hjá Íslendingum, sem þurfa að kaupa þær erlendis frá

og verða auk þess ofan á verzlunarálagningu og há flutningsgjöld að greiða bæði verðtoll og vörumagnstoll af umbúðunum.

Nú er það svo, að kröfur neytenda fiskjarins erlendis hníga alltaf meira og meira í þá átt, að búið sé um fiskinn í smærri pökkum en verið hefur til þessa, en þetta veldur því, að mun meiri pappír fer í umbúðir um sama magn en nú á sér stað. Auk þessa hefur þessi tilhögun í för með sér aukna vinnu við pökkunina og eykur þannig einnig framleiðslukostnaðinn.

Að öllu þessu athuguðu virðist það auðsætt, að það beri að láta niður falla alla innflutningstolla af þessum umbúðum. Þjóðin á, eins og nú er komið, mjög mikið undir því, að þessum atvinnurekstri farnist vel nú og í framtíðinni. Eru miklar vonir tengdar við þennan þátt framleiðslunnar. En þær vonir rætast því aðeins, að Íslendingar geti verið samkeppnisfærir á erlendum markaði um verð og gæði vörunnar.

Má því sízt af öllu íþyngja þessum atvinnurekstri með innflutningstollum.

Nd. 273. Breytingartillaga

við frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá menntamálanefnd.

Við 4. gr. Síðasti málsliður þriðju málsgreinar, „Þó veitir aðeins próf úr bóknámsdeild rétt til inngöngu í menntaskóla og aðra sambærilega skóla“, falli niður.

Ed. 274. Frumvarp til laga

um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem á jörð, er undanfarið hefur verið í sérábúð og hann nytjar ekki sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi að dómi úttektarmanna.

Nú hefur maður nytjað jörð, sem hann á, og dvelur þar ekki sjálfur né fjölskylda hans, en tún fer í órækt, mannvirki níðast niður eða jörðin rýrnar svo, að sveitarfélagið bíður hnekki af, allt að dómi úttektarmanna, getur þá sveitarstjórn krafizt þess, að jarðeigandi bæti það, sem áfátt er, innan tveggja missira eða hann byggi jörðina frá næstu fardögum samkvæmt 1. málsgrein. Nú byggir landsdrottinn ekki jörð sína fyrir 15. marz, og skal honum þá skylt að bjóða sveitarstjórn innan 6 daga að ráðstafa ábúð á jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta, en hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats samkvæmt 53. gr.

Sveitarstjórn getur krafizt þess, að landsdrottinn láti fylgja jörðinni nauðsynleg hús og mannvirki, er henni hafa fylgt, og ekki í lakara lagi en telja verður meðallag í þeim hreppi að dómi úttektarmanna, miðað við landverð jarðarinnar, eða setja tryggingu fyrir, að svo verði.

Sinni sveitarstjórn ekki boði landeiganda um að ráðstafa ábúð á jörð hans samkv. grein þessari innan mánaðar, er landsdrottni skylt að auglýsa jörðina til ábúðar. Geti hann þá ekki byggt hana, má hann ráðstafa jörðinni næsta fardagaár.

Næsta ár skal hann bjóða sveitarstjórn enn að ráðstafa jörðinni, ef hann hefur ekki byggt hana sjálfur fyrir þann tíma, er áður greinir. Er þá sveitarstjórn heimilt að byggja jörðina til lífstíðar, þannig að óheimilt sé að byggja ábúanda út af jörðinni, þó að landsdrottinn sjálfur eða skyldulið hans, sbr. 9. gr., óski að fá jörðina til ábúðar.

Þegar svo hefur gengið 3 ár í röð, að jörðin byggist ekki, er jarðeiganda heimilt að ráðstafa jörðinni sem hentast þykir.

Hafi enginn not jarðarinnar, er landsdrottni ekki skylt að greiða af henni opinbera skatta, en önnur lögskil verður hann að inna af höndum.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Nú sinnir jarðeigandi ekki kröfu sveitarstjórnar, er um ræðir í annarri málsgr. 3. gr., eða vanrækir að bjóða sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar, svo að jörðin fer í eyði eða hús á jörðinni eru fallin, hafa verið rifin eða annað það gert, er eigendur jarðarinnar síðustu 5 árin eiga að mestu sök á, og getur þá hlutaðeigandi hreppsnefnd krafizt þess, að sýslumaður auglýsi jörðina til sölu. Sýslumaður rannsakar því næst alla málavexti og aflar sér nauðsynlegra upplýsinga, þar á meðal umsagnar hlutaðeigandi úttektarmanna, ef um jarðníðslu er að ræða. Nú telur sýslumaður kröfu hreppsnefndar réttmæta, og skal hann þá, að undangengnum úrskurði, bjóða jörðina upp og selja hæstbjóðanda, endi leggi kaupandi fram skilríki fyrir því, að hann geti innleyst jörðina og rekið á henni hæfilegan búskap, og enn fremur yfirlýsingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali.

Nú fullnægir kaupandi ekki þessum skilyrðum, og hefur þá hreppsnefnd heimild til að ganga í kaupin.

Söluákvæði þessi taka þó ekki til hjáleigna með óskiptu beitilandi úr heimajörð, þar sem sami er eigandi að báðum jörðunum, enda sé jörðin nytjuð og sameiginlegt ræktað land ekki minnkað.

3. gr.

Aftan við 44. gr. laganna bætist: Geti ábúandi ekki keypt ábýlisjörð sína eða vilji það ekki, hefur sveitarstjórn heimild til að ganga í kaupin með þeim skilmálum, er hún var boðin ábúanda, og skal landsdrottinn því senda sveitarstjórn samrit af tilboði sínu til ábúanda.

4. gr.

45. gr. laganna, 1. málsgr., orðist svo:

Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð. Áður en úttektin fer fram, skal byggingarbréfið liggja frammi til athugunar fyrir úttektarmenn, hvort það sé lögum samkvæmt. Þegar úttektarmenn hafa fullvissað sig um, að svo sé, skulu þeir rita samþykki sitt á byggingarbréfið.

Nú telja úttektarmenn, að byggingarbréfið sé ekki lögum samkvæmt, og skulu þeir þá leitast við að fá það leiðrétt. Takist það ekki, ber þeim að rita athugasemdir sínar þar að lútandi á byggingarbréfið.

Úttekt á jörð skal fram fara fyrir 20. júní.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum allt að kr. 3000.00. Mál út af brotum á lögum þessum svo og rannsókn sú, er um ræðir í 2. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 22 7. maí 1940, um breyting á ábúðarlögunum, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við ákvæði laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 87 19. júní 1933 og gefa ábúðarlögin út svo breytt.

Nd. 275. Frumvarp til laga

um iðnfræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Iðnfræðslu til sveinsprófs skal halda uppi í þeim iðngreinum, sem löggiltar eru, og fer um framkvæmd hennar eftir því, sem segir í lögum þessum.

Með reglugerð skal ákveða, hverjar skuli vera iðngreinar, svo og um kennslu í þeim, eftirlit með kennslunni og prófkröfur. Þar skal og setja ákvæði um verkleg námsskeið, er stofnað kann að verða til.

2. gr.

Iðnfræðsluráð stýrir framkvæmdum í iðnfræðslumálum undir yfirstjórn ráðherra.

3. gr.

Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til 4 ára í senn. Það skal skipað 5 mönnum búsettum í Reykjavík og nágrenni. Skulu tveir þeirra vera meistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, og tveir þeirra sveinar, tilnefndir af Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands. Formann skipar ráðherra án tilnefningar.

4. gr.

Iðnfræðsluráð skipar iðnfulltrúa á þeim stöðum á landinu, er það telur þörf á, og ákveður umdæmi þeirra.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með iðnnámi hver í sínu umdæmi í umboði iðnfræðsluráðs, eftir því sem segir í lögum þessum. Nánari fyrirmæli um störf iðnfulltrúa setur iðnfræðsluráð í erindisbréfi.

5. gr.

Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hverrar iðngreinar og á þeim stöðum, sem þörf er á.

Það er hlutverk prófnefnda:

1. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi.
2. Að sjá um sveinspróf og dæma þau.

6. gr.

Leita skal iðnfræðsluráð tillagna iðnráða og iðnaðarmannafélaga, þar sem ekki eru iðnráð, um skipun iðnfulltrúa og prófnefnda.

7. gr.

Iðnfræðsluráð skal löggilda meistara sem hæfa til að taka nemendur til náms og ákveða, hversu marga nemendur megi hafa, út frá því sjónarmiði, að nemendur fái notið fullkominnar kennslu í iðninni. Á sama hátt skal löggilda iðnfyrirtæki, sem hafa hæfa meistara í þjónustu sinni. Við ákvörðun sína skal iðnfræðsluráð taka tillit til venjulegs fjölda sveina á vinnustöð, húsnæðis, vélakosts, áhalda og verkefna.

Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar eða vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um iðnfræðslu í veru-

legum atriðum, og getur þá iðnfræðsluráð svipt hlutaðeiganda rétti til þess að hafa nemendur um tiltekinn tíma eða að fullu.

8. gr.

Iðnfræðsluráð skal halda uppi leiðbeiningastarfsemi um stöðuval.

Iðnfræðsluráð skal í því skyni fylgjast með afkomu og atvinnuhorfum innan einstakra iðngreina. Það skal leita þar um árlega álits félagssamtaka meistara og og sveina.

Iðnfræðsluráð skal og eins fljótt og kostur er á koma á fót hæfnisprófum fyrir umsækjendur um iðnaðarnám, og ber því að neita að ráða umsækjendur til náms, ef árangur prófsins er neikvæður.

9. gr.

Sá, sem vill komast í iðnnám, skal sækja um það til iðnfulltrúa og geta þess í umsókninni, hvort hann eigi kost á kennslu hjá ákveðnum meistara eða fyrirtæki. Sé svo ekki, skulu iðnfulltrúar aðstoða umsækjanda við að koma sér í nám eða beina umsókninni til iðnfræðsluráðs.

10. gr.

Ekki má unglingur hefja iðnnám yngri en 16 ára. Þó er heimilt, með sérstöku samþykki iðnfræðsluráðs í hvert sinn, að veita nemendum í léttum iðngreinum undanþágu í þessu efni, enda sé umsækjandi orðinn fullra 15 ára.

11. gr.

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til iðnnáms, skal gera um það skriflegan námssamning í samræmi við lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim. Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella.

Nú neita iðnfulltrúar að samþykkja námssamning, og má þá áfrýja því til iðnfræðsluráðs.

Námstími telst ekki hafinn fyrr en námssamningur hefur hlotið staðfestingu iðnfulltrúa.

Iðnfulltrúar skulu, eftir ráðstöfun iðnfræðsluráðs, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

Iðnfræðsluráð skal halda skrá yfir þá námssamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma, og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá, ef óskað er.

12. gr.

Námstími skal vera svo langur sem í reglugerð segir. Nú hefur nemandi áður stundað nám í verklegum skóla eða námsskeiði, og skal iðnfræðsluráð þá ákveða, hversu námstími styttist.

Hafi nemandi áður stundað nám hjá öðrum meistara, en slitið námssamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari.

13. gr.

Þegar námstíminn er á enda, skal nemandinn hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sé fullnuma í iðn sinni. Prófdómendur ákveða í samráði við meistara, hver prófverk skuli vera. Standist nemandi prófið, ber að gefa út handa honum prófskírteini, er sé undirritað af meistara hans og prófdómendum svo og hlutaðeigandi skólastjóra og lögreglustjóra, og heitir það prófskírteini sveinsbréf.

14. gr.

Heimilt er iðnfræðsluráði að ákveða lágmarkskaup nemenda með hliðsjón af gildandi kjarasamningum í hverri iðngrein og á hverjum stað. Heimilt er að breyta

kaupákvörðunum, meðan á samningstíma stendur, ef kaupbreytingar verða í iðninni. Leita skal álits hlutaðeigandi iðngreina, áður en slíkar ákvarðanir eru teknar.

15. gr.

Daglegur vinnutími nemenda skal vera hinn sami sem sveina á hlutaðeigandi vinnustöð, sbr. þó 23. gr.

Nemendum er ekki skylt að inna af höndum eftirvinnu eða helgidagavinnu, og ekki má fá þeim neina vinnu, sem þeim er um megn eða skaðleg getur talizt heilsu þeirra.

16. gr.

Sumarleyfi iðnnema skal vera 12 dagar virkir með fullu kaupi.

17. gr.

Skylt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld til sjúkrasamlags fyrir nemendur sína.

Í veikindaforföllum skal nemandi fá fullt kaup í allt að 6 mánuði samtals yfir allan námstímann.

18. gr.

Nú hefur nemandi verið veikur meira en 6 mánuði samtals á námstímanum, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið, að námstíminn skuli framlengjast um hæfilegan tíma.

19. gr.

Meistari skal veita nemanda sínum kennslu í iðngreininni og sjá svo um, að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega æfingu í öllum þeim störfum, er iðngreinin tekur til venjum samkvæmt, og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhalda, er tíðkuð eru í iðngreininni.

Iðnfræðsluráð getur sett námsreglur fyrir hverja iðngrein, að fengnum tillögum hlutaðeigandi iðngreina, þar sem sagt sé fyrir um störf þau, er nemendur skulu hljóta æfingu í á hverju ári námstímans. Það getur fyrirskipað, að færðar skuli vinnuskýrslur fyrir nemendur, þar sem í er skráð, hvaða verk þeir stundi daglega og hve lengi á dag. Skulu slíkar vinnuskýrslur gerðar eftir fyrirmynd, er iðnfræðsluráð samþykkir. Enn fremur skal iðnfræðsluráð gefa út eyðublöð undir missirislega umsögn meistarans um skólavist nemenda, hæfni þeirra, iðni og hegðun.

20. gr.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með kennslunni, koma á vinnustöðvarnar, er nemendur eru að verki, skoða vinnuskýrslur að minnsta kosti árlega og árita þær þar um. Hafi nemandi að þeirra dómi ekki hlotið fullnægjandi fræðslu eða æfingu, miðað við það, sem á er liðið námstímann, geta þeir lagt fyrir meistarann að bæta úr því innan ákveðins tíma.

Skjóta má ákvörðun iðnfulltrúa undir iðnfræðsluráð.

Iðnfulltrúar kveðja prófnefndir sér til aðstoðar við eftirlit samkvæmt þessari grein, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð.

21. gr.

Nemendur skulu ganga til þeirra starfa, er þeim er skipað til, sbr. þó 15. gr. Þeir skulu sýna ástundunarsemi og trúmennsku við starfið.

22. gr.

Nú stendur yfir verkfall eða verkbann á vinnustöð þeirri, er nemandi stundar nám sitt á, og skal hann þá ekki taka þátt í framleiðslustörfum á meðan. Aftur á móti er nemanda skylt að mæta til æfinga og meðferðar véla og verkfæra á vinnustöð, þar sem því verður við komið.

Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið að framlengja námssamninginn um hæfilegan tíma.

23. gr.

Meistari og iðnfyrirtæki skulu láta nemendur ganga í iðnskóla og greiða fyrir þá skólagjöld, pappír, bækur og áhöld, sem námið útheimtir.

Um skólanámið fer svo sem lög og reglur um iðnskóla segja til um.

Meðan skólavist stendur, skal vinnutími nemanda á vinnustöð vera 12 stundum styttri á viku en vinnutími sveina.

Nú fer kennslan fram í dagskóla með fullum kennslustundum, og heldur þá nemandi kaupi sínu, en mætir ekki til vinnu.

24. gr.

Iðnfræðsluráð getur veitt undanþágu frá skólanámi:

1. Hafi nemandi þegar lokið iðnskólaprófi eða prófi við annan skóla, sem ekki hefur veitt minni fræðslu í neinni grein en heimtuð er til burtfararprófs úr iðnskóla.
2. Hafi meistari séð nemanda fyrir annarri kennslu, fullgildri að dómi iðnfræðsluráðs, enda ljúki hann fullnaðarprófi frá iðnskóla.

25. gr.

1. Fyrstu 3 mánuðir samningstímans skoðast sem reynslutími. Hvenær sem er á reynslutímanum getur hvor samningsaðila um sig slitið námssamningi án þess að tilgreina ástæður.
2. Meistari eða iðnfyrirtæki getur slitið námssamningi:
   a. Ef nemandi vanrækir nám sitt, verklegt eða bóklegt, eða gerir sig sekan um brot gegn öðrum samningsskyldum sínum.
   b. Hafi nemandi verið 6 mánuði samfleytt frá verki sakir sjúkleika síns.
   c. Ef nemandi að áliti embættislæknis hefur ekki heilsu til að stunda iðnina.
3. Nemandi getur slitið námssamningi:
   a. Ef honum er misþyrmt eða farið er fram með annarri ósæmilegri framkomu gagnvart honum á vinnustöð.
   b. Ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar.
   c. Ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum.
   d. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annarra orsaka verður óhæfur til þess að geta unnið að iðninni, eða ef það að áliti embættislæknis er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að stunda iðnina.
   e. Ef námsstúlka giftist.
4. Nú er svo ástatt, sem í 3 a—b greinir, og nemandi slítur ekki samningi, og geta þá iðnfulltrúar slitið samningi, að undangenginni rannsókn. Skjóta má þó ákvörðun iðnfulltrúa til iðnfræðsluráðs.
5. Aðilum er heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sér saman um það.

Jafnan er námssamningi er slitið, skal það tilkynnt iðnfulltrúum.

26. gr.

Nemandi á rétt á skaðabótum, ef námssamningi er slitið af þeim orsökum, er greinir í 25. gr. 3 a—c.

Skaðabótakröfur þessar skulu vera forgangskröfur í bú hlutaðeigandi meistara eða iðnfyrirtækis, og fer um þær samkvæmt 83. gr. laga nr. 3 12. apríl 1878, eins og vinnulaunakröfur væru, þær er þar koma til greina.

27. gr.

Ágreiningur milli nemanda og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi skal koma í gerð, nema aðilar komi sér saman um annað.

Í gerðardómi skal sitja lögreglustjóri, þar sem námið fer fram, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, sinn tilnefndur af hvorum málsaðila.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja fullnaðarúrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Báðir málsaðilar eru bundnir við þann úrskurð. Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftar en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi gerðarmaður tjáð honum lögleg forföll eða oddvita þykir nauðsyn bera til, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annar hvor gerðarmanna ekki fund og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið.

Gerðardómur á úrskurð um slit námssamninga og dæmir skaðabætur.

Úrskurður gerðardóms skal vera aðfararhæfur.

28. gr.

Það varðar sektum að:

1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga þessara.
2. Brjóta gegn ákvæðum laga þessara um daglegan vinnutíma nemanda.
3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám.
4. Misþyrma nemanda eða koma á annan hátt ósæmilega fram gegn honum.
5. Óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda.

Sektir skulu renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Kostnaður við starf iðnfræðsluráðs, iðnfulltrúa og prófnefnda greiðist úr ríkissjóði.

Í reglugerð skulu ákveðin prófgjöld. Þau renna í ríkissjóð.

30. gr.

Ráðherra gefur út reglugerðir þær, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

31. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, og lög nr. 43 12. febr. 1940, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 100/1938, um iðnaðarnám, þegar lokið er öllum námssamningum, er gerðir hafa verið eftir þeim.

32. gr.

Lög þessi taka aðeins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlazt gildi.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum samgöngumálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um einstök atriði þess. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Með bréfum samgöngumálaráðherra, dags. 16. des. 1944, voru skipaðir í nefnd til að endurskoða iðnaðarnámslöggjöfina þeir Helgi Hermann Eiríksson skólastjóri, Einar Gíslason málarameistari, Guðgeir Jónsson, bókbindari, Snorri Jónsson formaður félags járniðnaðarmanna og Ragnar Jónsson lögfræðingur. Helgi Hermann Eiríksson var kosinn formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur orðið sammála um meðfylgjandi frumvarp til iðnfræðslulaga og lætur fylgja því eftirfarandi athugasemdir:

Í frumvarpinu er byggt á hinu forna fyrirkomulagi iðnfræðslunnar hér á landi, að fela iðnaðarmönnum sjálfum í hendur verklegu fræðsluna á vinnustöðvum sínum. Hlýtur það að verða áfram aðalreglan, þótt hins vegar megi vænta þess, að verklegir skólar eða námsskeið rísi upp á næstunni til þess að undirbúa og fullkomna kennsluna á vinnustöðvunum, eftir því sem þörf til þess sýnir sig eða slíkt reynist hagkvæmara. En enda þótt fræðslan verði áfram falin einstaklingum, er hún þó svo mikilsvert mál fyrir þjóðfélagið, að full ástæða er til þess, að ríkisvaldið taki sér meiri afskipti af henni en verið hefur og nái nauðsynlegum tökum á henni með auknu eftirliti, aðstoð, leiðbeiningum og uppörvunum til þeirra, er fara með kennsluna.

Í frv. er gert ráð fyrir, að komið verði upp öflugri yfirstjórn þessara mála, er hafi þetta hlutverk á hendi, iðnfræðsluráði, og ætlazt er til, að bæði meistarar og sveinar eigi fulltrúa í því. Því er fengið ríkt vald til eftirlits og íhlutunar um kennsluna og falið að setja námsreglur og framfylgja þeim. Jafnframt er þess vænzt, að það taki upp almenna forustu fyrir iðnfræðsluna og leitist við að samræma hana kröfum þeim, sem gerðar eru á hverjum tíma, og annist leiðbeiningar og aðstoð eftir því, sem ástæður krefjast. Þess verður og ekki síður að gæta að efla iðnskólana og verkleg námsskeið og veita þeim tök á að rækja sinn þátt fræðslunnar af fullum myndarskap og alúð.

Iðnfræðslan er þegar orðin stór þáttur í atvinnuuppeldi þjóðarinnar og verður þó væntanlega stórum meiri. Það er nú almennt viðurkennt, að þjóðfélaginu beri skylda til að veita ungu fólki tækifæri til náms og þroska á því sviði, er hugur þess stendur til, og eftir því, sem hæfileikar og aðstæður leyfa, og heldur ríkið uppi með miklum kostnaði fræðslukerfi og styrktarstarfsemi í því skyni. Það er skoðun nefndarinnar, að iðnfræðslan eigi að vera virkilegur þáttur þess fræðslukerfis og ríkisvaldinu beri að stuðla að því, að hver ungur maður, er æskir slíkrar fræðslu, eigi kost á að njóta hennar, ef hæfileikar standa til þess, en efnahagsástæður eða aðrar þjóðfélagsaðstæður fái sem minnstu um það ráðið.

Frumvarpið er byggt á þessu sjónarmiði. Í því eru ákvæði um, að iðnfræðsluráð skuli halda uppi leiðbeiningum um stöðuval og aðstoða menn við að ráða sig til námsins, ef þeir hafa ekki tök á því sjálfir. Gert er ráð fyrir hæfniprófum, sem ætlazt er til, að sett verði upp strax og kostur er á, en slík próf eru af þeim, er þau hafa kynnt sér, talin vera til góðrar leiðbeiningar um starfshæfni manna og áhuga.

Það leiðir af þessu sjónarmiði, að í frv. er ekki gert ráð fyrir annarri takmörkun á aðgangi að iðnaðarnámi en þeirri, er leiðir af takmörkuðum möguleikum til þess að annast fullkomna kennslu. Að vísu má nefna það, að meistarar geta látið vera að taka nemendur eða bundizt samtökum um að hætta að taka nemendur. En þá er raunverulega á burtu fallinn grundvöllur þess skipulags í iðnaði og iðnfræðslu, sem nú ríkir. Nefndin telur, að ekki sé hætta á, að iðnfræðsluráð muni ekki njóta velviljaðrar samvinnu iðnaðarmanna við iðnfræðsluna, og leggur áherzlu á, að iðnfræðsluráð starfi í þeim anda og telur ekki ástæðu til að óttast, að iðnaðarmenn muni falla frá þeirri heföbundnu og rótgrónu skyldu stéttar sinnar að annast sjálfir verklega kennslu í starfsgreinum sínum, eftir því sem þekking þeirra og starfshættir leyfa.

Í gildandi lögum um iðnaðarnám hafa verið nokkrar takmarkanir á aðgöngu að iðnaðarnámi, sem meðal annars hafa byggzt á því sjónarmiði, að ástæða væri til að hafa hönd í bagga með fjölgun innan einstakra iðngreina. Nefndinni er það

ljóst, að það getur verið nauðsyn á að skipuleggja vinnuafl þjóðarinnar með þeim hætti að takmarka eða örva þátttöku manna í einstökum starfsgreinum, en er á einu máli um það, að slíkar takmarkanir eigi ekki heima í iðnfræðslulögum frekar en annarri fræðslulöggjöf og mönnum eigi að vera jafngreiður aðgangur að iðnfræðslu sem annarri fræðslu, er nauðsynlegar takmörkunarráðstafanir gegn offjölgun í einstökum iðngreinum beri að gera á öðrum vettvangi. Hins vegar leggur hún til, að iðnfræðsluráð hafi með höndum leiðbeiningastarfsemi um stöðuval. Verður það því að sjálfsögðu að gera umsækjendum um iðnaðarnám sem gleggsta grein fyrir framtíðarhorfum um atvinnu og afkomumöguleika innan einstakra iðngreina, og er ætlazt til, að það hafi um það samvinnu við iðnaðarmenn sjálfa.

Í 22. gr. frv. er ákveðið, að nemendur skuli ekki taka þátt í framleiðslustörfum, meðan verkfall eða verkbann stendur yfir á vinnustöð þeirri, er þeir stunda nám sitt á. Iðnnemar eru hvort tveggja í senn námsmenn og þátttakendur í atvinnulífinu. Í vinnudeilum undanfarið hefur afstaða þeirra oftlega borið á góma og valdið ágreiningi og óvissu. Þykir heppilegt að leysa það mál með því að taka þá út úr atvinnulífinu, þegar svo stendur á, með opinberri ráðstöfun.

Nefndin lætur þess getið, að hún hefur ekki gengið frá 17. gr. frv. Endurskoðun alþýðutryggingalaganna fer nú fram og verður væntanlega lögð fyrir Alþingi um svipað leyti og þetta frv. Er sjálfsagt, að greinin verði endurskoðuð með hliðsjón af væntanlegum ákvæðum alþýðutryggingalaganna.

Reykjavík, 14. nóv. 1945.

Helgi H. Eiríksson. Ragnar Jónsson. Einar Gíslason.
Guðgeir Jónsson. Snorri Jónsson.

Ed. 276. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og m. a. fengið um það umsögn Verkfræðingafélags Íslands. Er hún prentuð með þessu nefndaráliti sem fylgiskjal. Þegar þeir nefndarmenn (BBen, BSt og LJóh), sem þátt tóku í afgreiðslu málsins, höfðu borið saman og metið rök þau, er fram komu annars vegar af hálfu félagsins Tækni, og Verkfræðingafélagsins hins vegar, þá urðu þeir sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með svofelldum

BREYTINGUM:

1. 2. mgr. 2. gr. frv. orðist svo:
   Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu verkfræðistörf fyrir 13. júní 1937, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar.
2. Aftan við frv. bætist ný gr., er verði 3. gr. og hljóði svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 1. des. 1945.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Lárus Jóhannesson.

Fylgiskjal.

VERKFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 16. nóv. 1945.

Með bréfi dags. 31. f. m. hefur háttvirt allsherjarnefnd efri deildar Alþingis sent Verkfræðingafélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 24/1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara og iðnfræðinga. Hefur stjórn félagsins haft frumvarp þetta til umræðu á fundum sínum, og leitaði hún jafnframt til þeirra þriggja síðustu formanna félagsins, sem gegnt hafa formannsstarfi síðan lögin nr. 24/1937 gengu í gildi. Var stjórnin öll sammála um að leggja eftirfarandi tillögu fyrir fund í Verkfræðingafélaginu:

Fundur í V. F. Í., haldinn 14. nóv. 1945, getur fallizt á, að 1. gr. frv. til laga um breytingu á lögum nr. 24/1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga, verði samþykkt.

Hins vegar telur fundurinn aðra grein nefnds frumvarps fara í bága við megintilgang laganna frá 1937, um að vernda starfsheiti háskólagenginna manna á verklegu sviði og að bæta úr þeim glundroða, er í því efni ríkti áður en lögin tóku gildi, og leggur því eindregið á móti samþykkt hennar.

Fundurinn samþykkir enn fremur að fela þrem síðustu formönnum félagsins, þeim Árna Pálssyni, Finnboga R. Þorvaldssyni og Steingrími Jónssyni, ásamt stjórn félagsins að semja greinargerð til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis með samþykkt þessari.

Tillaga þessi var samþykkt með 33 samhljóða atkvæðum.

Verkfræðingafélagið byggir afstöðu sína til fyrri greinar nefnds frumvarps á því, að ekki sé þörf á að meina þeim mönnum, sem lokið hafi prófi frá erlendum skólum í verklegum fræðum, að kalla sig ingeniör eða heiti, sem felur í sér orðið ingeniör, ef þeir samkvæmt prófskírteini sínu hefðu rétt til þess. Er vart búizt við því, að um misnotkun orðsins ingeniör verði að ræða héðan af, þar sem heitið verkfræðingur er búið að ná allmikilli festu í málinu, ekki hvað sízt fyrir tilstyrk laganna nr. 24/1937.

Afstaða félagsins til síðari greinar frumvarpsins þarfnast nánari skilgreiningar.

Um aldamótin síðustu og upp úr þeim voru menn farnir að starfa hér á landi, sem lokið höfðu prófi frá verkfræðiháskólanum í Kaupmannahöfn. Kölluðu þeir sig verkfræðinga. Var enginn hér á landi þá, svo að vitað sé, sem kallaði sig verkfræðing, nema hann hefði svipað eða sams konar próf og þeir menn, sem höfðu próf frá verkfræðiháskólanum í Kaupmannahöfn. Leið svo hér um bil aldarfjórðungur, að engin breyting varð hér á. En þá fóru menn að setjast hér að, sem höfðu aflað sér miklu umfangsminni menntunar bæði í verklegum vísindum og öðrum greinum, höfðu ekki lokið stúdentsprófi, en sótt framhaldsskóla í verklegum fræðum, sem oftast var tveggja til þriggja ára skóli. Sumir þessara manna kölluðu sig verkfræðinga. Ágerðist það stöðugt, er tímar liðu, að menn með slíka menntun kölluðu sig verkfræðinga.

Út af ruglingi þeim, sem hér var á ferðinni, gekkst félag hinna háskólagengnu manna, Verkfræðingafélag Íslands, fyrir því, að próf. Ólafur Lárusson samdi lagafrumvarp með greinargerð, sem verndaði félögum þess heiti það, sem þeir upphaflega höfðu helgað sér, heitið verkfræðingur. Kemur þetta og greinilega fram í greinargerð þeirri, sem fylgir frumvarpi til laga á þingskjali nr. 62, því, er nú er til athugunar hjá allsherjarnefnd Alþingis, því að þar segir: „Tilgangur laganna var eingöngu sá að koma í veg fyrir þann rugling innan hinnar verkfróðu stéttar, að menn með mismunandi erlend próf notuðu í framtíðinni sama íslenzka heitið, verkfræðingur.“ Lagafrumvarp þetta var síðar samþykkt af Alþingi, og eru það lögin nr. 24 frá 1937.

Sá einn var tilgangur laganna að koma í veg fyrir, að menn með mismunandi próf notuðu sama heitið, verkfræðingur. Er slíkt nauðsynlegt, svo að almenningur fái þegar í upphafi réttar upplýsingar um menntun þeirra manna, sem starfa á verklegu sviði. Þau skerða á engan hátt atvinnuréttindi manna, og er það því rangt, sem segir í áðurnefndri greinargerð á þingskjali nr. 62: „Það má telja fasta og reyndar sjálfsagða reglu við setningu laga, sem takmarka rétt eða aðstöðu manna í atvinnulífinu á tilsvarandi hátt og hér var gert, að menn fái að halda þeim réttindum eða aðstöðu áfram ....“ og kemur í bága við það, sem segir í sömu greinargerð nokkrum línum fyrr og tekið er upp hér að ofan. Einmitt vegna þess, að lögin skerða á engan hátt „rétt eða aðstöðu manna í atvinnulífinu“, má ekki bera þau saman við iðnlöggjöf og atvinnulöggjöf, eins og gert er í greinargerðinni og ætlazt til, að sömu reglur séu látnar gilda hér sem þar. Eru menn þeir, sem standa að félaginu Tækni, lifandi dæmi þess, að lög nr. 24 frá 1937 skerða ekki atvinnuréttindi manna, og getur breyting sú, sem þeir óska, að gerð verði á lögunum, því ekki verið fram komin í því skyni, að þeir fái í framtíðinni aukin atvinnuréttindi. Sumir þessara manna starfa í þjónustu ríkisins í þeim greinum, sem þeir hafa stundað nám í, og er það bein sönnun þess, að lögin hafa ekki skert atvinnuréttindi þeirra hið allra minnsta, enda er hverjum manni heimilt að stunda störf á sviði t. d. rafmagnsfræði og vélfræði, þótt þeir hafi eigi lokið háskólaprófi. Mætti nefna fjölda annarra dæma þessu til stuðnings.

En einmitt vegna þess, að tilgangur laganna var sá að stuðla að því, að einungis menn með samsvarandi prófum kölluðu sig verkfræðinga, og að það er engin skerðing á atvinnuréttindum eins manns, þótt hann hafi ekki rétt til að kalla sig verkfræðing, bryti það í bága við megintilgang laganna, ef 2. grein frumvarps þess, er hér um ræðir, væri samþykkt, en er engum til meins vegna atvinnuréttinda, þótt hún væri felld. Væntir Verkfræðingafélag Íslands þess því eindregið, að háttvirt allsherjarnefnd efri deildar Alþingis geri sitt til þess, að 2. grein frumvarpsins verði ekki samþykkt.

Um 2. grein margnefnds frumvarps má að öðru leyti taka þetta fram:

1) Í upphafi greinarinnar segir svo: „Ráðherra getur þó þrátt fyrir ákvæði 1. gr. ....“ Er þetta alger meiningarleysa, en í stað „1. gr.“ mun eiga að standa „1. málsgrein 2. greinar“, og höfum vér leyft oss að leggja þann skilning í frumvarpið.
2) Í greininni segir: „.... kalla sig verkfræðinga áfram ....“, og mundu þá þeir einir fá að kalla sig verkfræðinga, ef frumvarpið yrði að lögum, sem hefðu sannanlega kallað sig verkfræðinga áður en lögin nr. 24/1937 gengu í gildi. Er það augljóst mál, að af þessu ákvæði, ef að lögum yrði, gæti hlotizt hið megnasta óréttlæti.
3) Enn segir í greininni: „.... sem lokið hafa fullnaðarprófi við verkfræðiskóla eða tekniskan framhaldsskóla ....“. Tekniskir framhaldsskólar eru mjög mismunandi, sumir hafa nokkurra stunda kennslu á viku í einn vetur, og geta menn tekið fullnaðarpróf frá þeim að þeim tíma loknum, aðrir krefjast lengra náms og margir allmikillar menntunar, áður en hægt sé að byrja nám í þeim. Samkvæmt greininni virðist ekki vera ætlunin að greina þessa skóla að neinu leyti í sundur. Er það því allhæpin fullyrðing, þegar í greinargerðinni segir: „Er með skilyrðum þessum tryggt, að ekki komi aðrir til greina í þessu sambandi en þeir, sem lærdóm hafa og mikla verkfræðilega æfingu.“
4) Enn segir: „.... fyrir gildistöku laganna ....“. Er hér um lögin nr. 24 frá 1937 að ræða eða frv. til laga á þingskjali nr. 62, ef að lögum yrði?

Í lok greinargerðar þeirrar, er fylgir frumvarpinu á þingskjali nr. 62, segir: „Umrædd lög hafa, svo sem kunnugt er, vakið miklar deilur og óánægju.“ Verkfræðingafélagið vill mótmæla þessari staðhæfingu sem rangri. Er oss hvorki kunnugt um

neinar verulegar deilur vegna laganna né óánægju manna út af þeim, nema síður sé, þegar frá eru skildir sárafáir menn.

F. h. Verkfræðingafélags Íslands.

Jón E. Vestdal, formaður. Gústaf E. Pálsson, ritari.

G. E. Briem. Einar B. Pálsson. Trausti Einarsson.

Finnb. R. Þorvaldsson. Steingr. Jónsson. Árni Pálsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Ed. 277. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu á tímabilinu frá 15. sept. 1945 til jafnlengdar næsta ár, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neyzluvörum eða á annan hátt.

Ef vara er seld tvenns konar verði og niðurgreiðsla hefur farið fram á hæfilegu neyzlumagni vörunnar, að dómi ríkisstjórnar, skal vísitalan eingöngu miðuð við lægra verðið.

2. gr.

Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er til sölu á tímabilinu frá 1. ágúst til 20. september 1946, og á kartöflum, sem teknar eru upp og seldar á sama tíma, skal eigi hafa áhrif á vísitöluna, enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 278. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, og leggja þrír nefndarmanna til, að frv. verði samþ. óbreytt (BBen, BSt og GÍG). Einn nefndarmanna (StgrA) vill láta fella frv. LJóh var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 3. des. 1945.

Bjarni Benediktsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirv. Steingr. Aðalsteinsson. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.

Nd. 279. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 241 [Embættisbústaðir héraðsdómara].

Frá Gunnari Thoroddsen.

Við 1. Orðin „utan Reykjavíkur“ falli burt.

Nd. 280. Frumvarp til laga

um embættisbústaði héraðsdómara.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, þar til fullnægt er húsnæðisþörf héraðsdómara utan Reykjavíkur, láta byggja eða kaupa, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, 1—2 íbúðarhús á ári handa héraðsdómurum, enda sé þar rúm fyrir skrifstofur þeirra, skjalasafn o. s. frv. — Byggingarnar skal gera eftir teikningum, er ráðherra hefur samþykkt. Byggingum þessum skal haga í samræmi við húsnæðisþörf og aðstæður á hverjum stað, og skal vandað til staðarvals og byggingarlóða. Þar skal fyrst byggja, er þörfin er mest að dómi ráðherra.

Ráðherra getur ákveðið, að byggja megi embættisskrifstofur og íbúðarhús hvort í sínu lagi.

2. gr.

Nú verða héraðsdómaraskipti og sá, er af störfum lætur, eða bú hans á hús, sem að dómi ráðherra er hæfur héraðsdómarabústaður, og skal þá ríkisstjórnin kaupa eignina, ef viðtakandi héraðsdómari óskar, enda fáist hún fyrir hæfilegt verð að dómi sérfróðra, óvilhallra manna.

3. gr.

Um viðhald embættisbústaðarins o. fl. fer eftir reglum, er ráðherra setur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 281. Tillaga til þingsályktunar

um landsvistarleyfi nokkurra útlendinga.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að veita þeim Þjóðverjum, sem kvæntir eru íslenzkum konum og búsettir voru hér á landi árið 1939, landsvistarleyfi á Íslandi nú þegar, enda hafi þeir ekki orðið uppvísir að því að hafa rekið hér starfsemi í þágu erlendra ríkja, sem hættuleg geti talizt hagsmunum Íslendinga, eða framið aðra verknaði, sem ósæmilegir séu að almenningsáliti.

Greinargerð.

Tillaga þessi skýrir sig sjálf. Hún er fram komin vegna þess, að hæstv. dómsmálaráðherra hefur ekki talið sér fært, án viljayfirlýsingar Alþingis, að veita nokkrum Þjóðverjum, sem hér höfðu dvalizt fyrir árið 1939 og eiga hér konur og börn, landsvistarleyfi. Að sjálfsögðu gera flm. tillögunnar ekki ráð fyrir því, að nokkrum þeim, sem orðið hefur uppvís að því að reka hér erindi erlendra þjóða, sem hættuleg geta talizt hagsmunum Íslendinga, verði veitt hér slíkt landsvistarleyfi. En hitt er öllum augljóst, að ekki er hægt að láta hina saklausu gjalda hinna seku um langan aldur. Slíkt athæfi mundi ekki aðeins bitna á fáeinum útlendingum, heldur og bágstöddum íslenzkum konum og börnum, sem enn þá síður hafa til saka unnið.

Hér er fyrst og fremst um mannúðarmál að ræða, sem of lengi hefur dregizt að ákvörðun yrði tekin í.

Nd. 282. Frumvarp til laga

um atvinnudeild háskólans.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Í atvinnudeild háskólans skal veita nemendum með stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi kennslu í þessum fræðigreinum:

1. Dýrafræði.
2. Grasafræði.
3. Jarðfræði.
4. Landafræði.
5. Stærðfræði.
6. Eðlisfræði.
7. Efnafræði.

Atvinnudeild skal, eftir því sem þörf krefur, hafa samvinnu við aðrar deildir háskólans um að sjá nemendum fyrir þeirri kennslu í ofangreindum fræðigreinum, sem nauðsynleg er til undirbúnings prófs þess, sem um getur í 2. gr.

2. gr.

Eftir 3 ára nám er nemendum rétt að ljúka prófi í þeim greinum náttúrufræða, er þeir hafa valið sér. Veitir slíkt próf rétt til kennarastöðu í gagnfræðaskólum og öðrum slíkum skólum, enda sé skilyrðum annarra laga fullnægt.

3. gr.

Skylt er sérfræðingum atvinnudeildar að annast jafnframt embættisstörfum sínum þar kennslu í greinum þeim, er í 1. gr. segir, eftir nánari ákvörðun ráðherra, sem getur ákveðið þóknun fyrir kennsluna og slíka sem goldin er eða verður fyrir tímakennslu í æðri skólum.

4. gr.

Í reglugerð skal setja fyrirmæli um það, hvað kenna skuli í hverri grein náttúrufræða samkvæmt 1. gr., um tilhögun kennslu, próf og hvað annað, er kennslu varðar.

5. gr.

Í atvinnudeild háskólans skulu vera þessar undirdeildir:

1. Fiskirannsóknadeild.
2. Fiskiðnaðardeild.
3. Iðnaðardeild.
4. Landbúnaðardeild.

6. gr.

Fiskirannsóknadeild starfar að

1. Svifrannsóknum.
2. Hafrannsóknum.
3. Rannsóknum nytjafiska.
4. Vatnarannsóknum.

7. gr.

Fiskiðnaðardeild starfar að rannsóknum á hagnýtingu fiskafurða, tilreiðslu þeirra til markaða og geymslu.

8. gr.

Iðnaðardeild hefur þessi verkefni með höndum:

1. Efnarannsóknir almennt.
2. Gerlarannsóknir, þar á meðal rannsóknir mjólkur og annarra matvæla og drykkja.
3. Rannsóknir byggingarefna, iðnaðarvara og annarra slíkra vara.

9. gr.

Landbúnaðardeild hefur þessi verkefni með höndum:

1. Jarðvegsrannsóknir.
2. Jurtakynbætur og frærannsóknir.
3. Rannsókn jurtasjúkdóma.
4. Fóðurrannsóknir og fóðurtilraunir.
5. Búfjárkynbætur.

10. gr.

Ráðherra getur breytt verksviði deilda og aukið eftir þörfum, enda sé áður leitað tillagna hlutaðeigandi forstöðumanna deildanna, enda sker ráðherra úr með sama skilyrði, er vafi eða ágreiningur verður um það, hvaða deild skuli sinna tilteknu verkefni.

Tekjur af starfsemi hverrar deildar renna allar í ríkissjóð, enda getur ráðherra, að fengnum tillögum hlutaðeigandi forstöðumanns, sett gjaldskrá fyrir verk, er deildin innir af hendi.

11. gr.

Forseti skipar forstöðumann deildar hverrar, enda skal hann vera sérfræðingur í einhverri þeirri grein, er deildin hefur með höndum. Forstöðumenn hafa sömu réttindi sem prófessorar og skyldur. Aðra sérfræðinga skipar ráðherra, og hafa þeir sömu réttindi og skyldur sem dósentar við háskólann. Ákvæði 1. gr. laga nr. 24 19. maí 1930, um háskólakennara, taka eigi til þessara sérfræðinga atvinnudeildar. Aðra starfsmenn ræður ráðherra eftir þörfum og í samráði við forstöðumann hverrar deildar.

12. gr.

Sérfræðingar þeir, er getur í 11. gr., kjósa forseta atvinnudeildar, og hefur hann sömu réttindi og skyldur sem forsetar annarra háskóladeilda.

13. gr.

Að því leyti, sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, lýtur atvinnudeild þeim lögum, er á hverjum tíma gilda um Háskóla Íslands.

14. gr.

Fasteignir, hús, tæki og annað í þarfir atvinnudeildar, þar á meðal ríkisbúið á Hesti í Borgarfirði, leggur ríkissjóður til, að svo miklu leyti, sem háskólinn gerir það ekki. Ríkissjóður kostar og framkvæmdir þær allar, er í lögum þessum greinir.

15. gr.

Rannsóknarstofa háskólans og tilraunastöðin á Keldum í Mosfellssveit lúta læknadeild háskólans, enda skipar ráðherra sá, er fer með mál hans, þar forstöðumenn og starfsfólk að fengnum tillögum læknadeildar. Hann setur og með sama hætti og segir í 11. gr. þær reglur um stofnanir þessar, er nauðsynlegar kunna að verða.

16. gr.

Með þessum lögum eru úr gildi numin:

10. gr. 6. tölul. í lögum nr. 64 1940.

III. kafli laga nr. 68 1940.

17. gr.

1.—14. gr. laga þessara koma til framkvæmda eftir því, sem efni vinna til og fé er veitt í fjárlögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt að fela öðrum deildum fyrst um sinn að starfa að þeim verkefnum, sem iðnaðardeild eru ætluð í lögum þessum.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta að beiðni hæstv. menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv. og brtt. við það.

Frv. fylgdi eftirfarandi greinargerð og fylgiskjöl:

Menntamálaráðherra skipaði í síðastl. maímánuði 6 manna nefnd til þess að gera tillögur um atvinnudeild háskólans og samband hennar við þá stofnun. Í nefndina voru skipaðir Alexander Jóhannesson prófessor, og var hann formaður, Níels Dungal prófessor, Árni Friðriksson fiskifræðingur, Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur, Björn Sigurðsson læknir og dr. Þórður Þorbjarnarson. Nefndin skilaði ýtarlegum tillögum um hinar einstöku deildir atvinnudeildarinnar, og er frumvarp þetta í öllum aðalatriðum byggt á athugunum og tillögum nefndarinnar.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er keppt að því að skapa traustan vísindalegan grundvöll undir höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, og er þess að vænta, að hinum ungu vísindamönnum, er þegar hafa verið ráðnir til þessara starfa, megi takast í samvinnu við þá vísindamenn, er starfað hafa við stofnun þessa á undanförnum árum, að leysa hin mikilvægu verkefni, er þeirra bíða. Íslendingum er nú meiri þörf en nokkru sinni áður að hagnýta gæði landsins til sjávar og sveita, koma á nýtízku búskap, er reistur sé á vísindalegri þekking allra gróðurskilyrða, hagnýta vélar og allar tæknilegar nýjungar, kynbæta nytjajurtir og vinna þær vörur, er um verð og gæði geti staðizt samkeppni við sams konar vörur á erlendum markaði.

Veigamesta verkefnið er þó að endurbæta fiskframleiðslu landsmanna, skapa fiskiðnað í stórum stíl, er sé samkeppnisfær við hið bezta meðal annarra þjóða, og auka á þann hátt verðmæti útfluttra sjávarafurða, enda er aðalbreytingin á skipulagi atvinnudeildar, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu, fólgin í stofnun nýrrar deildar, fiskiðnaðardeildar. Tilgangurinn er að sameina í einni stofnun allar vísindalegar rannsóknir á þessu sviði og veita þeim eins fullkomin starfsskilyrði og unnt er.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að tekin verði upp kennsla í náttúrufræðum við atvinnudeildina og stofnun þessi á þann hátt tengd háskólanum eins og aðrar deildir. Er þetta í samræmi við margendurteknar óskir háskólakennara og stúdenta, enda hefur milliþinganefnd í skólamálum bent á, að nauðsyn sé margra kennara í þessum fræðum við gagnfræðaskóla landsins og aðra hliðstæða skóla, og er kennsla og próf miðað við þá menntun, sem til þess þarf að kenna þessi fræði við framhaldsskóla. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að kennsla verði miðuð við fyrrihlutanám í náttúrufræði, enda þótt hún geti orðið gagnlegur undirbúningur fyrir þá, sem fara utan til frekara náms að afloknu prófi í atvinnudeild. Í atvinnudeild er auðvelt að koma þessari kennslu á, þar eð helmingur þeirra námsgreina, er um ræðir til náttúrufræðiprófs, er þegar kenndur í verkfræðideild, og er því um mjög óverulegan kostnaðarauka að ræða, en háskólanum mikill fengur að því að geta aukið starfssvið sitt og fjölbreytni námsgreina.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að rannsókn búfjársjúkdóma verði tekin undan landbúnaðardeild og lögð undir læknadeild. Er þetta gert í samræmi við skilyrði Rockefellerstofnunarinnar, er gaf nálega eina milljón króna til væntanlegrar stofnunar til rannsókna á búfjársjúkdómum, og í samráði við þá menn, er þar eiga að starfa.

Loks er gert ráð fyrir að hefja rannsóknir á byggingarefnum í samræmi við þær óskir, er komu fram á síðasta Alþingi. Eðlilegast er, að þessar rannsóknir verði lagðar undir yfirumsjón verkfræðideildar, enda æskilegt, að hinir ungu stúdentar þessarar deildar kynnist hinum hagnýtu verkefnum byggingarmála þjóðarinnar og geti e. t. v. tekið þátt í þeim störfum á námsárunum.

Þessi endurskipulagning atvinnudeildarinnar mun að sjálfsögðu hafa nokkurn aukinn kostnað í för með sér, en hver sú þjóð, er hagnýtir sér eigi til fullnustu þekking vísindanna á hverjum tíma, hlýtur að dragast aftur úr og verða ósamkeppnisfær við aðrar menningarþjóðir.

Frumvarpið hefur verið sent til umsagnar háskólaráðs og milliþinganefndar í skólamálum. Hafa báðir þessir aðilar eindregið lagt til, að frv. yrði að lögum. Athugasemdir háskólaráðs og milliþinganefndar hafa að mestu verið teknar til greina í frv. eins og það er flutt á Alþingi.

Ákvæði til bráðabirgða, um iðnaðardeildina, er ekki samkvæmt tillögum nefndarinnar. En þar sem það orkar tvímælis, hvort nauðsynlegt er að hafa sérstaka iðnaðardeild, meðan verkefni þau, sem henni eru ætluð, eru þess eðlis, að vel getur komið til greina að fela þau öðrum deildum, þótti ráðuneytinu rétt að hafa ákvæði þetta í frumvarpinu.

Hér fara á eftir tillögur skipulagsnefndar atvinnudeildar og greinargerðir, ásamt umsögn háskólaráðs og skólamálanefndar:

1. Lausleg fjárhagsáætlun um **fiskideildina** eins og hún ætti að vera, þegar búið væri að koma henni í framtíðarhorf.
2. Áætlaðar tekjur og gjöld **fiskiðnaðardeildar** með 3 fskj.
3. Tillögur um **iðnaðardeild** með 2 fskj.
4. Tillögur um **landbúnaðardeild.**
5. Heildartillögur um **atvinnudeild.**
6. Tillögur um kennslu í **náttúrufræðum.**
7. Hve marga náttúrufræðinga þarf Ísland?
8. Endurskoðuð kostnaðaráætlun um kennslu í náttúruvísindum til fyrri hluta.
9. Tilraunastofnun í sjúkdómafræði á Keldum í Mosfellssveit, ásamt kostnaðaráætlun með fylgiskjölum.
10. Áætlaðar breytingar á tekjum og gjöldum Rannsóknarstofu Háskólans vegna rannsóknarstofnunar að Keldum og stofnunar fyrir fiskiðnað.
11. Eftirrit af bréfi Rockefellerstofnunarinnar til forsætisráðherra og rektors háskólans, dags. 21. maí 1945.
12. Bréf háskólaráðs, dags. 29. okt. 1945.
13. Bréf milliþinganefndar í skólamálum, dags. 13. okt. 1945.

Fylgiskjal I.

Lausleg fjárhagsáætlun fyrir Fiskideildina eins og hún ætti að vera, þegar búið væri að koma henni í framtíðarhorf.

Ef gert er ráð fyrir, að hér verði haldið uppi alhliða fiskirannsóknum til þess að tryggja útveg landsmanna og taka þátt í alþjóða samvinnu, mætti ætla, að árleg útgjöld í sambandi við þær yrðu eins og að neðan greinir.

I. Starfsmenn.

Forstjóri	kr. 10200	kr. 10200	
4 sérfræðingar	— 9600	— 38400	
3 fagl. aðstoðarm.	— 7800	— 22800	
4 stúlkur	— 4800	— 19200	
			kr. 90600
Dýrtíðaruppbót skv. núg. vísitölu (274)			— 157624

II. Önnur útgjöld.

Kostnaður vegna 4 sérfr.	kr. 15000	kr. 60000
Kostnaður vegna 3 aðstm.	— 3000	— 9000
Til útgáfustarfsemi		— 30000
Ræsting, eldsneyti, ljós, viðhald etc.		— 20000
Annar kostnaður		— 20000
		kr. 139000
		Kr. 387224

Það skal tekið fram, að í núgildandi fjárlögum eru Fiskideildinni ætlaðar kr. 202725, en hér verður að líta á það, að gert er ráð fyrir meiri mannafla, og eru laun þeirra miðuð við þá vísitölu, sem nú er, og talin fram eins og þau verða hæst. Ætlazt er til, að forstjórinn sé fiskifræðingur og hafi sjálfur með höndum rannsóknir á einhverju mikilvægu sviði í samvinnu við einn aðstoðarmannanna. Skipting starfsins á sérfræðingana er hugsanleg þannig:

Sérfræðingur í svifrannsóknum (Plankton).
— - sjórannsóknum (Hydrografía).
— - þorskfiskum (fiskifræðingur).
— - vatnarannsóknum (Limnología).

Raunverulega ætti starfsemi vatnalíffræðingsins að teljast til landbúnaðarrannsókna, og mætti telja kostnaðinn við hans starf:

Laun hans	kr. 9600
— aðstoðarmanns	— 7800
— stúlku	— 4800
Rekstrarfé	— 25000
	Kr. 47200

Af þessu verður séð, að til hafrannsóknanna sjálfra færi ekki nema kr. 340004, og þótt það kunni að sýnast allmikil fúlga, má benda á það, að í núgildandi fjárlögum er áætlað að verja kr. 408385 til skógræktar, 310025 til sandgræðslu og kr. 670000 til landbúnaðarrannsókna. Yrði því að telja framlag til fiskirannsókna, þótt það væri eins og áætlað er að framan, mjög í hóf stillt.

Munurinn á kostnaðinum við þær fiskirannsóknir, sem hér er gert ráð fyrir, og fiskirannsóknunum, sem nú eru reknar, er kr. 184499. Um fjórðungur þessarar upphæðar fer til vatnarannsókna, og yrði þeim þá í fyrsta skipti gerð allveruleg skil. Þrír fjórðu kostnaðaraukans færu á hinn bóginn til þess að auka hafrannsóknirnar sem mest má verða og rannsaka sem allra bezt þann grundvöll, sem fiskveiðarnar hvíla á, eins og hann er sérhverju sinni.

Þó að hér verði eigi leitazt við að gera sérstakar tillögur til fjáröflunar fyrir fiskirannsóknirnar, — vafasamt hvort ríkissjóður á ekki að sýna útveginum þá risnu að standa undir þeim sjálfur —, þá má benda á, að eigi er loku fyrir skotið, að t. d. veiðifélög eða aðrir hlutaðeigendur bæru verulegan hluta af vatnarannsóknunum með einhverju heppilegu fyrirkomulagi. Sömuleiðis gæti samvinna við útgerðarmenn, bæði á skipum og í verstöðvum, sparað rannsóknunum stórfé, sem kæmi til frádráttar þeim útgjöldum, sem gert var ráð fyrir, útgerðarmönnum að kostnaðarlitlu. Er hér átt við söfnun efniviðar til rannsóknanna. Til dæmis má nefna, að ef mælt væri 100000 af þorski á ári, en að því verður að keppa í framtíðinni, að það verði lágmark, og teknar kvarnir úr 10000, þá kostar það rannsóknirnar um kr. 20000 með núverandi verði. Ef þetta starf fer fram í 6 verstöðvum og á fjórum skipum, yrði kostnaður sá, sem kæmi í hlut, hverfandi lítill, þar sem nota mætti „fastamenn“ til starfans, útgerðinni því nær að kostnaðarlausu.

Ýmislegt annað mætti telja, sem verða mætti til þess að draga úr útgjöldunum, en eigi er tímabært enn að ganga frá áætlunum í þessu efni.

Fylgiskjal II.

Áætlaðar tekjur og gjöld fiskiðnaðardeildar.

Gjöld:

1. Mannahald:	Árslaun	Árslaun
1 forstjóri	kr. 10200	kr. 10200
2 efnafræðingar	— 9600	— 19200
1 dýrasérfræðingur	— 9600	— 9600
1 matsstjóri, sem jafnfr. er sérfræðingur í niðursuðu	— 9600	— 9600
1 starfsmaður í tilraunastöð, sem jafnfr. er húsvörður	— 8000	— 8000
5 aðstoðarstúlkur	— 4200	— 21000
		Kr. 77600
Dýrtíðaruppbót á 77600.00, vísitala 274		— 135024
	Alls	kr. 212624

2. Annar kostnaður:	
Til kaupa á efnivörum, áhöldum, bókum og tímaritum	kr. 40000
Dýrafóður o. fl.	— 15000
Rekstrarkostnaður vegna tilraunastöðvar	— 25000
Ræsting, ljós og hiti	— 20000
Ársskýrsla	— 15000
	Kr. 115000
Gjöld alls	kr. 327624

Tekjur:

Erfitt er að gera sér grein fyrir, hve miklar tekjur fiskiðnaðardeild getur haft. Þó má gera ráð fyrir, að tekjur þær, sem Fiskifélag Íslands og Rannsóknarstofa háskólans hafa nú af þeirri starfsemi, sem leggja á undir fiskiðnaðardeild, muni að óbreyttum aðstæðum frekar aukast en dragast saman eftir að deildin tekur til starfa. Tekjur þær, sem deildin getur haft af mati á freðfiski og niðursuðuvörum, eru miklu óvissari og raunar illmögulegt að áætla þær fyrr en matslöggjöfin hefur verið endurskoðuð og vitað er með vissu, hvern þátt fiskiðnaðardeild muni eiga í matinu í framíðinni.

Til bráðabirgða hafa tekjur deildarinnar verið áætlaðar sem hér segir:

1.	Tekjur af efna- og dýrarannsóknum	kr. 60000
2.	Tekjur af mati í sambandi við framleiðslu freðfisks og niðursoðins fisks	— 30000
	Alls	kr. 90000

Fskj. 1.

Greinargerð vegna námskeiða fyrir fiskiðnaðarmenn, sem fyrirhugað er, að fiskiðnaðardeild Atvinnudeildar háskólans stofni til, þegar hún tekur til starfa.

Gert er ráð fyrir, að fiskiðnaðardeild stofni til námskeiða fyrir matsmenn, verkstjóra og aðra iðnaðarmenn í öllum helztu greinum fiskiðnaðarins, þegar er hún hefur tekið til starfa og önnur skilyrði eru fyrir hendi.

Tilgangurinn með námskeiðum þessum er að auka þekkingu þeirra manna, sem verkstjórn hafa á hendi í fiskiðnaðinum, og annarra þeirra, sem áhuga hafa fyrir þessum málum, og gera þá á þann hátt hæfari til þess að gegna starfi sínu.

Engin ákvörðun hefur verið um það tekin, hve mörg námskeið verða haldin eða hve lengi þau skuli standa yfir, enda er tæplega tímabært að taka ákvarðanir um það á þessu stigi málsins. Sennilegt er, að til að byrja með verði námskeiðin ekki nema tvö, annað fyrir lifrarbræðslumenn, hitt fyrir verkstjóra og matsmenn í frystihúsum. Síðar yrði námskeiðunum fjölgað eftir því, sem þörf krefði.

Í sambandi við námskeið þessi er fyrirhugað, að fiskiðnaðardeild gefi út handbækur í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins, þar sem dreginn verður saman nauðsynlegur fróðleikur um hverja iðngrein.

Á námskeiðunum verður síðan að verulegu leyti stuðzt við handbækur þessar við kennsluna.

Á þessu stigi málsins er ekki hægt að segja fyrir um tilhögun námskeiðanna í einstökum atriðum, en áherzla verður einkum lögð á eftirfarandi atriði:

1. Að koma námskeiðsmönnum í sem gleggstan skilning um þau fræðilegu grundvallaratriði, sem verkun fisksins byggist á.
2. Að kynna þeim það bezta, sem þekkist hér og erlendis í vinnutækni og við kemur þeirra sérgrein.
3. Að brýna fyrir þeim vöruvöndun og góða nýtingu hráefna.

Starfsmenn fiskiðnaðardeildar munu að mestu leyti geta annazt kennslu á námskeiðunum, en óefað verður einnig leitað til annarra sérfróðra manna um erindaflutning.

Fskj. 2.

Útflutningsgjald af nokkrum sjávarafurðum.

	Útflutningsgjald		Fiskveiðasjóðsgjald	Fiskimálasjóðsgjald	Síldarsölugjald	Leyfisgjald	Viðskiptaráðsgjald
	Magnseining	Gjaldeining	%	%	%	%	%
Síld: óunnin til bræðslu	100 kg	kr. 0.25	⅛	„	2	½	½
— ísuð, fryst, niðurs. eða reykt		1½%	⅛	½	„	½	½
— krydduð eða söltuð		1½%	⅛	„	2	½	½
Síldarmjöl	100 kg	kr. 1.00	⅛	„	„	½	½
Síldarlýsi		1½%	⅛	„	„	½	½
Saltfiskur, verk. eða óverkaður			⅛	½	„	½	½
Fiskur: nýr, ísaður, frystur, reyktur, hertur eða niðursoðinn		1½%	⅛	½	„	½	½
Fiskúrgangur, óþurrkaður	100 kg	kr. 0.50	⅛	½	„	½	½
— þurrkaður og óunninn	100 kg	kr. 1.00	⅛	½	„	½	½
Þorskalýsi		1½%	⅛	½	„	½	½
Fiskimjöl		1½%	⅛	½	„	½	½
Hrogn: ný, ísuð, fryst eða söltuð		1½%	⅛	½	„	½	½

Fskj. 3.

Útfluttar íslenzkar afurðir allt árið 1944. — Skýrsla frá Hagstofu Íslands.

Vörutegundir		Magn	Verð (kr.)
Saltfiskur verkaður	kg	39 285	162 730
— óverkaður	—	1 170 780	1 470 990
— í tunnum	—	82 350	138 500
Harðfiskur	—	225 900	1 133 200
Ísfiskur	—	143 705 230	119 159 870
Freðfiskur	—	21 723 576	47 583 470
Fiskur niðursoðinn	—	205 564	789 360
Síld söltuð	tn.	19 689	3 651 000
Lýsi	kg	6 377 346	21 987 570
Síldarolía	—	26 429 279	26 052 390
Fiskimjöl	—	1 116 890	540 650
Síldarmjöl	—	27 040 100	13 114 550
Samtals		228 135 989	235 784 280

Fylgiskjal III.

SKIPULAGSNEFND ATVINNUDEILDAR

Reykjavík, 13. sept. 1945.

Tillögur um iðnaðardeild.

Nefndin hefur á fundi í gær orðið sammála um að leggja til, að **iðnaðardeild** starfi áfram með svipuðu sniði og hingað til og með sama nafni. Nefndin leggur til, að rannsóknir á byggingarefni verði lagðar undir þessa deild, en próf. Trausti Ólafsson hefur lofað að veita þessum rannsóknum fyrst um sinn forstöðu. Vilhjálmur Guðmundsson cand. polyt. hefur af atvinnumálaráðherra verið ráðinn sem sérfræðingur í rannsóknum á byggingarefnum, og verða því starfskraftar þessarar deildar:

Efna- og gerlarannsóknir: dr. Jón Vestdal, dr. Sigurður Pétursson, Bjarni Jósefsson efnafræðingur og 4 aðstoðarstúlkur.

Byggingarefnarannsóknir: Próf. Trausti Ólafsson og Vilhjálmur Guðmundsson cand. polyt.

Líklegt er, að aðstoðarmanns verði þörf við þessar rannsóknir, en engar tillögur hefur sérfræðingurinn Vilhjálmur Guðmundsson, sem nú dvelst erlendis, gert um rekstrarkostnað þessara rannsókna. Hins vegar hefur próf. Trausti Ólafsson að beiðni nefndarinnar lagt fram lauslega áætlun um 75000 króna stofnkostnað (fyrir vélar, áhöld o. fl.) og 50000 kr. rekstrarkostnað (fylgiskjal 1). Aðra áætlun um rekstrarkostnað iðnaðardeildarinnar hefur dr. Jón Vestdal lagt fram (fylgiskjal 2).

Þar eð próf. Trausti Ólafsson lætur af stjórn iðnaðardeildarinnar, telur nefndin nauðsynlegt, að nýr forstöðumaður verði skipaður og leggur til, að bætt verði við nýjum efnafræðingi með byrjunarlaunum (kr. 7200). Þessum efnafræðingi ætti að fela að annast einkum rannsóknir fyrir búnaðardeild, en forstöðumaður búnaðardeildar, dr. Halldór Pálsson, hefur með bréfi, dags. 11. sept. (sjá fylgiskjal með tillögum um landbúnaðardeild), lagt til, að sérstakur efnafræðingur verði ráðinn að búnaðardeild. Skipulagsnefnd þykir eðlilegra, að efnafræðingur þessi verði starfsmaður iðnaðardeildar, svo að rýrðir verði ekki starfskraftar þessarar deildar, enda hefur iðnaðardeild hingað til annazt efnafræðilegar rannsóknir fyrir búnaðardeild.

Á grundvelli ofanritaðra tillagna hefur nefndin samið meðfylgjandi rekstraráætlun iðnaðardeildar.

Fskj. 1.

Rekstraráætlun iðnaðardeildar.

I. Efna- og gerlarannsóknir:						
1. Laun (vísitala 275)					kr.	155 100.00
2. Efni og rannsóknaráhöld					—	20 000.00
3. Viðhald					—	1 000.00
4. Gas og rafmagn					—	2 000.00
5. Bækur og tímarit					—	3 000.00
6. Símakostnaður					—	1 400.00
7. Ýmislegt (sloppar, þvottur o. fl.)					—	3 000.00
8. Útgáfukostnaður					—	4 000.00
					Kr.	189 500.00
Áætlaðar tekjur					kr.	60 000.00
II. Byggingarefnarannsóknir:						
1. Laun: Trausti Ólafsson próf.	kr.	11 100	—	með vísit.		30 525 kr.
Vilhj. Guðmundsson	—	9 600	—	— —		26 400 —
1 aðstoðarst.	—	3 000	—	— —		8 250 —
						65 175 kr.

2. Stofnkostnaður ..... 75 000 kr.
3. Rekstrarkostnaður ..... 10 000 —

Fskj. 2.

Reykjavík, 11. sept. 1945.

Fyrir árið 1945 var gerð svofelld áætlun um rekstrarkostnað Iðnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans:

1. Laun:

	Grunnlaun	Aukauppb.	Verðl.uppb.	
Forstjóri (Tr. Ól.)	7 200.00	1 920.00	13 680.00	
Aðstoðarefnafr. (B. J.)	7 200.00	1 920.00	13 680.00	
Matvælasérfr. (J. V.)	7 200.00	1 920.00	13 680.00	
Gerlafr. (S. P.)	7 200.00	1 920.00	13 680.00	
Fiskiðnfr. (Þ. Þ.)	1 200.00	300.00	2 250.00	
Starfsstúlkur	13 800.00	3 930.00	26 595.00	
	43 800.00	11 910.00	83 565.00	
Ómagastyrkir			2 100.00	
				kr. 141 375.00
2. Efni og rannsóknaráhöld				— 20 000.00
3. Viðhald				— 1 000.00
4. Gas og rafmagn				— 2 000.00
5. Bækur og tímarit				— 3 000.00
6. Símakostnaður				— 1 400.00
7. Ýmislegt (sloppar, þvottur o. fl.)				— 3 000.00
8. Útgáfukostnaður				— 4 000.00
			Samtals	kr. 175 775.00
Áætlaðar tekjur Iðnaðardeildarinnar:				
Tekjur af ýmsum rannsóknum				kr. 50 000.00
			Mismunur: Útgjöld umfram tekjur	kr. 125 775.00

Vegna launalaga þeirra, er gengu í gildi á þessu ári, hafa orðið þær breytingar á launagreiðslu við Iðnaðardeildina, að grunnlaun eru þar nú mánaðarlega kr. 5105.00, samsvarandi kr. 61260.00 á ári, og miðað við vísitölu 275, eins og hún nú er, eru árlegar launagreiðslur kr. 168465.00.

Verði nú breyting gerð á Iðnaðardeildinni, sem ráð er fyrir gert og hún verði hér eftir efna- og gerlarannsóknardeild Atvinnudeildarinnar, mundu launagreiðslur verða sem hér segir:

1. Forstjóri ..... kr. 10 200.00
2. 3 sérfræðingar (einn efnafræðingur með kr. 9600.00 á ári og einn gerlafræðingur með kr. 9600.00 á ári og einn efnafræðingur með kr. 7200.00 á ári) ..... — 26 400.00
3. 4 aðstoðarstúlkur (þrjár með kr. 5400.00 og ein með kr. 3600.00 á ári) ..... — 19 800.00

Samtals kr. 56 400.00

En sé miðað við, að vísitalan sé 275, yrðu árlegar launagreiðslur kr. 155100.00, og er það nokkru minna (13365.00) en nú er hjá Iðnaðardeildinni.

Ekki virðist vera ástæða til að gera athugasemdir eða tillögur til breytinga við aðra liði í gjaldaáætluninni um rekstur Iðnaðardeildarinnar, þeir munu geta staðið

óbreyttir fyrir efna- og gerlarannsóknardeild þá, sem fyrirhuguð er. Um tekjuáætlunina virðist hins vegar vera ástæða að fara nokkrum orðum.

Við deildina hefur verið í gildi allt frá því hún var sett á stofn og er enn í gildi tvenns konar gjaldskrá. Fyrir sumt af því, sem rannsakað hefur verið á deildinni, hefur verið krafizt sanngjarnrar greiðslu, en fyrir annað miklum mun minna en sanngjarnt getur talizt. Þær rannsóknir, sem notið hafa hins lága taxta, eru ýmiss konar og gerðar fyrir ýmsa aðila, kaupmenn, útflytjendur, iðnrekendur o. s. frv., og er ekki hægt að sjá neina ástæðu til þess, að þessum aðilum sé veittur styrkur til rannsóknanna, enda munu þeir aldrei hafa farið fram á slíkt. Er það og algerlega óviðunandi, að við sömu stofnunina sé greitt misjafnlega mikið fyrir sams konar rannsóknir. Það er því nauðsynlegt, að komið verði á samræmi í þessu efni og í framtíðinni krafizt hærri greiðslu fyrir þær rannsóknir, sem fram til þessa hafa verið lægst reiknaðar. Ef svo verður gert, má gera ráð fyrir auknum tekjum deildarinnar fyrir rannsóknir. Er erfitt að áætla, hversu miklu það kann að nema, en ekki mun óvarlegt að áætla tekjur af rannsóknum kr. 60000.00.

Jón E. Vestdal
(sign.)

Fylgiskjal IV.

SKIPULAGSNEFND ATVINNUDEILDAR HÁSKÓLANS

Reykjavík, 20. sept. 1945.

Skipulagsnefnd hefur orðið sammála um að gera eftirfarandi tillögur um **landbúnaðardeild:**

Í lögum um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins frá 1940, 10. gr., er gert ráð fyrir, að landbúnaðardeild hafi með höndum þessi verkefni:

1. Jarðvegsrannsóknir.
2. Jurtakynbætur og frærannsóknir.
3. Rannsókn jurtasjúkdóma.
4. Fóðurrannsóknir og fóðrunartilraunir.
5. Búfjárkynbætur.
6. Rannsókn búfjársjúkdóma.

Þar sem skipulagsnefnd hefur þegar gert tillögur um, að rannsókn búfjársjúkdóma verði falin sérstakri stofnun, er lögð verði undir læknadeild, sbr. bréf nefndarinnar til kennslumálaráðherra, verða 5 liðir eftir, og skal nú farið nokkrum orðum um hvern þeirra fyrir sig.

Liður 1. Dr. Björn Jóhannesson hefur þegar verið ráðinn til þess að annast þessar rannsóknir, og hefur hann með bréfi, dags. 11. júní, lagt fram greinargerð um verkefni í jarðvegs- og ræktunarfræðum ásamt tillögum um sköpun nauðsynlegra vinnuskilyrða fyrir rannsóknarstarfsemi á þessum sviðum við landbúnaðardeildina.

Auk vinnustofu í núverandi atvinnudeildarbyggingu er honum þörf á gróðurhúsi sem næst rannsóknastofu sinni með áföstu geymsluplássi. Gróðurhús þetta með geymsluplássi þarf ekki að vera nema ca. 100 flatarmetrar; er það álit nefndarinnar, að gróðurskála þessum mætti koma fyrir syðst á háskólalóðinni fyrir sunnan væntanlega byggingu fyrir fiskirannsókna- og fiskiðnaðardeild, ef háskólaráð samþykkir. Dr. Björn þarf á aðstoðarmanni að halda og auk þess umráð yfir allstóru landi til jarðræktartilrauna. Aukinn kostnaður vegna þessa 1. liðar verður þá:

Stofnkostnaður:

1. Gróðurhús á háskólalóð	kr. 50000.00	
2. Ljósútbúnaður, pottar o. fl.	— 10000.00	
3. Specialvinnuborð og áhöld í efnarannsóknastofu jarðvegs	— 15000.00	
4. Skrifborð, stólar og skápar í vinnustofu	— 5000.00	
		kr. 80000.00

Rekstrarkostnaður:

1. Laun B. J. 9600.00	kr.	26400.00	
2. Laun aðstm. 1. fl. 6000.00	—	16500.00	
3. Ferðakostnaður	—	10000.00	
4. Rekstrarkostnaður efnarannsóknarst.	—	13000.00	
			kr. 65900.00
			Kr. 145900.00

Liður 2. Dr. Áskell Löve hefur með bréfi dags. 22. ágúst sent nefndinni tillögur sínar um störf hans, er að kynbótum nytjajurta lúta. Leggur hann til, þar sem jurtakynbótum er eðlilegt að skipta í tvo flokka, að hann taki að sér hinar eiginlegu kynbætur (kynbætur jurta og grasa af belgjurtaættum), en kona hans, fil. dr. Doris Löve, taki að sér matjurtakynbætur. Nefndin fellst á þessar tillögur og leggur til, að frú Löve verði einnig ráðin með byrjunarlaunum sérfræðinga. Ein aðstoðarstúlka er nauðsynleg vegna þessarar starfsemi.

Nauðsynlegt er fyrir þessar tilraunir að hafa gróðurhús til margs konar nota, og leggur nefndin til, að reist verði tvö gróðurhús, hvort um sig ca. 400 m². Í öðru gróðurhúsinu fara fram rannsóknir við mismunandi hitastig, en í hinu gróðurhúsinu verða væntanlega ræktuð þau afbrigði, er framleidd verða.

Þessi gróðurhús er vitanlega ekki hægt að reisa á lóð Háskólans og óráðlegt að reisa þau á landi Keldna, jafnvel þótt heitt vatn fengist úr hitaveitunni, sem er mjög ólíklegt. Virðist því ráðlegast að leita að nýjum stað fyrir þessa starfsemi, þar sem landrými væri einnig nægilegt fyrir jarðræktartilraunir, fjölgun gróðurhúsa í framtíðinni og heitt vatn væri fyrir hendi.

Nefndin hefur falið þeim sérfræðingunum dr. Birni Jóhannessyni og dr. Áskeli Löve að athuga nú þegar gaumgæfilega, hvar hentugast er að öllu athuguðu að finna þessari starfsemi stað, og má vænta álits þeirra bráðlega.

Á það má benda í þessu sambandi, að gróðurhúsarækt dr. Áskels Löve mun vafalaust vaxa mjög á næstu árum, og hefur hann hug á að koma starfseminni í það horf, að allverulegar tekjur fáist af henni, svo að hún geti að verulegu leyti staðið undir kostnaði við jurtakynbætur. Er það mjög veigamikil ástæða, og er því allsendis óráðlegt að byrja þessa starfsemi á Keldum, þar eð sýnt er, að hún á eftir að vaxa og verða allumfangsmikil bráðlega.

Dr. Áskell Löve mun einnig hafa í huga, þegar tími er kominn til, að afla þessum rannsóknum tekna með fræsölu.

Nokkur áhöld mun einnig þurfa að kaupa, og teljast þau til stofnkostnaðar.

Aukinn kostnaður vegna 2. liðar verður því aðeins lauslega áætlaður, og er ekki hér talinn kostnaður vegna útvegunar á landi.

Þessi lauslega áætlun er eins og hér segir:

Stofnkostnaður:

1. Gróðurhús með ljósaútbúnaði	kr.	120000.00	
2. Jurtapottar, trékassar, sigti o. s. frv.	—	3000.00	
3. Ýmis fínni áhöld	—	6500.00	
4. Reiknivél og ritvél	—	3000.00	
5. Húsgögn	—	5000.00	
6. Spírukassi með gleri og pappír	—	1500.00	
			kr. 139000.00

Rekstrarkostnaður:

1. Laun Á. L. 9600.00	kr.	26400.00	
2. Laun D. L. 7200.00	—	19800.00	
3. Laun aðstoðarst. 3600.00	—	9900.00	
4. Rekstrarkostn., ferðakostn. o. fl.	—	15000.00	
			— 71100.00
		Samtals	kr. 210100.00

Auk þessa, sem nú er talið, verður að gera ráð fyrir kostnaði við rekstur jarðræktarstöðvar þeirrar, sem um hefur verið rætt. Er eðlilegast að telja það sameiginlegan kostnað þeirra dr. Björns Jóhannessonar og dr. Áskels Löve. Eftirfarandi þykir hæfilega áætlað:

Stofnkostnaður:

1. Byggingar (geymsluskúr o. fl.)	kr.	50000.00	
2. Vélar og áhöld til jarðvinnslu, sáningar o. fl.	—	15000.00	
3. Áhöld í vinnustofu á tilraunastöð	—	5000.00	
			kr. 70000.00

Rekstrarkostnaður:

1. Vinnumaður 6000.00	kr.	16500.00	
2. Kaup lausafólks yfir sumarið	—	10000.00	
			— 26500.00
		Samtals	kr. 96500.00

Liður 3. Nefndin gerir ráð fyrir, að þessi starfsemi haldist í sama formi og verið hefur, en þessa starfsemi annast nú mag. Ingólfur Davíðsson og hr. Geir Gigja.

Liður 4. Fóðurrannsóknir og fóðrunartilraunir annast hr. Pétur Gunnarsson landbúnaðarkandidat, og fer sú starfsemi fram að nokkru leyti í atvinnudeildarbyggingunni og að nokkru leyti að Keldum.

Liður 5. Búfjárkynbætur annast dr. Halldór Pálsson, og hefur hann tilraunabú á Hesti í Borgarfirði. Hann hefur með bréfi, dags. 11. sept., farið fram á, að bætt verði við deildina tveim starfsmönnum, efnafræðingi og sérfræðingi í sæðingu húsdýra. Skipulagsnefnd hefur lagt til í tillögum sínum um iðnaðardeild, að nýr efnafræðingur verði ráðinn að iðnaðardeild, er annist rannsóknir fyrir landbúnaðardeild, og þykir eðlilegra, að sú skipun verði á höfð, þar sem hann starfar í húsakynnum iðnaðardeildar.

Nefndin fellst á, að æskilegt sé, að sérfræðingur í sæðingu húsdýra verði ráðinn, en telur eins eðlilegt, að hann verði á vegum Búnaðarfélags Íslands.

Samkvæmt áætlun rannsóknarráðs var rekstrarkostnaður og kostnaður við nýjar framkvæmdir í landbúnaðardeild áætlaðar kr. 820372.50 fyrir árið 1946.

Samkvæmt áætlun skipulagsnefndar verður kostnaðurinn eins og hér segir:

A) Vegna rannsókna jurtasjúkdóma, fóðurrannsókna og fóðrunartilrauna og búfjárkynbóta:

1. Laun:	Grunnlaun	með vísitölu 275		
Forstjóri, Halldór Pálsson	10200.00	28050.00		
Geir Gígja	9600.00	26400.00		
Ingólfur Davíðsson	9600.00	26400.00		
Pétur Gunnarsson	9600.00	26400.00		
Jakob Líndal, samkv. sérst. samningi	2500.00	6875.00		
				kr. 114125.00
2. Bækur og tímarit				— 3000.00
3. Ferðakostnaður:				
Halldór Pálsson			kr. 10000.00	
Geir Gígja			— 6000.00	
Ingólfur Davíðsson			— 6000.00	
Pétur Gunnarsson			— 6000.00	
				— 28000.00
4. Útgáfukostnaður				— 8000.00
5. Til áhaldakaupa				— 15000.00
6. Sími, póstur o. fl.				— 2000.00
7. Ýmislegt, viðhald, viðgerðir o. fl.				— 5000.00
Fjárræktarbúið að Hesti (óbreytt).				
Rekstrarhalli				— 61000.00
Viðbótarstofnkostnaður kr. 146000.00.				

Þar eð nefndin hefur gert tillögur um, að Keldnabúið verði lagt undir læknadeild, en þeir Pétur Gunnarsson og Ingólfur Davíðsson munu reka nokkra starfsemi þar áfram eins og að undanförnu, er kostnaður vegna þessa áætlaður ..... kr. 10000.00

B) Kostnaður við starfsemi dr. Björns Jóhannessonar:
Stofnkostnaður kr. 80000.00.
Rekstrarkostnaður ..... — 65800.00

Kostnaður við starfsemi dr. Áskels Löve:
Stofnkostnaður kr. 139000.00.
Rekstrarkostnaður ..... — 71800.00
Sameiginlegur stofnkostnaður Á. L. og B. J. kr. 70000.00.
Sameiginlegur rekstrarkostnaður Á. L. og B. J. ..... — 26500.00

Samtals kr. 409625.00

Heildarkostnaður landbúnaðardeildar verður því:

Stofnkostnaður vegna búsins á Hesti	kr.	146000.00
— — starfsemi B. J.	—	80000.00
— — — Á. L.	—	139000.00
— — — B. J. og Á. L. ..	—	70000.00
	kr.	435000.00
Rekstrarkostnaður	—	409625.00

Fylgiskjal V.

SKIPULAGSNEFND ATVINNUDEILDAR HÁSKÓLANS

Reykjavík, 20. sept. 1945.

Skipulagsnefnd hefur með bréfum, dags. 5. júní, 13. sept. og 20. sept., sent hinu háa ráðuneyti tillögur um breytingar á skipulagi Atvinnudeildar og hefur lagt til, að deildirnar verði fjórar: fiskirannsóknadeild, fiskiðnaðardeild, iðnaðardeild og landbúnaðardeild. Samkvæmt tillögum vorum verður **árlegur rekstrarkostnaður** þessara deilda eins og hér segir, miðað við vísitölu 275 (tillögurnar um fiskirannsóknadeild og fiskiðnaðardeild voru miðaðar við vísitölu 274 stig):

Fiskirannsóknadeild	kr.	387224
Fiskiðnaðardeild	—	237624
Iðnaðardeild	—	204675
Landbúnaðardeild	—	409625
Samtals	kr.	1239148
Stofnkostnaður:		
vegna fiskirannsókna- og fiskiðnaðardeildar	kr.	1500000
vegna iðnaðardeildar	—	75000
vegna landbúnaðardeildar	—	435000
Samtals	kr.	2010000

Á það skal bent, að tillögur vorar eru miðaðar við framtíðarfyrirkomulag Atvinnudeildarinnar, þegar byggingar þær, er um getur í tillögunum, hafa verið reistar og allir starfsmenn ráðnir. Má gera ráð fyrir, að minnst tvö ár líði, unz þessu er öllu komið í kring. Rekstrarkostnaður þessi mun þykja allhár, og telur nefndin það því mjög æskilegt, að athugaðir verði möguleikar á að afla þessari deild frekari tekna en gert er ráð fyrir í tillögunum. Gróðurhúsarekstur dr. Áskels Löve mun væntanlega, þegar tímar líða, geta gefið allverulegar tekjur. Þá vill nefndin benda á, að

henni virðist sem taka mætti nokkurt gjald af blómum og ávöxtum, er ræktaðir eru í gróðurhúsum þeim, sem nú eru rekin, einkum mætti leggja sérstakan skatt á alla blómasölu. Þá mætti einnig gera ráð fyrir tekjum af kynbótastarfsemi landbúnaðardeildar. Loks ætti fiskiðnaðardeild að geta aflað verulegra tekna með mati og rannsóknum fyrir framleiðendur. Svipuðu máli kynni að gegna um rannsókn byggingarefna, og má í því sambandi benda á ný byggingarefni eins og gasbeton og einangrunarefni eins og klettaull (rock wool) o. fl., sem hægt er að framleiða hér á landi og mundi hafa vafalausan sparnað í för með sér, og er þess að vænta, að innan fárra ára verði reistar verksmiðjur hér til þess konar framleiðslu.

Ef allir þessir möguleikar til öflunar tekna verða hagnýttir, mundi reynast unnt að lækka verulega framlag ríkissjóðs til rekstrarkostnaðar deildarinnar.

Á það skal að lokum bent, að þótt ofangreindar tölur virðist nokkuð háar, hlýtur sú krafa að verða gerð, að aðalatvinnuvegir þjóðarinnar hvíli á vísindalegum grunni, enda má benda á, að í Bandaríkjunum þykir eðlilegt hjá stórum iðnfyrirtækjum, að 1—5% af framleiðsluverðmæti renni til vísindalegra rannsókna til þess að gera vörur þær, er um ræðir, eins vel úr garði og unnt er. Enn standa Íslendingar mjög að baki öðrum menningarþjóðum að kunnáttu í framleiðslu, og er það trú vor, og þegar þessum málum verður skipað í samræmi við kröfur annarra þjóða og Íslendingar framleiða vörur, er að gæðum og verði geta keppt við hinar beztu vörur á heimsmarkaðinum, muni útflutningsverðmæti íslenzkra afurða geta aukizt stórkostlega og margfaldurgreitt kostnað þann, er rannsóknir Atvinnudeildar hafa í för með sér.

Fylgiskjal VI.

5. 6. 1945.

Til kennslumálaráðherra.

Í Árbók háskólans 1930—31 bls. 66 er skýrt frá tillögu til þingsályktunar, þar sem m. a. er komizt svo að orði:

1. Að láta rannsaka, að hve miklu leyti og hvernig væri unnt að koma á fót undirbúningskennslu við Háskóla Íslands í þeim námsgreinum, sem þar eru ekki kenndar nú, til þess að stytta nám í þeim erlendis.

Fylgdi tillögu þessari ýtarleg greinargerð ásamt 4 fylgiskjölum, og er fylgiskjal I álit sérfræðinga, er Vísindafélag Íslands skipaði, um undirbúningsnám við Háskóla Íslands, m. a. um undirbúningsnám í náttúruvísindum (Árbók 1930—31, bls. 70—78). Á fylgiskjali III (bls. 9) er birt áætlun um kostnað við fyrrihlutanám í náttúrufræði, og er þar gert ráð fyrir 2 ára námi eða 4 missira til fyrri hluta. Er þar gert ráð fyrir kennslu í dýrafræði, grasafræði, jarðfræði, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og auk þess eðlisfræði- og efnafræðitilraunir og kostnaður áætlaður kr. 9840. Háskólinn hefur ætíð verið þeirrar skoðunar, að mjög æskilegt væri, að tekin væri upp kennsla í náttúruvísindum, að minnsta kosti til fyrri hluta, og gerði raunar ráð fyrir því, er Atvinnudeildin var sett í laggirnar 1937, að hún yrði ein deild háskólans, — enda er hún talin meðal annarra deilda í núgildandi háskólalögum, — og að starfsmenn hennar önnuðust kennsluna í náttúruvísindum að miklu leyti. Úr þessu hefur enn ekki orðið, og Atv.deildin hefur því hingað til ekki haft önnur tengsl við háskólann en nafnið eitt. Háskólinn hefur reynt að bæta úr þessu, og á fundi háskólaráðs 9. okt. 1942 var kosin nefnd til þess að semja álit um tilhögun og kostnað við væntanlega kennslu í náttúrufræði við Háskóla Íslands. Í þessari nefnd áttu sæti: Ólafur Lárusson próf., Jón Steffensen próf., Árni Friðriksson mag. og dr. Finnur Guðmundsson. Nefnd þessi sendi háskólaráði tillögur sínar 1. nóv. s. á., er fylgja hér með, enn fremur áætlun um byrjunarkostnað vegna kennslu í náttúrufræði, er sömuleiðis fylgir hér með, er þeir Árni Friðriksson og Finnur Guðmundsson sömdu, og loks greinargerð eftir sömu menn um próf í náttúrufræði, er einnig fylgir hér með.

Mál þetta var síðan rætt í fjárveitinganefnd Alþingis og hlaut þar góðar undir-

tektir, en þó þótti ekki ráðlegt að veita umbeðnar 50000 kr. til stofnkostnaðar (einkum áhaldakaupa), fyrr en tryggt væri, að fyrrihlutapróf í náttúrufræðum við Háskóla Íslands yrði fullgilt. Þar eð ekkert samband náðist við háskólana í Danmörku og Noregi, var leitað álits sænskra háskóla, fyrir milligöngu sendifulltrúa Svía, um viðhorf þeirra gagnvart fyrirhuguðu námi í náttúruvísindum til fyrri hluta við Háskóla Íslands, hvort slík námsáætlun yrði tekin þar gild. Fylgir hér greinargerð Árna Friðrikssonar mag., er send var til Svíþjóðar: Punkter angaaende paatænkt Undervisning i Naturvidenskab og Geografi ved Islands Universitet. Svar barst háskólanum í bréfi frá sendifulltrúa Svía 4. febr. '44, og fylgdi því eftirfarandi bréf frá háskólakanslara Svía, hr. Östen Undén, til sendifulltrúans:

„I anledning av Ditt brev om isländares möjlighet att avlägga en kombinerad isländsk-svensk examen i naturvetenskapliga ämnen underställde jag frågan de närmast intresserade professorerna i Uppsala och vid Stockholms högskola. Deras yttranden bifogas till Din personliga information.

Jag tror saken kan ordnas, men anser det nog vara mest praktiskt, om det sker genom en isländsk förordning som förklarer att svensk tentamen i vederbörande „huvedfag" kan ingå i en isländsk examen. Hos oss i Sverige kan numera — sedan „riksgiltighet" införts för tentamina — en student ta examen i Upsala på grundvalen av exempelvis tentamen i Lund i två ämnen och i Uppsala i ett ämne.

Skall en svensk fil.kand. examen avläggas på grundvalen av tentemina dels i Reykjavik, dels i t.ex. Uppsala, få det kanske uppställas några detaljvillkor angående de isländska tentamina. Examensordningen i Sverige överensstämmer ej med den i Danmark; vi ha ej indelningen i „hovedfag" och „bifag". Men nog bör det gå också på denna vägen, om så befinnes särskilt önskvärt."

Af bréfi þessu mun ljóst vera, að fleiri en ein leið eru hugsanlegar til þess að tengja saman íslenzkt og sænskt próf, og mun litlum vafa undirorpið, að samkomulag mun einnig fást við norska og danska háskóla, er leitað verður til þeirra.

Þegar samkomulag náðist milli háskólans og kennslumálaráðherra 1935 um, að háskólinn léti á sinn kostnað (af tekjum happdrættisins) reisa núverandi Atvinnudeild, var skipzt á bréfum milli þáverandi ráðherra, Haraldar Guðmundssonar, og þáverandi rektors, Alexanders Jóhannessonar, en í þessum bréfum voru sett fram af beggja hálfu skilyrði fyrir samkomulaginu. Eru þau prentuð í Árbók Háskólans 1934—35, bls. 15, og er þar m. a. komizt svo að orði:

„Ríkisstjórn skuldbindur sig til að stuðla að því, að fé verði veitt til kennslu í eðlisfræði og stærðfræði, svo að unnt sé að taka upp kennslu þá, sem gert er ráð fyrir í 14. gr. laganna, þegar aðiljar þeir, er 14. gr. tilnefnir, hafa komið sér saman um, að slík kennsla skuli hafin."

En í 14. gr. laga um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands (sjá Árbók 1934—35, bls. 68—71) stendur:

„Þegar því verður við komið, að dómi Rannsóknarstofnunarinnar, háskólaráðs og atvinnumálaráðherra, skal tekin upp kennsla við Háskóla Íslands í þeim fræðigreinum, sem Rannsóknarstofnunin einkum fjallar um, og skyldum námsgreinum. Skal þá lögð sérstök áherzla á fyrrihlutanámsgreinar tekniskra fræða og náttúruvísinda, með hliðsjón af, að síðari hluti námsins geti farið fram erlendis.

Starfsmenn Rannsóknarstofnunarinnar skulu, eftir því sem atvinnumálaráðherra telur við eiga, stunda kennslu við háskólann án sérstakrar borgunar. Verklegar æfingar, sem nemendur háskólans framkvæma samhliða kennslunni, skulu framkvæmdar í rannsóknarstofunni, eftir því sem við á og hentugt þykir, og skulu starfsmenn Rannsóknarstofnunarinnar aðstoða við þær án sérstakrar borgunar, eftir nánari ákvörðun atvinnumálaráðherra.

Kennarar Rannsóknarstofnunarinnar mynda þá sérstaka kennsludeild í háskólanum, og lýtur hún sömu almennu fyrirmælum um skipulag sem aðrar kennsludeildir háskólans."

Af þessu er ljóst, að frá því 1935 var gert ráð fyrir því, að Atvinnudeildin yrði kennsludeild, og stúdentar einnig oft látið þó ósk í ljós.

Þess verður að geta, að lög þau (frá 1934) um rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, sem vitnað var í að framan (14. grein), voru numin úr gildi með lögum um náttúrurannsóknir (nr. 68) frá 7. maí 1940. 19. grein þeirra laga fjallar um kennslu í náttúrufræði, og er hún á þessa leið:

„Nú verður tekin upp kennsla við Háskóla Íslands í þeim fræðigreinum, sem atvinnudeild fjallar um, og skulu þá starfsmenn deildarinnar stunda þá kennslu, eftir því sem henta þykir og ákveðið er í reglugerð háskólans. Háskólaráð getur ákveðið, með samþykki ráðherra, að verklegar æfingar háskólastúdenta í efnafræði og öðrum skyldum námsgreinum skuli fram fara í atvinnudeild undir handleiðslu starfsmanna hennar. Eigi er skylt að greiða starfsmönnum atvinnudeildar sérstök laun fyrir störf í þjónustu háskólans samkvæmt þessari grein."

Þó að þessi lög (1940) nemi eldri lögin úr gildi, kemur þó 19. grein þeirra aðeins í stað hluta 14. gr. eldri laganna, þar sem í hana vantar ákvæði um, hvaða skilyrðum skuli fullnægt til þess að kennsla geti hafizt, þ. e.: þegar því verði við komið að dómi ráðherra, háskólaráðs og forstjóra atvinnudeildar, eins og skilgreint er í lögunum frá 1934.

Einnig skal á það bent, að í launalögunum, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi, er ráðherra gefin heimild til að hækka laun forstjóra atvinnudeildar, ef þeir gegna kennslustörfum við háskólann, úr kr. 10200 í 11100 (prófessorslaun), og hefur ráðherra þegar notfært sér þessa heimild (Trausti Ólafsson).

Þar eð sú kennsla er nú komin á í stærðfræði og eðlisfræði, er um getur í áðurgreindum samningi þáverandi rektors háskólans við kennslumálaráðherra Harald Guðmundsson, innan verkfræðideildar, en hins vegar gert ráð fyrir, að starfsmenn Atvinnudeildar tækju að sér kennsluna í öðrum greinum (náttúrufr., landafr. etc.), virðist nú tími kominn til þess að verða við margendurteknum óskum háskólans í þessum efnum, einkum þar sem háskólinn hefur lofað að reisa á næstu árum náttúrugripasafn á háskólalóðinni og greiða kostnaðinn af tekjum happdrættisins.

Fylgiskjal VII.

Hve marga náttúrufræðinga þarf Ísland?

Nefndin hefur þegar snúið sér til milliþinganefndar í skólamálum og spurzt fyrir um, hve margra náttúrufræðinga mundi þörf á næstu árum til kennslu í framhaldsskólum landsins. Með bréfi 7. júní hefur nefndinni borizt eftirfarandi svar:

„Út af bréfi yðar, dags. 5. þ. m., hefur milliþinganefnd í skólamálum á fundi sínum í gær rætt um það, hve margra náttúrufræðinga mundi þörf á næstu árum til kennslu í framhaldsskólum landsins. Telur nefndin það sennilegt, verði frumvörp hennar að lögum, að þörf mundi þá þegar 10—12 náttúrufræðinga og hin næstu ár 3 árlega, meðan lögin verða að komast til fullra framkvæmda."

Virðingarfyllst.

F. h. milliþinganefndar í skólamálum.

Ásmundur Guðmundsson. Helgi Elíasson.

Auk þeirra náttúrufræðinga, sem þarna er gert ráð fyrir, er nauðsynlegt að ætla nokkurn fjölda til annarra starfa, svo sem vísindalegra rannsókna, sem starfsmenn

stórútgerðarfyrirtækja og sem kennara við stærstu barnaskólana. Mun því sízt of mikið í lagt, þó gert sé ráð fyrir, að halda þurfi á a. m. k. helmingi fleiri náttúrufræðingum en gert er ráð fyrir af milliþinganefnd í skólamálum.

Fylgiskjal VIII.

Endurskoðuð kostnaðaráætlun um kennslu í náttúruvísindum til fyrri hluta.

Kennslugreinar yrðu: Heimspeki, efnafræði, eðlisfræði, dýrafræði, jurtafræði, jarðfræði og landafræði. Háskólinn heldur þegar uppi kennslu í öllum þessum greinum, nema dýrafræði, jurtafræði og landafræði, og mundu starfsmenn atvinnudeildar taka að sér kennslu í tveimur þeim fyrrgreindu. Ef gert er ráð fyrir, að forstjórar, sem kenna dýrafræði og jurtafræði, hækkuðu um 900 kr. í launum vegna kennslunnar (sbr. launalögin) og tveir aðstoðarmenn þeirra fengju 600 kr. þóknun fyrir að stjórna verklegum æfingum, yrði kostnaður:

a) við dýrafræði kr. 1500.00 á ári.
b) við jurtafræði — 1500.00 á ári

eða 8220 kr. samtals með vísitölu.

Landafræðikennslan yrði greidd sem tímakennsla, og áætlun við hana kr. 1780, sem er fullhátt (ca. 60 stundir á ári).

Allur kostnaður vegna kennslu yrði þá kr. 10000.00, en þar við mundi bætast það, sem þyrfti til efna og áhalda.

Áður hefur verið gert ráð fyrir, að stofnkostnaður yrði um kr. 50000.00.

Fylgiskjal IX.

Tilraunastofnun í sjúkdómafræði á Keldum í Mosfellssveit.

Nákvæm áætlun um byggingarframkvæmdir á Keldum og teikningar af húsum hefur enn ekki verið gerð.

Yfirlit hefur þó verið gert um, hve mikið húsrúm verður nauðsynlegt til starfseminnar og hvernig því verður fyrir komið í aðalatriðum. Áætlun þessi, sem á sínum tíma var lögð fyrir fjárveitinganefnd Alþingis og lá til grundvallar fjárveitingu þingsins, gerir ráð fyrir 1650000.00 kr. til þessara bygginga: 1. Vinnustofa bygging 12×27.5 metrar, 2. dýrahús A 9×27 metrar, 3. dýrahús B 7×27 metrar, 4. íbúðarhús svipað bústöðum héraðslækna að stærð og kostnaði.

Ekki þykir ástæða til að lýsa þessum fyrirætlunum nánar, þar eð þær hljóta að mótast að nýju í höndum húsameistarans, þegar þar að kemur.

Þá var gert ráð fyrir 64000.00 kr. kostnaði við byggingu tveggja áburðargryfja, vatnslagnar og vegar frá þjóðveginum.

Áætlað verð rannsóknaráhalda og bóka var 198510.00 og heildarkostnaður þannig 1912510.00 kr.

Nú er sjáanlegt, að rannsóknaráhöld verða nokkru dýrari en búizt hafði verið við, og nálgast þá heildarkostnaður 2000000.00 kr.

Þess skal getið, að skrifstofa húsameistara ríkisins aðstoðaði við kostnaðaráætlun um byggingaframkvæmdirnar.

Áætlun um kostnað við áhöld og bækur hefur verið yfirfarin að nýju í samráði við Innkaupadeild Rockefeller Foundation í New York.

Fskj. 1.

Áætlun um árlegan kostnað við rekstur tilraunastofnunar í sjúkdómafræði á Keldum í Mosfellssveit.

I. Laun.

Forstöðumaður	kr. 11100.00	kr. 11100.00
1 rannsóknamaður	— 11100.00	— 11100.00
2 rannsóknamenn	— 10200.00	— 20400.00
2 aðstoðarmenn	— 7800.00	— 15600.00
3 aðstoðarstúlkur	— 5400.00	— 16200.00
Ráðsmaður	— 6000.00	— 6000.00
Dýrahirðir	— 4800.00	— 4800.00
Bílstjóri, húsvörður	— 6000.00	— 6000.00
Skrifstofustúlka	— 4800.00	— 4800.00
Aðstoðarmaður á búinu	— 4800.00	— 4800.00
		kr. 100800.00

Heildarupphæð launa m/vísitölu 274 kr. 276192.00.

II. Annar kostnaður.

1. Rannsóknakostnaður, tilraunadýr, efni og áhöld	kr.	70000.00
2. Eldsneyti, rafmagn, sími	—	15000.00
3. Rekstrarkostnaður á bíl	—	10000.00
4. Umbúðir	—	8000.00
5. Bækur	—	8000.00
6. Ferðakostnaður	—	10000.00
7. Flutningskostnaður, burðargjald	—	5000.00
8. Viðhald fasteigna	—	10000.00
9. Viðhald lausra muna	—	5000.00
10. Þvottur og hreinlætisvörur	—	3000.00
11. Ýmis gjöld	—	5000.00
Samtals	kr.	149000.00

I. Heildarupphæð launa m/ vísitölu	kr.	276192.00
II. Annar kostnaður	—	149000.00
Samtals	kr.	425192.00

Fskj. 2.

Áætlun um tekjur tilraunastofnunar í sjúkdómafræði á Keldum í Mosfellssveit.

1. Tekjur af bóluefni og serum gegn lambablóðsótt	kr.	40000.00
2. Tekjur af lungnapestarbóluefni	—	14000.00
3. Tekjur af seldum búsafurðum	—	15000.00
4. Tekjur af kjúklingasóttarantigeni	—	5000.00
	Kr.	74000.00

Fylgiskjal 3.

Sparnaður á greiðslum ríkissjóðs til annarra stofnana, yrði hafin starfræksla á Keldum, eins og ráðgert er í áætlun um rekstur þar.

1. Laun Björns Sigurðssonar	kr.	10200.00	kr. 27948.00
2. Laun aðst.st. 2. aðstm.	—	6000.00	— 16440.00
3. ½ laun aðstoðarmanns 1. aðstm.	—	3900.00	— 10686.00
4. Laun og rannsóknakostn. Guðm. Gíslass. og aðstoðarm.	—	80000.00	— 80000.00
5. Núverandi áætlaður kostnaður við Keldnabúið	—	70000.00	— 70000.00
6. Léttir af sauðfjársjúkdómanefnd vegna garnaveikirannsókna o. fl.			— 100000.00
		Samtals	kr. 305074.00

Yfirlit.

Árlegur rekstrarkostnaður		kr. 425192.00
Árlegur sparnaður annars staðar	kr. 305074.00	
Árlegar tekjur	— 94000.00	
Mismunur	kr. 26118.00	
	kr. 425192.00	kr. 425192.00

Fylgiskjal 4.

Athugasemdir.

Varðandi rekstraráætlunum er rétt að taka þetta fram:

Launahæð er ákveðin með hliðsjón af lögum um laun starfsmanna ríkisins frá síðasta Alþingi. Heildarupphæð launa er reiknuð með vísitölu 274.

Annar kostnaður er að sjálfsögðu mjög lauslega áætlaður, en reynt hefur verið að styðjast við tilsvarandi liði í kostnaði Rannsóknarstofu háskólans.

Tekjur: Gert er ráð fyrir í samráði við prófessor Niels Dungal, forstöðumann Rannsóknarstofu háskólans, að bóluefni og serum gegn lambablóðsótt og lungnapestarbóluefni verði framleitt á Keldum og upphæðin áætluð í samræmi við reynslu síðustu tveggja ára. Tekjur af seldum búsafurðum eru áætlaðar fremur lágar, vegna þess að nokkuð af þeim yrði selt tilraunastarfseminni. Þeir liðir hafa þá heldur ekki verið færðar tilraunastarfseminni til útgjalda, og breytir það þannig ekki afkomunni út á við.

Sparnaður annars staðar: Gert er ráð fyrir, að kostnaður við vinnu Björns Sigurðssonar og Guðmundar Gíslasonar og aðstoðarfólks þeirra annars staðar falli niður.

Kostnaður sauðfjárveikivarnanna við starfsemi Guðmundar Gíslasonar er 70 þús. kr. Þar við bætast 10 þús. kr., sem rannsóknarstofu háskólans hefur verið greitt vegna aðstoðar og vinnuskilyrða Guðmundar Gíslasonar.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir 90 þús. kr. fjárveitingu til Keldnabúsins eins og það er nú. Þar er auk þess gert ráð fyrir 20 þús. kr. tekjum landbúnaðardeildar, en það mun aðallega vera tekjur af afurðasölu Keldna. Mismunurinn, 70 þús. kr., er því hér færður sem kostnaður við Keldur nú, og félli það undir starfsemi stofnunarinnar eins og hún hefur verið áætluð í heild.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir 320 þús. kr. fjárveitingu (16. gr. 26. lið) til rannsókna og tilrauna vegna sauðfjársjúkdóma á vegum sauðfjársjúkdómanefndar. Þessi liður mun vera innifalinn í 16. gr. nr. 32 sem áætlaður kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma, alls 2600000 kr. á núverandi fjárlögum. Af þessum 320 þús. kr. fara samkvæmt greinargerð sauðfjársjúkdómanefndar 70 þús. kr. til starfsemi Guðmundar Gíslasonar, eins og áður er talið. Enn fremur fé til greiðslu kostnaðar við prófun á garnaveiki í stærri stíl. Þykir ekki ofætlað, að 100 þús. kr. mundi þurfa til þess og annarra rannsókna tilsvarandi,

ef þær ættu að gerast undir óhentugum skilyrðum, en í stórum stíl. Að öðru leyti mun þessi 320 þús. kr. fjárhæð ætluð til skoðana á sjúku fé og sýktum líffærum úti um land o. s. frv., en sú nauðsyn helzt að sjálfsögðu óbreytt.

Að lokum skal þess getið, að líklegt verður að teljast, að ekki líði á löngu, þar til nýir tekjustofnar myndist, sem mundu létta undir með rekstrinum.

Það skal að síðustu tekið fram, að á þessu stigi málsins hlýtur áætlun um rekstrarkostnað að vera allónákvæm og þarfnast leiðréttingar síðar.

Fylgiskjal XI.

RANNSÓKNASTOFA HÁSKÓLANS

Reykjavík, 18. júní 1945.

Áætlaðar breytingar á tekjum og gjöldum Rannsóknastofu Háskólans vegna rannsóknastofunnar að Keldum og stofnunar fyrir fiskiðnað:

Tekjumissir:		
Lambablóðsóttarbóluefni og serum	kr.	41000.00
Lungnapestarbóluefni	—	14000.00
A- og D-vítamin til smjörlíkisgerðar og analysur	—	50000.00
	Kr.	105000.00
Útgjaldasparnaður:		
Laun Þorsteins Þorsteinssonar	kr.	20000.00
Laun Halldórs Vigfússonar	—	15000.00
Dýrafóður	—	5000.00
Glös og efni til bóluefnisgerðar	—	4000.00
A- og D-vítamín, aðkeypt	—	15000.00
	Kr.	59000.00
Tekjumismunur	kr.	46000.00

Síðastliðin tvö ár hefur ríkisstyrkur til R. H. numið um kr. 200000.00 á ári. Vegna þessara fyrirhuguðu breytinga mundi ríkisstyrkurinn til þessarar stofnunar þurfa að hækka upp í kr. 250000.00.

Þeir tekjustofnar, sem R. H. gerir ráð fyrir að halda eftir, eru:

Bráðapestarbóluefni	ca.	70000.00
Ormalyf	ca.	20000.00
Ýmsar tekjur		33000.00
	Kr.	123000.00

Gert er ráð fyrir, að ráðinn verði læknir í stað Björns Sigurðssonar, sem verði sérfræðingur í sýklafræði, því að störf stofnunarinnar á því sviði hafa farið mjög vaxandi, og veitir ekki af sérfróðum manni á því sviði, enda nauðsynlegt vegna kennslunnar, sem er ofvaxin einum manni, ef unnt á að vera að kenna meinafræði og sýklafræði sæmilega.

Níels Dungal.

Fylgiskjal XII.

Afrit.

TRE ROCKEFELLER FOUNDATION

49 West 49th Street
New York 20, N.Y.
COPY for Dr. B. Sigurdsson.

(The original of this letter, and a similar letter addressed to the Hon. Mr. Ólafur Thors, Premier and Minister of Foreign Affairs, have been sent through The Hon. Mr. Thor Thors, Minister for Iceland, Wash., D.C.)

May 21, 1945.

My dear President Sigurdsson:

I have the honor to inform you that at a meeting of the Executive Committee of The Rockefeller Foundation on May 18, 1945, action was taken providing up to $ 150000 to the University of Iceland toward the cost of building and equipping an Institute of Experimental Pathology, the Icelandic Government having taken action enabling it to share equally in the expense.

It was the understanding of the meeting based upon information furnished by officers of the Government and University that plans will be completed during this coming summer, and that work will in all probability be completed in two years or less. We shall be glad to arrange to make payments as needed, and we would ask that annual statements of receipts and expenditures be sent us. Any balance remaining unexpended as of December 31, 1947, will revert to the Foundation.

Similar notice is being sent to Mr. Ólafur Thors. It is a pleasure to the Members and officers of the Foundation to report this action, which we hope will facilitate research of much benefit in Iceland.

Very truly yours

Norma S. Thompson
Secretary.

Professor Jon H. Sigurdsson
President, University of Iceland.
Reykjavík, Iceland.

Copy to: Dr. B. Sigurdsson.

Copy of letter to Mr. Ólafur Thors
has been sent to The Honorable Helgi P. Briem.

Fylgiskjal XIII.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 29. okt. 1945.

Frumvarp það til laga um Atvinnudeild háskólans, er hið virðulega Menntamálaráðuneyti sendi háskólaráði til umsagnar með bréfi dags. 24. þ. m., var rætt á fundi háskólaráðs 26. okt., og var samþykkt einróma að mæla með því, að það yrði að lögum. En jafnframt samþykkti háskólaráð að vekja athygli ráðuneytisins á nokkrum atriðum í frumvarpinu, sem e. t. v. þyrftu breytingar eða frekari athugunar við.

Í 1. gr. vantar grasafræði í tölu námsgreinanna, og virðist sjálfsagt, að henni verði bætt þar við. Hins vegar eru nefndar þar bæði eðlisfræði og stærðfræði. Það er nú eigi líklegt, að sérfræðingar, er kennt geti þessar tvær fræðigreinar, verði í Atvinnudeild, en hins vegar er kennsla í þeim báðum í verkfræðideild og líklegt,

að sú skipan verði á höfð, að stúdentar, er nema náttúruvísindi, sæki kennslu í þeim til verkfræðideildar. Er því athugavert, hvort eigi sé rétt að fella þessar tvær fræðigreinar niður úr upptalningunni í 1. gr., en skipa aðeins fyrir með reglugerð um nám náttúrufræðistúdenta í þeim báðum.

Í 11. gr. er mælt svo fyrir, að forstöðumenn deildanna skuli hafa sömu réttindi og skyldur sem prófessorar og aðrir sérfræðingar í Atvinnudeild réttindi og skyldur sem dósentar. Samkv. l. nr. 24 19. maí 1930 gr. 1 njóta dósentar við háskólann þess réttar, að eftir 6 ára starfstíma verða þeir prófessorar með sömu réttindum og skyldum og aðrir prófessorar háskólans. Að frumvarpinu óbreyttu myndu allir sérfræðingar Atvinnudeildar njóta þessa réttar. Það er efasamt, að nefndin, er frumvarpið samdi, hafi veitt þessu atriði athygli. Ástæður þær, er lágu til þess, að l. nr. 24 1930 voru sett, voru þær, að bæta hlut fáeinna háskólakennara, er höfðu fulla kennsluskyldu á við prófessora, en nutu lægri launa en þeir og voru nefndir dósentar. Þær ástæður sýnast varla eiga við um sérfræðinga atvinnudeildar. Virðist því geta komið til álita, hvort eigi væri rétt að setja inn í 11. gr., við síðustu setningaskilin, ákvæði hliðstætt 2. mgr. 3. gr. l. nr. 68 28. des. 1944, er hljóði eitthvað á þessa leið:

„Ákvæði 1. gr. l. nr. 24 19. maí 1930 taka eigi til þessara sérfræðinga Atvinnudeildar."

Um samband Atvinnudeildar við aðrar deildir háskólans eða um stöðu hennar innan háskólans eru ákvæði frumvarpsins fremur fáskrúðug. Tilætlunin er þó sú, að Atvinnudeildin verði ein af deildum háskólans. Væri æskilegt, að þetta yrði ákveðið nokkru skýrar, og mætti gera það með því að bæta við frumvarpið nýrri grein á eftir 12. gr., svo hljóðandi:

„Að því leyti, sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, lýtur Atvinnudeild þeim lögum, er á hverjum tíma gilda um Háskóla Íslands."

Enn fremur þykir ástæða til að benda á það, hvort eigi væri hyggilegra að bera 14. gr. frv. fram sem sérstakt lagafrumvarp. Efni hennar heyrir ekki að sjálfsögðu til öðru efni frumvarpsins, og vegna skilyrða þeirra, er gjöf Rockefellers Institute var bundin, er sérstök þörf á, að sú skipan, sem greinin hefur að geyma, komist sem fyrst í framkvæmd. Það mundi því vera mjög óheppilegt, ef samþykkt hennar á Alþingi tefðist vegna ágreinings um annað efni frumvarpsins.

Enn vill háskólaráð benda á, hvort eigi sé rétt að nema úr lögum II. kafla l. nr. 64 7. maí 1940 í heild sinni.

Að endingu skal þess getið, að háskólaráði kom til hugar, að ritvilla kynni að vera í ákvæðinu til bráðabirgða, „iðnaðardeild" í stað „fiskiðnaðardeild". Þar sem hin síðarnefnda deild er enn ekki komin á fót, virðist oss líklegra, að ráðstafa þyrfti verkefnum hennar til annarra deilda en verkefnum iðnaðardeildanna.

Frumvarpið endursendist.

Ólafur Lárusson.

Til menntamálaráðuneytisins.

Fylgiskjal XIV.

MILLIÞINGANEFND Í SKÓLAMÁLUM

Reykjavík, 13. okt. 1945.

Samkvæmt ósk ráðuneytisins í bréfi, dags. 5. þ. m., ræddi skólamálanefnd á fundi 6. þ. m. um þann kafla frumvarps til laga um atvinnudeild Háskólans, sem fjallar um kennslu þá, er deildin á að veita, og fylgdi bréfi ráðuneytisins.

Nefndin var á einu máli um það að mæla með umræddum kafla frumvarpsins, enda stefnir hann í sömu átt og tillögur þær, er nefndin gerir um kröfur til menntunar gagnfræðakennara í 38. gr. frumv. til laga um gagnfræðanám, sem er í höndum ráðuneytisins.

Nefndin telur sjálfsagt, að allir kennarar í gagnfræðaskólum og öðrum slíkum skólum hafi hlotið nokkra undirstöðu í uppeldis- og sálarfræði, en hana getur háskólinn veitt; enn fremur í kennslufræði og kennsluæfingum, sem ætti að mega fá í gagnfræðaskólunum og menntaskólanum hér og svo síðar í kennaradeild við háskólann og æfinga- og tilraunaskólanum, ef frumvörp nefndarinnar þar að lútandi verða að lögum. Mundi því rétt að bæta við 2. gr. orðunum: enda hafi þeir sem aðrir kennarar numið uppeldisfræði, sálarfræði og kennslufræði og tekið þátt í kennsluæfingum.

F. h. milliþinganefndar í skólamálum

Ásmundur Guðmundsson. Helgi Elíasson.

Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Nd. 283. Breytingartillaga

við frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 8. gr.

1. málsliður greinarinnar orðist svo:

Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára, þó getur fræðsluráð ákveðið að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, að fræðsluskylda í einu eða fleiri skólahverfum innan fræðsluhéraðsins skuli aðeins ná til 14 ára aldurs, ef hlutaðeigandi skólanefnd óskar þess.

Ed. 284. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leitað upplýsinga hjá ríkisstjórninni um það, hvað líði endurskoðun útsvarslaganna.

Félagsmálaráðuneytið hefur með bréfi 20. nóv. s.l. tjáð nefndinni, að Samband ísl. sveitarfélaga hafi nefnd, er gera skuli tillögur um fastar reglur fyrir álagningu útsvara, þ. á m. skiptingu þeirra milli sveitarfélaga, og hafi ráðuneytið, með bréfi 3. ágúst s.l., óskað eftir að fá tillögur nefndarinnar.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur lagt fyrir nefnd sína að ljúka störfum fyrir n. k. áramót, með það fyrir augum, að þá geti farið fram, í samráði við félagsmálaráðuneytið, heildarendurskoðun útsvarslaganna og að frv. um það efni verði lagt fyrir Alþingi það, sem saman á að koma 15. febr. n. k.

Með tilliti til þessa telur nefndin ekki ástæðu til að gera nú breytingu á útsvarslögunum, heldur sé réttara að bíða eftir þeirri heildarendurskoðun, sem stendur fyrir dyrum.

Einn nefndarmanna, BSt, óskar tekið fram, að hann sé frumv. samþykkur efnislega, en geti þó fallizt á að bíða eftir væntanlegri endurskoðun útsvarslaganna, ef hún dregst ekki lengur en til næsta þings.

Nefndin leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem upplýst er, að verið er að vinna að heildarendurskoðun útsvarslaganna og ráðgert, að frumvarp um það efni verði lagt fyrir Alþingi það, sem saman á að koma 15. febr. n. k., telur deildin ekki rétt að afgreiða nú frumv. þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. des. 1945.

Bjarni Benediktsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Steingr. Aðalsteinsson, frsm.

Guðm. Í. Guðmundsson. Lárus Jóhannesson.

Ed. 285. Lög

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

(Afgreidd frá Ed. 4. des.)

Samhljóða þskj. 22.

Sþ. 286. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerð á Skjálfandafljóti.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að endurreisa gömlu Ölfusárbrúna yfir Skjálfandafljót hjá Stóruvöllum í Bárðardal, ef öruggur grundvöllur er fyrir stöpul á brúarstæðinu.

Greinargerð.

Fyrir rúmri hálfri öld reisti Tryggvi Gunnarsson Ölfusárbrúna. Það var síðasta stórbrú hans. En alllöngu áður hafði hann byggt brú yfir Skjálfandafljót hjá Goðafossi, heima í ættbyggð sinni. Það var fyrsta stórbrúin, sem hann byggði, og fyrsta stórbrúin, sem gerð var á Íslandi.

En innanvert við brúna, á þjóðveginum yfir Þingeyjarsýslu, er nálega 40 km byggð í Bárðardal. En á öllu þessu langa svæði er sveitin brúarlaus. Dalurinn er einn hreppur, ein sókn og eitt skólahérað. Fólkið í dalnum verður að fara á ferju eða hestum yfir þetta stórvatn til hreppsfunda, til kirkju, eftir yfirsetukonu og lækni, með börn í skóla og til margháttaðra ferða vegna sveitarmála og atvinnurekstrar. Á öllu þessu byggða svæði rennur Skjálfandafljót með nokkuð jöfnum halla á hraunbotni og er að jafnaði 150 m breitt.

Í Bárðardal hefur frá landnámsöld verið nokkuð langt milli bæja, jarðir stórar, og voru heimilin áður fyrr mjög fjölmenn. Þegar lausafólk hvarf af heimilum Bárðdæla, skiptu systkin og frændur mörgum stærstu jörðunum, og búa nú þrír og stundum fjórir bændur á gamalli einbýlisjörð. Bárðdælir eru athafnasamir menn og hafa gert mikið fyrir sveit sína. Eru nýlega byggð steinhús á flestum bæjum, víða rafstöðvar til ljósa, hita og suðu, sími á hverjum bæ og vélanotkun í bezta lagi við framleiðsluna. En eina umbót vilja Bárðdælir fá, sem þeim er ofvaxin að gera einum, og það er að brúa Skjálfandafljót í miðri byggðinni, til að létta af fólkinu í dalnum margháttuðum tilkostnaði, erfiðleikum og lífshættu, sem leiðir af hinum hættulegu ferðum, sem helmingur hreppsbúa verður stöðugt að leggja á sig vegna nauðsynlegra félagsstarfa í byggðinni. Brú í Bárðardal yfir Skjálfandafljót þarf að vera nokkuð

löng, en ekki miðuð við þunga bíla, þar sem aðeins er um innansveitarumferð að ræða, og enga mjólkurflutninga, því að sauðfjárrækt er aðalatvinnuvegur allra Bárðdæla.

Þegar ákveðið var að byggja nýja brú yfir Ölfusá, vegna vaxandi þungavöruflutninga, kom mér til hugar, að hugsanlegt væri, að gamla brúin hjá Selfossi gæti gert mest gagn, ef hún yrði endurbyggð yfir Skjálfandafljót í Bárðardal. Fannst mér m. a., að minningu Tryggva Gunnarssonar væri verðuglega haldið á lofti með því að láta Ölfusárbrúna enda sína daga til gagns í ættarhéraði þessa merkilega bónda úr Fnjóskadal, sem gerðist mestur brúarsmiður á Íslandi. Eftir að mér var fullkunnugt um, að Ölfusárbrúin var of veik og of mjó til að verða nothæf yfir Hvítá hjá Skálholti, byrjaði ég að ræða um hugsanlegan flutning brúarinnar norður að Skjálfandafljóti. Emil Jónsson samgöngumálaráðherra fól vegamálastjóra að láta athuga brúarstæðið hjá Stóruvöllum í sumar sem leið. Lét Geir Zoëga kunnáttumenn sína gera nákvæma mælingu á brúarstaðnum með tilliti til þess, að Ölfusárbrúin kynni að verða flutt þangað. Hafði vegamálastjóri reynslu í þessu efni, þar sem hann hafði flutt og endurbyggt gömlu Sogsbrúna uppi við Hvítárvatn. Reynist hún þar ágætlega, enda aðeins umferð af léttibílum, eins og verða mundi í Bárðardal.

Skömmu eftir að Alþingi kom saman í haust, svaraði Emil Jónsson samgöngumálaráðherra fyrirspurn frá Eiríki Einarssyni þm. Árnesinga um skilyrðin til að flytja Ölfusárbrúna að Iðu. Svaraði ráðherrann þessari fyrirspurn neitandi og byggði þá skoðun á skriflegu áliti vegamálastjóra. Leggur vegamálastjóri til, að byggð verði yfir Hvítá hjá Iðu ný brú, breið og sterk og burðarmagn hennar miðað við þunga mjólkur- og vörubíla. Ráðherrann gaf í ræðu sinni nokkrar upplýsingar um aðra staði, sem til mála gætu komið fyrir endurbyggða Ölfusárbrú. Nefndi vegamálastjóri í skýrslu sinni fjóra staði:

1. Blöndu hjá Löngumýri, 50 m.
2. Hvítá í Borgarfirði hjá Bjarnastöðum, 52—55 m.
3. Lagarfljót hjá Kirkjubæ, 62 m.
4. Tungná á Sprengisandsleið, 65—70 m.

Um þessi fjögur brúarstæði segir Geir Zoëga:

„Þar sem vænta má, að styrkleika þriggja fyrsttöldu brúanna verði að miða við, að fullhlaðnar mjólkurflutningabifreiðar fari þar um, efast ég nú um, að rétt þyki að nota Ölfusárbrúna þar, því að þeir eru allt að 8 tonn að þyngd.“ .... „Frekar geri ég ráð fyrir, að gamla brúin þætti nothæf á jafnfáfarinni leið og yfir Tungná.“

Síðan minnist vegamálastjóri á Skjálfandafljót:

„Hefur sérstaklega verið óskað, að athugað væri, hvort ekki mætti nota Ölfusárbrúna á Skjálfandafljót, því að þar mundi væntanlega nægja létt brú. Brúarstæði, er til greina koma þar, hafa verið mæld sl. sumar.“ Telur vegamálastjóri, að með nokkurri breytingu kynni að mega nota brúna yfir Skjálfandafljót.

Brúarstæðið hjá Stóruvöllum er 112 m á lengd, en Ölfusárbrúin er 110 m, en þriðjungur hennar er yfir þurru landi, austan árinnar. Nú er öruggur klapparbotn í Skjálfandafljóti, og hefur nýlega verið byggður öruggur stöpull fyrir svonefnda Kvíslarbrú yfir ál úr fljótinu, skammt frá Goðafossi. Með því að gera stöpul á klapparbotni Skjálfandafljóts hjá Stóruvöllum eru uppfyllt öll nauðsynleg skilyrði til að nota brúna þar, því að vitaskuld má nota þann hluta brúarinnar, sem nú er yfir þurru landi, yfir grynningar þær, sem eru í Skjálfandafljóti austanverðu hjá Stóruvöllum. Ég hef þess vegna miðað tillöguna við það, að vegamálastjórnin mætti ákveða Ölfusárbrúnni stað hjá Stóruvöllum í Bárðardal, ef örugg undirstaða væri fyrir stöpul á heppilegum stað í fljótinu. Reynslan hefur sýnt, að slíkir stöplar þola vel ísrek, bæði við áðurnefnda Kvíslarbrú og þá ekki síður hjá Ferjukoti, þar sem undirstaða var þó allt önnur og erfiðara að byggja úti í ánni en hjá Stóruvöllum.

Það, sem mælir með, að Ölfusárbrúin verði endurbyggð hjá Stóruvöllum, er það, að hún er af heppilegri lengd. Það skaðar ekki, þó að brúin sé nokkuð mjó og ekki

talin bera þunga vagna, þar sem aðeins er um innansveitarumferð að ræða. Í öðru lagi er ekki í neinum hrepp á Íslandi byggð á 40 km svæði skilin sundur með stórfljóti nema í Bárðardal. Öll stórvötn verða brúuð fyrr eða síðar. Ölfusárbrúin virðist hvergi koma að fullum notum nema í Bárðardal. Er þá ávinningur að bæta úr þörf þessarar sveitar með brú, sem til er, svo að héruð, sem þurfa breiðar og sterkar brýr, geti fengið þá úrlausn, sem hentar þeirra þörfum.

Ed. 287. Nefndarálit

um frv. til l. um eyðingu svartbaks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmanna (HG og KA) voru fjarstaddir.

Alþingi, 4. des. 1945.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Eiríkur Einarsson. Páll Hermannsson.

Ed. 288. Nefndarálit

um frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er borið fram af ríkisstjórninni í framhaldi af samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 23. ágúst síðastl. Fjárhagsnefnd Nd. gaf að vísu út tvö nefndarálit um málið, en ágreiningurinn virðist ekki hafa verið um málið sjálft, heldur um upphæð lánsheimildarinnar og atriði í samningunum.

Það mun vera samróma álit allra eða flestra, að nota beri þá fjármuni, sem þjóðinni hafa safnazt, að sem allra mestum hluta til öflunar framleiðslutækja, og mun þá varla orka tvímælis, að nauðsyn sé að endurnýja, auka og umbæta þau framleiðslutækin, sem hvað fengsælust hafa verið í höndum Íslendinga, en það eru togararnir.

Ríkisstjórn og Nýbyggingarráð hófust því handa um það að fá togara í Englandi, en á því voru miklir örðugleikar, bæði að fá leyfi stjórnarvalda og ná samningum við skipasmíðastöðvar. Þó var von um að fá örfáa eða alls 6 togara smíðaða handa Íslendingum. Þriggja manna nefnd, sem var í útlöndum á vegum Nýbyggingarráðs, tókst þó að útvega stjórnarleyfi fyrir 30 nýjum togurum fyrir Íslendinga og ná samningum við 5 kunn skipasmíðaverkstæði um bygging þessara togara. Voru þessir bráðabirgðasamningar miðaðir við beztu togara, sem smíðaðir eru fyrir Englendinga og beztir hafa þótt hér, 170 feta skip, og áttu þeir að kosta 72 þúsund sterlingspund, eða um 1.87 millj. kr. hver. Var gert ráð fyrir, að nefnd sérfróðra manna færi til Englands og gengi frá samningum um gerð skipanna o. fl.

Er þessi árangur var fenginn, lét ríkisstj. hefja nákvæmar athuganir á því, hvernig þessir togarar skyldu vera, og hafði einnig um það samráð við útgerðarmenn hér, eftir því sem til náðist. Varð þá að ráði að hafa skipin töluvert stærri, 175 fet að lengd, vél allmiklu sterkari, eða 1300 hö í stað 900 ha., olíukyndingu í stað kolakyndingar, íbúðir sjómanna betri o. s. frv. Olli þetta hækkun á verði skipanna upp í 98000 sterlingspund (2.55 millj. kr.), 26000 punda hækkun á skip, eða rúml. 36% hækkun frá fyrra verði. Telja menn þó, að stækkun og umbætur á skipunum séu þessa virði. Á þetta við 28 af hinum nýju togurum, en 2 togararnir eru nokkru minni, 170 fet, með

dieselvél, og eru um 2000 sterlingspundum ódýrari hvor. Fór nefnd utan, eins og ráð hafði verið fyrir gert, og gekk frá þessum samningum. Voru samningar gerðir í október síðastl. Um þriðjungur togaranna á að vera tilbúinn fyrir árslok 1946 og hinir fyrir árslok 1947. Dieseltogararnir munu þó ekki verða til fyrr en á árinu 1948.

Það var að skilyrði sett, að ríkisstjórn Íslands hefði milligöngu um þessi kaup í einu lagi og að gengið yrði til samninga tafarlaust, þar sem nóg er eftirspurnin. Eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, selur ríkisstjórnin skip þessi aftur, og hefði óneitanlega verið æskilegast að geta gert út um þær sölur áður en samningar voru gerðir. En þess var enginn kostur, bæði sökum þess hraða, er hafa varð á málinu, ónógs undirbúnings og þó ekki síst hins, að ekki hafði verið gengið frá um lánskjör kaupendunum til handa, og er ekki enn frá því gengið. Er því augljóst, að fyrir ríkisstjórnina var ekki nema um tvennt að velja, að gera kaupin upp á væntanlega sölu eða eiga á hættu, að Íslendingar yrðu af skipunum.

Þegar kostur hafði verið gerður á nokkrum togurum í Englandi, spurðist ríkisstjórnin fyrir um að, hverjir óskuðu að koma til greina um slík togarakaup. Bárust þá umsóknir um kaup á 43 togurum. En þessar „pantanir" voru vitanlega án allra skuldbindinga, og auk þess munu þær hafa verið miðaðar við mun lægra verð en endanlega var ákveðið. Hefur því Nýbyggingarráð auglýst eftir umsóknum um þessa 30 togara, og er umsóknarfrestur til 15. þ. m. Er nokkuð í óvissu enn um þetta, enda munu ýmsir eða ef til vill flestir bíða eftir að fá að vita, hver lánskjör verður um að ræða til þessara kaupa. Má ekki dragast lengi að ganga úr skugga um það. Ríkisstjórnin hefur fengið hægari kjör í Englandi um útborgun, 10% í stað 20%, og um úthlutunaraðferð mun hafa verið ákveðið. Það er og víst, að mikill meiri hluti þessara togara er þegar út genginn, og verður sennilega engin fyrirstaða um sölu þeirra allra, þegar nauðsynlegum undirbúningi er lokið. Aðalatriðið er vissulega, að skip þessi eru tryggð Íslendingum, þó að enn sé ekki vissa fengin um það, á hvaða hendur þau komast hér innan lands.

Deila mætti um það, hve há lánsheimild 2. gr. ætti að vera. Hún virðist upphaflega hafa verið miðuð við fullt verð 30 togaranna, eða 2 millj. kr. á skip (1.87 millj. að viðbættu ýmsu, er auka þyrfti við). Ekki var þó líklegt, að nokkru sinni kæmi til þess að ríkissjóður þyrfti að svara út öllu þessu fé, og hefði lánsheimildin því mátt vera lægri. Á hinn bóginn hefur lánsheimildin ekki verið hækkuð, þó að nú sé um hækkun á kaupverði togaranna að ræða úr tæpum 60 millj. kr. í fullar 75 millj. Virðist alveg ástæðulaust að hrófla við þessari lánsheimild. Hún verður aldrei annað en ágizkun. Hún verður að vera rúm, en engin ástæða til að ætla, að hún verði notuð um þarfir fram, enda er hún bundin við þær framkvæmdir, sem í 1. gr. getur.

Þess hefur nokkuð orðið vart í umræðum um þetta mál, að kaup 30 mjög stórra og vandaðra togara í einu þætti beina nýsköpunarfjármagninu um of í eina átt. Auk þess hafa menn látið í ljós efa um, að fást mundi mannafli á öll þessi skip. En þar er þess að gæta, að þorrinn af þeim togurum, sem Íslendingar eiga nú og gera út, er ekki til frambúðar og ætti ekki að torvelda sölu þeirra um skör fram. Er því hér um að ræða framtíðar togaraflota Íslendinga fyrst um sinn. Og ekki hefur verið vanrækt að afla annarra fiskiskipa, þar sem útlit er fyrir, að um 100 nýir vélbátar bætist í flotann, áður en langt um líður. Þessi skip koma þó aðeins smátt og smátt og fyrirfram ekki ástæða til þess að óttast skort á mönnum á þau, ef útgerð þeirra á annað borð verður rekin með sæmilegri afkomu. Um önnur áform til nýsköpunar atvinnuveganna er hér ekki ástæða að ræða.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 4. des. 1945.

Magnús Jónsson, form., frsm. H. Guðmundsson. Kristinn E. Andrésson.

Þorst. Þorsteinsson, með fyrirvara.

Ed. 289. Frumvarp til laga

um skólakerfi og fræðsluskyldu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Allir skólar, þeir sem kostaðir eru eða styrktir af almannafé, mynda samfellt skólakerfi.

2. gr.

Skólakerfið skiptist í þessi fjögur stig: 1. barnafræðslustig, 2. gagnfræðastig, 3. menntaskóla- og sérskólastig, 4. háskólastig.

Á barnafræðslustiginu eru barnskólar. Á gagnfræðastiginu eru unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar. Á menntaskóla- og sérskólastiginu eru menntaskólar og sérskólar. Á háskólastiginu er háskóli.

3. gr.

Barnaskólar eru fyrir börn á aldrinum 7—13 ára. Barnafræðslunni lýkur með barnaprófi.

4. gr.

Unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar taka þegar við að loknu barnaprófi. Þeir greinast í tvenns konar deildir, bóknámsdeild og verknámsdeild, eftir því, á hvort námið er lögð meiri áherzla.

Unglingaskólarnir eru tveggja ára skólar. Nám í þeim jafngildir námi í tveimur neðstu bekkjum gagnfræðaskóla. Því lýkur með unglingaprófi, og veitir það rétt til framhaldsnáms í miðskólum og gagnfræðaskólum.

Miðskólarnir eru þriggja ára skólar. Nám í þeim jafngildir námi í þremur neðstu bekkjum gagnfræðaskóla. Því lýkur með landsprófi, miðskólaprófi. Það veitir rétt til inngöngu í sérskóla og menntaskóla með þeim takmörkunum, er kunna að verða settar í lögum þeirra eða reglugerðum.

Gagnfræðaskólar í kaupstöðum eru fjögurra ára skólar. Gagnfræðaskólar í sveitum veita aðeins tveggja ára fræðslu að loknu unglingaprófi. Þó er fræðslumálastjórn heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef forráðamenn gagnfræðaskóla óska þess. Nemendur gagnfræðaskóla ganga eftir 2 eða 3 ár undir sama próf, sem nemendur unglingaskóla og miðskóla. Burtfararpróf úr gagnfræðaskóla, gagnfræðapróf, veitir rétt til náms í þeim sérskólum, er þess prófs krefjast, og til starfs við opinberar stofnanir, eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.

5. gr.

Menntaskólar skulu vera samfelldir fjögurra ára skólar og greinast í deildir eftir því, sem þörf krefur. Burtfararpróf þaðan, stúdentspróf, veitir rétt til háskólanáms.

Um sérskóla segir í lögum þeirra og reglugerðum hvers um sig.

6. gr.

Til inngöngu í háskóla þarf stúdentspróf. Þó getur háskóladeild krafizt viðbótarprófa, ef þörf gerist. Háskólinn greinist í eins margar deildir og þurfa þykir, eftir því sem ákveðið verður í lögum hans og reglugerð.

7. gr.

Kennsla er veitt ókeypis í öllum skólum, sem kostaðir eru að meiri hluta af almannafé.

8. gr.

Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára. Þó getur fræðsluráð ákveðið að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, að fræðsluskylda í einu eða fleiri skólahverfum innan fræðsluhéraðsins skuli aðeins ná til 14 ára aldurs, ef hlutaðeigandi skólanefnd óskar þess. Heimilt er sveitarfélögum með samþykki fræðslumálastjórnar að hækka fræðsluskyldualdur til 16 ára.

9. gr.

Nú getur nemandi ekki stundað skyldunám sökum fjárskorts, og skal þá veita styrk til þess af almannafé.

10. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd á fræðslu, skipan skóla hvers stigs og fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til skólahaldsins skulu sett í lögum og reglugerðum fyrir skóla hvers stigs.

11. gr.

Lög þessi taka þegar gildi og skulu koma til framkvæmda á árunum 1946—1952, eftir því sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð.

Nd. 290. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 27. júní 1921, um lestagjald af skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

2. gr. laganna breytist og verði þannig:

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Um greiðslu gjaldsins í ríkissjóð fer sem um aukatekjubókargjöld.

2. gr.

Fyrri málsliður 4. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga um lestagjald af skipum, nr. 37 27. júní 1921, og gefa þau út svo breytt.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Ed. 291. Nefndarálit

um frv. til l. um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá Nd. Þingmenn Skagfirðinga fluttu frv. þar. Mörg undanfarin ár hafa bændur í Skagafirði varið miklu fé og fyrirhöfn til að verjast ágangi Héraðsvatna á lönd þar. Er svo komið nú, að þeir treystast ekki til að bera þann kostnað hjálparlaust.

Í frv. þessu er ætlazt til, að ríkissjóður veiti sams konar aðstoð og á sínum tíma var ákveðið að veita á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Landbúnaðarnefnd telur þetta eðlilegt og mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 4. des. 1945.

Þorst. Þorsteinsson, form. Kristinn E. Andrésson, fundaskr. Páll Hermannsson, frsm.

Eiríkur Einarsson. H. Guðmundsson.

Nd. 292. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 266 [Raforkulög].

Flm.: Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson.

Við tölul. 2. Fyrir orðin „eiga og reka skv. 1. gr.“ kemur: eiga og reka eða eiga í smíðum skv. 1. gr.

Ed. 293. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Innri Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin varð sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. des. 1945.

Þorst. Þorsteinsson, form. Kristinn E. Andrésson, fundaskr., frsm. H. Guðmundsson.

Páll Hermannsson. Eiríkur Einarsson.

Ed. 294. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta gerir ráð fyrir, að laun yfirullarmatsmanna og ullarmatsformanns hækki um ⅓ frá því, sem verið hefur að undanförnu allt frá árinu 1936.

Landbúnaðarnefnd telur sanngjarnt, að laun þessara starfsmanna hækki til samræmis við laun manna við sambærileg störf og leggur því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 4. des. 1945.

Þorst. Þorsteinsson, form. Kristinn E. Andrésson, fundaskr. H. Guðmundsson, frsm.

Páll Hermannsson. Eiríkur Einarsson.

Nd. 295. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 232 [Raforkulög].

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Á eftir „⅔ kostnaðar“ í tillgr. komi: gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar.

Ed. 296. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina kemur ný málsgrein:
   Þó er ráðherra heimilt að láta rétt til kennaralauna og rekstrarkostnaðar samkvæmt lögum þessum einnig ná til einkaskóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði.
2. Á eftir 1. gr. kemur ný grein svo hljóðandi (og breytist greinatalan skv. því):
   9. gr. laganna orðist svo:
   Ríkissjóður greiðir kennaralaun húsmæðraskólanna samkv. ákvæðum launalaga og ¾ rekstrarkostnaðar gegn ¼ frá hlutaðeigandi héraði. Framlag ríkisins til rekstrar skólanna miðast við það, að hver húsmæðraskóli fái í rekstrarkostnað fyrir hverja námsmey sem svarar 75% af tilkostnaði ríkisins við hvern nemanda í bændaskólum landsins árið áður, enda séu þar dregin frá öll kennaralaun.

Ed. 297. Nefndarálit

um frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er samhljóða bráðabirgðalögum frá 23. ágúst sl. og hefur nú hlotið samþykki hv. neðri deildar.

Allir munu sammála um það, að þjóðinni sé þörf á að eignast ný framleiðslutæki, þar á meðal togara. Ber að sjálfsögðu að styðja alla skynsamlega viðleitni í þá átt. Hins vegar mun þó mjög orka tvímælis og vera umdeilt, hvort samningur sá, er ríkisstjórnin hefur gert um togarakaup í Bretlandi, sé oss Íslendingum hagkvæmur, bæði að því er snertir verð og gerð skipanna.

Með togarakaupum þessum hefur íslenzka ríkið tekið á sig meiri fjárhagslega ábyrgð en dæmi eru til áður, og þó ræðst ríkisstjórnin í slíkt, án þess að leita samþykkis Alþingis. Hún veitir og sjálfri sér heimild með bráðabirgðalögum til stórfelldari lántöku heldur en nokkurn tíma hefur verið veitt. Virðist fjárveitingavald Alþingis og vald þess yfir fjármálum ríkisins yfirleitt vera orðið næsta lítils virði, ef slíkt er látið viðgangast átölulaust.

Að sjálfsögðu bar ríkissjórninni skylda til að kalla Alþingi saman og bera stórmál þetta undir það, áður en gengið var endanlega frá samningum þessum. Var þetta því sjálfsagðara, sem mörg önnur vandamál þurfti að leysa. Ríkisstjórnin tók þó þann kost að ráða bæði þessu máli og mörgum fleiri til lykta upp á sitt eindæmi. Var

þó ríkisstjórninni margbent á það á síðasta þingi, í sambandi við þingfrestunarmálið, að Alþingi þyrfti að koma saman eigi síðar en 1. sept. vegna sumra þessara mála. Virðist stjórnskipulag vort (**þingbundið** lýðveldi) beinlínis vera í nokkurri hættu, ef þessu fer fram. Að bera þessa samninga nú undir Alþingi, eftir að þeir eru gerðir og skuldbindingar teknar gagnvart öðru ríki, er raunverulega formið eitt.

Það álit var látið í ljós af fylgismönnum ríkisstjórnarinnar í nefndinni, að ekki mundi þurfa að nota svipað því alla þá lánsheimild, 60 millj. kr., sem 2. gr. ákveður. Virðist mér þá, eins og í pottinn er búið, óþarfi að veita víðtækari heimild í þessu efni en þörf er á. Legg ég því til, að á frv. verði gerð eftirfarandi

BREYTING:

Við 2. gr. Í stað „60 millj. króna“ komi: 30 millj. króna.

Alþingi, 4. des. 1945.

Bernh. Stefánsson.

Ed. 298. Breytingartillaga

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Hermanni Jónassyni.

Við 2. gr. B.

a. Á efir 7. tölulið kemur nýr liður: Drangsnes.
b. Á eftir 12. tölulið kemur nýr liður: Gjögur.
c. Á eftir 22. tölulið kemur nýr liður: Kaldrananes í Bjarnarfirði.
d. Á eftir 26. tölulið kemur nýr liður: Norðurfjörður.

Sþ. 299. Tillaga til þingsályktunar

um kaup á skipinu Pétursey handa Sjóminjasafni Íslands.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Sveinbjörn Högnason, Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að festa kaup á áttæringnum Pétursey, sem nú er í eigu Jóns Halldórssonar í Vík í Mýrdal, og afhenda hann Sjóminjasafni Íslands til eignar og varðveizlu.

Greinargerð.

Flest ef ekki öll þau skip, sem notuð voru fyrir aldamót við „sandana“ á Suðurlandi og í Vestmannnaeyjum, munu nú úr sögunni eða ósjófær orðin. En eins og kunnugt er, voru skip þessi gerð með sérstöku lagi og gerð til að hæfa sem bezt brimsjóunum við hina opnu strönd. Eitt þeirra fáu þessara skipa, Pétursey, mun þó enn í sæmilegu ásigkomulagi vegna framúrskarandi góðs viðhalds og hirðu núverandi eiganda, Jóns Halldórssonar, kaupm. í Vík. Skip þetta er einnig eitt þeirra, sem frægast er frá sjóferðum við hina opnu strönd Suðurlandsins síðari hluta 19. aldar og allt fram yfir aldamót. Skipið mun byggt í Mýrdal árið 1855 og er 4.02 smálestir að stærð. Það virðist sjálfsagt að geyma svo merkar minjar frá sjósókn landsmanna, og því er tillaga þessi fram borin.

Nd. **300. Lög**

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Afgreidd frá Nd. 5. des.)

Samhljóða þskj. 129.

Nd. **301. Lög**

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

(Afgreidd frá Nd. 5. des.)

Samhljóða þskj. 84.

Nd. **302. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1946 með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 5. des.)

Samhljóða þskj. 143.

Ed. **303. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búðahreppi landspildu úr Kjappeyrarlandi.

(Afgreidd frá Ed. 5. des.)

Samhljóða þskj. 112.

Nd. **304. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 266 [Raforkulög].

Frá Pétri Ottesen og Bjarna Ásgeirssyni.

Við tölul. 3. Fyrir „⅔“ kemur: 85%.

Ed. **305. Breytingartillaga**

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 1. gr. Aðra málsgr. skal orða svo:

Ef vara er seld tvenns konar verði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar og hún sér um, að hæfilegt neyzlumagn vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er í vísitölu, að viðbættum 25% sé á boðstólum með lægra verðinu, skal vísitalan eingöngu miðuð við það.

Sþ. 306. Breytingartillaga

við till. til þál. um flutning hengibrúar.

Frá Eiríki Einarssyni og Ingólfi Jónssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvort hin gamla hengibrú á Ölfusá hjá Selfossi sé nothæf á eitthvert þeirra vatnsfalla í Árnes- eða Rangárvallasýslu, sem aðkallandi er, að brúað verði, og láta flytja brúna til endurbyggingar á þann stað í þeim héruðum, er gerlegt og réttmætt þykir að hagnýta brúna að dómi vegamálastjórnar. Leiði rannsókn hins vegar í ljós, að brúin henti eigi til nota í framannefndum héruðum, skal setja hana á fyrirhugað brúarstæði á Hvítá í Borgarfirði hjá Bjarnastöðum í Hvítársíðu, enda leiði rannsókn, er ríkisstjórnin lætur framkvæma, í ljós, að brúin henti þar og geti komið að fullum notum. Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 307. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 58 27. júní 1941, um landnám ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin lætur framkvæma landnám við þorp og kaupstaði og í sveitum, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, og greiðir ríkissjóður til þessara framkvæmda 500 þús. kr. á ári. Heimilt er og að verja í sama skyni allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem árlega kann að verða ákveðin í fjárlögum ríkisins til framleiðslubóta og atvinnuaukningar.

2. gr.

Á eftir orðunum „sem ríkið er eigandi að“ í 2. gr. laganna komi: eða í landi, sem er eign sveitar- eða bæjarfélaga, enda takist samningar um það.

3. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:

Áður en landnámssvæði í ríkiseign er ákveðið, skal nýbýlastjórn o. s. frv.

4. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 9. gr., svo hljóðandi:

Þau sveitar- og bæjarfélög, sem óska að verða þessa landnáms aðnjótandi, skulu sækja um það til nýbýlastjórnar. Sé þeim gefinn kostur á slíku landnámi, skulu þau með samningi skuldbinda sig til að byggja eða sjá um, að byggð verði íbúðar- og peningshús og aðrar nauðsynlegar byggingar í samræmi við það skipulag, er nýbýlastjórn ákveður. Þegar uppfylltar hafa verið kröfur nýbýlastjórnar um byggingar og aðra tilhögun á landnámssvæðinu, þá verður viðkomandi sveitar- og bæjarfélag eigandi þeirra umbóta, sem nýbýlastjórn hefur látið framkvæma þar samkvæmt lögum þessum. Þegar sveitar- eða bæjarfélag kostar byggingar á landnámssvæðinu, nýtur það hlunninda samkv. 5. gr., eftir því sem við getur átt.

Býli þau, sem um ræðir í þessari grein, skulu leigð á erfðaábúð, eins og fyrir er mælt í lögum um óðalsrétt og erfðaábúð.

5. gr.

Á eftir orðunum „hinum nýju landnámsjörðum“ í 9. gr. laganna (sem verður 10. gr.) kemur: í ríkiseign.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er í aðalatriðum samhljóða frv. um breyting á lögum um landnám ríkisins, sem landbúnaðarnefnd var sent frá búnaðarþingi. En aðalbreytingarnar eru tvær. Önnur er sú, að framlag ríkisins til mála þessara er hækkað úr 250000 kr. árlegum fjárframlögum, eins og þau eru í lögunum, í 500000 kr. Ber hvort tveggja til, að ekkert fé hefur enn verið lagt til mála þessara samkv. lögunum, svo og hitt, að kostnaður við framkvæmdir þessar hljóta að verða fjárfrekari nú en búizt var við, þá er lögin voru sett. Hin höfuðbreytingin er að heimila framkvæmdir þessar einnig á landi bæjar- og sveitarfélaga, en í lögunum var sú heimild bundin aðeins við land, sem er í eign ríkisins. Er landbúnaðarnefnd sammála búnaðarþingi um það, að rétt sé, að ríkið veiti hinn sama stuðning til þessara mála, ef bæjar- eða sveitarfélög vilja hefja framkvæmdir í þeim og leggja fram land til þess af sinni hálfu, eins og ef ríkið gerir það. Er málinu að sjálfsögðu að því aukinn stuðningur almennt, að fleiri aðilar leggi þar hönd að, auk þess að framkvæmd þess í einstökum atriðum getur orðið mikill styrkur að forgöngu bæjar- og sveitarfélaga til viðbótar við þann stuðning, sem ríkið veitir.

Sþ. 308. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.			
			a. Við 1. (Tekju- og eignarskattur). Fyrir „26 000 000“ kemur		29 000 000
			b. Við 3. (Vörumagnstollur). Fyrir „10 000 000“ kemur		11 000 000
			c. Við 4. (Verðtollur). Fyrir „33 000 000“ kemur		35 000 000
			d. Við 11. (Stimpilgjald). Fyrir „2 500 000“ kemur		3 000 000
			e. Við 15. (Veitingaskattur). Fyrir „600 000“ kemur		800 000
2.	—	3. —	A. Sundurliðun 2. Landssíminn.		
			a. Við I. (Tekjur). Fyrir „13 130 000“ kemur		13 500 000
			b. Við II. a. (Notendasímar í sveitum). Fyrir „500 000“ kemur		800 000
3.	—	3. —	A. Sundurliðun 4. (Brúttóhagnaður tóbakseinkasölu. Fyrir „9 000 000“ kemur		10 249 000
4.	—	3. —	A. Sundurliðun 5. Ríkisútvarpið III. a. (Tekjur viðtækjaverzlunar). Fyrir „550 000“ kemur		700 000
5.	—	3. —	A. Sundurliðun 8. Nýr liður:		
			Landssmiðjan:		
			I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum)	850 000	
			II. Gjöld:		
			1. Laun starfsmanna:		
			a. Grunnlaun	69 720	
			b. Verðlagsuppbót	122 010	
				191 730	

	2. Vextir		70 000	
	3. Fyrning		200 000	
	4. Annar kostnaður		300 270	
	Fært á 3. gr. A. 6			88 000
6.	Við 10. gr. III. 1. Liðurinn orðist svo:			
	Sendiráðið í Kaupmannahöfn:			
	a. Laun sendiherra skv. launalögum ..	12 000		
	b. Laun annarra starfsm. skv. launal.	19 200		
	c. Laun starfsfólks utan launalaga ..	7 000		
			38 200	
	d. Risna og staðaruppbót á laun		66 800	
	e. Annar kostnaður		14 800	
				119 800
7.	— 10. — III. 2. Liðurinn orðist svo:			
	Sendiráðið í Stokkhólmi:			
	a. Laun sendifulltrúa	10 200		
	b. Laun annarra starfsmanna	10 800		
	c. Laun starfsfólks utan launalaga ..	9 400		
			30 400	
	d. Risna og staðaruppbót á laun		52 500	
	Annar kostnaður		26 000	
				108 900
8.	— 10. — III. 3. Liðurinn orðist svo:			
	Sendiráðið í London:			
	a. Laun sendiherra	12 000		
	b. Laun annarra starfsmanna	18 600		
	c. Laun starfsfólks utan launalaga ..	33 800		
			64 400	
	d. Risna og staðaruppbót á laun		111 800	
	e. Annar kostnaður		43 000	
				219 200
9.	— 10. — III. 4. Liðurinn orðist svo:			
	Sendiráðið í Washington:			
	a. Laun sendiherra skv. launalögum ..	12 000		
	b. Laun annarra starfsmanna	16 800		
	c. Laun starfsfólks utan launalaga ..	35 100		
			63 900	
	d. Staðaruppbót á laun		111 600	
	e. Annar kostnaður		55 200	
				230 700
10.	— 10. — III. 5. Liðurinn orðist svo:			
	Sendiráðið í Moskva:			
	a. Laun sendiherra skv. launalögum ..	12 000		
	b. Laun annarra starfsmanna	6 600		
	c. Laun starfsfólks utan launalaga ..	22 500		
			41 100	
	d. Staðaruppbót á laun		150 200	
	e. Annar kostnaður		17 000	
				208 300
11.	— 10. — III. 6. Liðurinn orðist svo:			
	Aðalræðismannsskrifstofan í New-York:			
	a. Laun aðalræðismanns skv. launal.	10 200		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga ..	13 500		
			23 700	

c. Staðaruppbót 44 300
d. Annar kostnaður 19 500
87500

12. Við 10. gr. III. 6. Aftan við liðinn bætist:
Þegar risna sendiherra og sendifulltrúa í lið 1—6 hefur verið skilin frá staðaruppbótinni, skiptist staðaruppbótin hlutfallslega jafnt á alla starfsmenn sendiráðanna miðað við grunnlaun þeirra.

13. — 11. — A. 6. b. (Skrifstofukostnaður sýslumanna).
a. Við 1. (Grunnlaun)
Fyrir „278 000“ kemur 250 000
b. Við 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „486 500“ kemur 437 500
c. Við 3. (Annar kostnaður).
Fyrir „220 000“ kemur 200 000

14. — 11. — A. 8. (Lögreglukostnaður).
a. Við 1. a. (Grunnlaun).
Fyrir „302 725“ kemur 227 725
b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „529 768“ kemur 398 518
c. Við 2. (Annar kostnaður).
Fyrir „245 000“ kemur 185 000

15. — 11. — A. 10. a. (Hegningarhúsið í Reykjavík). Aftan við liðinn bætist:
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar: 45 625.

16. — 11. — A. 10. c. (Fangaklefar lögreglustöðvarinnar). Aftan við liðinn bætist:
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar: 9 471.

17. — 11. — A. 10. c. Nýr liður:
Til fangahúss í Hafnarfirði 50 000

18. — 11. — B. 1. (Skipaskoðun ríkisins).
Við liðinn bætist ÷ Tekjur: 118 000.

19. — 11. — B. 2. (Rafmagnseftirlit ríkisins. Frádráttur).
Fyrir „340 000“ kemur 390 900

20. — 11. — B. 4. (Bifreiðaeftirlit. Frádráttur).
Fyrir „150 000“ kemur 210 150

21. — 11. — B. 5. (Löggildingarstofan. Frádráttur).
Fyrir „58 000“ kemur 96 450

22. — 11. — B. 6. (Skipulag bæja. Frádráttur).
Fyrir „100 000“ kemur 214 785

23. — 11. — B. 7. (Matvælaeftirlit. Frádráttur).
Fyrir „35 000“ kemur 44 800

24. — 11. — B. 9. (Vörumerkjaskrásetning).
Liðurinn fellur niður.

25. — 11. — B. 13. Liðurinn orðist svo:
Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum:
a. Viðskiptaráð:
Gjöld 750 000
÷ Tekjur 750 000
b. Kauplagsnend:
1. Grunnlaun 4 680
2. Verðlagsuppbót ... 8 290
12 970

c. Nýbyggingarráð:
1. Laun:
a. Grunnlaun 96 150
b. Verðlagsuppbót . 168 262
——— 264 412
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting 22 200
3. Annar kostnaður 103 600
——— 390 212
÷ Tekjur 390 212
d. Búnaðarráð 165 000

26. Við 11. gr. B. 14. (Húsaleigunefndir).
Fyrir „120 000“ kemur 80 000

27. — 11. — C. I. a. 3. (Tollstjóri. Annar kostnaður).
Fyrir „140 000“ kemur 100 000

28. — 11. — C. I. b. 1. a. (Laun tollgæzlumanna).
a. Við a. (Grunnlaun). Fyrir „245 995“ kemur 243 595
b. Við b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „430 491“ kemur .. 426 291

29. — 11. — C. I. b. 1. c. (Tollgæzla. Annar kostnaður).
Fyrir „155 000“ kemur 110 000

30. — 11. — C. I. b. 2. (Tollgæzla utan Reykjavíkur).
Liðurinn orðist svo:
Utan Reykjavíkur 150 000

31. — 11. — C. II. a. (Ríkisskattanefnd).
a. Við a. (Grunnlaun).
Fyrir „53 445“ kemur 41 025
b. Við b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „38 928“ kemur 37 679

32. — 12. — I. a. (Laun landlæknis og skrifstofumanns).
a. Við 1. (Grunnlaun).
Fyrir „13 000“ kemur 20 800
b. Við 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „22 750“ kemur 36 400

33. — 12. — III. A. (Landsspítalinn).
a. Við 1. a. (Grunnlaun).
Fyrir „468 524“ kemur 482 524
b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „814 278“ kemur 838 778
c. Við 2. (Matvæli).
Fyrir „558 000“ kemur 648 000
d. Við 3. (Annar kostn.).
Fyrir „699 000“ kemur 739 000

34. — 12. — III. C. (Kleppur).
a. Við 2. (Matvörur).
Fyrir „605 000“ kemur 719 000
b. Við 3. (Annar kostn.).
Fyrir „498 000“ kemur 717 000

35. — 12. — III. D. (Vífilsstaðir).
a. Við 2. (Matvörur).
Fyrir „745 000“ kemur 845 000
b. Við 3. (Annar kostnaður).
Fyrir „502 000“ kemur 517 000

36. — 12. — III. E. 3. (Kristnes. Annar kostnaður).
Fyrir „181 000“ kemur 189 000

37. Við 12. gr. III. F. 3. (Kópavogur. Annar kostnaður).
Fyrir „39 500“ kemur 49 800

38. — 12. — III. G. 3. (Kleppjárnsreykir. Annar kostnaður).
Fyrir „33 600“ kemur 37 300

39. — 12. — III. H. 3. (Elliðahvammur. Annar kostnaður).
Fyrir „28 000“ kemur 30 000

40. — 12. — III. H. Nýr liður:
Heilsuhælið í Kaldaðarnesi:

1. Laun:			
a. Grunnlaun	12 200		
b. Verðlagsuppbót	21 350		
		33 350	
2. Matvara		63 000	
3. Annar kostnaður		55 500	
		152 050	
÷ Tekjur		127 000	
Rekstrarhalli			25 050

41. Við 12. gr. VIII.
a. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga, annarra en ríkis- og fjórðungssjúkrahúsa 1 100 000
b. Nýr liður:
Til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri 300 000

42. — 13. — A. II. a.
a. Liðurinn orðist svo:
Til nýrra akvega:

1.	Kjósarvegur	10 000
2.	Akrafjallsvegur	40 000
3.	Hafnarfjallsvegur	200 000
4.	Lundarreykjadalsvegur	30 000
5.	Bæjarsveitarvegur	35 000
6.	Hálsasveitarvegur	20 000
7.	Hvítársíðuvegur	20 000
8.	Álftaneshreppsvegur	60 000
9.	Hraunhreppsvegur	40 000
10.	Ólafsvíkurvegur	30 000
11.	Útnesvegur	60 000
12.	Fróðárhr. og Eyrarsveitarvegur	20 000
13.	Skógarstrandarvegur	60 000
14.	Dalasýsluvegur	80 000
15.	Klofningsvegur	40 000
16.	Skarðsstrandarvegur	20 000
17.	Reykhólavegur	60 000
18.	Gufudalsvegur	30 000
19.	Barðastrandarvegur	200 000
20.	Tálknafjarðarvegur	60 000
21.	Rauðasandsvegur	30 000
22.	Bíldudalsvegur	40 000
23.	Dalahreppsvegur	20 000
24.	Rafnseyrarheiðarvegur	110 000
25.	Hjarðardalsvegur	15 000
26.	Botnsheiðarvegur	20 000

27.	Súðavíkurvegur	35 000
28.	Aðalvíkurvegur	15 000
29.	Þorskafjarðarheiðarvegur	125 000
30.	Bolungavíkurvegur	90 000
31.	Bitruvegur	200 000
32.	Bæjarhreppsvegur	20 000
33.	Húnvetningabraut í V.-Hún.	60 000
34.	Miðfjarðarvegur	40 000
35.	Vesturhópsvegur	50 000
36.	Svínvetningabraut	25 000
37.	Skagastrandarvegur	60 000
38.	Skagavegur	10 000
39.	Gönguskarðsvegur	30 000
40.	Vatnsskarðsvegur	200 000
41.	Sauðárkróksbraut	25 000
42.	Út-Blönduhlíðarvegur	50 000
43.	Hofsósvegur	50 000
44.	Hólavegur	50 000
45.	Siglufjarðarskarðsvegur	450 000
46.	Ólafsfjarðarvegur	400 000
47.	Hrísavegur	10 000
48.	Árskógssandsvegur	50 000
49.	Hörgárdalsvegur	10 000
50.	Öxnadalsheiðarvegur	500 000
51.	Laugalandsvegur	20 000
52.	Svalbarðsstrandarvegur	35 000
53.	Fnjóskadalsvegur	15 000
54.	Ljósavatnsskarðsvegur	40 000
55.	Kinnarbraut í Ljósavatnshreppi	70 000
56.	Kinnarbraut í Aðaldælahreppi	20 000
57.	Bárðardalsvegur	20 000
58.	Hvammsheiðarvegur	15 000
59.	Reykjahverfisvegur	20 000
60.	Tjörnesvegur	15 000
61.	Kelduhverfisvegur	40 000
62.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur	80 000
63.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar	20 000
64.	Langanesvegur	25 000
65.	Brekknaheiðarvegur	60 000
66.	Bakkafjarðarvegur	10 000
67.	Vopnafjarðarvegur	25 000
68.	Hróarstunguvegur	30 000
69.	Upphéraðsvegur	15 000
70.	Jökuldalsvegur	10 000
71.	Úthéraðsvegur	45 000
72.	Borgarfjarðarvegur	5 000
73.	Fjarðarheiðarvegur	100 000
74.	Skógavegur	10 000
75.	Eskifjarðarvegur	25 000
76.	Oddsskarðsvegur	300 000
77.	Fáskrúðsfjarðarvegur	100 000
78.	Stöðvarfjarðarvegur	65 000
79.	Berunesvegur	15 000

80.	Breiðdalsvíkurvegur	15 000
81.	Geithellnavegur	30 000
82.	Lónsheiðarvegur	35 000
83.	Almannaskarðsvegur	20 000
84.	Innesjavegur	20 000
85.	Mýravegur	15 000
86.	Suðursveitarvegur	20 000
87.	Öræfavegur	15 000
88.	Síðuvegur	20 000
89.	Landbrotsvegur	20 000
90.	Meðallandsvegur	25 000
91.	Skaftártunguvegur	60 000
92.	Mýrdalssandsvegur	20 000
93.	Mýrdalsvegur	35 000
94.	Eyjafjallavegur	60 000
95.	Syðri-Landeyjavegur	40 000
96.	Ytri-Landeyjavegur	25 000
97.	Þykkvabæjarvegur	35 000
98.	Hagabraut	75 000
99.	Landvegur	35 000
100.	Gnúpverjahreppsvegur	20 000
101.	Hrunamannahreppsvegur	50 000
102.	Skálholtsvegur	10 000
103.	Partavegur	20 000
104.	Selvogsvegur	600 000
105.	Austurlandsvegur	160 000

b. Nýr liður:
Til endurgreiðslu á framlagi 1945:

1.	Ólafsvíkurvegur	90 000
2.	Stykkishólmsvegur	120 000
3.	Hjarðardalsvegur	35 000
4.	Súðavíkurvegur	50 000
5.	Skagastrandarvegur	100 000
6.	Svalbarðsstrandarvegur	130 000
7.	Brekknaheiðarvegur	40 000
8.	Jökulsárhlíðarvegur	10 000

43. Við 13. gr. A. II. c. (Til þjóðvega af benzínskatti).
Liðurinn fellur niður.

44. — 13. — A. III. Liðurinn orðist svo:
Brúargerðir:

1.	Álftá í Hraunhreppi í Mýrasýslu	90 000
2.	Kverná í Eyrarsveit	35 000
3.	Kjarlaksstaðaá í Dalasýslu	55 000
4.	Bakkadalsá í Arnarfirði	15 000
5.	Arnardalsá í Norður-Ísafjarðarsýslu	30 000
6.	Tjarnará á Vatnsnesi	55 000
7.	Svartá í Skagafirði	60 000
8.	Hofsá í Svarfaðardal	40 000
9.	Laxá í Lóni	60 000
10.	Brúará í Fljótshverfi	30 000
11.	Þverá í Hreppum í Árnessýslu	45 000
12.	Ölfusá	500 000
13.	Til brúa, sem áður hefur verið veitt fé til í fjárlögum	250 000

			14. Ýmsar smábrýr	200 000	
			15. Miklagil á Holtavörðuheiði	50 000	
			16. Hrútafjarðará	50 000	
			17. Ártúnsá á Kjalarnesi	55 000	
45.	Við	13. gr.	A. XI. (Til ræktunarvega). Liðurinn orðist svo:		
			Til ræktunarvega:		
			a. Í Vestmannaeyjum	30 000	
			b. Í Flatey á Breiðafirði	3 000	
			c. Í Flatey á Skjálfanda	3 000	
			d. Í Grímsey	3 000	
			e. Í Hrísey	4 500	
46.	—	13. —	A. XII. (Gistingarstyrkur).		
			Fyrir „211 000“ kemur		111 000
47.	—	13. —	B. 1. a. (Strandferðir ríkissjóðs).		
			Fyrir „2 000 000“ kemur		2 500 000
48.	—	13. —	B. 1. b. (Strandferðir Eimskipafélagsins).		
			Liðurinn fellur niður.		
49.	—	13. —	C. IX.		
			a. Liðurinn orðist svo:		
			Til hafnarmannvirkja:		
			1. Akureyri	100 000	
			2. Hafnarfjörður	300 000	
			3. Ísafjörður	100 000	
			4. Seyðisfjörður	50 000	
			5. Siglufjörður	100 000	
			6. Vestmannaeyjar	200 000	
			7. Akranes	300 000	
			8. Bolungavík	100 000	
			9. Dalvík	150 000	
			10. Eskifjörður	50 000	
			11. Fáskrúðsfjörður	50 000	
			12. Flateyri	30 000	
			13. Grafarnes	75 000	
			14. Hofsós	25 000	
			15. Höfn í Hornafirði	100 000	
			16. Hrísey	75 000	
			17. Húsavík	200 000	
			18. Keflavík	200 000	
			19. Neskaupstaður	100 000	
			20. Ólafsfjörður	200 000	
			21. Ólafsvík	25 000	
			22. Patreksfjörður	100 000	
			23. Raufarhöfn	40 000	
			24. Sauðárkrókur	75 000	
			25. Skagaströnd	200 000	
			26. Stykkishólmur	50 000	
			27. Suðureyri í Súgandafirði	25 000	
			28. Þingeyri	100 000	
			b. Nýr liður:		
			Til lendingarbóta:		
			1. Alviðra í Dýrafirði	20 000	
			2. Arnarstapi	10 000	
			3. Borgarfjörður eystra	60 000	
			4. Bær á Snæfjallaströnd	20 000	

		5. Blönduós	25 000	
		6. Breiðdalsvík	40 000	
		7. Búðardalur	25 000	
		8. Djúpivogur	90 000	
		9. Flatey á Skjálfanda	25 000	
		10. Gerðar í Garði	25 000	
		11. Grímsey	25 000	
		12. Grunnavík	25 000	
		13. Hauganes	1 000	
		14. Hvammstangi	70 000	
		15. Höfn í Bakkafirði	25 000	
		16. Járngerðarstaðir	75 000	
		17. Kaldrananes	15 000	
		18. Kópasker	20 000	
		19. Króksfjarðarnes	10 000	
		20. Sandgerði	100 000	
		21. Selárdalur	10 000	
		22. Stokkseyri	25 000	
		23. Stöðvarfjörður	85 000	
		24. Tálknafjörður	25 000	
		25. Vogar	50 000	
		26. Vopnafjörður	25 000	
		27. Þorkötlustaðir	20 000	
		28. Þorlákshöfn	50 000	
		29. Örlygshöfn	25 000	
50.	Við 13. gr. C. X. (Hafnarbótasjóður).			
		Fyrir „300 000“ kemur		800 000
51.	— 13. —	D. 1. (Flugmál. Laun).		
		a. Við a. (Grunnlaun).		
		Fyrir „45 600“ kemur		43 400
		b. Við b. (Verðlagsuppbót).		
		Fyrir „79 800“ kemur		75 940
52.	— 13. —	D. III. (Flugvallargerð).		
		Fyrir „450 000“ kemur		600 000
53.	— 14. —	A. II. 4. (Til húsabóta á prestssetrum).		
		Liðurinn fellur niður.		
54.	— 14. —	A. II. 6. (Skýrslugerð dómkirkjuprests).		
		Liðurinn fellur niður.		
55.	— 14. —	A. III. Nýr liður:		
		Til eflingar kirkjusöngs skv. ráðstöfun söngmálastjóra		15 000
56.	— 14. —	A. VII. (Málgagn íslenzku þjóðkirkjunnar).		
		Liðurinn fellur niður.		
57.	— 14. —	B. I. 1. (Háskólinn. Laun).		
		a. Við a. (Grunnlaun).		
		Fyrir „362 195“ kemur		358 950
		b. Við b. (Verðlagsuppbót).		
		Fyrir „627 366“ kemur		621 687
		c. Við 10. (Ýmis gjöld).		
		Fyrir „85 000“ kemur		75 000
58.	— 14. —	B. IV. b. (Menntaskólinn í Reykjavík. Stundakennsla).		
		a. Við 1. (Grunnlaun).		
		Fyrir „58 752“ kemur		40 000
		b. Við 2. (Verðlagsuppbót).		
		Fyrir „102 816“ kemur		70 000

59. Við 14. gr. B. IV. i. (Kostnaður við skólastjórn).
Liðurinn fellur niður.
60. — 14. — B. V. b. (Menntaskólinn á Akureyri. Stundakennsla).
a. Við 1. (Grunnlaun).
Fyrir „66 500“ kemur 50 000
b. Við 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „116 375“ kemur 87 000
61. — 14. — B. V. g. (Kostnaður við skólastjórn).
Liðurinn fellur niður.
62. — 14. — B. VII. b. (Stýrimannaskólinn. Stundakennsla).
a. Við 1. (Grunnlaun).
Fyrir „38 000“ kemur 30 000
b. Við 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „66 500“ kemur 52 500
63. — 14. — B. VIII. d. (Vélstjóraskólinn. Til áhaldakaupa).
Fyrir „10 000“ kemur 50 000
64. — 14. — B. X. 1. (Bændaskólinn á Hólum).
a. Við b. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „10 800“ kemur 8 000
b. Við b. 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „18 900“ kemur 14 000
c. Við g. Nýr stafl.:
Til byggingar kennarabústaðar 8 000
65. — 14. — B. X. 2. a. (Bændaskólinn á Hvanneyri. Föst laun).
a. Við 1. (Grunnlaun).
Fyrir „37 200“ kemur 28 200
b. Við 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „65 100“ kemur 49 350
c. Nýr stafl.:
Stundakennsla:
1. Grunnlaun 8 000
2. Verðlagsuppbót 14 000
22 000
66. — 14. — B. X. 3. f. (Garðyrkjuskólinn á Reykjum. Annar kostn.).
Fyrir „24 000“ kemur 15 000
67. — 14. — B. XIII. d. (Kvennaskólinn í Reykjavík). Nýr stafl.:
Til íþróttahúss 50 000
68. — 14. — B. XIV. 6. (Byggingar barnaskóla).
Fyrir „1 200 000“ kemur 1 700 000
69. — 14. — B. XV. 2. b. (Héraðsskólar). Nýr liður:
Viðbótarstyrkur vegna launahækkunar 311 255
70. — 14. — B. XV. 3. (Stofnkostnaður héraðsskóla).
Fyrir „800 000“ kemur 1 300 000
71. — 14. — B. XV. 3. Nýr liður:
Til Snorragarðs í Reykholti 5 000
72. — 14. — B. XV. 5. b. (Gagnfræðaskólar). Nýr stafl.:
Viðbótarstyrkur vegna launahækkunar 220 000
73. — 14. — B. XV. 5. Nýr liður:
Til viðgerðar á héraðsskólanum í Reykholti 50 000
74. — 14. — B. XV. 6. (Gagnfræðaskóli Reykvíkinga).
Fyrir „25 000“ kemur 100 000
75. — 14. — B. XV. 8. (Bygging gagnfræðaskóla).
Fyrir „830 000“ kemur 900 000

76. Við 14. gr. B. XV. 12. (Námsflokkastarfsemi).
a. Við a. (Grunnstyrkur).
Fyrir „10 000“ kemur 13 750
b. Við b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „17 500“ kemur 24 062

77. — 14. — B. XVI. 2. (Bygging húsmæðraskóla í kaupstöðum).
Fyrir „500 000“ kemur 700 000

78. — 14. — B. XVI. 3. (Bygging húsmæðraskóla í sveitum).
Fyrir „500 000“ kemur 600 000

79. — 14. — B. XVI. 4. b. (Húsmæðrafræðsla Árnýjar Filippusdóttur).
Nýr stafl.: Byggingarstyrkur 20 000

80. — 14. — B. XVII. 2. (Íþróttasjóður).
a. Fyrir „600 000“ kemur 700 000
b. Nýr liður:
Til Íþróttasambands Íslands:
a. Til þess af hafa fastráðinn framkvæmdastjóra .. 8 000
b. Til útgáfu glímubókar 10 000

81. — 14. — B. XIX. Liðurinn orðist svo:
Til blindrastarfsemi 15 000
Ríkisstjórnin skipti styrknum milli Blindravinafélagsins og Blindrafélagsins.

82. — 14. — B. XXII. (Sigurður Skúlason).
Liðurinn fellur niður.

83. — 14. — B. XXVI. (Menningarsjóður blaðamannafélagsins).
Liðurinn fellur niður.

84. — 14. — B. XXVII. Nýir liðir:
a. Til Sigursveins Kristinssonar, Ólafsfirði til tónlistarnáms 6 000
b. Til Helga Tryggvasonar, til hraðritunarkennslu 1 200

85. — 14. — B. XXVIII. (Matthías Jónasson).
Liðurinn fellur niður.

86. — 15. — A. III. 1. (Þjóðminjasafnið. Laun).
a. Við a. (Grunnlaun).
Fyrir „23 670“ kemur 18 300
b. Við b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „41 422“ kemur 32 025

87. — 15. — A. IV. (Náttúrufræðifélagið).
Fyrir „55 000“ kemur 37 100

88. — 15. — A. VII. 5. (Ætt- og mannfræðifélagið).
Liðurinn fellur niður.

89. — 15. — A. VII. 11. b. (Jón Dúason). Nýr stafl.:
Til þýðingar á ritum hans um Grænland á enska tungu 25 000

90. — 15. — A. VII. 12. Nýr liður:
Til Arnórs Sigurjónssonar, ritstyrkur 5 000

91. — 15. — A. VII. 13. Nýr liður:
Til Björns Guðfinnssonar, utanfararstyrkur 30 000

92. — 15. — A. VII. 14. (Til ísl. stúdenta í Kaupmh. til útgáfu tímarits).
Liðurinn fellur niður.

93. — 15. — A. VII. 15. (Norræna félagið).
Liðurinn fellur niður.

94. Við 15. gr. A. VIII. (Skáld, rithöfundar og listamenn).
Síðari málsgr. aths. orðist svo:
Að öðru leyti skal 4 manna nefnd, kosin af Alþingi, skipta fjárhæð þessari.

95. — 15. — A. X. 9.
a. Liðurinn orðist svo:
Til leikfélags Dalvíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að 1 000
b. Nýir liðir:
1. Til leikfélags Eyrarbakka, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að 1 000
2. Til leikfélags Akraness, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að 1 500

96. — 15. — A. XI. 1. Nýr liður:
Til Tónlistarskóla á Akureyri 15 000
gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að.

97. — 15. — A. XII. Nýr liður:
Til Guðjóns Samúelssonar, í viðurkenningarskyni fyrir að uppgötva aðferð við múrhúðun 50 000

98. — 15. — A. XV. Nýir liðir:
a. Til umbóta á Þingvöllum 80 000
b. Til Vesturheimsblaðanna Lögbergs og Heimskringlu 10 000 til hvors 20 000

99. — 16. — A. 3. (Nýbýli).
Fyrir „300 000“ kemur 360 000

100. — 16. — A. 6. (Tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins).
a. Fyrir „125 000“ kemur 150 000
b. Nýr liður:
Til bygginga á Reykhólum 115 000

101. — 16. — A. 7. b. (Byggingarstyrkir).
Fyrir „250 000“ kemur 500 000

102. — 16. — A. 12. (Fyrirhleðsla Þverár og Markarfljóts).
Fyrir „180 000“ kemur 200 000

103. — 16. — A. 14. Nýr liður:
Til sand- og sjóvarnargarðs í Vík í Mýrdal, ⅔ kostnaðar, allt að 20 000

104. — 16. — A. 15. Nýr liður:
Til vélasjóðs til verkfærakaupa 500 000

105 — 16. — A. 17. (Skógræktin).
a. Við c. (Skóggræðsla).
Fyrir „191 000“ kemur 175 000
b. Við d. (Annar kostnaður).
Fyrir „85 000“ kemur 50 000
c. Við f. (Styrkur til skóggræðslu).
Liðurinn fellur niður.

106. — 16. — A. 28. Nýir liðir:
a. Til vélsmiðju á Hólmi í Landbroti, stofnkostnaður 25 000
b. Til Páls G. Jónssonar, Garði Fnjóskadal 1 000

107. — 16. — C. 6. Nýr liður:
Til kolsýruverksmiðjunnar Sindra, stofnstyrkur 50 000

108. — 17. — 2. e. (Kostnaðartillag).
Fyrir „232 500“ kemur 150 000

109. Við 17. gr. 6. Nýr liður:
Til sambands íslenzkra berklasjúklinga:
a. Byggingastyrkur 200 000
b. Rekstrarstyrkur vegna læknislauna 30 525

110. — 17. — 8. (Barnaverndarráð).
Fyrir „33 500“ kemur 20 000

111. — 17. — 14. Liðurinn orðist svo:
Til Stórstúku Íslands til bindindisstarfsemi 200 000
Þar af til bindindisstarfsemi í skólum 15 000.

112. — 17. — 17. (Kvenfélagasamband Íslands).
a. Fyrir „100 000“ kemur 125 000
b. Nýr liður:
Til kvennaheimilisins Hallveigarstaða, byggingarstyrkur 50 000

113 — 17. — 21. (Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar).
Liðurinn fellur niður.

114. — 17. — 26. (Alþjóðastarfsemin).
Liðurinn fellur niður.

115. — 18. — I. a. Liðurinn orðist svo:

A. Embættismenn:

1.	Ari Arnalds, fyrrv. sýslumaður	1 968.75
2.	Árni Þorvaldsson, fv. menntaskólak.	1 798.34
3.	Bogi Brynjólfsson, fv. sýslum.	1 885.00
4.	Dr. Einar Arnórsson, fv. hæstar.d. .	15 000.00
5.	Einar Sæmundsson, fv. skógarvörður	2 670.00
6.	Guðm. Björnsson, fv. sýslum.	2 502.81
7.	Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslum. .	2 442.69
8.	Guðm. Guðmundsson, fv. héraðsl. ..	1 625.00
9.	Guðmundur Hannesson prófessor ..	3 586.67
10.	Guðm. Sveinbjörnsson, fv. skrifststj.	1 820.00
11.	Halldór Kr. Júliusson, fv. sýslum. .	1 984.73
12.	Halldór Seinsson, fv. héraðslæknir .	1 562.50
13.	Ingólfur Gíslason, fv. héraðslæknir	1 781.45
14.	Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfóg.	7 620.00
15.	Jón Hermannsson, fv. tollsjóri	7 620.00
16.	Jónas Kristjánsson, fv. héraðslæknir	1 620.00
17.	Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	2 374.48
18.	Magnús Jónsson, fyrrv. bæjarfógeti	6 370.00
19.	Magnús Torfason, fyrrv. sýslum. ..	3 650.00
20.	Ólafur Daníelsson, fv. yfirkennari .	1 812.50
21.	Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir .	1 620.00
22.	Ólafur Thorlacius, fv. héraðslæknir	1 397.50
23.	Páll Einarsson, fv. hæstaréttardómari	15 000.00
24.	Sigurður Briem, fv. póstmálastjóri .	7 620.00
25.	Sigurður Thoroddsen, fv. yfirkennari	1 843.75
26.	Sigurjón Jónsson, fv. héraðslæknir	1 551.88
27.	Sigurjón Markússon, fv. sýslumaður	2 145.00
28.	Sigvaldi Kaldalóns, fv. héraðslæknir	1 335.81
29.	Skúli Árnason, fv. héraðslæknir ...	1 300.00
30.	Steingrímur Jónsson, fv. bæjarfógeti	7 120.00
31.	Steingrímur Matthíasson, fv. héraðsl.	1 397.50

B. Embættismannaekkjur:

1.	Aðalbjörg Jakobsdóttir, læknisekkja .	710.94
2.	Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja próf. Har. Nielss.	552.50
3.	Álfheiður Briem	1 015.63
4.	Anna Gunnlaugsson, læknise.. Vestm.	243.75
5.	Anna Kl. Jónsson ráðherraekkja	1 218.75
6.	Cathinka Sigfússon kennaraekkja	390.00
7.	Guðrún B. Gisladóttir læknisekkja ..	307.73
8.	Guðrún Tuninius sýslumannsekkja ..	762.37
9.	Ingibjörg Magnúsdóttir læknisekkja .	345.31
10.	Ingibjörg Sigurðardóttir læknisekkja	243.75
11.	Ingileif Aðils prófessorsekkja	552.50
12.	Jenny Forberg landssímastjóraekkja .	812.50
13.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja ..	385.94
14.	Margrét Árnadóttir sýslumannsekkja	568.75
15.	Margrét Björnson læknisekkja	1 421.88
16.	Margrét Kr. Lárusdóttir læknisekkja	243.75
17.	Rannveig Tómasdóttir læknisekkja ..	304.69
18.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja .	345.31
19.	Sigríður Blöndal læknisekkja	243.75
20.	Sigríður H. Jensson yfirdómaraekkja	812.50
21.	Sigríður Jónsdóttir prófessorsekkja .	1 539.20
22.	Sigríður R. Pálsson yfirkennaraekkja	731.25
23.	Sigrún Bjarnason yfirkennaraekkja .	650.00
24.	Soffía Guðmundsson ráðherraekkja .	731.25
25.	Steinunn Frímannsdóttir skólameistaraekkja	1 163.21
26.	Súsanna Fr. Erlendsson læknisekkja	304.69
27.	Theodóra Thoroddsen sýslum.ekkja .	869.65
28.	Valgerður Sveinsdóttir læknisekkja .	568.75
29.	Vigdís G. Blöndal læknisekkja	304.69
30.	Þóra Gisladóttir læknisekkja	345.31
31.	Þóra Magnússon ráðherraekkja	1 950.00
32.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja ..	511.88

C. Prestsekkjur:

1.	Anna Stefánsd. frá Stað í Súgandaf.	162.50
2.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	162.50
3.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagaf.	162.50
4.	Björg Einarsdóttir Dvergasteini	417.37
5.	Björg Einarsdóttir Undirfelli	162.50
6.	Guðbjörg Hermannsd. frá Þingvöllum	192.24
7.	Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi, Norðf.	205.47
8.	Guðríður Helgad. frá Kvennabrekku .	273.00
9.	Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík	220.58
10.	Guðrún Hermannsd. frá Breiðabólsst.	346,03
11.	Guðrún G. Jóhannesdóttir frá Bergsst.	174.75
12.	Guðrún Runólfsdóttir	267.27
13.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	218.40
14.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	313.63
15.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað .	118.53
16.	Helga Stephensen frá Holti	299.59

17.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	203.61
18.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási ..	230.91
19.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	162.50
20.	Jóhanna Magnúsd. frá Staðarhrauni .	364.00
21.	Kristín Ísleifsdóttir frá Eyrarbakka .	193.38
22.	Líney Sigurjónsdóttir frá Görðum ..	511.57
23.	Margrét Jónasdóttir frá Stað	213.46
24.	Margrét Sigurðardóttir frá Höskuldsst.	214.26
25.	Ólína Snæbjörnsdóttir Stað á Reykjan.	312.86
26.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	213.46
27.	Sigríður Hansdóttir frá Djúpavogi ..	179.14
28.	Sigríður Helgadóttir frá Odda	350.51
29.	Sigríður Jóhannesdóttir frá Hruna ..	210.31
30.	Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli ..	239.69
31.	Sigurlaug Árnad. Knudsen frá Breiðabólsstað	216.13
32.	Steinunn E. Stephensen frá Bjarnanesi	325.36
33.	Vilborg Jónsdóttir frá Prestbakka ..	166.81
34.	Þóra Jónsdóttir Auðkúlu	134.42
35.	Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka ..	162.50
36.	Þórhildur Sigurðardóttir frá Stöð ..	192.12
D.	Framlag samkv. l. nr. 51 1921, 8. gr.	
1.	Aldný Magnúsdóttir símritaraekkja ..	286.00
2.	Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja ...	390.00
3.	Ásta Einarsson dýralæknisekkja	325.00
4.	Ásta Halldórsdóttir póstafgrm.ekkja .	312.00
5.	Björg Jónsd. prestsekkja frá Vallanesi	260.00
6.	Guðbjörg Tómasdóttir læknisekkja ..	455.00
7.	Guðbjörg Árnadóttir læknisekkja	455.00
8.	Guðfinna Þórðard. vitavarðarekkja .	117.00
9.	Harriet Jónsson lagaprófessorsekkja	585.00
10.	Hedvig Blöndal póstritaraekkja	455.00
11.	Hrefna Jóhannesdóttir læknisekkja ..	390.00
12.	Ida Stefánsdóttir símamannsekkja ..	286.00
13.	Ingibjörg Guðjónsd. símritaraekkja .	234.00
14.	Ingibjörg Ögmundsdóttir símstj.ekkja	234.00
15.	Kristín Guðmundsdóttir	195.00
16.	Lára Bjarnadóttir símritaraekkja	286.00
17.	Margrét Lárusdóttir læknisekkja	390.00
18.	Margrét Þórðardóttir læknisekkja ...	585.00
19.	María Guðmundsd. fiskimatsm.ekkja	312.00
20.	María J. Klemens póstafgrm.ekkja ..	312.00
21.	Marta Eiríksdóttir læknisekkja	390.00
22.	Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	234.00
23.	Rigmor Ófeigsson yfirkennaraekkja .	442.00
24.	Þrúður I. Jónsdóttir símstjóraekkja .	338.00
25.	Þuríður Benediktsdóttir læknisekkja .	390.00

116. Við 18. gr. II. a. 1. Nýr liður:
Ágúst H. Bjarnason prófessor 2 500

117. — 18. — II. a. 6. Nýr liður:
Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslumaður 2 925

118. — 18. — II. a. 8. (Guðmundur Sveinbjörnsson).
Fyrir „10 180“ kemur 5 026

119. Við 18. gr. II. a. 18. Nýr liður:
Magnús Jónsson, fyrrv. bæjarfógeti 1 200
120. — 18. — II. b. 18. Nýr liður:
Kristín Thorberg 600
121. — 18. — II. b. 38. Nýr liður:
Stefanía Stefánsdóttir 400
122. — 18. — II. b. 48. (Þrúður Ingibjörg Jónsdóttir).
Fyrir „490“ kemur 600
123. — 18. — II. c. 13. (Kjartan Kjartansson).
Liðurinn fellur niður.
124. — 18. — II. d. 26. Nýr liður:
Ingveldur Guðmundsdóttir 975
125. — 18. — II. e. 5. (Einar Hávarðsson).
Liðurinn fellur niður.
126. — 18. — II. e. 17. (Sigurður Sigurðsson).
Fyrir „650“ kemur 1 000
127. — 18. — II. f. (Póstmenn, póstar o. s. frv.).
Fyrir „33 475“ kemur 34 450
128. — 18. — II. g. (Sigurður Nordal).
Liðurinn fellur niður.
129. — 18. — II. v. (Matsmenn).
Fyrir „18 930“ kemur 19 580
130. — 18. — II. x. 5. Nýr liður:
Arnleif Kristjánsdóttir 490
131. — 18. — II. x. 15. Nýr liður:
Elín Runólfsdóttir 300
132. — 18. — II. x. 24. Nýr liður:
Guðrún Indriðadóttir leikkona 1 300
133. — 18. — II. x. 25. Nýr liður:
Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir 2 400
134. — 18. — II. x. 35. (Ingibjörg Jakobsdóttir).
Fyrir „490“ kemur 600
135. — 18. — II. x. 37. (Nýr liður):
Jón Back, fyrrv. húsvörður 2 000
136. — 18. — II. y. Liðurinn færist aftur fyrir z og orðist þannig:
Magnús Friðriksson og kona hans án verðlagsuppbótar 3 000
137. — 20. — Út IV. (Viðbótarhúsnæði við ríkisspítalana).
Fyrir „1 000 000“ kemur 1 200 000
138. — 20. — Út VII. (Bygging menntaskólans).
a. Fyrir „1 000 000“ kemur 500 000
b. Nýr liður:
Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri 500 000
139. — 20. — Út XI. Liðurinn orðist svo:
Til byggingar íþróttakennaraskóla 200 000
140. — 20. — Út XIII. (Kaup á skóglendi).
Liðurinn fellur niður.
141. — 20. — Út XIV. Liðurinn orðist svo:
Til bygginga á prestssetrum 650 000
142. — 22. — V. (Tónlistarfélag Akureyrar).
Aftan við liðinn bætist: svo og toll af orgeli í kapellu háskólans.
143. — 22. — VI. Nýir liðir:
a. Að greiða Ólafi Magnússyni, fyrrv. prófasti í Arnarbæli, 1400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju í Selvogi.

b. Að greiða Matthíasi lækni Einarssyni prófessorslaun, er hann lætur af yfirlæknisstörfum í Landakotsspítala.
c. Að kaupa síldarverksmiðjuna Ægi í Krossanesi, ef viðunandi samningar nást, eða taka hana á leigu.
d. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.
e. Að verja allt að 100 000 kr. til verðlagsuppbótar á endurbyggingarstyrki til sveitabýla, ef framlagið í 16. gr. A. 7. b. hrekkur ekki til.
f. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1945 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
g. Að verja allt að 4 000 kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.
h. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.
i. Að leggja til hliðar og geyma það fé á sérstökum reikningi, sem ætlað er til verklegra framkvæmda í lögum þessum, ef skortur á efnivörum eða vinnuafli gerir ókleift að vinna þær, og er óheimilt að verja því til annarra hluta.
j. Að taka frá af tekjum ársins 1946, ef ástæður leyfa, 2 millj. kr. til stofnunar áburðarverksmiðju.
k. Að taka að láni allt að 2 millj. kr. sem viðbótarframlag af hálfu ríkisins til fiskihafna vegna aukningar fiskiflotans.
l. Að kaupa, ef viðunandi boð fæst, húseignir og lóðarréttindi verzlunar Jóns Björnssonar og Jóhanns Tryggvasonar á Þórshöfn.
m. Að selja síldarverksmiðju ríkisins á Húsavík, ef viðunandi boð fæst.

Sþ. 309. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

Frá fjárveitinganefnd.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1946 var útbýtt á Alþingi þ. 8. okt. sl. Nefndin hélt fyrsta fund sinn 10. okt. og kaus sér þá fyrir formann Gísla Jónsson, en með því að hann var fjarverandi í erindum fyrir ríkisstjórnina til 23. okt., hófust ekki raunverulega störf nefndarinnar fyrr en þann dag. Úr því hélt nefndin oftast tvo fundi á dag og hélt þannig alls 58 fundi. Nefndinni bárust alls 400 erindi snertandi fjárlagaafgreiðsluna, er öll voru athuguð og rædd. Varð nefndin að afla sér margvíslegra upplýsinga í sambandi við þessi mál svo og í sambandi við sjálfan ríkisreksturinn og hinar ýmsu stofnanir, einkum vegna breytinga á launakerfinu. Mundi það létta mjög störf fjárveitinganefndar, ef fyrir lægi hverju sinni með fjárlagafrumvarpinu skrá yfir starfsmenn ríkisins og laun þeirra, sundurliðað. Er sjálfsagt, að þetta verði und-

irbúið þannig framvegis. Nokkur gögn hér að lútandi hefur nefndin ekki getað fengið og því orðið að áætla þá liði eins og henni hefur þótt eðlilegast.

Eins og breytingartillögurnar á þingskjali 308 bera með sér, leggur nefndin til, að gerðar séu margvíslegar breytingar á frumvarpinu. Hafa þær flestar verið ræddar við ríkisstjórnina, sem í meginatriðum hefur fallizt á afgreiðslu málanna. Nefndinni er einnig ljóst, að lækkun sú, sem hún leggur til, að verði gerð á mörgum gjaldaliðum frumvarpsins, verður ekki raunhæf, nema ríkisstjórnin öll og forráðamenn stofnana ríkisins standi saman um það að bæta rekstrarkerfið og færa kostnaðinn niður, en slíkt telur nefndin aðkallandi nauðsyn. Má það ekki dragast, að gerðar séu raunhæfar tilraunir í þá átt, ekki einasta af sjálfri ríkisstjórninni, heldur og af hverjum þeim einstaklingi, sem ríkið hefur falið forustu í hinum ýmsu og margvíslegu störfum. Skírskotar n. í þessu efni til þál., er fjvn. flutti á síðasta þingi og hlaut þar einróma samþykkt.

Skal nú vikið að breytingartillögum við einstakar greinar.

TEKJURNAR

Við áætlun teknanna hefur nefndin haft hliðsjón af yfirliti yfir ríkistekjurnar 1944 og innheimtum tekjum frá 1. jan. til 31. okt. þ. á., en þá eru tekjur ríkisins orðnar rúmar 120 millj. kr.

2. gr.

Nefndin leggur til, að tekjuáætlunin samkvæmt 2. grein verði hækkuð um 6.7 millj. króna, er skiptist niður á hina einstöku liði þannig:

Teklu- og eignarskattur að meðtöldum tekjuskattsauka	3 millj.
Vörumagnstollur	1 —
Verðtollur	2 —
Stimpilgjald	0.5 —
Veitingaskattur	0.2 —
	6.7 millj.

3. gr.

Nefndin leggur til, að tekjuáætlun samkvæmt þessari grein verði hækkuð um 1557 þús. kr., sem sundurliðast þannig:

Brúttótekjur landssímans	370 000 kr.
Rekstrarhagnaður tóbakseinkasölu	1 429 000 —
Brúttóhagnaður viðtækjaverzlunar	150 000 —
Rekstrarhagnaður landssmiðjunnar (nýr liður)	88 000 —
	Kr. 1 857 000 kr.
÷ Hækkun á framlagi til notendasíma í sveitum	300 000 —
	Nettó 1 557 000 kr.

Viðvíkjandi 3. gr. A. 5. (ríkisútvarpið. Eignabreytingar 2).

Með því að nefndin gat ekki orðið sammála um þetta atriði, þótti rétt að fresta endanlegri afgreiðslu þess þar til við 3. umr., þar sem þá kynni og að sjást betur fyrir um afgreiðslu þeirrar þingsályktunar, sem nú er til umræðu í þinginu um afnotagjöld útvarpsins.

Nefndinni þótti rétt að taka inn á þessa grein rekstur landssmiðjunnar, eins og áður hefur tíðkazt, og áætlar henni nokkurn tekjuafgang.

GJALDABÁLKURINN

3. gr.

Nefndin leggur til, að framlag til notendasíma í sveitum verði hækkað um 300 000 kr. Er þetta í samræmi við tillögur póst- og símamálastjóra. Er eftirspurnin eftir

sveitasímum svo mikil, að ógerningur er að uppfylla hana, þannig að Alþingi verður að sýna fyllstu viðleitni að bæta úr henni.

10. gr.

Nefndin leggur til, að nokkrar breytingar verði gerðar á þessari grein að því er snertir utanríkisþjónustuna. Eru þessar breytingar flestar gerðar í samráði við utanríkisráðuneytið. Hefur nefndinni þótt rétt að setja ákvæði um það, hvernig staðaruppbótinni sé skipt, meðan starfsliðinu eru greidd laun samkvæmt launalögum.

Með tilliti til þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á þessum gjaldaliðum frá fyrra ári, sérstaklega hvað snertir Kaupmannahöfn og Stokkhólm, hefur nefndin fengið þá skýringu, að upphæðin vegna Kaupmannahafnar sé aðeins áætlun, þar sem þessum málum sé aðeins skipað þar til bráðabirgða, en að störf í Stokkhólmi hafi aukizt mjög vegna viðskipta, eftir að sambandið opnaðist við Norðurlönd á þessu ári.

11. gr.

Nefndin leggur til, að töluverðar breytingar verði gerðar á þessari grein.

Tillögur um breytingar á A-kafla eru sumpart gerðar í samráði við dómsmálaráðherra, svo sem lækkun á kostnaði vegna ríkislögreglu, sumpart leiðréttingar vegna lagaákvæða, svo sem endurgreiðsla á kostnaði við hegningarhúsið og fangaklefa í Reykjavík og framlags til fangahúss í Hafnarfirði, og sumpart vegna vantandi upplýsinga um einstök atriði, svo sem kostnað við embætti sýslumanna o. fl.

Tillögur um breytingar á B-kafla greinarinnar lúta að því, að viðkomandi stofnanir afli tekna á móti gjöldum.

Þá hefur nefndinni þótt rétt að leggja til, að tekið væri upp í þennan kafla frumvarpsins „Eftirlit með viðskiptum og verðlagi", svo sem verið hefur, svo og nýbyggingarráð og búnaðarráð. Í tillögum sínum um rekstrarútgjöld miðar nefndin sem mest við launalögin svo og upplýsingar, sem fyrir liggja frá stofnununum. Annars vill nefndin benda á, að kostnaður við viðskiptaráð hefur á þessu ári og undanfarið orðið svo stórkostlegur, að sjáanlegt er, að stofnunin verði ekki starfrækt hallalaus, eftir að þær breytingar komast í framkvæmd, að hún verður að sjá af tekjum sínum til nýbyggingarráðs, sem að einhverju leyti tekur við störfum hennar, og missir þess utan tekjur af vörum, sem gefinn verður frjáls innflutningur á, nema því aðeins, að róttækar ráðstafanir verði gerðar til lækkunar útgjalda, því að nefndin telur ekki, að það geti komið til mála að skatta þær vörur sérstaklega fyrir viðskiptaráð, eftir að þær hafa verið gefnar frjálsar. Það er því bert, að hér verða að ske róttækar breytingar til sparnaðar, ef stofnunin á að geta borið sig án nýrra tekna. Tekjur eru áætlaðar á móti gjöldum þessara stofnana nema búnaðarráðs, er ríkissjóði ber að standast kostnað af samkvæmt lögum.

Tillögur um breytingar á C-kafla greinarinnar stafa einnig af samræmingu launa vegna launalaga og þeim skilningi nefndarinnar á launalögum, að allar aukagreiðslur fyrir sömu störf skyldu niður falla, eftir að tekin væru laun samkvæmt þeim lögum.

12. gr.

Tillögur nefndarinnar um hækkun launa á þessari grein eru aðeins til leiðréttingar, þar sem launin hafa fyrir vangá ekki verið tekin upp í frumvarpið. Þá leggur nefndin til, að hækkaður verði fæðiskostnaður ríkisspítalanna, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að þeim verði greidd uppbót á kjötneyzlu á árinu. Samkvæmt ósk ráðuneytisins leggur nefndin til, að fyrningarfrádráttur ríkisspítalanna verði færður á „annan kostnað" hjá hverjum spítala fyrir sig. Nefndin leggur enn fremur til, að teknir verði upp tveir nýir liðir: Til sjúkrahúss á Akureyri og til hælis í Kaldaðarnesi.

13. gr.

Í fjárlagafrumvarpinu hafði framlag til nýrra vega verið lækkað um 1 171 000 kr. frá fjárlögum þessa árs. Kom það í ljós í viðræðum við ríkisstjórnina, að leggja

bæri áherzlu á að flýta sem mest nokkrum aðalakvegum á landinu, sem fengið höfðu einnig meiri háttar framlög undanfarin ár, auk þess sem stefna bæri að því að vinna sem allra mest með vélum, enda mundi á þennan hátt fást meiri afköst í vegagerðum en áður. Tillögur þær, sem vegamálastjóri gerði til nefndarinnar um skiptingu fjárins samkvæmt frumvarpinu, voru miðaðar við framkvæmdir í vegagerð á þessum grundvelli, en það þýddi, að ekkert framlag hefði verið veitt til allmargra smærri vegaframkvæmda. Samfara þessum tillögum gerði vegamálastjóri aðrar tillögur til nefndarinnar um skiptingu á 6.36 millj. kr. eða lítið eitt hærri upphæð en veitt er til nýbygginga í fjárlögum þessa árs.

Nefndin lítur svo á, að þótt rétt sé og sjálfsagt að leggja áherzlu á að ljúka sem fyrst vegum, sem tengja eiga saman héruð eða stærri þorp, þá sé ógerlegt að láta þær framkvæmdir ganga út yfir framlög til hinna ýmsu smærri staða, sem eiga ef til vill alla afkomu sína undir því, að samgöngur við þá batni, svo að þeir einnig geti tekið í sína þjónustu véltækni á margvíslegum sviðum. Leggur nefndin því til, að framlagið til nýrra vega verði hækkað um rúmar 2 millj. kr. frá því, sem það er í frumvarpinu, og því skipt á þann hátt, sem gert er í breytingartillögunum. Er það rúmum 900 000 kr. hærra en framlag til vega í þessa árs fjárlögum.

Samkvæmt upplýsingum frá vegamálastjóra var unnið á yfirstandandi ári fyrir 575 000 kr. í átta vegum umfram fjárveitingu. Mun féð hafa verið að mestu leyti lánað úr viðkomandi héruðum. Leggur nefndin til, að fé til endurgreiðslu á þessum upphæðum verði veitt á sérstökum lið og hefur tekið það þannig upp í breytingartillögur sínar, enda er tekið fullt tillit til þess við skiptingu vegafjárins milli héraðanna.

Í fjárlfrv. er framlag til brúargerða 1.5 millj. króna. Nefndin leggur til, að þessi upphæð verði hækkuð upp í kr. 1 620 000 og að fénu sé skipt samkvæmt sundurliðun í brtt. Er þetta að mestu leyti í samræmi við tillögur vegamálastjóra. Nefndinni er ljóst, að æskilegt hefði verið að hækka þetta framlag allverulega, þótt hún sæi sér ekki fært að leggja það til. Á gildandi fjárlögum er veitt kr. 1 815 000 til brúa, en af þeirri upphæð var ráðstafað til Ölfusárbrúar 1 millj., svo að til annarra brúa er ekki varið nema rúmum 800 þús. kr. Í brtt. er gert ráð fyrir, að til Ölfusárbrúar fari 500 þús. og til annarra brúa 1 120 þús., eða um 300 þús. meira en á gildandi fjárlögum.

Þá leggur nefndin einnig til, að framlagi til vega af benzinskatti verði ekki haldið sem sérstökum lið í fjárlögum.

Á frumv. er fjárveiting til þess að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum (13. gr. A. XII.) hækkuð um 200 þús. krónur frá því, sem er á fjárlögum þessa árs. Sú skýring er gerð fyrir hækkun þessari, að fyrirhuguð sé bygging nýs gistihúss í Fornahvammi. Nefndin telur ekki ástæðu til, að liður þessi verði hækkaður svo mikið sem frv. gerir ráð fyrir, og leggur því til, að hann verði lækkaður um 100 þúsund krónur.

Þá leggur nefndin til, að framlag til strandferða verði hækkað um 500 000 kr. frá því, sem áætlað er í frv., en að liðurinn 82 000 kr. til Eimskipafélags Íslands verði felldur niður. Þykir nefndinni ekki ástæða til að halda honum, eins og nú er komið.

Upphæðin til flóabáta leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að verði hækkuð um rúmlega 350 000 kr. frá því, sem áætlað er í frv. Hefur fjárveitinganefnd tekið upp þessa tillögu.

Í fjárlagafrumvarpinu er ætlað til hafnarmannvirkja 2 millj. kr. og auk þess 300 000 kr. til hafnarbótasjóðs. Nefndin er sammála um, að með tilliti til hinnar miklu aukningar á fiskiflotanum á næstu tveimur árum, þar sem í ráði er, að við bætist um 100 mótorbátar og eitthvað af öðrum skipum, verði nú þegar að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að þessi floti geti hafnað sig við fengsælustu fiskimiðin og stundað þaðan veiðar á vertíðum, og því sé ógerningur að komast af með svo litla upphæð til hafnarmannvirkja. Nefndin leggur því til, að upphæð þessi sé hækkuð upp í 4 141 000 kr. og að þeirri upphæð sé skipt eins og lagt er til breytingartillögu, en auk þess verði ríkisstjórninni heimilað að taka allt að 2 millj. kr. lán til hafnarmann-

virkja sérstaklega. Með því að nota auk þess hafnarbótasjóð, eins og heimilt er, hefur samgöngumálaráðherra allt að 3 millj. kr. til umráða fram yfir þá upphæð, sem lagt er til, að veitt verði samkvæmt þessari grein, og leggur nefndin til, að því fé verði skipt eftir því, sem þörf er á, og framkvæmdir verði sem hér segir:

Til Akraness	700 000 kr.
— Húsavíkur	400 000 —
— Hornafjarðar	300 000 —
— Sandgerðis	300 000 —
— landshafnar í Njarðv.	700 000 —
— annarra aðkallandi hafnarmannvirkja	600 000 —

Með þessu móti telur nefndin, að bæta megi úr brýnustu þörfinni. Þá leggur nefndin einnig til, að framlag til hafnarbótasjóðs verði hækkað um 500 000 kr. frá því, sem áætlað er í fjárlagafrumvarpinu. Er þetta endurgreiðsla til sjóðsins samkvæmt lögum.

Nefndin leggur til, að hækkuð sé upphæðin til flugframkvæmda um 150 000 kr. frá því, sem er í frumvarpinu, en að kostnaður við launagreiðslur verði lækkaður nokkuð, en þessum starfsmönnum ríkisins eru ekki ákveðin laun í launalögum.

14. gr.

A. Kirkjumál.

Nefndin leggur til, að 500 000 kr. til byggingar á prestssetrum verði færð á 20. gr. Hér er um ríkissjóðseignir að ræða, og virðist því upphæðin eiga þar heima.

B. Kennslumál.

Nefndin leggur til, að gerðar séu nokkrar breytingar á þessum kafla, í fyrsta lagi, að lækkaðir séu nokkrir liðir í sambandi við stundakennslu og próf í ýmsum skólum. Í öðru lagi leggur nefndin til, að teknar séu upp í fjárlagafrumvarpið upphæðir til héraðsskóla, gagnfræðaskóla og húsmæðraskóla, til þess að mæta kostnaði, sem þessir skólar hafa af hækkun launalaganna. En með því að nefndin hefur ekki getað fengið upplýst, hve mikil þessi upphæð er að því er snertir húsmæðraskóla í sveitum, mun hún geyma tillögur um það atriði til 3. umræðu. Í þriðja lagi leggur nefndin til, að hækkað verði framlag til byggingar barnaskóla utan kaupstaða úr 1 200 000 í 1 700 000 kr., til byggingar héraðsskóla úr 800 000 í 1 300 000 kr., til byggingar gagnfræðaskóla úr 830 000 í 900 000, til byggingar húsmæðraskóla í kaupstöðum úr 500 000 í 700 000 og til byggingar húsmæðraskóla í sveitum úr 500 000 í 600 000 krónur.

Enn fremur leggur nefndin til, að hækkuð sé upphæð til vélstjóraskólans til áhaldakaupa úr 10 000 í 50 000 kr., með tilliti til þess, að skólinn eignist þau áhöld, sem ómissandi eru til kennslu í nútíma tækni. Nefndin leggur einnig til, að tekin sé upp 50 000 kr fjárveiting til leikfimishúss fyrir kvennaskólann í Reykjavík og enn fremur hækkun á tillagi til íþróttasjóðs, 100 000 kr., til þess að mæta að nokkru þeirri miklu þörf, sem er fyrir sundlaugar og íþróttahús um land allt.

15. gr.

A-liður.

Nefndin leggur til, að nokkrar breytingar séu gerðar á þessum lið, í fyrsta lagi, að styrkur til náttúrufræðifélagsins verði lækkaður niður í sömu upphæð og á gildandi fjárlögum, í öðru lagi, að teknir verði upp nokkrir nýir liðir sem hér segir:

Til þýðingar á verkum Jóns Dúasonar	kr. 25 000
Til Björns Guðfinnssonar, utanfararstyrkur	— 30 000
Til Guðjóns Samúelssonar	— 50 000

Til framkvæmda á Þingvöllum	kr. 80 000
Til Vesturheimsblaðanna	— 20 000
Til tónlistarstarfsemi á Akureyri	— 15 000

og nokkrar aðrar smærri upphæðir. Hins vegar leggur nefndin einnig til, að felldir verði niður nokkrir liðir í þessum kafla, eins og sést í breytingartillögunum.

16. gr.

A-liðir.

Nefndin leggur til, að ýmsar breytingar verði gerðar á þessum liðum: að framlag til nýbýla verði hækkað um 60 000 kr., að framlag til tilraunastarfsemi verði hækkað um 25 000 kr. til rekstrar tilraunastöðvar, er notað verði til tilraunastöðvar að Hafursá, og 115 000 kr. til byggingar tilraunastöðvarinnar á Reykhólum samkv. lögum frá síðasta ári, að byggingarstyrkir til bygginga í sveitum verði hækkaðir um 250 000 kr., að framlög til fyrirhleðslna og varnargarða verði nokkuð hækkuð og tekin verði upp sama upphæð til vélsmiðju á Hólmi og er í gildandi fjárlögum. Hins vegar leggur nefndin til, að færður sé nokkuð niður kostnaður við skógrækt, eftir að hafa kynnt sér alla kostnaðarliði mjög nákvæmlega.

C-liðir.

Nefndin leggur til, að tekinn verði upp í frumvarpið nýr liður: Styrkur til kolsýruverksmiðjunnar Sindra á Akureyri 50 000 kr.

17. gr.

Nefndin leggur til, að nokkrar breytingar séu gerðar á þessari grein, að færður verði niður kostnaðarliður við tryggingar í samræmi við launalögin, að tekinn verði upp 200 000 kr. fjárveiting til sambands íslenzkra berklasjúklinga, byggingarstyrkur, auk rekstrarstyrks, 30 525 kr. vegna læknislauna, — er þetta gert í samráði við ríkisstjórnina, — að hækkað verði framlag til Stórstúku Íslands upp í 200 000 kr., enda beri hún þá kostnað af allri bindindisútbreiðslu, launum ráðunauta og bindindisfræðslu í skólum landsins, að framlag til kvenfélagasambanda verði hækkað um kr. 25 000 og að nýr liður verði tekinn upp: Byggingarstyrkur til Hallveigarstaða, kr. 50 000. Samfara þessu er lagt til, að felldur verði niður liður til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, 200 000 kr.

18. gr.

Þeim tillögum, sem nefndin gerir til breytinga á þessari grein, er ekki ástæða til að gera grein fyrir nánar fyrr en í framsögu.

20. gr.

Nefndin leggur til, að gerðar séu eftirfarandi breytingar á þessari grein: Að nýr liður, 200 000 kr., verði tekinn upp í frumvarpið til byggingar á Kristneshæli, — er þetta gert í samráði við ríkisstjórnina, — að 1 milljón til byggingar menntaskóla í Reykjavík verði lækkuð í 500 000 kr., að 70 000 kr. til kaupa á skóglendi falli niður, að XIV. liður orðist svo: Til byggingar á prestssetrum 650 000 kr. Eins og kunnugt er, á ríkissjóður jörðina Hest, en vegna flutnings prestssetursins að Hvanneyri þarf fé til að reisa þar prestsbústað, 150 000 kr. Mismunurinn er tilfærsla frá 14. grein, eins og áður er sagt, og að tekinn verði upp nýr liður, 500 000 krónur, til byggingar menntaskóla á Akureyri.

22. gr.

Nefndin leggur til, að nokkrar breytingar verði gerðar á þessari grein. Er þetta að mestu endurveiting á fyrri heimildum, nema heimildir fyrir láni til fiskihafnar, sem áður er gerð grein fyrir, heimild til að selja síldarverksmiðju á Húsavík, er atvinnumálaráðherra hefur óskað eftir.

Rætt hefur verið við fjármálaráðherra um öflun tekna til að mæta rekstrarhalla á fjárlagafrumvarpinu. Kvaðst hann mundu athuga þetta mál síðar, er betur sé ljóst, hvaða afgreiðslu frumvarpið fær við aðra umræðu.

Hér er að síðustu heildaryfirlit yfir þær breytingar, sem n. leggur til, að gerðar verði á frv.:

Hækkun tekna í 2. gr.		kr. 6 700 000
Hækkun tekna í 3. gr.		— 1 857 000
		Kr. 8 557 000
Þar frá dregst:		
Hækkun gjalda á 3. gr.		— 300 000
	Tekjuhækkun alls	kr. 8 257 000
Hækkun gjalda		kr. 10 904 218
÷ Lækkun gjalda		— 1 992 674
Gjaldahækkun alls		kr. 8 911 544

EIGNABREYTINGAR

Hækkun útborgana skv. 20. gr. er samkvæmt tillögum nefndarinnar kr. 700 000 mínus kr. 70 000 eða alls kr. 630 000.

Ef tillögur nefndarinnar verða samþykktar munu niðurstöðutillögur fjárlagafrv. verða á þessa leið:

REKSTRARYFIRLIT

Tekjur		kr. 122 419 711
Gjöld	kr. 124 155 994	
Rekstrarhalli		— 1 736 283

SJÓÐSYFIRLIT

Útborganir		kr. 138 548 941
Innborganir		— 125 053 711
	Greiðslujöfnuður	kr. 13 495 230

Um breytingartillögur vill nefndin taka það fram, að fyrir þeim öllum er meiri hluti í nefndinni, þótt einstakir nefndarmenn séu andvígir sumum þeirra og eru því óbundnir í atkvæðagreiðslu um þær, þótt þær séu fluttar af nefndinni í heild.

Alþingi, 5. desember 1945.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Helgi Jónasson, með fyrirvara.	Pétur Ottesen, með fyrirvara.	Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.
Steingr. Aðalsteinsson.	B. Kristjánsson, með fyrirvara.	Sigurður Kristjánsson.	
Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson.		

Fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni, Björn Kristjánsson, Helgi Jónasson og Skúli Guðmundsson, gera eftirfarandi grein fyrir sínum fyrirvara:

Fjárlagafrumvarpið var með greiðsluhalla, þegar það var lagt fyrir þingið, og við teljum, að það hafi komið greinilega í ljós við meðferð frv., að ekki sé unnt að afgreiða fjárlög á viðunandi hátt án þess að minnka verðbólguna í landinu. Ef dregið væri úr verðbólgunni til verulegra muna, mundi það hafa í för með sér milljónasparnað fyrir ríkissjóðinn, og mætti þá verja meira fé en nú er gert til nauðsynlegra verklegra framkvæmda og stuðnings við atvinnuvegi landsmanna og afgreiða hallalaus fjárlög.

Ed. # 310. Frumvarp til laga

um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

I. KAFLI
Um svið tryggingganna, stjórn og skipulag.

1. gr.

Allir íslenzkir ríkisborgarar, sem dveljast hér á landi, skulu tryggðir samkvæmt lögum þessum og njóta réttinda þeirra, er greinir í II. og III. kafla laganna, eftir því sem við á um hvern og einn, og bera skyldur samkvæmt IV. og V. kafla.

Um íslenzka ríkisborgara, sem dveljast erlendis, fer eftir ákvæðum 108. gr. laganna.

2. gr.

Stofnun sú, sem annast almannatryggingarnar, nefnist Tryggingastofnun ríkisins (hér eftir nefnd Tryggingastofnunin), og á hún heimili og varnarþing í Reykjavík.

Skal skipta henni í deildir eftir því, sem hagkvæmt þykir, en deildirnar hafa þó allar sameiginlegan fjárhag.

Allar tekjur Tryggingastofnunarinnar renna í allsherjar tryggingasjóð (sbr. IV. kafla), og úr honum greiðast öll gjöld stofnunarinnar.

3. gr.

Ríkisstjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Tryggingastofnunarinnar og setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum.

Sá ráðherra, sem fer með heilbrigðismál, skal þó ætið hafa yfirumsjón með framkvæmd III. kafla laganna.

4. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunarinnar. Hann skipar og, að fengnum tillögum forstjóra, tryggingayfirlækni, deildarstjóra og sérstakan tryggingafræðing, ef forstjóri eða deildarstjórar eru það ekki.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum tryggingaráðs, laun þeirra starfsmanna, er taldir eru í 1. mgr. þessarar gr., svo og annarra fastra starfsmanna stofnunarinnar, þar til launin verða ákveðin í launalögum.

5. gr.

Forstjóri stjórnar stofnuninni í samræmi við lög, reglugerðir og erindisbréf, er honum verður sett. Hann afgreiðir mál í samráði við hlutaðeigandi deildarstjóra eða felur þeim afgreiðslu ákveðinna mála, en ber sjálfur ábyrgð á ákvörðunum og úrskurðum.

Forstjóri getur falið sama deildarstjóra forstöðu fleiri en einnar deildar.

6. gr.

Skipað skal 8 manna tryggingaráð á eftirfarandi hátt:

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu 4 menn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar 3 menn, einn eftir sameiginlegri tilnefningu stjórna Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur, annan eftir tilnefningu læknadeildar háskólans, og skulu þeir báðir vera læknisfróðir. Hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Landlæknir er sjálfkjörinn í ráðið.

Ef stjórnir læknafélaganna eða læknadeildar háskólans láta undir höfuð leggjast að tilnefna mann af sinni hálfu samkvæmt 1. mgr., skipar ráðherra án tilnefningar læknisfróða menn til að taka sæti í ráðinu svo og varamenn þeirra.

Kjörtímabil tryggingaráðs er fjögur ár.

7. gr.

Tryggingaráð starfar í tveimur deildum. Fjallar önnur þeirra um heilsugæzlumál samkv. III. kafla og læknisfræðileg atriði trygginganna að öðru leyti, en hin deildin um öll önnur mál stofnunarinnar. Þó skal tryggingaráð starfa óskipt að samningu fjárhagsáætlunar og fjalla um heildarsamninga við lækna, sjúkrahús og heilsuverndarstöðvar.

Í heilsugæzludeild tryggingaráðs skulu vera þeir þrír menn læknisfróðir, sem sæti eiga í ráðinu skv. ákvæðum 6. gr., enn fremur einn maður, er hinir fimm velja úr hópi sínum, svo og formaður ráðsins, sem einnig stjórnar fundum heilsugæzludeildar.

Tryggingaráði er skylt að hafa eftirlit með því, að Tryggingastofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir.

Ef ágreiningur rís um bætur samkvæmt II. kafla eða hlunnindi samkv. III. kafla, leggur tryggingaráð úrskurð á þau mál. Skal ráðið taka þau fyrir og að jafnaði kveða upp úrskurð innan mánaðar, frá því það fékk málið til meðferðar.

Nú sættir aðili sig ekki við úrskurð tryggingaráðs, og má þá skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Vinnuveitendafélag Íslands og Alþýðusamband Íslands skipa hvort um sig einn mann, sem hefur rétt til að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur, þegar skipt er í áhættuflokka og ákveðin iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga skv. 115. gr. Skal Tryggingastofnuninni skylt að láta þeim í té allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna þessa starfs.

9. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um störf og skyldur tryggingaráðs og ákveður þóknun ráðsmanna.

10. gr.

Skipta skal öllu landinu í tryggingaumdæmi, eftir því sem hagkvæmt þykir.

Tryggingastofnunin hefur skrifstofu í hverju umdæmi, en umboðsmenn eftir því, sem þörf krefur. Við skiptingu í umdæmi skal, eftir því sem fært þykir, höfð hliðsjón af skiptingu landsins í læknishéruð.

Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa fimm manna trygginganefnd. Skulu fjórir nefndarmanna kosnir hlutfallskosningu af sveitarstjórnum umdæmisins á sameiginlegum fundi, er halda skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Hinn fimmta skipar félagsmálaráðherra að fenginni tillögu Tryggingastofnunarinnar, og er hann formaður.

Kjósa skal og skipa jafnmarga varamenn. Kjörtímabil trygginganefnda er hið sama og sveitarstjórna. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingarumdæma, tekur sveitarstjórn þess þátt í kosningu trygginganefndar í því umdæmi, þar sem flestir af íbúum sveitarfélagsins eiga heima.

Hlutverk trygginganefnda er að fylgjast með rekstri trygginganna í umdæminu, gera tillögur um framkvæmd þeirra, gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, er mættu verða til sparnaðar í rekstri trygginganna.

Á fundi sveitarstjórna, sem haldinn er skv. 3. mgr., skal ákveða þóknun hinna kjörnu nefndarmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði við störf þeirra af hlutaðeig-

andi sveitarfélögum eftir reglum, er fundurinn setur. Þóknun til formanns greiðir Tryggingastofnunin.

Tryggingaráð setur nefndum þessum nánari starfsreglur.

11. gr.

Tryggingaráð boðar í samráði við ráðherra til fulltrúaþings eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Skal þing þetta fjalla um tryggingamál, framkvæmd tryggingalaganna, tillögur til breytinga á þeim og annað, sem snertir verksvið tryggginganna.

Eftirtöldum aðilum skal boðið að senda á þingið einn fulltrúa hverjum:

Tryggginganefndum, sbr. 10. gr., Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendafélagi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands og Læknafélagi Íslands.

12. gr.

Reikningar Tryggingastofnunarinnar skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

Tryggingastofnunin skal gefa út árbók með sem gleggstum upplýsingum um alla starfsemi stofnunarinnar. Skal leggja sérstaka áherzlu á að safna tölulegum upplýsingum og vinna úr þeim um allt það, sem sérstaklega getur haft áhrif á hag tryggginganna í framtíðinni, og láta gera tryggingafræðilegar áætlanir nokkur ár fram í tímann.

II. KAFLI

Bætur greiddar í peningum.

1. Elli- og örorkulífeyrir.

13. gr.

Rétt til ellilífeyris eiga allir íslenzkir ríkisborgarar, búsettir hér á landi, sem orðnir eru fullra 67 ára 1. jan. 1947, svo og allir þeir, er síðar ná þeim aldri, og öðlast þeir þá réttinn frá næstu mánaðamótum eftir að aldrinum er náð, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum laganna.

Þeir, sem við gildistöku laga þessara njóta lífeyris eða eftirlauna af opinberu fé eða úr opinberum sjóðum, er sé að minnsta kosti jafnmikill og lífeyrir samkv. 15. gr., eiga ekki rétt á ellilífeyri. Ef ellilífeyrir eða eftirlaun ná eigi þeirri fjárhæð, á hlutaðeigandi rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði það, sem á vantar, enda hafi hann náð tilskildum aldri.

14. gr.

Skipta skal landinu í tvö verðlagssvæði. Til fyrsta verðlagssvæðis teljast kaupstaðir og kauptún með 2000 íbúum eða fleiri, til annars verðlagssvæðis allir aðrir staðir á landinu. Þó er heimilt að færa kaupstaði eða kauptún milli verðlagssvæða, ef óskir koma fram um það frá hlutaðeigandi sveitarstjórnum og rannsókn á framfærslukostnaði á þeim stað réttlætir tilfærsluna.

15. gr.

Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir:

	1. verðlagssv. kr.	2. verðlagssv. kr.
Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri	1920.00	1440.00
Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri ..	1200.00	900.00

Sömu fjárhæð og hjónum skv. þessari gr. skal greiða konu og karlmanni, þótt ógift séu, ef þau búa saman og hafa sameiginlegt heimilishald.

16. gr.

Sé greiðslum ellilífeyris frestað, hækkar árslífeyrir hins tryggða sem hér segir:

68	ára	gamall	maður	fær	5%	í viðbót
69	—	—	—	—	10%	- —
70	—	—	—	—	15%	- —
71	—	—	—	—	20%	- —
72	—	—	—	—	25%	- —
73	—	—	—	—	30%	- —
74	—	—	—	—	35%	- —
75	—	eða eldri		—	40%	- —

Þeir, sem við gildistöku laganna eru eldri en 67 ára og taka lífeyri þegar í stað, hljóta lífeyri samkvæmt 15. gr. án hækkunar þeirrar, er um ræðir í 1. mgr. hér á undan. Ef þeir hins vegar fresta lífeyristöku, fá þeir 5% í viðbót fyrir hvert heilt ár, sem líður án þess þeir taki lífeyrinn.

17. gr.

Ef ellilífeyrisþegi þarfnast sérstakrar umönnunar sökum sjúkleika eða ellilasleika og getur því eigi komizt af með þann lífeyri, sem ákveðinn er í 15. og 16. gr., getur Tryggingastofnunin hækkað lífeyri hans, samkvæmt umsókn, um allt að 40 af hundraði eða séð honum fyrir vist á elliheimili. Skal Tryggingastofnunin vinna að því, að komið verði upp hæfilegum fjölda elliheimila, sbr. 103. og 106. gr.

18. gr.

Örorkulífeyrir er jafnhár ellilífeyri, sbr. 15. gr., og greiðist samkvæmt sömu reglum, eftir því sem við getur átt.

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem eru varanlegir öryrkjar á svo háu stigi, að þeir teljast ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

19. gr.

Tryggingayfirlæknir úrskurðar örorkustig þeirra, sem sækja um örorkulífeyri. Slíkum úrskurðum má áfrýja til heilsugæzludeildar tryggingaráðs, sbr. 7. gr.

Tryggingastofnunin getur hvenær sem er látið endurmeta örorku þeirra, sem fengið hafa örorkulífeyri, ef líkur þykja til, að þeir séu eigi lengur öryrkjar, sbr. 3. mgr. 18. gr.

2. Barnalífeyrir og fjölskyldubætur.

20. gr.

Árlegur barnalífeyrir er sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	.....	kr. 800.00
- 2. ——	.....	— 600.00

og er hann greiddur í þeim tilvikum, sem um getur í 21.—29. gr.

21. gr.

Ellilífeyrisþegi, sem hefur á framfæri sínu börn sín yngri en 16 ára, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn, á rétt til að fá greiddan með þeim barnalífeyri, unz þau eru fullra 16 ára. Barnalífeyrir er þó því aðeins greiddur með kjörbörnum, að þau hafi verið á framfæri lífeyrisþega a. m. k. fimm ár, áður en hann fékk rétt til ellilífeyris.

Ef hjón eiga hvort um sig rétt til ellilífeyris eða elli- og örorkulífeyris, fá þau þó aðeins greiddan einfaldan barnalífeyri.

Ef maki ellilífeyrisþega er vinnufær og hefur verulegar tekjur, er barnalífeyrir ekki greiddur. Þó er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða slíkan lífeyri að nokkru eða öllu leyti, ef sérstaklega stendur á.

22. gr.

Hver sá, sem fær greiddan örorkulífeyri samkvæmt 18. gr. og hefur á framfæri sínu börn sín yngri en 16 ára, á rétt á að fá greiddan með þeim barnalífeyri eftir sömu reglum og segir í 21. gr. um ellilífeyrisþega. Tryggingastofnunin getur þó greitt lífeyri með kjörbarni, sem skemur hefur verið á framfæri lífeyrisþega en 5 ár, ef sýnt þykir, að taka þess standi ekki í neinu sambandi við væntanlegar bætur.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 21. gr. gilda einnig um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein.

23. gr.

Ekkja, sem við lát manns síns hefur á framfæri sínu börn sín yngri en 16 ára, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn, á rétt á að fá greiddan barnalífeyri samkvæmt ákvæðum 20. gr., unz þau eru fullra 16 ára. Lífeyrir er því aðeins greiddur með kjörbörnum, að þau hafi verið á framfæri hins látna a. m. k. fimm ár áður en hann lézt. Þó getur Tryggingastofnunin stytt þennan frest.

Ef ekkja giftist, getur hún fengið greidda í eitt skipti fyrir öll fjárhæð, er svari til þriggja ára barnalífeyris, þó aldrei hærri en hún hefði fengið, ef hún hefði eigi gifzt aftur. Þetta er þó því skilyrði bundið, að fé sé notað til framfærslu eða menntunar börnunum.

Að öðru leyti fellur barnalífeyrir niður, er ekkja giftist aftur, og eftir atvikum einnig, ef hún býr með karlmanni án þess að vera gift honum.

Tryggingaráði er heimilt að greiða ekkli barnalífeyri, ef fyrirsjáanlegt er, að tekjur hans hrökkva ekki til að sjá fjölskyldunni farborða.

24. gr.

Öll börn yngri en 16 ára, sem misst hafa báða foreldra sína og hafa enga aðra fyrirvinnu, eiga rétt á því, að með þeim sé greiddur barnalífeyrir samkvæmt 20. gr., unz þau eru fullra 16 ára.

Tryggingaráð getur hækkað lífeyri samkv. þessari gr. um allt að 50%, ef sérstaklega stendur á.

25. gr.

Nú hefur kona búið ógift með karlmanni a. m. k. 2 ár samfleytt og eignazt með honum börn. Á hún þá, ef maðurinn fellur frá, rétt til barnalífeyris með þeim samkv. 20. gr., sbr. 23. gr.

Þetta er þó þeim skilyrðum bundið, að bæði hafi verið ógift, að þau hafi haft sameiginlegt heimili og maðurinn séð um framfærslu konunnar og barnanna eins og um hjón og börn þeirra væri að ræða.

26. gr.

Nú hefur eiginmaður hlaupizt brott frá konu sinni, án þess að tryggja henni og börnum þeirra nægilegan framfærslueyri, og ekki er kunnugt um dvalarstað hans. Er þá Tryggingastofnuninni heimilt að greiða lífeyri með börnunum, eins og um ekkju væri að ræða, en þó má lækka bæturnar með hliðsjón af fjárhag konunnar.

Þegar bætur hafa verið greiddar samkvæmt 1. mgr., getur Tryggingastofnunin krafizt þess, að eiginmaður endurgreiði þær, þegar til hans næst. Innheimta má slíka kröfu á sama hátt og iðgjöld samkvæmt 119. gr., ef Tryggingastofnunin óskar þess.

27. gr.

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um barnalífeyri með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunarinnar með úrskurðinn og fengið lífeyrinn greiddan þar.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkv. 1. mgr., á hún endurkröfurétt á hendur föðurnum, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 119. gr.

Verði vanskil af hálfu föðurins, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans, og telst það framfærslustyrkur veittur honum.

Nú deyr faðir óskilgetins barns, áður en barnið hefur náð 16 ára aldri, og greiðir þá Tryggingastofnunin barnalífeyri engu að síður, en getur þá jafnframt gert kröfu í dánarbú hins látna samkv. reglum 25. gr. l. nr. 46 27. júní 1921.

28. gr.

Reglur 27. gr. skulu gilda eftir því, sem við getur átt, um greiðslu barnalífeyris, er fráskildar konur fá úrskurðaðan með börnum sínum.

29. gr.

Nú hefur kvæntur maður verið dæmdur til fangelsisvistar eða úrskurðaður á drykkjumannahæli eða aðra hliðstæða stofnun, og getur Tryggingastofnunin þá greitt barnalífeyri samkv. ákvæðum 26. gr., eftir því sem þau geta átt við.

30. gr.

Fjölskyldubætur eru sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	.....	kr. 400.00
– 2. ——	.....	— 300.00

og eru þær greiddar eftir reglum 31. og 32. gr.

31. gr.

Fjölskyldubætur skulu greiddar öllum foreldrum, sem hafa á framfæri sínu 4 börn eða fleiri innan 16 ára aldurs. Ekkert er greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu.

Fjölskylda telst hér foreldrar og börn þeirra innan 16 ára aldurs, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn. Undantekin eru börn, sem ekki eru á framfæri foreldranna.

Ef barn er í fóstri, getur Tryggingastofnunin greitt fósturforeldrum bæturnar, ef fullvíst er, að barnið sé í raun réttri á framfæri þeirra, sbr. 3. mgr. 60. gr.

32. gr.

Fjölskyldubætur skulu greiddar mæðrum barnanna, ef þær eru á lífi og sjá um uppeldi þeirra. Þó getur Tryggingastofnunin greitt þær föðurnum eða einhverjum öðrum aðila, ef hún telur, að bæturnar komi börnunum að betri notum með þeim hætti.

Fjölskyldubætur eru ekki greiddar vegna barna, sem barnalífeyrir er greiddur með samkv. 20.—29. gr. eða greitt er með af öðrum sem því svarar samkv. úrskurði.

33. gr.

Barnalífeyri eða fjölskyldubætur, sem greitt er samkv. 20.—32 gr., skal eingöngu nota til framfærslu eða menntunar börnum þeim, sem hlut eiga að máli. Tryggingastofnunin getur neitað að greiða bætur eða hætt að greiða þær, nema fulltryggt sé, að þær verði notaðar eða hafi verið notaðar í þessu skyni. Skal Tryggingastofnunin hafa um þetta samvinnu við barnaverndarnefndir og aðra aðila, sem eiga að hafa eftirlit með uppeldi barna og framfærslu, og getur hún ákveðið að greiða þessum aðilum bæturnar, en þeir sjái síðar um, að þær komi börnunum að sem beztum notum.

3. Bætur til mæðra, ekkna o. fl.

34. gr.

Við hverja barnsfæðingu á móðirin rétt á að fá greiddar kr. 80.00, hvort sem hún stundar vinnu utan heimilis eða ekki.

Mæðrum, sem stunda atvinnu utan heimilis sér til fullrar framfærslu, skal greiða fæðingarstyrk kr. 140.00 mánaðarlega í allt að þrjá mánuði samtals fyrir og eftir fæðingu, enda leggi þær niður vinnu og sé ekki greitt kaup fyrir þennan tíma.

Nú greiðir atvinnurekandi kaup, sem er lægra en fæðingarstyrkur samkv. framansögðu, og skal þá Tryggingastofnunin greiða fæðingarstyrk, þó aldrei hærri en svo, að hann að viðbættu kaupi nemi meiru en kr. 175.00 á mánuði.

Greiða skal fæðingarstyrk frá þeim tíma, sem kona leggur fram læknisvottorð um, að hún muni sennilega ala barn innan 6 vikna, og allt til þess er 6 vikur eru frá barnsburði, sbr. þó 2. mgr. Fæðingarstyrkur er því aðeins greiddur, að móðirin hlíti þeim reglum, sem settar kunna að verða um lækniseftirlit um meðgöngutímann.

Mæður, sem ekki stunda atvinnu utan heimilis síns, fá auk þeirra kr. 80.00, sem um ræðir í 1. mgr., greiddar kr. 120.00 upp í kostnað þann, sem fæðingin hefur í för með sér.

35. gr.

Allar konur, sem verða ekkjur innan 67 ára aldurs, eiga rétt á bótum í 3 mánuði eftir lát eiginmanns þeirra, kr. 140.00 mánaðarlega.

Ekkja, yngri en 67 ára, sem við lát eiginmanns síns hefur á framfæri sínu börn innan 16 ára, sem greiddur er með barnalífeyrir skv. 23. gr., á rétt á ekkjubótum, unz börn þessi eru fullra 16 ára.

Ekkjubætur skulu vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 600.00	á ári
– 2. ——	— 450.00	– —

Ef ekkja giftist, getur hún fengið greidda í eitt skipti fyrir öll fjárhæð, er svari til þriggja ára ekkjubóta, þó aldrei hærri en hún hefði fengið, ef hún hefði eigi gifzt aftur. Að öðru leyti falla ekkjubætur niður, er ekkja giftist aftur, og eftir atvikum einnig, ef hún býr með karlmanni án þess að vera gift honum.

36. gr.

Tryggingaráði er heimilt, auk bóta skv. 1. mgr. 35. gr., að greiða þeim, sem verða ekkjur á aldrinum 50—67 ára og ekki hafa börn á framfæri sínu, árlegan lífeyri eftir þeim reglum, er hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 1200.00	á ári
– 2. ——	— 900.00	– —

Þessar upphæðir eru miðaðar við 67 ára aldur, en lækka um 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á, að ekkja sé 67 ára.

Ef ekkja, sem rétt á til bóta samkv. 2. og 3. mgr. 35. gr., mundi fá hærri lífeyri eftir ákvæðum þessarar gr., getur Tryggingastofnunin greitt henni þann mismun.

Bætur samkv. þessari grein eru því aðeins veittar, að Tryggingastofnunin telji þess þörf, að undangenginni rannsókn á fjárhag umsækjanda.

37. gr.

Nú hefur kona búið með karlmanni í a. m. k. 2 ár og alið honum barn, eða búið með honum samfleytt í 5 ár. Á hún þá sama rétt til bóta og ekkja skv. 35. og 36. gr., ef maðurinn fellur frá.

Þetta er þó þeim skilyrðum bundið, að bæði hafi verið ógift, að þau hafi haft sameiginlegt heimili og maðurinn séð um framfærslu konunnar og barnanna, eins og um hjón og börn þeirra væri að ræða.

Sömu reglur gilda um giftar konur, sem eiginmaður hefur hlaupizt frá, ef þær hafa á framfæri sínu börn sín yngri en 16 ára. Fer um endurkröfurétt á hendur manninum eftir reglum 2. mgr. 26. gr.

Bætur samkv. þessari grein getur Tryggingastofnunin lækkað eða fellt niður með hliðsjón af fjárhag konunnar.

38. gr.

Tryggingastofnunin getur veitt bætur eiginkonu ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega, enda þótt hún sé ekki fullra 67 ára eða sjálf öryrki, sbr. 18. gr.

Slíkar bætur skulu vera:

Á 1. verðlagssvæði allt að	kr. 720.00 á ári
Á 2. verðlagssvæði allt að	kr. 540.00 á ári

Bætur þessar eru því aðeins veittar, að Tryggingastofnunin telji þess þörf, að undangenginni rannsókn á fjárhag umsækjanda.

Ef maður kvænist fullra 60 ára eða eldri, getur eiginkona hans eigi fengið bætur samkvæmt þessari grein. Sama máli gegnir um konu örorkulífeyrisþega, sem kvænzt hefur eftir að hann varð öryrki eða eftir að ljóst var, að orsakir örorkunnar voru tilkomnar.

39. gr.

Nú hafa mæður, sem fá greiddan barnalífeyri samkvæmt 27.—29. gr., á framfæri sínu 2 börn sín eða fleiri, og er þá Tryggingastofnuninni heimilt að greiða þeim bætur allt að því, er segir í 3. mgr. 35. gr., með hliðsjón af efnahag þeirra hverju sinni.

40. gr.

Þegar maður andast, skal greiða nánustu ættingjum hans, dánarbúi eða öðrum þeim, er kostar útförina, upp í þann kostnað sem hér segir:

Ef hinn látni var

yngri en 5 ára	kr. 60.00
6—14 ára	— 90.00
eldri en 14 ára	— 180.00

4. Sjúkrabætur.

41. gr.

Þeim, sem stunda vinnu í annarra þjónustu eða stunda eða reka sjálfstæða atvinnu, skulu greiddar sjúkrabætur samkvæmt eftirfarandi reglum.

Sjúkrabætur eru greiddar konum og körlum á aldrinum 16—67 ára, sem verða fyrir tekjumissi vegna veikinda, ef vinnugeta þeirra er svo skert, að hlutaðeigandi geti eigi unnið sér inn sem svarar a. m. k. ¼ meira en bótaupphæðum laganna nemur við þau störf, sem hann er vanur að stunda, eða við aðra vinnu, er honum kann að vera vísað á og telja verður við hans hæfi.

Það telst tekjumissir, þó að maður haldi kaupi sínu, ef hann verður að greiða staðgöngumanni sínum kaup, en greiði hann honum ekki allt kaup sitt, getur Tryggingastofnunin lækkað bæturnar eða fellt þær niður með öllu.

42. gr.

Sjúkrabætur skulu vera:

Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis eða er atvinnulaus	kr. 7.50 á dag
Fyrir aðra	— 5.00 – —

Giftar konur fá því aðeins greiddar sjúkrabætur, að þær færi sönnur á, að maður þeirra geti ekki séð þeim farborða.

Þegar sjúkrabætur eru greiddar, er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta samkv. 30.—32. gr. einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu, sbr. 1. mgr. 31. gr.

Sjúkrabætur mega aldrei fara fram úr ¾ þess, sem hinn sjúki hefur misst í af tekjum sínum vegna sjúkdómsins.

43. gr.

Sjúkrabætur eru ekki greiddar, ef sjúkdómurinn stafar af áfengisneyzlu, notkun deyfilyfja eða öðrum orsökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, beint eða óbeint, með vítaverðu hirðuleysi eða gáleysi.

Ef farsóttir ganga, svo sem mislingar, inflúenza, skarlatssótt o. fl., fellur niður greiðsla sjúkrabóta vegna slíkra sjúkdóma, nema tryggingaráð heimili greiðsluna hverju sinni.

44. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem læknar starfa, skal greiða sjúkrabætur sem hér segir:

a) Þeir, sem starfa í annarra þjónustu, skulu eiga rétt á sjúkrabótum frá og með 8. veikindadegi og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda sé þeim ekki greitt kaup þennan tíma. Tryggingaráði er þó heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef veikindi stafa af slysförum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða. Sjúkrabætur eru ekki greiddar, nema hlutaðeigandi hafi verið óvinnufær lengur en 10 daga.

Nú greiðir atvinnurekandi hinum sjúka kaup, sem er lægra en sjúkrabótum nemur, og skal þá einnig greiða sjúkrabætur, þó svo, að þær að viðbættu kaupinu séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði. Um fasta starfsmenn sjá ákvæði 66. greinar.

b) Þeir, sem starfa sjálfstætt eða hafa launþega í þjónustu sinni, eiga rétt á bótum frá og með fimmtu sjúkraviku og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda geti þeir sýnt fram á, að tekjur þeirra hafi minnkað verulega vegna veikindanna. Skal tryggingaráð setja nánari reglur um greiðslu sjúkrabóta til slíkra manna með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 41. gr. Heimilt er tryggingaráði að ákveða að greiða bætur samkvæmt framansögðu frá og með 8. veikindadegi, ef hlutaðeigandi fer í sjúkrahús og atvinnurekstur hans stöðvast.

Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.

45. gr.

Utan þeirra staða, sem um ræðir í 44. gr., skulu sömu reglur gilda og þar segir (stafl. a og b), en sjúkrabætur eru því aðeins greiddar, að hinn sjúki liggi í sjúkrahúsi eða hafi verið rúmfastur heima samtals 4 vikur, þegar launþegi á í hlut, en 8 vikur annars. Hámarkstími sjúkrabóta samkvæmt þessari grein er einnig 26 vikur á einu ári.

Ef sannað er, að hinn veiki hafi orðið að taka mann í þjónustu sína vegna sjúkleikans, getur Tryggingastofnunin greitt honum bætur, þótt hann hafi eigi legið rúmfastur.

46. gr.

Skylt er þeim, sem sækja um sjúkrabætur, að tilkynna Tryggingastofnuninni veikindi með læknisvottorði, áður en vika er liðin, frá því er sjúkdómurinn olli óvinnuhæfni, ella miðast biðtíminn við þann dag, sem tilkynning barst. Utan kaupstaða og kauptúna, þar sem læknar eru starfandi, er þó nægilegt, að tilkynning komi viku áður en biðtími er liðinn. Upphaf biðtímans miðast þá við þann dag, sem læknis er fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús, og fylgi vottorð tveggja valinkunnra manna um, að sjúkralegan hafi verið óslitin.

Þegar veikindi hafa verið tilkynnt, getur Tryggingastofnunin látið lækni rannsaka heilsufar hins tryggða eða fylgzt með því á annan hátt. Ef maður vanrækir að fara að ráðum læknis, missir hann rétt til bótanna, meðan svo stendur.

Sama verður, ef hann neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem flýtt gæti bata hans eða búið hann undir nýtt starf.

5. Slysabætur.

47. gr.

Launþegar, sem taldir eru í 48. gr. og slasast við vinnu, eiga rétt til slysabóta samkvæmt því, er segir í 51.—60. gr., svo og vandamenn þeirra.

48. gr.

Launþegi telst samkvæmt lögum þessum hver sá, sem tekur að sér vinnu (þar með talin ákvæðisvinna) gegn endurgjaldi, án þess að vera sjálfur atvinnurekandi. Skiptir eigi máli, hvort um er að ræða vinnu hjá einstaklingum, einkafyrirtækjum, opinberum fyrirtækjum eða stofnunum, samvinnufyrirtækjum, sem verkamenn eða aðrir starfsmenn stjórna sjálfir eða með öðrum. Skipverjar teljast launþegar, þótt þeir taki aflahlut í stað kaups. Launþegi telst og hver sá, sem tekur að sér vinnu samkvæmt framansögðu eða án endurgjalds í þeim tilgangi að afla sér sérstakrar iðnmenntunar (lærlingar). Í skólum og öðrum stofnunum, þar sem verklegt nám er, teljast nemendur launþegar við það nám samkvæmt lögum þessum.

Undir ákvæði þessarar greinar falla ekki þeir launþegar, sem vinna eingöngu á heimili sínu eða á vinnustað, sem þeir sjálfir ákveða, eigi heldur þeir, sem taka að sér lausavinnu, en nánari ákvæði um það, hvað telja beri starf á heimili og lausavinnu í þessu sambandi, skulu sett með reglugerð. Þó skal ekki undanskilja þá launþega, er stunda lausavinnu, sem samfara er sérstök áhætta.

Börn atvinnurekanda, yngri en 16 ára, kona hans og foreldrar eða fósturforeldrar eiga ekki rétt til slysabóta, þótt þau vinni í þjónustu hans.

49. gr.

Útgerðarmaður, sem sjálfur er á skipi sínu, á sama rétt á slysabótum og aðrir skipverjar, enda ber honum að greiða iðgjöld fyrir sjálfan sig, sbr. 114. og 115. gr.

50. gr.

Ef maður slasast eða bíður líftjón við björgun eða tilraun til björgunar manns í lífsháska, skal hann eða vandamenn hans eiga rétt til slysabóta.

51. gr.

Það er bótaskylt slys, er tryggður maður slasast eða deyr af slysi við þá vinnu, sem hann er tryggður við.

Til slysa teljast hér atvinnusjúkdómar, svo sem hvers konar fingur- og handarmein, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, sláturhúsvinnu og aðra þá vinnu, sem sérstaklega er hættuleg að þessu leyti, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna eða innan þess tíma, að rekja megi orsakir þess til hennar. Ákveða skal í reglugerð, hverja sjúkdóma aðra skuli telja atvinnusjúkdóma.

52. gr.

Tryggingin nær einnig til sendistarfa í þágu atvinnurekstrar og nauðsynlegra ferða til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir, sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar.

Trygging sjómanna fyrir slysum nær einnig til þess, er þeir eru í landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig, í erindum, er leiðir beint af starfi þeirra sem sjómanna.

53. gr.

Slysabætur eru, auk sjúkrahjálpar samkvæmt III. kafla, þrenns konar:
Dagpeningar,
Örorkubætur,
Dánarbætur.

54. gr.

Þeim, sem slasast við tryggingarskylda vinnu, skulu greiddir dagpeningar, ef meiðslin valda sjúkleika og vinnutjóni.

Dagpeningar skulu ekki greiddir fyrir fyrstu 7 dagana eftir að hinn slasaði varð óvinnufær, en hafi hann verið óvinnufær lengur en 10 daga, skal greiða þá frá og með 8. degi eftir að slysið varð, þangað til hann verður vinnufær eða úrskurður er felldur um varanlega örorku eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 26 vikur samtals.

Tryggingaráði er heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða, og líkur eru til, að afstýra megi eða draga úr örorku með lengri bótagreiðslu.

Dagpeningar falla niður þann dag, sem hinn slasaði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.

55. gr.

Dagpeningar eru:

Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis eða er atvinnulaus ..... kr. 7.50 á dag
Fyrir aðra ..... — 5.00 – —

Þegar dagpeningar eru greiddir, er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta, sbr. 30.—32. gr., einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu.

Bótagreiðslur samkv. 1. og 2. mgr. þessarar gr. skulu aldrei fara fram úr ¾ af dagkaupi bótaþega við þá atvinnu, er hann stundaði, þegar slysið varð.

Nú greiðir atvinnurekandi hinum slasaða kaup, sem er lægra en dagpeningum nemur, og skal þá einnig greiða dagpeninga, þó svo, að þeir að viðbættu kaupinu séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25%. Um fasta starfsmenn sjá 66. gr.

56. gr.

Dagpeningar eru ekki greiddir, ef slysið stafar af áfengisneyzlu, notkun deyfilyfja eða öðrum orsökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, beint eða óbeint, með vítaverðu hirðuleysi eða gáleysi. Sama gildir um örorkubætur skv. 58. gr. og dánarbætur skv. 59. gr.

57. gr.

Þegar slys hefur verið tilkynnt, getur Tryggingastofnunin látið lækni rannsaka heilsufar hins slasaða eða fylgzt með því á annan hátt. Ef maður vanrækir að fara að ráðum læknis, missir hann rétt til dagpeninga meðan svo stendur. Sama verður, ef hann neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem flýtt gætu bata hans eða búið hann undir nýtt starf.

58. gr.

Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða þeim, sem fyrir því varð, örorkulífeyri til dauðadags eða örorkubætur í einu lagi, sbr. þó 56. gr.

Fullur örorkulífeyrir er kr. 1200.00 á ári, og greiðist hann, ef örorkan er 75% eða meiri; ef hún er minni, greiðist sami hundraðshluti af fullum lífeyri og örorkan er metin. Ef örorkutapið er minna en 50%, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur, sem jafngilda lífeyri hlutaðeiganda, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Nú er örorka metin 50% eða meiri, og skal þá greiða, auk lífeyris samkvæmt 1. mgr., bætur og lífeyri vegna þeirra, sem voru á framfæri bótaþega, þegar slysið bar að höndum, eftir sömu reglum og dánarbætur samkv. 59. gr. Ef örorka er alger og ævilöng, skal greiða fullan lífeyri og bætur, en sé orkutapið minna, lækka upphæð-

irnar um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, og falla niður, ef orkutapið nær ekki 50%. Örorkubætur greiðast ekki, ef orkutapið er metið minna en 15%.

Tryggingastofnunin getur hvenær sem er látið endurmeta orkutap bótaþega, og eru þá greiðslur til hans ákveðnar samkvæmt niðurstöðu matsins.

59. gr.

Ef slys veldur dauða innan eins árs frá því, er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

1. Ekkja eða ekkill hljóta kr. 3000.00. Ef ekkja eða ekkill eru 50 ára eða eldri eða hafa tapað 50% eða meiru af starfsorku sinni, greiðist auk þess lífeyrir til dauðadags, kr. 1200.00 á ári, miðað við 100% örorku eða 67 ára aldur. Lífeyrir lækkar um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, eða 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á, að hlutaðeigandi sé 67 ára.
2. Barn yngra en 16 ára fær kr. 800.00 lífeyri á ári til fullnaðs 16 ára aldurs. Ef barnið er munaðarlaust, er tryggingaráði heimilt að hækka bæturnar um allt að 50%.
3. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en kr. 1000.00 og allt að kr. 3000.00, eftir því að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorkan er minni en 15%.
4. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 1000.00 og allt að kr. 3000.00, eftir því að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.
5. Systkini hins látna, sem voru á framfæri hans, þegar slysið bar að höndum, hljóta dánarbætur á sama hátt sem börn, sbr. 3. tölulið hér á undan.

60. gr.

Ekkja eða ekkill, sem ekki var samvistum við hið látna og ekki á framfæri þess, hlýtur engar dánarbætur.

Kona, sem býr samvistum með manni án þess að vera gift honum, hefur sama rétt til dánarbóta og eiginkona, ef hún hefur fætt honum barn, er þunguð af hans völdum eða þau hafa verið samvistum samfleytt í 18 mánuði. Sama gildir um karlmann, sem býr samvistum við konu án þess að vera kvæntur henni.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra, sbr. 59. gr., ef sömu skilyrðum er fullnægt. Fósturbörn teljast hér aðeins þau börn, sem hafa verið talin á framfæri fósturforeldris samkvæmt skattaframtali undanfarin 3 ár, enda hafi þau ekki jafnframt verið talin á framfæri annars. Barn telst hafa verið á framfæri föðurins, þótt það fæðist að honum látnum.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 58. gr. vegna sama slyss. Lífeyrisgreiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, koma ekki til frádráttar.

6. Almenn ákvæði um bæturnar.

61. gr.

Í lögum þessum tákna „bætur“ hvers konar greiðslur samkv. II. kafla og „bótaþegi“ hvern þann, er einhverjar bótagreiðslur hlýtur frá Tryggingastofnuninni.

62. gr.

Sækja skal til Tryggingastofnunarinnar um allar bætur. Umsóknir séu ritaðar á sérstök eyðublöð, er hún lætur í té. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að úrskurða bætur.

63. gr.

Allar umsóknir skal afgreiða svo fljótt sem kostur er á, og skulu bætur reiknaðar frá fyrsta degi þess mánaðar, sem Tryggingastofnunin eða umboðsmaður hennar fær umsóknina, eða frá þeim degi, sem umsækjandinn hefði uppfyllt skilyrðin til bótanna, eftir því hvor dagurinn er síðar.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef umsækjandi býr fjarri skrifstofum hennar, umboðsmönnum eða póstafgreiðslustöð.

64. gr.

Þegar að höndum ber slys, sem ætla má bótaskylt samkvæmt lögum þessum, skal atvinnurekandi senda tafarlaust tilkynningu um slysið í því formi, sem Tryggingastofnunin skipar fyrir um, til lögreglusjóra eða umboðsmanns hans (í Reykjavík þó til Tryggingastofnunarinnar). Lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunarinnar ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla, að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið fyrir rétti.

Heimilt er að taka til greina tilkynningar um slys, þótt dregizt hafi að senda þær, ef sannað er, að tilkynnandi á ekki sök á drættinum.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefur vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfu til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið, frá því að slysið bar að höndum.

65. gr.

Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar bóta samkv. lögum þessum, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Ber hér einnig að taka tillit til atvinnuleysisbóta, ef greiddar eru.

Ef maður á rétt á fleiri en einni tegund bóta, sem ekki geta farið saman, má hann taka hærri eða hæstu bæturnar.

Ef maður, sem nýtur slysabóta samkv. 47.—60. gr., ætti rétt á hærri bótum eftir öðrum ákvæðum II. kafla, skal greiða honum mismuninn til viðbótar.

Ef bótaþegi dvelst í sjúkrahúsi eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem Tryggingastofnunin eða hið opinbera greiða fyrir hann að nokkru eða öllu leyti, er heimilt að lækka eða fella niður bætur, sem ætlaðar hafa verið til framfærslu hans sjálfs.

Tryggingaráð setur reglur um framkvæmd ákvæða næstu mgr. hér á undan, og séu þær endurskoðaðar eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

66. gr.

Fastir starfsmenn skulu aldrei missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa, en njóta skulu þeir kaupgreiðslu um lengri tíma, ef svo er mælt fyrir í sérstökum lögum, samningum eða slíkt leiðir af venju í þeirri starfsgrein.

67. gr,

Tryggingastofnunin úrskurðar bætur til ákveðins tíma og aldrei lengur en til eins árs í senn. Skal því endurnýja allar umsóknir um bætur a. m. k. árlega, og athugar Tryggingastofnunin bótaréttinn á ný við hverja endurveitingu. Ef hagur bótaþega breytist á því tímabili, sem bætur eru veittar fyrir, getur Tryggingastofnunin hvenær sem er endurskoðað bótagreiðslurnar og samræmt þær þeim breytingum, sem orðið hafa.

68. gr.

Bætur skulu greiddar bótaþegum sjálfum eða fjárráðamönnum þeirra. Barnalífeyri skal þó greiða foreldrum eða forráðamönnum barna, en fjölskyldubætur mæðrum þeirra.

Ef Tryggingastofnunin telur líkur til þess, að bætur komi bótaþega að meira gagni með því að greiða þær öðrum en honum sjálfum, getur hún ákveðið að greiða þær þeim aðilum. Skal leitazt við að fá samþykki bótaþega til slíkrar ráðstöfunar, ef þess er kostur.

Ef bótaþegi getur ekki sjálfur sótt bæturnar sökum elli eða sjúkleika eða býr langt frá greiðslustað, getur Tryggingastofnunin greitt öðrum bæturnar, enda hafi þeir skýrt og ótvírætt umboð bótaþega til þess að veita bótunum viðtöku.

69. gr.

Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð, þar sem samgöngur eru erfiðar.

Úrskurðaðar bætur falla niður, ef þær eru ekki sóttar innan þess frests, er Tryggingastofnunin ákveður, en hægt er að endurnýja réttinn til bótanna, ef færðar eru sönnur á, að lögleg forföll hafi hamlað því, að bætur væru sóttar á réttum tíma.

70. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkv. lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

71. gr.

Ef bótaþegi flyzt til útlanda eða dvelst erlendis, falla bætur til hans niður, unz hann kemur aftur til landsins, en sótt getur hann þá um bætur á ný. Heimilt er þó að greiða ellilífeyri til manna, er dveljast í útlöndum í allt að 6 mánuði, og örorkulífeyri til manna, er fara utan til þess að fá lækningu, sem þeir eiga ekki kost á hér á landi, þó ekki lengur en hæfilegt verður að teljast í þessu skyni.

72. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum, og á þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum, eða hún getur dregið upphæðina frá bótum, sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla samkv. 1. mgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega, getur Tryggingastofnunin látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu, sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

73. gr.

Ef umsækjandi á bótakröfu á hendur manni eða stofnun, skal hann, ef Tryggingastofnunin óskar þess, framselja henni rétt sinn til bótanna.

Nú greiðast hærri skaðabætur en framlögðum tryggingabótum nemur, og skal þá bótaþegi fá mismuninn, og jafnan skal hann fá bætur, sem greiddar eru vegna þjáninga eða líkamslýta.

74. gr.

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun, skulu falla niður allar bætur til hans, meðan hann dvelur þar.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar eða hluta af þeim konu hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila, sem sér um, að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

75. gr.

Þegar bótaþegi andast, skulu bætur falla niður frá dánardegi. Ógreiddar bætur renna til dánarbús hins látna.

III. KAFLI
Heilsugæzla.

76. gr.

Tryggingastofnunin skal vinna að því í samráði og samvinnu við heilbrigðisstjórnina, að látin verði í té skipuleg heilsugæzla, er nái sem bezt til allra landsmanna.

Heilsugæzla merkir í lögum þessum bæði heilsuvernd og sjúkrahjálp.

77. gr.

Heilsugæzlu á vegum tryggingana annast heilsuverndarstöðvar, sjúkrahús og lækningastöðvar, sem til þess eru viðurkennd af heilbrigðisstjórninni.

Þar, sem ekki eru heilsuverndar- eða lækningastöðvar, annast héraðslæknar störf þeirra, hver í sínu umdæmi, með aðstoð annarra opinberra heilbrigðisstarfsmanna.

78. gr.

Heilsuverndar- og lækningastöðvar samkvæmt 77. gr. skulu vera í öllum kaupstöðum og annars staðar þar, sem heilbrigðisstjórnin ákveður með ráði Tryggingastofnunarinnar. Skulu þær settar á stofn og reknar af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum, ef fleiri en eitt sveitarfélag eru um stöð.

Tryggingastofnuninni er heimilt að setja á stofn og reka stofnanir, sem annast sérstaka þætti heilsugæzlu fyrir allt landið, svo sem vinnulækningar, enda fallist heilbrigðisstjórnin á tilhögun þessarar starfsemi.

79. gr.

Um framlög ríkisins til að koma upp heilsuverndar- og lækningastöðvum samkvæmt lögum þessum gilda sömu reglur og um framlög þess til að reisa sjúkrahús.

80. gr.

Í hverju sveitarfélagi, þar sem reknar eru stofnanir þær, sem um getur í 78. gr., skal starfa heilsugæzlunefnd, sem annast stjórn og rekstur þeirra svo og rekstur sjúkrahúsa, sem sveitarfélögin eiga.

Ráðherra skipar formann heilsugæzlunefndar og varaformann eftir tillögum tryggingaráðs, en sveitarstjórn kýs til viðbótar 2 eða 4 menn í stjórn og jafnmarga til vara, eftir því sem sveitarstjórn ákveður. Skal kosning þeirra jafnan fara fram eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar.

Nú standa fleiri sveitarfélög en eitt að stofnunum þeim, er að framan greinir, og getur þá tryggingaráð ákveðið, að hlutaðeigandi sveitarfélög kjósi sameiginlega stjórnir þeirra.

Ef saman falla tryggingaumdæmi, sbr. 10. gr., og svæði þau, er umræddar stofnanir ná yfir, má tryggingaráð ákveða, að heilsugæzlunefnd skuli fara með störf tryggingnefndar, sbr. 3. mgr. 10. gr.

81. gr.

Hlutverk sjúkrahúsa er að veita sjúklingum, er þarfnast sjúkrahúsvistar, nauðsynlega umönnun, hjúkrun og læknishjálp.

Hlutverk heilsuverndarstöðva er að rækja hvers konar heilsuverndarstarfsemi, og telst þar til mæðravernd, barna- og unglingavernd, þar með talið skólaeftirlit og eftirlit með íþróttaiðkunum, berklavarnir, holdsveiki- og sullaveikivarnir, varnir gegn kynsjúkdómum, almennar farsóttavarnir og andleg heilsuvernd. Enn fremur heilbrigðiseftirlit með vinnustöðvum, aðstoð við almennar slysavarnir, híbýlaeftirlit, matvælaeftirlit og manneldisrannsóknir.

Hlutverk lækningastöðva er að veita, hver í sínu umdæmi, almenna og sérfræðilega læknishjálp sjúklingum utan sjúkrahúsa, þar með taldar tannlækningar, svo og nuddlækningar og fæðingarhjálp. Enn fremur að annast rannsóknir, er miði að sem fullkomnastri sjúkdómsgreiningu. Lækningastöðvar sjá einnig um nauðsynlega hjúkrun sjúklinga í heimahúsum, að svo miklu leyti sem Tryggingastofnunin ákveður að láta hana í té, sbr. 94. gr.

82. gr.

Sjúkrahús, þar með talin einkasjúkrahús, heilsuverndarstöðvar og lækningastöðvar skulu háð eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar, er setur með reglugerð ákvæði um þá lágmarksþjónustu, er slíkar stofnanir skuli láta í té á hverjum stað, og önnur skilyrði fyrir því, að þær hljóti viðurkenningu, en fylgist síðan með, að öllum slíkum ákvæðum sé fylgt, og metur að öðru leyti gæði þjónustunnar á hverjum stað, sbr. 88. gr.

83. gr.

Heilbrigðisstjórnin getur ákveðið, að ein og sama stofnun ræki hlutverk sjúkrahúss, heilsuverndar- og lækningastöðvar, þar sem sérstök skilyrði eða staðhættir mæla með því.

84. gr.

Ríkissjóður greiðir laun allra fastra lækna heilsuverndarstöðva, lækningastöðva og opinberra sjúkrahúsa, svo og héraðslækna og sérfróðra lækna, sem falin eru sérstök störf í þágu heilsugæzlustarfseminnar eða yfirumsjón með einstökum greinum hennar.

Nú telur tryggingaráð (heilsugæzludeild), að nauðsynlegt sé, að fleiri læknar en héraðslæknir einn starfi í læknishéraði, þar sem eigi er rekin heilsuverndarstöð eða lækningastöð eða slíkar stöðvar geta eigi séð fyrir læknishjálp í héraðinu, svo að fullnægjandi teljist að dómi heilbrigðisstjórnar, og skal þá greiða laun aukalæknis eða aukalækna úr ríkissjóði.

Laun lækna, er veita læknishjálp utan sjúkrahúsa, skulu yfirleitt miðuð við það, að þeim sé heimilt að taka gjald af sjúklingum samkvæmt gjaldskrá, sbr. 87. gr.

Launagreiðslur til lækna skv. þessari grein skulu teljast hluti af framlagi ríkissjóðs til tryggingasjóðs, sbr. 118. gr.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar gilda eigi lengur en til ársloka 1949 hvað snertir þau tryggingaumdæmi, þar sem skylt er að reka heilsuverndar- og lækningastöðvar samkvæmt 78. gr.

85. gr.

Ráðherra skipar þá lækna, er um ræðir í 84. gr., og ákveður fjölda þeirra á hverjum stað með ráði tryggingaráðs (heilsugæzludeildar). Eigi má þó fjölga föstum læknum meira en svo, að 2000 íbúar komi að meðaltali á hvern almennan lækni, er starfar að lækningum utan sjúkrahúsa, nema sérstaklega standi á.

86. gr.

Tryggingastofnunin greiði kostnað við dvöl hinna tryggðu eftir læknisráði á viðurkenndum sjúkrahúsum, heilsuhælum og fæðingarstofnunum, þar með talin læknishjálp, lyf og umbúðir. Greiðir hún slíkan kostnað að fullu og eins lengi og

þörf krefur, enda sé nauðsyn sjúkrahúsvistar viðurkennd af tryggingayfirlækni eða öðrum trúnaðarlæknum í umboði hans.

Heimilt er Tryggingastofnuninni, ef sérstaklega stendur á, að greiða kostnað við dvöl á viðurkenndum hjúkrunarheimilum eftir reglum, sem heilbrigðisstjórnin setur.

87. gr.

Þeir, sem tryggðir eru samkvæmt lögum þessum, eiga rétt á að fá læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá læknum, er starfa í þjónustu hinnar opinberu heilsugæzlu, sbr. 84. gr., gegn greiðslu eftir gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin setur. Gjaldskrá þessi skal miðuð við það, að hún að meðaltali svari til ¼ af hæfilegri greiðslu.

Þegar svo stendur á, að fastir læknar, héraðslæknar og aukalæknar skv. 84. gr. eru eigi nægilega margir til þess að sjá fyrir fullnægjandi læknishjálp í læknishéraði, getur Tryggingastofnunin til bráðabirgða samið við einstaka lækna eða félagsskap þeirra um að sjá hinum tryggðu fyrir læknishjálp.

Ef slíkir samningar takast ekki, getur Tryggingastofnunin ákveðið að greiða hinum tryggðu upp í kostnað við læknishjálp ¾ hluta miðað við gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur, eða sem samsvarar þrefaldri gjaldskrá fastra lækna.

Tryggingastofnunin getur ákveðið að greiða kostnað við tannlækningar eingöngu vegna þeirra, sem eru innan 18 ára aldurs.

Tryggingastofnunin greiðir ekki læknishjálp umfram beina heilsufarslega nauðsyn, svo sem tannfyllingar með gulli, fegrunaraðgerðir og annað tilsvarandi, og skal í reglugerð setja ákvæði til að girða fyrir það.

Þegar í hlut eiga þeir, er njóta elli- og örorkulífeyris samkvæmt 13.—19. gr., börn þeirra, munaðarleysingjar eða þeir, sem njóta slysabóta, sbr. 51.—60. gr., skal Tryggingastofnunin greiða fyrir þá læknishjálp, er þeim bæri að greiða samkvæmt gjaldskránni.

88. gr.

Tryggingastofnunin semur við sjúkrahús og aðrar slíkar stofnanir og heilsuverndar- og lækningastöðvar, sbr. 77. gr., um að annast lækninga- og heilsuverndarstarfsemi samkvæmt þessum kafla.

Ef ekki takast samningar, úrskurðar heilbrigðisstjórnin greiðslurnar, og skal þá miða við, að stofnanirnar fái greiddan eðlilegan kostnað vegna þeirrar þjónustu, er þær láta í té, að undangengnu mati samkvæmt 82. gr.

Það skal tekið fram í samningi samkvæmt 1. mgr. eða ákveðið í úrskurði samkvæmt 2. mgr., að ágóða af rekstri þeirra stofnana, er þar getur, skuli varið til að bæta og fullkomna þá þjónustu, er þær láta í té. Skal Tryggingastofnuninni heimill aðgangur að bókhaldi þeirra til að tryggja framkvæmd þessa ákvæðis.

89. gr.

Tryggingastofnunin skal greiða að fullu þau lyf, sem sjúklingum er lífsnauðsyn eða brýn nauðsyn að nota að staðaldri að dómi læknis, enda sé sannað með læknisvottorði og rannsókn, er tryggingayfirlæknir metur gilda, að um slíka nauðsyn sé að ræða. Önnur nauðsynleg lyf og umbúðir skulu greidd að hálfu. Tryggingastofnunin greiðir þó aðeins lyf og umbúðir, sem ávísað er með lyfseðli af lækni, sem hlotið hefur ótakmarkað lækningaleyfi, eða af staðgöngumanni hans.

Tryggingastofnunin lætur gera skrá um þá lyfjaflokka, sem um getur í 1. mgr., og skal hún staðfest af heilbrigðisstjórninni. Skrá þessi skal endurskoðuð eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en annað hvert ár.

90. gr.

Tryggingastofnunin greiðir að fullu kostnað við röntgenskyggningu og töku röntgenmynda, enda séu slíkar rannsóknir framkvæmdar að fyrirlagi læknis og af

læknum eða stofnunum, sem heilbrigðisstjórnin samþykkir. Enn fremur skal greiða að fullu lyf þau og efni, sem nauðsynleg eru til slíkra rannsókna.

Um greiðslur þessar fer eftir samningum. Ef samningar hafa ekki tekizt, skal endurgreitt eftir gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin setur.

91. gr.

Tryggingastofnunin greiðir að fullu kostnað við röntgen- og radiumlækningar í viðeigandi tilfellum. Þó greiðist kostnaður við slíkar lækningar aðeins, ef þær eru framkvæmdar á stofnunum, sem heilbrigðisstjórnin hefur viðurkennt í þessu skyni.

92. gr.

Tryggingastofnunin greiðir að fullu kostnað við vefjarannsóknir og líffræðilegar rannsóknir, sem nauðsynlegt er, að gerðar séu á sérstökum stofnunum, enda séu þær rannsóknir gerðar að fyrirlagi læknis.

Um greiðslur þessar fer eftir samningum, en takist samningar ekki, skal endurgreiða sjúklingum eftir gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur.

Tryggingaráð ákveður, hvaða rannsóknir hér komi til greina.

93. gr.

Tryggingastofnunin greiðir ljósmæðrahjálp í heimahúsum eftir gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur.

94. gr.

Tryggingastofnuninni er heimilt að láta í té hjúkrun í heimahúsum, er nauðsyn krefur að dómi læknis. Heimilt er og að láta í té aðstoð á heimilum, er alveg sérstaklega stendur á, eftir nánari reglum, er tryggingaráð setur.

95. gr.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða styrki upp í kostnað við sjúkrahjálp erlendis í sérstökum tilfellum. Slíkir styrkir skulu þó eigi greiddir nema sjúklingurinn veikist erlendis eða sé haldinn sjúkdómi, sem gildar ástæður mæla með að dómi tryggingayfirlæknis, að bót fáist ráðin á erlendis, en ekki hér á landi.

96. gr.

Stofna skal læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóði, einn fyrir hvert sveitarfélag eða hluta úr sveitarfélagi innan tryggingaumdæmis, þar sem aðstaða til læknisvitjana og sjúkraflutninga er svo erfið, að þess sé þörf að dómi tryggingaráðs.

Tryggingaráð umdæmisins stjórnar sjóðum þessum og veitir fé úr þeim og sendir Tryggingastofnuninni ársreikninga þeirra.

Sjóðir þessir myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði, sem nemur 125000 krónum fyrir alla sjóðina samanlagt. Skiptist þessi heildarupphæð fyrst milli hinna einstöku tryggingaumdæma eftir tillögum landlæknis, og skal við þá skiptingu höfð hliðsjón af allri aðstöðu til læknisvitjana og sjúkraflutninga og enn fremur af fólksfjölda umdæmanna. Þegar hluti hvers tryggingaumdæmis hefur verið ákveðinn, skiptist hann milli hinna einstöku sjóða innan umdæmisins, og skal tryggingaráð við þá skiptingu fara eftir sömu reglum og segir í næsta málslið hér á undan og leita tillagna tryggingaráðsnefndar umdæmisins um hana.

97. gr.

Auk sjóða þeirra, sem um getur í 96. gr., skal stofna sjóð, sem sé sameiginlegur fyrir allt landið, og skal hlutverk hans vera sem hér segir:

a. Að taka þátt í að jafna halla, sem verða kann á einstökum læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóðum, sbr. 98. gr., og

b. að veita endurgreiðslur skv. 99. gr. einstaklingum, sem verða fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna læknisvitjana eða sjúkraflutninga, en eiga ekki rétt til endurgreiðslu úr neinum læknisvitjana- að sjúkraflutningasjóði.

Sjóður sá, sem um getur í þessari grein, myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði að upphæð 75000 kr., og er honum stjórnað af Tryggingastofnuninni. Aldrei má verja meira en ⅔ af sjóðnum til þeirra nota, sem ákveðin eru í staflið a, og aldrei meira en ⅓ til þeirra nota, sem ákveðin eru í staflið b.

98. gr.

Fé þeirra sjóða, sem um getur í 96. gr., skal varið til að endurgreiða 75% af óhjákvæmilegum kostnaði við ferðir lækna til sjúklinga, að undanskildum fyrstu 10 km, og 75% af óhjákvæmilegum kostnaði við flutning sjúklinga í sjúkrahús og heim aftur. Endurgreiðslur þessar eru miðaðar við það, að þess læknis hafi verið vitjað, sem er héraðslæknir á þeim stað, þar sem sjúklingurinn er búsettur, eða þess læknis í þjónustu hinnar opinberu heilsugæzlu, sem hægast og ódýrast hefði verið að vitja með tilliti til samgangna á hverjum stað. Á sama hátt eru endurgreiðslur vegna sjúkraflutnings miðaðar við, að flutningurinn sé til þess sjúkrahúss, sem stytzt er eða ódýrast að komast til, enda komi vist í því sjúkrahúsi sjúklingnum að fullum notum með tilliti til sjúkdóms hans að dómi læknis.

Nú er eftir í sjóði afgangur, þegar allar endurgreiðslur á einu ári samkv. 1. mgr. hafa verið inntar af hendi, og skal þá bæta við endurgreiðslurnar, svo að þær verði alls allt að 90%, en afgang, sem þá kann að verða eftir, skal flytja yfir til næsta árs.

Ef endurgreiðslur eins árs samkv. 1. mgr. nema svo miklu, að sjóðurinn hrökkvi eigi til, skal hlutaðeigandi sveitarfélag greiða hallann, en fær þá hluta af þeirri upphæð endurgreiddan úr sjóði þeim, sem um getur í 97. gr. staflið a, eftir því sem sá sjóður hrekkur til, en þó aldrei yfir 50%.

99. gr.

Nú verður maður fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna læknisvitjana eða sjúkraflutninga, en á ekki rétt til greiðslu úr sjóði, sbr. 96. gr., og er Tryggingastofnuninni þá heimilt að greiða þann kostnað að nokkru eða öllu leyti eftir umsókn hans.

IV. KAFLI

Fjárhagsákvæði.

1. Tryggingasjóðurinn.

100. gr.

Öll útgjöld almannatrygginganna samkvæmt lögum þessum skal greiða úr einum allsherjar tryggingasjóði, sem Tryggingastofnunin stjórnar.

Úr sjóðnum skal enn fremur greiða tillag til Atvinnustofnunar ríkisins, sbr. 109. og 114. gr., ef henni verður komið á fót, ella leggst tillagið við upphæð þá, er um getur í 2. gr. laga nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir, og er í vörzlu Tryggingastofnunarinnar, unz Alþingi setur lög um ráðstöfun fjárins.

101. gr.

Í tryggingasjóðinn skulu renna eftirtaldir sjóðir:

1. Lífeyrissjóður Íslands, sbr. 46. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar. Ríkissjóður endurgreiðir tryggingasjóðnum á 10 árum upphæðir þær, sem Lífeyrissjóður Íslands hefur lagt út til ellilauna og örorkubóta samkvæmt 78. gr. l. nr. 74 31. des. 1937, sbr. einnig 79. gr. sömu laga.
2. Sjóður slysatryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. I. og II. kafla laga nr. 104 30. des. 1943, um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.

3. Ellistyrktarsjóðir þeir, sem um getur í 76. gr. laga nr. 74 31. des. 1937.
4. Sjóðir sjúkrasamlaga þeirra, sem stofnuð hafa verið samkvæmt lögum um alþýðutryggingar.

102. gr.

Um ráðstöfun á sjóðum þeim, sem taldir eru í 1. og 2. tölulið 101. gr., gilda eftirfarandi reglur:

Lífeyrissjóður Íslands og sjóður slysatryggingadeildar skulu sameiginlega vera varasjóðir Tryggingastofnunarinnar, og skulu vextirnir leggjast við hann ár hvert.

Úr varasjóði má til bráðabirgða greiða halla, sem verða kann á tryggingasjóðnum.

103. gr.

Um ráðstafanir á sjóðum þeim, sem taldir eru í 3. og 4. tölul. 101. gr., fer sem hér segir:

Ellistyrktarsjóðunum skal varið til að koma upp elliheimilum og stofnunum fyrir öryrkja, sbr. 18. gr.

Tryggingastofnunin skal gera heildartillögur um, hvar elliheimilum og stofnunum fyrir öryrkja skuli komið upp, og sé stefnt að því, að tryggingaumdæmi, eitt eða fleiri, geti verið saman um stofnun þeirra og rekstur. Tillögur þessar skulu lagðar fyrir félagsmálaráðherra til staðfestingar og síðan tilkynntar hlutaðeigandi sveitarfélögum. Að fenginni staðfestingu félagsmálaráðherra skal fara fram atkvæðagreiðsla um, hvort koma skuli upp slíkum stofnunum, ef Tryggingastofnunin eða sveitarstjórnir eins eða fleiri sveitarfélaga óska þess. Atkvæðagreiðslan fer fram á sameiginlegum fundi sveitarstjórna í því umdæmi, er hlut á að máli. Ef meiri hluti er því fylgjandi, að komið verði upp slíkum stofnunum, getur ráðherra ákveðið, að samþykktin sé bindandi fyrir öll sveitarfélög innan umdæmisins eða umdæmanna, ef fleiri eru, og að þau sameiginlega skuli koma á fót slíkri stofnun innan þess tíma, er ráðherra ákveður. Jafnframt er þá Tryggingastofnuninni skylt að greiða upphæðir þær, sem standa í ellistyrktarsjóðum hlutaðeigandi sveitarfélaga, upp í stofnkostnaðinn.

Heilsugæzlunefndir eða trygginganefndir, þar sem heilsugæzlunefndir eru ekki, skulu annast um rekstur stofnana þessara á ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Sjóðum sjúkrasamlaga skal varið til þess að tryggja fullnægjandi heilsugæzlustarfsemi í umdæmum samlaganna, og skal afhenda þá hlutaðeigandi heilsugæzlunefndum, þegar upp hefur verið komið og ákveðið að reka heilsuverndar- og lækningastöðvar, sbr. 78. gr. Skulu sjóðirnir vera varasjóðir stofnananna, og er heilsugæzlunefndum heimilt með samþykki Tryggingastofnunarinnar að veita úr þeim lán til hlutaðeigandi sveitarfélaga til þess að koma stofnununum á fót.

Nú hafa verið fleiri en eitt sjúkrasamlag á svæði, sem verður tryggingaumdæmi, eða ekki verið nein samlög í nokkrum hluta umdæmisins, og skal þá leita samkomulags við hlutaðeigandi sveitarfélög um, að þau leggi fram hlutfallslegt fé til stofnananna miðað við íbúatölu. Ef ekki næst samkomulag um slík framlög, getur ráðherra sett, að fengnum tillögum tryggingaráðs, reglur, sem tryggi, að íbúar þeirra svæða, er komið hafa upp sjóðunum, njóti betri kjara hjá stofnununum, eftir því sem hæfilegt þykir með hliðsjón af þeim mismun, sem er á stofnframlagi þessara aðila.

Tryggingastofnunin ávaxtar fé sjóðanna, unz þeim hefur verið ráðstafað á þann hátt, er hér greinir, og skulu vextir lagðir við höfuðstól.

Félagsmálaráðherra setur að öðru leyti reglur um greiðslur úr tryggingasjóðnum skv. þessari grein til stofnana þeirra, er að framan greinir, að fengnum tillögum tryggingaráðs.

104. gr.

Þessar eru tekjur tryggingasjóðs:

1. Iðgjöld hinna tryggðu, sbr. 107—113. gr.

2. Iðgjöld atvinnurekenda, sbr. 114. gr.
3. Sérstök áhættuiðgjöld atvinnurekenda vegna slysabóta, sbr. 115. gr.
4. Framlög sveitarfélaga til tryggginganna, sbr. 116.—117. gr.
5. Framlag ríkissjóðs til tryggginganna, sbr. 118. gr.
6. Sektir, sem greiddar eru fyrir brot á ákvæðum laga þessara, sbr. 141. gr.
7. Aðrar tekjur, svo sem endurgreiðslur og annað, sem sjóðnum kann að áskotnast.

105. gr.

Í tryggingasjóði skal jafnan vera svo mikið handbært fé, að ætið sé hægt að inna af hendi á réttum tíma lögboðnar greiðslur tryggginganna.

Fé tryggingasjóðs skal ávaxta í auðseldum ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum, lánum með ríkisábyrgð eða öðrum álíka tryggum lánum, að svo miklu leyti sem það þarf eigi að vera handbært, sbr. 1. mgr.

Forstjóra Tryggingastofnunarinnar ber að gefa tryggingaráði yfirlit um hag sjóðsins ársfjórðungslega, þar á meðal um handbært fé hans og þær skuldbindingar, er á honum hvíla á næsta ársfjórðungi.

106. gr.

Heimilt er að veita sveitarfélögum byggingarlán úr varasjóði sem hér segir:

a) Til að koma upp elliheimilum og öryrkjastofnunum, sbr. 103. gr., þó ekki yfir 40% af þeim hluta varasjóðsins, sem myndaður er úr Lífeyrissjóði Íslands.
b) Til að koma upp á sama hátt lækningastöðvum, heilsuverndarstöðvum og öðrum hliðstæðum stofnunum, er starfa í sambandi við tryggingarnar.

Lán samkvæmt a- og b-lið skulu veitt gegn ríkisábyrgð eða öruggu fasteignaveði eftir ákvörðun tryggingaráðs, og má heildarupphæð þeirra aldrei fara fram úr helmingi varasjóðsins.

Enn fremur er heimilt að verja fé úr varasjóði til að reisa skrifstofubyggingar fyrir Tryggingastofnunina og til að koma á fót stofnunum, sem annast sérstaka þætti heilsugæzlunnar eða forsjá gamalmenna, að svo miklu leyti sem ekki er nauðsynlegt að hafa fé varasjóðs handbært vegna útgjalda Tryggingastofnunarinnar.

2. Iðgjöld hinna tryggðu.

107. gr.

Allir íslenzkir ríkisborgarar, búsettir hér á landi, 16 til 67 ára, skulu greiða iðgjöld til almannatryggginganna, nema þeir séu sérstaklega undanþegnir í lögum þessum. Iðgjöld giftrar konu telst með iðgjaldi eiginmanns hennar, enda sé hann gjaldskyldur, ella greiði hún sem ógift væri.

108. gr.

Ákveða skal með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs, á hvern hátt íslenzkir ríkisborgarar, sem dveljast erlendis, geti haldið réttindum sínum og hve há iðgjöld þeir skuli greiða, sbr. og 139. gr.

109. gr.

Iðgjöld skulu vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði.

Kvæntir karlar	kr. 180.00	á ári
Ókvæntir karlar	— 144.00	— —
Ógiftar konur	— 108.00	— —

Á 2. verðlagssvæði.

Kvæntir karlar	kr. 138.00	á ári
Ókvæntir karlar	— 108.00	— —
Ógiftar konur	— 84.00	— —

Tíundi hluti iðgjalda samkvæmt þessari grein skal renna til Atvinnustofnunar ríkisins, ef henni verður komið á fót, sbr. 2. mgr. 100. gr.

110. gr.

Meistarar í iðnaði skulu greiða iðgjöld fyrir nema sína, og er óheimilt að draga iðgjöldin frá kaupi þeirra.

111. gr.

Undanþegnir iðgjaldagreiðslu eru þeir, sem samkvæmt síðasta skattaframtali hafa haft lægri hreinar tekjur en nemur lífeyrisupphæðum samkvæmt 15. gr. að viðbættum 25 af hundraði.

Nú hefur iðgjaldagreiðandi börn innan 16 ára á framfæri sínu, og hækka þá upphæðir þær, er um ræðir í 1. mgr., sem nemur barnalífeyri samkvæmt 20. gr. að viðbættum 25 af hundraði.

Af þeim tekjum, sem eru umfram hámarksupphæðir 1. og 2. mgr., skal greiða 50 af hundraði, unz fullu iðgjaldi er náð.

Hlutaðeigandi sveitarfélag greiðir iðgjöld þau, sem eftir eru gefin samkvæmt þessari grein. Slíkar greiðslur eru óendurkræfar og teljast ekki framfærslustyrkur.

Sveitarfélagi ber þó eigi að greiða iðgjöld samkvæmt þessari grein, ef hlutaðeigandi hefur notið bóta samkvæmt II. kafla laga þessara 2 mánuði eða lengur eða dvalizt í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað tryggingarinnar jafnlangan tíma á skattárinu. Í þessu sambandi telst þó eigi bótaþegi sá, sem aðeins nýtur fjölskyldubóta samkvæmt 30. gr.

112. gr.

Auk þess, sem segir um iðgjaldaundanþágur í 111. gr., getur tryggingaráð samkvæmt einróma ákvörðun veitt iðgjaldaundanþágu til ákveðins tíma, ef hagur umsækjanda er svo bágborinn, að honum sé um megn að greiða iðgjöld sín án þess að þurfa að leita opinberrar aðstoðar eða þola skort.

113. gr.

Iðgjöld, sem veitt er undanþága fyrir samkvæmt 111. og 112. gr., teljast ekki vangreidd iðgjöld, sbr. 135. gr.

3. Iðgjaldagreiðslur atvinnurekenda.

114. gr.

Hver sá, er hefur í þjónustu sinni launþega einn eða fleiri, sem rétt eiga til slysabóta, sbr. 47.—60. gr., skal greiða iðgjald, að fjárhæð sem samsvarar kr. 1.50 fyrir hverja vinnuviku, sem unnin er í þjónustu hans. Með reglugerð skal kveða sérstaklega á um, hversu meta skuli til vinnuvikna störf barna og fósturbarna yfir 16 ára aldur, sem dvelja hjá foreldrum og taka ekkert eða aðeins óverulegt kaup umfram fæði og dvalarkostnað.

Tíundi hluti iðgjalda samkvæmt 1. mgr. skal renna til Atvinnustofnunar ríkisins, ef henni verður komið á fót, sbr. 2. mgr. 100. gr.

115. gr.

Auk iðgjalds samkvæmt 114. gr. skulu allir þeir, sem gjaldskyldir eru samkvæmt henni, einnig greiða sérstakt áhættuiðgjald til þess að standast útgjöld vegna slysabóta, sbr. 47.—60. gr., og kostnað vegna nauðsynlegrar sjúkrahjálpar umfram þá, sem látin er í té samkvæmt III. kafla laga þessara.

Upphæð áhættuiðgjalda ber að miða við slysahættuna. Skal skipta störfum og starfsgreinum í áhættuflokka og ákveða sérstök iðgjöld fyrir hvern flokk. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðunina. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klukkustundir í viku. Skal við ákvörðun iðgjaldanna

miða við, að þau hrökkvi fyrir þeim bótum og kostnaði, sem Tryggingastofnuninni ber að greiða vegna slysa. Ef erfitt er að skipa starfseminni í áhættuflokka samkvæmt framansögðu, getur Tryggingastofnunin þó ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

4. Framlög sveitarfélaga.

116. gr.

Öll sveitarfélög á landinu skulu greiða til tryggingasjóðs samtals 5 millj. kr. á ári. Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt 111. gr. teljast ekki í framlagi þessu, ekki heldur framlag þeirra til læknisvitjunarsjóðs, sbr. 96. gr.

Framlagi þessu skal skipta niður á tryggingaumdæmi þau, sem ákveðin verða samkvæmt 10. gr., á eftirfarandi hátt:

1. Tveimur fimmtu hlutum framlagsins skal skipta niður í beinu hlutfalli við samanlögð útgjöld Tryggingastofnunarinnar í hverju tryggingaumdæmi fyrir sig.
2. Tveimur fimmtu hlutum í hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í umdæminu samkvæmt síðasta skattaframtali.
3. Einum fimmta hluta í hlutfalli við tölu íbúa á aldrinum 16—67 ára í umdæminu.

Innan hvers tryggingaumdæmis skiptist framlagið á milli þeirra sveitarfélaga, sem eru á svæðinu, ef fleiri eru en eitt, eftir þessum reglum:

1. Einn þriðji skiptist í beinu hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í sveitarfélaginu árið áður.
2. Einn þriðji í hlutfalli við fasteignamat allra eigna í sveitarfélaginu.
3. Einn þriðji skiptist í hlutfalli við fjölda íbúa á aldrinum 16—67 ára í sveitarfélaginu.

Ef sveitarfélagi hefur verið skipt á milli fleiri en eins tryggingaumdæmis, greiðir það framlag eftir reglum hvers umdæmis fyrir sig.

117. gr.

Framlög sveitarfélaga skal greiða ársfjórðungslega. Tryggingastofnunin áætlar framlag hvers sveitarfélags í ársbyrjun, og eru gjalddagar síðasta dag hvers ársfjórðungs, en lokaskil skulu gerð, þegar hlutur hvers sveitarfélags hefur verið endanlega ákveðinn samkvæmt 116. gr.

Ríkissjóður ábyrgist framlag sveitarfélaganna. Ef verulegur dráttur verður á greiðslu framlags, snýr Tryggingastofnunin sér til eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, en hann gerir ráðstafanir til þess að koma greiðslunum í lag.

Nú dregst greiðsla framlags af hálfu sveitarfélags 3 mánuði eða lengur fram yfir gjalddaga, og skal þá greiða dráttarvexti 1 af hundraði á mánuði frá gjalddaga til greiðsludags.

Ef þörf krefur, getur Tryggingastofnunin fengið bráðabirgðagreiðslur úr ríkissjóði upp í vangreidd framlög sveitarfélaga.

5. Framlag ríkissjóðs.

118. gr.

Ríkissjóður greiðir tryggingasjóði það, sem á vantar, að aðrar tekjur hans nægi til þess að inna af höndum árlegar greiðslur. Skal taka á hver fjárlög áætlunarupphæð í framangreindu skyni.

Ríkissjóður greiðir framlag sitt til tryggingasjóðs eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, og eru lokaskil gerð, þegar Tryggingastofnunin hefur gert yfirlit um afkomu ársins.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um greiðslur ríkisframlagsins að fengnum tillögum tryggingaráðs.

6. Innheimta iðgjaldanna.

119. gr.

Öll iðgjöld samkvæmt lögum þessum skulu innheimt af þeim innheimtumönnum ríkisins, sem innheimta tekju- og eignarskatt, sbr. þó 123. og 125 gr. Skulu ákvæði laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um dráttarvexti, gilda um innheimtu iðgjaldanna, að svo miklu leyti sem við getur átt og ekki er um að ræða í lögum þessum sérákvæði, er lengra gangi.

120. gr.

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. febrúar (í Reykjavík fyrir 15. maí) ár hvert gera skrá í tveim eintökum yfir alla þá, sem eru heimilisfastir innan hlutaðeigandi sveitarfélags og í byrjun almanaksársins hafa náð 16 ára aldri, en yngri eru en 67 ára. Skráin skal greina nöfn, heimili, atvinnu, fæðingarár og dag allra þeirra, sem á hana eru færðir, og enn fremur upplýsingar um það, hvort nokkur, sem þar er talinn, hafi á síðastliðnu ári á undan verið undanþeginn iðgjaldagreiðslu.

Skráin sendist síðan hlutaðeigandi skattanefnd, í Reykjavík skattstjóra, sem rannsakar, hverjir af þeim, sem á skrána eru færðir, eru undanþegnir gjaldskyldu, og ákveður síðan, hve mikið hverjum gjaldskyldum ber að greiða í iðgjald. Annað eintak gjaldskrárinnar sendist innheimtumönnum, sbr. 119. gr., hitt eintakið Tryggingastofnuninni.

Afrit af gjaldskrá skal liggja frammi almenningi til sýnis samtímis skattskrám.

Kæra má til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti.

121. gr.

Ákveða skal í reglugerð gjalddaga iðgjalda, og má hafa þá mismunandi eftir því, sem hentugast telst á hverjum stað. Iðgjöld launþega skulu þó ekki innheimt sjaldnar en mánaðarlega í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem innheimtumaður er, nema sérstök undanþága fjármálaráðherra komi til.

122. gr.

Atvinnurekendur skulu að jafnaði halda eftir iðgjöldum launþega, þegar kaup er greitt, sbr. 127. gr., og greiða síðan til innheimtumanna, sbr. 119. gr.

Atvinnurekendur og aðrir, sem ekki starfa í annarra þjónustu, skulu greiða iðgjöld sín með tekju- og eignarskatti, nema aðrir gjalddagar séu ákveðnir með reglugerð.

Innheimtumenn skulu gefa iðgjaldsgreiðendum greinilegar kvittanir fyrir iðgjaldagreiðslum svo og viðurkenningu um iðgjaldaundanþágu.

123. gr.

Til þess að auðvelda innheimtu iðgjalda samkvæmt 107. gr., er fjármálaráðherra heimilt að gefa út tryggingamerki, sem aðeins má nota í þessum tilgangi.

Merki þessi líma atvinnurekendur á skírteini þau, er um ræðir í 130. gr., þegar kaup er greitt. Einnig er þeim sjálfum heimilt að kaupa slík merki og líma á skírteini sín, er þeir síðan sýna innheimtumanni eftir settum reglum.

Merkin skulu jafnan vera til sölu í skrifstofum Tryggingastofnunarinnar, í skrifstofum innheimtumanna, póstafgreiðslustöðvum og annars staðar þar, sem

henta þykir, og skal kveða nánar á um meðferð þeirra og sölu í reglugerð, er fjármálaráðherra setur.

124. gr.

Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 114. gr. skulu á lögð með tekju- og eignarskatti af skattanefnd eða skattstjóra, og sömuleiðis iðgjöld samkvæmt 115. gr., í samræmi við gildandi iðgjaldaskrá og áhættuflokkun á hverjum tíma.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar tryggingarvikur atvinnurekanda beri að greiða. Þyki vafi leika á, að framtal tryggingarvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattanefndar eða skattstjóra.

125. gr.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni launþega, sem rétt eiga til slysabóta samkvæmt 47.—60. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattayfirvaldi framtöl um tryggingarvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

Innheimtumenn krefja þessa aðila um iðgjöld með sama hætti og atvinnurekendur samkvæmt 124. gr. Þó skal skattanefnd eða skattstjóri tilkynna iðgjöld, sem ríkissjóði eða ríkisstofnunum ber að greiða, beint til Tryggingastofnunarinnar þegar er álagningu tekju- og eignarskatts er lokið, og annast þá Tryggingastofnunin sjálf innheimtuna.

126. gr.

Um innheimtulaun af iðgjöldum samkvæmt lögum þessum fer eftir launalögum.

127. gr.

Fjármálaráðherra setur reglugerð um innheimtu iðgjaldanna. Í reglugerð þessari skal m. a. kveða nánar á um skyldu atvinnurekenda til að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna, þegar kaup er greitt, svo og um tilkynningarskyldu innheimtumanna til kaupgreiðenda, hliðstætt því, er segir í 1. gr. laga nr. 23 12. febrúar 1940, sbr. 28. gr. laga nr. 106 23. júní 1936, enda sé heimild 123. gr. hér að framan eigi notuð. Þá skal og fjármálaráðherra setja reglur um reikningsskil innheimtumanna við tryggingasjóð.

128. gr.

Tryggingastofnunin skal veita viðurkenningu sérstökum lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða til þess að láta í té elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, enda uppfylli þeir þau skilyrði, sem Tryggingastofnunin setur fyrir slíkri viðurkenningu. Það skal m. a. sett sem skilyrði, að þeir veiti félagsmönnum sínum elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, er ekki sé lægri en tryggður er með lögum þessum. Félagsmenn sérsjóðanna greiði til Tryggingastofnunarinnar iðgjald, er sé helmingur þess iðgjalds, sem ákveðið er í 109. gr. Tryggingaráð getur krafizt þess, að iðgjaldið sé innheimt af sérsjóðunum, svo og að þeir skuldbindi sig til þess að gera Tryggingastofnunina skaðlausa af þeim félagsmönnum, sem hverfa úr sérsjóðunum til almannatrygginganna.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

1. Skráning og réttindaskírteini.

129. gr.

Allir íslenzkir ríkisborgarar, búsettir hér á landi, skulu skrásettir hjá Tryggingastofnuninni. Þeim, sem eru 16 ára eða eldri, er skylt að koma til skráningar, ef þess er krafizt, og láta Tryggingastofnuninni eða umboðsmönnum hennar í té allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru taldar í þessu skyni. Foreldrum eða forráðamönn-

um barna yngri en 16 ára er skylt að gefa allar upplýsingar, er lúta að skráningu þeirra.

Aðilum þeim, er um ræðir í 1. mgr., er enn fremur skylt að tilkynna Tryggingastofnuninni jafnóðum allar þær breytingar á högum sínum, er máli skipta um bóta- og iðgjaldagreiðslur.

Ef maður vanrækir að koma til skrásetningar eða veita fullnægjandi upplýsingar samkv. 1. og 2. mgr., má beita dagsektum allt að 10 kr., unz skyldunni er fullnægt. Dagsektirnar má Tryggingastofnunin ákveða með ábyrgðarbréfi til hlutaðeiganda.

130. gr.

Gera skal tryggingaskírteini fyrir alla þá, sem skráðir eru samkvæmt 129. gr. Á skírteini þessi skal skrá öll helztu réttindi, er menn njóta samkvæmt lögum þessum, takmarkanir á réttindum vegna vanskila á iðgjöldum, sbr. 135. gr., og undanþágur frá iðgjaldagreiðslum, sbr. 111.—112. gr.

Tryggingaskírteini skulu afgreidd í júnímánuði ár hvert. Um leið og skírteini er afhent, skal hlutaðeigandi leggja fram kvittanir fyrir iðgjaldagreiðslum þeim, er hann hefur innt af hendi á tryggingaárinu, eða önnur fullnægjandi skilríki.

131. gr.

Tryggingaskírteini gilda frá og með 1. júlí það ár, sem afhending fer fram, og til 30. júní næsta ár. Skal ætíð sýna skírteinið, þegar leitað er eftir bótagreiðslum eða sjúkrahjálp. Óheimilt er að veita hlunnindi samkv. lögum þessum, nema skírteini sýni, að hlutaðeigandi eigi rétt til þeirra, sbr. og 135. gr.

2. Vanræksla á iðgjaldagreiðslu.

132. gr.

Nú hefur atvinnurekanda verið gert að skyldu að halda eftir iðgjöldum af kaupi launþega, sbr. 122. og 127. gr., og skulu þá launþegar einskis í missa af réttindum sínum, þótt atvinnurekandi vanræki þessa skyldu. Sama máli gegnir, ef atvinnurekandi vanrækir iðgjaldagreiðslu samkvæmt 114. og 115. gr.

133. gr.

Ef atvinnurekandi hefur látið undir höfuð leggjast að halda eftir af iðgjöldum, sbr. 122. og 127. gr., eða vanrækt að greiða iðgjöld samkvæmt 114. og 115. gr., getur Tryggingastofnunin valið á milli þess að láta hann greiða þreföld hin vangoldnu iðgjöld eða fjárhæð, sem svarar til þeirra bóta, sem greiða hefur þurft vegna hins tryggða eða fjölskyldu hans. Um innheimtu þess fjár fer samkvæmt 119. gr.

134. gr.

Atvinnurekandi, sem vanrækt hefur að draga iðgjöld launþega frá launum hans, getur aldrei krafið hann eftir á um hærri fjárhæð en hann hefði átt að greiða í iðgjöld, og aldrei eftir lengri tíma en fimm mánuði frá gjalddaga.

135. gr.

Um þá, sem sjálfir eiga að greiða iðgjöld sín, en hafa vanrækt það, gilda eftirfarandi reglur:

a. Réttur til sjúkrabóta, sbr. 40.—45. gr., og sjúkrahjálpar, sbr. III. kafla, skerðist um sama hundraðshluta og vangreidd iðgjöld á næsta tryggingaári á undan nema af heildariðgjöldum ársins. Gildir þetta einnig fyrir konu hins tryggða og börn hans innan 16 ára aldurs. Réttindaskerðingar þessarar skal getið á tryggingaskírteinum þeim, sem um getur í 130. gr. Nú eru iðgjöld greidd mánaðarlega, og getur þá Tryggingastofnunin ákveðið, að réttur til sjúkrabóta og sjúkrahjálpar falli niður, ef vanskil verða á iðgjöldum lengur en einn mánuð. Þar, sem ekki er mánaðarleg innheimta, skal og vera heimilt að fella niður réttindi þessi einum mánuði eftir gjalddaga iðgjalda, ef vanskil verða.

b. Ellilífeyri og örorkulífeyri getur Tryggingastofnunin lækkað um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld nema af þeim heildariðgjöldum, er hlutaðeiganda hefur borið að greiða.
c. Aðrar bætur en þær, sem um ræðir undir staflið a. og b., getur Tryggingastofnunin lækkað um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld eru af þeim iðgjöldum, er bar að greiða. Skal Tryggingastofnunin hafa hliðsjón af öllum efnahagsástæðum umsækjanda við slíka úrskurði. Er honum skylt að gefa Tryggingastofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar um fjárhag sinn, ef hann sækir um fullar bætur. Aldrei skal þó lækka fæðingarstyrk, sbr. 34. gr., eða bætur vegna útfara, sbr. 46. gr., né slysabætur samkv. II. kafla laganna.

3. Frjálsar tryggingar.

136. gr.

Heimilt er atvinnurekendum og einnig þeim, er starfa sjálfstætt án þess að hafa launþega í þjónustu sinni, að tryggja sér slysabætur samkvæmt ákvæðum II. kafla.

Tryggingastofnunin ákveður sérstök iðgjöld fyrir slíkar tryggingar, og miðast þau við, að þeir, sem tryggja sig, eigi rétt á bótagreiðslum eftir sömu reglum og launþegar.

Trygging samkvæmt þessari grein er því aðeins heimil, að hún sé til ákveðins tíma og bundin við tiltekin nöfn, og því aðeins gild, að hún hafi verið tilkynnt og iðgjöld greidd fyrir fram. Ef um er að ræða tryggingu við óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem erfitt er að aðgreina og skipta í sérstaka áhættuflokka, má ákveða meðaltalsiðgjöld fyrir hverja viku tryggingartímabilsins.

137. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar slysatryggingar á einstökum mönnum, og nær það einnig til þeirra, sem tryggðir eru samkvæmt lögum þessum. Skal þá jafnan gefa út sérstakt vátryggingarskírteini fyrir hvern einstakling. Jafnframt er Tryggingastofnuninni heimilt að taka að sér slysatryggingar farþega í bifreiðum, þar á meðal einkabifreiðum, flugvélum og skipum, þótt hinir tryggðu séu eigi nafngreindir. Trygging samkvæmt þessari grein getur einnig náð til greiðslu sjúkrabóta.

Ráðherra ákveður með reglugerð alla nánari tilhögun á tryggingu þessari, þar á meðal, að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu, sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

4. Önnur ákvæði.

138. gr.

Öll iðgjöld, sem um ræðir í lögum þessum, koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

139. gr.

Heimilt er ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæm réttindi íslenzkra og erlendra þegna um þau hlunnindi, sem almannatryggingarnar veita.

140. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

141. gr.

Ef maður gefur ranga skýrslu eða reynir á annan hátt að blekkja starfsmenn tryggginganna í þeim tilgangi að afla sér eða öðrum bóta samkvæmt lögum þessum, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Fara skal með mál út af brotum samkvæmt þessari málsgrein að hætti sakamála.

Óheimilt er að taka við greiðslu fyrir aðstoð við innheimtu bóta, nema tryggingaráð hafi synjað um greiðslu þeirra, og varðar sektum, ef út af er brugðið.

Að öðru leyti varða brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim sektum allt að 10000.00 krónum til tryggingasjóðs, og skal fara með þau sem almenn lögreglumál.

142. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1946, og hefjast þá iðgjaldagreiðslur einstaklinga samkvæmt IV. kafla, sbr. 107.—109. gr., og atvinnurekenda samkvæmt 114. gr. Bótagreiðslur samkv. II. kafla og ákvæði um heilsugæzlu, sbr. III. kafla, koma þó eigi til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1947.

Frá 1. janúar 1947 falla úr gildi:

1. L. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, IV.—VII. kafli.
2. L. nr. 92 14. maí 1940, um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, 16.—20. gr.
3. L. nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.
4. L. nr. 104 30. des. 1943, um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.
5. L. nr. 105 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.
6. L. nr. 64 1. des. 1944, um heilsuverndarstöðvar.
7. L. nr. 59 4. júlí 1943, um læknisvitjanasjóði.
8. Framfærslulög, nr. 52 12. febrúar 1940, III. kafli.

Enn fremur þau ákvæði laga nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og laga nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, svo og öll önnur lög eða lagaákvæði, sem í bága fara við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Greiðslur ellilífeyris samkv. 15. gr., örorkulífeyris samkv. 18. gr. og bætur samkv. annarri og þriðju málsgr. 35. gr. skulu næstu 5 ár takmarkast sem hér segir:
   Fullur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. gr. skal því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeiganda fari ekki fram úr fullum lífeyri. Séu tekjurnar hærri, lækkar lífeyririnn um helming þess, sem umframtekjurnar nema, og fellur niður, þegar þær ásamt lífeyrinum hafa náð upphæð, sem er jafnhá þreföldum lífeyri.
   Fullar bætur samkv. 2. og 3. mgr. 35. gr. skulu því aðeins greiddar, að aðrar tekjur hlutaðeiganda fari ekki fram úr þrefaldri bótaupphæðinni. Séu tekjurnar hærri, lækka bæturnar um helming þess, sem umframtekjurnar nema, og falla niður, þegar þær ásamt tekjunum hafa náð fimmfaldri bótaupphæðinni.
   Lífeyrir barna, sem hafa sjálfstæðar tekjur, takmarkast eftir hliðstæðum reglum og elli- og örorkulífeyririnn, sbr. 2. mgr. þessa töluliðs.
   Takmörkun þessi skal miðast við síðasta skattaframtal bótaþega. Færi hann gild rök fyrir því, að tekjur hans muni rýrna verulega á því ári, sem bæturnar eiga að greiðast, skal taka tillit til þess við ákvörðun bótanna.
2. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal greiða verðlagsuppbót á allar bótaupphæðir samkvæmt II. kafla og á framlag Tryggingastofnunarinnar til læknisvitjana og sjúkraflutningasjóðs samkv. 96. og 97. gr. Enn fremur skulu iðgjöld samkv. 109. og 114. gr. innheimt með álagi samkvæmt meðalvísitölu næsta árs á undan, svo og framlag sveitarfélaga samkv. 116. gr.
3. Ákvæði 19. gr. laga nr. 104 30. des. 1943 gilda framvegis að því er varðar stríðsslysabætur.
4. Það er borgaraleg skylda að veita Tryggingastofnuninni alla nauðsynlega aðstoð við skráningu þá, er fram skal fara samkv. 129. gr. eftir gildistöku þessara laga.

5. Þar sem saman falla tryggingaumdæmi og umdæmi sjúkrasamlaga, sbr. 28. og 29. gr. laga nr. 104 30. des. 1943, um breytingar á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar, skulu stjórnir sjúkrasamlaganna hver í sínu umdæmi annast störf heilsugæzlunefnda samkv. 80. gr. og gegna þeim þar til kosning heilsugæzlunefnda hefur farið fram að afstöðnum næstu sveitarstjórnarkosningum eftir gildistöku laganna.

   Þar, sem sjúkrasamlög hafa verið starfandi í öllum sveitarfélögum í tryggingaumdæmi, getur ráðherra ákveðið, að stjórnir þeirra skuli sameiginlega kjósa heilsugæzlunefnd umdæmisins til sama tíma og í 1. málsgr. segir, eftir reglum, sem ráðherra setur.
6. Eins fljótt og verða má skal ríkisstjórnin láta fram fara rannsókn á raunverulegum framfærslukostnaði á hæfilega mörgum stöðum á landinu. Að þeirri rannsókn lokinni og eigi síðar en fyrir árslok 1950 skal endurskoða ákvæðin um bótaupphæðir og skiptingu í verðlagssvæði með hliðsjón af niðurstöðum þessarar rannsóknar.
7. Á árinu 1946 skal ríkisstjórnin láta fram fara endurskoðun á framfærslulögum nr. 52 1940, lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, nr. 46 1921, lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, nr. 78 1936, svo og lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 6 1935, sbr. l. nr. 20 1942, og öðrum þeim lögum, sem þörf er á að samræma ákvæðum þessara laga, og leggja árangur endurskoðunarinnar fyrir Alþingi.
8. Þar til lokið er endurskoðun laga um tekju- og eignarskatt, sbr. 7. lið, — í fyrsta sinn við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1946 — skal persónufrádráttur samkv. 5. gr. l. nr. 19 16. maí 1942 nema eftirtöldum upphæðum:

   a. Í Reykjavík og öðrum kaupstöðum með 2000 íbúum eða fleiri:

Fyrir einstakling	kr.	1200.00
— hjón	—	2400.00
— hvert barn	—	800.00

   b. Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	kr.	900.00
— hjón	—	1800.00
— hvert barn	—	600.00

   Upphæðir þessar skulu hækkaðar til samræmis við meðalvísitölu skattársins.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd og flutt að ósk félagsmálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afgreiðslu frumvarpsins.

Greinargerð milliþinganefndarinnar fer hér á eftir:

Áður en vikið er að frumvarpi þessu og einstökum greinum þess, þykir hlýða að gera stuttlega grein fyrir skipan og starfi nefndarinnar frá upphafi.

Samkvæmt ályktun Alþingis 21. maí 1942 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhann Sæmundsson, í marzmánuði 1943 eftirtalda menn í nefnd til þess að endurskoða alþýðutryggingalögin:

Harald Guðmundsson alþm., og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar,
Brynjólf Bjarnason alþm.,
Kristin Björnsson lækni,
Brynjólf Stefánsson forstjóra,
Eggert P. Briem forstjóra og
Jens Hólmgeirsson fulltrúa.

Þegar nefndin hóf störf sín, tilkynnti Eggert P. Briem, að hann gæti eigi tekið þátt í nefndarstörfum. Vann hann því ekkert í nefndinni.

Um verkefni nefndarinnar var þetta m. a. tekið fram í skipunarbréfinu:

„.... Endurskoðun alþýðutryggingalaganna ætlast ráðuneytið til, að verði fyrst og fremst miðuð við:

1. Að bæta úr þeim göllum á lögunum, sem kunna að hafa komið í ljós við framkvæmd þeirra.
2. Að gerðar verði þær breytingar á lögunum, sem nauðsynlegar kunna að þykja með tilliti til núverandi styrjaldarástands. Þykir í því sambandi rétt, að nefndin taki sérstaklega til athugunar tillögur þær, sem felast í meðfylgjandi lagafrumvörpum, sem vísað hefur verið frá Alþingi með rökstuddum dagskrám.
3. Að leitast við að gera tillögur nefndarinnar svo úr garði, að framkvæmd laganna verði sem einföldust og rekstrarkostnaður við hana sem minnstur að fært þykir."

Svo sem hér er greint, var nefndinni falin endurskoðun laganna innan ákveðins ramma, enda voru þá ekki fyrir hendi nægar athuganir og undirbúningsvinna til þess unnt væri þá þegar að gera tillögur um meginbreytingar á skipulagi tryggginganna, þannig að þeim yrði steypt saman í heildarkerfi.

Nefndin hóf störf sín 28. apríl 1943. Lauk hún við að endurskoða I., II. og III. kafla laganna og skilaði áliti og breytingartillögum í frumvarpsformi í októberlok 1943.

Athuganir nefndarinnar á IV. og VI. kafla laganna (elli- og örorkutryggingar og um ellilaun og örorkubætur) leiddu til þeirrar niðurstöðu, að ýtarlegri upplýsingar en þá voru fyrir hendi væru nauðsynlegar, áður en hægt væri að ganga til fulls frá endurskoðun á þeim köflum. Að þessum niðurstöðum athuguðum kom nefndin sér saman um að leggja fram tillögur til bráðabirgða um breytingar á ákvæðum um framlag ríkissjóðs til ellilauna og örorkubóta, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður og Tryggingastofnun ríkisins greiði 50% ellilauna og örorkubóta, í stað 30%, og að skipting bótaþega í I. og II. flokk félli niður. Var þessi skipun málanna hugsuð sem bráðabirgðalausn, þar til ýtarlegri endurskoðun á þessum köflum laganna væri lokið.

Tillögur þessar lagði nefndin fram í frumvarpsformi samhliða áðurgreindum breytingartillögum við þrjá fyrstu kafla laganna. Voru frumvörpin samþykkt, óbreytt í öllum meginatriðum, á Alþingi 1943.

Varðandi V. kafla laganna (um atvinnuleysistryggingar) var engu áliti skilað, þar eð sú skoðun var ríkjandi í nefndinni, að torvelt væri að ganga frá frambúðarlöggjöf um atvinnuleysistryggingar eða endurskoðun þess kafla laganna, er um þær fjallar, nema fyrir lægi athugun á fjárhagsgrundvelli heildartryggginganna, en sú athugun hafði þá fyrir nokkru verið falin þremur hagfræðingum, svo sem kunnugt er.

Með bréfi, dags. 12. nóv. 1943, óskaði þáverandi félagsmálaráðherra, Björn Þórðarson, eftir því, að nefndin starfaði áfram að endurskoðun alþýðutryggingalaganna, að því er tæki til ellilauna og örorkubóta.

Í desember 1943 tilkynnti Kristinn Björnsson læknir, að hann hefði ákveðið að hætta störfum í nefndinni, og lét hann þá af störfum. Með bréfi, dags. 21. des. 1943, skipaði félagsmálaráðherra Jakob Möller alþingismann í nefndina til viðbótar.

Nefndin hóf störf sín að nýju snemma á árinu 1944. Gerði hún þá þegar ráðstafanir til þess að afla ýmissa nauðsynlegra gagna og upplýsinga svo og framkvæma óhjákvæmilegar athuganir og útreikninga, til þess hægt væri að gera rökstuddar tillögur og áætlanir um kostnað af föstum lögákveðnum lífeyrisgreiðslum til gamalmenna og öryrkja. Vann Jón Blöndal hagfræðingur að þessu fyrir nefndina.

Þegar téðri undirbúningsvinnu var að verða lokið, barst nefndinni bréf frá núverandi félagsmálaráðherra, Finni Jónssyni, dags. 31. okt. 1944, þar sem skýrt er frá því, að í málefnasamningi stjórnmálaflokkanna í sambandi við myndun ríkisstjórnar sé svo ákveðið, að komið verði á á næsta ári svo fullkomnu kerfi almannatrygginga, sem nái til allrar þjóðarinnar, án tillits til stétta og efnahags, að Ísland verði á því sviði í fremstu röð nágrannaþjóðanna. Hafi ráðuneytið falið þeim Jóni Blöndal hagfræðingi og Jóhanni Sæmundssyni tryggingayfirlækni að starfa að undir-

búningi og gera tillögur um þetta mál í samræmi við áðurnefndan málefnasamning stjórnarflokkanna.

Með téðu bréfi felur ráðuneytið milliþinganefndinni í tryggingamálum að athuga og vinna úr tillögum þeirra Jóns Blöndals og Jóhanns Sæmundssonar, en þær verði sendar nefndinni jafnskjótt og þær væru tilbúnar.

Verkefni nefndarinnar var því gerbreytt og gert stórum umfangsmeira en í upphafi var áformað. Auk þess óskaði ráðherra þess í ágústmánuði sl., að nefndin tæki jafnframt til athugunar álitsgerð og tillögur, er Jón Blöndal hagfræðingur hafði samið á vegum skipulagsnefndar um atvinnustofnun og atvinnuleysisbætur, þar sem ekki væri unnt að ganga frá tillögum um heildarkerfi almannatrygginga, án þess að atvinnuleysistryggingar væru teknar upp samtímis.

Eftir að Brynjólfur Bjarnason alþm. tók sæti í ríkisstjórninni, mætti Sigfús Sigurhjartarson alþm. á hinum fyrstu fundum nefndarinnar, en eftir það Haukur Þorleifsson bankabókari, sem þá tók fast sæti í nefndinni í stað Brynjólfs Bjarnasonar.

Hinn 9. ágúst 1945 lét Jakob Möller alþm. af störfum í nefndinni, þar eð hann fluttist af landi burt og tók við sendiherraembættinu í Kaupmannahöfn. Í stað hans tók Garðar Þorsteinsson alþm. sæti í nefndinni.

Af ýmsum ástæðum, sérstaklega erfiðleikum á prentun o. fl., dróst lengur en ætlað var, að nefndin fengi álit og tillögur þeirra Jóns Blöndals og Jóhanns Sæmundssonar í hendur, og gat hún því eigi hafið veruleg störf fyrr en um miðjan apríl sl.

Eins og áður segir, var verksvið nefndarinnar markað í höfuðdráttum með áðurnefndu bréfi ráðherrans, dags. 31. okt. sl.:

Alþýðutryggingum þeim, sem nú eru í lögum, skyldi steypt saman í eitt heildarkerfi, svið þeirra víkkað svo, að þær næðu til allrar þjóðarinnar án tillits til stétta og efnahags, og þeir þættir opinberrar forsjár, sem skyldastir eru tryggingunum, felldir inn í kerfið. Jafnframt skyldi nefndin miða tillögur sínar við það, að við Íslendingar yrðum í fremstu röð nágrannaþjóðanna í þessum efnum.

Félagsmálaráðuneytið hefur nú gefið út skýrslur og tillögur þeirra Jóns Blöndals og Jóhanns Sæmundssonar: „Almannatryggingar á Íslandi“, ásamt riti þeirra „Alþýðutryggingar á Íslandi og í nokkrum öðrum löndum“. Er þar að finna ýtarlegar upplýsingar um fyrirhugað skipulag tryggginganna og einstök atriði þeirra svo og um skipun þessara mála í ýmsum öðrum löndum og hverjar breytingar þar muni í vændum.

Nefndin hefur í starfi sínu lagt þessar tillögur til grundvallar, og er frumvarpið því í höfuðdráttum byggt á tillögum J. Bl. og J. S. og áætlunum og útreikningum, sem þeim fylgdu.

Nefndin telur rétt að gera stuttlega grein fyrir breytingum þeim, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, miðað við núverandi löggjöf, en vísar að öðru leyti til áðurnefndra rita sem fyllri og ýtarlegri greinargerðar.

Samkvæmt gildandi lögum um alþýðutryggingar, er þeim skipt í fjórar deildir, sem hver um sig hefur aðgreindan fjárhag og sérstaka tekjuöflun.

Slysatryggingin tekur aðeins til launþega í ákveðnum starfsgreinum og bætir aðeins atvinnuslys. Kaflinn um slysatryggingar var endurskoðaður, eins og fyrr segir, í árslok 1943, og telur nefndin, að ákvæðin um bætur megi eftir atvikum teljast viðunandi. Hins vegar er sá höfuðgalli á slysatryggingalögunum, að fjölmennir hópar launþega koma ekki undir tryggingarnar, svo sem verkafólk við flestar tegundir landbúnaðarvinnu, skrifstofu- og verzlunarfólk, heimilishjú o. fl.

Sjúkratryggingar. Kaflinn um sjúkratryggingar var einnig endurskoðaður árið 1943. Hefur sjúkrasamlögunum fjölgað mjög síðan, þannig að sjúkratryggingin mun nú ná til 85—90% landsbúa. Tryggingarskylda er aðeins í kaupstöðum, en atkvæðagreiðsla sker úr í öðrum sveitarfélögum, hvort sjúkrasamlög skuli stofnuð þar eða ekki. Virðist einsætt, þar sem nálægt 9/10 hlutar landsmanna eru þegar tryggðir, að þá sé tímabært að lögbjóða sjúkratryggingu, er nái til allrar þjóðarinnar. Samlögin ná yfirleitt, hvert um sig, yfir eitt sveitarfélag, en það verður, sérstaklega í fá-

mennum sveitarfélögum, að teljast ótraustur grundvöllur og getur valdið því, að meiri munur sé á hlunnindum en heppilegt getur talizt. Þá er þess að gæta, að í Rvík og hinum stærri kaupstöðum verða samlögin að semja eingöngu eða að mestu leyti við praktiserandi lækna, sem engin laun taka úr ríkissjóði, en utan þessara staða við héraðslækna, sem eru á föstum launum. Af þessu leiðir, að læknishjálpin hlýtur að verða stórum dýrari á hinum fyrrnefndu stöðum en hinum síðari. Höfuðgalli sjúkratryggingarinna er þó að áliti nefndarinnar sá, að því nær engar sjúkrabætur (dagpeningar) eru greiddar og að reynslan bendir ótvírætt til þess, að með núverandi fyrirkomulagi verði það ekki gert. Þá er og þess að gæta, að mjög mikill hluti sjúkrahjálpar er algerlega utan við tryggingarnar, svo sem alvarlegir, langvinnir, virkir sjúkdómar (berklaveiki og þess háttar), sem ríkisframfærslan annast um eftir fimm fyrstu sjúkravikurnar. Gamalmenni yfir 67 ára aldur eiga ekki heldur rétt á fullri tryggingu, ef um hrörnun eða ellikröm er að ræða. Veldur þetta miklum erfiðleikum í framkvæmd og getur ósjaldan valdið tilfinnanlegu misræmi. Hins vegar litur nefndin svo á, að ekki sé fært að ætla sjúkrasamlögunum með núverandi fyrirkomulagi að annast um þessa þætti tryggingarinnar.

Elli- og örorkutryggingar. Ákvæði alþýðutryggingalaganna um ellitryggingar (lífeyrissjóð Íslands) hafa enn eigi komið til framkvæmda, og lífeyrisupphæðin skv. þeim kafla hefur enn eigi verið ákveðin. En lögin gera ráð fyrir, að fastar lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum hefjist, þegar hann er fær um að greiða sem svarar ⅛ hluta (12½%) af fullum lífeyri, sem áætlað var, að yrði ca. 12 árum eftir setningu alþýðutryggingalaganna. Þann tíma skyldu lífeyrissjóðsgjöldin renna óskert til sjóðsins, en sveitarfélög og Tryggingastofnunin (ríkissjóður) leggja fram fé til ellilauna 67 ára manna og eldri og örorkubóta til þeirra, sem misst hafa helming starfsorku sinnar eða meira. Ellilaunafyrirkomulagið, sem við nú búum við, er því aðeins bráðabirgðafyrirkomulag, enda eru á því margir og miklir annmarkar. Ellilaun og örorkubætur eru ákveðnar af sveitarstjórnum og upphæðirnar miðaðar við mat þeirra á ástæðum bótaþega. Liggur í augum uppi, að þetta mat hlýtur að verða mjög mismunandi, enda bera úthlutunarskýrslurnar þess ljósan vott. Tryggingastofnunin (ríkissjóður) leggur fram helming ellilauna og örorkubóta að ákveðnu hámarki (nú 3420 kr. í Reykjavík), enda séu bæturnar eigi lægri en 340 krónur. Fjárhagur og aðstæður hinna ýmsu sveitarfélaga til framlaga í þessu skyni eru að sjálfsögðu mjög mismunandi, auk þess sem, eins og áður segir, persónulegt mat á þörfum bótaþeganna er mjög ólíkt. Einnig er mjög áberandi ósamræmið í því, að hve miklu leyti sveitarstjórnir ætla skyldmennum (börnum) gamalmennanna að sjá fyrir þeim. Um rétt gamalmennanna til ákveðinna lífeyrisupphæða er því alls ekki að ræða, meðan ellilaunafyrirkomulagið helzt, en rétt til fulls ellilífeyris fá þau eigi fyrr en þau hafa greitt iðgjald til sjóðsins í 50 ár.

Lífeyrissjóður Íslands nam í lok ársins 1944 ca. 17.2 millj. króna, og fer hér á eftir skrá yfir iðgjaldagreiðslu til sjóðsins úr hverri sýslu og kaupstað á landinu.

Lífeyrissjóður Íslands 1936—1944.

Innborgað að frádregnum innheimtulaunum o. þ. h. frá eftirtöldum sýslum og kaupstöðum:

Reykjavík	kr.	7470936.13
Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjörður	—	1287587.15
Akranes	—	246230.36
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	—	374640.47
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	—	253061.68
Dalasýsla	—	95636.77
Barðastrandarsýsla	—	292465.10
Ísafjarðarsýslur og kaupstaður	—	787910.40
Hólshreppur	—	73513.04

Strandasýsla	kr.	157278.91
Húnavatnssýsla	—	311622.85
Skagafjarðarsýsla	—	312301.01
Siglufjörður	—	382734.24
Eyjafjarðarsýsla og Akureyri	—	1129762.45
Þingeyjarsýsla	—	497250.27
N.-Múlasýsla og Seyðisfjörður	—	340151.36
Neskaupstaður	—	148202.62
S.-Múlasýsla	—	351308.18
Skaftafellssýsla	—	213292.76
Rangárvallasýsla	—	292509.10
Árnessýsla	—	503768.36
Vestmannaeyjakaupstaður	—	429242.73
Samtals	kr.	15951405.94
÷ Endurgreiðslur vegna lífeyris- og eftirlaunasjóða ..	—	59131.15
	Kr.	15892274.79
+ Eftirstöðvar pr. 31. des. 1944	—	822248.94
	Kr.	16714523.73
+ Vextir umfram kostnað	—	555840.14
Sjóður pr. 31. des. 1944	kr.	17270363.87

Auk þess eru ellistyrktarsjóðirnir gömlu í vörzlu Tryggingastofnunarinnar samtals nú 1640 þús. kr.

Vegna hinna miklu og tíðu breytinga á verðgildi peninga er örðugt eða ókleift að segja fyrir um það, hve háar lífeyrisupphæðir sjóðurinn geti greitt eftir 40 ár, enda tæplega viðunandi að búa við svipað fyrirkomulag og nú er allan þann tíma.

Ellilaun og örorkubætur miðast eingöngu við þarfir bótaþegans sjálfs, en ekkert tillit tekið til þess, þótt hann hafi börn eða aðra ómaga á framfæri sínu. Engin ákvæði eru í alþýðutryggingalögunum um framlög til ekkna eða barna, sem skortir fyrirvinnu, nema um slys sé að ræða. Heldur ekki um styrki vegna barnsfæðinga, jarðarfara eða ómegðar, en í öðrum lögum eru ákvæði um skyldur sveitarstjórna til að greiða framfærslueyri með munaðarlausum börnum, óskilgetnum börnum og ekknabörnum.

Ákvæði alþýðutryggingalaganna um atvinnuleysistryggingar hafa enn eigi komið til framkvæmda, og skal því eigi fjölyrt um þau að sinni.

Auk þess sem tryggingarnar og hin opinbera framfærsla, sem að framan greinir, eru mjög fjarri því að vera fullnægjandi á ýmsum sviðum, þá eru fríðindi svo mismunandi, að það hlýtur að valda stórfelldu og oft tilfinnanlegu misræmi. Enn fremur er þetta fyrirkomulag mjög dýrt í rekstri og þungt í vöfum. Stjórn og framkvæmd framfærslumála, ríkisframfærslu og heilbrigðismála kostar stórfé, og skipulag það, sem nú er á tryggingunum með mismunandi tekjustofnum og innheimtuaðferðum fyrir hinar ýmsu greinar tryggginganna, verður mjög dýrt og mannfrekt. Iðgjöld slysatryggginganna eru yfirleitt innheimt af lögreglustjórum og miðast við fjölda vinnuvikna. Lífeyrissjóðsgjöldin eru sumpart innheimt sem nefskattur og sumpart sem skattur af tekjum. Sjúkrasamlagsiðgjöldin innheimta sjúkrasamlagsstjórnirnar víðast mánaðarlega, og eru þau frá 3 og allt upp í 12 krónur á mánuði. Innheimtulaun Tryggingastofnunarinnar fyrir lífeyrissjóðsgjöld og slysatryggingargjöld námu árið 1944 rúml. 370 þús. krónum, eða liðlega $^2/_5$ hlutum af öllum rekstrarkostnaði stofnunarinnar, og rekstrarkostnaður 66 sjúkrasamlaga nam sama ár nálega 960 þús. kr.

Samkv. frv. þessu er gert ráð fyrir, að allar greiðslur vegna framangreindra

mála séu inntar af hendi úr einum og sama sjóði, tryggingasjóði, og að persónugjöld hinna tryggðu til sjóðsins séu tekin með einu iðgjaldi. Þá er einnig gert ráð fyrir, að réttindi hinna tryggðu til sjúkrahjálpar og bóta séu yfirleitt fastákveðin og að samræmi sé í bótagreiðslum, þótt þörfin til bótanna sé af ólíkum orsökum sprottin.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að starfssvið almannatrygginganna verði í tveimur meginþáttum, tekjutryggingu og heilsugæzlu. Heilsugæzlan er hvort tveggja í senn: Heilsuvernd og lækning og umönnun sjúkra. Heilsuverndin miðar að því að efla og vernda heilbrigðina, þ. e. að koma í veg fyrir sjúkdóma, en sjúkrahjálpin að því, að þeir, sem sjúkir eru orðnir, öðlist heilsuna aftur.

Svo er ætlazt til, að heilsuverndarstarfsemin verði aukin mjög frá því, sem nú er. Heilsuverndar- og lækningastöðvum verði komið upp í öllum kaupstöðum og annars staðar, þar sem þörf krefur, með styrk úr ríkissjóði eftir sömu reglum og nú gilda um byggingar sjúkrahúsa. Séu þær reknar sem sjálfstæðar stofnanir eða í sambandi við sjúkrahúsin, eftir því sem bezt hentar á hverjum stað, og eru verkefni stöðvanna nánar tilgreind í 81. gr.

Gert er ráð fyrir, að hin einstöku sjúkrasamlög hætti að sjá fyrir sjúkrahjálp og að innheimta sérstakra sjúkrasamlagsiðgjalda falli niður. Er þá samlaganna í núverandi formi ekki lengur þörf, en ætlazt er til, að heilsugæzlustarfsemi verði upp tekin í héruðunum sem framhald af þeim. Er því lagt til, að eignir samlaganna verði notaðar til þess að auðvelda og tryggja stofnun heilsuverndar- og lækningastöðva og efla starfsemi þeirra, enda taki stjórnir samlaganna við rekstri þessara stofnana, þar til sérstakar heilsugæzlunefndir verða kosnar að afstöðnum næstu sveitarstjórnarkosningum, eftir að alþýðutryggingalögin falla úr gildi, en heilsugæzlunefndir skal kjósa á sama hátt og samlagsstjórnir samkv. gildandi lögum.

Tryggingastofnunin semur síðan við heilsuverndarstöðvar um, að þær annist framkvæmd hinna ýmsu tegunda heilsuverndar, svo sem eftirlit með barnshafandi konum, mæðrum og ungbörnum, heilbrigðiseftirlit í skólum, berklaskoðanir o. s. frv., við lækningastöðvar um læknishjálp utan sjúkrahúsa og við sjúkrahúsin um dvöl sjúklinga í sjúkrahúsum og meiri háttar aðgerðir þar.

Sjúkrahúsvist greiðist að fullu, meðan hennar er þörf að dómi læknis, án tillits til þess, hver sjúkdómurinn er og hversu löng legan er. Læknishjálp, lyf, umbúðir og þess háttar greiðist og að fullu í sjúkrahúsi. Utan sjúkrahúsa greiðist læknishjálp að ¾ hlutum bæði hjá sérfræðingum og almennum læknum, en samkv. gildandi lögum er læknishjálp almennra heimilislækna greidd að fullu á venjulegum vinnutíma þeirra. Samtímis þessari breytingu er gert ráð fyrir, að upp verði teknar greiðslur sjúkradagpeninga og sérfræðingahjálp aukist verulega. Svo er til ætlazt, að föstum læknum, auk þeirra, er starfa eingöngu að heilsuvernd, verði fjölgað svo, að þeir séu nægilega margir til þess að sjá fyrir fullnægjandi læknishjálp. Launakjör þeirra verði miðuð við það, að þeim sé heimilt að taka gjald fyrir læknishjálp utan sjúkrahúsa, er samsvarar allt að ¼ hluta hæfilegrar greiðslu, og skal gjaldið ákveðið af heilbrigðisstjórninni með opinberri gjaldskrá. Önnur sjúkrahjálp verður samkv. frv. aukin á ýmsum sviðum frá því, sem nú er, og skal vera hin sama, hvar sem menn dvelja á landinu. Mismunur sá, sem nú er á kostnaði við læknishjálp, eftir því hvort um er að ræða héraðslækna eða praktiserandi lækna, á að hverfa. Þá er og ætlazt til, að tryggingarnar leggi fram fé til sérstakra sjóða, til þess að jafna aðstöðumun þeirra, sem búa í þéttbýli og strjálbýli, til læknisvitjana og sjúkraflutninga.

Er þess mjög að vænta, að með aukinni skipulegri heilsuverndarstarfsemi megi takast að bæta heilbrigði og hollustuhætti og draga á þann hátt úr sjúkdómum, þegar fram líða stundir, og því tjóni, beinu og óbeinu, sem af þeim leiðir. Bendir sú reynsla, sem þegar er fengin af berklavörnum og nokkrum öðrum heilsuverndarráðstöfunum, ótvírætt til þess, að réttmætt sé að vænta slíks árangurs. (Sbr. greinargerð í tillögum J. S. um heilsuvernd).

Hinn meginþátturinn í starfsemi tryggginganna er tekjutryggingin. Henni er ætlað að tryggja mönnum tekjur til lífsframfæris, þegar getan til tekjuöflunar bregzt af ástæðum, sem hlutaðeigendum eru ekki sjálfráðar, svo sem: elli, örorku, sjúkdómum, slysum eða skorti fyrirvinnu. Frv. gerir ráð fyrir, að greiddar séu bætur í peningum, þegar svo er ástatt sem nú skal greina:

1. Elli- og örorkulífeyrir.

Rétt til hans eiga allir þeir, sem orðnir eru 67 ára eða eldri eða hafa misst ¾ starfsorku sinnar.

2. Barnalífeyrir og fjölskyldubætur.

Barnalífeyririnn skal nema ⅔ hlutum ellilífeyris og greiðist með munaðarlausum börnum, börnum ekkna, gamalmenna og öryrkja innan 16 ára aldurs, svo og með óskilgetnum börnum, en þá helzt endurkröfuréttur á hendur föðurnum óskertur.

Fjölskyldubætur nema hálfum barnalífeyri og greiðast með öllum þeim börnum, sem eru umfram þrjú í fjölskyldu. Einnig skal greiða fjölskyldubætur með þremur fyrstu börnunum, ef tekjur föðurins rýrna svo vegna sjúkdóma eða slysa, að hann öðlist rétt til dagpeninga.

3. Bætur til mæðra og ekkna

eru þessar:

a. Fæðingarhjálp. Hún greiðist með ákveðinni upphæð fyrir hverja fæðingu og auk þess sem mánaðarleg greiðsla í þrjá mánuði samtals, fyrir og eftir barnsburð, ef konan stundar atvinnu utan heimilis.
b. Ekkjubætur greiðast við fráfall eiginmanns með ákveðinni mánaðargreiðslu í þrjá mánuði og auk þess nokkur jarðarfararstyrkur.
c. Ekkjulífeyrir greiðist auk þessa þeim ekkjum, sem hafa börn innan 16 ára á framfæri, og skal hann nema hálfum ellilífeyri.

4. Sjúkrabætur. (Dagpeningar).

Þær greiðast hinum tryggðu, ef þeir eru óvinnufærir umfram ákveðinn biðtíma, vegna sjúkleika eða slysa og að uppfylltum öðrum skilyrðum. Eru dagpeningarnir nokkru hærri en venjulegur lífeyrir og mismunandi eftir því, hvort um einhleypa eða kvænta menn er að ræða, og greiðast í allt að 26 vikur á ári.

Um slysabætur til öryrkja, ekkna og annarra nánustu vandamanna eru nokkur sérákvæði, og eru þau tekin óbreytt úr gildandi löggjöf. Slysatryggingin nær þó, eins og áður er sagt, aðeins til launþega, en þar sem bætur til barna og lífeyrir ekkna eru yfirleitt hinar sömu, hver sem ástæðan er til fráfalls mannsins, hefur nefndin ekki gert tillögur um að láta slysatrygginguna ná til allra slysa.

Gert er ráð fyrir, að landinu sé skipt í tvö verðlagssvæði:

Reykjavík og kaupstaðir með 2000 íbúa og þar yfir teljast I. verðlagssvæði, en aðrir landshlutar II. verðlagssvæði. Eru bótaupphæðirnar ¼ (25%) lægri á II. verðlagssvæði en I. verðlagssvæði. Lagt er til, að fullur ellilífeyrir á I. verðlagssvæði sé kr. 1200.00 fyrir einstakling, auk verðlagsuppbótar, eða um kr. 3420.00 á ári, miðað við núverandi vísitölu (285), en lækkar nokkuð fyrir hvort, ef um hjón er að ræða. Barnalífeyrir verður á sama hátt þriðjungi lægri, eða kr. ca. 2280.00, og fjölskyldubætur kr. 1140.00 fyrir hvert barn, ekkjulífeyrir kr. 1710.00, allt miðað við I. verðlagssvæði. Dagpeningar séu hinir sömu fyrir kvænta menn og slysatryggingin greiðir nú og jafnháir, hvar sem er á landinu, kr. 7.50 á dag auk verðlagsuppbótar, eða ca. kr. 150.00 á viku, miðað við núverandi vísitölu, en þriðjungi lægri fyrir einhleypa.

Bótaþegar eiga rétt til þeirra upphæða, sem að framan greinir, en auk þess er

Tryggingastofnuninni heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að ákveða hærri bætur. Þannig er gert ráð fyrir, að tryggingaráð geti hækkað elli- og örorkulífeyrinn um allt að 40%, ef bótaþegi þarfnast sérstakrar umönnunar eða hjúkrunar. Enn fremur eru nokkrar fleiri heimildir til að auka við bæturnar og jafnframt til að greiða öðrum en þeim, er að framan greinir, nokkrar bætur, ef alveg sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að rétturinn til bóta sé jafn fyrir alla, án tillits til stétta eða efnahags, sbr. fyrrnefnt bréf ráðherrans og þá stefnu, sem mjög ryður sér nú til rúms, að komast hjá vandasömu og hvimleiðu mati á ástæðum einstaklinganna, enda ávallt tiltölulega lítill hluti þjóðarinnar, sem hefur svo miklar tekjur, að ekki sé þörf fyrir bæturnar, ef eitthvað verulega bjátar á. Hins vegar er gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæðunum, að rétturinn til lífeyris til handa ekkjum, gamalmennum, börnum í einstökum tilfellum og öryrkjum, öðrum en slysaöryrkjum, sé bundinn við ákveðið tekjuhámark í næstu 5 ár.

Nefndin gerir ráð fyrir, að mestur hluti núverandi kostnaðar sveitarfélaganna við fátækraframfærsluna flytjist yfir á tryggingarnar, þar sem elli, sjúkdómar, örorka, slys og ómegð, auk atvinnuleysis, sem sérstaklega verður vikið að á öðrum stað, hafa jafnan verið helztu ástæður til þess, að menn hafa þurft að leita framfærslustyrks. Kostnaður ríkissjóðs vegna heilbrigðismála, svo sem laun lækna, framfærsla sjúkra manna og örkumla o. þ. h., flyzt og að langmestu leyti yfir á tryggingarnar.

Frv. gerir ráð fyrir, að kostnaðurinn við tryggingarnar sé borinn uppi af sömu aðilum og nú leggja fram fé til þessara mála, þ. e. a. s. hinum tryggðu, atvinnurekendum, sveitarfélögum og ríkissjóði.

Iðgjöld hinna tryggðu eru mismunandi samkvæmt frv. eftir verðlagssvæðum og eftir því, hvort um karla eða konur, einhleypa eða hjón er að ræða. Nema þau frá 7 krónum á mánuði fyrir ógiftar konur á II. verðlagssvæði upp í 15 krónur fyrir kvænta menn á I. verðlagssvæði, hvort tveggja auk verðlagsuppbótar. Iðgjaldið verður því frá kr. 239.00 upp í kr. 513.00 á ári, miðað við núverandi vísitölu (285). Iðgjöld atvinnurekenda vegna slysatryggínganna geta væntanlega lækkað nokkuð, en hins vegar er þeim ætlað, auk áhættuiðgjaldsins, að greiða iðgjald til tryggínganna, kr. 1.50 fyrir hverja vinnuviku, að viðbættri verðlagsuppbót. Ætla má, að framangreind iðgjöld hrökkvi fyrir um ⅔ hlutum af heildarkostnaði tryggínganna, og er gert ráð fyrir, að sveitarfélögin og ríkissjóður beri hina ⅓ hluta kostnaðarins. Þá eiga og sjóðir þeir, sem alþýðutryggingarnar hafa safnað og ætla má, að nemi milli 30 og 40 milljónum króna, þegar alþýðutryggingalögin falla úr gildi, að renna til almannatryggínganna. Verða þeir eins konar varasjóðir og fyrsta starfsfé stofnunarinnar, en þó má verja fé úr þeim til þess að greiða fyrir því, að upp verði komið nauðsynlegum stofnunum í sambandi við tryggingarnar, svo sem elliheimilum, vinnuheimilum fyrir öryrkja og heilsuverndar- og lækningastöðvum, eins og áður segir.

Heildarútgjöld tryggínganna eru áætluð nokkru lægri en gert er ráð fyrir í kostnaðaráætlun Jóns Blöndals og Jóhanns Sæmundssonar, eða um 72 milljónir króna, og er þá miðað við takmarkanir þær næstu 5 ár á lífeyrisgreiðslum, sem að framan getur. Fer hér á eftir yfirlit, er sýnir, í hverju þessi mismunur liggur, svo og áætlun um skiptingu útgjaldanna og aukningu þeirra, frá því sem nú er. Er þá gengið út frá áætluninni á bls. 98—99 í bókinni „Almannatryggingar á Íslandi" með þeim breytingum, sem leiðir af breytingum frv. frá tillögunum, og miðað er við vísitölu 285. Enn fremur er gengið út frá áætluninni á bls. 118 í nefndri bók, að því er snertir kostnað við þau hlunnindi, sem nú eru veitt og innifalin eru í frv.

Kostnaður samkvæmt frv.		Kostnaður samkvæmt núgildandi lögum (áætlað '45)					
Tegund	Alls millj. kr.	Alls millj. kr.	Einstakl-ingar	Sveitar-félög	Ríkis-sjóður	Atvinnu-rekendur	Tegund
I. Elli- og örorkulífeyrir	23.8	5.8	»	3.0	2.8	»	Ellilaun og örorkubætur
II. Heilsugæzla og sjúkra-hjálp	19.0	9.0	5.5	1.7	1.8	»	Tillög til sjúkratrygginga
		3.5	»	0.5	3.0	»	Ríkisframf. sjúkra og örkumla
		2.5	»	»	2.5	»	Rekstrarhalli sjúkrahúsa
		1.5	»	»	1.5	»	Til læknaskipunar o. þ. h.
III. Slysatryggingar	4.2	3.8	»	»	»	3.8	Slysatryggingar
IV. a. Barnalífeyrir	5.6						
b. Fjölskyldubætur	4.2						
V. Mæðra- og ekkjubætur	5.9	3.5	»	3.5	»	»	Framfærslumál
VI. a. Sjúkrabætur	5.7						
b. Dánarbætur	0.6						
VII. Rekstrarkostnaður	3.0	2.7	0.9	1.2	0.4	0.2	Rekstrarkostnaður
VIII. Frádráttarliðir	÷ 3.0	»	»	»	»	»	
IX. Atvinnustofnun	3.0	»	»	»	»	»	
Samtals	72.0	32.3	6.4	9.9	12.00	4.0	
Auk þessa er nú greitt til Lífeyrissjóðs Íslands til sjóðsmyndunar	»	6.2	6.2	»	»	»	Lífeyrissjóðsgjöld
Alls	72.0	38.5	12.6	9.9	12.00	4.0	

Upphæðir þær, sem tilfærðar eru á bls. 118, er ekki rétt að taka allar með í þennan samanburð, þar sem nokkrar þeirra snerta ekki þau hlunnindi, sem frv. gerir ráð fyrir. Þessar upphæðir eru:

1. Sérstakir eftirlaunasjóðir, sem gert er ráð fyrir, að starfi áfram 3.2 millj. kr.
2. Styrktar- og eftirlaunagreiðslur á fjárl., sem gera verður ráð fyrir, að haldi áfram að nokkru leyti fyrst um sinn ..... 2.0 — —
3. Striðstryggingar, sem eru óviðkomandi þessu frv. ..... 2.0 — —
4. Til sjúkrahúsa og þ. h., sem einnig er gert ráð fyrir, að haldi áfram að greiðast úr ríkissjóði að nokkru leyti ..... 1.5 — —

Samtals 8.7 millj. kr.

Hins vegar eru teknar með í samanburðinum tvær upphæðir, 0.3 millj. í slysatryggingunni og 1.5 millj. í sjúkratryggingunni, sem báðar eru taldar ganga til sjóðmyndunar. En þar sem á þessar sjóðmyndanir ber að líta sem ráðstafanir til að mæta sveiflum frá ári til árs, er eðlilegast að telja þær með í hlunnindum þeim, sem nú eru veitt. Meira vafamál er um núverandi lífeyrissjóðsgjöld, 6.2 millj., sem að mestu leyti er sparifjársöfnun, til þess ætluð að geta í framtíðinni ásamt vöxtum Lífeyrissjóðs Íslands staðið undir ellilífeyrisgreiðslum. En þar sem þær greiðslur yrðu vafalaust lægri en ellilífeyrir samkv. frv. og mundu því falla niður án þess að nokkur hlunnindi séu skert, ef frv. verður samþykkt, þykir þó réttara að taka þessa upphæð með í samanburðinum.

Þá skal bent á það, að upphæðin „Útgjöld til framfærslumála“ er tekin með óskert

í yfirlitinu, þar sem gera má ráð fyrir, að hún mundi að langmestu leyti falla niður í framtíðinni og færast yfir á tryggingarnar.

Yfirlitið hér að framan má einnig líta á frá öðru sjónarmiði og skoða það sem yfirlit yfir útgjöld þeirra, sem kostnaðinn eiga að bera. Er þá réttara að umreikna núverandi kostnað þannig, að hann miðist einnig við vísitöluna 285. Lítur samanburðurinn þá þannig út, reiknaður í millj. kr.:

	Einstakl.	Atvinnur.	Sveitarfél.	Ríkissj.	Alls
Núverandi kostnaður	13.1	4.2	10.3	12.4	40.0
Kostnaðaráætlun samkv. frv.	20.9	11.8	15.3	24.0	72.0
Hækkun	7.8	7.6	5.0	11.6	32.0
Hækkun í % frá núverandi kostnaði	60	181	49	93	80

Iðgjöld einstaklinga eru þá lækkuð um 5% og færð yfir á sveitarfélögin með tilliti til 111. gr.

Skipting útgjaldanna samkvæmt framangreindri áætlun milli ofannefndra aðila verður þessi:

Hinir tryggðu	kr. 20.9	millj.	eða	29 %
Atvinnurekendur	— 11.8	—	—	16.5%
Sveitarfélög	— 15.3	—	—	21.0%
Ríkissjóður	— 24.0	—	—	33.5%
Alls	kr. 72.0	millj.	eða	100 %

Meira en helmingur af kostnaðaraukningunni er hækkun á lífeyri til gamalmenna og öryrkja. Barnalífeyrir og ekkna- og mæðrabætur er áætlað samtals 11.5 millj. kr., og er mikill meiri hluti þeirrar upphæðar aukning frá því, sem nú er.

Þá er gert ráð fyrir því, að um 3 millj. kr. af árlegum tekjum tryggingasjóðs renni til Atvinnustofnunar ríkisins, þegar henni verði komið á fót, þ. e. a. s. til ráðstafana til þess að afstýra atvinnuleysi, til fyrirgreiðslu fyrir öryrkja, sem geta unnið, og til atvinnuleysistrygginga. Auk þess eru nú í vörzlum Tryggingastofnunarinnar rúml. 3 millj. kr., sem er hluti af verðlækkunarskatti 1943 og ætlunin er, að varið verði í sama skyni.

Í frv. eru engin ákvæði um atvinnuleysistryggingar eða framlög til öryrkja undir 75%. En nefndin hefur til athugunar fyrrnefndar tillögur Jóns Blöndals um Atvinnustofnun ríkisins. Samkvæmt þeim tillögum er þessari stofnun ætlað að sjá um vinnumiðlun almennt og til öryrkja undir 75% sérstaklega, svo og að annast um greiðslu atvinnuleysisbóta (dagpeninga) til öryrkja, ef ókleift reynist að útvega eða sjá þeim fyrir vinnu, og til annarra, sem atvinnuleysistryggingin nær til og eins er ástatt um. Nefndin gerir ráð fyrir að geta innan skamms gert grein fyrir athugun sinni á nefndum tillögum.

Nefndinni er það ljóst, að eitt meginskilyrði þess, að tryggingarnar nái tilgangi sínum, er það, að starfsorka þjóðarinnar sé notuð til gagnlegra framkvæmda, en ekki sóað eða gerð verðlítil vegna atvinnuleysis, ófullkominna starfstækja eða skorts á skipulagi.

Markmið almannatrygginganna er að útrýma skorti, en afkoma og lífskjör þjóðarinnar í heild er undir því komið, að starfsorka hennar komi að sem fyllstum notum. Skorti lífsnauðsynja má útrýma með tryggingum, ef atvinnuleysi er haldið í skefjum. Útrýming atvinnuleysisins er í rauninni þýðingarmesta forsendan fyrir því, að takast megi að skapa félagslegt öryggi. Tryggingarnar eru ekki einhlítar í því efni, ef þjóðartekjurnar bregðast, en þær hljóta að rýrna, ef vinnuaflið er ekki hagnýtt, og því meir sem kveður að atvinnuleysinu.

Samkv. bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru nettótekjur skattgreiðenda samkv. skattskrám um kr. 640 millj. árið 1943, en þjóðartekjurnar í heild eru það ár áætlaðar um 750 millj. kr., sjá bls. 195—6 í ritinu „Almannatryggingar á Íslandi". Tekjurnar 1944 eru þar áætlaðar nokkru hærri, sem svarar hækkun vísitölunnar úr 256 í 268 stig, eða um 800 millj. kr. Þegar þess er gætt, að meðalvísitala ársins 1943 var

256 stig, en kostnaðaráætlun tryggginganna er miðuð við núverandi vísitölu, 285 stig, virðist mega ætla, að kostnaður tryggginganna þurfi eigi að fara fram úr 9—10% þjóðarteknanna, nema um verulegt atvinnuleysi sé að ræða. Þegar litið er til þess, hversu mörg og stór verkefni bíða hér óleyst á fjölmörgum sviðum, hversu hagur okkar gagnvart útlöndum nú er góður og jafnframt hafðar í huga þær stórfelldu ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar og verið er að gera til þess að afla landsmönnum nýrra, fullkomnari framleiðslutækja, ætti ekki að þurfa til slíks að koma, ef réttilega og skynsamlega er á málunum haldið.

Í riti Jóns Blöndals „Alþýðutryggingar á Íslandi og nokkrum öðrum löndum" er gerð grein fyrir því, hversu þeim málum er skipað í ýmsum þeim löndum, sem eðlilegast má telja að gera samanburð við. Ýmsir annmarkar eru þó á því að gera slíkan samanburð í stuttu máli þannig, að á honum sé byggjandi, en nefndin hefur það mál enn þá til athugunar og mun væntanlega síðar geta gert grein fyrir því atriði.

Um einstök atriði frumvarpsins vilja einstakir nefndarmenn taka þetta fram:

Haukur Þorleifsson telur, að lífeyrir gamalmenna og öryrkja sé lægri í frv. en vera ætti og þurfi að hækka um 25%.

Brynjólfur Stefánsson og Garðar Þorsteinsson stungu upp á því, að til 70 ára aldurs skyldi ekki greiða nema hálfan lífeyri, eða láta hann fara stighækkandi úr 50% í 100% á bilinu frá 67—70 ára. Nefndarmenn eru hins vegar sammála um, að upphæðirnar þurfi að endurskoða með tilliti til raunverulegs framfærslukostnaðar, sbr. bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Haukur Þorleifsson og Jens Hólmgeirsson telja, að æskilegra væri að innheimta nokkurn hluta persónuiðgjaldsins sem hundraðsgjald af tekjum, t. d. 2% af tekjum umfram lágmark, og að takmörkun sú á lífeyrisgreiðslum, sem felst í 1. lið bráðabirgðaákvæða frumvarpsins, ætti eigi að vera tímabundin.

Haraldur Guðmundsson og Jens Hólmgeirsson telja, að greiðslur fjölskyldubóta ættu að hefjast með þriðja barni og að sjóðfélagar hinna sérstöku lífeyrissjóða ættu að hafa sömu réttindi og skyldur gagnvart almannatryggingunum og aðrir íslenzkir ríkisborgarar, en sérsjóðirnir að sjá fyrir viðbótartryggingum, a. m. k. svo fullkomnum, að félagar sjóðanna missi einskis í, en í frv. er lagt til, að sérsjóðirnir starfi sjálfstætt og annist að fullu lífeyristryggingar meðlima sinna.

Jens Hólmgeirsson telur réttmætt, að atvinnurekendaiðgjald, sbr. 114. gr., falli niður, eða a. m. k. verði stórlega lækkað, þegar svo stendur á, að börn eða fósturbörn yfir 16 ára aldur vinna hjá foreldrum sínum eða vandamönnum fyrir lágt eða óverulegt kaup.

Garðar Þorsteinsson tekur enn fremur fram:

„Ég tel mig ekki bundinn af ákvæðum þessa frumvarps umfram það, er felst í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar."

Nefndarmenn eru sammála um, að með frumvarpi þessu sé gengið langt í þá átt að tryggja félagslegt öryggi landsmanna og mun lengra en áður hefur verið farið hér á landi. Hins vegar hafa tryggingarnar líka skv. frv. mjög mikinn aukinn kostnað í för með sér, eða hækkun, sem nemur ca. 80% frá því, sem nú er, en eins og málið hefur verið lagt fyrir nefndina, telur hún það utan síns verkahrings að benda á tekjuöflunarleiðir fyrir ríki og sveitarfélög til þess að mæta þeim kostnaði.

Þá vill nefndin enn minna á það, að frv. þetta eitt út af fyrir sig nægir ekki til að tryggja fullkomið félagslegt öryggi, þar sem það tekur ekki til atvinnulausra né til öryrkja undir 75%, að öðru leyti en því, að ákveðið stofnfé og árlegt framlag er ætlað í þessu skyni. Er nefndinni ljóst, að það framlag hrekkur skammt, ef til verulegs atvinnuleysis kemur. Er frv. því samið með það fyrir augum, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir varðandi þessi mál.

Félagsmálaráðherra fól 3 læknum, þeim Guðmundi Thoroddsen prófessor, Magnúsi Ágústssyni héraðslækni og Snorra Hallgrímssyni dr. med., að athuga sérstaklega tillögurnar um heilsugæzlu, og fylgir umsögn þeirra hér með á sérstöku fylgiskjali.

Skal nú vikið að einstökum greinum frv. Hér á eftir eru lög nr. 74 31. des. 1937 nefnd alþtrl. 1937 og lög nr. 104 39. des. 1943 alþtrl. 1943.

Um 1. gr.

Samkvæmt gr. er það skilyrði til þess, að menn séu tryggðir samkv. lögunum og njóti réttinda þeirra, er þar greinir, að þeir séu íslenzkir ríkisborgarar og dvelji jafnframt hér á landi. Íslenzkum ríkisborgurum, sem dveljast erlendis, er þó gefinn kostur á að halda réttindum sínum, sbr. 108. gr. Enn fremur gætu þeir fengið réttindi í öðru landi samkv. samningum, er gerðir væru skv. 139. gr.

Erlendir ríkisborgarar, sem dvelja hér á landi, eru ekki tryggingarskyldir og njóta ekki réttinda, nema sérstaklega hafi verið um það samið, sbr. 139. gr.

Um 2. gr.

Grein þessi svarar til 1., 2. og 3. gr. í alþýðutryggingalögunum 1943. Er gert ráð fyrir, að Tryggingastofnun ríkisins (hér eftir nefnd Tryggingastofnunin) starfi áfram og annist framkvæmd hinna nýju trygginga.

Skal skipta henni í deildir eftir þörfum, en deildaskiptingin er ekki lögákveðin eins og nú er. Lagt er til, að deildirnar hafi sameiginlegan fjárhag, gagnstætt því, sem nú er.

Athygli skal vakin á því, að felld er niður heimild 5. gr. alþýðutryggingalaganna 1943 til að fela Tryggingastofnuninni framkvæmdastjórn skyldra opinberra stofnana, svo sem Samábyrgðarinnar og Brunabótafélags Íslands.

Um 3. gr.

Svarar til 4. gr. alþtrl. 1943, þó er hér gert ráð fyrir því, að sá ráðherra, sem fer með heilbrigðismál, hafi ætíð yfirumsjón með framkvæmd III. kafla laganna, um heilsugæzlu, þar eð frv. fer miklu lengra inn á svið heilbrigðismála en alþtrl.

Um 4. og 5. gr.

Svara efnislega til 1. og 2. mgr. 6. gr. alþtrl. 1943.

Um 6. og 7. gr.

Hér er um gagngerða breytingu að ræða á skipun tryggingaráðs frá því, sem ákveðið er í 7. gr. alþtrl. 1943. Samkv. þeirri gr. eiga sæti í ráðinu 5 menn kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi. Í frv. er hins vegar lagt til, að ráðsmönnum verði fjölgað um 3, eða upp í 8, en af þessum 8 mönnum kjósi Alþingi aðeins 4, ráðherra skipi 3, tvo þeirra læknisfróða eftir sérstakri tilnefningu, en einn án tilnefningar, sem er formaður ráðsins, og loks er svo landlæknir sjálfkjörinn í ráðið.

Talið var rétt að gera þessa breytingu á skipan tryggingaráðs með hliðsjón af þeirri miklu aukningu, sem verður á starfssviði þess, sérstaklega um heilbrigðismál.

Deildaskipting tryggingaráðs skv. 7. gr. frv. er nýmæli. Eru hin læknisfræðilegu atriði trygginganna lögð undir aðra deildina, sem að meiri hluta er skipuð læknisfróðum mönnum.

Um 8. gr.

Svarar til 9. gr. alþtrl. 1943, en val fulltrúanna gert einfaldara og ákvæðin að öðru leyti miðuð við þá venju, sem myndazt hefur.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Nauðsynlegt þykir að gera gagngerða breytingu á öllu skipulagi trygginganna um leið og hlunnindin eru felld í eitt heildarkerfi og öll iðgjöld sameinuð. Til þess að tryggja samræmi í framkvæmd tryggingalaganna er óhjákvæmilegt, að Tryggingastofnunin hafi skrifstofur í öllum landshlutum. Skal skipta landinu í tryggingaumdæmi eftir því, sem hagkvæmt þykir, og hefur Tryggingastofnunin skrifstofur

í hverju umdæmi og umboðsmenn eftir því, sem þörf krefur. Kemur þetta skrifstofukerfi í staðinn fyrir núverandi sjúkrasamlög og umboðsmenn slysatryggingarinnar, auk þess sem ýmsum störfum, sem nú eru í höndum sveitarstjórna, svo sem úthlutun ellilauna og örorkubóta, verður af þeim létt og þau falin þessum skrifstofum.

Í frv. er gert ráð fyrir, að í stað sjúkrasamlagsstjórna þeirra, sem nú eru, og að nokkru leyti í stað umboðsmanna tryggingarinnar komi tryggingarnefndir í hverju tryggingaumdæmi til að fylgjast með rekstri tryggingarinnar. Nefndir þessar skulu kosnar af sveitarstjórnum þeim, er hlut eiga að máli, eftir sömu reglum og nú gilda um kosningu sjúkrasamlagsstjórna.

Um 11. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Svipuð fulltrúaþing hafa þó verið haldin nokkrum sinnum, síðan alþýðutryggingarnar gengu í gildi, með fulltrúum sjúkrasamlaga og starfsmönnum Tryggingastofnunarinnar. Hafa þing þessi verið á margan hátt til gagns.

Um 12. gr.

Fyrsta málsgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 7. gr. alþtrl. 1943. Í 2. mgr. er það nýmæli, að Tryggingastofnunin skuli gefa út árbók, og er það í samræmi við þá venju, sem myndazt hefur.

II. KAFLI
Bætur greiddar í peningum.

1. Elli- og örorkulífeyrir.

Um 13. gr.

Aldurstakmarkið er hér hið sama og í núgildandi lögum um alþtr., sbr. ákvæðin um greiðslu ellilífeyris í 51. gr. og ellilauna skv. 81. gr. alþtrl. 1937.

Samkv. 1. mgr. þessarar gr. frv., sem þó kemur ekki að fullu til framkvæmda fyrr en 5 árum eftir gildistöku laganna, sbr. 1. tölul. ákvæða til bráðabirgða, eiga allir íslenzkir ríkisborgarar, sem náð hafa umræddum aldri, rétt til ellilífeyris, án tillits til efnahags, nema þeir séu búsettir erlendis, séu sjóðfélagar viðurkenndra lífeyrissjóða eða á annan hátt undanteknir í lögunum, sbr. 17. og 74. gr.

Um 14. gr.

Skipting þessi á landinu í verðlagssvæði er byggð á áætluðum mismun á framfærslukostnaði í hinum ýmsu landshlutum.

Um 15. gr.

Ætlazt er til, að þær fjárhæðir, sem hér eru ákveðnar, nægi bótaþegum til framfærslu, ef þeir eru heilsuhraustir og sjálfbjarga, án tekna annars staðar að. En þar eð þær áætlanir um framfærslukostnað, sem fjárhæðir þessar byggjast á, eru mjög óvissar, telur nefndin rétt, að bótaupphæðirnar verði fljótlega teknar til endurskoðunar. Er ákvæði um það sett í 6. tölulið bráðabirgðaákvæða frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lagt til, að sömu reglu og um hjón sé fylgt um greiðslu ellilífeyris til karls og konu, sem búa ógift saman, ef þau hafa sameiginlegt heimilishald.

Um 16. gr.

Sú hækkun á lífeyrisgreiðslum, sem ákveðin er í greininni, ef maður frestar að taka lífeyri, miðast við dánarlíkur í hverjum aldursflokki. Á með því að vera nokkurn veginn fyrirbyggt, að tryggingin bíði halla, þótt lífeyristöku sé frestað.

Hins vegar þykir sjálfsagt, að við gildistöku laganna sé miðað við lífeyrisupphæðirnar skv. 15. gr., þótt maður sé þá eldri en 67 ára, en hins vegar hækkar lífeyririnn einnig, þegar svo stendur á, ef frestað er að taka hann.

Grein þessi svarar til 51. gr. alþtrl. 1937, en hækkunarreglurnar eru hér talsvert frábrugðnar.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa. Þó þykir rétt að vekja athygli á, að í 103. gr. eru settar reglur um stofnun elliheimila og að ellistyrktarsjóðir þeir, sem nú eru í vörzlum Tryggingastofnunarinnar, eiga að renna til þeirra. Enn fremur er í 106. gr. heimild fyrir Tryggingastofnunina til að veita lán til elliheimila og stofnana fyrir öryrkja.

Um 18. gr.

Réttur til örorkulífeyris er hér bundinn við 75% örorku, en er í alþtrl. 1937 bundinn við 50%, sbr. 52. gr. þeirra l., um örorkulífeyri, og 81. gr. sömu laga, um örorkubætur, en að öðru leyti er skilgreining á því, hverjir teljist öryrkjar, að mestu óbreytt frá því, sem er í alþtrl.

Ástæðan til þess, að örorkumarkið er hækkað hér, er sú, að gert er ráð fyrir sérstakri forsjá öryrkja, sem hafa meiri vinnugetu en þetta.

Um 19. gr.

Þarf ekki skýringa.

2. Barnalífeyrir og fjölskyldubætur.

Ákvæði frv. um barnalífeyri og fjölskyldubætur eru algert nýmæli í íslenzkri tryggingalöggjöf.

Um 20. gr.

Um bótauppæðir þær, sem hér eru ákveðnar, sjá aths. við 14. gr.

Um 21. gr.

Rétt þykir að setja ákvæði um, að kjörbörn hafi verið á framfæri bótaþega einhvern ákveðinn tíma, til þess að koma í veg fyrir, að tryggingin sé misnotuð.

Um 22. gr.

Þau atvik, sem valda örorku, ber oft skyndilega að höndum, og er því ekki sama ástæða til að óttast misnotkun í sambandi við töku kjörbarna eins og þegar um ellilífeyrisþega er að ræða. Er því heimilt hér að gera undantekningu frá 5 ára frestinum, sem ákveðinn er um kjörbörn skv. 21. gr.

Um 23. gr.

Með framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935 (sbr. nú l. nr. 52 12. febr. 1940), voru teknir upp styrkir með börnum ekkna. Fengu ekkjur, sem hafa börn á framfæri, rétt til að fá úrskurðaðan af valdsmanni styrk með börnum sínum, ef þær væru ekki einfærar um að kosta framfærslu þeirra og uppeldi. Skyldi styrkur þessi vera jafnhár meðalmeðlagi í heimilissveit barnsins. Framkvæmd þessara ákvæða mun ekki hafa verið eins alls staðar á landinu, en t. d. í Reykjavík munu flestar eða allar ekkjur, sem þess hafa beiðzt, hafa fengið slíkan meðlagsúrskurð. Hér er lagt til, að öllum ekkjum, án tillits til efnahags, sé greiddur lífeyrir með öllum börnum innan 16 ára, sem þær hafa á framfæri sínu, sbr. þó 1. tölulið bráðabirgðaákvæðanna.

Í síðustu mgr. er heimilað að greiða ekkli barnalífeyri, ef fyrirsjáanlegt er, að tekjur hans hrökkvi eigi til að sjá fjölskyldunni farborða. Yfirleitt er byggt á því í frv., að eiginmaður sé aðalfyrirvinna heimilisins og að tryggja þurfi fyrir því, ef hann fellur frá, þar eð tiltölulega sjaldgæft er, að konan vinni utan heimilis.

Hins vegar getur fráfall eiginkonu stundum skapað heimilinu þá fjárhagsörðugleika, að erfitt sé fyrir mann hennar að sjá fyrir því, og er þá eigi síður ástæða til að tryggja framfærslu barnanna en í hinu tilfellinu.

Um 24. gr.

Enda þótt ætlazt sé til, að lífeyrisupphæðir skv. 20. gr. nægi yfirleitt til fullrar framfærslu barna, getur þó stundum þurft að greiða hærra með munaðarlausum börn-

um heldur en börnum, sem eiga annað foreldri á lífi. Er því í 2. mgr. veitt heimild til að hækka lífeyri munaðarlausra barna um allt að 50% frá því, sem ákveðið er í 20. gr.

Um 25. gr.

Ekki þykir síður ástæða til að tryggja börnum lífeyri, þegar svo stendur á sem í þessari gr. segir, heldur en þegar um hjónabandsbörn er að ræða. Kom sama sjónarmið fram í hinni eldri tryggingalöggjöf, sbr. nú 18. gr. alþtrl. 1943.

Um 26. gr.

Aðstaða barna þeirra, er um ræðir í gr., er að flestu leyti sambærileg við aðstöðu barna ekkna. Þykir því rétt að tryggja þeim sams konar lífeyri, ef fjárhagsástæður eru slíkar, að þess sé þörf.

Einsætt þykir, að maðurinn endurgreiði bætur, þegar til hans næst.

Um 27. gr.

Gert er ráð fyrir, að mæður geti fengið barnalífeyri með óskilgetnum börnum sínum í stað þeirra meðlaga, sem nú eru greidd skv. l. nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Þykir núgildandi fyrirkomulagi í þessu efni um margt ábótavant, og vísast um það til hinnar almennu greinargerðar hér að framan.

Sú breyting er gerð, að í stað þess, að nú getur móðirin snúið sér með úrskurðinn til sveitarstjórnar í heimilissveit sinni og fengið meðlagið greitt úr sveitarsjóði, getur hún samkvæmt frv. snúið sér til næstu skrifstofu Tryggingastofnunarinnar, þ. e. Tryggingastofnunin kemur hér í stað sveitarfélagsins.

Í sambandi við ákvæði þessarar greinar sem og raunar ýmis önnur ákvæði frv., er nauðsynlegt, að fram fari gagngerð endurskoðun framfærslulaganna og annarra laga, sem þetta efni snerta.

Lög þau, sem vitnað er til í síðustu mgr. gr., eru lögin um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Virðist eðlilegt, að Tryggingastofnunin geti notið þess hagræðis, er 25. gr. þeirra laga veitir, þar eð hún greiðir barnalífeyrinn áfram.

Um 28. gr.

Vísast til aths. við 27. gr.

Um 29. gr.

Vísast til aths. við 26. gr.

Um 30. gr.

Upphæðir þessar jafngilda hálfum barnalífeyri samkv. 20. gr.

Um 31. gr.

1. og 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Rétt þykir í 3. mgr. að vísa til 3. mgr. 60. gr., þar sem skilgreint er nánar, hvaða börn teljist fósturbörn.

Um 32. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 33. gr.

Það er að sjálfsögðu mikilsvert atriði, að eftirlit sé haft með því, að þær bætur, sem hér um ræðir, komi að sem beztum notum. Geta verið mikil vandkvæði á því fyrir Tryggingastofnunina að fylgjast sjálf nógu vel með þessu. Er því lagt til, að hún hafi samvinnu við barnaverndarnefndir og aðra aðila, sem fylgjast eiga með uppeldi og framfærslu barna.

3. Bætur til mæðra, ekkna o. fl.

Ákvæði þau, sem hér um ræðir, eru öll nýmæli í íslenzkri tryggingalöggjöf, þegar frá eru tekin ákvæðin um fæðingarstyrk, sbr. aths. við 34. gr.

Um 34. gr.

Í gr. er gert ráð fyrir þrenns konar bótagreiðslum til mæðra við barnsburð: Í fyrsta lagi kr. 80.00, sem allar mæður eiga rétt á, sbr. 1. mgr., í öðru lagi fá mæður, sem stunda vinnu utan heimilis, auk greiðslu samkv. 1. mgr. kr. 140.00 mánaðarlega í allt að þrjá mánuði, ef tilteknum skilyrðum er fullnægt. Í þriðja lagi fá mæður, sem ekki stunda atvinnu utan heimilis síns, auk þeirra kr. 80.00 skv. 1. mgr., kr. 109.00 upp í fæðingarkostnaðinn, sbr. 5. mgr.

Ákvæði þessi um fæðingarstyrk eru ekki algert nýmæli í íslenzkri löggjöf, því að samkv. 33. gr. l. nr. 104 1943, um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar, var sjúkrasamlögum gert að skyldu að veita kr. 40.00 fæðingarstyrk, auk verðlagsuppbótar, en áður höfðu ýmis sjúkrasamlög tekið upp ákvæði um fæðingarstyrk í samþykktir sínar.

Um þriðju málsgr. þykir rétt að vísa til athugasemda við 55. gr.

Um 35. gr.

Bætur þær, er um ræðir í 1. mgr., eru ætlaðar til styrktar ekkjum fyrstu mánuðina eftir fráfall eiginmannsins. Oft þurfa þær nokkurn tíma til að gera breytingar á heimili sínu, útvega sér atvinnu o. þ. h.

Rökstuðningurinn fyrir bótum til ekkna, sem hafa börn á framfæri sínu, er fyrst og fremst tillitið til barnanna. Æskilegt er talið, að mæðurnar geti sjálfar annazt uppeldi barna sinna, og eiga ekkjubæturnar ásamt barnalífeyrinum að stuðla að því, að svo geti orðið. Ekkjubætur eru þó aðeins helmingur þess, sem fullur framfærslueyrir gamalmenna er áætlaður, sbr. 15. gr.

Ákvæði 4. mgr. eru hliðstæð fyrirmælum 23. gr.

Um 36. gr.

Konur þær, sem um ræðir í þessari grein, eiga oft erfitt með að sjá sér farborða eða útvega sér atvinnu, ef maðurinn fellur frá.

Þykir því rétt að gefa tryggingaráði heimild til að greiða þeim lífeyri, sem getur orðið allt að því jafnhár ellilífeyri, sbr. 15. gr.

Er ætlazt til, að tekið sé tillit til efnahags umsækjanda, auk þess sem ákveðnar reglur eru settar um hámarksgreiðslur eftir aldri, sbr. og 59. gr. 1. tölul. svo og 1. tölul. 18. gr. alþtrl. 1943, þar sem hliðstæð ákvæði er að finna.

Um 37. gr.

Um rökstuðning fyrir þeim bótum, sem um ræðir í þessari gr., sjá aths. við 25., 26. og 35. gr.

Um 38. gr.

Þar eð bætur til ellilífeyris- eða örorkuþega eru miðaðar við framfærslukostnað einstaklings, geta þær stundum orðið ófullnægjandi, ef eiginkona bótaþega á ekki einnig rétt á lífeyri. Þessar konur hafa oft sjálfar misst mikið af starfsorku sinni eða eiga ekki heimangengt vegna sjúkleika eiginmannsins, þó að um einhverja atvinnumöguleika fyrir þær gæti verið að ræða.

Bótaupphæðirnar eru miðaðar við, að samanlagðar bætur til hjónanna fari ekki fram úr hjónalífeyri samkv. 15. gr.

Í síðustu mgr. eru ákvæði, sem miða að því að koma í veg fyrir misnotkun á þessari bótaheimild.

Um 39. gr.

Konur þær, sem hér um ræðir, eiga sjaldan heimangengt til að afla sér tekna til eigin framfæris, nema því aðeins, að þær láti börnin frá sér. Með þessum ákvæðum er tilætlunin að gera þeim kleift að halda börnunum hjá sér við sæmileg kjör.

Um 40. gr.

Samkv. 33. gr. alþtrl. 1943 er heimilt að ákveða í samþykktum sjúkrasamlaga, að greiddur skuli styrkur upp í útfararkostnað. Aðeins fá samlög hafa notað þessa

heimild. Enn fremur munu örfáir menn í Reykjavík hafa verið tryggðir gegn útgjöldum í þessu sambandi (Jarðarfararsjóður Reykjavíkur).

4. Sjúkrabætur.

Sjúkrabæturnar í því formi, sem þær eru hér, er eitthvert mikilsverðasta nýmæli frv. Nokkur vísir til slíkra trygginga hefur verið til áður hjá einstökum sjúkrasamlögum, en þær hafa þó haft mjög litla þýðingu hingað til.

Í þeim sjúkrasamlögum, sem voru til, áður en alþýðutryggingalögin voru sett 1936, voru mjög fáir félagar. Í alþýðutryggingalögunum frá 1936 var að vísu ákveðið, að samlög þau, sem stofna skyldi í kaupstöðum landsins, ættu að hafa dagpeningatryggingu í samþykktum sínum, en vegna þess að samlögin vildu ógjarnan byrja starfsemi sína með háum iðgjöldum, voru dagpeningarnir annaðhvort hafðir svo lágir eða biðtími svo langur, að þeir komu að litlu gagni. Sú breyting var gerð á þessu 1937, að dagpeningatryggingin var í raun réttri gerð að frjálsri tryggingu, og hafa ákvæðin um þá tryggingu síðan verið dauður bókstafur í samþykktum sjúkrasamlaga, að undanskildum örfáum fremur litlum samlögum, sem hafa haldið lágri dagpeningatryggingu.

Um þau grundvallaratriði, sem fylgt hefur verið við samningu ákvæðanna um sjúkrabætur, vísast til Almannatrygginga á Íslandi, bls. 71—76.

Um 41. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Upphæð sjúkrabóta er ákveðin með hliðsjón af almennum framfærslukostnaði, sbr. það, sem segir í aths. við 15. gr. Þó er gert ráð fyrir, að fólk á starfsaldri þurfi nokkru meira sér til framfæris en ellilífeyrisþegar, sem ekki þarfnast sérstakrar umönnunar, sbr. 17. gr.

Um 43. gr.

Ákvæði svipuð þessum hafa verið í samþykktum þeirra sjúkrasamlaga, sem haft hafa dagpeningatryggingu.

Um 44. og 45. gr.

Rétt þykir að hafa mismunandi biðtíma fyrir þá, sem starfa í annarra þjónustu, og hina, sem starfa sjálfstætt eða eru atvinnurekendur. Enn fremur er ekki talið fært annað en hafa mismunandi biðtíma í kaupstöðum og kauptúnum annars vegar og sveitum hins vegar. Um rökstuðning fyrir þessu hvoru tveggja vísast til Almannatrygginga á Íslandi, bls. 71—76.

Um 2. mgr. a-liðs 44. gr. sjá aths. við 55. gr.

Um 46. gr.

Hliðstæð ákvæði 1. og 2. mgr. hafa verið í samþykktum þeirra sjúkrasamlaga, sem hafa haft dagpeningatryggingu.

Í 3. mgr. er nýmæli. Er talin brýn þörf á því, að skipulögð verði þjálfun sjúkra manna og komið á starfsnámi fyrir sjúklinga og öryrkja, sem ekki geta gegnt áfram fyrri störfum. Ef slíkar ráðstafanir verða gerðar, virðist sjálfsagt, að þeim, sem sjúkrabóta njóta, sé gert skylt að notfæra sér þær, sbr. einnig ákvæði 57. gr. um slasaða menn.

5. Slysabætur.

Um 47. og 48. gr.

Greinar þessar svara til 10. gr. alþtrl. 1943 og fjalla um, hverjir skulu njóta slysabóta. Er tryggingasviðið miklu viðtækara samkv. frv. en nú er, þar eð frv. gerir ráð fyrir, að svo til allir launþegar eigi kost á slysabótum. Undanteknir eru aðeins þeir, sem vinna eingöngu á heimili sínu eða vinnustað, sem þeir sjálfir ákveða, og þeir,

sem stunda lausavinnu. Þó eru þeir, sem vinna sérstaklega áhættusöm störf, alltaf tryggðir. Enn fremur eru undanþegin börn atvinnurekanda undir 16 ára aldri og annað nánasta skyldulið, ef það vinnur í þjónustu hans.

Í 48. gr. er skilgreint, hverja telja beri launþega í þessu sambandi, auk þess sem heimild er í 2. mgr. til að skilgreina þetta nánar með reglugerð, þar eð ógerningur má heita að gera slíkt tæmandi í sjálfum lögunum.

Um 49. og 50. gr.

Er í samræmi við núgildandi ákvæði, sbr. 10. gr. alþtrl. 1943.

Um 51. gr.

Svarar til 12. gr. alþtrl. 1943.

Um 52. gr.

Hliðstæð ákvæði eru nú í 2. og 3. mgr. 11. gr. alþtrl. 1943.

Um 53. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 54. gr.

Svarar til 1. mgr. 16. gr. alþtrl. 1943. Þó er það nýmæli, að samkvæmt 3. mgr. er heimilt að greiða dagpeninga lengur en 26 vikur, einkum ef óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða. Enn fremur eru ákvæði 4. mgr. ný og eru sett til samræmis við 2. mgr. 44. gr., en þessi ákvæði eru í samræmi við þá venju, sem myndazt hefur um greiðslu slysabóta.

55. gr.

Dagpeningar eru hér hinir sömu fyrir kvænta karla og nú tíðkast, en fyrir einhleypa eru þeir lækkaðir um kr. 2.50 á dag. Auk dagpeninga er einnig greitt með þeim börnum hins slasaða, sem ekki eru annars greiddar fjölskyldubætur með, sbr. 32. gr.

Í 1. mgr. 16. gr. alþtrl. 1943 er ákvæði um, að atvinnurekandi eigi rétt til slysabóta, ef hann greiðir hinum slasaða kaup, sem sé a. m. k. jafnhátt bótunum. Þetta ákvæði er fellt niður, en í stað þess sett ákvæði 4. mgr. — Ástæðan til þessarar breytingar er aðallega sú, að skapazt gæti misrétti á milli bótaþeganna, ef atvinnurekandi greiðir lægra kaup en dagpeningum nemur. Ákvæði þetta er hliðstætt 3. mgr. 34. gr. og 2. mgr. a-liðs 44. gr.

Um 56. gr.

Nýmæli. Sjá athugasemd við 43. gr. 1. mgr.

Um 57. gr.

Nýmæli. Sjá athugasemd við 46. gr.

Um 58. gr.

Svarar til 17. gr. alþtrl. 1943, en þó er örorkulífeyririnn, ef örorka er 75% eða meiri, samræmdur ákvæðum um örorkulífeyri, sbr. 18. gr. frumvarpsins.

Um 59. gr.

Svarar til 1. mgr. 18. gr. alþtrl. 1943, þó eru ákvæði um greiðslur til barna samræmdar ákvæðum um barnalífeyri, sbr. 20.—29. gr. frv.

Um 60. gr.

Svarar til 2.—4. mgr. 18. gr. alþtrl. 1943.

Sú breyting er gerð, að skilgreint er í gr., hvaða börn teljist fósturbörn.

6. Almenn ákvæði um bæturnar (61.—75. gr.).

Hér er að mestu leyti um nýmæli að ræða, þegar frá eru talin ákvæðin um tilkynningu slysa. Flest fjalla þessi ákvæði um framkvæmd laganna og miða að því að gera hana sem öruggasta og skiljanlegasta hinum tryggðu.

Um 61.—63. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 64. gr.

Svarar til 1.—3. mgr. 13. gr. alþtrl. 1943.

Um 65. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 66. gr.

Svarar til 1. mgr. 41. gr. alþtrl. frá 1937, en sú lagagrein var felld niður með l. nr. 104 1943, þar eð hún þótti ekki eiga heima í I.—III. kafla laganna, en endurskoðun á síðari köflum laganna var þá frestað.

Um 67.—69. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 70. gr.

Svarar til 87. gr. alþtrl. 1937.

Um 71. og 72. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 73. gr.

Svarar til 15. gr. og 3. mgr. 41. gr. alþtrl. 1943.

Um 74. gr.

Hliðstætt 3. tölul. 54. gr. alþtrl. 1937, en er hér víðtækara.

Um 75. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 76. gr.

Í greininni er hugtakið heilsugæzla skilgreint sem heilsuvernd og sjúkrahjálp. Er beinlínis tekið fram, að Tryggingastofnunin skuli vinna að því, að látin sé í té skipuleg heilsuvernd, auk sjúkrahjálpar, og er það nýmæli.

Um 77. gr.

Greinin kveður svo á, að heilsugæzlan sé í té látin af sérstökum heilsuverndarstöðvum, sjúkrahúsum og lækningastöðvum, viðurkenndum af heilbrigðisstjórninni, þar sem skylda er að reka slíkar stofnanir, en annars staðar af héraðslæknum með aðstoð opinberra heilbrigðisstarfsmanna.

Sérstakar lækningastöðvar eru nýmæli.

Um 78. gr.

Þessi grein kveður á um, hvar heilsuverndar- og lækningastöðvar skuli vera, hver skuli stofnsetja þær og reka. Enn fremur að heilbrigðisstjórnin geti lagt þessa kvöð á með ráði Tryggingastofnunarinnar. Sams konar ákvæði eru ekki sett um sjúkrahús. Tryggingastofnuninni er heimilað að reisa og reka slíkar stofnanir, sem um getur í 77. gr., enda annist þær sérstaka þætti heilsugæzlunnar fyrir allt landið og hljóti viðurkenningu heilbrigðisstjórnarinnar, sbr. sömu grein, og skal hún ennig fallast á tilhögun starfsemi þeirra. Vinnulækningastofnanir eru einkum hafðar í huga.

Um 79. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 80. gr.

Greinin kveður á um tilhögun stjórnar þeirra stofnana, er greinir í 78. gr., og þarfnast naumast skýringa. Þó skal á það bent, að í bráðabirgðaákvæði er gert ráð fyrir, að sjúkrasamlagsstjórnum séu í fyrstu falin störf heilsugæzlunefnda, þegar eignir samlaganna renna til heilsuverndarstarfseminnar.

Um 81. gr.

Í 81. gr. er skilgreint hlutverk þeirra stofnana, er reka skal samkv. 77. og 78. gr. Ætlazt er til, að héraðslæknar ræki hlutverk heilsuverndar- og lækningastöðva, þar sem þær eru ekki, sbr. 77. gr., eftir því sem þeim er unnt með því starfsmannaliði, sem þeim er fengið til aðstoðar, svo sem heilsuverndarkonum (þ. e. sérstaklaga æfðum hjúkrunarkonum, ljósmæðrum o. fl.).

Þótt hlutverk heilsuverndar- og lækningastöðva sé skilgreint í þessari grein, getur þó svo farið, að ýmsar smærri stofnanir geti ekki rækt alla þætti hlutverksins vegna skorts á starfsliði, svo sem sérlæknum, tannlæknum og heilsuverndarhjúkrunarkonum, svo að dæmi séu nefnd.

Um 82. gr.

Hér er ákveðið, að þær stofnanir, sem um getur í 77. gr., skuli háðar eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar og reglugerðarákvæðum um lágmarksþjónustu á hverjum stað, og viðurkenningar heilbrigðisstjórnar er krafizt. Fylgist heilbrigðisstjórnin síðan með, að slíkum ákvæðum sé fylgt, en metur jafnframt gæði þjónustunnar. Þessi ákvæði heimila, að ekki sé krafizt fullrar framkvæmdar allra þátta hlutverks slíkra stofnana á tiltölulega fámennum stöðum, sbr. aths. um 81. gr., en mat á gæðum þjónustunnar gerir kleift, að heilbrigðisstjórnin geti úrskurðað, hvað skuli teljast hæfileg greiðsla og eðlilegur kostnaður, en Tryggingastofnunin fari eftir þessu um greiðslur til nefndra stofnana, ef samningar takast ekki milli hennar og þeirra, sbr. 88. gr.

Um 83. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Hér er um hagkvæmniatriði að ræða.

Um 84. gr.

Í greininni er ákveðið, að ríkissjóður skuli greiða laun allra fastra lækna opinberra heilsugæzlustofnana og annarra lækna, sem skipaðir eru í heilsugæzluþjónustuna, sbr. 85. gr., svo sem héraðslækna og aukalækna, er ráðnir eru til starfa ásamt þeim, þar sem ekki starfa heilsuverndar- eða lækningastöðvar, og héraðslæknir einn er ekki talinn geta annað störfunum, að dómi tryggingaráðs. Enn fremur laun sérfræðinga, sem falin eru sérstök heilsugæzlustörf eða yfirumsjón með ákveðnum greinum hennar. Tannlæknar eru hér meðtaldir. Grein þessi gildir einnig um launagreiðslur til lækna, er starfa á vegum hinnar opinberu heilsugæzlu, meðan þær heilsugæzlustofnanir eru ekki komnar upp, er stofna ber samkv. 77. gr. og 78. gr.; þó haldast þær greiðslur ekki lengur en til ársloka 1949.

Séu lögskipaðar stofnanir ekki komnar upp fyrir 1. janúar 1950, fellur greiðsluskylda ríkissjóðs niður, að svo miklu leyti sem á skortir, að ákvæðum 78. gr. sé fullnægt.

Fjöldi almennra fastráðinna lækna, er fást við **beinar almennar** lækningar utan sjúkrahúsa, skal yfirleitt miðaður við, að 2000 íbúar, börn meðtalin, komi á hvern lækni, sbr. 85. gr. Aukalega koma svo sérfræðingar, þar með taldir tannlæknar, sjúkrahúsalæknar í opinberum sjúkrahúsum og heilsuverndarlæknar. Almennir læknar, sérfræðingar og tannlæknar, sem starfa á vegum hinnar opinberu heilsugæzlu að beinum lækningum utan sjúkrahúsa, séu launaðir að ¾ úr ríkissjóði, en að ¼ af sjúklingunum, sbr. 87. gr.

Læknar við opinber sjúkrahús og læknar, sem starfa á vegum heilsuverndarinnar eða vinna störf, sem ekki teljast til beinna lækninga á sjúkdómum, utan sjúkra-

húsa, fá því fulla greiðslu úr ríkissjóði fyrir þessi störf sín, sbr. þó athugasemdir við 88. gr.

Um 85. gr.

Með tilvísun til aths. um 84. gr. þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 86. gr.

Þessi grein felur í sér þá breytingu, að Tryggingastofnunin greiðir að fullu dvöl í viðurkenndum sjúkrahúsum, heilsuhælum og fæðingarstofnunum eins lengi og þörf krefur, án tillits til þess, hver sjúkdómurinn er, og fellur því ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla niður. Gert er ráð fyrir mati tryggingayfirlæknis eða læknа er falið hefur verið slíkt umboð, á nauðsyn sjúkrahúsvistar. Þó er eigi ætlazt til slíks mats að því er varðar fæðandi konur. Samkvæmt greininni er heimilt, í sérstökum tilfellum, að greiða fyrir dvöl á viðurkenndum hjúkrunarheimilum, eftir reglum heilbrigðisstjórnar, og er það einnig nýmæli.

Um 87. gr.

Samkvæmt greininni eiga hinir tryggðu rétt á greiðslu læknishjálpar utan sjúkrahúsa hjá læknum í þjónustu heilsugæzlunnar, er taka föst laun úr ríkissjóði, og er miðað við, að um sé að ræða greiðslu að ¾. Fjórðung hæfilegrar greiðslu ber hinum tryggðu að greiða læknum fyrir unnin bein læknisverk, eftir opinberri gjaldskrá. Hér er um verulega breytingu að ræða frá fyrri ákvæðum tryggingalaganna, er gerðu ráð fyrir fullri greiðslu læknishjálpar hjá almennum læknum. Á móti þessu kemur heilsuverndartrygging, víðtæk trygging sérlæknishjálpar, tannlæknishjálp, sem að vísu má einskorða við yngra fólk en fullra 18 ára. Full greiðsla læknishjálpar er þó áformuð vegna elli- og örorkulífeyrisþega, barna þeirra, munaðarleysingja og þeirra, er njóta slysabóta samkvæmt 57.—60. gr.

Um 88. gr.

Greinin felur í sér, að Tryggingastofnunin skuli semja við viðurkennd sjúkrahús og hliðstæðar stofnanir, enn fremur heilsuverndar- og lækningastöðvar, sbr. 77. gr., svo og einkasjúkrahús, um greiðslur fyrir þjónustu slíkra stofnana, með það fyrir augum, að greiðslurnar hrökkvi fyrir eðlilegum kostnaði. Takist ekki samningar, úrskurðar heilbrigðisstjórnin greiðslurnar, að undangengnu mati á gæðum þjónustunnar á hverjum stað, sbr. 82. gr. og aths. um hana.

Þá er ákveðið, að hugsanlegum ágóða slíkra stofnana skuli varið til að bæta þjónustu þeirra, enda svo til ætlazt, að Tryggingastofnunin hafi aðgang að rekstrarreikningum þeirra. Er þetta ekki óeðlilegt, þar sem Tryggingastofnunin ber í rauninni uppi rekstur þeirra.

Þess má geta, að ætlazt er til, að einkasjúkrahús launi þá lækna, er þar starfa.

Í 84. gr. er ákveðið, að ríkissjóður greiði laun fastráðinna lækna að öðru leyti, sbr. aths. um þá grein, en hins vegar skoðast þær greiðslur sem framlag til tryggingaanna samkvæmt sömu grein. Tryggingastofnunin mundi hins vegar greiða beint úr tryggingasjóði hæfilegar fjárhæðir, til þess að þær stofnanir, sem 77. grein gerir ráð fyrir, svo og einkasjúkrahús fengju greiddan **eðlilegan** rekstrarkostnað, þar með talið viðhald endurnýjunartækja o. þ. h. Þess er þó ekki að dyljast, að svo gæti farið, að frekari greiðslur gætu fallið á bak hinna tryggðu en frumvarpið beinlínis gerir ráð fyrir, og ekki á bak sveitarfélaga, ef svo færi, að ekki semdist við stofnanirnar, en úrskurðaðar, eðlilegar greiðslur hrykkju of skammt.

Um 89. gr.

Greinin felur í sér takmörkun á lyfjagreiðslum frá því, sem nú er, en á móti koma aukin hlunnindi á öðrum sviðum, enda má telja lyfjanotkun orðna óeðlilega mikla. Hins vegar er gert ráð fyrir, að lyf, sem brýn nauðsyn er á, séu greidd að fullu og önnur nauðsynleg lyf að hálfu.

Um 90. gr.

Lagt er til, að röntgenmyndir verði greiddar að fullu, en nú eru þær greiddar að ⅓.

Um 91. gr.

Röntgen- og radiumlækningar er gert ráð fyrir, að verði greiddar að fullu. Nú er mjög á reiki, að hve miklu leyti slíkar lækningar eru greiddar af samlögunum.

Um 92. gr.

Vefjarannsóknir og líffræðilegar rannsóknir er lagt til, að greiddar verði að fullu. Nú eru vefjarannsóknir almennt ekki greiddar, en líffræðilegar rannsóknir mikið til að fullu, a. m. k. í Reykjavík og vegna þeirra, er leita læknis þar.

Um 93. gr.

Hér er gert ráð fyrir fullri greiðslu ljósmæðrahjálpar í heimahúsum, til samræmis við, að greiða skal að fullu fyrir dvöl á fæðingarheimilum, en þangað komast ekki nærri allar fæðandi konur. Fæðingarstyrkur, sem nú er greiddur, hrekkur yfirleitt skammt. (Lágmark kr. 40.00 + vísitala.)

Um 94. og 95. gr.

Þessar greinar fela í sér heimild til að greiða fyrir hjúkrun eða aðstoð í heimahúsum í brýnni nauðsyn að læknisdómi. Enn fremur heimild til að greiða styrki upp í læknishjálp erlendis í alveg sérstökum tilfellum. Eru hér einkum hafðir í huga heila- og hjartasjúkdómar, er krefjast skurðlæknisaðgerða.

Um 96.—99. gr.

Samkvæmt greinum þessum er ætlazt til, að óhjákvæmilegur kostnaður við læknisvitjanir og sjúkraflutninga umfram 10 fyrstu kílómetrana verði endurgreiddur sjúklingunum a. m. k. að ¾ hlutum. Ef framlag samkvæmt 96. gr. hrekkur ekki, ber hlutaðeigandi sveitarsjóði að leggja fram það, sem á vantar, en fær þá endurgreitt af framlagi samkv. 97. gr. allt að helmingi.

IV. KAFLI

Fjárhagsákvæði.

Í þessum kafla eru ákvæði um tekjustofna tryggginganna (100.—127. gr.), og auk þess fjallar 128. gr. um sérstaka opinbera lífeyrissjóði. Þessi ákvæði hafa í för með sér gerbreytingu á öllu fjárhagskerfi tryggginganna.

Fjárhagur allra greina þeirra verður framvegis sameiginlegur, þar eð gert er ráð fyrir einum allsherjar tryggingasjóði, sem öll gjöld tryggginganna eru greidd úr, sbr. 100. gr.

Öll iðgjöld hinna tryggðu eru sameinuð í eitt iðgjald, sem verður ásamt iðgjöldum atvinnurekenda og framlögum ríkissjóðs og sveitarfélaga aðaltekjustofn sjóðsins.

Innheimta iðgjalda verður eftir frv. í höndum þeirra innheimtumanna ríkisins, sem innheimta tekju- og eignarskatt, sbr. 119. gr.

1. Tryggingasjóðurinn.

Um 100. gr.

Þarfnast ekki skýringa umfram það, sem segir í hinni almennu greinargerð, bls. ....

Um 101. gr.

Í gr. eru taldir upp þeir sjóðir, sem myndazt hafa fram að þessu samkvæmt tryggingalöggjöfinni.

Samkv. 78. gr. alþtrl. 1937, sbr. 79. gr., á ríkissjóður að greiða Lífeyrissjóði Íslands 200 þús. kr. á ári í næstu 50 ár frá gildistöku laganna. Með þessu framlagi átti hann að endurgreiða það fé, sem lífeyrissjóðurinn hefur lagt fram til ellilauna og örorkubóta. Grundvöllur þessara lagaákvæða fellur algerlega burtu með hinu nýja skipulagi, og er því lagt til í 1. tölul. gr., að ríkissjóður endurgreiði tryggingasjóðnum á 10 árum fjárhæðir þær, sem Lífeyrissjóður Íslands hefur lagt út til ellilauna og örorkubóta.

Um 102. og 103. gr.

Í greinum þessum er ákveðið, hvernig ráðstafa skuli sjóðum þeim, sem taldir eru í 101. gr.

Lífeyrissjóður Íslands og slysatryggingasjóður, sem náð hafa til alls landsins og eru myndaðir með framlögum úr öllum landshlutum, eiga að vera almennur sameiginlegur varasjóður tryggingganna, sbr. 102. gr. Ellistyrktarsjóðunum og sjóðum sjúkrasamlaga, sem tengdir hafa verið ákveðnum sveitarfélögum, skal hins vegar varið til að koma upp ýmsum stofnunum í sambandi við tryggingarnar. Er þó til þess ætlazt, að þau sveitarfélög, sem upp hafa komið sjóðunum, njóti fyrst og fremst góðs af þessum stofnunum. Eru í 103. gr. settar ýtarlegar reglur um ráðstöfun þessara síðasttöldu sjóða.

Um 104. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 105. og 106. gr.

Þessar greinar fjalla um ávöxtun á fé tryggingasjóðs (105. gr.) og varasjóðs (106. gr.). Ákvæðin um ávöxtun á fé tryggingasjóðs eru að mestu í samræmi við þá venju, sem skapazt hefur hjá Tryggingastofnuninni, án þess um það hafi verið bein lagafyrirmæli. En nýmæli er það, að heimilað er að veita lán úr varasjóði til þess að koma upp stofnunum, sem starfa í sambandi við tryggingarnar, sbr. 106. gr.

2. Iðgjöld hinna tryggðu.

Um 107. og 108. gr.

Greinar þessar svara til 48. gr. alþtrl. frá 1937, þó að í þeirri grein sé aðeins um tryggingarskyldu til Lífeyrissjóðs Íslands að ræða.

Um 109. gr.

Að efni til þarfnast gr. ekki skýringa. Nánari grein er gerð fyrir þessu tryggingakerfi í „Almannatryggingar á Íslandi", t. d. bls. 50—51. og bls. 80—81.

Um 110. gr.

Samkvæmt 12. gr. laga um iðnaðarnám frá 11. júní 1938 greiða meistarar í iðnaði sjúkrasamlagsiðgjöld fyrir nema sína. Eru ákvæði þessarar gr. sett með hliðsjón af því.

Um 111.—113. gr.

Greinar þessar fjalla um undanþágur frá iðgjaldagreiðslu.

Í 111. gr. er aðalsjónarmiðið það, að ekki séu krafin iðgjöld af mönnum, sem hafa eigi meiri tekjur en svo, að nægi til lífsframfæris. Enn fremur er svo þeim, sem hafa litið eitt meiri tekjur, veittur nokkur afsláttur á iðgjöldum.

Í 112. gr. er tryggingaráði gefin almenn heimild til að veita undanþágur til ákveðins tíma, er alveg sérstaklega stendur á.

3. Iðgjaldagreiðslur atvinnurekenda.

Um 114. gr.

Hér er um alveg nýjan tekjustofn að ræða, sem sumpart er ætlazt til, að renni til almennra útgjalda tryggingganna, og sumpart til Atvinnustofnunar ríkisins, sem

m. a. á að hafa með höndum atvinnuleysistryggingar, sem eðlilegt þykir, að atvinnurekendur kosti að nokkru leyti ásamt hinum alm. iðgjaldsgreiðendum, sbr. 109. gr.

Um 115. gr.

Svarar til 20. gr. í alþtrl. 1943.

4. Framlög sveitarfélaga.

Um 116. gr.

Það hlýtur ávallt að vera álitamál, hvernig skipta beri útgjaldaupphæð sem þessari á öll sveitarfélög landsins. Svipaða skiptingaraðferð, þó í öðrum tilgangi sé, er að finna í framfærslulögunum, nr. 52 12. febr. 1940 (VIII. kafli).

Einnig er svipað með þessi mál farið í dönsku lögunum um opinbera framfærslu (Lov Nr. 181 af 20. Maj 1933 om offentlig Forsorg § 77).

Um 117. gr.

Svarar til 47. gr. alþtrl. 1943, en þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

5. Framlag ríkissjóðs.

Um 118. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

6. Innheimta iðgjaldanna.

Um 119. gr.

Eins og greint er frá í alm. athugasemdum við þennan kafla, bls. ...., er öll innheimta iðgjaldanna sameinuð hjá þeim innheimtumönnum ríkisins, sem innheimta tekju- og eignarskatt. Núgildandi ákvæði um innheimtu hinna ýmsu iðgjalda er að finna í 21. og 23. gr. alþtrl. 1943 (slysatryggingariðgjöld), í 42. og 44. gr. sömu l. (sjúkratrygging), 60. gr. alþtrl. 1937 (lífeyrissjóðsgjald) og 69. gr. sömu l. (atvinnuleysistrygging).

Um 120. gr.

Svarar til 61. gr. alþtrl. 1937, sem tekin er hér upp svo til óbreytt.

Um 121. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 122. gr.

1. mgr. þessarar greinar svarar til 86. gr. alþtrl. 1937 og 44. gr. alþtrl. 1943.

Um 123. gr.

Hér er veitt heimild til að taka upp svipað innheimtufyrirkomulag og gert hefur verið í lögum um orlof, nr. 16 26. febr. 1943.

Þetta fyrirkomulag hefur verið notað víða erlendis, sérstaklega með enskumælandi þjóðum, og þótt gefast mjög vel.

Um 124. gr.

Þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að ákveða iðgjöld atvinnurekenda, koma hvort sem er að mestu leyti fram í framtölum þeirra til skattayfirvalda. Þykir því sjálfsagt að nota framtölin sem grundvöll fyrir álagningu iðgjalda þessara. Nokkrar breytingar mun þó verða nauðsynlegt að gera í þessu sambandi á þeim framtalseyðublöðum, sem notuð hafa verið.

Um 125. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 126. gr.

Svarar til ákvæða 21. og 23. gr. alþtrl. 1943 og 60. gr. alþtrl. 1937.

Um 127. gr.

Enda þótt framkvæmd alþtrl. hafi hingað til heyrt undir þann ráðherra, sem farið hefur með félagsmál, þykir þó rétt, vegna hins breytta skipulags á innheimtunni, að fjármálaráðherra setji reglugerðir um innheimtu iðgjalda, á sama hátt og þeim ráðherra, er fer með heilbrigðismál, er ætlað að hafa yfirumsjón með framkvæmd III. kafla laganna, um heilsugæzlu, sbr. 3. gr.

Um 128. gr.

Lífeyrissjóðir fyrir starfsmenn ríkisins, barnakennara og hjúkrunarkonur starfa nú samkvæmt sérstökum lögum, og eru sjóðfélagar undanþegnir gjaldskyldu til Lífeyrissjóðs Íslands. Sama gildir um sjóðfélaga eftirlaunasjóða Landsbankans og Útvegsbankans. Meðlimir annarra eftirlaunasjóða, sem veita a. m. k. jafnháan lífeyri og ætlað var, að Lífeyrissjóður Íslands myndi greiða, fá nú endurgreiddan hluta af iðgjaldi sínu til Lífeyrissjóðs Íslands.

Samkvæmt greininni geta allir lífeyris- og eftirlaunasjóðir, sem tryggja a. m. k. jafnháar og jafnvíðtækar lífeyrisgreiðslur og almannatryggingarnar veita, öðlazt viðurkenningu Tryggingastofnunarinnar að uppfylltum öðrum almennum skilyrðum, og greiða þá sjóðfélagarnir aðeins hálft iðgjald til almannatrygginganna.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

1. Skráning og réttindaskírteini.

Um 129. gr.

Vegna þess hve tryggingakerfið er víðtækt samkv. frv., nær í raun réttri til hvers þegns frá vöggu til grafar, er nauðsynlegt fyrir Tryggingastofnunina að hafa fullkomna skrá um alla landsmenn og fylgjast með þeim breytingum, er verða á högum þeirra og máli skipta um trygginguna.

Um 130. gr.

Í sambandi við framkvæmd tryggingalaganna er það mikilsvert, að almenningi séu ljós þau réttindi, sem tryggingin veitir, og þær skyldur, sem hún leggur mönnum á herðar. Er því lagt til, að þau atriði, sem mestu máli skipta um þetta efni, séu skráð á skírteini. Skírteini þessi svara til þeirra skírteina, sem tíðkazt hafa hjá sjúkrasamlögum, þótt þau hafi ekki beinlínis verið lögákveðin.

Um 131. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

2. Vanræksla á iðgjaldagreiðslu.

Um 132. gr.

Síðari málsl. greinarinnar svarar til ákvæðis í 1. mgr. 24. gr. alþtrl. 1943.

Um 133. gr.

Hliðstætt ákvæði er nú í 1. mgr. 24. gr. alþtrl. 1943, en þar eru þó viðurlögin fimmföld hin vangoldnu iðgjöld.

Um 134. gr.

Þótt ekki sé tilætlunin, að launþegi bíði halla vegna þess, að atvinnurekandi vanræki að greiða iðgjöld hans, er þó hins vegar ekki til þess ætlazt, að hann sleppi

við að greiða iðgjöld af þeirri ástæðu. Á hinn bóginn þykir ekki rétt, að atvinnurekandi geti átt endurkröfurétt vegna þeirra vita, sem hann hefur orðið að sæta vegna vanrækslu sinnar, né heldur að hann geti dregið að heimta kröfu sína á hendur launþega óhæfilega lengi.

Um 135. gr.

Grein þessi fjallar um viðurlög við því, er menn greiða ekki iðgjöld sín. Vegna þess greiðslufyrirkomulags á iðgjöldum, sem gert er ráð fyrir í lögunum, þ. e., að þau séu dregin frá kaupi, ætti yfirleitt ekki að vera um vanskil að ræða hjá launþegum, sbr. 132. gr.

Að sjálfsögðu geta komið til greina margs konar viðurlög, en eðlilegast þykir, að réttindin standi í nokkru hlutfalli við þau iðgjöld, sem greidd hafa verið, og er það því aðalsjónarmiðið hér.

Sem hliðstæð ákvæði má nefna 43. gr. alþtrl. 1943 um iðgjöld til sjúkrasamlaga. Á hinn bóginn voru engin hliðstæð ákvæði í kaflanum um elli- og örorkutryggingar í alþtrl. 1937, en gert var ráð fyrir, að sett yrðu sérstök lög um upphæð lífeyris samkvæmt lögunum, sbr. 58. gr. þeirra, og hefðu þá væntanlega einnig verið sett ákvæði um viðurlög.

3. Frjálsar tryggingar.

Um 136. gr.

Svarar til 25. gr. alþtrl. 1943.

Um 137. gr.

Svarar til 26. gr. alþtrl. 1943.

4. Önnur ákvæði.

Um 138. gr.

Er í samræmi við fyrri hluta 88. gr. alþtrl. 1937, en ekki þótti þurfa að taka upp síðari hluta greinarinnar, þar eð áður er fram tekið í 119. gr. frv., að ákvæði laga um tekju- og eignarskatt skuli gilda um innheimtuna, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Um 139. gr.

Svarar til 89. gr. alþtrl. 1937.

Um 140. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 141. gr.

Verknaður sá, sem refsing er við lögð í 1. mgr., er þess eðlis, að rétt þykir, að viðurlög séu svipuð og nú gilda um auðgunarbrot samkvæmt 26. kafla hegningarlaganna. Er því hámark refsingar ákveðið hér hið sama og t. d. í 1. mgr. 244. gr. hegningarlaganna svo og 247. gr., 248. gr., 249. gr. og 250. gr. sömu laga. Hins vegar er refsiramminn hafður hér víður, allt frá sektum upp í fangelsi, eftir því hve miklar sakir eru, hliðstætt því, sem er um ýmis auðgunarbrot, sbr. 256. gr. hegningarlaganna.

Í 2. mgr. er ákvæði, sem er nýmæli í íslenzkri löggjöf, en hliðstæð refsiákvæði er að finna í erlendri tryggingalöggjöf. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir, að menn geri sér að féþúfu að aðstoða við að koma bótakröfum á framfæri.

Um 142. gr.

Samkv. gr. taka lögin gildi 1. júlí 1946 að öðru leyti en því, að bótagreiðslur og sjúkrahjálp samkv. lögunum hefjast ekki fyrr en 1. jan. 1947, eða 6 mánuðum eftir að almenn iðgjöld atvinnurekenda og persónuiðgjöld falla á.

Um sjúkratryggingar, slysatryggingar, ellilaun og örorkubætur og iðgjöld til Lífeyrissjóðs Íslands fer á árinu 1946 eftir alþýðutryggingalögunum, sem ekki falla úr gildi fyrr en í lok þess árs.

Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringa.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um 1. tölul.

Æskilegast væri að taka nú þegar upp lífeyrisgreiðslur án tillits til annarra tekna umsækjanda. Hefur og þróunin víða erlendis verið í þá átt. Hins vegar er það talið hér fullmikið stökk frá því skipulagi, sem nú gildir hér á landi. Er því lagt til, að nokkur frádráttur vegna tekna verði fimm fyrstu árin eftir gildistöku laganna, og ættu þá fullar lífeyrisgreiðslur að hefjast 1. jan. 1952.

Um 2. tölul.

Svarar til 19. gr. alþtrl. 1943, sbr. einnig 47. gr. sömu laga svo og l. nr. 105 30. des. 1943, 1. gr.

Um 3. tölul.

Rétt þykir, að þessi ákvæði alþtrl. 1943 gildi áfram meðan lagaákvæðin um stríðsslysabætur eru í gildi, sbr. l. nr. 106 30. des. 1943, III. kafli.

Um 4. tölul.

Þar eð nauðsynlegt er, að nákvæm skráning hinna tryggðu fari fram eftir gildistöku laganna, þykir rétt að veita hér svipaða heimild og gert er í lögum um manntal, nr. 4 18. maí 1920, 2. gr.

Um 5. tölul.

Þar sem 142. gr. gerir ráð fyrir, að sjúkrasamlögin haldi áfram störfum til ársloka 1946, og eignir þeirra eiga samkv. 103. gr. að ganga til þess að auðvelda og efla heilsuverndarstarfsemina, þykir eðlilegt, að samlagsstjórnum séu falin störf heilsugæzlunefnda, þar sem svo er ástatt, og það tímabil, sem í liðnum segir, þegar sjúkrahjálpin flyzt yfir á almannatryggingarnar, verður aðalstarf samlagsstjórnanna að annast um hina ýmsu þætti heilsuverndarstarfsemi í umdæminu og sjá um rekstur heilsuverndar- og lækningastöðva og þess háttar. Má það teljast eðlilegt framhald af núverandi starfsemi samlaganna.

Um 6. tölul.

Sbr. aths. við 15. gr. og bls. 96—98 og bls. 57—58 í Almannatryggingum á Íslandi.

Um 7. tölul.

Nauðsynlegt er talið, að fram fari, eftir að lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, ýtarleg endurskoðun á ýmsum lögum, sem snerta þau málefnasvið, er lögin taka til. Ber þar fyrst og fremst að nefna framfærslulögin, lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla og lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Um 8. tölul.

Eðlilegt verður að teljast, að skattur sé ekki lagður á tekjur, sem eigi fara fram úr því, er tryggingarnar greiða sem lífeyri og telja verður lágmark þurftartekna.

Fylgiskjal.

Með bréfi félagsmálaráðherra, dags. 24. apríl þ. á. vorum við undirritaðir skipaðir í nefnd „til þess að vinna að framhaldsundirbúningi tillagna um heilsugæzlu á þeim grundvelli, er felst í tillögum þeirra Jóhanns Sæmundssonar tryggingayfirlæknis og Jóns Blöndals hagfræðings".

Við höfum nú kynnt okkur tillögurnar ásamt greinargerð um þær og rætt þær á fundum og höfum jafnframt átt viðræðufundi um þær við þá landlækni og tryggingayfirlækni, eins og tilskilið var í bréfi félagsmálaráðherra.

Við höfum rætt tillögurnar lið fyrir lið og gert við þær stuttar athugasemdir, enda er ekki þörf á löngu máli, þar sem hin ýtarlega greinargerð ræðir og skýrir flestallt, sem máli skiptir, svo að fáu þarf við að bæta.

Heilsuvernd og starfsemi heilsuverndarstöðva er tiltölulega nýtt fyrirbæri, ekki eingöngu hér á landi, heldur og um allan heim, en af greinargerðinini má öllum vera ljóst, hve mikilsvert starf slíkra stöðva er eða getur orðið, sé vel á haldið. En til þess að starfið komi að verulegu gagni, þarf nákvæma athugun á því, hvernig starfi þeirra skuli háttað, hvernig tækjum stöðvarnar skuli búnar og hvernig undirbúningi þeirra lækna skuli hagað, sem fyrir þeim eiga að standa. Má ætla, að þessi starfsemi verði fyrstu árin mikið til tilraunastarfsemi og auk þess sé enn sem komið er skortur á hæfum læknum til þess að reka stöðvarnar. Í tillögunum er ákveðið, að reka skuli heilsuverndarstöðvar á 14 stöðum á landinu, og er því sennilegt, að þeir kaupstaðir og kauptún, þar sem stöðvunum er ætlaður staður, vilji allir fá sína stöð sem fyrst eða allir í einu. En slíks verður enginn kostur, og þykir okkur því réttara að láta það liggja milli hluta í lögunum, hve margar stöðvarnar skuli vera og hvar settar.

Verði horfið að þessu ráði, fæst líka smátt og smátt reynsla fyrir því, hvernig haga skuli störfum stöðvanna, hvernig yfirstjórn þeirra getur orðið heppilegust og hvernig hagkvæmast verði að reka þær fjárhagslega, hvort heldur af þeim héruðum, sem við þær eiga að búa, og gera þær þannig háðar bæjar- og hreppstjórnum, eða af tryggingunum sjálfum, sem okkur virðist eðlilegast og vænlegast til góðs árangurs.

Um hlutverk heilsuverndarstöðva samkv. tillögunum virðist ekki ástæða til að gera sérstakar breytingartillögur. Þó mætti benda á það, að víða mundu þær ekki verða heilsuverndarstöðvar eingöngu, þ. e. a. s. til rannsóknar á almennu heilsufari og heilbrigðisháttum, heldur líka til aðstoðar við greiningu sjúkdóma einstakra sjúklinga, þar sem aðstaða til rannsókna væri þar mun betri en hjá almennum starfandi læknum. En þetta er fyrirkomulagsatriði, sem taka mætti fram í reglugerð, en þyrfti tæplega að standa í lögum.

Það þarf varla að taka það fram, að auðvitað yrðu berklavarnir reknar áfram með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár, þangað til heilsuverndarstöðvarnar gætu tekið við þeim, en berklavarnirnar hafa, sem kunnugt er, borið glæsilegan árangur, eins og glöggt kemur fram í greinargerðinni.

Sjúkrahjálp. Hvað snertir hina hliðina á heilsugæzlunni, sjúkrahjálpina, þá má segja, að hún sé nú þegar komin í nokkurn veginn fast form með þeim sjúkrasamlögum, sem þegar hafa verið stofnuð, og mun varla verða breytt þar um að verulegu leyti, nema hvað snertir innheimtu gjalda, sem eftir tillögunum verða greidd með opinberum gjöldum, og teljum við það til mikilla bóta, þar sem það ætti að verða til verulegs sparnaðar og væntanlega leiða til minnkandi skriffinnsku, sem nú er orðin ískyggilega mikil í sjúkrasamlögunum.

Full greiðsla fyrir sjúkrahúsvist og dvöl á heilsuhælum til handa hinum tryggðu þykir nú orðið svo sjálfsögð og er svo almennt viðurkennd, að um hana þarf varla frekar að ræða.

Í þessu sambandi er vert að minna á það, að með víðtækari sjúkratryggingu eykst líka þörfin fyrir rúm í sjúkrahúsum allverulega, þegar miklu fleiri en nú er munu gera kröfur til aðgerða á sjúkrahúsum. Nú þegar er verulegur skortur á sjúkrarúmum, sérstaklega í Reykjavík, og þurfa sjúklingar oft að bíða vikum saman eftir því að komast í spítala, og þarf ekki að lýsa því nánar, hverjum vandkvæðum þetta ástand veldur, enda er það tekið til rækilegrar íhugunar í greinargerðinni.

Að því er snertir læknishjálp utan sjúkrahúsa væri eðlilegast og viðkunnanlegast, að minnsta kosti fyrir læknana, að tryggingarnar greiddu alla læknishjálp að fullu, læknarnir væru fastlaunaðir og hefðu ákveðinn vinnutíma, eins og flestallir aðrir, en slíks verður varla að vænta í náinni framtíð, nema ef til vill í kaupstöðunum, þegar almennar lækningastöðvar hafa komizt á.

En reynslan hefur sýnt það, að margir eru svo gerðir, að þeir geta aldrei látið lækna í friði, ef aðgangur að þeim er ókeypis og ótakmarkaður, og er glögglega gerð

grein fyrir því í greinargerðinni. Gert er ráð fyrir þar að taka upp fjórðungsgjald að nýju, og virðist varla verða hjá því komizt og spurning um, hvort gjaldið ætti ekki að vera meira en fjórðungsgjald, því að sé gjaldið mjög lítið, mun mörgum læknum varla þykja taka því að krefja um það, eða svo var það að minnsta kosti, meðan fjórðungsgjald tíðkaðist í Sjúkrasamlagi Reykjvíkur.

Undantekningarnar frá greiðslu fjórðungsgjalds af hinum tryggðu sjálfum, sem getur í tillögunum, virðast sjálfsagðar.

Í tillögunum er gert ráð fyrir því, að takast megi að ná samningum við alla starfandi lækna landsins (að minnsta kosti utan sjúkrahúsanna) og svo kunni að fara, að þeir þyrftu þá engin laun að taka frá ríkissjóði, en séu í þess stað launaðir af tryggingunum. Nánar er þetta athugað í greinargerðinni. Fyrir læknana væri þetta óefað mikill kostur, að því tilskildu, að tekjur rýrnuðu ekki, og um leið fyrir þá tryggðu, sérstaklega í hinum strjálbyggðu sveitum landsins. Tryggingastofnunin mundi þá hafa fjölda lækna í þjónustu sinni, úti í héruðunum, við heilsuverndarstöðvarnar, rannsóknarstofur og lækningastöðvar í kaupstöðunum, sem sjálfsagt verða reistar og reknar innan fárra ára. Læknar þeir, sem störfuðu fyrir Tryggingastofnunina, mundu þá hafa um margar stöður að velja, gætu „unnið sig upp" innan tryggginganna, en ættu ekki eins á hættu og nú að vera „grafnir lifandi" á einhverjum afviknum stað úti í strjálbýlinu, með litla von um að komast þaðan nokkurn tíma aftur, en sitja aðeins og „forpokast", eins og hlýtur að verða þar, sem lítið er að gera að læknisstörfum.

Það er þetta viðhorf læknanna, sem átt hefur einna mestan þátt í því, hve illa hefur gengið að fá lækna í fámennustu héruðin, auk erfiðra aðstæðna til þess að geta sinnt svo læknisstörfum sínum, að þeir finni það með sjálfum sér, að þeir geri verulegt gagn með starfi sínu. En til þess ættu líka heilsuverndarstöðvarnar, með betri tækjum og reyndari læknum, að geta hjálpað þeim.

Í kaupstöðunum ættu líka vinnuskilyrði lækna að batna allverulega með stofnun lækningastöðva. Í greinargerðinni er því glögglega lýst, hvernig aðsóknin er að læknum í Reykjavík, og má öllum vera ljóst af því, að slík vinnubrögð eru ekki vænleg til viðunandi árangurs, hvorki fyrir lækna né sjúklinga. Í lækningastöðvum með góðum útbúnaði mundi allt læknisstarfið verða betur skipulagt, hægt að koma við ákveðnum vinnutíma og hagnýta starf læknanna miklu fremur en nú er gert.

Ekki mundi lítið sparast við það, að læknar þyrftu þá ekki almennt að kaupa sér, hver um sig, dýr lækningatæki, sem mörg hver eru lítið og sjaldan notuð, og útbúa og taka á leigu lækningastofur, kaupa bifreiðar og reka þær.

Það þarf varla að taka það fram, að með þessu fyrirkomulagi sjúkrahjálparinnar væri sjálfsagt, að reistir yrðu læknisbústaðir og þeim látin fylgja nauðsynleg lækningatæki, sem Tryggingastofnunin ætti. Hingað til hefur það verið svo, að flestir læknar eru stórskuldugir, þegar þeir taka til starfa, ekki eingöngu eftir langt og erfitt nám, heldur líka vegna áhaldakaupa og ef til vill tilneyddra húsakaupa. Hefur þetta ekki ekki átt lítinn þátt í því að gera læknishjálpina dýrari en ella hefði þurft að vera.

Lyf og umbúðir. Í greinargerðinni er sýnt fram á hinn gegndarlausa lyfjaaustur, sem farinn er að tíðkast hér á landi, og ásækni fólks í lyf, oft að þarflitlu eða þarflausu. Virðist rétt að reyna að koma því máli í betra horf, en þó svo, að ekki geti komið að sök, þegar nauðsyn krefur. Virðist okkur tillögurnar fara þar í rétta átt.

Tannlækningar. Hvað tannlækningar snertir er það að vísu leitt, að ekki skuli vera hægt að tryggja þær öllum, eins og aðrar lækningar, því að þær eru sízt minna verðar en margt annað, en tannlæknaskortur veldur þar of miklum aðstöðumun hinna tryggðu, enn sem komið er, og getum við því fallizt á það, sem tillögurnar gera ráð fyrir, og það, sem um tannlækningar er sagt í greinargerðinni.

Læknisvitjanir og sjúkraflutningar. Það fer vel á því að reyna að jafna aðstöðumun hinna tryggðu í sveitum og bæjum með því að greiða kostnað við ferðir lækna til sjúklinga og við flutning sjúklinga til sjúkrahúsa og heim aftur. Þó er okkur ljóst, að þarna þarf að vera vel á verði, svo að kostnaðurinn verði ekki óhóflega mikill.

Benda má á það, að langar læknisferðir eru oft tafsamar og óhófleg eyðsla á tíma læknisins til lítils gagns. Oftast nær er miklu hægara að greina sjúkdóma heima hjá lækni eða í sjúkraskýli en í heimahúsum sjúklingsins, og vill þá oft verða svo, að ferðakostnaður verður tvöfaldur. Ætti læknir að geta ráðið því, hvort hann vitjar sjúklingsins eða fær hann sendan heim til sín, honum að kostnaðarlausu, jafnvel þótt ekki sé um sjúkrahús að ræða. Ákvæðum um þetta mætti e. t. v. koma fyrir í reglugerð.

Röntgenrannsóknir eru nú orðnar svo mikilsverðar, að sjálfsagt er að nota þær eftir því, sem við verður komið, en þar sem þær munu ekki vera gerðar nema eftir tilvísun lækna og því lítil hætta á, að þær verði misnotaðar, þykir okkur eðlilegt, að þær verði greiddar að fullu af tryggingunum. Sama er að segja um **röntgen- og radíumlækningar** og um **vefjarannsóknir** og **líffræðilegar rannsóknir.**

Ljósmæðrahjálp gera tillögurnar ráð fyrir, að greidd verði að fullu, og þykir okkur það vel til fundið. En þarna mætti og taka til athugunar, hvort ekki ætti líka að greiða ferðakostnað, svipað og við læknisvitjanir, ekki síst ef horfið yrði að því ráði að stækka ljósmóðurumdæmin, eins og víða mun vera hægt að gera og æskilegt, að gert yrði.

Greinarnar um **hjúkrun í heimahúsum** og um **sjúkrahjálp erlendis** þykja okkur sjálfsagðar og höfum ekkert við þær að athuga.

Reykjavík, 18. júlí 1945.

Sþ. 311. Framhaldsgreinargerð

við till. til þál. um athugun á því, hversu Íslandi mundi henta að ganga í félag hinna sameinuðu þjóða (þskj. 251).

Frá Jónasi Jónssyni.

Tvenns konar viðhorf koma um þessar mundir fram í stjórnmálum heimsins. Annars vegar er talað um alheimsfrið og starfsemi sameinuðu þjóðanna í því sambandi. Hins vegar búa allar þjóðir nema Íslendingar sig undir það, sem þær kalla að verja land sitt. Rússar hafa ógrynni liðs, og hafa auk þess her í fjölmörgum ríkjum, svo sem Póllandi, Austurríki, Ungverjalandi, Rúmeníu, Búlgaríu og á sama hátt víða í landamerkjalöndum í Austurálfu. Bretar afvopna mjög hægt og vilja vera við öllu búnir. Bandaríkin ráðgera að hafa mikinn her á friðartímum. Eiga þau auk þess herskipastól, sem er meiri en floti allra annarra þjóða samanlagður, og loftflota, sem er eigi minni hlutfallslega. Smáþjóðir eins og Norðmenn ætla að vera vel vopnaðir og búnir undir óvæntar árásir.

Skýringin á þessari tvíhyggju er mjög einföld. Vesturþjóðirnar börðust til að vernda frelsi og lýðræði í heiminum móti þrem einræðisþjóðum. Þeim tókst að gersigra Ítali, Þjóðverja og Japana í nýafstöðnu stríði. Eftir fyrri heimsstyrjöldina beitti Wilson sér fyrir sambandi allra þjóða til að varðveita friðinn. Einræðisþjóðir heimsins rufu þann frið. Roosevelt og Churchill tóku á Atlantshafsfundinum friðarhugsjón Wilsons og hugðust að gefa henni nýtt líf og varanlegt. Friður og réttlæti skyldi ríkja meðal þjóðanna. Smáþjóðir Vestur-Evrópu fögnuðu þessum aðgerðum og hétu fylgi sínu. Eftir að Hitler hafði neytt Rússa út í stríð með Bandamönnum, þóttust Rússar í fyrstu vilja styðja réttlátt þjóðabandalag. En þegar til kom, fóru þeir nálega alls staðar sínar eigin götur, mjög í átt til aukinnar kúgunar. Þeir byrjuðu að byggja sér varnarbelti úr hálfundirokuðum eða jafnvel innlimuðum þjóðum. Meðan stóð á stríðinu, lét stjórn Rússa þjóð sína vera að mestu ófróða um hina stórfelldu hjálp bandamanna þeim til handa og um hernaðarafrek Vesturþjóðanna. Síðan lokuðu þeir algerlega ekki aðeins Rússa-

veldi, heldur öllum þeim löndum, sem þeir hafa hersett. Það mátti vera öllum mönnum augljóst, að af þessari ástæðu gat ekki orðið nokkur varanlegur friðarfélagsskapur úr styrjaldarþátttöku hinna sameinuðu þjóða. Rússar vildu engan jafnréttisfélagsskap með þjóðunum. Hvar sem til spurðist í veldi þeirra var frelsið í öllum myndum útilokað, en allt vald í höndum fámennrar flokksstjórnar. Þegar Engilsaxar sáu, að hverju fór, varð þeim ljóst, að þeir gátu ekki nema á yfirborðinu treyst á friðarstarfsemi sameinuðu þjóðanna. Vopnin voru geymd og hvött í austurvegi. Englendingar áttu lönd og virki út um allan heim. Þeir voru allvel viðbúnir að verja veldi sitt. En Bandaríkjaþjóðin gat ekki treyst á nema átthaga sína. Það þótti leiðtogum Bandaríkjamanna, eins og málum var komið, ekki nóg trygging móti árás óbilgjarnra herþjóða. Þess vegna lýstu forráðamenn Bandaríkjanna yfir í haust sem leið, að þeir vildu hafa 10 flotastöðvar í Kyrrahafi og sex við Atlantshaf. Bandaríkjamenn og Bretar gátu, þegar svo var komið, veitt gagnkvæman stuðning, ef ráðizt var á Engilsaxa eða smáríki þau víðsvegar um heim, sem verða varin með herskipa- og flugflota. Síðan stríðinu lauk, hefur öllum heilskyggnum mönnum verið ljóst, að allur heimurinn var að skiptast í tvær fylkingar. Á aðra hönd voru Rússar og ríki þau, sem liggja upp að veldi þeirra og verða að beygja sig fyrir hermætti kommúnista, en til hinnar handar eru Bandaríkin, Bretaveldi og þau þingstjórnarlönd, sem verða varin frá sjó. Þetta er veruleikinn í heimspólitíkinni. Jafnhliða þessu er haldið uppi rökræðum um nýtt, friðsamlegt þjóðabandalag. Engilsaxar hafa barizt fyrir slíku friðarríki og bundizt hátíðlegum heitum í því efni á Atlantshafsfundinum. Aðstaða og framkoma Rússa hefur því miður gerbreytt þessum áætlunum. En leiðtogar vesturþjóðanna geta ekki, án mikilla tilefna, horfið frá friðarbandalaginu, þó að óvænlega horfi. Stríðsþjóðirnar eru svo þreyttar og þjakaðar af hörmungum sex styrjaldarára, að þær eiga bágt með að sætta sig við, að jafnvel tálvonin um frið sé frá þeim tekin. Stórveldin tala þess vegna um friðarbandalag og munu vafalaust halda í því skyni marga alþjóðafundi. Rússar munu láta líklega í orði kveðnu, en jafnan fara í verki sínar eigin götur. Vesturþjóðirnar munu ekki vilja bera ábyrgð á samstarfsslitum, þrátt fyrir óbilgirni Rússa, fyrr en í fulla hnefana. Þess vegna munu fulltrúar Engilsaxa taka þátt í fundum á vegum sameinuðu þjóðanna, meðan unnt er.

En þar sem Íslendingar eru ekki stórveldi og enginn gerir ráð fyrir, að þeir beri á herðum sér þungann af forustu heimsmálanna, þá geta þeir um þessa hluti sagt það, sem þeim býr í brjósti og þeir vita sannast og réttast. Hið tilvonandi þjóðabandalag er andvanafædd draumsjón Roosevelts og Churchills. Rússar hafa grandað friðarhugsjóninni, af því að fyrir þeim vakir allt annað en alheimsfriður, en það er æðsta hugsjón þingstjórnarþjóðanna. Kommúnistar í Rússlandi og öðrum löndum vita vel, að þeir eru ekki að starfa til að skapa frið í heiminum. Þeir ætla sér þvert á móti að halda uppi ófriði í hverju landi og á alþjóðavettvangi til að gerbreyta eðli og útliti heimsins. Þegar leiðtogum þingstjórnarlandanna varð ljóst, eftir að stríði lauk, að þjóðabandalaginu mundi ekki auðið langra lífdaga, virðast þeir hafa talið heppilegt að láta ekki of mjög á því bera, að friðarhugsjón Atlantshafsfundarins væri strönduð á byltingartrú og heimsyfirráðapólitík Rússa. Allar stórþjóðirnar vita, að hið nýja þjóðabandalag er eins og gegnsær og viðkvæmur glitvefnaður, sem er fagur á að líta en haldlaus, ef á er tekið.

Þingstjórnarríkin, þar á meðal England og Bandaríkin, geta ekki hafið styrjöld nema með samþykki þjóðþinganna. En í einræðis- og harðstjórnarríkjunum fer einn maður eða lítil „klíka“ að baki eins manns með réttinn til að steypa heilli þjóð, og eins og nú er komið, öllum heiminum út í heimsstríð. Ef litið er yfir sögu 19. og 20. aldar, er þetta ómótmælanlegt. Eftir að Napoleon I. varð einvaldur í Frakklandi, hóf hann allar árásarstyrjaldir álfunnar að fyrra bragði, þegar honum þótti henta. Bismark hóf stríð árið 1864 og 1866 í nafni Prússakonungs, en ekki þýzku þjóðarinnar. Napoleon III. hóf tvö Evrópustríð með samábyrgð einræðisklíkunnar í landinu. Vilhjálmur II. hóf heimsstyrjöldina 1914. Japanskeisari réðst á Kínverja og hóf þannig

nýafstaðið heimsstríð. Í spor hans fylgdi Hitler með árás á Pólverja 1939, Stalin fáum dögum síðar með árás á Pólland, Rúmeníu, Eystrasaltsríkin þrjú og Finnland. Mússolini réðst á Frakkland og England, þegar hann hugði þau varnarvana og vígð fullkomnum ósigri. Að síðustu réðst Japanskeisari á Bandaríkin á sérstaklega sviksamlegan hátt. Allur þessi hernaður einveldisþjóðanna var hafinn án þess að nokkurt þjóðþing væri spurt ráða. Einræðisríkin höfðu auk þess ætið þá aðferð að byrja hernaðinn fyrirvaralaust, án þess að lýsa yfir stríði.

Í heimsstyrjöldinni síðustu voru Vesturveldin, England, Frakkland og Bandaríkin, einu þjóðirnar, sem fylgdu hinum gömlu venjum siðaðra þjóða, að lýsa yfir styrjaldarástandi á formlegan hátt. Eftir að Hitler hafði ráðizt á Pólverja 1939, urðu bandamenn Póllands, Bretar og Frakkar, að koma þeim til liðs, eftir áður gerðum samningum, en þeir tilkynntu Þjóðverjum komu sína, og hefur sú tilkynning að lokum orðið Þjóðverjum örlagarík. Á sama hátt tilkynntu Bandaríkjamenn Þjóðverjum, að stríð væri hafið, eftir að Japanar, bandamenn Hitlers, höfðu ráðizt á Perluhöfn með þeim hætti, sem lengi mun geymast í minni manna.

Nú hafa þrjú einræðisríki verið að velli lögð. Rússland er eitt eftir af þeim stórveldum, sem ráðizt hafa fyrirvaralaust á aðrar þjóðir. Það, sem einræðisstjórn Rússa gerði í byrjun síðustu styrjaldar, getur hún vafalaust endurtekið á ókomnum árum, og það því fremur, sem þátttaka Rússa í heimsstyrjöldinni er vel fallin til að auka trú forráðamanna í Moskva á hermátt ríkisins.

Allt öðru máli er að gegna um þingstjórnarríki vesturlanda. Engin smáþjóð byrjar styrjöld að fyrra bragði. Forráðamenn vesturveldanna, Bretar og Bandaríkjamenn, verða í þeim efnum algerlega að fara eftir vilja borgaranna í landinu og ákvörðunum þjóðþinganna. Þessi tvö stórveldi munu þess vegna aldrei hefja styrjöld, nema þau verði að verja líf borgaranna og framtíð þjóðanna. Ástæðan til þess, að forráðamenn Breta létu á svo áberandi hátt undan síga fyrir ofbeldi Hitlers 1938, var eingöngu sú, að brezka þjóðin og samveldislöndin voru ekki nema að nokkru leyti búin að skilja hið sanna eðli einvaldsleiðtoganna í Þýzkalandi og Ítalíu. Ári síðar voru forráðamenn möndulveldanna búnir að sannfæra hina enskumælandi borgara í Bretaveldi um, að þeir yrðu annaðhvort að stöðva yfirgang Hitlers eða verða þrælar möndulveldanna um ótiltekna framtíð. Þegar svo var komið, ákvað enska stjórnin, þingið og þjóðin að hefja sjálfsvarnarstyrjöld, sem hefur bjargað menningu vesturlanda frá algerðu hruni. Sama er að segja um Bandaríkin. Roosevelt sá af framsýni sinni, að Bandaríkin urðu að koma til liðs við Breta og smáþjóðir Evrópu til að bjarga Ameríku og öllum frjálsum þjóðum frá tímanlegri glötun. En þó að Roosevelt beitti öllum yfirburðum sínum til að fá þjóð sína til að skilja hættuna og koma hiklaust til hjálpar Bretum og öðrum menningarþjóðum, sem börðust fyrir frelsi sínu við möndulveldin, þá gat hann ekki fengið vilja sínum framgengt, fyrr en Japanar réðust á Perluhöfn með sviksamlegum hætti. Þá vaknaði öll Bandaríkjaþjóðin og gerðist svo athafnasöm í styrjöldinni, að þvílík átök hafa aldrei verið gerð í styrjaldarsögu þjóðanna.

Það er nauðsynlegt að átta sig glögglega á eðli þessa máls vegna framtíðaröryggis íslenzka lýðveldisins. Þær raddir hafa heyrzt á Alþingi og í blöðum landsins, að það sé nægileg trygging fyrir framtíðarsjálfstæði Íslands, að Bretar eða Bandaríkin muni aldrei leyfa nokkurri annarri þjóð að hernema Ísland. Þetta var rétt fram að nýafstöðnum ófriði. Floti Breta í norðurhöfum var nógu öflugur til að hindra það, að nokkur meginlandsþjóð gæti að óvörum hertekið Ísland. Það var þess vegna frá Breta hálfu um þögula en ósamningsbundna vernd að ræða, og hefur það ástand varað öldum saman, þar til tími flugvélanna hófst.

Göring hefur viðurkennt, eftir að stríðinu lauk, að hann mundi hafa hertekið Ísland loftleiðis, eins og Krít, ef hér hefðu þá verið flugvellir. Nú eru hér tveir miklir flugvellir. Þegar Bandaríkin fara með liðsafla sinn frá Keflavíkurvellinum, geta Rússar, ef þeim býður svo við að horfa, á einni nóttu sent loftleiðis nægilegt herlið og

vopn til að hertaka flugstöðvarnar á Íslandi og ráða þá um leið yfir Íslandi og Atlantshafi norðanverðu. Enginn vafi er á, að ríkisstjórnunum í London og Washington mundi líka slíkt hernám stórilla, en þær væru í svipuðum vanda staddar, eins og nú, út af hernámi Rússa á Borgundarhólmi og nokkrum hluta Persíu. Ísland hefði verið „frjálst og fullvalda lýðveldi“, þegar hernámið fór fram. Á yfirborðinu mætti líta svo á, að hernámið snerti eingöngu Íslendinga og Rússa. Ríkisstjórn Íslands mundi vafalaust undir þessum kringumstæðum biðja Breta og Bandaríkjamenn hjálpar, alveg eins og stjórn Noregs bað Frakka og Breta um hernaðarhjálp, eftir að Þjóðverjar höfðu ráðizt inn í landið vorið 1940. Stjórnirnar í London og Washington mundu vafalaust gefa það svar, að Íslendingar hafi risið öndverðir gegn því, að Engilsaxar héldu áfram hervernd á Íslandi, og ef Íslendingum súrnaði nú í augum austrænt hernám, þá mættu þeir sjálfum sér um kenna og sínu forustuliði. En ef til styrjaldar ætti að koma við Rússa, þá yrði slík ákvörðun að vera gerð af þjóðþingum Breta og Bandaríkjanna, og þau mundu áreiðanlega hugsa sig tvisvar um, áður en þau legðu út í heimsstyrjöld til að verja sjálfstæði þjóðar, sem ekki gæti varið sig sjálf og hefði líka neitað að þiggja vernd vesturveldanna, þegar sú hjálp stóð til boða. Það má telja fullvíst, að hvorki Bretar né Bandaríkjamenn mundu leggja út í heimsstyrjöld til að verja sjálfstæði Íslands, ef ekki væru undan gengnir samningar um málið móti herveldi á meginlandinu, nema ef jafnframt kæmi af öðrum ástæðum til átaka milli stórþjóðanna. Þegar svo væri komið, að Rússar hefðu hernumið Ísland, fengi íslenzka þjóðin að búa við sams konar lýðræði og Búlgaría, Rúmenía og Eystrasaltslöndin hafa nú hlotið frá hendi Rússastjórnar. Og ef til styrjaldar drægi og vesturveldin ættu að hreinsa herlið Rússa burtu af íslenzkri jörð, þá mundi Ísland verða að þola sams konar örlög eins og Ítalía, þegar herlið bandamanna þokaði liðsafla Þjóðverja frá syðsta odda landsins og norður undir Alpa með ógurlegum blóðfórnum og óhemjulegri eyðileggingu á mannvirkjum og menningarverðmætum. Má af þessum rökum sjá, að lýðveldinu og íslenzku þjóðinni geta verið búin svipuð örlög eins og Eystrasaltsríkjunum þremur, ef þjóðin ber ekki gæfu til í tíma að tryggja sér vernd Engilsaxa mót árás einræðisríkja.

Þess hefur orðið vart, að áhrifamenn á Norðurlöndum, einkum í Svíþjóð, hafa opinberlega og stundum með nokkurri leynd reynt að ráða Íslendingum til að framlengja ekki herverndarsáttmálann við Bandaríkin. Þessar ráðleggingar eru mannlegar en ekki stórmannlegar. Ísland hefur aldrei fengið pólitíska stuðning frá sínum norrænu frændþjóðum í sjálfstæðisbaráttu sinni, nema frá tiltölulega fáum einstökum mönnum. Íslendingar hafa þess vegna ekkert sérstakt að þakka frændþjóðum sínum í þessu efni. Það er að vísu sjálfsagt að meta hlutdrægnislaust tilmæli vinsamlegra frændþjóða. En í þessu efni mundi það vera hættulegt fyrir Ísland og fyrir öll Norðurlönd, ef íslenzka þjóðin fylgdi þessum norrænu bendingum. Norðurlandaþjóðirnar á meginlandinu lifa í stöðugum ótta við hinar óútreiknanlegu landvinningaaðgerðir Rússa. Í blöðum og á almannafæri tala þau á þann veg, að þau geri ekki ráð fyrir hættu úr austurátt, en bak við lokuð gluggatjöld eru gefnar dýpri skýringar á aðstöðu norrænna þjóða. Rússar hafa hertekið og lokað Eistlandi, Lettlandi og Lithaugalandi og halda nú í járngreipum nálega öllum ríkjunum í Mið-Evrópu og á Balkanskaga. Þeir réðust á Finna 1939 og tóku af þeim mikið land og herstöðvar. Finnska þjóðin er nú ekki sjálfráð sinna gerða og verður að leiða frægustu ættjarðarvini landsins fyrir sakadóm fyrir það eitt að unna þjóð sinni og hafa reynt að verja sæmd hennar og rétt. Þá hafa Rússar hersett Borgundarhólm og Svalbarða, eftir að stríðinu lauk, í fullkominni óþökk Dana og Norðmanna. Þegar sænsk blöð ræddu um menningarsamband Norðurlanda, hóf rússneska útvarpið og blöð Rússa harðar árásir á Svía fyrir að standa að nefndum samtökum. Ef fullkomið frelsi væri ráðandi í heiminum, mundi engri þjóð koma til hugar að skipta sér af því, þó að Norðurlandaþjóðirnar geri með sér vináttusáttmála og jafnvel þó að um varnarbandalag væri að ræða, sem ekki er að þessu sinni. Norrænu þjóðirnar lifa þess vegna í stöðugum ótta um frelsi sitt og framtíð. Þær hafa enga tryggingu fyrir

því, að þær verði ekki svo að segja hvenær sem er að hlíta forlögum Finnlands eða jafnvel Eystrasaltsríkjanna, nema ef stórveldi Engilsaxa geta á sínum tíma liðsinnt þeim á hættustund. Sá háttur er um þessar mundir á lífi norrænna þjóða á meginlandinu, að menn tala ekki opinberlega um hernám Borgundarhólms eða aðra sviplíka atburði. Réttleysi smáþjóða, sem ekki eru skildar frá Rússlandi með breiðum hafhlutum, er svo mikið, að Danir hafa ekki einu sinni reynt að bera fram kveinstafi sína við sameinuðu þjóðirnar út af yfirgangi Rússa á Borgundarhólmi. Norðurlandaþjóðirnar vita vel, að Rússar geta með sama rétti og þeir hafa beitt á Borgundarhólmi hersett öll Norðurlönd. Þess vegna þegja norrænu þjóðirnar í von um, að eitthvert kraftaverk gerist þeim til frelsis og bjargar. Bendingar Svía og Dana til handa Íslendingum um að neita hervernd Bandaríkjanna eru sprottnar af því, að þessar þjóðir þykjast mega búast við því harðari ásókn úr austurátt sem vesturveldin tryggja betur aðstöðu sína í Atlantshafi. Mun Norðurlandabúa gruna, eftir ófarirnar á Borgundarhólmi, að Rússar kunni að velja sér léttustu leið vestur að Atlantshafi, til að geta sem bezt undirbúið sókn móti lýðfrjálsu þjóðunum í vesturvegi, þegar fylling tímans er komin. Liggur þessi hætta í augum uppi, þegar þess er gætt, að einræðisþjóðir nútímans leggja undir sig lönd og þjóðir með mikinn varnarmátt og hræðast þess vegna ekki mótstöðu smáþjóða. Þar sem nokkur hluti íslenzkra stjórnmálamanna leggur áherzlu á, að landið verði bráðlega og helzt sem allra fyrst algerlega varnarvana, þá gæti, ef svo væri haldið áfram stefnunni, tæplega hjá því farið, að í upphafi næstu styrjaldar yrði Ísland orðið varnarvirki árásarþjóðar, sem sækti fram móti Engilsöxum og móti vestrænu frelsi. Göring mundi hafa skapað sér þvílíka aðstöðu í nýafstöðnu stríði, ef hér hefðu þá verið til flugvellir. Það er lífsnauðsyn fyrir Ísland og fyrir öll Norðurlönd að taka alls ekkert tillit til þessara norrænu tillagna. Öryggi Íslands er bundið við það, að hér séu varnir í sambandi við Vesturlönd. Enginn vafi er á því, að ef Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland væru aðskilin frá Rússlandi með allbreiðu hafi, mundi hvert þessara ríkja fagna því að mega gera hervarnarbandalag við Engilsaxa, eins og ástandi heimsviðburðanna er nú háttað. Þegar Rússar réðust á Finnland 1939, báðu Finnar vesturveldin um hjálp, en þá hjálp var ekki hægt að veita, því að hvorki Noregur né Svíþjóð vildu leyfa liðflutning gegnum lönd sín. Þá var svo mikil vinátta með Stalin og Hitler, að Þjóðverjar hótuðu norrænu þjóðunum stríði, ef þær veittu Finnum liðveizlu á þann hátt, sem með þurfti. Eins og fyrr er að vikið, báðu Norðmenn Breta og Frakka um hjálp, eftir innrás Þjóðverja 1940. Vesturveldin brugðust vel við, meir af góðum vilja en mætti, en þá voru öll sund lokuð. Þjóðverjar höfðu þá notað hlutleysi Norðmanna svo sem mest mátti vera og lágu hvarvetna innan skerja með skip og herafla, svo að bandamenn gátu hvergi fengið fótfestu í Noregi og urðu að flytja liðskost sinn aftur til Englands og skilja Noreg eftir í óvina höndum. Ef norskir stjórnmálamenn hefðu skilið til fulls eðli einræðisstefnunnar, hefðu þeir gert opinberan hervarnasáttmála við England. Þá hefði enski flotinn varið Noreg fyrir árás og norska þjóðin, með nokkurri hjálp frá Bretum, getað haldið her Þjóðverja frá því að ná fótfestu í landinu. Stjórnarvöld Norðurlanda tala aldrei opinberlega um hættu þá, sem vofir yfir þeim, og það af skiljanlegum ástæðum. En þegar rætt er við greinda borgara í Svíþjóð, Noregi eða Danmörku, kemur í ljós, að þeir telja fráleitt, að þessi lönd geti orðið hlutlaus, ef aftur kemur til heimsstyrjaldar, því að þá muni allar þjóðir þegar í upphafi dragast inn í hildarleikinn milli austrænnar kúgunar og frelsis vesturþjóðanna. En við nánari íhugun munu forráðamenn norrænu þjóðanna átta sig á, að þeim liggur mest á, að Ísland verði ekki gert að sóknarstöð móti Bretum og Bandaríkjamönnum. Í nýafstöðnu stríði er talið af herfróðum mönnum, að ef Þjóðverjar hefðu ráðið yfir Íslandi með flugflota og kafbátum, mundi hafa verið ókleift fyrir Breta að halda uppi nauðsynlegum siglingum milli Bretlandseyja og Ameríku. Mun öllum vera ljóst, að ef Bretland hefði orðið að gefast upp sökum siglingarbanns Þjóðverja í síðasta stríði, mundi Svíþjóð skjótlega hafa fylgt Noregi og Danmörku inn í þúsund ára ríki Hitlers. Í næsta stríði milli austrænnar kúgunar og vestrænnar þing-

stjórnar verður sama aðstaða. Enginn máttur á jörðinni nema hervald Engilsaxa getur þá verndað Ísland, Danmörku, Noreg og Svíþjóð frá forlögum Eystrasaltsríkjanna. Og af þeim fjórum löndum hefur Ísland mesta hernaðarþýðingu. Meðan Ísland er í þjónustu frelsisins, er von um, að frændþjóðirnar á Norðurlöndum kunni að geta haldið frelsi sínu og að Rússar snúist til friðsamlegra athafna og góðs nábýlis, eins og þykir vænlega horfa um möndulveldin þrjú, sem fyrir nokkrum árum höfðu fest hátíðlega þau heit, að um næstu þúsund ár skyldi frelsi og vestræn menning vera þurrkuð út í menntalöndum heimsins. En þó að Norðurlandaþjóðirnar ættu að hafa mestan áhuga fyrir því, að Ísland verði þeim til hjálpar í úrslitabaráttu um dýrustu verðmæti mannkynsins, þá er mjög eðlilegt, að þau líti nokkuð öðrum augum á hið umtalaða samband sameinuðu þjóðanna heldur en Íslendingar. Svíar, Norðmenn og Danir geta notað kóngulóarvef þann, sem er nefndur *bandalag* sameinuðu þjóðanna, til að koma málum sínum í kyrrþey þannig fyrir, að þær taki sér rétta stöðu, þegar kemur að örlagastund.

Ef menn athuga aðstöðu vesturþjóðanna, eins og hún er nú, er auðsætt, að þær geta alls ekki treyst á hið væntanlega þjóðabandalag, nema sem vinsæla tálvon fyrir menn, sem eru þreyttir og bölsýnir eftir átök í tveim heimsstyrjöldum. Bandaríkjamenn og þjóðirnar í brezka heimsveldinu hafa þess vegna tekið það ráð að gera varnarmátt sinn svo mikinn, að ófýsilegt verði fyrir einræðisþjóðir heimsins að sækja Engilsaxa heim með herskildi. Í þessum viðbúnaði eru flotastöðvar Bandaríkjamanna meginþáttur. Þeir ætla að nota eyjarnar í Kyrrahafi á þann hátt, að hvergi vanti hlekk í varnarkeðjuna alla leið frá ströndum Ameríku og austur að Kína og Síberíu. Til hinnar hliðar verður Atlantshafið að vera örugg leið milli Ameríku, Englands og smáríkjanna í Evrópu norðan og vestanverðri. Þegar brezka heimsveldið bætir við sínum varnarmætti með lönd og vígstöðvar í öllum álfum heims, þá verður því ekki neitað, að í þessu samstæða varnarkerfi merkilegustu menntaþjóða heimsins er fólgið eina öryggið fyrir friði þjóðanna á ókomnum árum. Má dæma um það öryggi af reynslu undangenginna ára. Japanir réðust á Kína af því, að það var sundrað og vanmegna, en fullvíst, að þjóðabandalagið skorti hug og dug til að stöðva sterka ófriðarþjóð. Mussolini réðst á Albaníu, Abessiníu og Grikkland, af því að hann þóttist þess fullviss, að þessum þjóðum gæti ekki borizt nein hjálp. Hann sagði Frökkum stríð á hendur, þegar land þeirra var gersigrað. Hitler lagði meginstund á að vígbúast og undirbjó heimsstríð, af því að hann vissi, að enska þjóðin þráði svo mjög frið, að þingfulltrúar hennar lögðu frá sér vopnin til að þóknast óskum kjósenda. Hitler vissi, að Frakkland og England voru mjög óviðbúin stríði og borgarar beggja landanna skildu alls ekki hinn markvissa stríðsundirbúning Þjóðverja. Hitler öðlaðist þor til að leggja út í heimsstyrjöld, af því að hann hafði tryggt sér velvild Rússa um stundarsakir og samið við þá að skipta milli sín og þeirra nokkrum smáþjóðum. Ef England og Frakkland hefðu verið tiltölulega jafnvel búin undir ófrið og Þýzkaland, mundu nazistar alls ekki hafa treyst sér til að leggja út í nýja heimsstyrjöld. Þetta er fyllilega ljóst hverjum manni, er fylgzt hefur með gangi stjórnmála í heiminum á undangengnum árum.

Bandaríkin ætla sýnilega ekki að freista einræðisherra nútímans til að leggja út í nýja styrjöld af því, að lýðræðisríkin séu veik og vopnavana. Bandaríkin eru nú voldugasta þjóð í heimi að auði, herafla á sjó, landi og í lofti. Þau búa að miklum náttúrugæðum og tækni. Forustumönnum þjóðarinnar er vel ljóst af sögu einræðisþjóðanna, að þær svífast einskis í baráttu sinni um auð og landvinninga og að á þá muni leitað, þó að Japan og Þýzkaland verði um langa stund ekki hættulegir keppinautar. Aðstaðan í heimspólitíkinni er þess vegna sú, að Engilsaxar hafa tekið að sér óskrifaða forustu til að vernda frelsi og menningu vesturlanda. Allar þingstjórnarþjóðir, sem því mega við koma, leita í þetta skjól. Einræðisríkin mynda út af fyrir sig annan stjörnuklasa. Glitvefnaður alþjóðabandalagsins verður væntanlega um nokkra stund breiddur til skrauts yfir þessar tvær ósamrýmanlegu andstæður.

Erlendir menn, sem þekkja nokkuð til íslenzkra mála, undrast dirfsku Íslend-

inga að leggja út í það stórræði að mynda nútíma ríki, þó að þegnarnir séu ekki nema 125 þúsund. En öll þjóðin er sammála um að framkvæma þessa djörfu nýjung. Vitna Íslendingar auk þess í þá staðreynd, að forfeðrum þeirra hafi tekizt í fornöld að halda við merkilegu menningarríki í nálega 4 aldir. En á þeim tíma treysti þjóðin á einangrun landsins sem vörn móti landræningjum og innrásarher. Þetta lánaðist fram eftir öldum. En hvenær sem á reyndi, svo sem í Tyrkjaráninu eða þegar Gilpin tók landssjóðinn og Jörundur æðsta valdið í landinu í byrjun 19. aldar, var sýnilegt, að Ísland lá gersamlega varnarlaust fyrir fótum hvers bófa, sem vildi ásælast gæði þess. Bretar létu varðlið sitt á hafinu bæta úr yfirgangi Jörundar og fjártöku Gilpins og sönnuðu enn einu sinni hina þögulu vernd brezka flotans í norðurhöfum. Liðu svo tímar, að Íslendingar vissu ekki annað en að þeir gætu lifað í ævarandi friði í skjóli við blátreyjur Breta. Þessu gifturíka tímabili lauk, þegar kafbátar og flugvélar voru orðin einhver máttugustu hernaðartæki í stórveldastyrjöld. Í stað þess að Ísland var áður utan við styrjaldarsvæðið og stundum nálega gleymt á miklum ófriðartímum, þá varð Ísland nú skyndilega í augum herfræðinga einhver þýðingarmesti blettur á jörðinni. Þetta voru að vísu engin gleðitíðindi fyrir þjóðina. En það er jafnfjarstætt af Íslendingum að loka augunum fyrir þessari staðreynd eins og fyrir strútinn að forðast veiðimanninn með því að fela höfuð sitt í sandinum.

Skal nú reynt í stuttu máli að gera grein fyrir þeirri þýðingu, sem talið er, að Ísland hafi í hugsanlegri viðureign stórveldanna á ókomnum árum. Ef Rússland á í styrjöld við Bretaveldi, hafa Rússar hér um bil sömu aðstöðu eins og nazistar í nýafstöðnu stríði. Þeir sækja á England og reyna umfram allt að hindra siglingar þangað vestan um haf. Í því skyni er Rússum jafnnauðsynlegt og nazistum áður að ná Íslandi og hafa þar vígstöðvar. Með kafbátum og miklum flugvélastyrk er talið, að slík aðstaða mundi nægja til að geta komið Bretum á kné. Undir þessum kringumstæðum mundi Bretum vera hið mesta áhugamál að geta, eins og á undangengnum árum haft hér herstöðvar og varið siglingaleiðir sínar frá Íslandi. Þar sem Bretar mæltu með því við Íslendinga 1941, að þeir bæðu Bandaríkin um hervernd, og þar sem stjórn Breta hefur nú í haust mælt með, að íslenzka þjóðin framlengi hervarnarsáttmálann við Bandaríkin, a. m. k. þar til öryggi þjóðabandalagsins kæmi í staðinn, verður að telja það víst, að Bretar þykist geta treyst því, að þeir hafi ætíð bróður að baki, þar sem Bandaríkjaþjóðin er, og uni því vel, að þeir hafi undirtökin um hervörn á Íslandi. Bandaríkjamenn vilja sýnilega ekki, að Ísland verði stikla í Atlantshafinu, sem nota megi gegn Englandi og Ameríku. Í varnarstríði Engilsaxa er vitaskuld höfuðnauðsyn, að Bretar verði ekki einangraðir með siglingabanni. Ísland er einhver þýðingarmesti hlekkurinn í varnarkeðju Engilsaxa og allra frjálsra þjóða. Á sama hátt getur Ísland orðið hættuleg vígstöð móti Bandaríkjunum, af því að frá Íslandi er skemmst leið vestur um haf frá Norðurálfu. Getur slík aðstaða verið þýðingarmikil í árásarstríði bæði fyrir flugvélar, eldflaugar og hvers konar sóknartæki, þar sem minnsta fjarlægð til óvinalands hefur sérstaka þýðingu. Fyrir Rússa hefur Ísland meginþýðingu, ef til kemur með sóknarstríð móti Engilsöxum. Er talið, að Lenin hafi á sinni tíð bent á framtíðarþýðingu Íslands á styrjaldartímum. Bendir áhugi Rússa fyrir Íslandi á, að þeir líti svo á, að Ísland hafi allmikla framtíðarþýðingu. Hafa valdamenn Rússa sýnt þetta með ýmsu móti.

Þar sem sýnilegt er, að stórþjóðirnar meta þýðingu Íslands svo mikils á styrjaldartímum, sem raun ber vitni um, er vitaskuld algerlega þýðingarlaust fyrir gersamlega varnarlausa þjóð að gera ráð fyrir, að landið geti haldið sér utan við styrjaldir á ókomnum árum, aðeins með því að vilja ekki taka þátt í hernaði. Þjóðin vildi vera hlutlaus og utan við baráttu stórþjóðanna í nýafstöðnu stríði, en hér settist að mikill her frá tveim stórveldum, og að lokum lagði Rússland til, að Ísland gengi í styrjöld við tvö möndulríki. Vandinn fyrir Íslendinga er sá einn að velja um, hvort þeim sé heppilegra að semja um hervernd við eitt stórveldi eða láta ráðast, hvort eitt eða mörg herveldi taka sér hér bólfestu og skapa sér sjálf kjör, eins og Rússar gera í Borgundarhólmi. Kommúnistaflokkurinn og nokkrir aðrir Íslendingar vilja

helzt, að varðlið Bandaríkja og Breta væri farið héðan fyrir fullt og allt, þó að ekki sé séð fyrir neinni hervernd. Sameinuðu þjóðirnar hafa enn ekkert skipulag á þess konar málum, og meir en óvíst, hvenær slíkt skipulag kemst á, auk þess meir en vafasamt um gildi þeirra samtaka, eins og greint er hér að framan. Kommúnistaflokkurinn virðist óhikað stefna að því, að hér myndist tækifæri fyrir framandi herþjóð að setjast hér að, með sama rétti og herafli Rússa dvelst á Borgundarhólmi. Geta íslenzkir borgarar af þessari aðstöðu kommúnista metið umhyggju þeirra fyrir framtíðarsjálfstæði landsins.

En litlu betra tekur við, ef litið er til þeirra manna, sem heimta, að Ísland gerist aðili í félagi sameinuðu þjóðanna. Menn vita, eins og fyrr er að vikið, óglöggt um fyrirhugaða starfshætti þeirra nema það, að fimm stórveldi eiga að ráða þar lögum og lofum og hafa leyfi til þess að óhlýðnast sínum eigin félagsreglum. Gera má ráð fyrir, ef Ísland gengi inn í þennan félagsskap, þá yrði það metnaðarmál allra stórveldanna eða að minnsta kosti fjögurra þeirra að gæta vel þessa lykils að Atlantshafinu, og það gætu stórveldin bezt gert með því að krefjast að hafa hér flugvelli, flotastöðvar og nægilegan herafla. Ef Íslendingar ganga stórveldunum á hönd af fúsum og frjálsum vilja, án þess að hafa nokkra hugmynd um, hvernig landi og þjóð verður ráðstafað, þá er ekki annað líklegra en að þau mundu öll heimta að hafa hér herstöðvar. Og þar sem þau hefðu væntanlega öll sama rétt til að stjórna smáþjóðunum, þá gætu þau naumast farið betur með umboð sitt en að búa öll um sig við firði og flugvallastæði landsins. Þegar litið er á skipti stórveldanna fjögurra við gæzlu Þýzkalands, má fyllilega gera ráð fyrir, að hver héldi sínu. Rússar mundu væntanlega fá Austfirði í sinn hlut og geyma þann landshluta fyrir sig, eins og þeirra er siður annars staðar. Þjóðin hefði ekki sett neitt tímatakmark fyrir drottinvaldi stórveldanna né tryggt rétt sinn á annan hátt. Væri naumast hægt að velja þjóðinni aumlegra hlutskipti en að vera réttlaust fótaskinn margra stórþjóða, sem virðast vera á álitlegum vegi með að undirbúa nýja heimsstyrjöld. Gæti sú styrjöld ef til vill byrjað á Íslandi, svo að þegar í upphafi væri skorið úr, hvaða stórveldi ætti að vera handhafi lyklavaldsins yfir Atlantshafi norðanverðu. Hér á landi er kommúnistaflokknum mikið áhugamál að slíta vinsemdar- og viðskiptabönd milli Íslands og Bandaríkjanna og í öðru lagi, að Ísland gangi hiklaust í félag hinna sameinuðu þjóða. Mun mega marka af þessu tvennu, að flokkurinn leggi megináherzlu á, að Rússar geti, ef þeir vilja, fengið hér fótfestu annaðhvort eftir að Bandaríkjamenn væru farnir héðan með herafla sinn eða í skjóli við þann rétt, sem innganga Íslands í félag sameinuðu þjóðanna gæti gefið Rússum til að setjast hér að til eflingar friði og réttlæti á jörðinni.

Bandaríkin hafa boðið Íslandi að framlengja herverndarsáttmálann, og hefur íslenzka þjóðin enn ekki svarað þeirri málaleitni. Er ólíku saman að jafna slíkum sáttmála eða algerðu réttleysi smáþjóða í hverju því félagi, þar sem Rússar eru einhvers megnugir. Ef gerður væri nýr herverndarsáttmáli við Bandaríkin, yrði hann tímabundinn, ákveðnir þeir staðir, þar sem varðliðið hefði bækistöðvar, skyldur og réttindi beggja aðila, og um úrskurðarvald, þegar Ísland og Bandaríkin greinir á um framkvæmd sáttmálans. Bandaríkin og England hefðu þann ávinning af sáttmálanum, að ekki yrði gengið að baki þeim með skyndiófriði frá Íslandi af einræðisþjóð í árásarhug. Ísland hefði þann ávinning, að sjálfstæði landsins væri tryggt af þeirri einu stórþjóð, sem hefur aldrei misbeitt valdi sínu gagnvart smáþjóð, sem það hefur tekið að sér að vernda. Í öðru lagi er mikilsverð vernd þess stórveldis, sem ræður yfir mestum herstyrk, mestum auði og mestu framleiðslumagni. Íslendingar hafa öldum saman búið við þau ókjör að eiga að njóta verndar frá ríki, sem ekki gat varið sig sjálft, hvað þá aðra enn minni þjóð. Herverndarsáttmáli Íslands við Bandaríkin væri gerður við það ríki, sem er færast af öllum stórveldum til að vernda smáþjóð vegna máttar síns og heiðarlegrar fortíðar í skiptum við smáþjóðir. Bandaríkin eru svo öflugt veldi heima fyrir með góðum samböndum við aðrar lýðræðisþjóðir, að

það er ósennilegt, að nokkur einræðisþjóð treysti sér til að fara með ófriði gegn þjóðfylkingu, sem er svo máttug til andsvara.

Áður en þetta mál er lengra rakið, þykir hlýða að athuga, hversu ýmsar menningarþjóðir hafa búið að minni þjóðum, sem þær tóku að sér að vernda. Við Íslendingar höfum reynslu af tveim frændþjóðum, Norðmönnum og Dönum. Eru þær þjóðir í fremstu röð, sakir góðra hæfileika, ætternis og menntunar. En báðar voru þær ranglátar og eigingjarnar svo að af bar, meðan þær gættu Íslendinga. Sama má segja um hverja einustu þjóð á meginlandi Norðurálfu, að þær hafa jafnan leitazt við að gera þjóðir, sem lentu undir umsjá þeirra, að féþúfu, en af öllum meginlandsþjóðum hafa Rússar fyrr og síðar verið harðastir húsbændur. Bretar hafa sízt verið betri húsbændur en aðrar Evrópuþjóðir, ef litið er á forræði þeirra á Írlandi, en í öðrum löndum hafa þeir að jafnaði verið fremri hverri Norðurálfuþjóð í réttlæti gagnvart þjóðum, sem þeir stýra. Vegna þessara yfirburða hefur veldi þeirra aukizt með hverri öld, sem leið, og forræði þeirra venjulega orðið affarasælt, bæði fyrir þá sjálfa og þjóðirnar, sem notið hafa verndarinnar. En af Bandaríkjunum er það að segja, að þau hafa engan blett á sínum skildi í landvinningamálum. Er land þeirra stórt og auðugt af hvers konar náttúruauðæfum. Sýnilegt er, að þjóðin muni aldrei lenda í landhungri, eins og ýmsar Evrópuþjóðir. Bandaríkjamenn unna landi sínu og þeim miklu skilyrðum, sem þar eru til fjársöfnunar og athafna. Hafa þeir enga þörf til að leggja undir sig ný lönd. Þegar Bandaríkin höfðu verið lýðveldi í einn mannsaldur, þótti ástæða til að ætla, að nokkur Evrópuríki, sem stýrt var af afturhaldsforkólfum, mundu freista að leggja undir sig sum hin mannfáu en auðugu lönd í Mið- og Suður-Ameríku. Það þóttust Bandaríkin sjá, að ef þetta tækist, gætu stórveldi í Evrópu haft liðsöfnuð í þessum nýlendum og snúið vopnum sínum þaðan móti Bandaríkjaþjóðinni. Þá gerðist sá atburður í Bandaríkjunum, árið 1823, að Monroe forseti lýsti yfir með stuðningi Bretastjórnar, að Bandaríkin mundu ekki þola neinni framandi þjóð að leggja undir sig lönd eða ríki í Ameríku. Er þetta hin nafntogaða Monroe-kenning, sem hefur verið nefnd hlífiskjöldur allra smáríkja í Ameríku í meira en 120 ár. Í skjóli við þessa yfirlýsingu Bandaríkjanna treystu þjóðirnar í Mið- og Suður-Ameríku skipulag sitt sem óháð lýðveldi. Hefur engin Evrópuþjóð treyst sér til að ráðast á lýðveldin í Ameríku síðan Monroe-verndin hófst, ef frá er talin vanmáttug tilraun Napoleons III. að ná fótfestu í Mexico, en sú tilraun endaði með miklum ósigri innrásarhersins. Laust fyrir síðustu aldamót björguðu Bandaríkin Kúbu og Filippseyjunum undan blóðugri harðstjórn Spánverja og hafa alið þessar þjóðir upp til að geta orðið sjálfstæðar undir vernd Monroe-stefnunnar. Er það skemmst af að segja, að þó að leitað sé vandlega um endilöng spjöld mannkynssögunnar, þá eru þess engin dæmi fyrr en Bandaríkin komu til sögunnar, að stór og voldug þjóð hafi tekið að sér að vernda frelsi og sjálfstæði fjölmargra smáríkja, án þess að gera þetta vald að kúgunarbandi. Jóni Sigurðssyni taldist svo til, að Danir hefðu oft grætt allt að 600% á því að selja Íslendingum aðflutta vöru og kaupa alla framleiðslu landsmanna. Mun þakklátssemin fyrir vernd Dana á liðnum öldum hafa knúið allmarga Íslendinga, einkum þá, sem lengi höfðu búið í Danmörku, til að beita sér móti lýðveldisstofnuninni. En allmargir af þessum sömu mönnum hafa nú snúizt til andstöðu gegn því, að Íslendingar tryggi sér vernd þeirrar einu stórþjóðar, sem er svo sett og hefur það skipulag, að hún misnotar ekki styrk sinn til landvinninga. Munu í næsta kafla og niðurlagi þessa máls verða leidd rök að því, að aukin kynni við Bandaríkin gætu ef til vill, ef rétt væri haldið á málum, tryggt Íslandi verzlunarfrelsi á heimsmarkaðinum. En hervernd móti síngirni landvinningaþjóða og hömlulaus leið að frjálsum markaði eru undirstöður frelsis og menningar á Íslandi.

Ed. 312. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 24 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Orðið „(ingeniör)“ í 1. gr. laganna falli burt.

2. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu verkfræðistörf fyrir 13. júní 1937, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 313. Frumvarp til raforkulaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um vinnslu raforku.

1. gr.

Ríkinu einu er heimilt að reisa og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl.

Réttur sá, sem ríkinu er áskilinn samkv. 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til.

Við gildistöku þessara laga er þó þeim, sem eiga og reka eða eiga í smíðum raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, heimilt að reka þau áfram, og ráðherra er heimilt að leyfa aukningu á þessum raforkuverum, allt að fullri fyrirhugaðri virkjun, enda sendi eigendur þeirra uppdrætti og greinargerðir um framkvæmdirnar innan 6 mánaða frá gildistöku laganna, og setur ráðherra þau skilyrði fyrir slíkum leyfum, sem hann telur nauðsynleg, að fenginni umsögn raforkumálastjóra.

Enn fremur er ráðherra heimilt að fengnum tillögum raforkumálastjóra að veita sveitarfélagi, einstökum manni eða félagi leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 2000 hestöflum að stærð til að fullnægja rafaflsþörf sinni, ef rafveitur ríkisins eða héraðsveitur geta eigi eða óska eigi að láta rafaflið í té.

2. gr.

Nú hefur ráðherra veitt einkarétt til að koma upp og reka héraðsveitu á tilteknu orkuveitusvæði, sbr. 14. gr., og er þá engum öðrum en einkaréttarhafa heimilt að reisa og reka raforkuver, sem er 100 hestöfl eða minna að stærð, innan takmarka orkuveitusvæðisins, nema leyfi ráðherra komi til. Ráðherra leitar álits raforkumálastjóra og stjórnar hlutaðeigandi héraðsveitu, áður en hann veitir leyfið. Um orkuver, sem fyrir eru á orkuveitusvæðinu, fer eftir ákvæðum 18. gr. um orkuveitur, eins og við á.

II. KAFLI
Um rafveitur ríkisins.

3. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn og starfrækir rafveitur, er vera skulu eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi undir umsjón þess ráðherra, er fer með raforkumál. Stofnunin skal heita: rafveitur ríkisins.

4. gr.

Raforkumálastjóri hefur í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með rafveitum ríkisins, rekstri þeirra og framkvæmdum.

5. gr.

Ráðherra ræður að fengnum tillögum raforkumálastjóra framkvæmdastjóra til að annast um daglega stjórn rafveitna ríkisins og hafa umsjón með rekstri þeirra. Nefnist hann rafveitustjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Rafveitustjóri hefur prókúruumboð fyrir rafveitur ríkisins og skuldbindur þær samkvæmt reglum um prókúru að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið.

Um ráðningu og kjör annarra fastra starfsmanna fer eftir ákvæðum reglugerðar.

6. gr.

Rafveitur ríkisins skulu hafa það verkefni að afla almenningi og atvinnuvegum landsins nægrar raforku á sem hagfelldastan og ódýrastan hátt með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá öðrum orkuverum eða orkuveitum, veita orkunni um landið og selja hana í heildsölu héraðsrafveitum, er stofnsettar eru til að taka við orkunni og veita henni til neytenda innan héraðs eða á orkuveitusvæði.

Rafveitur ríkisins geta einnig gerzt meðeigandi í orkuverum og orkuveitum annarra eða tekið þær á leigu og starfrækt þær eða tekið þátt í starfrækslu þeirra eftir sérstökum samningi.

Rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku beint til neytenda á þeim stöðum, þar sem héraðsveita er ekki fyrir hendi, eða annars staðar með samþykki héraðsveitunnar.

7. gr.

Engum nema rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku í heildsölu. Þó mega Reykjavíkurkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður og Andakílsárvirkjun selja héraðsrafveitum sínum og rafveitum ríkisins raforku í heildsölu frá orkuverum þeim, sem aðilar þessir eiga og reka eða eiga í smíðum skv. 1. gr.

Réttur sá, sem rafveitum ríkisins er áskilinn samkvæmt 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til.

8. gr.

Áður en hafizt er handa um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu, skal raforkumálastjóri hafa látið fara fram rannsókn á því, á hvern hátt verði heppilegast fullnægt raforkuþörf þess héraðs eða landshluta, sem hinni fyrirhuguðu orkuveitu er ætlað að ná til, sbr. og 47. gr. Að lokinni þeirri rannsókn sendir raforkumálastjóri ráðherra tillögur sínar um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir. Tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar lætur raforkumálastjóri fylgja nauðsynlegar kostnaðaráætlanir, greinargerð um skilyrði fyrir orkuvinnslu eða orkukaupum og orkusölu og nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af virkjunum.

Kostnað allan við þessar rannsóknir svo og við annan undirbúning skal greiða úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í því skyni og að svo miklu leyti sem ekki er séð fyrir fé til þeirra á annan hátt, sbr. einnig 36. gr. Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra.

9. gr.

Nú telur ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjóra rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða auka við hin fyrri orkuver eða orkuveitur eða festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þessa samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ríkisstjórnin fylgja nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af þessum virkjum.

Þó getur raforkumálastjóri látið gera minni háttar aukningu á orkuveri og orkuveitum, er hann telur þess brýna þörf, áður en samþykki Alþingis er fengið, og tekið til þess bráðabirgðalán, sbr. 35. gr., 2. tölul., að fengnu samþykki ráðherra.

10. gr.

Nú er ákveðið að reisa raforkuver eða koma upp raforkuveitu, og annast þá rafveitur ríkisins um þær framkvæmdir allar.

11. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum raforkumálastjóra og rafveitustjóra gjaldskrá um raforkusölu frá rafveitum ríkisins.

Tekjum rafveitna ríkisins skal varið til greiðslu rekstrarkostnaðar hinna einstöku raforkuvirkja, þar með talið stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur og hæfilegar afborganir lána miðað við fyrningu. Enn fremur skal árlega leggja hæfilega upphæð í varasjóð, allt að 10% af heildartekjum.

Tekjuafgangur sá, sem eftir verður, þegar fé hefur verið lagt í varasjóð, skal renna í raforkusjóð.

12. gr.

Raforkumálastjóri skal árlega senda ráðherra efnahags- og rekstrarreikning rafveitna ríkisins svo og kostnaðarreikning fyrir þau virki, sem eru í smíðum, enn fremur skýrslu um starfsemina. Hann skal og árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um lántökur og önnur fjárframlög svo og tillögur um ráðstöfun á fé úr raforkusjóði, sbr. 38. gr., 3. málsgr.

13. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga um rafveitur ríkisins, þar á meðal um:

1. stjórn og fjárreiður, reikningshald og fyrningu, um meðferð varasjóðs, svo og um skýrslugerðir;
2. starfsmannahald og verkaskiptingu starfsmanna;
3. skilyrði, sem rafveitur ríkisins mega setja héraðsrafveitum, er kaupa raforku frá þeim, um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja til tryggingar öruggum rekstri, svo og til að tryggja rafveitum ríkisins greiðslu fyrir orku þá, er þær selja, og til að stuðla að aukinni raforkunotkun og góðri hagnýtingu orkunnar.

III. KAFLI

Um héraðsrafveitur.

14. gr.

Héraðsrafveita veitir raforku um tiltekið orkuveitusvæði og selur hana neytendum innan takmarka þess.

Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, ákveður orkuveitusvæði hverrar héraðsrafveitu.

Ráðherra getur veitt einkarétt til að reka héraðsrafveitu á tilteknu orkuveitusvæði, veita raforku um orkuveitusvæðið og selja hana neytendum innan takmarka

þess. Veitingu einkaréttar getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja til að tryggja jafnrétti notenda og hagkvæma og fullnægjandi dreifingu raforku um orkuveitusvæðið.

15. gr.

Nú tekur orkuveitusvæði, sem ráðherra hefur ákveðið, aðeins yfir einn kaupstað eða einn hrepp eða hluta úr hreppi eða íbúatala kaupstaðarins eða hreppsins er ¾ af íbúatölu alls orkuveitusvæðisins a. m. k., og hefur þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn forgangsrétt til að reka héraðsveitu á því orkuveitusvæði og að hljóta til þess einkarétt samkv. 14. gr.

16. gr.

Alls staðar annars staðar en um getur í 15. gr. og þar sem bæjar- eða sveitarstjórn neyta eigi réttar síns samkv. þeirri grein, hafa héraðsrafveitur ríkisins forgangsrétt til að reka héraðsrafveitu og hljóta til þess einkarétt samkv. 14. gr.

17. gr.

Nú óskar einstakur maður eða félag að reka héraðsrafveitu á tilteknu orkuveitusvæði og hljóta til þess einkarétt samkv. 14. gr., og skal þá ráðherra tilkynna það hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn og héraðsrafveitum ríkisins, eins og við á, og veita þeim hæfilegan frest til að ákveða, hvort þær vilja nota rétt sinn samkv. 15. og 16. gr. Hafi þær eigi innan þess frests, sem þeim var settur, tilkynnt ráðherra, að þær ætli að nota rétt sinn samkv. 15. og 16. gr., getur ráðherra veitt umsækjanda einkaréttinn, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum laga og reglugerða þar að lútandi. Einkarétturinn veitist um tiltekið árabil.

18. gr.

Áður en einkaréttur er veittur, auglýsir ráðherra þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um veitingu einkaréttarins og um takmörk orkuveitusvæðisins.

Nú eiga einstakir menn, félög eða héruð raforkuveitur á því takmarki, sem auglýsing samkv. 1. málsgrein nær til, og skulu þá eigendur þeirra skýra ráðherra frá því innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óska að halda starfrækslunni áfram, og ákveður hann þá staðartakmörk þess fyrirtækis, um leið og hann veitir því leyfi til að starfa áfram. Þetta leyfi veitir engan frekari rétt en þeir höfðu áður og er því ekki til fyrirstöðu, að einkaréttarhafi stofnsetji og starfræki orkuveitu innan takmarka fyrirtækisins.

19. gr.

Héraðsrafveitu, sem hlotið hefur einkarétt samkv. 14. gr., er skylt að selja raforku öllum, sem þess óska, innan takmarka orkuveitusvæðis hennar með þeim skilyrðum, sem nánar eru ákveðin í lögum þessum og í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

20. gr.

Um héraðsrafveitu, sem hlýtur einkarétt skv. 14. gr., aðra en héraðsrafveitu ríkisins, skal setja reglugerð, sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir, og skal þar m. a. setja ákvæði um stjórn og rekstur rafveitunnar, orkuveitusvæði hennar, skilmála fyrir raforkusölunni, löggildingu rafvirkja og sektir, allt að 10000 krónum, fyrir brot á reglugerðinni.

21. gr.

Gjald fyrir raforku úr héraðsrafveitu, sem fellur undir ákvæði 20. gr., skal ákveða í gjaldskrá, sem stjórn rafveitunnar semur og ráðherra staðfestir. Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimtaugagjald, sem greiðist, þegar heimtaug er lögð. Gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 85% stofnkostnaðar fyrir héraðsveiturnar, enda liggi fyrir samþykki raforkumálastjóra á fyrirkomulagi, gerð og tilhögun verksins hverju sinni.

IV. KAFLI
Um héraðsrafveitur ríkisins.

23. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn og rekur héraðsrafveitur, þar sem ekki eru aðrar héraðsrafveitur fyrir hendi, með þeim skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

Rafveiturnar skulu vera eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi undir yfirumsjón þess ráðherra, sem fer með raforkumál.

Stofnunin heitir: héraðsrafveitur ríkisins.

24. gr.

Rafveitur ríkisins annast rekstur héraðsrafveitna ríkisins, og hafa raforkumálastjóri og rafveitustjóri ríkisins á hendi umsjón og stjórn þeirra á sama hátt og gildir um rafveitur ríkisins.

Héraðsrafveitur ríkisins endurgreiða rafveitum ríkisins allan kostnað, sem þær hafa af stjórn og rekstri héraðsrafveitnanna, eftir reikningi, sem ráðherra samþykkir.

25. gr.

Héraðsrafveitur ríkisins vinna orku í eigin orkuverum eða kaupa hana frá öðrum orkuverum eða orkuveitum, veita henni um þau svæði, sem orkuveitutaugar þeirra ná yfir á hverjum tíma, og afhenda hana hverjum kaupanda við húsvegg hans eða á notkunarstað.

26. gr.

Til þess að koma upp mannvirkjum héraðsrafveitna ríkisins skal fjár aflað:

a. með lántökum;
b. með framlögum úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið kann að verða í fjárlögum;
c. með framlögum úr héraði, sbr. 27. gr., og
d. með tekjuafgangi héraðsrafveitna ríkisins, sbr. 30. gr.

27. gr.

Gegn óendurkræfu og vaxtalausu framlagi ríkissjóðs til héraðsrafveitu ríkisins skal ávallt koma óendurkræft og vaxtalaust framlag úr héraði, er að upphæð nemi minnst ⅓ af framlagi ríkissjóðs. Framlag úr héraði greiðist úr sýslusjóði, og má í reglugerð, sem hver sýslunefnd semur og ráðherra staðfestir, setja um það ákvæði, hvernig sýslusjóði skuli koma sérstakar tekjur fyrir þeim greiðslum, þar á meðal þau skilyrði, að rafmagnsneytandi hafi greitt ákveðið gjald, heimtaugagjald, áður en veitutaugar eru lagðar að húsi hans eða jarðeign. Framlag úr sýslusjóði til héraðsrafveitu ríkisins getur sýslunefnd bundið við tiltekið mannvirki.

28. gr.

Áður en ráðizt er í að koma upp orkuveitu eða reisa orkuver, skal að undangengnum rannsóknum gera nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af mannvirkjunum.

Nú sýna áætlanir, að tekjur af mannvirkjunum muni eigi nægja til að greiða vexti og afborganir af öllum stofnkostnaði auk annars rekstrarkostnaðar, þar með talið hæfilegt gjald í varasjóð, og má þá eigi gera mannvirkin, nema héraðsrafveit-

um ríkisins hafi komið óendurkræf og vaxtalaus framlög, sbr. 26. og 27. gr., sem nægi til þess að greiða þann hluta stofnkostnaðar, sem umfram er það, er tekjur af mannvirkjunum geta staðið undir.

29. gr.

Nú er í senn um að ræða að gera fleiri en eina nýja héraðsrafveitu ríkisins eða aukningar eldri veitna, og skal þá sú veita ganga fyrir um framkvæmd, sem áætlanir sýna, að ber sig betur fjárhagslega.

30. gr.

Bókhaldi héraðsrafveitna ríkisins skal, eftir því sem kostur er, hagað þannig, að það sýni stofnkostnað, tekjur og gjöld veitnanna innan hverrar sýslu um sig.

Nú verður tekjuafgangur af rekstri héraðsrafveitna ríkisins innan sýslunnar, og skal honum varið til aukningar og endurbóta á veitum í þeirri sýslu. Reiknast í því sambandi sem framlag úr héraði jafnhár hundraðshluti af þeim tekjuafgangi og framlag úr sýslunni þá er orðið af öllu framlagi til héraðsrafveitna ríkisins innan sýslunnar.

31. gr.

Gjald fyrir raforku frá héraðsrafveitum ríkisins skal ákveða í gjaldskrá, sem stjórn þeirra semur og ráðherra staðfestir.

32. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd á ákvæðum þessara laga um héraðsrafveitur ríkisins.

V. KAFLI
Um raforkusjóð.

33. gr.

Raforkusjóður er eign ríkisins.

Stofnfé sjóðsins er raforkusjóður, eins og hann er orðinn við gildistöku þessara laga.

Aðrar tekjur sjóðsins eru:

a. tekjuafgangur rafveitna ríkisins, sbr. 11. gr.;
b. vextir af fé sjóðsins;
c. framlag úr ríkissjóði að upphæð 2 milljónir króna ár hvert, og
d. önnur framlög úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið kann að verða í fjárlögum.

34. gr.

Raforkumálastjóri annast stjórn raforkusjóðs og reikningshald undir yfirumsjón ráðherra.

Handbært fé raforkusjóðs á hverjum tíma skal geymt og ávaxtað í Landsbanka Íslands.

35. gr.

Úr raforkusjóði má veita rafveitum ríkisins:

1. lán, sem veitast til allt að 30 ára, til að koma upp tilteknum mannvirkjum;
2. rekstrarlán og bráðabirgðalán til skemmri tíma, þar á meðal til að greiða rekstrarhalla, sem verða kann af mannvirkjum hin fyrstu árin, eftir að þau eru gerð.
3. Ef einstakir bændur eða fleiri saman reisa raforkustöðvar til heimilisnota, er heimilt að lána þeim úr raforkusjóði allt að ⅔ kostnaðar með 2% vöxtum og 30 ára afborgun, enda séu stöðvarnar vel gerðar að dómi rafmagnseftirlits ríkisins.

36. gr.

Úr raforkusjóði má greiða kostnað af rannsóknum og áætlunum til undirbúnings rafveituframkvæmda samkvæmt 8. og 47. gr.

Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra og endurgreiðast raforkusjóði með áföllnum vöxtum.

37. gr.

Úr raforkusjóði má greiða kostnað af almennum rannsóknum og tilraunum, sem raforkumálastjóri annast, til að stuðla að aukinni hagnýtingu raforku og hagfelldri notkun hennar svo og af leiðbeiningum til raforkunotenda um notkun orkunnar, sbr. 47. gr.

38. gr.

Lán þau, sem um getur í 35. gr., tölulið 1, veitast samkvæmt tillögum ráðherra og samþykki Alþingis samkvæmt 9. gr.

Lán þau, sem um getur í 35. gr., tölulið 2 og 3, ákveður ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjóra.

Um aðrar greiðslur úr raforkusjóði skal raforkumálastjóri árlega gera áætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis, sbr. 12. gr.

39. gr.

Ráðherra ákveður útlánsvexti raforkusjóðs, og mega þeir vera allt af 2½% lægri en víxilforvextir Landsbanka Íslands.

VI. KAFLI

Um rafmagnseftirlit ríkisins.

40. gr.

Ráðherra setur í reglugerð um raforkuvirki ákvæði til öryggis gegn hættu og tjóni af þeim og til varnar gegn truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru eða síðar kunna að koma.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

a. Gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja og annarra virkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón eða hætta getur stafað af.
b. Takmörkun á eða bann við innflutningi, sölu og notkun tækja og annarra hluta raforkuvirkja, sem fullnægja ekki þessum skilyrðum.
c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um raforkuvirki, sem fyrir hendi eru, og um ný virki og aukningu eldri virkja, svo og að hlíta fyrirmælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum.
d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með innflutningi og sölu raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innan lands. Má ákveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra og efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki frá rafmagnseftirliti ríksins. Skal viðurkenningarmerkið vera staðfest af ráðherra og birtast í Stjórnartíðindum. Er engum heimilt að nota merkið nema með leyfi rafmagnseftirlits ríkisins og eftir þeim reglum, sem það setur um notkun þess.
e. Löggildingu á hæfum rafvirkjum.
f. Skyldu rafveitustjórna að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, sem notuð eru í sambandi við raforkuveitur þeirra, brjóti eigi í bága við ákvæði settra reglugerða, og um heimild handa rafmagnseftirliti ríkisins að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuveitna eða láta loka fyrir rafmagnsstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, er þverskallast við að hlíta settri reglu-

gerð, svo og að taka löggildingu eða söluleyfi um skamman eða langan tíma af þeim, sem hafa gerzt brotlegir við reglugerðina.

g. Sektir, allt að 10000 krónum, fyrir brot á reglugerðinni.

41. gr.

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sér hættu fyrir eignir annarra manna eða hættu við truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja, en þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana hefur í för með sér verulega hagsmuni fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður trygg en venja er til eða krafizt verður um ný virki á þeim tíma, þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Ráðherra sker úr öllum ágreiningi um það:

a. hvort raforkuvirki hafi í för með sér hættu við truflunum á starfrækslu eldri virkja;
b. hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum truflunum;
c. hver eigi að koma þeim ráðstöfunum í verk;
d. hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Ráðherra getur stöðvað notkun raforkuvirkja, unz öryggisráðstafanir þær, er hann áskilur, eru komnar í framkvæmd.

42. gr.

Raforkumálastjóri hefur í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með eftirliti ríkisins með raforkuvirkjum.

43. gr.

Ráðherra skipar að fengnum tillögum raforkumálastjóra framkvæmdastjóra til að stjórna framkvæmd eftirlits ríkisins með raforkuvirkjum. Nefnist hann rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Ráðherra skipar og ræður aðra fasta starfsmenn við rafmagnseftirlit ríkisins, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum rafmagnseftirlitsstjóra og raforkumálastjóra.

Laun rafmagnseftirlitsstjóra og annarra fastra starfsmanna og annar kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði að svo miklu leyti sem ekki er séð fyrir fé til þess á annan hátt, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum.

44. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera og raforkuveitna skuli árlega greiða til rafmagnseftirlits ríkisins gjald, sem miðast við heildartekjur þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og má nema allt að einum hundraðshluta af þeim, og að þeir, sem flytja inn til landsins raforkuvirki og hluta þeirra eða gera þau innan lands, greiði til eftirlitsins gjald, sem miðast við innkaupsverð virkjanna, en söluverð þeirra frá verksmiðju, ef þau eru gerð hér, og má nema allt að ¾% af því. Undanþegin því gjaldi skulu þó vera þau raforkuvirki, sem ekki falla undir rafmagnseftirlit ríkisins.

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, og má þá miða gjaldið við stærð rafla í orkuveri, og má það nema allt að 5 krónum á hvert kílówatt í málraun þeirra.

Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiðast kostnaður þess eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Ráðherra setur ákvæði um innheimtu gjaldanna. Hann getur heimilað stöðvun á rekstri virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjalddaga.

VII. KAFLI
Um stjórn raforkumála.

45. gr.

Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, skipar raforkumálastjóra til að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Hann skal vera rafmagnsverkfræðingur.

Ráðherra skipar og ræður fasta starfsmenn raforkumálastjóra til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum hans.

Laun raforkumálastjóra og annarra fastra starfsmanna og kostnaður af skrifstofu hans greiðist úr ríkissjóði, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum.

46. gr.

Raforkumálastjóri er ráðunautur ríkisstjórnarinnar í raforkumálum.

47. gr.

Raforkumálastjóri annast rannsóknir á skilyrðum til hagnýtingar á orkulindum landsins, svo sem fallvötnum og jarðhitasvæðum, til raforkuvinnslu. Hann rannsakar og gerir tillögur um heildartilhögun á raforkuveitum til almenningsþarfa, sbr. og 8. gr.

Raforkumálastjóri rannsakar enn fremur og gerir tilraunir um hagfellda notkun raforku og leiðbeinir raforkunotendum í þeim efnum. Hann getur haft um það samvinnu við héraðsrafveitur.

48. gr.

Raforkumálastjóri hefur umsjón með vatnsrennslismælingum í fallvötnum landsins.

49. gr.

Raforkumálastjóri hefur umsjón með fallvötnum, sem eru í eign ríkissjóðs, heldur skrá yfir þau og annast nauðsynlegt bókhald í sambandi við þau. Um alla veiði í slíkum fallvötnum skal hann leita tillagna veiðimálastjóra.

Raforkumálastjóri gerir tillögur til ríkisstjórnarinnar um kaup á vatnsréttindum og jarðhitasvæðum, sem hann telur nauðsynlegt eða hagkvæmt, að ríkið eignist. Um hagnýtingu jarðhitasvæða, sem eru í eign ríkisins, skal leita álits raforkumálastjóra.

50. gr.

Ráðherra skipar fimm manna ráð, er skal vera ríkisstjórninni til aðstoðar í raforkumálum og nefnist raforkuráð.

Í raforkuráði eiga sæti fjórir menn, og tilnefnir hver þessara aðila einn: Samband íslenzkra rafveitna, Félag íslenzkra atvinnurekenda, Búnaðarfélag Íslands og Alþýðusamband Íslands, og einn maður kosinn af Alþingi, og er hann formaður ráðsins. Skulu þeir tilnefndir og kosnir til fjögurra ára í senn, og gengur einn úr á hverju ári í þrjú ár, en tveir fjórða árið, í fyrsta skipti einu ári eftir að ráðið er skipað. Skal hlutkesti ráða í upphafi röð þeirra, er úr ganga, en þeirri röð síðan fylgt.

51. gr.

Þóknun til meðlima raforkuráðs greiðist úr ríkissjóði, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum.

52. gr.

Verkefni raforkuráðs er að fylgjast með stjórn og framkvæmdum í raforkumálum, gera tillögur í þeim efnum og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í öllum raforkumálum.

53. gr.

Raforkuráð skal eiga kost á að fylgjast með rannsóknum raforkumálastjóra og rekstri rafveitna ríkisins. Ráðinu skulu send til athugunar og umsagnar:

1. tillögur raforkumálastjóra um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu;
2. tillögur ríkisstjórnarinnar til Alþingis um að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða festa kaup á slíkum mannvirkjum;
3. frumvarp að gjaldskrám rafveitna ríkisins;
4. efnahags- og rekstrarreikningar rafveitna ríkisins og kostnaðarreikningar mannvirkja í smíðum svo og skýrslur raforkumálastjóra um rekstur rafveitna ríkisins;
5. fjárhagsáætlun rafveitna ríkisins og tillögur um lántökur, önnur fjárframlög og ráðstöfun fjár úr raforkusjóði;
6. frumvarp að reglugerð um rafveitur ríkisins;
7. erindisbréf, sem ráðherra gefur út handa starfsmönnum hjá raforkumálastjóra, rafveitum ríkisins og rafmagnseftirliti ríkisins;
8. tillögur um ákvörðun orkuveitusvæðis héraðsrafveitu;
9. frumvörp að reglugerðum og gjaldskrám héraðsrafveitna, ef ráðið óskar þess sérstaklega;
10. tillögur um nýjar héraðsrafveitur ríkisins ásamt kostnaðar- og rekstraráætlunum um þær.
11. frumvörp að reglugerð og gjaldskrám héraðsrafveitna ríkisins;
12. ársreikningar og fjárhagsáætlun héraðsrafveitna ríkisins;
13. frumvörp að reglugerð um raforkuvirki;
14. tillögur til breytinga á raforkulögum.

54. gr.

Ef raforkuráð verður eigi sammála um afgreiðslu máls til ríkisstjórnarinnar, skal það gera henni grein fyrir því, hvernig atkvæði féllu um málið í ráðinu, og er hverjum einstökum fulltrúa í ráðinu rétt að leggja fram sérálit í málinu, sem sendist með málsskjölum til ríkisstjórnarinnar.

55. gr.

Ráðherra getur sett raforkuráði ákveðinn frest til afgreiðslu mála, sem því eru send til umsagnar. Hann getur í reglugerð að fengnum tillögum raforkuráðs og umsögn raforkumálastjóra sett nánari ákvæði um starfshætti og verksvið þess.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

56. gr.

Rafveitur ríkisins, héraðsrafveitur ríkisins og raforkusjóður eru undanþegin tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

57. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: lög um vatnsorkusérleyfi, nr. 46 1925, lög um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa, nr. 28 1932, lög um raforkuvirki, nr. 83 1932, lög um viðauka við og breytingar á lögum um raforkuvirki, nr. 38 1939, lög um rafveitur ríkisins, nr. 16 1942, og lög um raforkusjóð, nr. 91 1942; enn fremur öll önnur ákvæði eldri laga, sem koma í bága við ákvæði laga þessara.

58. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 314. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um nýbyggingarráð, nr. 62 27. nóv. 1944.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist: Reikningur þessi nefnist nýbyggingarreikningur, og skal hann færður sem sérstakur eignarliður á efnahagsreikning seðladeildarinnar.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, er hljóði þannig (og breytist greinatalan samkv. því):

a. (2. gr.). Seðladeildinni skal skylt, gegn ríkistryggðri innieign hjá þeim stofnunum, er með sérstakri löggjöf er falið að sjá atvinnuvegum landsmanna fyrir lánum til kaupa á atvinnutækjum erlendis, að lána þeim íslenzkan gjaldeyri í réttu hlutfalli við þá gjaldeyrisnotkun úr nýbyggingarsjóði, er leiðir af lánum þessara stofnana. Lán seðladeildarinnar sé sem næst sami hundraðshluti af beinni gjaldeyrisnotkun við kaup framleiðslutækjanna og lán stofnananna nema af heildarframkvæmdum þeim, sem lán eru veitt til.

b. (3. gr.). Vextir af hinum ríkistryggðu innieignum skulu vera 0.5% hærri en meðalvextir af hinum erlendu innstæðum nýbyggingarreiknings á því almanaksári, er lánið er veitt, þó aldrei lægri en 1.5%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni atvinnumálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. og fylgja breytingartillögum við það. Frá ráðherra fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Frumvarp þetta er samið af nýbyggingarráði og er sú undirstaða, sem frumvarpið um fiskveiðasjóð byggist á. Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar og fylgiskjala, sem fylgja frumvarpinu um fiskveiðasjóð Íslands.

Ríkisstjórnin er sammála um, að tryggja beri sjávarútveginum stofnlán með hagkvæmum vaxtakjörum. Hins vegar er ágreiningur innan stjórnarinnar um það, á hvern hátt afla skuli lánsfjár í þessu skyni. Mun verða reynt að ná samkomulagi um það, meðan þingið fjallar um málið.

Nd. 315. Frumvarp til laga

um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Tilgangur fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja sjávarútveg Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

Eignir fiskveiðasjóðs Íslands, skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda og styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa (sbr. lög um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa 25. marz 1944),

eins og þær eru nú, og framlag það, er ríkisstjórninni með XXIV. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1945 var heimilað að verja til aukningar fiskiskipastóls landsins.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem ríkissjóður innheimtir samkvæmt lögum nr. 63 28. jan. 1935.
2. Vextir.

3. gr.

Fiskveiðasjóður veitir lán gegn fyrsta veðrétti í fiskiskipum og öðrum veiðiskipum, fiskflutningaskipum, fiskverkunarstöðvum, síldarsöltunarstöðvum, verksmiðjum til úrvinnslu úr sjávarafurðum, dráttarbrautum, skipasmíðastöðvum, olíugeymslustöðvum, vélsmiðjum og öðrum þeim fyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti í þágu sjávarútvegsins.

Lánin eru tvenns konar.

A-lán, er eingöngu má verja til greiðslu á atvinnutækjum smíðuðum erlendis og til kaupa erlendis á efni og vélum til skipasmíða eða annarra framkvæmda innanlands.

B-lán, er verja má til innlendra framkvæmda að því leyti, sem þær krefjast ekki erlends gjaldeyris.

Á skuldabréf lánþega skal skrá, hve mikill hluti lánsins er veittur sem A-lán og hve mikill hundraðshluti afborgana skoðist sem afborgun á A-láninu, en að öðru leyti skal fara með lánið sem væri það eitt.

Lánveitingar úr sjóðnum eru bundnar því skilyrði, að nýbyggingarráð hafi samþykkt þær framkvæmdir, sem um er að ræða, sem lið í heildaráætlun þess um þjóðarbúskap Íslendinga.

4. gr.

Nýbyggingarráð úrskurðar hverju sinni, samkvæmt beiðni fiskveiðasjóðs, hve miklum erlendum gjaldeyri hafi verið varið til fyrirtækis, sem fiskveiðasjóður lánar út á, hvort heldur er um innflutning, nýsmíði, stærri umbyggingar eða viðgerðir að ræða, og gildir þetta jafnt um skip sem aðrar eignir.

Samkvæmt slíkum úrskurði nýbyggingarráðs skal seðladeild Landsbankans skylt að lána fiskveiðasjóði Íslands upphæð í íslenzkum krónum, er samsvari A-lánum sjóðsins.

Seðladeild Landsbankans veitir fiskveiðasjóði lánin jafnóðum í opnum reikningi, en við hver árslok skal sameina lánveitingar þess árs í eitt lán, og má samanlögð skuld fiskveiðasjóðs aldrei fara yfir 100 millj. kr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar fiskveiðasjóðs gagnvart seðladeild Landsbankans.

5. gr.

Fiskveiðasjóður skal endurgreiða seðladeild Landsbankans á hverju ári jafnháa upphæð og þau A-lán nema, er falla í gjalddaga á því ári, án tillits til þess, hvort skuldunautar fiskveiðasjóðs greiða á tilteknum tíma.

6. gr.

Fiskveiðasjóði skal heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til fyrir þeim B-lánum, sem álitin eru æskileg, að gefa út handhafavaxtabréf allt að tvöföldum stofnsjóði sínum.

Handhafavaxtabréfin eru tryggð með eignum sjóðsins og með ábyrgð ríkissjóðs.

7. gr.

Út á ný skip má lána allt að ⅔ (tveimur þriðju) af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra, og út á aðrar eignir allt að ¾ (þremur fimmtu) af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra.

Þó má lána allt að ¾ (þremur fjórðu) út á ný skip og ⅔ (tvo þriðju) út á aðrar eignir, ef hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag gengur í ábyrgð fyrir skilvísri greiðslu afborgana og vaxta, þar til lánið er greitt niður um einn þriðja.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar í hvert skipti.

8. gr.

Lengsti lánstími er 20 ár fyrir ný skip, en annars 15 ár. Sé lánstími 10 ár eða lengri, skal haga afborgunum lána þannig, að helmingur lánsins eða því sem næst sé endurgreiddur, þegar liðnir eru ⅗ (tveir fimmtu) af lánstímanum. Félagi, sem fengið hefur lán úr fiskveiðasjóði og nýtur hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 3. gr. laga nr. 20 20. maí 1942, skal skylt að verja 50% af því fé, er það leggur í varasjóð, til aukalegra afborgana af lánum úr fiskveiðasjóði, enda falla þá niður ákvæði 14. gr. b. í sömu lögum um framlag í nýbyggingarsjóð.

Einstaklingar og sameignarfélög, er lán hafa fengið úr fiskveiðasjóði, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum þær fjárupphæðir, er þau verja til aukalegra afborgana af lánum hjá fiskveiðasjóði, þó eigi hærri fjárhæð en sem nemur 20% af hreinum tekjum þeirra af útgerð á árinu, enda falla þá niður ákvæði 14. gr. í lögum nr. 20 20. maí 1942 um framlög í nýbyggingarsjóð.

9. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að veita bráðabirgðalán, meðan stendur á byggingu skipa eða mannvirkja, en jafnan skulu slík bráðabirgðalán endurgreidd að fullu, þegar hin föstu stofnlán eru afgreidd.

10. gr.

Vextir af lánum úr fiskveiðasjóði skulu ákveðnir af ráðherra, en skulu þó ekki vera hærri en 2.5%. Vextir og afborganir greiðast fyrir fram fyrir eitt ár í senn eða hluta úr ári, miðað við gjalddaga, sem vera skal 1. nóvember ár hvert. Ef tilskilið ársgjald er ekki greitt að fullu á gjalddaga, má reikna 0.5% dráttarvexti af hinni vangoldnu upphæð fyrir hvern hálfan mánuð, sem greiðsla dregst.

11. gr.

Skylt er lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt vátryggðar, að vel nægi fyrir áhvílandi lánum, og tekur veðréttur fiskveiðasjóðs jafnan einnig til vátryggingarfjárins.

Ef til útborgunar vátryggingarfjár kemur, getur fiskveiðasjóður krafizt, að honum sé greidd beint upphæð, sem svarar áhvílandi láni eða lánum í sjóðnum.

12. gr.

Eignir þær, er fiskveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn fiskveiðasjóðsins megi tilnefna þá menn, er skulu framkvæma virðingarnar. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

13. gr.

Öllum skuldunautum fiskveiðasjóðs Íslands er skylt:

a. Að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrarreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.
b. Að bjóða hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélagi forkaupsrétt eða ráðstöfun á forkaupsrétti að þeim eignum, sem lán hvílir á í fiskveiðasjóðnum, ef til sölu kemur, og eigandi sjálfur hefur ekki innansveitarkaupanda að.

14. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr fiskveiðasjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

a. Þegar tilskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
b. Við eigandaskipti að veði fyrir láni, eða ef veðið ferst, er selt eða sett á uppboð.
c. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að lánið er eigi svo tryggt sem æskilegt er að dómi lánveitanda.
d. Ef veðsettu skipi er ekki haldið úti til fiskveiða eða fiskflutninga sex mánuði ár hvert, eða fyrirtæki hættir störfum eða breytir svo rekstri sínum, að hann fullnægir ekki ákvæðum 3. gr. þessara laga.

15. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febrúar 1847, 10. gr., eða láta leggja það fiskveiðasjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Fiskveiðasjóður ber hins vegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóður getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboðið á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

16. gr

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett í fiskveiðasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

17. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, er sjóðurinn veitir eða tekur, eru undanþegin stimpilgjöldum.

Eignar- og veðbókarvottorð ber að láta sjóðnum í té án endurgjalds.

18. gr.

Yfirumsjón fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, er fer með sjávarútvegsmál.

Ráðherra skipar þriggja manna nefnd til þriggja ára í senn; skal einn nefndarmanna vera starfandi útgerðarmaður, skipaður eftir tilnefningu stjórnar Landssambands útvegsmanna; annar starfandi sjómaður, eftir tilnefningu stjórnar Alþýðusambands Íslands; hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

Hlutverk nefndar þessarar er að ákveða útláns- og starfsreglur sjóðsins innan þeirra takmarka, sem lög þessi setja. Skal nefndin koma saman í því skyni eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík annast alla starfrækslu sjóðsins. Skal fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

19. gr.

Ákvæði 15.—17. gr. gilda einnig um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, eftir því sem við á.

20. gr.

Reikningar fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er ráðherra skipar.

Ráðherra ákveður þóknun til lánanefndarmanna og endurskoðenda.

Kostnaður við rekstur fiskveiðasjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

21. gr.

Framkvæmdastjórn sjóðsins skal á hverju miðju reikningsári, og oftar ef þörf gerist, gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur framkvæmdastjórn ráðherra fullkominn endurskoðaðan reikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

22. gr.

Í reglugerðinni fyrir fiskveiðasjóð Íslands má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

23. gr.

Þeim einstaklingum og félögum, er gefið hefur verið vilyrði fyrir styrktarlánum úr styrktar- og lánasjóði fiskiskipa, skal gefinn kostur á að njóta vilyrða þessara laga gegn því að afsala sér rétti sínum til styrktarlánanna, eða að njóta þeirra og þá um leið þeirra vaxta og lánakjara, er gildandi voru hjá fiskveiðasjóði Íslands fyrir gildistöku þessara laga.

24. gr.

Stjórn fiskveiðasjóðs Íslands er skylt að fara með öll lán, veitt frá ársbyrjun 1945 til gildistöku þessara laga, sem væru þau bráðabirgðalán, skv. 9. gr. þessara laga, og veita ný lán samkvæmt ákvæðum þessara laga í stað þeirra, sem veitt eru á áðurnefndu tímabili.

25. gr.

Lög nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands, og lög nr. 9 24. marz 1944, um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa, eru úr gildi felld.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá 1. janúar 1946 til ársloka 1949 skal gjald það, er um ræðir í lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, renna til þess að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsókna og fiskifræðirannsókna, sem reist verður á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans.

Við árslok 1949 skulu lög nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, falla úr gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni atvinnumálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja brtt. við það. Frá ráðherra fylgdi frumvarpinu eftirfarandi greinargerð:

Frumvarp þetta er samið af nýbyggingarráði, og hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar í samráði við nýbyggingarráð.

Frumvarp þetta og frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 62 frá 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, mynda efnislega séð eina heild, og er aðalinnihald þessa frumvarps þetta: Fiskveiðasjóður skal veita stofnlán til þeirra framkvæmda, sem núverandi ríkisstjórn beitir sér fyrir á sviði sjávarútvegsins og þeirra atvinnugreina, sem starfa í sambandi við hann. Eiga lánin að vera tvenns konar, A-lán og B-lán. A-lánunum má eingöngu verja til greiðslu á atvinnutækjum smíðuðum erlendis og til kaupa erlendis á efni og vélum, en B-lánunum skal verja til innlendra framkvæmda. Fjár til A-lánanna skal aflað með þeim hætti, að seðladeild Landsbankans skal skylt að lána fiskveiðasjóði íslenzkan gjaldeyri, sem sé sem næst sami hundraðshluti af gjaldeyrisnotkuninni og lán fiskveiðasjóðs eru af verði framkvæmda þeirra, sem lánin eru veitt til (sbr. 2. gr. frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 62 27. nóv. 1944). Vextir af þessum lánum eru 1½% (sbr. 3. gr. frv. til laga um breyting á lögum nr. 62 27. nóv. 1944) og eru miðaðir við, að Landsbankinn fái ½% hærri vexti heldur en hann hefur fengið af hinu erlenda fé nýbyggingarreiknings. Fjár til B-lánanna skal afla með skuldabréfaútgáfu, að svo miklu leyti sem fé sjóðsins hrekkur ekki til eða nauðsynlegt er talið að halda því sem handbæru fé. Útgáfa skuldabréfa má hæst nema tvöfaldri hreinni eign hans eins og hún er á hverjum tíma. Þegar sjóðurinn hefur starfsemi sína með hinu nýja fyrirkomulagi, má áætla, að hrein eign hans sé um það bil 24 millj. kr., þannig að skuldabréfaútgáfa sjóðsins frá upphafi má nema allt að 48 millj. kr. Svo framarlega sem sjóðurinn kemst hjá alvarlegum töpum, má gera ráð fyrir, að hrein eign sjóðsins aukist um allt að 2—3 millj. kr. á ári, svo að heimild hans til skuldabréfaútgáfu eykst allverulega ár frá ári. Gert er ráð fyrir, að skuldabréf þessi verði seld á opnum markaði með líkum vaxtakjörum og fiskveiðasjóður tók lán sitt þann 31. des. 1944 (3½%).

Lán úr fiskveiðasjóði skal því aðeins veitt, að nýbyggingarráð hafi samþykkt þær framkvæmdir, sem um er að ræða, sem lið í heildaráætlun sinni um þjóðarbúskap Íslendinga.

Lánin skulu miðuð við kostnaðarverð, ef það að dómi virðingarmanna er eðlilegt, miðað við kostnaðarverð sambærilegra skipa og eigna á þeim tíma, er lánið er tekið, að öðrum kosti skal miðað við virðingarverð. Lánin mega nema allt að ⅔ verðs nýrra skipa og ⅗ annarra eigna. Sé um bakábyrgð bæjar- eða sveitarfélaga að ræða, færast þessi mörk upp í ¾ og ⅔. Lengsti lánstíminn er 20 ár fyrir ný skip, en annars 15 ár. Þó er gert ráð fyrir hlutfallslega hærri afborgunum en þessi lánstími segir til um, bæði með því, að afborganir af lánum séu hærri fyrstu árin, og einnig með því, að gert er ráð fyrir, að lántakanda, er nýtur skattahlunninda vegna framlags í verasjóð, verði skylt að verja 50% af varasjóðstillaginu til aukalegra afborgana. Gert er ráð fyrir, að sjóðurinn veiti bráðabirgðalán, meðan stendur á byggingu skipa eða mannvirkja, t. d. 80% af hinu væntanlega endanlega láni, en nánari ákvæði um upphæð bráðabirgðalánsins eftir tegund mannvirkja o. s. frv. verði sett með reglugerð.

Útlánsvextir sjóðsins eru ákveðnir hæst 2.5%, enda er það ljóst af áætlun þeirri um starfsemi sjóðsins, er fylgir þessari greinargerð, að útlánsvextir þurfa ekki að vera hærri til þess að standa straum af samanlögðum vaxtaútgjöldum sjóðsins.

Í tveimur greinum frumvarpsins (23. og 24. gr.) eru ákvæði, þar sem þeim, sem lán hafa fengið úr fiskveiðasjóði á árinu 1945 og gefin hafa verið vilyrði fyrir styrktarlánum, er gefinn kostur á að njóta vilyrða þessara laga.

Þau ákvæði laganna, sem hér hefur ekki verið sérstaklega minnzt á, eru að mestu leyti samhljóða ákvæðum laga nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands, og þykir því ekki ástæða til að minnast sérstaklega á þau.

Sþ. **316. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946 og við brtt. á þskj. 308.

I. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við brtt. 308,42. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
1. Við 47. (Hrísavegur). Fyrir „10 000“ kemur 25 000
2. Við 49. (Hörgárdalsvegur). Fyrir „10 000“ kemur 25 000
3. Við 51. (Laugalandsvegur). Fyrir „20 000“ kemur 50 000

II. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við brtt. 308,42. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
1. Við 36. (Svínvetningabraut). Fyrir „25 000“ kemur 100 000
2. Við 37. (Skagastrandarvegur). Fyrir „60 000“ kemur 160 000

III. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 308,44. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir).
Við 8. (Hofsá í Svarfaðardal). Nýr liður:
Torfufellsá í Eyjafirði 40 000

IV. Frá *Eysteini Jónssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*
Við 308,44. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir).
Við 8. (Hofsá í Svarfaðardal). Nýir liðir:
1. Geirdalsá og Múlaá í Skriðdal 150 000
2. Hofsá í Álftafirði 150 000

V. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 308,44. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir).
Við 6. (Tjarnará). Nýr liður:
Blanda hjá Löngumýri, fyrri greiðsla 200 000

VI. Frá *Ingólfi Jónssyni.*
1. Við 13. gr. A. XII. Nýr liður:
Til gistihúsbyggingar að Múlakoti í Fljótshlíð 30 000
Til vara 20 000
2. Við 14. gr. A. VII. Nýr liður:
Til Ásólfsskálakirkju 30 000
Til vara 15 000

VII. Frá *Ingólfi Jónssyni* og *Helga Jónassyni.*
1. Við 16. gr. A. 12. Nýr liður:
Til varnar á Þverárbökkum neðan Þverárbrúar að Fróðholti .. 30 000
Til vara 20 000
2. Við 16. gr. A. 13. Nýr liður:
Til fyrirhleðslu í Laugará í Austur-Eyjafjallahreppi 30 000
Til vara 20 000

VIII. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 16. gr. A. 20. (Mjólkurbú og smjörsamlög).
1. Fyrir „30 000“ kemur 180 000
2. Við liðinn kemur aths.:
Þar af til mjólkurbús á Blönduósi, ¼ kostnaðar, allt að 150 þús. kr.

IX. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 22. gr. VI. Nýir liðir:
1. Að greiða sama styrk úr ríkissjóði til skólabyggingar í Ólafsfirði og Ólafsfjarðarhreppi hefði borið.
2. Að ábyrgjast 160 þús. kr. lán fyrir Ólafsfjarðarhrepp til fiskimjöls- og niðursuðuverksmiðju.

Nd. 317. Frumvarp til laga

um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Selfossbyggð í Árnessýslu, sem vaxið hefur upp á mótum þriggja hreppsfélaga við Ölfusá, skal verða sérstakt sveitarfélag, er nefnist Selfosshreppur. Í hinum nýja hreppi eru þessar jarðir: Selfoss og Hagi ásamt Bjarkarspildu úr Sandvíkurhreppi, Árbær og Hellir ásamt Fossnesi úr Ölfushreppi og sneið af Laugardælalandi í Hraungerðishreppi, er markast af beinni línu frá Virkisvörðu til hæsta klettsins á nyrzta ferjuholti í Hellislandi. Að öðru leyti eru landamerki jarða þeirra, sem að ofan eru taldar, hreppamörk hins nýja Selfosshrepps.

2. gr.

Selfosshreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er öðlazt hafa eða öðlast kunna framfærslurétt á svæði því, er hreppurinn tekur yfir.

3. gr.

Skipti milli Selfosshrepps og Sandvíkurhrepps á sameiginlegum eignum og skuldum núverandi Sandvíkurhrepps skal fara fram samkvæmt því, sem fyrir er mælt í sveitarstjórnarlögum.

Ölfushreppi og Hraungerðishreppi greiðir Selfosshreppur bætur eftir mati fyrir missi tekna af þeim landsvæðum, sem frá þeim hreppum eru tekin og lögð til hins nýja Selfosshrepps.

4. gr.

Nú næst ekki samkomulag milli hreppsnefndar Selfosshrepps og hreppsnefndanna í Ölfushreppi og Hraungerðishreppi um bætur þær, er í 3. gr. getur, eða önnur ákvæði, er skiptin varða, og skal þá leggja ágreininginn í gerð. Skulu 5 menn skipa gerðardóminn, og eru tveir tilnefndir af hreppsnefnd Selfosshrepps, en tveir af hreppsnefndunum í hvorum hinna hreppanna, Ölfushreppi og Hraungerðishreppi, eftir því sem þeir hreppar eiga hlut að gerðinni. Fimmta mann í gerðardóminn skipar sýslumaður Árnessýslu, og er sá forseti dómsins.

Ágreiningsmálum milli Selfosshrepps og Sandvíkurhrepps, er skiptin varða, má og skjóta til gerðardóms þessa, en þá tilnefnir hreppsnefnd Sandvíkurhrepps tvo menn af sinni hálfu að taka sæti í dómnum.

Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir þá aðila, sem að honum standa, og verður honum ekki áfrýjað.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946, og skal skipti öll og skaðabætur miða við þann tíma, Allir, sem búsettir eru 1. janúar 1946 á svæði því, sem hinn nýi Selfosshreppur tekur yfir, öðlast þar samtímis kosningarrétt í sveitarstjórnarmálum, enda tekur Selfosshreppur á sig allar skyldur gagnvart þeim mönnum, sem lögmætu heimilisfangi fylgja.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir ósk félagmálaráðuneytisins, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um breytingar, er fram kunna að koma.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Byggðin á Selfossi við Ölfusá á sér nokkra sögu. Skilyrði fyrir aukna byggð voru ekki fyrir hendi, fyrr en brúin var byggð 1891. Hún var stórvirki, og stórhugur héraðsbúa óx við það mannvirki. Hér sköpuðust krossgötur og umferðastraumur, og hér hlaut að verða miðstöð verzlunar og samgangna á hinu víðlenda, gagnauðuga og fagra Suðurlandsundirlendi.

Þó komst enginn skriður á byggingarframkvæmdir hér fyrr en Mjólkurbú Flóamanna (MBF) tók til starfa undir árslok 1929 og Kaupfélag Árnesinga (K. Á.) hóf starfsemi sína á öndverðu ári 1931. Á árunum 1931 til 1934 voru byggð 20 hús á Selfossi í Sandvíkurhreppi. Byggð voru 10 hús að meðaltali árlega árin 1942—44, en nú (1945) eru 27 hús í smíðum, og verða flest þeirra fullgerð um áramót. Þar af eru 3 stórhýsi að okkar hætti: barnaskóli, læknisbústaður (bæði fullgerð) og verzlunarhús K. Á. (í smíðum). Samkv. nýteknu manntali eru 510 heimilisfastir hér. Hefur aukizt um 120 frá 1944.

Norðan Ölfusár í Ölfushreppi er ákjósanlegt byggingar- og nytjaland. Þar norður frá brúarsporðinum, á svo kölluðu Langanesi, hafa nokkrir starfsmenn K. Á. reist sér íbúðarhús á styrjaldarárunum. Eru þar nú 12 hús og 50—60 íbúar. Þá hefur Sláturfélag Suðurlands keypt í sumar stórar byggingarlóðir þar og kvað ætla að reisa þar sláturhús og gera tilheyrandi mannvirki á næsta vori.

Í hverfinu hjá MBF voru aðeins 3 hús, þar til styrjöldin hófst. Á síðustu árum hafa verið reist þar 5 íbúðarhús. Íbúar eru nú 60—65.

Nú vonast allir Sunnlendingar eftir rafveitu frá Sogsvirkjuninni á sumri komanda. Má því ætla, að uppi verði fótur og fit og ekkert lát á byggingar- og iðnaðarframkvæmdum á næstu árum.

Eins og lýst hefur verið, er aðalbyggðin á Selfossi í Sandvíkurhreppi. Þar eru allar verzlanirnar, veitingahús, samkomu- og kvikmyndahús og barnaskóli. Þar hefur allur þorri íbúa þessara þriggja byggðahverfa atvinnu sína og lífsframfærslu. Þannig sækja allir íbúarnir á Langanesi í Ölfushreppi atvinnu sína til núverandi Sandvíkurhrepps, enda fær Sandvíkurhreppur að sjálfsögðu ⅔ útsvara þeirra frá Ölfushreppi. Í hverfinu hjá MBF búa nokkrir menn, sem stunda atvinnu hjá K. Á. og á hinn bóginn búa margir starfsmenn MBF í Sandvíkurhreppi.

Þessi þrjú byggðahverfi eru þegar tengd atvinnulega, félagslega og menningarlega. Hagsmunir þeirra eru sameiginlegir og óaðskiljanlegir, og mun svo verða um alla framtíð. En þessa fá þau eigi notið til fulls. Meinendur eru móðurhrepparnir (Ölfus- og Hraung.hr.).

Það verður ljósara með hverju ári, sem líður, að hverfi þessi hljóta að sameinast og ganga í sérstakt sveitarfélag. Sú þróun er augljós og hröð. En eins og sakir standa, hefur hverfið á Selfossi í Sandvíkurhreppi eitt rétt til að krefjast skilnaðar við sinn hrepp samkvæmt 4. gr. sveitarstj.l., en hin tvö ekki sökum mannfæðar. Fyrir þessar sakir, meðal annars, er sameiningarfrumvarpið fram komið.

Þar sem þróun til sameiningar er augljós og hröð og frestun mundi torvelda viðskilnað hverfanna við móðurhreppana, þá verður það að teljast sjálfsögð fyrirhyggja að koma sameiningunni á sem fyrst og tryggja þessu verðandi sveitarfélagi nægilegt land um fyrirsjáanlega framtíð. Framtíðarlandið þarf að vera stórt og gott byggingar- og nytjaland. Eigi orkar tvímælis, að Árbær og Hellir uppfylla bezt þessi skilyrði. Nauðsynlegt er og að fá þá sneið af Laugardælalandi, sem farið er fram á í frumvarpinu.

Þess má geta, að eigendur Árbæjar og Hellis eru allir, að einum undanskildum, búsettir á Selfossi í Sandvíkurhreppi. Er vitað, að þeir kjósa fremur að greiða út-

svör og önnur sveitargjöld til síns hrepps en Ölfushrepps. K. Á. er eigandi Laugardælatorfunnar.

Af málum þeim, sem ættu að vera sameiginleg í þessum hverfum, en eru það ekki, skal nefna:

1. Skipulagsmál. Skipulag og byggingarsamþykkt er til fyrir Selfoss í Sandvíkurhreppi, en byggðin í Helli og við MBF er án skipulags. Er aðkallandi nauðsyn að skipuleggja nefnd hverfi. Byggingar án skipulags eru jafnan hin mesta hryggðarmynd.
2. Heilbrigðismál. Nauðsynlegt er, að heilbrigðissamþykkt sé sameiginleg, en svo er ekki. Samþykkt um holræsagerð er á Selfossi, en hún tekur ekki til hinna hverfanna. Þess væri þó þörf, því að fráræsla MBF er að minnsta kosti vítaverð.
3. Brunamál. Brunavarnir eru taldar í góðu lagi á Selfossi. Njóta hinir þess, þótt þeir hafi ekkert til þeirra lagt.
4. Kirkjumál. Íbúar norðan Ölfusár eru í Kotstrandarsókn, en hinir í Laugardælasókn. Sækja þeir kirkju með Selfossbyggjum, en greiða kirkjugjöld sín til Kotstrandar.

Fleira mætti telja þessu líkt, svo sem rafveitumál, ræktunarmál, lögreglumál, framfærslumál o. fl.

Um upptök þessa máls og meðferð til þessa er þetta að segja: Í öndverðum marz s. l. barst hreppsnefnd Sandvíkurhrepps yfirlýsing svo hljóðandi, dags. 4. marz s. l., frá búendum í nýlendunni á Langanesi norðan Ölfusár í Ölfushreppi:

„Við undirritaðir, búendur í nýlendunni norðan Ölfusár, í landi Hellis í Ölfushreppi, lýsum hér með yfir, að við óskum þess eindregið að ganga í sveitarfélag með Selfossbyggjum.

Selfossi, 4. marz 1945.

Þorsteinn Bjarnason, Sigurður Þorbjörnsson, Karl Eiríksson, Adam Hoffritz, Þórmundur Guðsteinsson, Halldór Árnason, Þórmundur Guðmundsson."

Þann 11. marz s. l. kom hreppsnefndinni einnig í hendur eftirfarandi beiðni, dags. 11. s. m. frá búendum í hverfinu við Mjólkurbú Flóamanna:

„Við undirritaðir búendur (húseigendur og húsráðendur) í hverfinu við Mjólkurbú Flóamanna í Hraungerðishreppi lýsum hér með yfir, að við óskum þess einum rómi að ganga í bæjarfélag með Selfossbyggjum.

Selfossi, 11. marz 1945.

Stefán Björnsson, Sigurður Ólafsson, Guðni Guðjónsson, Sigurður I. Sigurðsson, Andrés Hallmundsson, Benedikt Franklínsson."

Samkv. þessu fara búendur í byggðahverfunum á nefndum stöðum, í Ölfushreppi og Hraungerðishreppi, fram á það að ganga í sveitarfélag með Selfossbyggjum.

Þessar málaleitanir voru síðan bornar upp og ræddar á almennum hreppsfundi í Sandvíkurhreppi og um þær gerð svofelld ályktun:

„Almennur hreppsfundur í Sandvíkurhreppi, haldinn að Selfossi 16. apríl 1945, samþykkir að fela hreppsnefndinni að vinna að sameiningu hinna þriggja byggðahverfa, sem eru að vaxa upp við Selfoss, í eitt sveitarfélag.

Fundurinn telur, að sérstaklega beri að stefna að því að fá byggðahverfi þessi ásamt hæfilegu framtíðarumhverfi gerð að sérstöku bæjarfélagi með kaupstaðarréttindum. Verði í því sambandi sérstaklega athugað, hvort ekki sé rétt, að kaupstaðarsvæðið nái yfir allan núverandi Sandvíkurhrepp."

Þá gerðist það, að hreppsnefndir Sandvíkurhrepps og Ölfushrepps komu saman á fund í Hveragerði 29. maí s. l. og ræddu um áður nefnda málaleitun búendanna

í Langanesi í Ölfushreppi og þá ósk hreppsn. Sandvíkurhrepps að fá jarðirnar Árbæ og Helli lagðar undir Sandvíkurhrepp. Á þeim fundi gerðist þetta:

„Þriðjudag 29. maí 1945 var haldinn í Hveragerði sameiginl. fundur hreppsnefnda Ölfushrepps og Sandvíkurhrepps í Árnessýslu. Mættir voru allir hreppsnefndarmenn beggja hreppanna ásamt herra Jónasi Guðmundssyni, eftirlitsmanni bæjar- og sveitarfélaga.

Oddviti Sandvíkurhrepps setti fundinn og stjórnaði honum og kvaddi Sig. Óla Ólafsson til að rita fundargerð.

Tilefni fundarins var ályktun sú, sem samþykkt var á almennum hreppsfundi í Sandvíkurhreppi 16. apríl s. á., þar sem hreppsnefndinni var meðal annars falið að vinna að sameiningu hinna þriggja byggðahverfa við Selfoss. Oddviti Sandvíkurhrepps hóf umræður og skýrði málið fyrir fundarmönnum. Las hann yfirlýsingu frá íbúum byggðahverfis þess, er risið hefur upp andspænis Selfossi, utan Ölfusár, þar sem þeir óska eftir að ganga í sveitarfélag með Selfossbyggjum.

Til máls tóku, auk frummælanda, Jónas Guðmundsson, Halldór Gunnlaugsson, Gottskálk Gissurarson, Karl Þorláksson og Herm. Eyjólfsson.

Niðurstaða umræðnanna varð sú, að hreppsnefnd Ölfushrepps gefur kost á frekari umræðum um málið, enda sé þess leitað bréflega af hreppsn. Sandvíkurhrepps.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið."

Í framhaldi af þessu fóru svo eftirfarandi bréf milli oddvita Sandvíkurhrepps og oddvita Ölfushrepps:

Ég skírskota til sameiginlegs fundar hreppsnefnda Sandvíkurhrepps og Ölfushrepps þann 29. þ. m., þar sem hreppsnefnd Ölfushrepps gaf kost á frekari umræðum um þessi tvö atriði:

I. Ósk íbúa Ölfushrepps á Langanesi í Ölfusi, í Hellislandi, um að ganga í bæjarfélag með Selfossbyggjum.
II. Málaleitun hreppsnefndar Sandvíkurhrepps um að hefja þegar samninga við hreppsnefnd Ölfushrepps um að leggja jarðirnar Árbæ og Helli í Ölfushreppi undir lögsögu Sandvíkurhrepps.

Óska ég þess, að þér, herra oddviti, berið þetta erindi upp í hreppsnefnd Ölfushrepps við fyrsta þóknanlegt tækifæri og látið mig síðan vita, hvenær hreppsnefnd Sandvíkurhrepps má hitta ykkur að máli um þessa málaleitun.

Björn Sigurbjarnarson.

Til oddvita Ölfushrepps.

Oddviti Ölfushrepps, Gerðakoti, 5/7 1945.

Samkvæmt ósk yðar, herra oddviti, hef ég lagt fyrir hreppsnefndina erindi yðar, dags. 31/6 s. l., þar sem farið er fram á, að jarðirnar Árbær og Hellir leggist undir lögsögu Sandvíkurhrepps.

Hreppsnefndin tók þá ályktun að leggja málið fyrir almennan hreppsfund, sem halda átti 20. júní. Eftir nokkrar umræður á þeim fundi var samþykkt (sic) svolátandi tillaga: „Almennur hreppsfundur Ölfushrepps haldinn í Hveragerði 20. júní 1945 lýsir því eindregið yfir, að hann er með öllu mótfallinn að láta af hendi nokkurt land hreppsins utan Ölfusár til annarra hreppsfélaga, og skorar á hreppsnefndina að vera vel á verði í þessum málum fyrir hönd hreppsins."

Þar sem hreppsnefndin telur sig bundna við framanritaða fundarályktun, telur hún frekari umræður um málið ástæðulausar.

Virðingarfyllst.

Hermann Eyjólfsson.

Til oddvita Sandvíkurhrepps, Selfossi.

Með bréfi, dags. 3. júní s. l., óskaði hreppsn. Sandvíkurhrepps viðræðna við hreppsn. Hraungerðishrepps um áður nefnda yfirlýsingu búenda hjá MBF í Hraungerðishreppi. Eftirrit bréfs oddvitans í Hraungerðishreppi fer hér á eftir:

Oddvitinn í Hraungerðishreppi, 20. júní 1945.

Út af bréfi oddvita Sandvíkurhrepps frá 3. þ. m. um ósk um viðræðufund milli hreppsnefnda Hraungerðis og Sandvíkurhrepps í sambandi við yfirlýsingu frá húseigendum við MBF í Hraungerðishreppi, sé ég ekki ástæðu til að stofna til umræðufundar.

Viðkomandi menn geta talað um það við sína eigin hreppsnefnd. Það hafa þeir ekki gert.

Bæjarfélag er ekki fyrir hendi á Selfossi, og hreppsnefndin hér hefur ekki eignarrétt á landi því, sem liggur við hreppamörkin.

Gísli Jónsson.

Til oddvita Sandvíkurhrepps.

Samkv. þessum svarbréfum telja oddvitarnir í nefndum hreppum frekari umræður ástæðulausar, og „ekki ástæðu til að stofna til umræðufundar", eins og annar orðar það.

Þar sem hreppsn. Ölfushr. og hreppsn. Hraungerðishr. höfðu báðar færzt undan að ræða við hreppsn. Sandvíkurhr. um sameiningu byggðahverfanna við Selfoss og um landauka til handa nýju sveitarfélagi, þá var leiðin til samkomulags milli hreppsn. Sandvíkurhr. annars vegar og hreppsn. Ölfus- og Hraungerðishr. hins vegar lokuð.

En hreppsn. Sandvíkuhr. taldi þó ekki rétt að leggja árar í bát. Tók hún því að búa málið í hendur Alþingi og leitaði aðstoðar herra Jónas Guðmundssonar, eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, um samningu frumvarps um málið, er lagt skyldi fyrir Alþingi. Átti hann fund með hreppsnefndinni í því skyni. Var þar ákveðið í aðaldráttum, hvernig frumvarpið skyldi vera.

Er frumvarpið um sameiningu Selfossbyggðar í eitt hreppsfél. var fullgert, lagði hreppsnefndin það fyrir almennan hreppsfund, og var það samþykkt þar með samhljóða atkvæðum.

Þannig undirbúið lagði hreppsn. Sandvíkurhrepps frumvarpið fyrir sýslunefnd Árnessýslu til umsagnar og meðmæla.

Á aukafundi sýslunefndar Árnessýslu, sem haldinn var þann 29. okt. s. l., var mál þetta tekið fyrir og um það gerð eftirfarandi samþykkt:

„Út af erindi hreppsnefndar Sandvíkurhrepps, dags. 23/10 1945, lýsir sýslunefnd yfir því, að hún telur á rökum reista kröfu hreppsnefndarinnar um sameiningu þorpsins á Selfossi, byggðarinnar í Helli og hverfisins við MBF í eitt sveitarfélag.

Hins vegar telur sýslunefndin undirbúningi málsins ábótavant, og leggur nefndin til, að sveitarstjórnirnar reyni að ná samkomulagi um öll atriði málsins, áður en því er lengra haldið.

Felur sýslunefndin oddvita sínum að kalla viðkomandi sveitarstjórnir saman til viðræðu um málið."

Hinn 6. nóv. kvaddi sýslumaður Árnessýslu hreppsnefndir Hraungerðishrepps og Ölfushrepps á fund ásamt hreppsnefnd Sandvíkurhrepps, og náðist ekki samkomulag um skiptingu milli nefndanna, og var þá sýnt, að ekki var önnur leið til en leita aðstoðar Alþingis um lausn þess.

Þar sem hreppsnefnd Sandvíkurhrepps á fremur óhæga aðstöðu um að fylgja

málinu eftir, hefur hún samþykkt að leita aðstoðar eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, hr. Jónasar Guðmundssonar, um að fá málinu komið á framfæri við Alþingi.

Selfossi, í nóvember 1945.

F. h. hreppsnefndar Sandvíkurhrepps.
Björn Sigurbjarnarson,
oddviti.

Fylgiskjöl.

1. **Fundargerð** sameiginlegs fundar með hreppsnefndum Hraungerðishrepps og Sandvíkurhrepps.

Ár 1945, þriðjudaginn 6. nóv., kl. 4 e. h., komu hreppsnefndir Sandvíkurhrepps og Hraungerðishrepps saman á fund í skrifstofu Árnessýslu á Selfossi samkvæmt ályktun sýslunefndarinnar í Árnessýslu frá 29. okt. s. l.

Nefndarmenn voru allir mættir, að undanteknum Ólafi Ögmundssyni í Hjálmholti, Hraungerðishreppi.

Til umræðu var frumvarp til laga um sameiningu Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag, samið af hreppsnefnd Sandvíkurhrepps.

Hreppsnefnd Hraungerðishrepps lýsti yfir því, að hún væri alls kostar ósamþykk öllum breytingum á mörkum hreppsins, en hreppsnefnd Sandvíkurhrepps lýsti yfir því af sinni hálfu, að hún héldi fast við efni frumvarpsins. — Hins vegar komu hreppsnefndirnar sér saman um, að hvor nefnd skyldi tilnefna 2 menn til þess að undirbúa sameiginlega samninga um öll atriði, sem málið varða, ef frumvarpið verður að lögum.

Selfossi, 6. nóvember 1945.

Björn Sigurbjarnarson, oddviti Sandvíkurhrepps.
Gísli Jónsson, oddviti Hraungerðishrepps.

2. **Fundargerð** sameiginlegs fundar með fulltrúum frá hreppsnefnd Ölfushrepps og hreppsnefnd Sandvíkurhrepps.

Ár 1945, miðvikudaginn 7. nóv., kl. 4 e. h., komu saman á fund í útibúi Landsbankans á Selfossi hreppsnefndarmennirnir Hermann Eyjólfsson oddviti og Halldór Gunnlaugsson kaupm., úr Ölfushreppi, og Björn Sigurbjarnarson oddviti, Sigurður Ó. Ólafsson kaupm. og Arnbjörn Sigurgeirsson kaupm., úr Sandvíkurhreppi.

Til umræðu var frumvarp til laga um sameiningu Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag, samið af hreppsnefnd Sandvíkurhrepps.

Hreppsnefndarmenn Ölfushrepps lýstu yfir því, að þeir yrðu, samkv. samþykkt almenns hreppsfundar, að vera á móti öllum breytingum á mörkum hreppsins, en hreppsnefndarmenn Sandvíkurhrepps lýstu yfir því af sinni hálfu, að þeir héldu fast við efni frumvarpsins. Hins vegar komu hreppsnefndarmennirnir sér saman um, að hvor hreppsnefnd skyldi tilnefna tvo menn til þess sameiginlega að undirbúa samninga um öll atriði, sem málið varða, ef frumvarpið verður að lögum.

Selfossi, 7. nóv. 1945.

Hermann Eyjólfsson. Björn Sigurbjarnarson.

3. **Bréf** eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna til félagsmálaráðherra.

Í aprílmán. sl. leitaði hreppsn. Sandvíkurhr. í Árnessýslu aðstoðar minnar um það, á hvern hátt bezt yrði að því unnið að sameina í eitt sveitarfélag þá byggð, sem nú er að vaxa upp í þeim hreppum, sem mætast við Ölfusárbrú.

Hreppar þessir eru Sandvíkurhreppur, þar sem aðalbyggðin er enn þá, Hraungerðishreppur og Ölfushreppur.

Eftir að hafa átt fund með hreppsnefnd Sandvíkurhrepps og setið sameiginlegan fund með henni og hreppsnefnd Ölfushrepps og eftir að hafa fengið þá vitneskju, að hreppsnefnd Hraungerðishrepps hefði neitað að ræða málið við hreppsnefnd Sandvíkurhrepps, var mér það ljóst, að mál þetta yrði ekki leyst án aðgerða Alþingis. Það er of viðkvæmt á ýmsa lund til þess það verði leyst með samkomulagi heima í héraði, eins og bezt sést líka af samþykkt sýslunefndar Árnessýslu og fundargerðum þeim, sem teknar eru sem fylgiskjöl með frumvarpinu.

Ég tel, að alveg óhjákvæmilegt sé að sameina byggðina á Selfossi í eitt sveitarfélag. Þarf þar litlu við að bæta þau rök, sem fram koma í greinargerð hreppsnefndarinnar. Selfossbyggðin er nú í mjög örum vexti, og virðist svo sem þar muni á næstu árum vaxa upp mjög stórt kauptún. Er það mín skoðun, að því fyrr sem það spor er stigið að sameina byggðina þar í eitt sveitarfélag, því betra sé það fyrir alla, sem hlut eiga að máli.

Samkvæmt þessu vil ég hér með f. h. hreppsnefndarinnar fara þess á leit við yður, hr. félagsmálaráðherra, að þér hlutizt til um, að frumvarp það, er hér með fylgir, fáist lagt fyrir Alþingi það, er nú situr, því að æskilegast væri, að skiptin gætu farið fram nú um áramótin, ef af þeim á að verða.

Virðingarfyllst,

Jónas Guðmundsson.

Ed. 318. Nefndarálit

um frv. til l. um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta, sem flutt er á Alþingi eftir ósk búnaðarþings, hefur verið samþykkt í neðri deild án breytingar. Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. des. 1945.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Kristinn E. Andrésson, fundaskr. Eiríkur Einarsson.

H. Guðmundsson. Páll Hermannsson.

Sþ. 319. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á láni til vatnsveitu og holræsagerðar í Keflavík.

Flm.: Ólafur Thors.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 1500 þús. kr. lán til vatnsveituframkvæmda og holræsagerðar í Keflavík.

Greinargerð.

Á Reykjanesskaga er það miklum vandkvæðum bundið að afla drykkjarvatns, svo að við sé hlítandi. Þar fyrirfinnast hvergi kaldar vatnslindir ofan jarðar, er hafa að geyma nothæft drykkjarvatn. Á þessu svæði öllu liggja allar vatnsæðar neðarlega í jarðveginum, sem er grýttur og hraunrunninn. Víða liggja þessar vatnsæðar svo djúpt, að þeirra verður ekki vart án þess að eftir sé leitað, fyrr en við neðsta fjöruborð, og verður þar að sæta sjávarföllum til þess að ná í neyzluvatn. Annars er vatn til heimilisþarfa á þessu svæði tekið úr brunnum, og er vatnið mjög misjafnt að gæðum eftir staðháttum.

Í þéttbýli, einkum í kaupstöðum og kauptúnum, er það neyðarúrræði, eins og öllum má ljóst vera, að nota vatn til neyzlu úr brunnum, sem eru innan hins byggða svæðis. Þar vofir ávallt yfir sú hætta, að sýklar, sem valda farsóttum, berist í brunna og eitri vatnið.

Í Keflavík er ekki um að ræða annað neyzluvatn en það, sem tekið er úr brunnum viðs vegar um kauptúnið. Má engan veginn við svo búið standa lengur. Byggð vex mjög ört í Keflavík, og þar eru nú um 1700 manns. En á þessu svæði er, eins og fyrr greinir, úr vöndu að ráða um öflun neyzluvatns, er fullnægi þörfum staðarins. Gripið hefur verið til þess ráðs að bora fyrir vatni í rúmlega 1 kílómetra fjarlægð frá kauptúninu. Hefur þessi borun leitt í ljós, að möguleikar eru fyrir hendi að afla neyzluvatns fyrir kauptúnið með þessum hætti, en þó því aðeins, að borað sé djúpt í jörð með nokkru millibili. Þetta verk verður mjög kostnaðarsamt, meðal annars vegna þess, að sprengja verður fyrir vatnslögninni til kauptúnsins á alllöngu svæði, og hið sama verður uppi á teningnum á löngum köflum innan bæjar. Þá ber og brýna nauðsyn til þess, að lögð verði skólpveita í Keflavík. Væri það mjög hagkvæmt, að þessi verk hvor tveggja gætu orðið unnin samtímis. Við það mundi sparast mikið fé, ef vatnspípurnar og holræsin innan bæjar yrðu lögð í einn og sama skurð. Allt þetta verk kostar samkvæmt áætlun próf. Finnboga R. Þorvaldssonar 1800 þús. kr. Telja forráðamenn Keflavíkurhrepps öll tormerki á því, að þeir geti ráðizt í framkvæmd þessa verks nema þeir fái ríkisábyrgð fyrir allt að 1500 þús. kr. láni í þessu skyni.

Keflvíkingar hafa á síðari árum varið stórfé til hafnarbóta, en það gerir þeim eðlilega í svipinn þyngra undir fæti um fjáröflun af eigin rammleik til þess verks, er um ræðir í tillögu þessari.

Á næsta ári verður af hálfu ríkisins hafizt handa um stórfellda hafnargerð á þessum slóðum. Er að því stefnt, að þilskipaútgerð geti stóraukizt í Keflavík og Njarðvík. Af þessu leiðir, að mjög muni á næstu árum aukast byggð þar syðra og fjölga heimilisföstu fólki, auk þess sem stórir hópar manna viðs vegar að af landinu stunda þaðan fiskveiðar á vetrarvertíð hverri. Enn er þess að geta, að þar mun á næstunni fjölga mjög hraðfrystihúsum og bræðslustöðvum, og margs konar önnur ný tækni verður tekin þar til notkunar við fjölbreytta hagnýtingu sjávarafla. Þegar ráðizt verður í vatnsveitu- og holræsaframkvæmdir þær, sem að er stefnt, verður að hafa hliðsjón af breytingum þeim og þróun, sem allir vita, að framtíð Keflavíkur ber í skauti sínu. Hér er, sökum staðhátta, um alveg óvenjulega kostnaðarsama framkvæmd að ræða. En auk þess hefur lausn þessa torleysta viðfangsefnis mjög almenna þýðingu, þar sem hagsmunir sjávarútvegsmanna hvaðanæva af landinu verða í framtíðinni mjög tengdir við fiskveiðar frá þessum stað.

Mál þetta er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndar Keflavíkurhrepps, og er bréf lögreglustjórans í Keflavík ásamt kostnaðaráætlun próf. Finnboga R. Þorvaldssonar prentað hér á eftir sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

LÖGREGLUSTJÓRINN Í KEFLAVÍK

Keflavík, 30. nóv. 1945.

Árin 1941—1942 lét hreppsnefndin bora fyrir vatni hér í Keflavík, og voru boraðar 2 holur, er gefa til samans 6 sekúndulítra. Síðan hafa framkvæmdir um vatnsveitumál kauptúnsins legið niðri. 1944 var hafizt handa um skolpleiðslur í kauptúninu, og hefur nokkuð verið unnið að því síðan. Vegna hins öra vaxtar kauptúnsins getur það ekki talizt verjandi, að hvorki sé hér vatns- né skolpveita, frá menningarlegu og heilbrigðislegu sjónarmiði séð.

Hreppsnefndin hefur því fullan hug á því nú, að hefjast framkvæmda í þessum efnum fyrir alvöru og fékk því staðfestingu stjórnarráðsins á reglugerðum um holræsi og vatnsveitu fyrir kauptúnið með tiltölulega háum gjaldtaxta.

Áætlaðar tekjur af tengigjöldum, sem greidd eru í eitt skipti fyrir öll, eru samtals kr. 300000.00, en árlegar tekjur eru áætlaðar kr. 97000.00.

Kostnaðaráætlun hefur verið gerð yfir framkvæmdirnar af hr. próf. Finnboga R. Þorvaldssyni, og er kostnaðurinn kr. 1800000.00.

Með því að verk þetta er svo dýrt og ekki verður hægt að láta gjaldþegna hreppsins greiða það nema á löngum tíma, er nauðsynlegt, að lán verði tekið til framkvæmdanna.

Það eru því vinsamleg tilmæli hreppsnefndarinnar til yðar, herra þingmaður, að beita yður fyrir því innan þingsins, að ríkisábyrgð fáist fyrir láni allt að kr. 1500000.00 til vatns- og holræsagerðar í Keflavík. Er áherzla lögð á, að ríkisábyrgðin fáist nú á þessi þingi, svo að hægt verði að hefja undirbúning allan nú þegar með efniskaup og hefja framkvæmdir í vor.

Kostnaðaráætlun próf. Finnboga R. Þorvaldssonar fylgir hér með.

Virðingarfyllst.

F. h. hreppsnefndar Keflavíkurhrepps.

A. Gíslason.

Hr. forsætisráðherra Ólafur Thors, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

FINNBOGI RÚTUR ÞORVALDSSON

Reykjavík, 8. nóv. 1945.

Áætlun um vatnsveitu og skólpveitu í Keflavíkurkauptúni.

Sú áætlun, sem hér verður gerð, er útdráttur úr heildaráætlun um vatnsveitu og skólpveitu í Keflavíkurkauptúni og nær aðeins til þess hluta kauptúnsins, sem nú er að miklu leyti byggður, en báðar veiturnar ber að gera með þeirri fyrirhyggju, að þær fullnægi þörfum íbúanna á því svæði, sem þær ná til, þótt byggðin aukist og íbúatalan tvöfaldist.

Takmörk þess svæðis, sem nú er áætlað að leggja veitugreinar um, eru þessi:

Að norðan: Vesturbraut.

Að vestan: Kirkjuvegur suður að Aðalgötu, fyrirhuguð gata milli Aðalgötu og Skólavegar og frá Skólavegi Sólvallagata og framhald hennar um 215 m suður fyrir Vatnsnesveg.

Að sunnan: Fyrirhuguð gata þvert á Hafnargötu um 215 m fyrir sunnan Vatnsnesveg.

Á þessu svæði eru þó nokkrir götukaflar, þar sem formaður vatnsveitunefndar taldi ekki þörf á vatnsæðum eða holræsum fyrst um sinn, og eru þeir því ekki reiknaðir með í þeirri kostnaðaráætlun, sem hér er gerð.

Vatnsmagnið úr þeim tveim borholum, sem gerðar hafa verið, fullnægir varla vatnsþörf kauptúnsins, jafnvel þótt það notist að fullu. Samtals nemur það 6 sekúndulítrum, eða 518,4 tonnum á sólarhring, en miðað við vatnsnotkun í kauptúnum og bæjum hér á landi, mun það aðeins nægja um 1500 íbúum. Auk þess má reikna með, að vatnsmagnið í gömlu vatnsveitunni nægi um 200 íbúum, en þar sem gamli vatnsgeymirinn stendur miklum mun lægra en hinni nýi, svarar ekki kostnaði að setja gömlu veituna í samband við þá vansveitu, sem nú er fyrirhuguð. Gamla veitan verður því aðeins hverfisveita í kauptúninu, ef hún verður starfrækt.

Í Keflavík munu nú vera um 1700 íbúar. Það vatnsmagn, sem nú er fyrir hendi, nægir því varla til allra þarfa, nema sparlega sé á haldið, og yrði of lítið eftir nokkur ár, þegar íbúum fjölgar í kauptúninu, eins og líklegt er.

Af þessum ástæðum tel ég rétt að afla meira vatns, annað hvort með því að víkka borholurnar upp í 6″ í þeirri von, að þá fengist meira vatn, eða með því að bora 1—2 nýjar holur á hentugum stað nærri nýja vatnsgeyminum.

Vegna væntanlegrar stækkunar á vatnsveitunni á komandi árum, tel ég rétt að hafa stofnæðina frá geyminum 10″ gilda, en annars eru götuæðarnar álíka víðar og áður hefur verið áætlað.

Stofnæð og götuæðar eru samtals reiknaðar 9200 m, en holræsin 6500 m. Eru þar með talin ræsi fyrir afrennsli gatna, en ekki mun þó nauðsynleg að leggja þau samtímis skólpveitunni, þar sem göturnar eru ófullgerðar.

Ger er ráð fyrir, að vatnsæðar og holræsi verði lögð í sama skurð, þar sem því verður við komið, og að vatnsæðar verði lagðar í þá holræsaskurði, sem þegar hafa verið gerðir. Stofnæð og gildustu greinar vatnsveitunnar eru áætlaðar úr ryðvörðu stáli, en grennri pípurnar úr zinkuðu járni.

Kostnaðaráætlun.

2 dælustöðvar og þrýstivatnspípur	kr.	90000.00
450 tonna vatnsgeymir úr járni, einangraður með hraunsteypu	—	97500.00
Vatnspípur, tengistykki, rennilokar, brunahanar	—	273000.00
Skólppípur og götubrunnar	—	157500.00
Jarðvinna og lögn á vatnsæðum og skólpveitu	—	972800.00
Verkstjórn og ófyrirséð	—	209200.00
Samtals krónur		1800000.00

Eins og sést af þessari áætlun um kostnað mannvirkjanna er jarðvinnan stærsti kostnaðarliðurinn, enda er erfitt að gera sér grein fyrir, hve mikið kostar að grafa og sprengja pípuskurði í jafngrýttum jarðvegi og í Keflavík. Um þetta atriði hef ég stuðzt við þá reynzlu, sem þegar er fengin, en þó áætlað vinnukostnað við veituskurðina um kr. 120.00 á lengdarmetra, eða nokkru lægra en hann hefur orðið í þeim skurðum, sem grafnir hafi verið, enda munu holræsin yfirleitt verða lögð grynnra ofar í kauptúninu en fram við Hafnargötu, og jarðvegurinn virðist ekki eins grýttur þar og fram við sjóinn.

Áður en ráðizt er í lögn vatnsveitunnar um kauptúnið, er rétt að rannsaka til hlítar, hvort nægilega mikið vatn fæst úr borholunum með því að setja upp dælustöðvarnar og dæla vatni úr borholunum í nokkrar vikur og mæla jafnframt, hvort vatnsborðið lækkar í holunum. Hef ég áður bent á, að þetta mætti gera með því að leggja til bráðabirgða ofanjarðar vatnspípur frá dælustöðvunum að hentugum stað í kauptúninu, þar sem vatnið gæti komið að notum.

Nd. 320. Nefndarálit

um frv. til l. um fræðslu barna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Eru breytingartillögur nefndarinnar prentaðar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. des. 1945.

Sigfús Sigurhjartarson, form. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Páll Þorsteinsson, frsm.

Barði Guðmundsson. Sigurður Bjarnason.

Nd. 321. Breytingartillögur

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað „fræðslumálastjórn“ í 1. málsgr. komi fræðsluráð.
   b. Í stað „og getur hún þá numið“ í 3. málsgr. komi: og nemur hún þá.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Hver sýsla og hver kaupstaður er fræðsluhérað. Þó skal sameina tvær sýslur í eitt fræðsluhérað svo og hrepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarrar sýslu, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi fræðsluráð samþykkja. Hvert fræðsluhérað er eitt eða fleiri skólahverfi, og er einn barnaskóli í hverju skólahverfi.
3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Fræðslumálastjórn mælir fyrir um, hvernig fræðsluhéraði skuli skipt í skólahverfi, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð skiptinguna.
4. Við 12. gr. Í stað niðurlagsorðanna „að minnsta kosti“ komi: eða fleiri.
5. Við 17. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Skólastjórar og kennarar heimavistarskóla skulu ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslutíma í heimavistarskóla.
6. Við 18. gr.
   a. Í stað orðanna „skal fækka“ í 1. málsgr. komi: má fræðslumálastjórn fækka.
   b. Við aðra málsgr. bætist: Eigi verður skólastjóri leystur frá þeirri kennsluskyldu, nema samþykki fræðslumálastjórnar komi til.
7. Við 21. gr.
   a. 3. málsgr. orðist svo:
      Skólastjóri hefur umráðarétt yfir húsnæði skólans og munum í þágu skólastarfsins. Að öðru leyti hefur skólanefnd í samráði við skólastjóra umráðaréttinn, en verði ágreiningur þeirra í milli, sker fræðslumálastjórn úr.
   b. Í stað orðanna „í samráði við skólanefnd“ í síðustu málsgr. komi: með samþykki skólanefndar.
8. Við 24. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:
   Tölu fastra kennara skal miða við það, að 40 börn komi á hvern kennara, sem kennir fulla kennslu í 9 mánuði, en 5 börnum færra fyrir hvern mánuð, er hann kennir skemur. Eftir reglum, er fræðslumálastjórn setur, skal þó ætla nokkru

færri börn á kennara í skólum með færri en 150 nemendum. Sérkennurum í sundi og handavinnu skal ætla sem næst helmingi færri börn en öðrum kennurum.

9. Við 25. gr. Greinin falli burt (og breytist greinatalan samkvæmt því).
10. Við 26. gr. Síðasti málsliður greinarinnar falli burt.
11. Við 27. gr. Greinin orðist svo:

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd, skipuð þremur mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir af nýkosinni sveitarstjórn, en fræðslumálastjórn skipar einn, og skal hann vera formaður. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef krafa kemur fram um það. Ef tveir eða fleiri hreppar eru í skólahverfi, setur fræðslumálastjórn reglur um kosningu skólanefndar, sem má þá vera skipuð 5 mönnum. Varamenn skulu kosnir samtímis aðalmönnum. Kjörtímabil skólanefnda og fræðsluráða skal vera hið sama og sveitarstjórna, og um kjörgengi skulu sömu reglur gilda.

Í kaupstöðum er heimilt að fela fræðsluráði störf skólanefndar, ef fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi bæjarstjórn samþykkir.

12. Við 31. gr. Orðin „Tillögur skólastjóra og námsstjóra eru forgangstillögur" falli burt.
13. Við 36. gr. Orðin „í upphafi skólaárs" falli burt.
14. Við 39. gr. Á eftir orðunum „eigi skemur en 7 mánuðir á ári" bætist: svo fremi að barnafjöldi leyfi það.
15. Við 40. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Í heimavistarskólum og heimangönguskólum í sveitum er heimilt ...

16. Við 41. gr. Greinin orðist svo:

Leyfi í barnaskólum skulu ákveðin í reglugerð.

17. Við 51. gr. Orðin „hið fæsta" falli burt.
18. Á undan ákvæðum til bráðabirgða komi ný grein, er verði 56. gr., svo hljóðandi:

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 94 23. júní 1936 og lög um breyting á þeim, nr. 44 12. febr. 1940, svo og önnur ákvæði og fyrirmæli, sem fara í bág við þessi lög.

19. Við ákvæði til bráðabirgða.

Síðari málsgr. falli burt.

Sþ. 322. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946 og við brtt. á þskj. 308.

I. Frá *Gunnari Thoroddsen.*

Við brtt. 308,42. a. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).

1. Við 9. Nýr liður:
   Hnappadalsvegur 20 000
2. Við 11. Nýr liður:
   Hellissandsvegur 50 000
3. Við 12. (Fróðárh.- og Eyrarsveitarvegur).
   Fyrir „20 000" kemur 40 000

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við brtt. 308,42. a. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).

Við 24. (Rafnseyrarheiðarvegur).
Fyrir „110 000" kemur 150 000

III. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Barða Guðmundssyni* og *Sigurði Thoroddsen.*

Við brtt. 308,42. a. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).

Við 27. Súðavíkurvegur. Fyrir „35 000" kemur 90 000

IV. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
Við brtt. 308,42. a. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
1. Við 65. (Brekknaheiðarvegur). Fyrir „60 000“ kemur 100 000
2. Við 67. Nýr liður:
Jökulsárhlíðarvegur 5 000

V. Frá *Páli Þorsteinssyni* og *Ásmundi Sigurðssyni.*
Við brtt. 308,42. a. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
1. Við 84. Liðinn skal orða svo:
Nesjavegur 30 000
2. Við 87. (Öræfavegur). Fyrir „15 000“ kemur 20 000

VI. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
Við brtt. 308,42. a. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
1. Við 89. (Landbrotsvegur). Fyrir „20 000“ kemur 50 000
2. Við 92. (Mýrdalssandsvegur). Fyrir „20 000“ kemur 40 000

VII. Frá *Ingólfi Jónssyni.*
Við brtt. 308,42. a. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
Við 95. (Syðri-Landeyjavegur). Fyrir „40 000“ kemur 60 000

VIII. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Barða Guðmundssyni* og *Sigurði Thoroddsen.*
Við brtt. 308,44. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir).
Við 5. Nýr liður:
Ósá í Norður-Ísafjarðarsýslu 130 000

IX. Frá *Páli Þorsteinssyni* og *Ásmundi Sigurðssyni.*
Við brtt. 308,44. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir).
Við 9. Nýr liður:
Holtakíll á Mýrum 40 000

X. Frá *Hermanni Jónassyni, Sveinbirni Högnasyni, Gísla Sveinssyni, Páli Zóphóníassyni* og *Páli Hermannssyni.*
Við brtt. 308,44. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir).
Við 12. Nýir liðir:
1. Staðará í Steingrímsfirði 120 000
2. Djúpá í Fljótshverfi 180 000
3. Jökulsá í Fljótsdal 250 000

XI. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við brtt. 308,45. (Við 13. gr. A. XI. — Ræktunarvegir).
Við a. Nýr liður:
Frá Suðureyri að Stað í Súgandafirði 25 000

XII. Frá *Sigurði Þórðarsyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við brtt. 308,49. a. (Við 13. gr. C. IX. — Hafnarmannvirki).
Við 14. (Hofsós). Fyrir „25 000“ kemur 50 000

XIII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við brtt. 308,49. a. (Við 13. gr. C. IX. — Hafnarmannvirki).
Við 17. (Húsavík). Fyrir „200 000“ kemur 600 000

XIV. Frá *Sigurði Þórðarsyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við brtt. 308,49. a. (Við 13. gr. C. IX. — Hafnarmannvirki).
Við 24. (Sauðárkrókur). Fyrir „75 000“ kemur 150 000

XV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
1. Við brtt. 308,49. a. (Við 13. gr. C. IX. — Hafnarmannvirki).
Við 27. (Suðureyri). Fyrir „25 000“ kemur 75 000
2. Við brtt. 308,49. b. (Við 13. gr. C. IX. — Lendingarbætur).
Við 1. (Alviðra). Fyrir „20 000“ kemur 40 000

XVI. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
1. Við brtt. 308,49. b. (Við 13. gr. C. IX. — Lendingarbætur).
Við 13. Nýr liður:
Hellnar 10 000
2. Við 14. gr. A. III. Nýr liður:
Til Hellnakirkju (byggingarstyrkur) 15 000

XVII. Frá *Eiriki Einarssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Sigurði Guðnasyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Einars Sturlusonar, til söngnáms erlendis 2 500

XVIII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við brtt. 308,71. (Við 14. gr. B. XV. 3. — Snorragarður).
Fyrir „5 000“ kemur 10 000

XIX. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 15. gr. A. VI. 11. Nýr liður:
Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi, byggingarstyrkur 10 000

XX. Frá *Kristni Andréssyni, Barða Guðmundssyni, Jörundi Brynjólfssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 15. gr. A. VII. 16. Nýr liður:
Til Sir William Craigie, vegna nýrrar útgáfu á orðabók Richard Cleasbys og Guðbrands Vigfússonar 12 000

XXI. Frá *Kristni Andréssyni* og *Sigfúsi Sigurhjartarsyni.*
Við 18. gr. II. b. 5. Nýr liður:
Áslaug Thorlacius 2 000

XXII. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Barða Guðmundssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Sigurði Thoroddsen.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að verja allt að 500 þús. kr. til byggingar varðskips, er hafi með höndum landhelgisgæzlu og björgunarstörf fyrir Vestfjörðum.

XXIII. Frá *Sigurði Thoroddsen.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að verja allt að 1 100 000 kr. til jarðborana samkv. lögum nr. 114 1943 og jarðhitarannsókna.

XXIV. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að greiða allt að 60 þús. kr. til að verjast landbroti af völdum Hafursár í Mýrdal.

Nd. 323. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur tekið frv. til athugunar á fundum sínum, en nefndarmenn ekki orðið ásáttir um afgreiðslu þess. Þeir Jón Pálmason og Sigurður Guðnason ganga að vísu inn á efni frv., að fella niður samþykki landbúnaðarráðherra, en leggja í þess stað til, að ákvæðum laganna um tilgang búnaðarmálasjóðs og stjórn hans verði gerbreytt frá því, sem nú er. Þetta höfum við ekki getað fallizt á, af ástæðum, sem nú skal greint.

Aðalefni tillögu þeirra er:

1. Að Búnaðarfélag Íslands verði svipt öllum umráðum yfir búnaðarmálasjóði, en Búnaðarbanka Íslands fengin stjórn hans og reikningshald.

2. Að fé sjóðsins verði skipt milli búnaðarsambandanna þannig, að hvert búnaðarsamband fái aftur endurgreitt það búnaðarmálasjóðsgjald, er kemur í sjóðinn af viðkomandi sambandssvæði. Ákvæði tillögugreinarinnar um þetta er loðið, en mun þó eiga að skiljast á þennan veg, að því er tillögumenn hafa tjáð okkur.
3. Að úr búnaðarmálasjóðnum, sem er séreign bændastéttarinnar og einasti sameiginlegi sjóður hennar, renni enginn eyrir til sameiginlegra félagsmála allrar bændastéttarinnar.

Áður en frv. um búnaðarmálasjóð var borið fram á Alþingi, var það sent öllum búnaðarsamböndum landsins til umsagnar. Í greinarg., sem fylgdi frv. til búaðarsambandanna, var bændum bent á nokkur verkefni, er fyrir lægju og sjóðnum var ætlað að vinna að, svo sem stuðla að hagnýtingu nýjustu tækni á sviði landbúnaðarins, bygging hæfilegs húsnæðis fyrir Búnaðarfél. Íslands og gistiheimilis fyrir ferðafólk úr sveitum, styrkja kynnisferðir bænda og loks að standa að nokkru undir kostnaði af búnaðarþingi, að því leyti sem það sinnti stéttarhagsmunum bænda, svo að ekki þyrfti að leita til ríkisins um fjárframlög í því skyni. Var jafnframt á það bent, að það væri bændastéttinni metnaðarmál að kosta slíka fundi af eigin fé.

Hjá búnaðarsamböndunum hlaut frv. nær einróma fylgi. Eftir þetta var frv. lagt fyrir Alþingi og samþykkt þar óbreytt að öðru leyti en því, að ákvæðinu um samþykkt landbúnaðarráðh. á fjárhagsáætlun sjóðsins var bætt inn í lögin. Búnaðarþing samþykkti því næst fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn fyrir árin 1945 og 1946, sem landbúnaðarráðherra staðfesti.

Þetta er þá saga þessa máls í fáum og stórum dráttum. Þrátt fyrir þennan nær einstæða undirbúning er lagt til, á fyrsta starfsári sjóðsins, að gerbreyta lögum búnaðarmálasjóðs, svipta Búnaðarfélag Íslands öllum afskiptum af sjóðnum og fella niður öll framlög til félagslegra þarfa bændastéttarinnar í heild. — Þessa árás á elztu félagsstofnun landbúnaðarins og fulltrúasamkomu bændanna er reynt að réttlæta með því:

1. Að fjárhagsáætlun fyrir búnaðarmálasjóð fyrir árin 1945 og 1946, er búnaðarþing samþykkti og staðfest var af ráðherra, hafi verið mjög athugaverð og búnaðarþing ekki á einu máli um afgreiðslu hennar. Í þessu sambandi hefur verið bent á tvö atriði sem sérstaka óhæfu. Að í sambandi við húsbyggingu Búnaðarfélags Íslands hafi stjórn þess verið falið að undirbúa byggingu gistiheimilis fyrir sveitafólk, ef næg þátttaka fengist annars staðar að, eða helzt ¾ alls kostnaðar við bygginguna. Í öðru lagi, að í áætluninni sé nokkur upphæð ætluð til þess að standa straum af kostnaði við búnaðarþing, að því leyti sem það sinni sérhagsmunamálum bænda, t. d. afurðasölumálunum. Er þetta kallað að eyða fé búnaðarmálasjóðs í ferðakostnað pólitískra spekúlanta og eta það út á snakkfundum. Má vera að ummæli þessi lúti einnig að því, að stjórn Búnaðarfélags Íslands ákvað að greiða nokkuð af kostnaðinum við stofnfund stéttarsambands bænda.

Um þetta er það skemmst að segja, að fjárhagsáætlun búnaðarmálasjóðs er í öllum atriðum í samræmi við það, sem bændum var boðað í greinargerðinni fyrir frv. Að þessu sinni var lögð áherzla á að safna fé til húsbyggingar Búnaðarfélags Íslands fyrir skrifstofur þess, fundarsal og bókhlöðu, sem er aðkallandi nauðsyn, svo og til gistiheimilis, ef næg þátttaka fengist annars staðar að. Þetta var gert með það fyrir augum að geta því fremur síðar styrkt myndarlega meiri háttar framkvæmdir í samböndunum eftirleiðis jafnóðum og þær væru undirbúnar heima fyrir.

Að svipta búnaðarþing rétti til að ráðstafa búnaðarmálasjóði af þessum ástæðum er vitanlega fjarstæða. Hvað mætti þá segja um Alþingi og ríkissjóðinn? Ekki hefur ávallt verið einskær ánægja með fjárveitingar úr þeim sjóði, en enn þá hefur þó enginn borið fram á Alþingi frv. um að svipta Alþingi rétti til þess að ganga frá fjárlögum og fela Landsbanka Íslands að skipta ríkissjóðnum.

Loks má benda á, að ef núverandi búnaðarþingsfulltrúar hafa brotið af sér að dómi bænda, þá er hægt um vik að fá aðra í þeirra stað, er betur ráðstafa fé búnað-

armálasjóðs, þar eð búnaðarþingskosningar eiga að fara fram næstkomandi vor. Það er því augljóst, að sé þessi ráðstöfun í samræmi við óskir bændastéttarinnar, þá er hún óþörf, enda búnaðarþingsins að gera tillögur um slíka gerbreytingu, en sé hún hins vegar á móti vilja meiri hluta bændastéttarinnar, er hún gerræði.

2. Þá bera flutningsmenn það fram sem ástæðu fyrir tillögunni, að búnaðarþingið hafi ekki kunnað að meta réttilega umhyggju hv. þm. A.-Húnv. og ríkisstjórnarinnar fyrir búnaðarmálasjóðnum og búnaðarþing hafi jafnvel leyft sér að benda á, að það væri ómakleg tortryggni, sem því væri sýnd með því ákvæði, að fjárhagsáætlun sjóðsins skyldi leggjast fyrir ráðherra til staðfestingar. Sökum þessa mótþróa álykta flutningsmenn, að Búnaðararfél. Íslands og búnaðarþingi skuli refsað til viðvörunar eftirleiðis!

Á það skal aðeins bent, að slíkar hefndarráðstafanir eru vanar að hafa öfug áhrif við það, sem til er ætlazt, og er ekki ólíklegt, að svo geti farið, ef tillögurnar næðu fram að ganga.

Næst er þá að athuga sjálfa tillöguna. Samkvæmt henni á að skipta búnaðarmálasjóði milli sambandanna. Eins og nú er, leggja allir bændur í sjóðinn, og er hann því sameignarsjóður allrar bændastéttarinnar, nálega eini sameiginlegi sjóðurinn, sem er hennar einkaeign, eins og ríkissjóður er sameignarsjóður allrar þjóðarinnar. — Hvernig mundi verða litið á það, ef fram kæmi á Alþingi frv. um, að því fé, sem kæmi í ríkissjóðinn, yrði skipt milli allra sýslu- og bæjarfélaga á landinu, þannig að hvert þeirra fengi endurgreitt nákvæmlega það, sem íbúar sýslunnar og kaupstaðarins hefðu greitt í tollum og sköttum í ríkissjóðinn? Þetta fé, sem þannig fengist endurgreitt, mætti svo aðeins nota innan sýslunnar eða kaupstaðarins. Engan eyri af þessu mætti nota til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins. Engum getur blandazt hugur um, að slík tillaga væri tilraun til að sprengja ríkisheildina og valda sundrung og vandræðum á öllum sviðum. En þetta er einmitt það, sem breytingartillögunni er ætlað að vinna innan búnaðarfélagsskaparins, ef hún yrði að lögum. Væntanlega kæmi þetta þó ekki mjög að sök, vegna félagsþroska yfirgnæfandi meiri hluta bændastéttarinnar.

Þá skal vikið að sjálfum skiptunum milli búnaðarsambandanna. Til þess að ganga úr skugga um þetta atriði, hefur verið gert yfirlit yfir skiptingu sjóðsteknanna eftir búnaðarsambandssvæðum, eins og brtt. gerir ráð fyrir, miðað við framleiðslu ársins 1944. Þó eru ekki þar með taldar tekjur af sölu grænmetis og gróðurhúsaframleiðslu, sem talið er, að mundu nema mjög álitlegri upphæð til tekna fyrir búnaðarsamböndin, — Suðurlands 13 þús., Kjalarnesþings 5 þús. og Borgfirðinga 3 þús., allt mjög varlega áætlað. Við þessa athugun hefur komið í ljós, að Búnaðarsamband Suðurlands, er nær yfir 3 sýslur og 1 kaupstað með um 1521 búanda, mundi fá vegna búsafurða um 101 þús. kr. og auk þess tekjur af seldu grænmeti og gróðurhúsarækt 13 þús. kr., eða samtals 114 þús. kr., en búnaðarsambönd Vestfjarða, sem ná yfir allan Vestfjarðakjálkann, 5 sýslufélög og 1 kaupstað með um 957 búendum, mundu fá tæp 30 þús., en bæri, miðað við búendatölu og að tiltölu við Búnaðarsamb. Suðurlands, 72 þús. kr., og er þá ekkert tillit tekið til erfiðrar aðstöðu þeirra til allra félagslegra starfa. Annað dæmi má nefna. Búnaðarsamb. Kjalarnesþings er talið að hafa um 405 búendur. Það fengi til ráðstöfunar vegna búsafurða 25 þús. kr. + 5 þús. af gróðurhúsarækt, samt. 30 þús. kr., en búnaðarsamband Vestur-Húnvetninga, sem hefur 265 búendur, fengi aðeins 7 þús. kr., en bæri tæp 20 þús. kr., miðað við Búnaðarsamb. Kjalarnesþings. Fleiri dæmi mætti nefna, en þetta verður að nægja.

Stjórnir tveggja búnaðarsambanda, Búnaðarsamb. Suðurlands og Kjalarnesþings, sem hér hafa verið tekin til samanburðar, hafa nú sent opinberar áskoranir um að samþykkja breytingartillöguna, eða yfirlýsingu um, að þær vilji hirða peningana, en skjóta sér undan sameiginlegri starfsemi með þeim samböndum, sem verr eru stödd. Á sama tíma berast mótmæli gegn breytingartillögunni frá stjórnum Búnaðarsamb. Eyjafjarðar og Borgarfjarðar, sem hafa líka aðstöðu og áður greind búnaðarsambönd. Ber þetta óneitanlega vott um ólíkan félagsþroska þessara stjórna.

Af þessu og öðrum gögnum er það ljóst, að breytingartillagan miðar að því, að þau búnaðarsambönd, sem sitja að bezta markaðinum, hafa fjölbreytta og mikla framleiðslu og hafa yfirleitt komið atvinnurekstri sínum í gott horf, fái langstærstu fúlgurnar úr búnaðarmálasjóðnum. En fátækari og afskekktari samböndin, sem hafa einhæfa framleiðslu og eru skemmst komin að breyta sínum búnaðarháttum, fá hlutfallslega langminnst úr sjóðnum. Reglan fyrir skiptingunni virðist vera að gera þá ríkustu ríka og þá fátæku enn fátækari í hlutfalli við þá ríku.

Það skal fram tekið, að þó að búendatala hafi verið tekin sem mælikvarði, getur fleira komið til álita. Búnaðarþing hefur um tugi ára skipt allríflegum upphæðum milli búnaðarsambandanna. Hefur þar um langt skeið verið fylgt föstum reglum um úthlutunina; ein þeirra er að taka allríflega upphæð af óskiptu og úthluta sem erfiðleikauppbót til þeirra búnaðarsambanda, sem örðugasta hafa aðstöðuna. Stingur þetta óneitanlega talsvert í stúf við þær reglur, sem nú á að innleiða að því er búnaðarmálasjóðinn snertir.

Við höfum þá gert nokkra grein fyrir, hvers vegna við höfum ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum okkar, og leggjum því til, að frv. okkar verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 7. des. 1945.

Bjarni Ásgeirsson, fundaskr. Jón Sigurðsson, frsm.

Sþ. 324. Framhaldsgreinargerð

við till. til þál. um endurbyggingu Menntaskólans á Akureyri. (Þskj. 222).

Frá Jónasi Jónssyni.

Síðan mál þetta var fyrst borið fram í þinginu, hefur það verið tekið til velviljaðrar meðferðar í fjárveitinganefnd. Má telja, að miklar líkur séu nú til, að unnt verði að hefja byggingarframkvæmdir til að bæta úr húsaþörf skólans nú í sumar. Skólameistari hefur sent mér frekari gögn í málinu, og tel ég eðlilegast, að þau verði þegar í stað látin fylgja tillögunni. Er annað skjalið bréf frá skólameistara Sigurði Guðmundssyni, en hitt greinargerð Steindórs Steindórssonar náttúrufræðings.

Fylgiskjal I.

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

Akureyri, 2. des. 1945.

Til viðbótar því, sem ég reit háttvirtu alþingi 9. nóv., sendi ég enn nokkrar athugasemdir um það mál, sem þar er hreyft, þ. e. að reisa heimavistarhús fyrir Menntaskólann á Akureyri.

Mér hefur verið hermt, að sumir hafi spurt, hví ég hafi ekki flutt þetta mál fyrr, þar sem eldhætta hafi sífellt vofað yfir skólahúsinu.

Svar við slíku felst í bréfi skólaráðsmanns, þar sem sagt er, að ekki sé hægt að treysta örugglega mælitækjum og skoðunum rafveitunnar og eftirlitsmanna ríkisins, hversu samvizkusamlega sem þær eru gerðar eða af hendi leystar.

Slíkt voru mér ný tíðindi, og þá brá ég óðara við, er mér vannst tími til. Þá er Hótel Gullfoss brann í fyrra, var ég staddur í Rvík. Hringdi ég þegar í stað norður, er mér barst sú brunafregn, og bað þann kennara, er gegndi fyrir mig skólastjórastörfum, Þórarin Björnsson, að láta rannsaka allar raflagnir skólans, hvort allt væri þar með felldu og með öryggi. Var það gert samdægurs og þess þá ekki getið, að eigi

mætti treysta slíkri rannsókn, eins og Þórarinn Björnsson getur vottað. Spurningin, sem að ofan getur, þarfnast því ekki lengra svars.

Annars verður að minna á, að eldhætta stafar frá fleiru en rafmagni.

Möðruvallaskóli brann, sem kunnugt er, án þess að slíkt væri af völdum rafmagns. Minna má á, að hér í skólanum búa vanalega 70—80 unglingar, og er þar vitanlega misjafn sauður í mörgu fé, þótt margur sé þar drengur góður og hinn hollasti skólaþegn. Ekki þarf annað en kveikja á kerti, sem logar nálægt gluggatjaldi, og getur þegar í stað slys hlotizt af. Dæmið er ekki valið af handahófi. Eitt sinn í fyrravor, er slökkt hafði verið og rafstraumur tekinn af húsinu, komst ég að því, að ljós brann í einu herberginu. Þá er ég kom þar inn, var þar kveikt á kerti. Var það mjög merkur piltur, er slík yfirsjón varð á, enda gerði hann það til þess að lesa betur en hann hafði gert, meðan rafljósa naut.

Furðaði bæði kennara og þá nemendur, er um þetta vissu, að einmitt þessi nemandi gerðist sekur um slíkt. Þetta dagsanna dæmi sýnir, að eldhætta steðjar að frá fleiru en rafleiðslum.

Þá má enn taka fram, að sex þjónustustúlkur búa og sofa í skólanum. Það er alkunna, að slíkan vinnukraft velja menn ekki um á þessari tíð, heldur verður að þiggja það þjónustufólk, sem kostur er á.

Þá er eitt atriði enn, sem gefa verður rækilega gaum. Segjum, að skólinn brynni um hávetur. Hvað á að gera við allan þann hóp nemenda, sem þá yrði skólalaus? Hér í skólanum eru nú í vetur tæplega 330 nemendur. Stærðfræðideild og máladeild 6. bekkjar mundi mega kenna í húsi því, sem keypt var handa skólanum 1943. Mundi það þó torvelda stærðfræðideildarkennslu, ef söfn öll brynnu, ef til vill gera hana að sumu leyti ókleifa hér nyrðra, t. d. ef eðlis- og efnafræðiáhöld ónýttust í eldinum.

Það er með öðrum orðum engin hyggindi í öðru en skólinn eigi eldtraust hús. Það mundi hann eiga, ef farið yrði að öllu eftir tillögum mínum í bréfinu til alþingis og menntamálaráðherra 9. nóv.

Ég skal geta þess, að árið 1941 hafði brezka setuliðið í hyggju að hertaka skólann til sinna þarfa. Ég þverneitaði að afhenda setuliðinu skólann. Hinu gat ég eigi ráðið, hvort hann yrði hertekinn eður eigi.

Kvaðst herstjórnin neyðast til að hernema skólahúsið, þá er skólastörfum væri lokið vorið 1941. Ég skrifaði þá herstjórninni bréf, þar sem ég enn þversynjaði að heimila henni húsið og bar fyrir mig eldhættuna. Ef skólinn, sem væri í röð hinna fjölsóttari skóla landsins, brynni, yrði afleiðingin sú, að skólinn gæti ekki starfað um nokkurra ára skeið. Það er enn hægt að leiða að því ærin vitni, að herstjórnin beygði sig fyrir þessari röksemd og kvaðst ekki vilja taka á sig þá ábyrgð, er sökum eldhættu fylgdi því, að skólinn yrði hertekinn, og hvarf frá hernámi hans.

Ég treysti því, að hið háa alþingi sýni hér, að það hefur í þessu efni eigi minni ábyrgðartilfinningu en herliðsstjórnin brezka hafði sumarið 1941.

Ef þing og stjórn treystast ekki til að reisa það heimavistarhús, sem kennarar og skólastjóri fara fram á, tel ég réttast, að heimavistir yrðu afnumdar, unz hið nýja hús er reist.

Loks bæti ég því við, að nú er svo þröngt í Menntaskólanum á Akureyri, að slíkt er með öllu óviðunandi. Sökum slíks kemur eigi að fullum notum náttúrufræðikennslan í skólanum, sem sýnt er fram á í greinargerð náttúrufræðikennarans, er hér með fylgir.

Með virðingu.

Sigurður Guðmundsson.

Fylgiskjal II.

Þrengsli þau, sem nú eru í Menntaskólanum á Akureyri, valda því, að full vandræði mega teljast á að haga kennslu í náttúrufræði eins og þörf krefur og samsvarar þeim kröfum, sem nú eru almennt gerðar um kennsluaðferðir. Með þessu á ég við hagnýting safns og æfingakennslu, þar sem nemendur gætu unnið að verkefnum, sem þeim væru í hendur fengin.

Vísir sá til náttúrugripasafns, sem til er í skólanum, er geymdur í tveimur kennslustofum, sem ekki eru fremur notaðar til náttúrufræðikennslu en annars. Af hinum stöðuga umgangi, sem af því leiðir, er ókleift að verja það skemmdum. Varla er hægt að segja, að nokkur geymsla sé til fyrir kennsluáhöld og myndir, sem nauðsynleg eru. Af sífelldum flutningi þessara hluta milli kennslustofa leiðir aukið slit og skemmdir. Þegar svo er í pottinn búið, er þess ekki heldur nokkur kostur að koma upp svo fullkomnu safni sem nauðsyn er til og varla að halda við því, sem fyrir er, þar sem það verður vart notað sakir þrengsla, og yfir því vofir sífelld eldshætta og annar háski.

En þar sem svo hagar til, eins og hér á landi, að kennsla öll fer fram á vetrum og þess er enginn kostur að sýna nemendum hlutina úti í náttúrunni, er tvöföld nauðsyn þess, að skólarnir eigi sem bezt söfn náttúrugripa og hafi húsrými til þess að hagnýta sér þau sem bezt má verða. En þessa er enginn kostur eins og nú standa sakir. Hins vegar eru slík söfn og áhöld svo dýr, að ekki er viðunandi að koma þeim upp, þar sem ekki eru skilyrði til að þau verði geymd, svo sem bezt verður á kosið.

Þetta atriði, að ekki er unnt sakir húsnæðisskorts að rækja kennslu svo sem nauðsyn krefur í einni af hinum mikilvægari kennslugreinum skólans, ætti meðal annars að vera hvöt til þess, að bætt yrði úr hinni brýnu þörf skólans á auknu húsnæði.

Steindór Steindórsson.

Sþ. 325. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946 og við brtt. á þskj. 308.

I. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
1. Við brtt. 308,49. a. (Við 13. gr. C. IX. — Hafnarmannvirki).
Við 6. (Vestmannaeyjar). Fyrir „200 000“ kemur 300 000
2. Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Önnu Þórhallsdóttur, til söngnáms í Vesturheimi 10 000
Til vara 8 000

II. Frá *Bjarna Benediktssyni.*
Við 14. gr. B. XVII. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „600 000“ kemur 1 000 000

III. Frá *Sigurði Guðnasyni* og *Kristni Andréssyni.*
Við 14. gr. B. XXVII. (Alþýðusamband Íslands).
Fyrir „10 000“ kemur 30 000

IV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 14. gr. B. XXVII. Nýr liður:
Til sjóvinnuskóla í Vestmannaeyjum, gegn jafnháu framlagi frá Vestmannaeyjakaupstað 50 000

V. Frá *Bjarna Benediktssyni.*
Við 17. gr. 9. (Sumargjöf).
Fyrir „70 000“ kemur 150 000

Ed. 326. Breytingartillögur

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Fyrsta málsgr. orðist þannig:
   Ríkissjóður greiðir hluta af kostnaði við hafnargerðir og lendingarbætur á þeim stöðum, sem taldir eru í lögum þessum, og í þeim hlutföllum, sem þau ákveða, enda séu áætlanir um framkvæmdir allar samþykktar af samgöngumálaráðuneytinu, eignir og tekjur hafnar- eða lendingarbótasjóðs ekki fullnægjandi til þess að standa undir byggingu hafnarinnar eða lendingarbótanna og fé veitt til þess í fjárlögum.
2. Við 2. gr. B. Inn í greinina bætist nýir liðir sem hér segir:
   Drangsnes.
   Gjögur í Reykjarfirði.
   Kaldrananes í Bjarnarfirði.
   Norðurfjörður.
   Salthólmavík.
   Selvogur.
3. Við 5. gr. Í stað tveggja síðustu mgr. komi 3 nýjar mgr., er orðist svo:
   Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Sé leyfið eigi notað innan 2 ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að framkvæma mannvirkið eftir þann tíma, nema nýtt leyfi komi til.
   Heimilt er að nema í burtu án endurgjalds bryggju eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð í 5 ár eða lengur.
   Brot gegn þessari grein varða sektum, allt að 10 þús. krónum, og getur stjórn hafnar- eða lendingarbótamála látið nema á burt á kostnað eiganda mannvirki, sem byggt er í óleyfi eða án þess að settum skilyrðum sé fylgt.
4. Við 9. gr. Aftan við síðustu mgr. bætist: og hafa þau forgangsrétt fyrir öðrum kröfum.

Nd. 327. Nefndarálit

um frv. til l. um girðingar kringum hveri og laugar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og telur brýna nauðsyn að setja lög um þetta efni, vegna slysa þeirra, er þegar hafa orðið, og slysahættu framvegis. Mælir n. með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Skylt er að afgirða hveri og laugar (50° C og þar yfir), sem í byggð eru eða svo nærri byggð, að mönnum geti stafað hætta af fyrir líf eða limu, að dómi sveitarstjórnar. Skal girðingin vera svo traust, að tilgangi þessum sé náð.
2. Við 2. gr. Framan við gr. bætist:
   Girðingarskylda samkvæmt 1. gr. hvílir á eiganda hvers og laugar.

Alþingi, 6. des. 1945.

Garðar Þorsteinsson, form. | Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara. | Gunnar Thoroddsen, frsm.

Ásmundur Sigurðsson. Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 328. Lög

um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

(Afgreidd frá Nd. 11. des.)

Samhljóða þskj. 274.

Ed. 329. Frumvarp til laga

um Austurveg.

Flm.: Eiríkur Einarsson, Bjarni Benediktsson, Brynjólfur Bjarnason, Magnús Jónsson.

1. gr.

Nýjan veg skal leggja af suðurlandsbraut hjá Lækjarbotnum um svo nefnd Þrengsli, um Lambafells- og Eldborgarhraun ofan við Hjalla, niður í Ölfus hjá Þurá um Ölfusmýrar að Selfossi.

Gagngerðar endurbætur skal gera á núverandi vegi frá Reykjavík að Lækjarbotnum.

2. gr.

Vegagerð alla samkvæmt 1. gr. skal miða við, að tryggðar verði sem hagkvæmast og með mestu öryggi samgöngur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Skal þess sérstaklega gætt um legu vegarins og gerð, að hann verjist sem bezt snjó.

3. gr.

Veginn skal fullgera með slitlagi úr steinsteypu.

4. gr.

Skal fyrst leggja kaflann frá vegamótum núverandi suðurlandsbrautar í miðju Svínahrauni um Þrengsli að vegamótum Selvogsvegar hjá Þurá í Ölfusi.

Skal kafli þessi fyrst í stað gerður sem malarvegur.

5. gr.

Skal miða framkvæmdir við, að vegurinn verði allur fullgerður á næstu 6 árum, enda verði nægilegt vinnuafl fáanlegt svo og stórvirkar vinnuvélar.

6. gr.

Til framkvæmda samkvæmt lögum þessum heimilast ríkisstjórninni að taka lán allt að 20 millj. kr.

7. gr.

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og nefnast Austurvegur.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 25 23. júní 1932, um nýjan veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ályktun sameinaðs Alþingis 10. marz 1944, um ákvörðun og framkvæmd gagngerðra samgöngubóta frá Reykjavík austur í Ölfus, hefur milliþinga-

nefnd sú, er skipuð var fulltrúum allra stjórnmálaflokka eftir ályktun þessari, nú skilað ýtarlegu nefndaráliti, sem er ágreiningslaust um allar niðurstöður, er lúta að vegarstæði og tilhögun framkvæmda. Nefndarálit þetta, dags. í nóvember s. l., hefur verið sérprentað, og mun alþingismönnum hafa verið gefinn kostur á að kynna sér það.

Með því að allt, er verulegu máli skiptir við flutning frv. þessa, er tekið til rækilegrar meðferðar í nefndarálitinu, þykir nægja að vísa hér til þess. Er frumvarpið samið í samræmi við niðurstöður milliþinganefndarinnar, og er því greinargerðina að finna í nefndarálitinu.

Rétt þykir að heimila ríkisstjórninni lántöku, eftir því sem þörf krefur, til svo kostnaðarsamra framkvæmda, sem hér er um að ræða. — Einnig þykir ástæða til að láta það koma fram við lögfestingu 6 ára framkvæmdaáætlunarinnar, að víkja megi frá jöfnum störfum á ári hverju við vegagerð þessa, og komi þar til greina aðstaða um útvegun á stórvirkum vélum við framkvæmd verksins og hver mannafli er til staðar að hverju sinni til verkstjórnar og vegavinnu.

Austurvegur þykir stutt og laggott heiti á þessari framtíðarbraut.

Sþ. 330. Nefndarálit

um till. til þál. um kosningu nefndar til þess að rannsaka áhrif húsaleigulaganna og endurskoða þau.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leitaði álits félags fasteignaeigenda og húsaleigunefndar um tillögu þá til þingsályktunar, er hér ræðir um.

Félag fasteignaeigenda sendi sem sitt álit fundarályktun frá 18. nóvember, er hljóðar svo:

„Að vorum dómi er þegar fengin næg reynsla fyrir húsaleigulögunum af framkvæmd þeirra, og endurbætur hafa ekki fengizt á undanförnum árum, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og brýna þörf, og er það því skoðun vor og félags vors, að afnema beri lögin þegar á þessu þingi, enda lögin sett í upphafi aðeins sem ófriðarráðstöfun."

Húsaleigunefnd telur sig geta fallizt á þá skoðun, sem fram komi í greinargerðinni, að ekki muni fært að fella húsaleigulögin úr gildi að svo komnu, enda telur nefndin, að slíkt mundi leiða til hins mesta öngþveitis, eins og nú er ástatt í þessum málum. Húsaleigunefndin telur hins vegar ekkert því til fyrirstöðu, að málið sé rannsakað á þann hátt, er tillagan gerir ráð fyrir.

Allsherjarnefnd hefur síðan rætt málið, og komu fram allmismunandi skoðanir um það, hvort nú þegar sé fært að leggja til að afnema lögin, sem margir halda fram, að hafi gert meira ógagn en gagn og fætt af sér réttleysisástand í þessum efnum samfara eins konar „svörtum markaði" í húsaleigumálum, en aðrir telja nauðsyn, að sé við haldið, a. m. k. þangað til ástandið hafi verið betur rannsakað.

Um hitt voru allir sammála, að stuðla að skjótri rannsókn á áhrifum laganna og að endurskoðun þeirra. Samt þótti ekki nauðsyn til bera, að sérstök milliþinganefnd yrði skipuð til þessa, heldur skuli fela ríkisstjórninni framkvæmd þeirrar athugunar og endurskoðunar, er hér þarf með. Er það engan veginn gert til að draga úr því, að unnin verði þau verk, sem þáltill. fer fram á, að unnin séu, heldur til þess að auka ekki milliþinganefndafjöldann að óþörfu. Ríkisstjórnin á, eftir tillögu nefndarinnar, að láta tafarlaust rannsókn fara fram á þessum atriðum og leggja niðurstöður hennar, ásamt tillögum til breytinga eða afnáms laganna, ef

rétt þykir, fyrir næsta Alþingi. Með tilvísun til þess, er hér segir að framan, leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta tafarlaust fara fram rannsókn á áhrifum húsaleigulaganna og endurskoðun á þeim og leggja niðurstöðurnar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Alþingi, 5. des. 1945.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Jón Sigurðsson.
Sigurður Thoroddsen.	Barði Guðmundsson.	Ingólfur Jónsson.
	Páll Zóphóníasson.	

Nd. 331. Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Gísla Sveinssyni.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin feli Búnaðarfélagi Íslands að leita umsagnar búnaðarsambanda landsins um þetta mál eins og það liggur nú fyrir, áður en það hlýtur fullnaðarafgreiðslu, svo tímanlega, að það verði lagt fyrir aðalfundi sambandanna á næsta vori, og komi álit þeirra síðan fyrir Alþingi, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 332. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir óskipt með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1945.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Ingólfur Jónsson, fundaskr., frsm.	Einar Olgeirsson.
Hallgr. Benediktsson.	Skúli Guðmundsson.	

Nd. 333. Nefndarálit

um frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1946.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög. Frv. er samhljóða lögum um tekjuskattsviðauka, sem gilda fyrir yfirstandandi ár. Meiri

hluti nefndarinnar vill samþykkja frumvarpið óbreytt, en fulltrúi Framsóknarflokksins í nefndinni, Skúli Guðmundsson, vill breyta frumvarpinu þannig, að veltuskattur, álagður 1945, megi dragast frá við skattaframtal 1946. Á þetta gat meiri hlutinn ekki fallizt og leggur því til, að framvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1945.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Ingólfur Jónsson, fundaskr., frsm.	Einar Olgeirsson.
	Hallgr. Benediktsson.	

Nd. 334. Nefndarálit

um frv. til l. um tunnusmíði.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt og vísar um ástæður til greinargerðar frumvarpsins.

Alþingi, 12. des. 1945.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm.	Ingólfur Jónsson, fundaskr.	Einar Olgeirsson.
	Hallgr. Benediktsson.	

Sþ. 335. Breytingartillaga

við till. til þál. um landsvistarleyfi nokkurra útlendinga.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni.

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að athuga, hverjum þeim Þjóðverjum, sem kvæntir eru íslenzkum konum, sé ástæða til að veita landsvistarleyfi, enda sé í því skyni leitað allra upplýsinga og gagna um þessa menn, sem unnt er að afla, og sé þess gætt að veita engum landsvistarleyfi, sem uppvísir eru að því að hafa rekið hér starfsemi eða tekið þátt í samtökum í þágu erlendra ríkja, sem hættuleg geti talizt hagsmunum Íslendinga, eða framið aðra verknaði, sem svívirðilegir séu að almenningsáliti.

Sþ. **336. Frumvarp til fjárlaga**

fyrir árið 1946.

(Eftir 2. umr.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1946 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	29 000 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 6000000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 3000000	3 000 000	32 000 000
3.	Vörumagnstollur	11 000 000	
4.	Verðtollur	35 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	1 000 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	1 800 000	48 800 000
7.	Fasteignaskattur	600 000	
8.	Lestagjald af skipum	100 000	
9.	Bifreiðaskattur	1 200 000	1 900 000
10.	Aukatekjur	1 100 000	
11.	Stimpilgjald	3 000 000	
12.	Vitagjald	600 000	
13.	Leyfisbréfagjöld	100 000	
14.	Erfðafjárskattur	200 000	
15.	Veitingaskattur	800 000	5 800 000
	Samtals ...	. . .	88 500 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans	555000	
2.	— áfengisverzlunar	22462699	
3.	— tóbakseinkasölu	9000000	
4.	— ríkisútvarps	1564778	
5.	— ríkisprentsmiðju	224000	
6.	— landssmiðju	88000	
		33 894 477	
	÷ Tap af rekstri póstsjóðs	700 000	
			33 194 477
	Samtals ...	. . .	33 194 477
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		4 000 000
II.	Gjöld:		
	1. Póststjórnarkostnaður	275 000	
	2. Póststofan í Reykjavík	1 526 000	
	3. Önnur pósthús	920 000	
	4. Póstflutningar	1 420 000	
	5. Önnur gjöld	235 000	
	6. Fyrning	4 000	
	7. Rekstrarkostnaður bifreiða	320 000	
			4 700 000
	Mismunur (halli) ...	. . .	700 000
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		13 500 000
II.	Gjöld:		
	a. Til notendasíma í sveitum	800 000	
	b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans	600000	
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík	1725000	
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	170000	
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	300000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	2430000	
	6. Áhaldahúsið	205000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	530000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	270000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði	230000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	145000	
	11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	210000	
	12. Símastöðin á Siglufirði	275000	
	13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva	1780000	
		8 870 000	

3. gr.

	kr.	kr.
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	225 000	
d. Viðbót og viðhald stöðva	650 000	
e. Viðhald landssímanna	2 000 000	
f. Framhaldsgjald	170 000	
g. Ýmis gjöld	80 000	
h. Fyrning á húsum og áhöldum	150 000	
		12 945 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	555 000
Eignabreytingar landssimans.		
Út.		
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa		400 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		1 500 000
III. Til talstöðva í báta og skip		350 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip		250 000
V. Til birgðahúss í Reykjavík		500 000
VI. Til nýrra landssímalína		400 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og II.	. . .	3 400 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		25 000 000
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun 306655		
b. Verðlagsuppbót 536646		
	843 301	
2. Kostnaður við áfengisútsölur	500 000	
3. Annar rekstrarkostnaður	444 000	
4. Útsvar	750 000	
		2 537 301
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	22 462 699
4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		10 249 000
II. Gjöld:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun 186940		
2. Verðlagsuppbót 327145		
	514 085	
b. Annar rekstrarkostnaður	484 915	
c. Útsvar	250 000	
		1 249 000
Fært á 3. gr. A. 3	. . .	9 000 000

3. gr.

		kr.	kr.
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		2 700 000	
b. Aðrar tekjur		400 000	
			3 100 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	298120		
2. Verðlagsuppbót	521710		
		819 830	
b. Útvarpsefni		500 000	
c. Skrifstofukostnaður		180 000	
d. Húsaleiga, ljós og hiti		90 000	
e. Til útvarpsstöðva		260 000	
f. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.		30 000	
g. Óviss útgjöld		25 000	
h. Vextir		15 000	
i. Fyrning á húsum og vélum		50 000	
			1 969 830
		. . .	1 130 170
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		700 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	64800		
b. Verðlagsuppbót	113400		
	178200		
2. Annar kostnaður	95692		
		273 892	
			426 108
IV. Rekstur viðgerðarstofu:			
a. Tekjur		290 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	60000		
b. Verðlagsuppbót	105000		
	165000		
2. Efni	80000		
3. Annar kostnaður	40500		
		285 500	
			4 500

3. gr.

			kr.	kr.
V. Rekstur viðtækjasmiðju:				
a. Tekjur			160 000	
b. Gjöld:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	30000			
b. Verðlagsuppbót	52500			
		82500		
2. Efni		45000		
3. Annar kostnaður		28500		
			156 000	
				4 000
Fært á 3. gr. A. 4			. . .	1 564 778
Eignabreytingar:				
1. Afborgun af láni til stækkunar				89 100
2. Til byggingar útvarpshúss í Reykjavík				1 080 000
Fært á 20. gr. Út II.			. . .	1 169 100
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.				
I. Tekjur (prentvinna)				1 700 000
II. Gjöld:				
1. a. Laun starfsmanna:				
1. Grunnlaun	45973			
2. Verðlagsuppbót	80452			
		126425		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:				
1. Grunnlaun	340000			
2. Verðlagsuppbót	595000			
		935000		
			1 061 425	
2. Efnivörur			270 000	
3. Vélarekstur og viðhald			44 575	
4. Annar kostnaður			80 000	
5. Fyrning			20 000	
				1 476 000
Fært á 3. gr. A. 5			. . .	224 000
7. Áburðarsala ríkisins.				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	26024			
2. Verðlagsuppbót	45542			
		71566		
b. Annar kostnaður		118434		
			190 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum			190 000	

3. gr.

		kr.	kr.
8. Grænmetisverzlun ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	39036		
2. Verðlagsuppbót	68313		
	107349		
b. Annar kostnaður	92651		
		200 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		200 000	
9. Landssmiðjan.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum)			850 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna:			
a. Grunnlaun	69720		
b. Verðlagsuppbót	122010		
		191 730	
2. Vextir		70 000	
3. Fyrning		200 000	
4. Annar kostnaður		300 270	
Fært á 3. gr. A. 6			88 000
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar			10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnistæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbankans, sem standa eiga undir og eru að veði fyrir lánum til veðdeildarbréfakaupa		111 260
2. Vextir af öðrum bankavaxtabréfum, jarðræktarbréfum og kreppulánasjóðsbréfum		4 197
3. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180 000
4. Vextir af dönskum ríkisskuldabréfum		34 777
5. Arður af hlutafjáreign		235 000
6. Aðrir vextir		50 000
Samtals ...	. . .	615 234

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 100 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1946 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		853 888
2. Lán í dönskum krónum		240 680
3. Lausaskuldir		50 000
Samtals ...	. . .	1 144 568

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		300 000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		1 500 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		13 406
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2 170
Samtals ...	. . .	1 515 576

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I.	Stjórnarráðið:			
	1. Til ráðherra:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	90000		
	2. Verðlagsuppbót	157500		
			247500	
	b. Til risnu samkvæmt reikningi		25000	
	c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra	3000		
	2. Húsaleiguuppbót	1080		
			4080	
				276 580
	2. Til ráðuneytanna:			
	a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:			
	1. Grunnlaun	84050		
	2. Verðlagsuppbót	147087		
			231137	
	b. Dómsmálaráðuneytið, laun:			
	1. Grunnlaun	78550		
	2. Verðlagsuppbót	137462		
			216012	
	c. Fjármálaráðuneytið, laun:			
	1. Grunnlaun	150215		
	2. Verðlagsuppbót	262876		
			413091	
	d. Utanríkisráðuneytið, laun:			
	1. Grunnlaun	76215		
	2. Verðlagsuppbót	133377		
			209592	
	e. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:			
	1. Grunnlaun	27000		
	2. Verðlagsuppbót	47250		
			74250	
	f. Aðrir starfsmenn ráðuneytanna, laun:			
	1. Grunnlaun	51555		
	2. Verðlagsuppbót	90221		
			141776	
	g. Annar kostnaður ráðuneytanna		250000	
				1 535 858
	3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	96270		
	2. Verðlagsuppbót	168472		
			264742	
	b. Annar kostnaður		30000	
				294 742
	4. Ýmis kostnaður:			
	a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		20000	

10. gr.

			kr.	kr.
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:				
1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200			
2. Til pappírs og prentunar	80000			
3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	4500			
		85700		
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu		20000		
d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046		
			127 746	
II. Hagstofan:				2 234 926
a. Laun:				
1. Grunnlaun		68900		
2. Verðlagsuppbót		120519		
			189 419	
b. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna			60 000	
c. Prentun eyðublaða			4 500	
d. Húsaleiga, hiti og ljós			12 000	
e. Annar kostnaður			4 000	
				269 919
III. Utanríkismál:				
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:				
a. Laun sendiherra skv. launalögum	12000			
b. Laun annarra starfsmanna skv. launalögum	19200			
c. Laun starfsfólks utan launalaga	7000			
		38200		
d. Risna og staðaruppbót á laun		66800		
e. Annar kostnaður		14800		
			119 800	
2. Sendiráðið í Stokkhólmi:				
a. Laun sendifulltrúa	10200			
b. Laun annarra starfsmanna	10800			
c. Laun starfsfólks utan launalaga	9400			
		30400		
d. Risna og staðaruppbót á laun		52500		
e. Annar kostnaður		26000		
			108 900	
3. Sendiráðið í London:				
a. Laun sendiherra	12000			
b. Laun annarra starfsmanna	18600			
c. Laun starfsfólks utan launalaga	33800			
		64400		
d. Risna og staðaruppbót á laun		11800		
e. Annar kostnaður		43000		
			219 200	

10. gr.

			kr.	kr.
4.	Sendiráðið í Washington:			
	a. Laun sendiherra skv. launalögum	12000		
	b. Laun annarra starfsmanna	16800		
	c. Laun starfsfólks utan launalaga	35100		
			63900	
	d. Staðaruppbót á laun		111600	
	e. Annar kostnaður		55200	
				230 700
5.	Sendiráðið í Moskva:			
	a. Laun sendiherra skv. launalögum	12000		
	b. Laun annarra starfsmanna	6600		
	c. Laun starfsfólks utan launalaga	22500		
			41100	
	d. Staðaruppbót á laun		150200	
	e. Annar kostnaður		17000	
				208 300
6.	Aðalræðismannsskrifstofan í New-York:			
	a. Laun aðalræðismanns samkv. launalögum	10200		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	13500		
			23700	
	c. Staðaruppbót		44300	
	d. Annar kostnaður		19500	
				87 500
7.	Ferðakostnaður			100 000
8.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki			60 000
9.	Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum			60 000
				1 194 400
	Samtals		. . .	3 699 245

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
	a. Laun hæstaréttardómara og hæstaréttarritara:		
	1. Grunnlaun 92700		
	2. Verðlagsuppbót 161379	254 079	
	b. Annar kostnaður	60 000	
			314 079
2.	Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 55975		
	2. Verðlagsuppbót 97956	153 931	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	18 000	
	c. Annar kostnaður	12 000	
			183 931
3.	Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 68025		
	2. Verðlagsuppbót 119043	187 068	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	10 560	
	c. Annar kostnaður	14 000	
			211 628
4.	Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 89933		
	2. Verðlagsuppbót 157383	247 316	
	b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	42 000	
	c. Annar kostnaður	45 700	
			335 016
5.	Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 56840		
	2. Verðlagsuppbót 99470	156 310	
	b. Ljós, hiti, ræsting, dyravarzla og húskostnaður ..	67 000	
	c. Annar kostnaður	28 200	
			251 510
6.	Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 228600		
	2. Verðlagsuppbót 400050	628 650	
	b. Skrifstofukostnaður:		
	1. Grunnlaun 278000		
	2. Verðlagsuppbót 486500		
	3. Annar kostnaður 220000	984 500	
			1 613 150

11. gr.

			kr.	kr.
7. Laun hreppstjóra:				
a. Grunnlaun			71 500	
b. Verðlagsuppbót			125 025	
				196 525
8. Lögreglukostnaður:				
a. Ríkislögregla:				
1. Laun lögregluþjóna:				
a. Grunnlaun	227725			
b. Verðlagsuppbót	398518			
		626143		
2. Annar kostnaður		185000		
			811 143	
b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík			360 000	
				1 171 143
9. Kostnaður við landhelgisgæzlu				3 000 000
10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:				
a. Hegningarhúsið í Reykjavík:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	15000			
b. Verðlagsuppbót	26250			
		41250		
2. Annar kostnaður		50000		
		91250		
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)				
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar		45625		
			45 625	
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	57000			
b. Verðlagsuppbót	99750			
		156750		
2. Annar kostnaður		186000		
		342750		
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)				
÷ Tekjur		140000		
			202 750	
c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	5070			
b. Verðlagsuppbót	8872			
		13942		
2. Annar kostnaður		5000		
		18942		
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar		9471		
			9 471	
d. Til fangahúss í Hafnarfirði			50 000	
e. Önnur fangahús			10 000	
				317 846
11. Kostnaður við sakamál og lögreglumál				140 000
12. Laun sjódómsmanna				6 000
13. Kostnaður við störf setu- og varadómara				15 000

11. gr.

		kr.	kr.
14.	Kostnaður við félagsdóm:		
	a. Laun félagsdómsmanna:		
	1. Grunnlaun 17100		
	2. Verðlagsuppbót 29925	47 025	
	b. Annar kostnaður	13 500	
			60 525
15.	a. Laun sáttamanna í vinnudeilum:		
	1. Grunnlaun 5750		
	2. Verðlagsuppbót 9562	15 312	
	b. Annar kostnaður	5 000	
			20 312
	Samtals A. ...	. . .	7 836 665
	B. Opinbert eftirlit.		
1.	Skipaskoðun ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 33600		
	2. Verðlagsuppbót 58800	92 400	
	b. Ferðakostnaður	12 000	
	c. Annar kostnaður	13 600	
			118 000
2.	Rafmagnseftirlit ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 88700		
	2. Verðlagsuppbót 155200	243 900	
	b. Annar kostnaður	147 000	
		390 900	
	÷ Tekjur	390 900	
3.	Eftirlit með verksmiðjum og vélum:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 21150		
	2. Verðlagsuppbót 37012	58 162	
	b. Ferðakostnaður	8 200	
	c. Annar kostnaður	15 900	
		82 262	
	÷ Tekjur	82 262	
4.	Bifreiðaeftirlit ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 54600		
	2. Verðlagsuppbót 95550	150 150	
	b. Annar kostnaður	60 000	
		210 150	
	÷ Tekjur	210 150	

11. gr.

		kr.	kr.
5. Löggildingarstofan:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	25800		
2. Verðlagsuppbót	45150		
		70 950	
b. Annar kostnaður		25 500	
		96 450	
÷ Tekjur		96 450	
6. Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	45000		
2. Verðlagsuppbót	78750		
		123 750	
b. Annar kostnaður		91 035	
		214 785	
÷ Tekjur		214 785	
7. Matvælaeftirlitið:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	7200		
2. Verðlagsuppbót	12600		
		19 800	
b. Annar kostnaður		25 000	
		44 800	
÷ Tekjur		44 800	
8. Kostnaður við mat á afurðum:			
a. Fiskimat:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	58200		
b. Verðlagsuppbót	101850		
	160050		
2. Skrifstofukostnaður	6000		
3. Ferðakostnaður	5000		
		171 050	
b. Síldarmat:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	18560		
b. Verðlagsuppbót	32480		
	51040		
2. Annar kostnaður	25000		
		76 040	
c. Laun kjötmatsmanna:			
1. Grunnlaun	3900		
2. Verðlagsuppbót	6825		
		10 725	

11. gr.

		kr.	kr.
d. Laun ullarmatsmanna:			
1. Grunnlaun	5850		
2. Verðlagsuppbót	11589		
		17 439	
e. Laun lýsismatsmanns:			
1. Grunnlaun	3000		
2. Verðlagsuppbót	5250		
		8 250	
f. Ferðakostnaður matsmanna		40 000	
			323 504
9. Kostnaður við vörumerkjaskráningu:			
a. Grunnlaun		2 000	
b. Verðlagsuppbót		3 500	
			5 500
10. Eftirlit með opinberum sjóðum:			
a. Grunnlaun		2 860	
b. Verðlagsuppbót		5 005	
			7 865
11. Kostnaður við eftirlit á vegum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	7800		
2. Verðlagsuppbót	13650		
		21 450	
b. Annar kostnaður		23 550	
			45 000
12. Eftirlit með sparisjóðum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	6600		
2. Verðlagsuppbót	11550		
		18 150	
b. Ferðakostnaður		5 000	
			23 150
13. Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum:			
a. Viðskiptaráð:			
Gjöld	750000		
÷ Tekjur	750000		
b. Kauplagsnefnd:			
1. Grunnlaun	4680		
2. Verðlagsuppbót	8290		
		12 970	
c. Búnaðarráð		165 000	
			177 970
14. Kostnaður við húsaleigunefndir			80 000
15. Kostnaður við embættiseftirlitsferðir			10 000
Samtals B.		. . .	790 989

11. gr.

		kr.	kr.
C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.			
I. Tollar:			
a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:			
1. Laun tollstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	373422		
b. Verðlagsuppbót	653489		
	1026911		
2. Húsaleiga, ljós og hiti	45000		
3. Annar kostnaður	100000		
		1 171 911	
b. Tollgæzla:			
1. Í Reykjavík:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun	243595		
2. Verðlagsuppbót	426291		
	669886		
b. Húsaleiga, ljós og hiti	65000		
c. Annar kostnaður	110000		
		844 886	
2. Utan Reykjavíkur		150 000	
			2 166 797
II. Skattar:			
a. Ríkisskattanefnd:			
1. Laun nefndarmanna og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	41025		
b. Verðlagsuppbót	37679		
	78704		
2. Annar kostnaður	21600		
		100 304	
b. Skattstofan í Reykjavík:			
1. Laun skattstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	111400		
b. Verðlagsuppbót	194950		
	306350		
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	35000		
3. Tímavinna	130000		
4. Annar kostnaður	48500		
5. Kostnaður við aukið skattaeftirlit	100000		
	619850		
÷ hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur af kostnaðinum	206616		
		413 234	
c. Kostnaður við skattanefndir og skattstofur utan Reykjavíkur		450 000	
d. Kostnaður við nýbyggingarsjóðsnefnd		5 000	
e. Laun skattdómara:			
1. Grunnlaun	10200		
2. Verðlagsuppbót	17850		
		28 050	
f. Millimatskostnaður		10 000	
			1 006 588
Samtals C. ...		. . .	3 173 385

11. gr.

	kr.	kr.
D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Símakostnaður endurgreiddur embættismönnum og opinberum skrifstofum		400 000
2. Burðargjöld		150 000
3. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta		275 000
Samtals D. ...	. . .	825 000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

			kr.	kr.
I.	Landlæknisembættið:			
	a. Laun landlæknis og skrifstofumanns:			
	1. Grunnlaun	20800		
	2. Verðlagsuppbót	36400		
			57 200	
	b. Annar kostnaður		7 000	
				64 200
II.	Laun héraðslækna:			
	a. Grunnlaun		513 600	
	b. Verðlagsuppbót		898 800	
				1 412 400
III.	Ríkisspítalar:			
	A. Landsspítalinn:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	482524		
	b. Verðlagsuppbót	838778		
		1321302		
	2. Matvörur	648000		
	3. Annar kostnaður	739000		
		2708302		
	Þar frá dragast tekjur	1586000		
	Rekstrarhalli		1 122 302	
	B. Ljósmæðra- og kjúkrunarkvennaskólinn:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	8800		
	b. Verðlagsuppbót	15400		
		24200		
	2. Fæðiskostnaður hjúkrunarnema	29200		
	3. Annar kostnaður	3000		
		56400		
	÷ Tekjur	4400		
	Rekstrarhalli		52 000	
	C. Geðveikrahælið á Kleppi:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	349236		
	b. Verðlagsuppbót	611163		
		960399		
	2. Matvörur	719000		
	3. Annar kostnaður	717000		
		2396399		
	÷ Tekjur	1884000		
	Rekstrarhalli		512 399	

12. gr.

			kr.	kr.
D. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	276400			
b. Verðlagsuppbót	483700			
		760100		
2. Matvörur		845000		
3. Annar kostnaður		517000		
		2122100		
÷ Tekjur		1671000		
Rekstrarhalli ...			451 100	
E. Heilsuhælið á Kristnesi:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	126000			
b. Verðlagsuppbót	220500			
		346500		
2. Matvörur		250000		
3. Annar kostnaður		189000		
		785500		
÷ Tekjur		375500		
Rekstrarhalli ...			410 000	
F. Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	27500			
b. Verðlagsuppbót	48100			
		75600		
2. Matvörur		33000		
3. Annar kostnaður		49800		
		158400		
÷ Tekjur		10000		
Rekstrarhalli ...			148 400	
G. Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	32742			
b. Verðlagsuppbót	57298			
		90040		
2. Matvörur		45000		
3. Annar kostnaður		37300		
		172340		
÷ Tekjur		156700		
Rekstrarhalli ...			15 640	
H. Upptökuheimili í Elliðahvammi:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	20000			
b. Verðlagsuppbót	35000			
		55000		

12. gr.

		kr.	kr.
2. Matvörur	30000		
3. Annar kostnaður	30000		
	115000		
÷ Tekjur	110000		
Rekstrarhalli		5 000	
I. Heilsuhælið í Kaldaðarnesi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	12200		
b. Verðlagsuppbót	21350		
	33550		
2. Matvara	63000		
3. Annar kostnaður	55500		
	152050		
÷ Tekjur	127000		
Rekstrarhalli		25 050	
			2 741 891
IV. Til berklavarna:			
a. Styrkur til berklasjúklinga		2 200 000	
b. Styrkur samkv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 66 1939		5 000	
c. Laun:			
1. Grunnlaun	27570		
2. Verðlagsuppbót	48247		
		75 817	
d. Annar kostnaður		30 000	
			2 310 817
V. Styrkur til sjúklinga samkv. lögum nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla			1 700 000
VI. Rekstrarstyrkir til sjúkrahúsa:			
a. Til sjúkrahúsanna á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, 100 kr. á rúm:			
1. Grunnstyrkur	12900		
2. Verðlagsuppbót	19350		
		32 250	
b. Til sömu sjúkrahúsa og sjúkrahúsanna á Siglufirði og í Vestmannaeyjum:			
1. Grunnstyrkur	40000		
2. Verðlagsuppbót	60000		
		100 000	
			132 250
Fjárhæð þessi skiptist á milli sjúkrahúsanna í hlutfalli við eðlilegan halla af vist innlendra utansveitarsjúklinga, enda samþykki heilbrigðisstjórnin daggjöld þeirra.			
VII. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum gegn tvöföldu framlagi annars staðar að			100 000
Skilyrði fyrir styrknum er það, að heilsuverndarstöðin reki berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og			

12. gr.

	kr.	kr.
eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og hagi störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.		
VIII. Styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga, annarra en ríkis- og fjórðungssjúkrahúsa		1 100 000
IX. Til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri		300 000
X. Til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða		3 000
XI. Bólusetningarkostnaður		7 000
XII. Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum laga nr. 65 1935, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands		2 000
XIII. Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum laga nr. 66 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		25 000
XIV. Styrkur til augnlækningaferða:		
a. Grunnstyrkur	2 400	
b. Verðlagsuppbót	4 200	
		6 600
XV. Laun kynsjúkdómalæknis:		
a. Grunnlaun	8 370	
b. Verðlagsuppbót	14 647	
		23 017
XVI. Til læknisvitjanasjóða skv. lögum nr. 59 4. júlí 1942		30 000
Þar af 11950 kr. sem aukaframlög vegna hreppa, er eiga sérstaklega erfiða læknissókn, og skiptist upphæðin milli hreppanna í samræmi við ákvæði fjárlaga 1943 um læknisvitjanastyrki.		
XVII. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		9 000
XVIII. Til ýmissa heilbrigðisráðstafana		4 000
XIX. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs:		
a. Grunnstyrkur	3 870	
b. Verðlagsuppbót	6 772	
		10 642
XX. Styrkur til ýmissa sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis		15 000
XXI. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra:		
a. Grunnstyrkur	80 000	
b. Verðlagsuppbót	140 000	
		220 000
Samtals ...	. . .	10 216 817

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 130100		
	b. Verðlagsuppbót 227675		
		357 775	
	2. Annar skrifstofukostnaður	60 000	
	3. Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga	150 000	
			567 775
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjósarvegur 10000		
	2. Akrafjallsvegur 40000		
	3. Hafnarfjallsvegur 200000		
	4. Lundarreykjadalsvegur 30000		
	5. Bæjarsveitarvegur 35000		
	6. Hálsasveitarvegur 20000		
	7. Hvítársíðuvegur 20000		
	8. Álftaneshreppsvegur 60000		
	9. Hraunhreppsvegur 40000		
	10. Ólafsvíkurvegur 30000		
	11. Útnesvegur 60000		
	12. Fróðárhr. og Eyrarsveitarvegur 20000		
	13. Skógarstrandarvegur 60000		
	14. Dalasýsluvegur 80000		
	15. Klofningsvegur 40000		
	16. Skarðsstrandarvegur 20000		
	17. Reykhólavegur 60000		
	18. Gufudalsvegur 30000		
	19. Barðastrandarvegur 200000		
	20. Tálknafjarðarvegur 60000		
	21. Rauðasandsvegur 30000		
	22. Bíldudalsvegur 40000		
	23. Dalahreppsvegur 20000		
	24. Rafnseyrarheiðarvegur 110000		
	25. Hjarðardalsvegur 15000		
	26. Botnsheiðarvegur 20000		
	27. Súðavíkurvegur 35000		
	28. Aðalvíkurvegur 15000		
	29. Þorskafjarðarheiðarvegur 125000		
	30. Bolungavíkurvegur 90000		
	31. Bitruvegur 200000		
	32. Bæjarhreppsvegur 20000		
	33. Húnvetningabraut í V.-Hún. 60000		
	34. Miðfjarðarvegur 40000		
	35. Vesturhópsvegur 50000		
	36. Svínvetningabraut 25000		
	37. Skagastrandarvegur 60000		

		13. gr.	
		kr.	kr.
38.	Skagavegur	10000	
39.	Gönguskarðsvegur	30000	
40.	Vatnsskarðsvegur	200000	
41.	Sauðárkróksbraut	25000	
42.	Út-Blönduhlíðarvegur	50000	
43.	Hofsósvegur	50000	
44.	Hólavegur	50000	
45.	Siglufjarðarskarðsvegur	450000	
46.	Ólafsfjarðarvegur	400000	
47.	Hrísavegur	10000	
48.	Árskógsstrandarvegur	50000	
49.	Hörgárdalsvegur	10000	
50.	Öxnadalsheiðarvegur	500000	
51.	Laugalandsvegur	20000	
52.	Svalbarðsstrandarvegur	35000	
53.	Fnjóskadalsvegur	15000	
54.	Ljósavatnsskarðsvegur	40000	
55.	Kinnarbraut í Ljósavatnshreppi	70000	
56.	Kinnarbraut í Aðaldælahreppi	20000	
57.	Bárðardalsvegur	20000	
58.	Hvammsheiðarvegur	15000	
59.	Reykjahverfisvegur	20000	
60.	Tjörnesvegur	15000	
61.	Kelduhverfisvegur	40000	
62.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur	80000	
63.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar	20000	
64.	Langanesvegur	25000	
65.	Brekknaheiðarvegur	60000	
66.	Bakkafjarðarvegur	10000	
67.	Vopnafjarðarvegur	25000	
68.	Hróarstunguvegur	30000	
69.	Upphéraðsvegur	15000	
70.	Jökuldalsvegur	10000	
71.	Úthéraðsvegur	45000	
72.	Borgarfjarðarvegur	5000	
73.	Fjarðarheiðarvegur	100000	
74.	Skógavegur	10000	
75.	Eskifjarðarvegur	25000	
76.	Oddsskarðsvegur	300000	
77.	Fáskrúðsfjarðarvegur	100000	
78.	Stöðvarfjarðarvegur	65000	
79.	Berunesvegur	15000	
80.	Breiðdalsvíkurvegur	15000	
81.	Geithellnavegur	30000	
82.	Lónsheiðarvegur	35000	
83.	Almannaskarðsvegur	20000	
84.	Innnesjavegur	20000	
85.	Mýravegur	15000	
86.	Suðursveitarvegur	20000	
87.	Öræfavegur	15000	

13. gr.

		kr.	kr.
88. Síðuvegur	20000		
89. Landbrotsvegur	20000		
90. Meðallandsvegur	25000		
91. Skaftártunguvegur	60000		
92. Mýrdalssandsvegur	20000		
93. Mýrdalsvegur	35000		
94. Eyjafjallavegur	60000		
95. Syðri-Landeyjavegur	40000		
96. Ytri-Landeyjavegur	25000		
97. Þykkvabæjarvegur	35000		
98. Hagabraut	75000		
99. Landvegur	35000		
100. Gnúpverjahreppsvegur	20000		
101. Hrunamannahreppsvegur	50000		
102. Skálholtsvegur	10000		
103. Partavegur	20000		
104. Selvogsvegur	600000		
105. Austurlandsvegur	160000		
		6 635 000	
b. Til endurgreiðslu á framlagi 1945:			
1. Ólafsvíkurvegur	90000		
2. Stykkishólmsvegur	120000		
3. Hjarðardalsvegur	35000		
4. Súðavíkurvegur	50000		
5. Skagastrandarvegur	100000		
6. Svalbarðsstrandarvegur	130000		
7. Brekknaheiðarvegur	40000		
8. Jökulsárhlíðarvegur	10000		
		575 000	
c. Viðhald og endurbætur		8 000 000	
			15 210 000
III. Brúargerðir:			
1. Álftá í Hraunhreppi í Mýrasýslu		90 000	
2. Kverná í Eyrarsveit		35 000	
3. Kjarlaksstaðaá í Dalasýslu		55 000	
4. Bakkadalsá í Arnarfirði		15 000	
5. Arnardalsá í Norður-Ísafjarðarsýslu		30 000	
6. Tjarnará á Vatnsnesi		55 000	
7. Svartá í Skagafirði		60 000	
8. Hofsá í Svarfaðardal		40 000	
9. Laxá í Lóni		60 000	
10. Brúará í Fljótshverfi		30 000	
11. Þverá í Hreppum í Árnessýslu		45 000	
12. Ölfusá		500 000	
13. Til brúa, sem áður hefur verið veitt fé til í fjárlögum		250 000	
14. Ýmsar smábrýr		200 000	
15. Miklagil á Holtavörðuheiði		50 000	
16. Hrútafjarðará		50 000	
17. Ártúnsá á Kjalarnesi		55 000	
			1 620 000

13. gr.

	kr.	kr.
IV. Til brúasjóðs samkvæmt lögum		400 000
V. Til fjallvega		90 000
VI. Til áhalda:		
1. Til verkfærakaupa	100 000	
2. Til kaupa á vegavinnuvélum	800 000	
3. Til bókasafns verkamanna	4 000	
		904 000
VII. Til sýsluvega:		
1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að	200 000	
2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 102 1933	400 000	
		600 000
VIII. Til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum og verzlunarstöðum af bifreiðaskatti		100 000
IX. Til ferjuhalds		5 000
X. Styrkur til vetrarflutninga		20 000
XI. Til ræktunarvega:		
a. Í Vestmannaeyjum	30 000	
b. Í Flatey á Breiðafirði	3 000	
c. Í Flatey á Skjálfanda	3 000	
d. Í Grímsey	3 000	
e. Í Hrísey	4 500	
		43 500
XII. Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum		111 000
XIII. Til verkstjóranámskeiðs, eftir ráðstöfun vegamálastjóra og vitamálastjóra		5 000
XIV. Til fyrrverandi vegaverkstjóra og til vegaverkstjóraekkna, eftir tillögum vegamálastjóra		13 000
XV. Iðgjöld til slysatryggingarinnar		90 000
XVI. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1943, um orlof verkamanna		350 000
XVII. Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)		3 000
Samtals A ...	. . .	20 112 275
B. Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs	2 500 000	
(Þar af fyrning kr. 105000, sjá 20. gr.).		
b. Til vöruflutninga í Skaftafellssýslu	10 000	
enda sjái Skipaútgerð ríkisins einnig fyrir flutningum til Öræfa eftir þörfum.		
		2 510 000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		500 000
Skipaútgerð ríkisins hefur yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1945 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefur numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1946 og flutningsgjaldskrá sé samþykkt af póst- og símamálastjórninni og Skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkis-		

13. gr.

	kr.	kr.
sjóði. Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyldir til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt. Eigi skal styrkurinn greiddur að fullu, fyrr en skilríki hafa legið fyrir Skipaútgerð ríkisins um afkomu hlutaðeigandi báta á styrktímabilinu, þeirra er varanlegum samgöngum halda uppi á ákveðnu svæði, svo að sýnt sé, að styrksins hefur verið þörf, eins og hann var ákveðinn.		
Samtals B. ...	. . .	3 010 000
C. Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra, aðstoðarverkfræðings og skrifstofumanna:		
a. Grunnlaun 41500		
b. Verðlagsuppbót 72625		
	114 125	
2. Húsaleiga, ljós og hiti	18 000	
3. Annar skrifstofukostnaður	15 000	
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar	10 000	
5. Laun verkfræðinga:		
a. Grunnlaun 41100		
b. Verðlagsuppbót 71925		
113025		
÷ áætlað fært á hafnargerðir 50000		
	63 025	
		220 150
II. Laun vitavarða:		
1. Grunnlaun	70 000	
2. Verðlagsuppbót	122 500	
		192 500
III. Rekstrarkostnaður vitanna:		
a. Vitaskipið	200 000	
b. Vitarnir	250 000	
		450 000
IV. Viðhald og endurbætur vitanna		100 000
V. Sjómerki og viðhald sæluhúsa		25 000
VI. Til áhalda		300 000
VII. Ýmislegt:		
a. Rekstur áhaldahússins	85 000	
b. Viðhald og rekstur bifreiða	30 000	
c. Annað	15 000	
		130 000
VIII. Fyrning vitanna		80 000
IX. Til hafnarmannvirkja:		
1. Akureyri	100 000	
2. Hafnarfjörður	300 000	
3. Ísafjörður	100 000	
4. Seyðisfjörður	50 000	

13. gr.

	kr.	kr.
5. Siglufjörður	100 000	
6. Vestmannaeyjar	200 000	
7. Akranes	300 000	
8. Bolungavík	100 000	
9. Dalvík	150 000	
10. Eskifjörður	50 000	
11. Fáskrúðsfjörður	50 000	
12. Flateyri	30 000	
13. Grafarnes	75 000	
14. Hofsós	25 000	
15. Höfn í Hornafirði	100 000	
16. Hrísey	75 000	
17. Húsavík	200 000	
18. Keflavík	200 000	
19. Neskaupstaður	100 000	
20. Ólafsfjörður	200 000	
21. Ólafsvík	25 000	
22. Patreksfjörður	100 000	
23. Raufarhöfn	40 000	
24. Sauðárkrókur	75 000	
25. Skagaströnd	200 000	
26. Stykkishólmur	50 000	
27. Suðureyri í Súgandafirði	25 000	
28. Þingeyri	100 000	
		3 120 000
X. Til lendingarbóta:		
1. Alviðra í Dýrafirði	20 000	
2. Arnarstapi	10 000	
3. Borgarfjörður	60 000	
4. Bær á Snæfjallaströnd	20 000	
5. Blönduós	25 000	
6. Breiðdalsvík	40 000	
7. Búðardalur	25 000	
8. Djúpivogur	90 000	
9. Flatey á Skjálfanda	25 000	
10. Gerðar í Garði	25 000	
11. Grímsey	25 000	
12. Grunnavík	25 000	
13. Hauganes	1 000	
14. Hvammstangi	70 000	
15. Höfn í Bakkafirði	25 000	
16. Járngerðarstaðir	75 000	
17. Kaldrananes	15 000	
18. Kópasker	20 000	
19. Króksfjarðarnes	10 000	
20. Sandgerði	100 000	
21. Selárdalur	10 000	
22. Stokkseyri	25 000	
23. Stöðvarfjörður	85 000	
24. Tálknafjörður	25 000	
25. Vogar	50 000	

13. gr.

		kr.	kr.
26. Vopnafjörður		25 000	
27. Þorkötlustaðir		20 000	
28. Þorlákshöfn		50 000	
29. Örlygshöfn		25 000	
			1 021 000
XI. Til hafnarbótasjóðs samkvæmt lögum			800 000
Samtals C. ...		. . .	6 438 650
D. Flugmál.			
I. Stjórn og undirbúningur flugmála:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	43400		
b. Verðlagsuppbót	75940		
		119 340	
2. Annar kostnaður		74 600	
			193 940
II. Styrkir til námsmanna og til starfsemi áhugamanna			150 000
III. Til flugvallargerða og lendingarbóta fyrir flugvélar og til viðhalds og rekstrar flugvalla			600 000
Samtals D. ...		. . .	943 940

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Kirkjumál.		
I.	Biskupsembættið:		
	1. Laun biskups og starfsmanna á skrifstofu hans:		
	a. Grunnlaun 25900		
	b. Verðlagsuppbót 42325		
		68 225	
	2. Risna:		
	a. Grunnlaun 2000		
	b. Verðlagsuppbót 3000		
		5 000	
	3. Annar skrifstofukostnaður	3 000	
	4. Ferðakostnaður biskups	5 000	
			81 225
II.	Embætti sóknarpresta og prófasta:		
	1. Laun sóknarpresta:		
	a. Grunnlaun 928550		
	b. Verðlagsuppbót 1624962		
	2553512		
	÷ framlag úr prestlaunasjóði 100000		
		2 453 512	
	2. Laun prófasta:		
	a. Grunnlaun 12600		
	b. Verðlagsuppbót 22050		
		34 650	
	3. Embættiskostnaður presta:		
	a. Grunnlaun 61200		
	b. Verðlagsuppbót 107100		
		168 300	
	4. Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum	200 000	
	5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík til skýrslugerðar:		
	a. Grunnlaun 2600		
	b. Verðlagsuppbót 4550		
		7 150	
			2 863 612
III.	Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkv. lögum		10 000
IV.	Til söngmálastjóra þjóðkirkjunnar:		
	1. Grunnlaun	9 000	
	2. Verðlagsuppbót	15 750	
	3. Ferðakostnaður	2 400	
			27 150
V.	Til eflingar kirkjusöngs skv. ráðstöfun söngmálastjóra		15 000
VI.	Kostnaður við kirkjuráð		500
VII.	Til að gefa út ársskýrslu þjóðkirkjunnar		1 250
VIII.	Til styrktar málgagni fyrir hina íslenzku þjóðkirkju		5 000
	Samtals A ...	. . .	3 003 737

14. gr.

		kr.	kr.
	B. Kennslumál.		
I.	Háskólinn:		
	1. Laun kennara og annarra starfsmanna:		
	a. Grunnlaun 358950		
	b. Verðlagsuppbót 621687		
		980 637	
	2. Hiti, ljós og ræsting	115 000	
	3. Námsstyrkir	87 500	
	4. Húsaleigustyrkir	37 500	
	5. Til rannsóknarstofu í líffæra- og lífeðlisfræði ..	20 000	
	6. Til tannlækningastofu	3 000	
	7. Til rannsóknarstofu í lyfjafræði	7 000	
	8. Til rannsóknarstofu í heilbrigðisfræði	7 000	
	9. Til íþróttakennslu (til húsaleigu og áhaldakaupa)	7 500	
	10. Ýmis gjöld	75 000	
			1 340 137
II.	Til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis:		
	a. Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum	150 000	
	b. Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs ..	350 000	
	Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að þeir, sem styrks njóta, inni af hendi að loknu námi minnst 5 ára þjónustu í þágu landsins, ella endurgreiði þeir styrkinn.		
	c. Til stúdentaráðs, til þess að starfrækja leiðbeiningaskrifstofu undir stjórn Lúðvíks Guðmundssonar:		
	1. Grunnlaun 4500		
	2. Verðlagsuppbót 7875		
		12 375	
			512 375
III.	Fræðslumálastjóraembættið:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 51200		
	b. Verðlagsuppbót 89600		
		140 800	
	2. Annar kostnaður	45 000	
			185 800
IV.	Menntaskólinn í Reykjavík:		
	a. Föst laun:		
	1. Grunnlaun 126900		
	2. Verðlagsuppbót 222075		
		348 975	
	b. Stundakennsla:		
	1. Grunnlaun 58752		
	2. Verðlagsuppbót 102816		
		161 568	
	c. Hiti, ljós og ræsting	51 000	
	d. Viðhald húsa og áhalda	30 000	
	e. Náms- og húsaleigustyrkir	13 700	
	f. Styrkur til bókasafns skólans	3 000	
	g. Styrkur til bókasafnsins Íþöku	2 000	

14. gr.

		kr.	kr.
h. Til prófdómara		20 000	
i. Vegna kostnaðar við skólastjórn:			
1. Grunnlaun	2000		
2. Verðlagsuppbót	3500		
		5 500	
j. Annar kostnaður		29 000	
k. Fyrning		3 540	
			668 283
V. Menntaskólinn á Akureyri:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	149700		
2. Verðlagsuppbót	232574		
		382 274	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	66500		
2. Verðlagsuppbót	116375		
		182 875	
c. Hiti, ljós og ræsting		55 000	
d. Viðhald húsa og áhalda		25 000	
e. Námsstyrkir		7 500	
f. Til bóka og áhalda		5 000	
g. Vegna kostnaðar við skólastjórn:			
1. Grunnlaun	2000		
2. Verðlagsuppbót	3500		
		5 500	
h. Annar kostnaður		25 600	
i. Fyrning		3 160	
			691 909
VI. Kennaraskólinn:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	67050		
2. Verðlagsuppbót	117337		
		184 387	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	20000		
2. Verðlagsuppbót	35000		
		55 000	
c. Hiti, ljós og ræsting		20 000	
d. Bækur og áhöld		10 000	
e. Námsstyrkir		8 250	
f. Viðhald húsa og áhalda		15 000	
g. Annar kostnaður		15 000	
h. Fyrning		1 090	
			308 727
VII. Stýrimannaskólinn:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	39000		
2. Verðlagsuppbót	68250		
		107 250	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	38000		
2. Verðlagsuppbót	66500		
		104 500	

14. gr.

			kr.	kr.
c. Hiti, ljós og ræsting			15 000	
d. Til áhaldakaupa			10 000	
e. Til námskeiða utan Reykjavíkur			40 000	
f. Annar kostnaður			30 000	
g. Fyrning			700	
				307 450
VIII. Vélstjóraskólinn:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun		34200		
2. Verðlagsuppbót		59850		
			94 050	
b. Stundakennsla:				
1. Grunnlaun		7500		
2. Verðlagsuppbót		13125		
			20 625	
c. Hiti, ljós og ræsting			12 000	
d. Til áhaldakaupa			50 000	
e. Annar kostnaður			14 000	
				190 675
IX. Sjómannaskólahúsið:				
a. Laun húsvarðar:				
1. Grunnlaun		4800		
2. Verðlagsuppbót		8400		
			13 200	
b. Hiti, ljós og ræsting			75 000	
c. Opinber gjöld			10 000	
d. Fyrning			10 000	
			108 200	
Endurgreiddur kostnaður af hita og ræsting			30 000	
				78 200
X. Búnaðarkennsla:				
1. Bændaskólinn á Hólum:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	28200			
2. Verðlagsuppbót	49350			
		77550		
b. Stundakennsla:				
1. Grunnlaun	10800			
2. Verðlagsuppbót	18900			
		29700		
c. Til verklegs náms		12000		
d. Hiti, ljós og ræsting		20000		
e. Til verkfærakaupa		20000		
f. Annar kostnaður		16000		
g. Fyrning		1226		
			176 476	
2. Bændaskólinn á Hvanneyri:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	37200			
2. Verðlagsuppbót	65100			
		102300		
b. Til verklegs náms		20000		
c. Hiti, ljós og ræsting		28000		

			kr.	kr.
d. Til vatnsveitu, síðari greiðsla		25000		
e. Til verkfærakaupa		40000		
f. Til verkfærasafns		1000		
g. Annar kostnaður		45000		
h. Fyrning		2300		
			263 600	
3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	21600			
2. Verðlagsuppbót	37800			
		59400		
b. Stundakennsla:				
1. Grunnlaun	3410			
2. Verðlagsuppbót	5970			
		9380		
c. Hiti, ljós og ræsting		10400		
d. Til kennsluáhalda		15000		
e. Viðhald skólahúsa		9000		
f. Annar kostnaður		15000		
g. Fyrning		2500		
			120 680	
				560 756
XI. Iðnfræðsla:				
a. Til iðnskólahalds			200 000	
Ríkisstjórnin úthlutar styrk þessum að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og Landssambands iðnaðarmanna, þó ekki yfir ½ rekstrarkostnaðar til hvers skóla.				
Iðnskólarnir skulu senda fræðslumálastjórninni skýrslu um starf sitt.				
b. Til framhaldsnáms erlendis			30 000	
				230 000
XII. Verzlunarskólar o. fl.:				
a. Til Verzlunarskóla Íslands:				
100 króna styrkur með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda allt að			120 000	
b. Til Samvinnuskólans:				
100 króna styrkur með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda allt að			30 000	
c. Kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda:				
1. Grunnlaun		500		
2. Verðlagsuppbót		875		
			1 375	
				151 375
XIII. Til Kvennaskólans í Reykjavík:				
a. Húsnæðisstyrkur			5 000	
b. Rekstrarstyrkur			80 000	
c. 60 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið			7 200	
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna			2 500	
e. Til íþróttahúss			50 000	
Skólinn stendur undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar.				144 700

14. gr.

			kr.	kr.
XIV.	Almenn barnafræðsla:			
1.	Laun kennara í föstum skólum:			
	a. Grunnlaun	2000000		
	b. Verðlagsuppbót	3500000		
			5 500 000	
2.	Laun farkennara:			
	a. Grunnlaun	385000		
	b. Verðlagsuppbót	673750	1 058 750	
3.	Til aukakennara og stundakennslu		50 000	
4.	Til kennslueftirlits:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	52800		
	2. Verðlagsuppbót	92400		
		145200		
	b. Ferðakostnaður	40000	185 200	
5.	Til framkvæmda sundskyldu í barnaskólum samkvæmt tillögum íþróttafulltrúa		120 000	
6.	Styrkur til byggingar barnaskóla utan kaupstaða		1 700 000	
7.	Til fyrrv. barnakennara eftir till. fræðslumálastjóra:			
	a. Grunnlaun	13000		
	b. Verðlagsuppbót	22750	35 750	
8.	Ráðskonukaup við heimavistarbarnaskóla:			
	a. Grunnlaun	42000		
	b. Verðlagsuppbót	73500	115 500	
9.	Styrkur til tímaritanna „Menntamál“ og „Heimili og skóli“, kr. 1500 til hvors		3 000	
10.	Til kennaranámskeiðs eða utanfara		30 000	
XV.	Unglinga- og alþýðuskólar:			8 798 200
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	24600		
	2. Verðlagsuppbót	43050		
		67650		
	b. Til verklegs náms og aukakennslu:			
	1. Grunnlaun	6000		
	2. Verðlagsuppbót	10500		
		16500		
	c. Hiti, ljós og ræsting	30000		
	d. Til kennsluáhalda	2000		
	e. Viðhald	7500		
	f. Til byggingar frystiklefa	12500		
	g. Annar kostnaður	10000		
	h. Fyrning	800	146 950	
2.	Til héraðsskóla samkv. lögum nr. 33 1940:			
	a. Grunnstyrkur	130000		
	b. Verðlagsuppbót	227500		
	c. Viðbótarstyrkur vegna launahækkunar	311255	668 755	

		kr.	kr.
3. Stofnkostnaður héraðsskóla		1 300 000	
4. Til Snorragarðs í Reykholti		10 000	
5. Til framkvæmda á Rafnseyri í minningu Jóns Sigurðssonar (önnur greiðsla af þremur)		50 000	
6. Til gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1930:			
a. Grunnstyrkur	145600		
b. Verðlagsuppbót	254800		
c. Viðbótarstyrkur vegna launahækkunar	220000		
		620 400	
7. Til viðgerðar á héraðsskólanum í Reykholti		50 000	
8. Til gagnfræðaskóla Reykvíkinga		100 000	
9. Til unglingafræðslu utan kaupstaða samkv. lögum nr. 48 1930		80 000	
10. Til byggingar gagnfræðaskóla		900 000	
11. Til bókasafna við unglingaskóla		2 500	
12. Til alþýðuskólans í Reykjavík		4 000	
13. Til handíðaskólans:			
a. Grunnstyrkur	25000		
b. Verðlagsuppbót	43750		
		68 750	
14. Til námsflokkastarfsemi undir eftirliti fræðslumálastjórnarinnar:			
a. Grunnstyrkur	13750		
b. Verðlagsuppbót	24062		
		37 812	
XVI. Húsmæðrafræðsla:			4 039 167
1. Styrkur til húsmæðraskóla skv. lögum:			
a. Grunnstyrkur	110000		
b. Verðlagsuppbót	165000		
		275 000	
2. Til byggingar húsmæðraskóla í kaupstöðum		700 000	
3. Til byggingar húsmæðraskóla í sveitum		600 000	
4. Til húsmæðrafræðslu Árnýjar Filippusdóttur:			
a. Grunnstyrkur	5000		
b. Verðlagsuppbót	8750		
c. Byggingarstyrkur	20000		
		33 750	
5. Til húsmæðrakennaraskólans:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	9600		
2. Verðlagsuppbót	16800		
	26400		
b. Stundakennsla	15000		
c. Annar kostnaður	38500		
		79 900	
XVII. Til íþróttamála:			1 688 650
1. Til íþróttakennaraskóla ríkisins:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	15600		
2. Verðlagsuppbót	27144		
	42744		

14. gr.

			kr.	kr.
	b. Stundakennsla	10000		
	c. Íþróttatæki og húsmunir	20000		
	d. Ræsting o. fl.	6500		
			79 244	
	2. Til íþróttasjóðs		700 000	
	3. Til Íþróttasambands Íslands:			
	a. Til þess að hafa fastráðinn framkvæmdastjóra	8000		
	b. Til útgáfu glímubókar	10000		
			18 000	
	4. Laun Ólafs Pálssonar til eftirlits með sundkennslu og til prófdómarastarfa:			
	a. Grunnlaun	2925		
	b. Verðlagsuppbót	5118		
			8 043	
	5. Laun Lárusar Rist, sundkennara:			
	a. Grunnlaun	2600		
	b. Verðlagsuppbót	4550		
			7 150	
	6. Til ferðakennslu í íþróttum		10 000	
				822 437
XVIII.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	26400		
	b. Verðlagsuppbót	46200		
			72 600	
	2. Annar kostnaður		80 000	
	(Þar af fyrning húss kr. 550, sjá 20. gr.).			152 600
XIX.	Til blindrastarfsemi			15 000
	Ríkisstjórnin skipti styrknum milli Blindravinafélagsins og Blindrafélagsins.			
XX.	Til Geirs Þormars, tréskurðarmeistara á Akureyri, til að halda uppi kennslu á Norðurlandi í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl:			
	a. Grunnstyrkur		900	
	b. Verðlagsuppbót		1 575	
				2 475
XXI.	Til Kristjáns Geirmundssonar til að setja upp fugla fyrir náttúrugripasafnið og skóla:			
	a. Grunnstyrkur		1 500	
	b. Verðlagsuppbót		2 625	
				4 125
XXII.	Til Sigurðar Skúlasonar til kennslu í framsagnarlist:			
	a. Grunnstyrkur		3 000	
	b. Verðlagsuppbót		5 250	
				8 250

14. gr.

		kr.	kr.
XXIII.	Til Hallgríms Helgasonar tónskálds, til þess að vinna að endurbótum á söngkennslu í skólum í samráði við fræðslumálastjórnina:		
	a. Grunnstyrkur	3 500	
	b. Verðlagsuppbót	6 125	
	c. Ferðakostnaður	2 000	
			11 625
XXIV.	Til menningar- og fræðslusambands alþýðu		5 000
XXV.	Til skáksambands Íslands		1 600
XXVI.	Til menningarsjóðs blaðamannafélags Íslands		10 000
XXVII.	Til Alþýðusambands Íslands		10 000
XXVIII.	Til Sigursveins Kristinssonar, Ólafsfirði, til tónlistarnáms		6 000
XXIX.	Til Helga Tryggvasonar, til hraðritunarkennslu		1 200
XXX.	Til rannsókna á þroskastigi íslenzkra skólabarna:		
	1. Laun dr. Matthíasar Jónassonar:		
	a. Grunnlaun 7500		
	b. Verðlagsuppbót 13125		
		20 625	
	2. Annar kostnaður	15 000	
			35 625
	Samtals B	. . .	20 982 341

15. gr.

Til bókmennta, lista og vísinda er veitt:

		kr.	kr.
A. Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi.			
I. Landsbókasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	63800		
b. Verðlagsuppbót	111650		
		175 450	
2. a. Til bóka-, tímarita- og handritakaupa	100000		
b. Til bókbands	50000		
		150 000	
3. Til Þorsteins Konráðssonar		400	
4. Til þess að semja spjaldskrá		1 200	
5. Til þess að semja og prenta skrá um handrit		5 000	
6. Til ritaukaskrár		4 800	
7. Til samningar íslenzkrar bókaskrár		10 000	
8. Ýmisleg gjöld		6 000	
			352 850
II. Þjóðskjalasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	39900		
b. Verðlagsuppbót	69825		
		109 725	
2. Til bókbands, bóka- og handritakaupa og til umbúnaðar skjala		12 000	
3. Ýmisleg gjöld		3 000	
			124 725
III. Þjóðminjasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	18300		
b. Verðlagsuppbót	32025		
		50 325	
2. Til aðstoðar, tímavinna		8 050	
3. Til þess að útvega gripi		5 000	
4. Til áhalda og aðgerða		2 200	
5. Til rannsókna og ferðakostnaðar		2 500	
6. Til sjóminjasafns		3 500	
7. Til viðgerðar á Hólakirkju		2 000	
8. Til viðhalds bæjarrústa í Stöng í Þjórsárdal		5 000	
9. Til viðhalds bæjarhúsa í Glaumbæ, Burstarfelli og Grenjaðarstað		20 000	
			98 575
IV. Til Náttúrufræðifélagsins Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrufræðisafnið sé almenningi til sýnis.			55 000
V. Safnahúsið:			
1. Laun dyravarðar:			
a. Grunnlaun	6000		
b. Verðlagsuppbót	10500		
		16 500	

15. gr.

			kr.	kr.
2.	Til hita, ljósa og opinberra gialda		30 000	
3.	Til viðhalds, áhalda og ræstingar		28 000	
5.	Fyrning		3 639	
				78 139
VI.	Styrkir til bókasafna og lesstofa:			
1.	Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð Stefánsson skáld hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3245 króna grunnlaunum:			
	a. Laun bókavarðar:			
	1. Grunnlaun	3245		
	2. Verðlagsuppbót	5678		
		8923		
	b. Annar styrkur	2500		
			11 423	
2.	Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3245 króna grunnlaunum:			
	a. Laun bókavarðar:			
	1. Grunnlaun	3245		
	2. Verðlagsuppbót	5678		
		8923		
	b. Annar styrkur	2500		
			11 423	
3.	Til bókasafns Hafnarfjarðar, að því tilskildu, að Magnús Ásgeirsson skáld hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3245 króna grunnlaunum:			
	a. Laun bókavarðar:			
	1. Grunnlaun	3245		
	2. Verðlagsuppbót	5678		
		8923		
	b. Annar styrkur	2500		
			11 423	
4	Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði		6 250	
5.	Til bókasafns Neskaupstaðar		3 750	
6.	Til bókasafns Siglufjarðar		6 250	
7.	Til sjómannalesstofu á Bíldudal		1 200	
8.	Til bókasafns Vestmannaeyja		6 250	
9.	Til iðnbókasafns í Reykjavík		2 500	
10.	Til bæjarbókasafns Reykjavíkur, þó ekki yfir ⅙ kostnaðar		37 500	
11.	Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi		4 500	
12.	Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi, byggingarstyrkur		10 000	
13.	Til sýslubókasafnsins á Sauðárkróki		3 000	
14.	Til sýslubókasafnsins á Blönduósi		2 000	
15.	Til héraðsbókasafns Suðurlands		3 000	
16.	Til sýslubókasafna, gegn eigi minna tillagi frá sýslusjóðum		11 250	
17.	Til bókhlöðunnar á Húsavík		3 000	
18.	Til bókasafns Akraness		3 750	
19.	Til bókasafns í Flatey		1 250	

15. gr.

		kr.	kr.
20.	Til sýslunefndar V.-Ísafjarðarsýslu vegna bókasafns Sighvats Grímssonar, enda sé það geymt hjá héraðsskólanum á Núpi	1 250	
21.	Til kaupa á bókum handa konunglega bókasafninu í Stokkhólmi	1 000	
22.	Til lesstofu fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík	5 000	
23.	Til lesstofu byggingarfélags alþýðu	1 250	
24.	Til lesstofu sjómannaheimilis á Siglufirði	5 000	
25.	Til lesstofu sjómannaheimilis á Raufarhöfn	1 000	
26.	Til lesstofu Sjómannafélags Reykjavíkur	3 750	
27.	Til lesstofu á Ísafirði	1 250	
28.	Til sjómannalesstofu K. F. U. M. í Vestmannaeyjum	2 000	
29.	Til sjómannalesstofu í Bolungavík	1 200	
30.	Til sjómannalesstofu í Höfn í Hornafirði	1 200	
31.	Til styrktarsjóðs lestrarfélaga skv. l. nr. 120 1943	50 000	
			213 619
VII.	Styrkur til bókaútgáfu o. fl.:		
1.	Til Hins íslenzka bókmenntafélags, til útgáfu fornbréfasafns og annarra rita:		
	a. Grunnstyrkur 15000		
	b. Verðlagsuppbót 26250	41 250	
2.	Til Þjóðvinafélagsins:		
	a. Grunnstyrkur 1400		
	b. Verðlagsuppbót 2450	3 850	
3.	Til Fornleifafélagsins:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5250	8 250	
4.	Til Sögufélagsins til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirréttardóma o. fl.:		
	a. Grunnstyrkur 4000		
	b. Verðlagsuppbót 7000	11 000	
5.	Til ætt- og mannfræðifélagsins enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun félagsins	20 000	
6.	Til Hins íslenzka fræðafélags til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um útgáfustarfsemina.	15 000	
7.	Til Fornritaútgáfunnar:		
	a. Til útgáfu á Íslendingasögum:		
	1. Grunnstyrkur 4000		
	2. Verðlagsuppbót 7000	11000	
	b. Til útgáfu á Heimskringlu:		
	1. Grunnstyrkur 4000		
	2. Verðlagsuppbót 7000	11000	
		22 000	

15. gr.

		kr.	kr.
8.	Til útgáfustarfsemi Þjóðvinafélagsins og menningarsjóðs, til útgáfu Íslendingasögu:		
	a. Grunnstyrkur 4000		
	b. Verðlagsuppbót 7000		
		11 000	
9.	Til Vísindafélags Íslendinga, til útgáfu rita:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5250		
		8 250	
10.	Til Steins Dofra, ættfræðings:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 8750		
		13 750	
	Styrkurinn veitist með því skilyrði, að, að honum látnum, verði ættfræðihandrit hans eign Landsbókasafnsins.		
11.	Til dr. Jóns Dúasonar, vegna útgáfu rita hans		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 8750		
		13 750	
12.	Til samningar íslenzkrar samheitaorðabókar:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 8750		
		13 750	
13.	Til Arnórs Sigurjónssonar, ritstyrkur	5 000	
14.	Til útgáfu héraðssagnarita, eftir tillögum heimspekideildar háskólans:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 8750		
		13 750	
15.	Til Björns Guðfinnssonar, utanfararstyrkur	30 000	
16.	Til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn til útgáfu tímarits	5 000	
17.	Til Norræna félagsins	5 000	
18.	Til Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn	4 000	
			244 600
VIII.	Til skálda, rithöfunda og listamanna:		
	a. Grunnstyrkir	175 000	
	b. Verðlagsuppbót	306 250	
			481 250
	Af fé þessu skal Gunnar skáld Gunnarsson njóta 6000 kr. heiðurslauna að viðbættri verðlagsuppbót.		
	Að öðru leyti skal 4 manna nefnd, kosin af Alþingi, skipta fjárhæð þessari.		
IX.	Til vísindamanna og fræðimanna samkvæmt úthlutun menntamálaráðs:		
	a. Grunnstyrkur	30 000	
	b. Verðlagsuppbót	52 500	
			82 500

15. gr.

		kr.	kr.
X.	Til leiklistarstarfsemi:		
1.	Til leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur ..	20 000	
2.	Til leikskóla Lárusar Pálssonar 3500 kr., til leiklistarskóla Soffíu Guðlaugsdóttur 2500 kr. og til leiklistarskóla Jóns Norðfjörðs 2500 kr.:		
	a. Grunnstyrkur 8500		
	b. Verðlagsuppbót 14875		
		23 375	
3.	Til leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Akureyrar ..	6 000	
4.	Til leikfélags Hafnarfjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar	3 000	
5.	Til leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Ísafjarðar ..	1 500	
6.	Til leikfélags Sauðárkróks, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
7.	Til leikfélags Vestmannaeyja, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Vestmannaeyja	1 500	
8.	Til leikfélags á Siglufirði, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
9.	Til leikfélags Dalvíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að.	1 000	
10.	Til leikfélags Eyrarbakka, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 000	
11.	Til leikfélags Akraness, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
			61 875
XI.	Til tónlistarstarfsemi:		
1.	Til Tónlistarskólans, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur:		
	a. Grunnstyrkur 10000		
	b. Verðlagsuppbót 17500		
		27 500	
2.	Til hljómsveitar Reykjavíkur	2 000	
3.	Til Lúðrasveitar Reykjavíkur, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að	25 000	
4.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að starfa að tónlistarmálum og efla skilning alþýðu á tónmennt:		
	a. Grunnlaun 4620		
	b. Verðlagsuppbót 8085		
		12 705	
5.	Til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum, með umsjá söngmálastjóra þjóðkirkjunnar:		
	a. Grunnlaun 1950		
	b. Verðlagsuppbót 3412		
		5 362	

15. gr.

		kr.	kr.
6.	Til sambands íslenzkra karlakóra:		
	a. Grunnstyrkur 6000		
	b. Verðlagsuppbót 10500		
		16 500	
7.	Til landssambands blandaðra kóra og kvennakóra:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5250		
		8 250	
			97 317
XII.	Til listasafns Einars Jónssonar:		
1.	Laun Einars Jónssonar:		
	a. Grunnlaun 8245		
	b. Verðlagsuppbót 14428		
		22 673	
2.	Til eldiviðar og ljósa	7 000	
3.	Ýmis gjöld	7 500	
4.	Fyrning	711	
			37 884
XIII.	Til Bandalags íslenzkra listamanna:		
	a. Grunnstyrkur	4 800	
	b. Verðlagsuppbót	8 400	
			13 200
XIV.	Til eflingar menningarsambandi við Vestur-Íslendinga (Þar af 5000 kr. til Þjóðræknisfélags Íslendinga.)		8 000
XV.	Kostnaður við friðun Þingvalla, sbr. lög nr. 59 1928		8 000
XVI.	Til umbóta á Þingvöllum		80 000
XVII.	Til Vesturheimsblaðanna Lögbergs og Heimskringlu 10 000 til hvors		20 000
	Samtals A. ...	. . .	2 057 534
	B. Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu o. fl.		
I.	Atvinnudeild háskólans:		
1.	Iðnaðardeild:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 70975		
	2. Verðlagsuppbót 124206		
	195181		
	b. Annar kostnaður 137500		
	332681		
	÷ tekjur af rannsóknum 50000		
		282 681	
2.	Fiskideild:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 61525		
	2. Verðlagsuppbót 107668		
	169193		

15. gr.

		kr.	kr.
b. Til fiskirannsókna í Faxaflóa gegn jafnháu framlagi frá fiskimálasjóði ..	50000		
c. Til áhaldakaupa og útgáfustarfsemi ...	25000		
d. Ýmislegur rekstrarkostnaður	75000		
		319 193	
3. Landbúnaðardeild:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	75100		
2. Verðlagsuppbót	131425		
	206525		
b. Tilraunabúið á Keldum, rekstrarhalli	94900		
c. Fjárræktarbúið á Hesti, rekstrarhalli	76500		
d. Annar rannsóknarkostnaður	101000		
		478 925	
4. Sameiginlegur kostnaður:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	14150		
2. Verðlagsuppbót	24762		
	38912		
b. Til ræstingar	22000		
c. Til eldiviðar og ljósa	12000		
d. Annar kostnaður	22000		
	94912		
÷ tekjur frá happdrætti Háskóla Íslands	25000		
		69 912	
5. Til fjörefnarannsókna		50 000	
			1 200 711
II. Rannsóknarstofa háskólans:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	110000		
b. Verðlagsuppbót	192500		
		302 500	
2. Annar kostnaður		130 000	
		432 500	
÷ tekjur af rannsóknum		200 000	
			232 500
III. Til rannsóknaráðs:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	17400		
b. Verðlagsuppbót	30450		
		47 850	
2. Rannsóknakostnaður		20 000	
			67 850
IV. Veðurstofa Íslands:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	85125		
b. Verðlagsuppbót	148968		
		234 093	
2. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.		140 000	

15. gr.

		kr.	kr.
3.	Til veðurskeyta o. fl.	70 000	
4.	Til loftskeytatækja	5 000	
5.	Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	20 000	
6.	Eftirlit með veðurathugunarstöðvum, aukavinna o. fl.	5 000	
7.	Úrkomumælingar á fjöllum	10 000	
8.	Til kaupa á tækjum til landskjálftamælinga	30 000	
			514 093
V.	Til landmælinga		10 000
VI.	Til jökulmælinga		1 500
VII.	Til sjómælinga		
1.	Laun:		
	a. Grunnlaun 14000		
	b. Verðlagsuppbót 16800		
		30 800	
2.	Skipaleigur og aðstoð	120 000	
			150 800
VIII.	Til vatnsmælinga í fallvötnum		30 000
IX.	Til húsameistara ríkisins:		
1.	Laun:		
	a. Grunnlaun 41800		
	b. Verðlagsuppbót 73150		
		114 950	
2.	Annar kostnaður	36 800	
			151 750
	Samtals B.	. . .	2 359 204

16. gr.

Til atvinnumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Landbúnaðarmál.		
1.	Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra fjárhagsáætlun félagsins		682 000
2.	Til sama, til kynnisferða bænda		5 000
3.	Til nýbýla		360 000
	Þar af 50000 kr. sem viðbótarstyrkur til nýbýlamanna, sem við mesta örðugleika eiga að stríða vegna dýrtíðarinnar, eftir ráðstöfun nýbýlastjórnar.		
4.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum:		
	a. Jarðabótastyrkur	1 700 000	
	b. Til verkfærakaupasjóðs	120 000	
	c. Til vélasjóðs skv. lögum	50 000	
	d. Til ræktunarframkvæmda vélasjóðs	270 000	
			2 140 000
5.	Til búfjárræktar samkv. lögum nr. 32 1931		200 000
6.	Til tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins		150 000
7.	Til bygginga á Reykhólum		115 000
8.	Til bygginga í sveitum:		
	a. Til byggingar- og landnámssjóðs	300 000	
	b. Byggingarstyrkir	500 000	
			800 000
9.	Tillag til kreppulánasjóðs		343 344
10.	Til ræktunarsjóðs, vaxtatillag		3 312
11.	Til áveitufélags Ölfusinga		20 000
12.	Til framræslu á löndum ríkissjóðs á Stokkseyri og Eyrarbakka, önnur greiðsla af þremur		100 000
13.	Til fyrirhleðslu á Þverá og Markarfljóti		200 000
14.	Til fyrirhleðslu í Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum		50 000
15.	Til fyrirhleðslu í Geirastaðakvísl		30 000
16.	Til sand- og sjóvarnargarðs í Vík í Mýrdal, ⅔ kostnaðar, allt að		20 000
17.	Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu, samkv. lögum nr. 68 1918 og lögum nr. 10 1926		4 000
18.	Til vélasjóðs til verkfærakaupa		500 000
19.	Til sandgræðslu:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 15300		
	2. Verðlagsuppbót 26775		
		42 075	
	b. Til sandgræðslustöðva	148 000	
	c. Til nýrra sandgræðslugirðinga	100 000	
	d. Ýmis gjöld	80 000	
			370 075
20.	Til skógræktar:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 41925		
	2. Verðlagsuppbót 73368		
		115 293	
	b. Skrifstofukostnaður	16 500	
	c. Til skóggræðslu	175 000	

16. gr.

		kr.	kr.
	d. Annar kostnaður	50 000	
	e. Til skógræktarfélaga	75 000	
			431 793
21.	Til Garðyrkjufélags Íslands		2 000
22.	Til búreikningaskrifstofu, sbr. lög nr. 35 1941		20 000
23.	Til mjólkurbúa og smjörsamlaga		30 000
24.	Styrkur til byggingar nýrrar mjólkurstöðvar í Reykjavík, þó ekki yfir ¼ byggingarkostnaðar		300 000
25.	Til klaksjóðs samkvæmt lögum nr. 36 1937		10 000
26.	Kostnaður vegna l. nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði		15 000
27.	Til Loðdýraræktarfélags Íslands		6 000
28.	Til loðdýraræktar:		
	a. Laun ráðunautar:		
	1. Grunnlaun 8400		
	2. Verðlagsuppbót 14700		
		23 100	
	b. Annar kostnaður	10 000	
			33 100
29.	Til dýralækna:		
	a. Laun dýralækna:		
	1. Grunnlaun 39600		
	2. Verðlagsuppbót 69300		
		108 900	
	b. Styrkur til einstakra manna til að stunda dýralækningar, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að:		
	1. Grunnstyrkur 6800		
	2. Verðlagsuppbót 11900		
		18 700	
	c. Skrifstofukostnaður yfirdýralæknis	3 000	
			130 600
30.	Til kláðalækninga		3 000
31.	Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar		2 800 000
32.	Til vélsmiðju á Hólmi í Landbroti, stofnkostnaður		25 000
33.	Til Páls G. Jónssonar, Garði, Fnjóskadal		1 000
	Samtals A ...	. . .	9 900 224

B. Sjávarútvegsmál.

1.	Til Fiskifélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins, og félagið sjái um útgáfu fiskimannaalmanaks á sinn kostnað		675 000
2.	Til skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda		180 000
3.	Til alþjóðahafrannsókna		13 500
4.	Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins		10 000
	Samtals B ...	. . .	878 500

16. gr.

	kr.	kr.
C. Iðnaðarmál.		
1. Til Landssambands iðnaðarmanna		50 000
2. Til iðnlánasjóðs		65 000
3. Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík, ⅝ kostnaðar allt að		300 000
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að ríkisstjórnin láti endurskoða reikninga stofnunarinnar og árlega sé gefin skýrsla um starfsemina, samþykkt af endurskoðanda.		
4. Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar:		
a. Grunnlaun	2 340	
b. Verðlagsuppbót	4 095	
		6 435
5. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði:		
a. Grunnstyrkur	900	
b. Verðlagsuppbót	1 575	
		2 475
6. Til Guðmundar Kristinssonar, myndskera:		
a. Grunnstyrkur	500	
b. Verðlagsuppbót	875	
		1 375
7. Til kolsýruverksmiðjunnar Sindra, stofnkostnaður		50 000
8. Til raforkusjóðs samkv. l. nr. 91 1942		500 000
Samtals C ...	. . .	975 285

17. gr.

Til félagsmála er veitt:

	kr.	kr.
1. Tillag til bjargráðasjóðs, samkv. l. nr. 45 1913		33 000
2. Til alþýðutrygginga:		
a. Slysatryggingar	70 000	
b. Sjúkratryggingar	2 000 000	
c. Atvinnuleysistryggingar	15 000	
d. Ellilaun og örorkubætur	2 500 000	
e. Kostnaðartillag	232 500	
		4 817 500
3. Gjöld samkvæmt lögum nr. 39 1935 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna		15 000
4. Gjöld samkvæmt 20. og 22. gr. framfærslulaga, nr. 52 1940		20 000
5. Til styrktar- og sjúkrasjóða samkv. úthlutun félagsmálaráðuneytisins		15 000
6. Gamalmennahæli:		
a. Til elliheimilisins Grundar í Reykjavík ..... enda greiði vistmenn, sem framfærslusveit eiga utan Reykjavíkur, ekki hærra daggjald en bæjarmenn.	7 000	
b. Til sjö gamalmennahæla utan Reykjavíkur, 3000 kr. til hvers	21 000	
		28 000
7. Til sambands íslenzkra berklasjúklinga:		
a. Byggingastyrkur	200 000	
b. Rekstrarstyrkur vegna læknislauna	30 525	
		230 525
8. Til sumardvalarheimila, dagheimila og vistarheimila fyrir börn úr bæjum og kauptúnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að		200 000
9. Kostnaður við barnaverndarráð		20 000
10. Til barnavinafélagsins Sumargjafar, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurbæ		150 000
11. Til upptökuheimilis fyrir börn og unglinga		25 000
12. Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi:		
a. Til Rauðakross Íslands	15 000	
b. Til Sambands íslenzkra berklasjúklinga	3 000	
c. Til félagsins „Heyrnarhjálpar“	5 000	
d. Til félagsins „Sjálfbjargar“	2 000	
e. Til mæðrastyrksnefnda ..... Þar af 15 þús. kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur. Ráðherra úthlutar fénu, að fengnum tillögum mæðrastyrksnefndar í Reykjavík.	50 000	
		75 000
13. Til slysavarna		100 000
14. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis		5 000
15. Til Stórstúku Íslands til bindindisstarfsemi ..... Þar af til bindindisstarfsemi í skólum 15 000.		200 000

17. gr.

	kr.	kr.
16. Ungmennastarfsemi:		
a. Til Ungmennafélags Íslands	12 000	
Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um það, hvernig fénu er varið.		
b. Til Bandalags skáta	2 000	
c. Til Bandalags íslenzkra farfugla	1 500	
		15 500
17. Til útgáfu sögu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi ..		12 000
18. Til Kvenfélagasambands Íslands, til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju		125 000
19. Til kvennaheimilisins Hallveigarstaða, byggingarstyrkur		50 000
20. Til Kvenréttindafélags Íslands		10 000
21. Til vinnumiðlunar		20 000
22. Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga		700 000
23. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna		450 000
24. Til Bálfarafélags Íslands		35 000
25. Til Dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		5 000
26. Til kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, rekstrarhalli		60 000
Samtals ...	. . .	7 416 525

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn:		
1.	Ari Arnalds, fyrrv. sýslumaður	1968.75	
2.	Árni Þorvaldsson, fv. menntaskólak. .	1798.34	
3.	Bogi Brynjólfsson, fv. sýslum.	1885.00	
4.	Dr. Einar Arnórsson, fv. hæstar.d. ..	15000.00	
5.	Einar Sæmundsson, fv. skógarvörður .	2670.00	
6.	Guðm. Björnsson, fv. sýslum.	2502.81	
7.	Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslum. ..	2442.69	
8.	Guðm. Guðmundsson, fv. héraðsl.	1625.00	
9.	Guðmundur Hannesson prófessor	3586.67	
10.	Guðm. Sveinbjörnsson, fv. skrifststj. .	1820.00	
11.	Halldór Kr. Júlíusson, fv. sýslum. ..	1984.73	
12.	Halldór Steinsson, fv. héraðslæknir ..	1562.50	
13.	Ingólfur Gíslason, fv. héraðlæknir ..	1781.45	
14.	Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfóg. .	7620.00	
15.	Jón Hermannsson, fv. tollstjóri	7620.00	
16.	Jónas Kristjánsson, fv. héraðslæknir .	1620.00	
17.	Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	2374.48	
18.	Magnús Jónsson, fyrrv. bæjarfógeti .	6370.00	
19.	Magnús Torfason, fyrrv. sýslum.	3650.00	
20.	Ólafur Daníelsson, fv. yfirkennari ..	1812.50	
21.	Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir ..	1620.00	
22.	Ólafur Thorlacius, fv. héraðslæknir .	1397.50	
23.	Páll Einarsson, fv. hæstaréttardómari	15000.00	
24.	Sigurður Briem, fv. póstmeistari ...	7620.00	
25.	Sigurður Thoroddsen, fv. yfirkennari	1843.75	
26.	Sigurjón Jónsson, fv. héraðslæknir ..	1551.88	
27.	Sigurjón Markússon, fv. sýslumaður .	2145.00	
28.	Sigvaldi Kaldalóns, fv. héraðlæknir ..	1335.81	
29.	Skúli Árnason, fv. héraðslæknir	1300.00	
30.	Steingrímur Jónsson, fv. bæjarfógeti .	7120.00	
31.	Steingrímur Matthíasson, fv. héraðsl. .	1397.50	
			114 026 36
	b. Embættismannaekkjur:		
1.	Aðalbjörg Jakobsdóttir, læknisekkja .	710.94	
2.	Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja próf. Har. Níelss.	552.50	
3.	Álfheiður Briem	1015.63	
4.	Anna Gunnlaugsson, læknise., Vestm.	243.75	
5.	Anna Kl. Jónsson ráðherraekkja	1218.75	
6.	Cathinka Sigfússon kennaraekkja ...	390.00	
7.	Guðrún B. Gísladóttir læknisekkja ..	307.73	
8.	Guðrún Tulinius sýslumannsekkja ..	762.37	
9.	Ingibjörg Magnúsdóttir læknisekkja .	345.31	
10.	Ingibjörg Sigurðardóttir læknisekkja	243.75	
11.	Ingileif Aðils prófessorsekkja	552.50	
12.	Jenny Forberg landssímastjóraekkja .	812.50	
13.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja ..	385.94	
14.	Margrét Árnadóttir sýslumannsekkja	568.75	

18. gr.

		kr.	kr.
15.	Margrét Björnson læknisekkja	1421.88	
16.	Margrét Kr. Lárusdóttir læknisekkja .	243.75	
17.	Rannveig Tómasdóttir læknisekkja ..	304.69	
18.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja .	345.31	
19.	Sigríður Blöndal læknisekkja	243.75	
20.	Sigríður H. Jensson yfirdómaraekkja	812.50	
21.	Sigríður Jónsdóttir prófessorsekkja ..	1539.20	
22.	Sigríður R. Pálsson yfirkennaraekkja	731.25	
23.	Sigrún Bjarnason yfirkennaraekkja ..	650.00	
24.	Soffía Guðmundsson ráðherraekkja ..	731.25	
25.	Steinunn Frímannsdóttir skólameistaraekkja	1163.21	
26.	Súsanna Fr. Erlendsson læknisekkja	304.69	
27.	Theodóra Thoroddsen sýslum.ekkja .	869.65	
28.	Valgerður Sveinsdóttir læknisekkja .	568.75	
29.	Vigdís G. Blöndal læknisekkja	304.69	
30.	Þóra Gísladóttir læknisekkja	345.31	
31.	Þóra Magnússon ráðherraekkja	1950.00	
32.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja ..	511.88	
			21 152 18
c.	Prestsekkjur:		
1.	Anna Stefánsd. frá Stað í Súgandaf. ..	162.50	
2.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	162.50	
3.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagaf.	162.50	
4.	Björg Einarsdóttir Dvergasteini	417.37	
5.	Björg Einarsdóttir Undirfelli	162.50	
6.	Guðbjörg Hermannsd. frá Þingvöllum	192.24	
7.	Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi, Norðf.	205.47	
8.	Guðríður Helgad. frá Kvennabrekku .	273.00	
9.	Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík	220.58	
10.	Guðrún Hermannsd. frá Breiðabólsstað	346.03	
11.	Guðrún G. Jóhannesdóttir frá Bergst.	174.75	
12.	Guðrún Runólfsdóttir	267.27	
13.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	218.40	
14.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	313.63	
15.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	118.53	
16.	Helga Stephensen frá Holti	299.59	
17.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	203.61	
18.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási ..	230.91	
19.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	162.50	
20.	Jóhanna Magnúsd. frá Staðarhrauni..	364.00	
21.	Kristín Ísleifsdóttir frá Eyrarbakka ..	193.38	
22.	Líney Sigurjónsdóttir frá Görðum ...	511.57	
23.	Margrét Jónasdóttir frá Stað	213.46	
24.	Margrét Sigurðardóttir frá Höskuldss.	214.26	
25.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað á Reykjanesi	312.86	
26.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	213.46	
27.	Sigríður Hansdóttir frá Djúpavogi ..	179.14	
28.	Sigríður Helgadóttir frá Odda	350.51	

18. gr

		kr.	kr.
29. Sigríður Jóhannesdóttir frá Hruna ..	210.31		
30. Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli ..	239.69		
31. Sigurlaug Árnad. Knudsen frá Breiðabólsstað	216.13		
32. Steinunn E. Stephensen frá Bjarnanesi	325.36		
33. Vilborg Jónsdóttir frá Prestbakka ..	166.81		
34. Þóra Jónsdóttir Auðkúlu	134.42		
35. Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka ..	162.50		
36. Þórhildur Sigurðardóttir frá Stöð ...	192.12		
		8 493 86	
d. Framlag samkv. l. nr. 51 1921, 8. gr.			
1. Aldný Magnúsdóttir símritaraekkja ..	286.00		
2. Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	390.00		
3. Ásta Einarson dýralæknisekkja	325.00		
4. Ásta Halldórsdóttir póstafgrm.ekkja .	312.00		
5. Björg Jónsd. prestsekkja frá Vallanesi	260.00		
6. Guðbjörg Tómasdóttir læknisekkja ..	455.00		
7. Guðbjörg Árnadóttir læknisekkja	455.00		
8. Guðfinna Þórðard. vitavarðarekkja ..	117.00		
9. Harriet Jónsson lagaprófessorsekkja .	585.00		
10. Hedvig Blöndal póstritaraekkja	455.00		
11. Hrefna Jóhannesdóttir læknisekkja ..	390.00		
12. Ida Stefánsdóttir símamannsekkja ...	286.00		
13. Ingibjörg Guðjónsd. símritaraekkja ..	234.00		
14. Ingibjörg Ögmundsdóttir símstj.ekkja	234.00		
15. Kristín Guðmundsóttir	195.00		
16. Lára Bjarnadóttir símritaraekkja	286.00		
17. Margrét Lárusdóttir læknisekkja	390.00		
18. Margrét Þórðardóttir læknisekkja	585.00		
19. María Guðmundsd. fiskmatsm.ekkja .	312.00		
20. María J. Klemens póstafgrm.ekkja ..	312.00		
21. Marta Eiríksdóttir læknisekkja	390.00		
22. Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	234.00		
23. Rigmor Ófeigsson yfirkennaraekkja .	442.00		
24. Þrúður I. Jónsdóttir símstjóraekkja .	338.00		
25. Þuríður Benediktsdóttir læknisekkja .	390.00		
		8 658 00	
e. Verðlagsuppbót		294 270 00	
			446 600
II. Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Ari Arnalds, fyrrv. bæjarfógeti	4275,00		
2. Ágúst H. Bjarnason prófessor	2500,00		
3. Árni Þorvaldsson, fyrrv. yfirkennari ..	1625,00		
4. Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður .	1040,00		
5. Eggert Stefánsson, fyrrv. símafulltrúi Akureyri	1950,00		
6. Eiríkur Kjerúlf læknir	1625,00		
7. Guðmundur Björnsson, fyrrv. sýslum.	1625,00		
8. Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslumaður	2925,00		
9. Guðmundur Hannesson prófessor	1950,00		

18. gr.

		kr.	kr.
10.	Guðm. Sveinbjörnsson, fyrrv. skrifstofustjóri	10180,00	
11.	Halldór Kr. Júlíusson, fyrrv. sýslum.	1300,00	
12.	Halldór Steinsen, fyrrv. héraðslæknir	3245,00	
13.	Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir í Borgarnesi	1625,00	
14.	Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir á Djúpavogi, biðlaun, full embættislaun	10200.00	
15.	Jakob Kristinsson, fyrrv. fræðslum.stj., lögboðinn lífeyrir meðtalinn	7620,00	
16.	Jakob Jóh. Smári, adjunkt, biðlaun, ¾ embættislauna	7200,00	
17.	Jónas Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
18.	Jósep Björnsson, fyrrv. skólastjóri	2565,00	
19.	Karl Finnbogason, fyrrv. skólastj.	2100,00	
20.	Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri	2515,00	
21.	Magnús Jónsson, fyrrv. bæjarfógeti	1200,00	
22.	Magnús Torfason, fyrrv. sýslumaður	2970,00	
23.	Ólafur Daníelsson, fyrrv. yfirkennari	3245,00	
24.	Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
25.	Ólafur Thorlacius, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
26.	Páll Halldórsson, fyrrv. skólastjóri	1625,00	
27.	Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari	3245,00	
28.	Sigurjón Markússon, fyrrv. sýslum.	4455,00	
29.	Sigvaldi Kaldalóns, fyrrv. héraðslæknir	3350,00	
30.	Skúli Árnason, fyrrv. héraðslæknir	870,00	
31.	Steingrímur Matthíasson, fyrrv. héraðsl.	1625,00	
32.	Th. Krabbe, fyrrv. vitamálastjóri	2160,00	
33.	Þorbjörn Þórðarson, fv. héraðslæknir	1140,00	
34.	Þórður Sveinsson, fyrrv. yfirlæknir	3245,00	
35.	Þorkell Þorláksson, fyrrv. aðstoðarm.	2440,00	
			104 510
b.	Embættismannaekkjur og börn:		
1.	Aðalbjörg Jakobsdóttir læknisekkja	815,00	
2.	Aðalbjörg Sigurðardóttir	1950,00	
3.	Anna Ásmundsdóttir	490,00	
4.	Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar	730,00	
5.	Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	975,00	
6.	Ásta Einarson	975,00	
7.	Camilla Hallgrímsson	1235,00	
8.	Cathinka Sigfússon	1625,00	
9.	Dómhildur Jóhannesdóttir	1950,00	
10.	Guðbjörg Tómasdóttir, 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	2445,00	
11.	Guðlaug Magnúsdóttir	3245,00	
12.	Harriet Jónsson	730,00	
13.	Helga Finnsdóttir	1950,00	
14.	Hrefna Jóhannesdóttir 975 kr., auk 400 kr. með hverju barni í ómegð	1955,00	
15.	Ingibjörg Magnúsdóttir læknisekkja	1465,00	

18. gr.

			kr.	kr.
16.	Ingileif Snæbjarnardóttir Aðils	650,00		
17.	Jenny Forberg	975,00		
18.	Júliana Jónsdóttir, ekkja H. Jónssonar dýralæknis	815,00		
19.	Kristín Thorberg	600,00		
20.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja ...	975,00		
21.	Laufey Vilhjálmsdóttir	3870,00		
22.	Magnea Ásgeirsson	325,00		
23.	Margrét Árnadóttir	975,00		
24.	Margrét Björnson	2600.00		
25.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Guðfinnssonar héraðslæknis	1140,00		
26.	Margrét K. Lárusdóttir læknisekkja ..	650,00		
27.	Margrét Þórðardóttir læknisekkja, 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	2445,00		
28.	Ragnheiður Jónasson sýslumannsekkja	1300,00		
29.	Rannveig Tómasdóttir	975,00		
30.	Rigmor Ófeigsson	1300.00		
31.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja ..	1300,00		
32.	Sigríður Blöndal	490,00		
33.	Sigríður Finnbogadóttir	1300,00		
34.	Sigríður Fjeldsted	975,00		
35.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Sigurðar heit. Magnússonar, prófessors	2450.00		
36.	Sigríður Hjaltadóttir Jensson	1300,00		
37.	Sigrún Bjarnason	975,00		
38.	Sofia Guðmundsson	3245,00		
39.	Soffía Hjaltested	975.00		
40.	Stefanía Stefánsdóttir	400,00		
41.	Steinunn Frímannsdóttir	730.00		
42.	Sússanna Friðriksdóttir Erlendsson ...	815,00		
43.	Theodóra Thoroddsen	1950,00		
44.	Valgerður Sveinsdóttir, læknisekkja ..	1140,00		
45.	Vigdís Blöndal	815,00		
46.	Þóra Gísladóttir, læknisekkja	1465,00		
47.	Þórhildur Eiríksdóttir Magnús	975,00		
48.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja ...	650,00		
49.	Þuríður Benediktsdóttir, læknisekkja, 1140 kr., auk 490 kr. með barni í ómegð	1630,00		
50.	Þrúður Ingibjörg Jónsdóttir	600,00		
			66 310	
c.	**Uppgjafaprestar:**			
1.	Árni Þórarinsson	945,00		
2.	Ásgeir Ásgeirsson, Hvammi	1025,00		
3.	Ásmundur Gíslason	1275,00		
4.	Bjarni Hjaltested	815,00		
5.	Böðvar Bjarnason	1950,00		
6.	Einar Pálsson	1190,00		
7.	Einar Thorlacius	900,00		

18. gr.

		kr.	kr.
8.	Dr. Eiríkur Albertsson, lögboðinn lífeyrir meðtalinn	7620,00	
9.	Haraldur Þórarinsson	1300,00	
10.	Ingvar Nikulásson	1115,00	
11.	Jes A. Gíslason	815,00	
12.	Jón Norðfjörð Johannessen	1235,00	
13.	Kristinn Daníelsson	1335,00	
14.	Magnús Bjarnarson	1065,00	
15.	Matthías Eggertsson	1245,00	
16.	Ófeigur Vigfússon	945,00	
17.	Ólafur Magnússon	685,00	
18.	Pálmi Þóroddsson	920,00	
19.	Runólfur Magnús Jónsson	1185,00	
20.	Sigtr. Guðlaugsson	4495,00	
21.	Stefán Kristinsson	1625,00	
22.	Theódór Jónsson	2330,00	
23.	Vigfús Þórðarson	1115,00	
24.	Þórður Ólafsson	1090,00	
25.	Þorvaldur Jakobsson	2070,00	
26.	Þorvarður Þorvarðsson	1260,00	
			41 550
d.	**Prestsekkjur:**		
1.	Anna Stefánsdóttir frá Stað	975,00	
2.	Arnbjörg Einarsdóttir	1300,00	
3.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	975,00	
4.	Auður Gísladóttir	1140,00	
5.	Bergljót Blöndal	975,00	
6.	Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini	975,00	
7.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	1465,00	
8.	Björg Jónasdóttir frá Eskifirði	1140,00	
9.	Björg Jónsdóttir frá Vallanesi	1140,00	
10.	Dorothea Guðmundsson	1140,00	
11.	Guðbjörg Guðmundsdóttir	1300,00	
12.	Guðbjörg Hermannsdóttir	945,00	
13.	Guðný Þorsteinsdóttir	930,00	
14.	Guðríður Helgadóttir	1110,00	
15.	Guðríður Ólafsdóttir	915,00	
16.	Guðrún Hermannsdóttir	650,00	
17.	Guðrún J. Jóhannesdóttir	1790,00	
18.	Guðrún Jónsdóttir 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	4890,00	
19.	Guðrún P. Jónsdóttir frá Sauðlauksdal 1950 kr., auk 490 kr. með barni hennar til 16 ára aldurs	2440,00	
20.	Guðrún Runólfsdóttir	1140,00	
21.	Guðrún Torfadóttir	1140,00	
22.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	1140,00	
23.	Helga Skúladóttir	1020,00	
24.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	1140,00	
25.	Ingibjörg Magnúsdóttir	1140,00	

18. gr.

		kr.	kr.
26.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	1140,00	
27.	Ingveldur Guðmundsdóttir	975,00	
28.	Jóhanna Magnúsdóttir prófastsekkja	1140,00	
29.	Jóhanna Pálsdóttir frá Otrardal	1140,00	
30.	Kristín Ísleifsdóttir frá Eyrarbakka	1465,00	
31.	Líney Sigurjónsdóttir	1465,00	
32.	Margrét Jónasdóttir	1140,00	
33.	Margrét Björnsdóttir frá Bíldudal, 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barna hennar til 16 ára aldurs	3420,00	
34.	Margrét Sigurðardóttir prófastsekkja	1465,00	
35.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað	1140,00	
36.	Sigríður Hansdóttir	1275,00	
37.	Sigríður Helgadóttir	1140,00	
38.	Sigríður Jóhannesdóttir	1140,00	
39.	Sigríður Kjartansdóttir, 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barna sinna	3910,00	
40.	Sigrún Kjartansdóttir	1140,00	
41.	Sigurlaug Knudsen	1140,00	
42.	Steinunn Eiríksdóttir Stephensen	975,00	
43.	Steinunn Pétursdóttir	1140,00	
44.	Vilborg Jónsdóttir	1140,00	
45.	Þorbjörg Pálsdóttir	650,00	
46.	Þóra Jónsdóttir	1000,00	
47.	Þórhildur Sigurðardóttir	1140,00	
			63 195
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:		
1.	Aðalbjörg Steinsdóttir	815,00	
2.	Ásdís Þorgrímsdóttir	490,00	
3.	Ásta Magnúsdóttir	325,00	
4.	Brynjólfur Þorláksson söngkennari	1950,00	
5.	Elísabet Jónsdóttir	490,00	
6.	Friðrik Bjarnason tónskáld	1625,00	
7.	Guðbjörg Kristjánsdóttir	1950,00	
8.	Hallgrímur Jónsson skólastjóri	3635,00	
9.	Ingunn Bergmann kennslukona	815,00	
10.	Ingivaldur Nikulásson kennari	650,00	
11.	Lárus Bjarnason skólastjóri	5310,00	
12.	Lárus Rist kennari	975,00	
13.	Margrét Rasmus	2925,00	
14.	Ragnheiður Torfadóttir	650,00	
15.	Samúel Eggertsson	815,00	
16.	Sigurður Sigurðsson	1000,00	
17.	Sigurjón Rögnvaldsson	325,00	
18.	Valdimar Snævarr	2680,00	
19.	Viktoría Bjarnadóttir	245,00	
20.	Vilborg Torfadóttir, ekkja Eyjólfs Sveinssonar kennara	490,00	
			28 160

18. gr.

		kr.	kr.
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra, samkv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins eftir tillögum póst- og símamálastjóra	34 450	
g.	Sigurður Nordal, samkvæmt samningi	3 245	
h.	Ólafur Friðriksson	2 925	
i.	Dr. Helgi Pétursson	7 620	
j.	Séra Guðmundur Einarsson	3 245	
k.	Sigurjón Friðjónsson	3 245	
l.	Páll E. Ólason dr. phil. enda semji hann ókeypis ævisögur lærðra manna fyrir bókmenntafélagið.	9 120	
m.	Pétur Zóphóníasson ættfræðingur	7 060	
n.	Árni Pálsson	6 605	
o.	Páll Sveinsson yfirkennari, biðlaun, full embættisl.	9 600	
p.	Árni Thorsteinsson tónskáld	4 495	
q.	Sigurbjörn Sveinsson	3 245	
r.	Lárus Sigurjónsson skáld	2 440	
s.	Dr. Jón Stefánsson, London, án verðlagsuppbótar	3 146	
t.	Ekkjur og börn skálda og listamanna:		
	1. Anna Pálsdóttir 975 kr., auk 490 kr. með hvoru fósturbarna sinna 1955,00		
	2. Eleanor Sveinbjörnsson 1950,00		
	3. Guðrún Jónsdóttir Erlingsson 1625,00		
	4. Guðrún Oddsdóttir 1625,00		
	5. Ólína Þorsteinsdóttir 1625,00		
	6. Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal 815,00		
	7. Sigríður Snæbjarnardóttir, ekkja Þór. B. Þorlákssonar málara 815,00		
	8. Sigurlaug G. Gröndal 650,00		
	9. Valborg Einarsson 1625,00		
	10. Valgerður Benediktsson 3870,00		
	11. Þórunn Pálsdóttir, ekkja Þorsteins Gíslasonar 1625,00		
		18 180	
u.	Hafnsögumenn, vitaverðir og vitavarðaekkjur, skv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, eftir tillögum vitamálastjóra	13 165	
v.	Matsmenn, samkv. úthlutun atvinnumálaráðuneytisins	19 580	
x.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
	1. Aðalheiður Pálsdóttir ljósmóðir 490,00		
	2. Ágústa Þ. Ólafsdóttir 490,00		
	3. Andrés Johnson, fornminjasafnari 6370,00		
	4. Anna Bjarnadóttir, ekkja Hj. Láruss. 490,00		
	5. Arndís Sigurðardóttir 490,00		
	6. Arnleif Kristjánsdóttir 490,00		
	7. Ásdís M. Sigurðardóttir ljósmóðir 490,00		
	8. Ásgeir Jónsson, Gottorp 490,00		
	9. Ásta Þorvaldsdóttir 490,00		
	10. Bjarni Magnússon fangavörður 650,00		
	11. Björg Guðmundsdóttir 650,00		

			18. gr.	
			kr.	kr.
12.	Björn Einarsson	3245,00		
13.	Davíð Gíslason	975,00		
14.	Eggert Brandsson, sjómaður	1950,00		
15.	Einar Markússon, fyrrv. ríkisbókari	3245,00		
16.	Einar E. Sæmundsen	1950,00		
17.	Elín Runólfsdóttir	300,00		
18.	Friðfinnur Guðjónsson leikari	1300,00		
19.	Gróa Dalhoff	1300,00		
20.	Guðbjörg Jónsdóttir ljósmóðir	490,00		
21.	Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	650,00		
22.	Guðmundur Davíðsson, fv. umsjónarm.	2440,00		
23.	Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsstöðum	490,00		
24.	Guðm. Gestsson, fv. dyrav. Menntaskól.	1950,00		
25.	Guðríður Eiríksdóttir	815,00		
26.	Guðrún Egilson	3245,00		
27.	Guðrún Indriðadóttir leikkona	1300,00		
28.	Guðrún Ragúels	490,00		
29.	Halldór Brynjólfsson blindi	570,00		
30.	Halldóra Þórðardóttir	975,00		
31.	Helga Ingibjörg Stefánsdóttir, loftskeytamannsekkja	490,00		
32.	Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður	1300,00		
33.	Henriette Kjær, fv. yfirhjúkrunarkona	975,00		
34.	Hlín Johnson	2925,00		
35.	Hólmfríður Björnsdóttir, ekkja G. Hjaltasonar	490,00		
36.	Hólmgeir Jensson	490,00		
37.	Ingibjörg Guðjónsdóttir	490,00		
38.	Ingibjörg Jakobsdóttir	600,00		
39.	Ingibjörg Lárusdóttir, Blönduósi	815,00		
40.	Ingibjörg Loftsdóttir, ljósmóðir	490,00		
41.	Jón Runólfsson, fyrrv. sýsluskrifari	975,00		
42.	Jóney Guðmundsdóttir, ekkja Guðjóns Guðlaugssonar	975,00		
43.	Jónína Marteinsdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	490,00		
44.	Kristín Eiríksdóttir ljósmóðir	490,00		
45.	Kristín Guðmundsdóttir, ekkja E. Helgasonar	975,00		
46.	Kristjana Benediktsdóttir	650,00		
47.	Kristólína Kragh	490,00		
48.	Lára Bjarnadóttir	650,00		
49.	Margrét Ásmundsdóttir	650,00		
50.	María Sigurðardóttir	490,00		
51.	Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	815,00		
52.	Matthías Þórðarson frá Móum	1950,00		
53.	Níelsína Ólafsdóttir, ekkja Daníels Daníelssonar	975,00		
54.	Ólafur Guðmundsson, fyrrv. ferjum.	1625,00		
55.	Ólafur Ketilsson	815,00		

18. gr.

		kr.	kr.
56.	Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erlingssonar	815,00	
57.	Petrea Jónsdóttir	490,00	
58.	Ragnheiður Erlendsdóttir	490,00	
59.	Runólfur Pétursson, innhm.	975,00	
60.	Sigríður Gísladóttir 490 kr., og 165 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	1150,00	
61.	Sigríður Gísladóttir	490,00	
62.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	490,00	
63.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	490,00	
64.	Sigurður Nielsson	1625,00	
65.	Sigurður Pétursson, fyrrv. fangav.	1625,00	
66.	Soffía Ásgeirsdóttir hjúkrunarkona	815,00	
67.	Valgerður Steinsson, fv. spítalaráðsk.	815,00	
68.	Þóra Sigurðardóttir	490,00	
			72 110
y.	Verðlagsuppbót		921 000
z.	Magnús Friðriksson og kona hans, án verðlagsuppbótar		3 000
þ.	Framlag ríkissjóðs samkv. 10. gr. lífeyrissjóðslaga, nr. 101 1943 og 8. gr. laga nr. 102 1943		1 650 000
æ.	Framlag ríkissjóðs samkv. 6. gr. reglugerðar frá 24. nóv. 1944		200 000
			3 301 201
	Samtals ...	. . .	3 747 801

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Niðurgreiðsla á nokkrum landbúnaðarafurðum til neyzlu innanlands	12 000 000	
2. Til óvissra útgjalda	500 000	
		12 500 000
Samtals ...	. . .	12 500 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar:		
1. Samkvæmt 3. gr. A.	224 000	
2. — 3. — B.	3 649	
3. — 9. —	2 170	
4. — 10. —	2 046	
5. — 11. — A.	10 600	
6. — 12. —	89 000	
7. — 13. —	188 000	
8. — 14. —	25 866	
9. — 15. —	4 350	
		549 681
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og dönskum ríkisskuldabréfum		2 025 000
III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10 000
IV. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50 000
Samtals ...	. . .	2 634 681
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán ... 1572517		
b. Lán í dönskum krónum ... 471330		
	2 043 847	
2. Lán ríkisstofnana:		
a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 1.) ... 400000		
b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.) ... 89100		
	489 100	
		2 532 947
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
1. Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)	3 000 000	
2. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.)	1 080 000	
		4 080 000
III. Til bygginga á jörðum ríkisins		200 000
IV. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana		1 000 000

	kr.	kr.
V. Til vitamála, eignaaukning:		
a. Til byggingar áhalda- og skrifstofuhúss	350 000	
b. Til að kaupa nýtt vitaskip	350 000	
c. Til að gera nýja vita	700 000	
		1 400 000
VI. Til flugvallagerða og lendingarbóta í Vestmannaeyjum og á Ísafirði		400 000
VII. Til byggingar Menntaskólahúss í Reykjavík		1 000 000
VIII. Til byggingar sjómannaskólans		1 000 000
IX. Til byggingar bændaskóla í Skálholti		1 000 000
X. Til byggingar tilraunaskóla		250 000
XI. Til byggingar íþróttakennaraskóla		200 000
XII. Til byggingar þjóðminjasafns		1 000 000
XIII. Til kaupa á skóglendi		70 000
XIV. Til kaupa á jörðinni Hestur í Borgarfirði		150 000
XV. Til skólastjórabústaðar á Hólum		100 000
XVI. Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10 000
Samtals ...	. . .	14 392 947

21. gr.
I. Rekstrar-

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		88 500 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		33 194 477
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		615 234
5. gr.	Óvissar tekjur		100 000
	Rekstrarhalli		1 408 550
	Samtals ...	. . .	123 828 261

firlit.
irlit.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		1 144 568
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		300 000
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		1 515 576
0. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		3 699 245
1. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	7 836 665	
—	B.	Opinbert eftirlit	790 989	
—	C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	3 173 385	
—	D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	825 000	12 626 039
2. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		10 216 817
3. gr.	A.	Vegamál	20 112 275	
—	B.	Samgöngur á sjó	3 010 000	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	6 438 650	
—	D.	Flugmál	943 940	30 504 865
4. gr.	A.	Kirkjumál	3 003 737	
—	B.	Kennslumál	20 982 341	23 986 078
5. gr.	A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	2 057 534	
—	B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	2 359 204	4 416 738
6. gr.	A.	Landbúnaðarmál	9 900 224	
—	B.	Sjávarútvegsmál	878 500	
—	C.	Iðnaðarmál	975 285	11 754 009
7. gr.		Til félagsmála		7 416 525
8. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		3 747 801
9. gr.		Óviss útgjöld og niðurgreiðslur		12 500 000
		Samtals ...	. . .	123 828 261

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	122 419 711
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	549 681
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	2 025 000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10 000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50 000
	Greiðslujöfnuður	13 166 816
	Samtals ...	138 221 208

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að greiða Kristjönu Jónsdóttur, skrifstofukonu í fræðslumálaskrifstofunni, hálf laun meðan hún er sjúklingur.

II. Að greiða Ágústu Erlendsdóttur símakonu 1 200 kr. á ári, meðan hún er sjúklingur.

III. Að selja varðskipið Þór, ef viðunanlegt boð fæst.

IV. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

V. Að endurgreiða tónlistarfélagi Akureyrar toll af blásturshljóðfærum, sem það flutti inn í lok ársins 1944, svo og toll af orgeli í kapellu háskólans.

VI. Að greiða séra Þorsteini Briem full embættislaun ef hann lætur af embætti á árinu.

VII. Að greiða Ólafi Magnússyni, fyrrv. prófasti í Arnarbæli, 1400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju í Selvogi.

VIII. Að greiða Matthíasi lækni Einarssyni prófessorslaun, er hann lætur af yfirlæknisstörfum í Landakotsspítala.

IX. Að kaupa síldarverksmiðjuna Ægi í Krossanesi, ef viðunandi samningar nást, eða taka hana á leigu.

X. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

XI. Að verja allt að 100 000 kr. til verðlagsuppbótar á endurbyggingarstyrki til sveitabýla, ef framlagið í 16. gr. A. 7. b. hrekkur ekki til.

XII. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1945 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

XIII. Að verja allt að 4 000 kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.

XIV. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

XV. Að leggja til hliðar og geyma það fé á sérstökum reikningi, sem ætlað er til verklegra framkvæmda í lögum þessum, ef skortur á efnivörum eða

1) Fyrningar eru færðar hér til jafnaðar sömu fjárhæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

firlit.

		kr.
	Út:	
—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	123 828 261
	Aðrar útborganir:	
0. gr. 1.	Afborganir lána og eignaaukningar skv. 20. gr. Út	14 392 947
	Samtals ...	138 221 208

vinnuafli gerir ókleift að vinna þær, og er óheimilt að verja því til annarra hluta.

XVI. Að taka frá af tekjum ársins 1946, ef ástæður leyfa, 2 millj. kr. til stofnunar áburðarverksmiðju.

XVII. Að taka að láni allt að 2 millj. kr. sem viðbótarframlag af hálfu ríkisins til fiskihafna vegna aukningar fiskiflotans.

XVIII. Að kaupa, ef viðunandi boð fæst, húseignir og lóðarréttindi verzlunar Jóns Björnssonar og Jóhanns Tryggvasonar á Þórshöfn.

XIX. Að selja síldarverksmiðju ríkisins á Húsavík, ef viðunandi boð fæst.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1945 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 337. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1946.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1946 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta felur í sér framlenging um eitt ár á lagaákvæðum, er gilt hafa að undanförnu.

Ed. 338. Nefndarálit

um frv. til l. um aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1945.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er flutt af sjávarútvegsnefnd neðri deildar eftir beiðni atvinnumálaráðherra.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar hefur rætt frv. og fallizt á nauðsyn þess, eins og nú er komið, að gerðar séu ráðstafanir, slíkar sem í frv. felast, til þess að síldarútvegsmenn, sem nú eru í fjárþröng vegna óhappa síldarútvegsins sl. sumar, geti haldið áfram rekstri skipa sinna.

Nefndin telur æskilegt, að lánin verði veitt til sem skemmst tíma og vill ekki binda það við fimm ár nema sem hámark. Sömuleiðis vill nefndin gera nokkru fyllri ákvæðin um það, að innheimta megi lánin örara en annars, ef seldar eru eignir, sem veðsettar hafa verið fyrir lánunum.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. Við greinina bætist: Einnig ákveður hún lánstíma og skiptingu afborgana. Lánstími má þó ekki vera yfir 5 ár. Ársvextir skulu vera 3%.
2. Við 6. gr. Greinin falli niður.
3. Við 7. gr. (sem verður 6. gr.). Greinin orðist svo:
   Selji lántakandi skip sitt eða aðrar eignir, sem settar hafa verið sem trygging fyrir láninu, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

Alþingi, 12. des. 1945.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson frsm.
Ingvar Pálmason.	Eiríkur Einarsson.	

Sþ. 339. Tillaga til þingsályktunar

um mannahald við landhelgisgæzlu og björgunarstörf á hraðbátum ríkisins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að ráða, ef með þarf, um lengri eða skemmri tíma enska sjómenn á hina nýkeyptu varðbáta ríkisins með nokkrum íslenzkum sjómönnum eða eingöngu erlenda menn og tryggja með þeim hætti, að bátarnir geti án ónauðsynlegra tafa tekið til starfa við gæzlu í byrjun næstu vertíðar.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin hefur nú nýskeð keypt þrjá mjög vandaða hraðbáta frá Englandi til strandgæzlu hér við land. Hafa bátarnir verið notaðir mikið til siglinga á Norðursjónum á undangengnum árum. En eftir að varðbátar þessir komu hér til lands, hefur komið fram allmikil gagnrýni, bæði frá mönnum með skipstjórnarlærdómi og einstökum trúnaðarmönnum útvegshéraða um báta þessa. Hefur því verið haldið fram, að skipshafnirnar mundu verða illa haldnar við starfræksluna, og jafnvel ymprað á, að Íslendingar mundu ekki þola þann hristing, sem verði samfara hinum hraða gangi þessara skipa. Hefur jafnvel komið til orða, að ríkisstjórnin ætti

að skila bátunum aftur til útlanda, af því að íslenzkir sjómenn og skipstjórnarmenn gætu ekki með þá farið.

Ríkisstjórnin hefur sýnilega keypt þessa báta í því skyni að vera vel búin undir að hafa landhelgisgæzluna í sem beztu lagi, þegar þrjú hundruð veiðiskip erlendra þjóða safnast eftir áramótin að ströndum landsins og gera sig líkleg til landhelgisveiða. En ef ekki verður hægt að nota þessa báta í vetur, er þjóðin mjög illa búin undir að bæta úr þessari þörf. Ægir er nú í flokkun erlendis eftir margra ára sigling án þess að geta komið í þurrkví til eftirlits. Sæbjörg á að fara í algerða endurbyggingu, og mun sú aðgerð kosta jafnmikið og tveir af hinum nýkeyptu ensku bátum. Þá er ekki eftir til gæzlu og björgunar nema varðbáturinn Óðinn. Ægir mun, þegar skipið kemur úr eftirliti, aðallega verða við Vestmannaeyjar. Verður þá aðeins um Óðin að gera til að gæta landhelginnar að öðru leyti. Takist hins vegar að bæta þrem varðbátum við og þeim miklu hraðskreiðari heldur en nokkur veiðiskip, má telja víst, að hægt verði að halda landhelginni vel varinni, svo að það verði varla betur gert. Hefur það ljóslega komið fram, að umboðsmenn erlendra skipafélaga hér á landi fullyrða, að ef hin nýkeyptu skip verði notuð hér við land til gæzlu, þá mundi erlendum skipaeigendum ekki þykja borga sig að reyna að láta veiða í íslenzkri landhelgi.

Nú er hins vegar mjög haft á orði að nota hina nýkeyptu báta ekki til gæzlu á næstu vertíð og því borið við, að Íslendingar kunni ekki að fara með skipin. Hins vegar er fullvíst, að Bretar notuðu skipin um þriggja ára skeið á grunnsævi við England, þar sem sjór er til muna krappari en á hafinu við Ísland. Sýnist þess vegna ekki nema ein leið opin í þessu máli, og það er, að Alþingi feli ríkisstjórninni að fá enska sjómenn til að fara með skipin við gæzlu í vetur. Æskilegt má telja, að einn Íslendingur væri á hverju skipi og fleiri, ef þess þætti kostur, til að venjast þessum vanda.

Það er í sjálfu sér engin nýjung fyrir Íslendinga að nema ýmiss konar tækni af stærri þjóðum. Má nefna það til dæmis, að hingað voru fengnir reyndir kunnáttumenn bæði við vegagerð og símalagningu hér á landi. Forberg var fenginn hingað til að stýra landssímakerfinu, meðan honum entist aldur, en þá tóku Íslendingar við og kunnu þá vel til verka. Sama varð sagan um Eimskipafélagið. Þar var fenginn danskur skipstjóri til yfirstjórnar, þar til Íslendingar höfðu fullnumið útgerðarstörfin. Auk þess hafa Íslendingar numið síldveiði af Norðmönnum, mjólkurmeðferð af Dönum og togaraveiðar af Bretum. Sú tillaga, sem hér er borin fram, er þess vegna í samræmi við reynslu þjóðarinnar við margs konar verklegt nám.

Nú munu sumir menn segja, að ekki sé rétt að sækjast eftir erlendum sjómönnum á skipin, því að það sé ábyrgðarhluti, þar sem um sérstaka lífshættu kunni að vera að ræða fyrir brezka sjómenn. Að vísu er alltaf um lífshættu að ræða bæði á sjó og landi, og er varla við að búast, að nokkur skip geti verið að öllu leyti laus við hættu á siglingum. En telja má fullvíst, að erlendir sjómenn mundu ekki setja fyrir sig þá hættu. Þeir vita, að þessi skip eru gerð eftir teiknendur flotastjórnarinnar, og þar er byggt á margra alda reynslu. Mun mega fullyrða, að enska flotastjórnin hefur í skipabyggingamálum meiri reynslu og kunnáttu en nokkur önnur hliðstæð stofnun í víðri veröld. Flotastjórnin enska hefur auk þess af kunnum ástæðum vandað alveg óvenjulega efni og smíði þessara báta. Er grind skipanna úr stáli, en byrðingur úr bezta og dýrasta viði, sem til er. Hvergi er járnnagli í skipunum, heldur er kopar í járns stað, m. a. í stýrinu og nauðsynlegum málmhlutum á þiljum uppi. Gerð skipanna er miðuð við lögun björgunarbáta, sem notaðir eru í brimi við Englandsströnd. „Þorsteinn", eini björgunarbátur Íslendinga, er byggður í Englandi og með sama lagi og hin nýju varðskip. Brezkir sjómenn munu þess vegna treysta sér að sigla þessum skipum hér við land og það því fremur, sem þeir hafa notað þau árum saman við erfiðari skilyrði en venjulegust eru hér við land. Að því er snertir ósjó og veðurlag mun það ekki hræða Breta frá að nota þessi skip, því að tundurspillar Breta, sem komu mikið hingað

til lands á stríðsárunum, eru tiltölulega mjórri en hraðbátarnir og ganga hraðar. Mun þess vegna ekki þurfa að kvíða því, að ekki yrði hægt að fá enskar skipshafnir á bátana. Munu Íslendingar fljótt læra að fara með skipin, og yrði þá hægt að ná því takmarki að halda hinum mikla erlenda veiðiskipaflota frá landhelginni, ekki aðeins á næstu vertíð, heldur jafnan framvegis.

Miklar orðræður eru nú um, hvort hægt sé að sameina gæzlu landhelginnar og fullkomna björgunarstarfsemi. Árið 1923 komum við Sveinn Ólafsson fram með tillögu um, að byggt yrði skip til að annast í einu strandgæzlu og björgun. Var því máli þá tekið þunglega af þeim, sem mest þóttust bera hag útvegsins fyrir brjósti, og þegar gufuskipið Óðinn var byggt, var gerð þess eingöngu miðuð við gæzlu. Þegar ég hafði síðar nokkur afskipti af byggingu Ægis, var allt gert, sem unnt var, til þess að skipið gæti sem bezt sameinað bæði gæzlu og björgun. Hefur þetta lánazt vel og Ægir bjargað fjölda skipa og báta úr hættu og ríkið fengið miklar tekjur fyrir. Þegar vélbáturinn Óðinn var smíðaður, en gufuskipið með sama nafni selt úr landi, var byggt á þeirri ákvörðun Alþingis að sameina gæzlu og björgun og hafa til beggja starfanna eitt stórt skip og nokkra báta. Þó hefur alltaf gætt hinnar stefnunnar, að hafa sérstök björgunarskip, og var Sæbjörg byggð í því skyni. Var málið allvel undirbúið og miklu fé safnað víða um land í þessu skyni. Teikningin var gerð hér á landi af hinum færustu skipstjórnarmönnum, en báturinn þó smíðaður utanlands. Var tilætlunin sú, að Sæbjörg skyldi aðallega nota segl, en hafa auk þess orkulitla vél. Varð enn minna gagn að vélinni, því að vegna seglanna var 5 smálesta blýkjölur undir skipinu. Frá upphafi urðu mikil missmíði um björgunarstarf Sæbjargar. Ef vélbátur var í hættu í ofviðri úti á Faxaflóa, gat Sæbjörg alls ekki siglt á staðinn og ekki heldur notað vélina með heppilegum árangri. Auk þess gat björgunarfélagið, sem varla var von, ekki staðið til lengdar undir kostnaði við útgerðina. Kom brátt að því, að landhelgissjóður tók við Sæbjörgu og reyndi að nota hana bæði til björgunar og gæzlu. Voru gerðar á bátnum stórar umbætur, en þó verður nú að bæta við nýrri aðgerð, sem tekur mjög langan tíma og kostar mikið fé.

Ef litið er hlutlaust á þetta mál, er bersýnilegt af reynslunni með Sæbjörgu, að Íslendingar verði um skipagerð enn um stund að styðjast meira en þeir hafa gert við reynslu siglingaþjóða og þá ekki sízt Breta. Um hina nýkeyptu báta er fullvíst, að þeir eru byggðir af hinum færustu mönnum og úr hinu valdasta efni. Þeir hafa verið notaðir með góðum árangri við hin erfiðustu skilyrði. Þeir geta farið hraðar en önnur skip hér við land, en þeir geta líka farið hægt, notað aðeins eina af þrem skrúfum og farið með 4—5 mílna hraða, þegar því er að skipta. Þeir eru byggðir eins og björgunarskip og geta komizt leiðar sinnar í stórsjó og óveðri. Þegar einn hraðbáturinn var nýlega á ferð við Vesturland, varð hið nýviðgerða gæzluskip Siglunes (áður Falkur) á vegi hans í slæmu veðri. Siglunes hörfaði undan inn á firði, en varðbáturinn hélt leiðar sinnar.

Engin gagnrýni hefur komið fram gegn notkun þessara skipa nema það, að ekki fari vel um skipshöfnina, af því að skipin væru miðuð við hraða ferð í vondum sjó. Mér mundi aldrei hafa komið til hugar, að íslenzkir skipstjórnarmenn vildu halda því fram, að sjómenn hér á landi gætu ekki þolað áreynslu á sjó til jafns við aðrir þjóðir, jafnvel á borð við Breta. En ef þessir leiðtogar íslenzkra sjómanna hafa á réttu að standa í þessu efni, þá má bjarga málinu með því að fá um stundarsakir menn, sem kunna að fara með þessi hraðskreiðu skip, og nema af þeim nauðsynlega verkkunnáttu. Með þessu má tryggja góða vörzlu landhelginnar í vetur.

Vestfirðingar hafa lengi verið sægarpar, svo að orð hefur farið af. Þegar Sigurður Stefánsson í Vigur stofnaði landhelgissjóðinn, gekk honum til heiðarlegur þjóðarmetnaður. Þegar þm. Ísfirðinga kaupir nú í einu lagi þrjú vönduð og hraðskreið skip, hvert fyrir um 20% af því, sem mundi nú kosta að gera jafnstóran varðbát á tveggja ára tíma, sýnist hann feta í fótspor séra Sigurðar í Vigur og allra þeirra Íslendinga, sem vilja verja landhelgina fyrir áleitni framandi manna. Ef

stofnandi landhelgissjóðsins væri enn á lífi, mundi ekkert vera fjær skapi hans en að skilja landhelgina eftir óvarða gegn ágengni ránsmanna eða segja eða gera nokkuð það, sem benti á, að hann héldi, að íslenzkir sjómenn hefðu minna þrek og manndóm en stéttarbræður þeirra með öðrum þjóðum. Hugsjón Sigurðar Stefánssonar um örugga landhelgisgæzlu getur komizt í framkvæmd, ef þjóðin ber gæfu til að hafa Ægi, Óðin og hina nýkeyptu báta starfandi við það þjóðnýta starf, sem þeim er ætlað, og hefjast handa í byrjun næstu vertíðar.

Rétt er að geta þess, varðandi ugg einstakra áhugamanna um óhjákvæmilegt heilsutjón við starf á hraðbátum, að heilsufar Breta á þessum bátum var gott. Álíka mótþróa kom fram varðandi Þór og Esju, þegar þau skip komu hingað til lands. Gengu sannorðir menn um bæinn og fullyrtu, að þessi skip væru svo illa gerð, að þau mundu sökkva á leiðinni til Íslands. Á sama hátt gengu sögur um höfuðstaðinn, meðan bátarnir voru á leið hingað, að byrðingur þeirra væri úr algerlega ónýtu efni. Ekki þarf að kvíða þessu, því að stofnun sú í Englandi, sem tryggir mikinn hluta íslenzka skipastólsins, tekur ekki nema hálft tryggingargjald fyrir þessa báta, samanborið við það, sem greiða þarf fyrir mörg af beztu skipum Íslendinga. Er þar eingöngu miðað við gæði og styrkleika skipanna. Þegar vitað var um, hve bátarnir eru sterkir og úr góðu efni, var haldið fram þeirri skoðun, að þeir mundu sigla sig í kaf sökum mikils ganghraða. En þegar í ljós kom, að þeir fóru léttilega yfir úfinn sæ, þóttust hinir óánægðu kunnáttumenn fullvissir um, að íslenzkir sjómenn mundu verða sjóveikir við að vinna á þessum bátum.

Hér er bent á einfalt og heppilegt úrræði. Fylgjum fordæmi hygginna forfeðra, sem fengu norska verkamenn til að leggja fyrstu akvegina og fyrsta símann á Íslandi. Með því móti getur þjóðin launað stórhug Sigurðar Stefánssonar í Vigur og hinna vösku vestfirzku sjómanna, sem vilja með engu móti hafa hina tilvonandi 300 erlendu togara við landhelgisveiðar á Íslandi, þegar mestu þorskgöngur koma að ströndinni eftir næstu áramót.

Ed. 340. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt.
Einn nefndarm. (GÍG) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 12. des. 1945.

Gísli Jónsson, form. Ingvar Pálmason, frsm. Steingr. Aðalsteinsson.
Eiríkur Einarsson.

Ed. 341. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu þjóðjarða og kirkjujarða.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta er komið frá Nd. Náðist þar samkomulag um einstök atriði, þótt nokkur ágreiningur væri um frv. í heild. Í lögum um ættaróðal og erfðaábúð er þeim ábúendum þjóð- og kirkjujarða, sem hafa erfðaábúð á ábýlisjörðum sínum, veittur réttur til að fá þær keyptar með sérstökum skilyrðum.

Frv. gerir ráð fyrir, að þeim ábúendum þjóð- og kirkjujarða, sem ekki búa við erfðaábúð, verði einnig veittur sams konar réttur. Er í frv. þessu gert að skilyrði, að kaupandi hafi búið á jörðinni eigi skemur en þrjú ár, í stað fimm ára, eins og nú er ákveðið í lögum. Nefndin klofnaði um málið.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frv. verði samþ.

Alþingi, 13. des. 1945.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Páll Hermannsson, frsm.	Eiríkur Einarsson.

Nd. 342. Frumvarp til laga

um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkissjóður greiðir hluta af kostnaði við hafnargerðir og lendingarbætur á þeim stöðum, sem taldir eru í lögum þessum, og í þeim hlutföllum, sem þau ákveða, enda séu áætlanir um framkvæmdir allar samþykktar af samgöngumálaráðuneytinu, eignir og tekjur hafnar- eða lendingarbótasjóðs ekki fullnægjandi til þess að standa undir byggingu hafnarinnar eða lendingarbótanna og fé veitt til þess í fjárlögum.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til hafnargerða og lendingarbóta í þeim hlutföllum, sem segir í lögum þessum. Ef slík lán eru tekin erlendis, skal það gert í samráði við ráðuneytið, og er óheimilt að leita eftir slíku láni, nema samþykki ráðuneytisins komi til.

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar og innsiglingarmerki.

2. gr.

A. Ríkissjóður greiðir ⅖ af kostnaði við hafnargerð eftirtalinna staða, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á ⅗ af kostnaði við hafnargerðina, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.:

1. Akranes.
2. Akureyri.
3. Bíldudalur.
4. Bolungavík.
5. Borgarnes.
6. Búðareyri í Reyðarfirði.
7. Búðir í Fáskrúðsfirði.
8. Dalvík.
9. Djúpavík í Reykjarfirði.
10. Elliðaárvogur við Reykjavík.
11. Eskifjörður.
12. Flateyri í Önundarfirði.
13. Grafarnes í Grundarfirði.
14. Hafnarfjörður.
15. Hofsós.
16. Hrísey.
17. Hólmavík.
18. Húsavík.
19. Höfn í Hornafirði.
20. Ingólfsfjörður.
21. Ísafjörður.
22. Keflavík.
23. Neskaupstaður.
24. Ólafsfjörður.
25. Ólafsvík.
26. Patreksfjörður.
27. Raufarhöfn.
28. Reykjavík.
29. Sauðárkrókur.
30. Seyðisfjörður.
31. Siglufjörður.
32. Skagaströnd.
33. Stykkishólmur.
34. Suðureyri, Súgandafirði.
35. Vestmannaeyjar.
36. Þingeyri, Dýrafirði.
37. Þórshöfn.

B. Ríkissjóður greiðir helming kostnaðar við að gera lendingarbætur á eftirtöldum stöðum, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á hinum helmingnum af kostnaðinum við lendingarbæturnar, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.:

1. Arnarstapi.
2. Árskógssandur.
3. Bakki í Arnarfirði.
4. Bönduós.
5. Borgarfjörður eystra.
6. Breiðdalsvík.
7. Búðardalur.
8. Djúpivogur.
9. Drangsnes.
10. Eyrarbakki.
11. Flatey á Breiðafirði.
12. Flatey á Skjálfanda.
13. Fjörður í Múlahreppi.
14. Gerðar í Garði.
15. Gjögur í Reykjafirði.
16. Grímsey.
17. Grunnavík.
18. Hafnir.
19. Hauganes.
20. Hellissandur.
21. Hellnar á Snæfellsnesi.
22. Hnífsdalur.
23. Hvalsker í Patreksfirði.
24. Hvammstangi.
25. Höfn í Bakkafirði.
26. Járngerðarstaðir.
27. Kaldrananes í Bjarnarfirði.
28. Kópasker.
29. Króksfjarðarnes.
30. Látrar í Aðalvík.
31. Látravík í Rauðasandshreppi.
32. Norðurfjörður.
33. Salthólmavík.
34. Sandgerði.
35. Selárdalur.
36. Selvogur.
37. Skálar á Langanesi.
38. Skarðsstöð.
39. Skipavík.
40. Stokkseyri.
41. Stöðvarfjörður.
42. Súðavík í Álftafirði.
43. Sæból í Aðalvík.
44. Tálknafjörður innan Sveinseyrar.
45. Vattarnes eystra.
46. Vogar.
47. Vopnafjörður.
48. Þorkötlustaðir í Grindavík.
49. Þorlákshöfn.
50. Örlygshöfn í Patreksfirði.

Fari heildarkostnaðaráætlun lendingarbóta, sem hér eftir verða gerðar á einhverjum stað, yfir 800 þúsund krónur, skal staðurinn teljast, að svo miklu leyti sem þar er umfram, til hafnar undir A-lið þessarar greinar og fá eftir það styrk og ábyrgð samkvæmt því.

3. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu og ábyrgð ríkissjóðs er, að hafnargerðin eða lendingarbæturnar séu framkvæmdar undir yfirumsjón vitamálastjóra eða annars manns, sem samgöngumálaráðherra samþykkir.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfnina eða lendingarbæturnar, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til þess að leyfa, að tekið verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin eða lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnar- eða lendingarbótasjóði, þeim er hlut á að máli. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en það skal gera innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmatið greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef mats-

upphæðinni verður ekki breytt meir en nemur 10 af hundraði af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hlutaðeigandi hafnar- eða lendingarbótasjóði.

5. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar eða þess svæðis, sem lendingarbæturnar ná til, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka nema samkvæmt tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar og með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Beiðni um að gera slík mannvirki skal senda hafnar- eða lendingarbótanefnd, er sendir hana áfram til hlutaðeigandi sveitarstjórnar með tillögum sínum.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Sé leyfið eigi notað innan 2 ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að framkvæma mannvirkið eftir þann tíma, nema nýtt leyfi komi til.

Heimilt er að nema í burtu án endurgjalds bryggju eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð í 5 ár eða lengur.

Brot gegn þessari grein varða sektum, allt að 10 þús. krónum, og getur stjórn hafnar- eða lendingarbótamála látið nema á burt á kostnað eiganda mannvirki, sem byggt er í óleyfi eða án þess að settum skilyrðum sé fylgt.

6. gr.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur á hendi stjórn málefna hafnarinnar eða lendingarbótanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, en skal fela framkvæmd þeirra mála þriggja eða fimm manna nefnd. Í reglugerð skal setja ákvæði um kosningu nefndarmanna, tölu þeirra og starfssvið.

7. gr.

Eignum hafnar- eða lendingarbótasjóðs má einungis verja í þarfir hafnarinnar eða lendingarbótanna. Hlutaðeigandi sveitarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

8. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnar- eða lendingarbótasjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjum ársins, sem í hönd fer, að endurnýja lán eða fresta greiðslu þeirra. Enn fremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að hefja framkvæmd mannvirkja við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar nægi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

9. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnargerðina eða lendingarbæturnar og til árlegs rekstrarkostnaðar er heimilt að leggja gjöld á skip þau og báta, er nota höfnina eða lendingarbæturnar, svo og á vörur þær, er þau flytja, þar með talinn afli, er þau leggja á land. Gjöld þessi séu ákveðin í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar þeirrar, er hlut á að máli.

Herskip og skemmtiferðaskip eru undanþegin þessum gjöldum.

Enn fremur er heimilt að ákveða í reglugerðinni, að árlegt afgjald skuli greiða af bryggjum eða mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr., ef þau standa á lóðum hafnar- eða lendingarbótasjóðs eða njóta hlunninda af hafnargerðinni, svo sem vegna byggingar hafnargarða, dýpkana eða annarra hafnarmannvirkja.

Af hafnarmannvirkjum einstaklinga eða félaga má engin önnur gjöld taka í hafnar- eða lendingarbótasjóð, án samþykkis hlutaðeigenda, en náist ekki samkomulag, er aðila skylt að láta mannvirkin af hendi samkvæmt ákvæðum 4. gr. þessara laga.

Heimilt er að innheimta gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs, þegar byrjað er á framkvæmdum hafnarmannvirkja.

Öll þessi gjöld má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt fyrir öðrum kröfum.

10. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs og lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

11. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnar- eða lendingarbótanefnd að hafa samið og lagt fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnar- eða lendingarbótasjóðs á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

12. gr.

Nú eru í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðuneytisins þarf til, og skal þá hlutaðeigandi sveitarstjórn senda ráðuneytinu tillögu um það svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins verði fengið, áður en sveitarstjórn gengur endanlega frá fjárhagsáætlun hafnar- eða lendingarbótasjóðs.

13. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir utan fjárhagsáætlunar eða fara fram úr tilteknum fjárhæðum án samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar og samgöngumálaráðuneytisins.

14. gr.

Halda skal reikning yfir allar tekjur og öll gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal gera reikning yfir tekjur og gjöld og efnahagsreikning hafnar- og lendingarbótasjóðs á sérstök eyðublöð, er ráðuneytið lætur gera fyrir hafnar- og lendingarbótasjóði.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikning hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs, og skal jafnan senda ráðuneytinu afrit af reikningunum þannig.

15. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði, sem gilda fyrir hverja höfn eða lendingarbótasvæði fyrir sig. Skal í henni kveða á um stjórn hafnar- eða lendingarbótasjóðs, umferð og góða reglu, ákveða gjöld samkvæmt 9. gr. laga þessara, ákveða takmörk hafnarinnar eða þess svæðis, er lendingarbæturnar ná til, og annað, er þurfa þykir.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni allt að 10000 krónum, og renna þær sektir í þann hafnar- eða lendingarbótasjóð, er hlut á að máli.

16. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

17. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Hafnarlög fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915, ásamt lögum nr. 75 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 30 14. júní 1929, ásamt lögum nr. 12 13. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 34 19. júní 1922, ásamt lögum nr. 12 24. marz 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, ásamt lögum nr. 49 23. júní 1932, lögum nr. 36 19. júní 1933, og lögum nr. 11 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 10 24. marz 1944.

Hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóv. 1913, ásamt lögum nr. 63 3. nóv. 1915, lögum nr. 29 31. maí 1927, lögum nr. 39 7. maí 1928, lögum nr. 34 14. júní 1929, lögum nr. 58 19. maí 1930 og lögum nr. 36 23. júní 1932, um breytingar og viðauka við þau lög.

Hafnarlög fyrir Akranes, nr. 23 20. maí 1942, ásamt lögum nr. 2 12. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Bolungavík, nr. 11 24. marz 1944.

Lög nr. 66 8. sept. 1931, um hafnargerð á Dalvík, og lög nr. 79 7. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Grundarfjörð, nr. 88 15. sept. 1942.

Lög nr. 24 13. jan. 1938, um hafnargerð á Hofsósi.

Hafnarlög fyrir Hrísey, nr. 10 24. jan. 1945.

Lög nr. 38 19. júní 1933, um hafnargerð á Húsavík, ásamt lögum nr. 45 14. apríl 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Keflavík, nr. 23 25. des. 1943, ásamt lögum nr. 14 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942, ásamt lögum nr. 71 30. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ólafsfjörð, nr. 68 28. des. 1944.

Lög nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík, ásamt lögum nr. 55 28. jan. 1935 og lögum nr. 12 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Patreksfjörð, nr. 67 4. júlí 1942.

Lög nr. 68 11. júní 1938, um hafnargerð á Raufarhöfn, ásamt lögum nr. 97 14. maí 1940, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 65 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki, ásamt lögum nr. 11 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd, ásamt lögum nr. 49 28. jan. 1935 og lögum nr. 77 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 24 12. febr. 1940, um hafnargerð í Stykkishólmi.

Lög nr. 23 13. jan. 1938, um hafnargerð á Suðureyri.

Lög nr. 30 13. júní 1937, um hafnargerð á Þórshöfn.

Lög nr. 24 26. febr. 1943, um lendingarbætur í Bakkagerði í Borgarfirði.

Lög nr. 24 15. júní 1926, um bryggjugerð í Borgarnesi.

Lög nr. 13 24. marz 1944, um lendingarbætur í Breiðdalsvík.

Lög nr. 69 28. des. 1944, um lendingarbætur á Djúpavogi.

Lög nr. 45 8. sept. 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakka, ásamt lögum nr. 31 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 42 23. febr. 1945, um lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.

Lög nr. 37 15. febr. 1945, um lendingarbætur í Grunnavík.

Lög nr. 14 24. marz 1944, um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu.

Lög nr. 89 16. des. 1943, um lendingarbætur í Hnífsdal.

Lög nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð í Hornafirði, ásamt lögum nr. 22 26. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 50 10. okt. 1944, um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð.

Lög nr. 113 20. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík, ásamt lögum nr. 13 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 55 12. okt. 1944, um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík.

Lög nr. 70 28. des. 1944, um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi.

Lög nr. 90 25. sept. 1942, um lendingarbætur á Skálum.

Lög nr. 65 4. júlí 1942, um lendingarbætur í Skipavík.

Lög nr. 22 20. maí 1942, um lendingarbætur á Stokkseyri.
Lög nr. 88 16. des. 1943, um lendingarbætur í Stöðvarfirði.
Lög nr. 53 12. okt. 1944, um lendingarbætur við Sæból í Aðalvík.
Lög nr. 44 14. apríl 1943, um lendingarbætur á Vattarnesi við Reyðarfjörð.
Lög nr. 97 16. des. 1943, um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.
Lög nr. 53 14. júní 1929, um lendingarbætur í Þorlákshöfn.
Lög nr. 26 12. febr. 1945, um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík.
Lög nr. 51 10. okt. 1944, um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð.

Nd. 343. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu á tímabilinu frá 15. sept. 1945 til jafnlengdar næsta ár, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neyzluvörum eða á annan hátt.

Ef vara er seld tvenns konar verði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar og hún sér um, að hæfilegt neyzlumagn vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er í vísitölu, að viðbættum 25% sé á boðstólum með lægra verðinu, skal vísitalan eingöngu miðuð við það.

2. gr.

Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er til sölu á tímabilinu frá 1. ágúst til 20. september 1946, og á kartöflum, sem teknar eru upp og seldar á sama tíma, skal eigi hafa áhrif á vísitöluna, enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 344. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir rafveitu Flateyrarhrepps.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 300 þús. kr. innlent lán fyrir Flateyrarhrepp til að endurnýja rafveitukerfi kauptúnsins, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði. Ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu verði falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

Greinargerð.

Rafmagnseftirlit ríkisins hefur gert áætlun um endurnýjun rafveitunnar í Flateyrarkauptúni, og er gert ráð fyrir, að aflstöðin kosti 208 þús. kr., en rafleiðslukerfið 173 þús. kr., ef leiðslur eru lagðar á stólpum, en 285 þús. kr., ef lagt er í

jarðstreng. Hreppsnefnd gerir ráð fyrir að geta lagt fram til verksins um það bil kostnaðinn af aflstöðinni. Ætlazt er til, að hægt verði að tengja rafleiðslukerfið samvirkjun fyrir Vestfirði, þegar til kemur. Áætlun Rafmagnseftirlitsins verður send fjárveitinganefnd.

Ed. 345. Frumvarp til laga

um aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1945.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 4 milljónum króna eða ábyrgjast jafnháa fjárhæð til aðstoðar síldarútvegsmönnum árið 1945.

2. gr.

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu síldveiðar með herpinót sumarið 1945, geta sótt um lán samkvæmt lögum þessum, ef þeir (þau) vegna aflabrests á síldarvertíðinni eiga erfitt með áframhaldandi rekstur.

3. gr.

Sameinað Alþingi kýs fimm manna nefnd, sem tekur á móti umsóknum um lán þessi. Nefndin ákveður, hve langan frest umsækjendur hafa til lánbeiðninnar.

Lánbeiðnir skulu vera skriflegar. Þeim skulu fylgja skilríki sem hér segir:

1. staðfest eftirrit af skattframtali umsækjanda 1945;
2. efnahagsreikningur umsækjanda 30. sept. 1945;
3. rekstrarreikningur síldarútgerðar umsækjanda 1945;
4. veðbókarvottorð skipa og fasteigna umsækjandans.

Auk þess er umsækjanda skylt að gefa nefndinni allar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar. Með allar upplýsingar varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

4. gr.

Þegar lánveitinganefnd hefur fengið tilskilin skjöl í hendur, skal hún sannprófa, eins og unnt er, hvort þau eru rétt. Telji nefndin, að umsækjandi eigi erfitt með áframhaldandi rekstur, skal honum veitt lán, ef hann getur sett tryggingar, sem nefndin metur gildar. Nú sækir hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð um lán eftir lögum þessum, og skal þá setja það skilyrði fyrir lánveitingunni, að aðalhluthafar eða aðaleigendur fyrirtækisins taki persónulega ábyrgð á láninu í hlutfalli við hlutafjáreign eða stofnfjáreign þeirra í félaginu, nema aðrar fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir láninu. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera. Einnig ákveður hún lánstíma og skiptingu afborgana. Lánstími má þó ekki vera yfir 5 ár. Ársvextir skulu vera 3%.

5. gr.

Ekkert lán má afgreiða, fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og sér um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

6. gr.

Selji lántakandi skip sitt eða aðrar eignir, sem settar hafa verið sem trygging fyrir láninu, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

7. gr.

Þeir, sem fá lán samkv. lögum þessum, eru skyldir til að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

8. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um lánveitingar þessar, ef þurfa þykir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 346. Nefndarálit

um frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1946.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu, sem er stjórnarfrumvarp, er lagt til, að sett verði lög um að innheimta tekjuskattsviðauka á næsta ári, svo sem gert var á þessu ári. Skattur þessi er til viðbótar tekjuskatti og stríðsgróðaskatti samkvæmt eldri lögum. Þessir skattar nema miklu allir til samans, en auk þeirra þurfa skattgreiðendur að borga útsvör til bæjar- og sveitarsjóða.

Þegar ríkissjóð skortir fé, eins og nú er, er ekki óeðlilegt, að lagðir séu allháir skattar á tekjur einstaklinga og félaga. En hitt er mjög óviðeigandi í alla staði að leggja svonefndan tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt á **útgjöld** manna, en að því er stefnt, ef sú ein breyting verður gerð á lögum um skattheimtu, sem frv. þetta felur í sér.

Á síðasta þingi voru sett lög um **veltuskatt**. Í þeim lögum er ákvæði um, að sá skattur skuli ekki vera frádráttarbær við ákvörðun skatta á tekjur. Ég tel óhjákvæmilegt, að þessu lagaákvæði verði breytt, ekki síst ef tekjuskattsviðaukinn, sem frv. þetta fjallar um, verður í lög tekinn.

Veltuskatturinn er í eðli sínu tollur en ekki skattur. Skattar eru miðaðir við tekjur og eignir skattgreiðenda og eru því aðeins á lagðir, að um einhverjar hreinar tekjur eða eignir sé að ræða. En veltuskatturinn miðast við umsetningu eins og tollarnir. Hann er þó að því leyti ósanngjarnari en aðrir tollar, að hann leggst jafnt á brýnustu nauðsynjavörur sem miður þarfan og óþarfan varning. Tollur þessi leggst því sérstaklega þungt og ómaklega á þau fyrirtæki, sem aðallega verzla með nauðsynjavörur, sem seldar eru með lítilli álagningu. Og þrátt fyrir það ákvæði veltuskattsl., að ekki sé heimilt að telja gjald þetta í kostnaðarverði vöru, hlýtur það í mjög mörgum tilfellum að lenda á neytendum vörunnar, eins og aðrir tollar, og þá að sjálfsögðu með mestum þunga á þá, sem hafa stærstar fjölskyldur á framfæri og þurfa þar af leiðandi að kaupa mest af vörum til heimila sinna. Alveg sérstaklega á þetta við um félagsmenn í samvinnufélögum. Flest kaupfélögin hafa á liðnum árum úthlutað verulegum tekjuafgangi til félagsmanna sinna í lok hvers árs, eftir viðskiptaveltu þeirra hvers um sig. Það er augljóst, að eftir álagningu veltuskattsins geta kaupfélögin ekki úthlutað slíkum tekjuafgangi, eða a. m. k. ekki nema að mjög litlu leyti. Verður því verð þeirrar vöru, er félagsmennirnir kaupa, þeim mun hærra, sem veltuskattinum nemur, og kemur skatturinn þannig þyngst niður á fjölskyldumönnum, eins og þegar er fram tekið.

Af þessu er vel ljóst, að það hefur ekki við rök að styðjast, sem formælendur þessarar skattheimtu, þ. e. ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar, hafa haldið fram,

að gjald þetta væri eingöngu lagt á verzlunarfyrirtækin, en snerti á engan hátt almenning í landinu.

Fleiri dæmi er auðvelt að nefna, sem sýna, að veltuskatturinn og afleiðingar hans koma mjög illa við einstök fyrirtæki. Af eftirfarandi dæmi sést, að skattarnir verða miklu hærri en tekjurnar hjá einstökum fyrirtækjum, ef ekki verður leyft að draga veltuskatt frá tekjum, áður en skattar eru á þær lagðir.

Fyrirtæki nokkurt borgar 100 þús. kr. í veltuskatt árið 1945 og hefur á að gizka 50 þús. kr. í tekjuafgang af rekstri ársins. Samkvæmt frv. þessu og gildandi lögum borgar fyrirtækið í skatta árið 1946:

Tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt, alls	kr. 60530.00
Tekjuútsvar, reiknað eftir útsvarsstiga Reykjavíkurbæjar	— 25470.00
Samtals	kr. 86000.00

Er þetta 36 þús. kr. hærri upphæð en tekjuafgangur fyrirtækisins, og er þó ekki hér með talið veltuútsvar, sem slík fyrirtæki þurfa að borga.

Þegar veltuskatturinn var á lagður, gaf ríkisstjórnin fyrirheit um, að hann skyldi ekki framlengdur. En ef þess verður krafizt, að tekjuskattur, tekjuskattsviðauki og stríðsgróðaskattur verði greiddur af veltuskattinum, er hann raunverulega framlengdur að verulegu leyti um næstu ár, og er þá áðurnefnt stjórnarloforð mjög fallið í verði.

Ég leyfi mér því að leggja fram svofelldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Á eftir greininni komi ný grein, þannig:
   Veltuskatt samkv. lögum nr. 62 1945 skal draga frá tekjum, áður en tekjuskattur, tekjuskattsviðauki og stríðsgróðaskattur er á þær lagður árið 1946, enda sé veltuskatturinn greiddur áður en nefndir skattar eru á lagðir.
2. Við 3. gr. Við greinina bætist:
   Jafnframt fellur úr gildi 9. gr. laga nr. 62 2. marz 1945, um veltuskatt.
3. Við fyrirsögn: Á eftir „tekjuskattsviðauka“ komi: og skattaálagningu.

Alþingi, 14. des. 1945.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 347. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Á eftir 1. gr. laga nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, kemur svo hljóðandi málsgrein:

Á þennan sérstaka reikning skal og leggja 15% af andvirði útflutnings eftir á fyrir hvert ár. Skal það fé háð fyrirmælum þessara laga að öllu leyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af nýbyggingarráði, og flytur fjárhagsnefnd það að beiðni forsætisráðherra. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv. og brtt. við það.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Hugmyndin með því að setja fastar 300 millj. kr. af erlendum innieignum bankanna 1944 var sú að tryggja það að minnsta kosti, að þessi hluti af gróða stríðsáranna yrði notaður til nýsköpunar. Það hlýtur þó að hafa verið ætlun löggjafans, að eðlileg endurnýjun og aukning atvinnutækjanna væri eftir sem áður greidd af andvirði hins árlega útflutnings þjóðarinnar. Ef það væri ekki, mundi hlutfall neyzluvara í innflutningnum aukast hlutfallslega mjög mikið, þar sem nóg kaupgeta er innanlands til að kaupa slíkar vörur.

Nú er hins vegar með lögunum um nýbyggingarráð því ráði fengin í hendur öll leyfisveiting fyrir innflutningi framleiðslu- og samgöngutækja, og með reglugerð er öðrum bannað að veita slík leyfi. Eigi því „normal" innflutningur á framleiðslutækjum að halda áfram samtímis innflutningnum fyrir 300 milljónirnar, þá verður að taka ákveðinn hundraðshluta af andvirði útflutnings hvers árs og setja hann á þann sérstaka reikning, sem nýbyggingarráði er falið að ráðstafa.

Í meðfylgjandi töflu sést, hve miklu heildarútflutningur og heildarinnflutningur og innflutningur framleiðslutækja hefur numið að verðmæti síðastliðin tíu ár. Framleiðslutæki eru hér talin þær vörur, er hagstofan telur undir lið 7 í yfirliti sínu yfir innflutninginn. Eru þetta vélar, skip og önnur flutningstæki og ýmsar járn- og málmvörur (verkfæri o. fl.), og mun nokkurn veginn svara til þeirra vara, er nýbyggingarráð veitir innflutningsleyfi fyrir. Af þessari töflu sést, að innflutningur framleiðslutækja hefur þessi tíu ár að meðaltali numið 13,8% af öllum innflutningnum og 12,7% af útflutningnum. Vegna þess að verzlunarskýrslunum var breytt árið 1935, er ekki hægt að fara lengra aftur í tímann með þennan samanburð. Þau tíu ár, sem þessi samanburður nær yfir, hefur innflutningur framleiðslutækja verið miklu minni en eðlilegt verður að teljast. Árin fyrir stríðið átti sjávarútvegurinn, eins og kunnugt er, við mikla erfiðleika að stríða og gat ekki endurnýjað framleiðslutæki sín eins og nauðsynlegt var. Á stríðsárunum hefur ekki verið hægt að fá framleiðslutæki keypt erlendis nema í litlum mæli. Af þessum ástæðum verður að teljast nauðsynlegt að ætla hærri hlutfallstölu af innflutningnum til framleiðslutækja en áður hefur verið. Nýbyggingarráð leggur því til, að 15% af þeim erlenda gjaldeyri, sem á ári hverju fæst fyrir útflutninginn, leggist við nýbyggingarreikning og verði þar með varið til kaupa á framleiðslutækjum. Þetta fé mundi færast á nýbyggingarreikning um hver áramót, er skýrslur um heildarútflutninginn lægju fyrir. Að sjálfsögðu yrði Landsbankinn að sjá til þess, að jafnóðum og hinn erlendi gjaldeyrir berst bankanum, sé nóg lagt til hliðar, svo að bankinn geti staðið við þessa skuldbindingu um hver áramót.

Fylgiskjal.

Ár	Útfl. alls 1000 kr.	Innfl. alls 1000 kr.	Innfl. framl.-tækja (liður 7)	Innfl. framl.-tækja í % af heildarinnfl.	Innfl. framl.-tækja í % af heildarútfl.
1935	47772	45470	6354	14.0	13.3
1936	49642	43053	6330	14.7	12.8
1937	58988	53302	7545	14.2	12.8
1938	58607	50479	7541	14.9	12.9
1939	70536	64183	10393	16.2	14.7
1940	133030	74210	16466	8.7	4.9
1941	188629	131129	14103	10.8	7.5
1942	200572	247747	33395	13.5	16.6
1943	233246	251301	43085	17.1	18.5
1944	253845	247629	33179	13.4	13.1

Ed. 348. Lög

um breyting á lögum nr. 37 27. júní 1921, um lestagjald af skipum.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.)

Samhljóða þskj. 290.

Nd. 349. Lög

um aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1945.

(Afgreidd frá Nd. 14. des.)

Samhljóða þskj. 345.

Nd. 350. Frumvarp til laga

um virkjun Sogsins.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að reka orkuverið við Ljósafoss ásamt aðalorkuveitunni til Reykjavíkur, auka það og reisa og reka önnur orkuver við Sogið, til þess að vinna úr því raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja aðrar háspennutaugar þaðan til Reykjavíkur og gera afspennistöðvar og framkvæma þau mannvirki, sem þarf til að afhenda orkuna samkvæmt 6. gr.

2. gr.

Orkuverin, háspennutaugarnar og afspennistöðvarnar samkvæmt 1. gr. nefnast einu nafni Sogsvirkjunin. Skal hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er ráðherra staðfestir.

3. gr.

Áður en byrjað er á nýju verki, aukningu eða breytingu á mannvirkjum, sem fyrir eru, skal senda ráðherra uppdrætti að hinum fyrirhuguðu framkvæmdum ásamt lýsingu af þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin lætur í tæka tíð, að fenginni umsókn bæjarstjórnar Reykjavíkur í hvert sinn, gera nauðsynlegar umbætur á vegum, er nota þarf vegna flutninga og aðdrátta við virkjunina. Til þessara umbóta leggur Sogsvirkjunin fram helming kostnaðar, og telst hann með virkjunarkostnaði og greiðist jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Með virkjunarkostnaði má og telja allan undirbúningskostnað við mælingar, áætlanir og rannsóknir á virkjunartilhögunum.

Þegar orkuver verður reist við Efra Sogið, má enn fremur telja með kostnaði kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra Sogi, sem Reykjavíkurbær hefur keypt af eigendum Úlfljótsvatns, svo og vatnsréttindi þau, er ríkissjóður á fyrir Kaldárhöfðalandi, með sama verði, enda greiði Sogsvirkjunin andvirði þeirra jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Þurfi vegna þessarar virkjunar að gera brú á Efra Sogið og veg frá henni vestan árinnar, skulu þau mannvirki teljast til orkuversins.

Þegar orkuver verður reist við Neðri Sogsfossana, má á sama hátt telja með kostnaði andvirði vatnsréttinda þeirra fyrir löndum Úlfljótsvatns, Bildsfells, sem nú er í eigu Reykjavíkurbæjar, og Syðri Brúar, sem er í eigu ríkissjóðs. Skal verðið ákveðið hlutfallslega eftir mati því, sem framkvæmt var á vatnsréttindum Ljósafoss 1935, og greiðast af Sogsvirkjuninni jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Þurfi vegna þessarar virkjunar að gera brú eða brýr á Sogið við Neðri fossana svo og veg að orkuveri frá alfaravegum, skulu mannvirki þau teljast til orkuversins.

5. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til framkvæmda samkvæmt 1., 3. og 4. gr. að upphæð allt að 34 millj. króna eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

6. gr.

Sogsvirkjunin selur raforku til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Skylt er henni einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverum og við afspennistöðvar til almenningsnota í nálægum héruðum við kostnaðarverði og að viðbættum allt að 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforkuna miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147 gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923.

Nú þykir nauðsynlegt, til þess að ákvæðum þessarar greinar verði fullnægt, að auka virkjun, og er Reykjavíkurbæ þá skylt að framkvæma aukninguna, allt upp í það, að Sogið sé að hálfu fullvirkjað, en ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til þess með sama skilyrði og segir í 5. gr. Skal aukningin framkvæmd, þegar er fé til hennar er fyrir hendi, nema gildar ástæður að dómi ráðherra hamli.

7. gr.

Þegar auka þarf virkjun fram yfir það, að Sogið sé virkjað til hálfs, skal ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við Reykjavíkurbæ um aðra tilhögun. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu, þannig að hann verði meðeigandi fyrirtækisins að sömu tiltölu og nemur aukningu vélaaflsins móts við það vélaafl, er fyrir var, og eigandi að helmingi, þegar fallvatnið er fullvirkjað. Kaupverðið eða hluta þess má ríkisstjórnin inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta þeirra skulda, er á fyrirtækinu hvíla. Ef samkomulag um kaupverðið næst ekki, skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Á Reykjavíkurbær þaðan í frá rétt til þess, hvenær sem hann þarf, að fá sem svarar helmingi orkunnar úr Soginu fullvirkjuðu handa Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Nú hefur virkjuninni safnazt varasjóður, þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkvæmt þessari grein, og verður hann þá eign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs að réttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefur myndazt af, frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur annars vegar og notendum utan hennar hins vegar.

Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ríkisstjórnin framselt til þess eða þeirra fyrirtækja, er þá hafa með höndum orkuveitu til almenningsþarfa um taugakerfi frá Sogsvirkjuninni til héraða utan rafmagnsveitu Reykjavíkur.

8. gr.

Þegar ríkisstjórnin er orðin meðeigandi að Sogsvirkjuninni samkvæmt 7. gr., skal stjórn fyrirtækisins skipuð 5 mönnum: Tveim, er bæjarstjórn Reykjavíkur kýs, tveim, er tilnefndir verða af ríkisstjórninni, og hinum fimmta, er hæstiréttur tilnefnir. Skulu þeir allir skipaðir til þriggja ára í senn. Eftir að 1 ár er liðið frá skipun nefndarinnar, skulu árlega ganga úr nefndinni annaðhvort fulltrúar Reykjavíkur eða

fulltrúar ríkisstjórnarinnar eða fulltrúi hæstaréttar. Skal varpað hlutkesti um, hverjir skuli fyrst ganga úr. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 82 19. júní 1933, um virkjun Sogsins.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk bæjarstjórnar Reykjavíkur. Nefndarmenn hafa áskilið sér að hafa óbundnar hendur um breytingar á frv.

Frumv. þetta er endurskoðun laganna um virkjun Sogsins, nr. 82 19. júní 1933. Aðalatriði þeirra laga er það, að Reykjavíkurbæ er heimilað að reisa og reka raforkustöð við Sogið til þess að vinna úr því raforku til almenningsþarfa, svo og til að leggja háspennutaugar til Reykjavíkur og gera afspennistöð þar og framkvæma þau mannvirki, sem til þarf til þess að koma orkunni til notenda í umdæmi rafmagnsveitu Reykjavíkur. Jafnframt er þó Reykjavíkurbær eða Sogsvirkjunin, eins og fyrirtækið heitir, skylduð til þess að láta af hendi raforku til almenningsnota í nærliggjandi héruðum við kostnaðarverði, að viðbættum allt að 10%, þó ekki við hærra verði en rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir fyrir raforkuna miðað við afhendingu á sama stað.

Enn fremur gera lögin ráð fyrir, að Reykjavíkurbær skuli auka við virkjun í Sogi, ef þurfa þykir, þar til fallvatnið er að hálfu fullvirkjað, en síðan taki ríkisstjórn við um framkvæmdir á aukningum, og gerist hún þá meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði um aðra tilhögun. Er þá tilætlunin, að ríkisstjórnin kaupi tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, þannig, að hún verði eigandi að helmingi, þegar fallvatnið er fullvirkjað.

Með þessum lögum er Reykjavíkurbæ aðeins leyft að reisa og reka eitt orkuver (Ljósafossstöðin). Eins og kunnugt er, er nú fullvirkjað á þessum stað og orkan, sem þaðan fæst, fullnotuð eftir því sem vélaafli þar frekast leyfir. Mest af orkuvinnslunni fer nú til Reykjavíkur (um 90%), en afgangurinn til Hafnarfjarðar og nágrennis Reykjavíkur.

Rafveitur ríkisins hafa nú þegar lagt veitu út á Reykjanes, og fyrirsjáanlegt er, að fyrir dyrum standa hjá þeim stórfelldar aðrar framkvæmdir.

Þá er notkun orkunnar í Reykjavík og Hafnarfirði í svo örum vexti, að til stórvandræða horfir, ef ekki verður ráðizt í að auka framleiðslu raforku.

Það orkar víst ekki tvímælis, að heppilegasta leiðin til aukningar þessarar verður fyrst og fremst ný eða nýjar virkjanir í Sogi, og er fyrirsjáanlegt, að orka sú, sem fáanleg er úr Soginu fullvirkjuðu, er ekki meira en svo, að hún verður notuð til fulls, áður en mjög langt um líður, af Reykjavík og þeim nýju veitum, sem lagðar verða.

Er því nú eins mikil ástæða til þess samstarfs milli Reykjavíkurbæjar og ríkisins, sem frv. þetta um fulla virkjun Sogsins gerir ráð fyrir, eins og á þeim tíma, er lögin um virkjun Sogsins voru samþykkt, um samstarf þessara aðila um eitt raforkuver við fallvatn þetta.

Eins og getið var um í byrjun greinargerðarinnar, er hér um endurskoðun laganna um virkjun Sogsins að ræða, og er eina aðalbreytingin sú, að frv. þetta nær til fullvirkjunar Sogsins.

Sþ. 351. Nefndarálit

um till. til þál. um landsvist nokkurra útlendinga.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Í tillögu þessari er í raun og veru ekki um annað að ræða en það, að nokkrir útlendir menn, sem hér nutu landsvistarleyfis 1939, en voru fluttir héðan af hernaðarástæðum, haldi þessu landsvistarleyfi nú að hernaðinum loknum, meðan ekki sannast á þá neitt, er geri vist þeirra hér óæskilega, og með þeim skilyrðum, sem í tillögunni eru greind. Meiri hluti nefndarinnar telur þetta eðlilegt og mælir með því, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Brtt. á þskj. 335, sem lá einnig fyrir nefndinni, er bæði óákveðnari og víðtækari, og telur meiri hlutinn hana ekki æskilega.

Alþingi, 14. des. 1945.

Magnús Jónsson, form., frsm. Hermann Jónasson. Garðar Þorsteinsson.
Bjarni Ásgeirsson. Bjarni Benediktsson.

Sþ. 352. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 10. gr. III. 6. Aftan við liðinn bætist:
Þegar risna sendiherra og sendifulltrúa í lið 1—6 hefur verið skilin frá staðaruppbótinni, skiptist staðaruppbótin hlutfallslega jafnt á alla starfsmenn sendiráðanna miðað við grunnlaun þeirra.

2. — 11. — A. 6. b. 3. (Skrifstofukostn. sýslumanna. Annar kostn.).
Fyrir „220 000“ kemur 200 000

3. — 11. — B. 1. (Skipaskoðun ríkisins).
Við liðinn bætist:
÷ Tekjur 118 000

4. — 11. — B. 9. (Vörumerkjaskráning).
Liðurinn fellur niður.

5. — 11. — B. 13. c. Nýr liður:
Nýbyggingarráð:

1. Laun:			
a. Grunnlaun	96 150		
b. Verðlagsuppbót ..	168 262		
		264 412	
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		22 200	
3. Annar kostnaður		103 600	
			390 212
÷ Tekjur			390 212

6. — 13. — B. 2. (Flóabátaferðir).
Fyrir „500 000“ kemur 853 150

7. — 14. — A. II. 5. (Skýrslugerð dómkirkjuprests).
Liðurinn fellur niður.

8. Við 14. gr. A. VII. Nýr liður:
Til að gefa út minningarrit vegna 100 ára afmælis prestaskólans 6 000

9. — 14. — B. X. 2. f. (Hvanneyrarskóli). Nýr liður:
Til byggingar kennarabústaðar 8 000

10. — 14. — B. XIV. 7. (Fyrrverandi barnakennarar).
a. Við a. (Grunnlaun).
Fyrir „13 000“ kemur 13 300
b. Við b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „22 750“ kemur 23 275

11. — 14. — B. XVI. 1. b. Nýr liður:
Vegna launahækkunar samkvæmt launalögum 360 000

12. — 14. — B. XVI. 5. Nýr liður:
Til húsmæðraskólans á Staðarfelli, til kaupa á ljósamótor 10 000

13. — 14. — B. XVII. 5. Nýr liður:
Til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar:
a. Grunnstyrkur 5 000
b. Verðlagsuppbót 8 750
13 750

14. — 15. — A. IV. Liðurinn orðist svo:
Til Náttúrufræðifélagsins 42 100
Þar af 5 000 kr. til að líma upp plöntusafn skólans. Náttúrufræðisafnið sé almenningi til sýnis.

15. — 15 — A. VII. 8. Nýr liður:
Til útgáfu á ævisögum lærðra manna eftir Hannes Þorsteinsson, fyrsta greiðsla af þremur 20 000

16. — 15. — A. IX. Nýr liður:
Til Sir William Graigie, vegna nýrrar útgáfu á orðabók Richard Cleasby og Guðbrands Vigfússonar 12 000

17. — 15. — A. X. 1. (Leikfélag Reykjavíkur).
Fyrir „20 000“ kemur 30 000

18. — 15. — A. XI. 1. Nýr liður:
Til tónlistarskóla á Akureyri 15 000
gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að.

19. — 15. — A. XII. Nýr liður:
Til Guðjóns Samúelssonar, í viðurkenningarskyni fyrir að uppgötva aðferð við múrhúðun 50 000

20. — 15. — B. VIII. Nýr liður:
Til jarðborana og kaupa á jarðborum 420 000

21. — 16. — A. 8. b. Nýr liður:
Vangoldin verðlagsuppbót á framlag ríkisins til bygginga- og landnámssjóðs árin 1942 og 1943 ..... 532 500

22. — 16. — A. 23. (Mjólkurbú og smjörsamlög).
Fyrir „30 000“ kemur 80 000

23. — 16. — A. 29. Nýr liður:
Til Páls Pálssonar dýralæknis samkvæmt samningi .. 6 000

24. — 16. — B. 4. Nýr liður:
Til Kristins Kristjánssonar, Nýhöfn, í viðurkenningarskyni fyrir að finna upp línulagningaráhöld fyrir fiskiflotann 20 000

25. Við 18. gr. I. a. 1. Nýr liður:
Ágúst H. Bjarnason prófessor 2 405
26. — 18. — I. b. 24. Nýr liður:
Solveig Eggerz 3 960
27. — 18. — II. a. 10. (Guðmundur Sveinbjörnsson).
Fyrir „10 180“ kemur 5 026
28. — 18. — II. x. 40. Nýr liður:
Jón Bach, fyrrv. dyravörður 1 000
29. — 20. — Út. IV. (Viðbótarhúsnæði við ríkisspítalana).
Fyrir „1 000 000“ kemur 2 000 000
30. — 20. — Út. VII. (Menntaskólinn í Reykjavík).
a. Fyrir „1 000 000“ kemur 500 000
b. Nýr liður:
Til byggingar heimtavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri 500 000
31. — 20. — Út XIV. Liðurinn orðist svo:
Til byggingar á prestssetrum 650 000
Þar af 150 000 kr. til byggingar prestssetrshúss í Hestþingum.
32. — 22. — II. Nýir liðir:
a. Að láta niður falla að svo miklu leyti, sem ástæða þykir til, að innheimta framlög ríkisins á stríðsárunum til nauðstaddra Íslendinga erlendis.
b. Að greiða Ingibjörgu Jóhannsdóttur, fyrrverandi kennara 10 þús. kr.
33. — 22. — V. Liðurinn orðist svo:
Að endurgreiða tónlistarfélagi Akureyrar toll af blásturshljóðfærum, sem það flutti inn í lok ársins 1944, svo og að endurgreiða Háskóla Íslands toll af orgeli í kapellu háskólans.
34. — 22. — VIII. Nýr liður:
Að greiða 5 000 kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonuefnum vefnað.
35. — 22. — XII. Nýir liðir:
a. Að verja allt að 50 000 kr. til fyrirhleðslu við Klifanda í Mýrdal, eftir að verkið hefur verið undirbúið.
b. Að greiða 18 þús. kr. til fyrirhleðslu í Grjótá og Staðará, gegn greiðslu ⅓ kostnaðar annars staðar að.

Nd. 353. Breytingartillaga

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Jóni Sigurðssyni og Sigurði Þórðarsyni.

Við 2. gr. B.
Á eftir tölulið 18 „Hafnir“, komi nýr liður:
Haganesvík.

Ed. 354. Lög

um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 195.

Ed. 355. Lög

um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 153.

Ed. 356. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Innra Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 209.

Ed. 357. Lög

um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 189.

Sþ. 358. Tillaga til þingsályktunar

um alþjóðarútgáfu af Heimskringlu Snorra Sturlusonar.

Flm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða 3/5 hluta af útgáfukostnaði alþjóðarútgáfu Heimskringlu Snorra Sturlusonar, allt að 65 þús. kr., í sambandi við sjö alda dánarafmæli þessa rithöfundar.

Greinargerð.

Íslendingar eiga einn og ekki nema einn rithöfund, sem er hvarvetna talinn tækur í úrval mestu frægðarmanna í sagnfræði, þegar miðað er við alþjóðamælikvarða. Þessi maður er Snorri Sturluson. Heimskringla er frægasta ritverk hans. Hún er slíkt afburðaverk bæði um áreiðanleik og ritsnilld, að hámenntaður Englendingur, Dufferin lávarður, hefur lýst yfir, að Bretar verði að leggja fram þrjá af sínum mestu sögusnillingum til að geta lagt á metaskálina jafnfjölþætta yfirburði í sagnaritun eins og Snorri Sturluson hefur til að bera einn saman. En þó að undarlegt megi teljast, hefur frægasta bók frægasta rithöfundar á Íslandi aldrei verið prentuð í heilu lagi hér á landi fyrr en í fyrra og þá í svo dýrri útgáfu (270 kr.), að telja má fráleitt, að bókin komist í þeirri mynd í hendur almennings á Íslandi. Fornritafélagið gefur Heimskringlu út um þessar mundir í nokkrum bindum fyrir fræðimenn. Er það nauðsynlegt verk, en sú útgáfa hefur takmarkað verkefni og takmarkaðan kaupendahóp. Við hlið fræðimannaútgáfunnar þarf Heimskringla að komast í einföldum og óbrotnum búningi inn á hvert heimili í landinu. Það virðist vera nægilegt að láta Snorra Sturluson bíða í 700 ár eftir tækifæri til að tala í hverju heimili íslenzku við þá kynslóð, sem er að nema móðurmálið og taka við menningararfi þjóðarinnar.

Norska þjóðin lítur nokkuð öðrum augum á Heimskringlu. Norðmenn telja sig eiga þrjá helgidóma: Bibliuna, Heimskringlu og stjórnarskrána frá Eiðsvelli. Í augum Norðmanna er Snorri Sturluson tvennt: Yfirburða ritsnillingur og sá maður, sem hefur bjargað fornsögu Norðmanna, Svía og Dana frá gleymsku. Þó að Heimskringla nái ekki á sama hátt til viðburða á Íslandi, þá var saga Norðurlanda og svo nátengd Íslendingum á þjóðveldistímanum, að norskar söguhetjur hafa frá fornöld haft andlegan borgararétt í hugum íslenzku þjóðarinnar. En auk þess hefur Heimskringla þá yfirburði fyrir Íslendinga, að þar hafa þeir ævarandi fyrirmynd og uppsprettu sannarlegrar snilldar um meðferð móðurmálsins. Það er alkunnugt, að sá núlifandi Íslendingur, sem er einhver mesti snillingur í meðferð íslenzkrar tungu, dr. Helgi Pétursson, bar ekki af öðrum mönnum í þeirri grein, þegar hann hafði lokið háskólaprófi, en lagði eftir það óvenjulega stund á að skilja leyndardóma móðurmálsins og hafði þá einna mesta stoð í því að rannsaka verk Snorra Sturlusonar og Jónasar Hallgrímssonar. Það, sem Helgi Pétursson hefur gert með afburðum, geta flestir aðrir gert sér til nokkurrar fullkomnunar.

Heimskringla á að vera íslenzkur dýrgripur í hverju heimili á Íslandi, hjá fátækum mönnum, ríkismönnum og fræðimönnum.

Þjóðræknum mönnum í Noregi hefur lengi fundizt, að norska þjóðin stæði í óbættri skuld við Snorra Sturluson. Hann var veginn að tilstilli norskra valdamanna, af því að þeim þótti hann of mikill Íslendingur og standa í vegi fyrir landvinningastefnu þeirra. Þetta er önnur hlið málsins. En jafnframt þessu telja Norðmenn Snorra þýðingarmesta velgerðarmann þjóðarinnar. Hann bjargaði frá glötun minningum um fortíð þjóðarinnar, sem nútímafræðgð Noregs byggist á.

Það hefur lengi verið nokkurt vandamál í Noregi, hversu norska þjóðin gæti í einu bætt fyrir glæp Hákonar gamla gagnvart Snorra Sturlusyni og jafnframt sýnt í verki aðdáun sína og þakklátsemi við þennan velgerðarmann norsku þjóðarinnar. Að síðustu varð það samkomulag áhugamanna í þessu efni að reisa Snorra veglegan minnisvarða á Íslandi. Skyldi minnismerkið vera eftir norskan listamann og gjöf til Íslendinga frá norsku þjóðinni. Var það ráðagerð Norðmanna að afhjúpa þetta minnismerki í Reykholti haustið 1941, en þá voru liðnar sjö aldir frá vígi Snorra Sturlusonar. En vorið 1940 var Noregur hernuminn, svo sem kunnugt er. Frægasti myndhöggvari Noregs, Gustav Vigeland, hafði gert myndastyttuna, og stóð hún fullgerð í málmsteypu, þegar Noregur lenti í stríðinu. Var nokkur uggur í mönnum, að Þjóðverjar kynnu að nota málminn úr minnismerkinu til hernaðarþarfa, en það varð þó ekki. Myndastyttan var óskemmd, þegar stríðinu lauk. Eftir að vitað var hér á landi, að Norðmenn hefðu í hyggju að gefa Íslandi þessa merkilegu minningargjöf um Snorra Sturluson, ákvað Alþingi að hefja nokkurn viðbúnað í Reykholti. Hefur árlega verið veitt fé í fjárlögum til Snorragarðs í Reykholti, þar sem svo er gengið frá umhverfi myndastyttunnar, að það verður í nokkru samræmi við frægð Snorra og stórhug hinna norsku gefenda. Fyrir skömmu hefur borizt frá Noregi áreiðanleg vitneskja um, að norska Snorranefndin hafi í hyggju að afhenda íslenzka ríkinu Snorramyndina á helgidegi Ólafs konungs Haraldssonar í lok júlímánaðar næstkomandi. Er búizt við, að Ólafur krónprins komi á herskipi með fríðu föruneyti til að gera þennan atburð sem hátíðlegastan og sýna á ótvíræðan hátt aðdáun norsku þjóðarinnar á þessum íslenzka rithöfundi og þakklæti Norðmanna fyrir afrek hans.

Þetta er hluti Norðmanna, og er hann virðulegur svo sem vera ber. En nokkur missmíði hafa verið á því, hversu Íslendingar hafa búið að minningu Snorra Sturlusonar. Þjóðin hefur frétt frá útlöndum um frægð og ágæti Snorra Sturlusonar. Menn hafa trúað því, að Snorri væri landinu til sæmdar og tekið hart á því, sem rétt var, þegar einstaka Norðmenn vildu telja heiminum trú um, að hann væri ekki Íslendingur, heldur norskur rithöfundur. En ræktarsemin við Snorra Sturluson hefur ekki náð lengra en þetta. Hin mikla sögulega bók hans hefur ekki verið gefin út hér á landi fyrr en í fyrra. Ég hef nú í vetur gert nokkra athugun á því, hvenær vel menntir Íslendingar hafa kynnzt Heimskringlu af eigin sýn, og kemur þá í ljós, að þing-

menn, visindamenn og ritstjórar stærstu blaðanna, til að nefna nokkur dæmi, hafa ekki séð þessa bók fyrr en þeir höfðu náð fullorðinsaldri. Mjög oft voru það þá norskar útgáfur, sem fyrst urðu á vegi þessara Íslendinga.

Svo búið má ekki standa. Norðmenn eiga skuld að gjalda vegna misgerða við Snorra, og þeir bæta nú fyrir gamlar syndir, eftir því sem við má koma. En íslenzka þjóðin stendur líka í óbættri sök við Snorra Sturluson. Og sú skuld verður ekki goldin nema með einu móti: **að koma Heimskringlu inn á hvert einasta heimili í landinu og gera það að óskrifaðri reglu,** að meginverk mesta ritsnillings á Íslandi verði hér eftir dýrgripur við vöggu hvers barns, sem fæðist upp á Íslandi.

Nú vill svo vel til, að Helgafellsútgáfan hefur í þessu efni séð fyrir þörfum þeirra manna á Íslandi, sem kaupa góða bók, þó að hún kosti nærri 300 krónur. Fornritafélagið er líka á góðri leið með að bæta úr þörf þeirra, sem vilja ekki aðeins lesa Heimskringlu, heldur fræðast líka um, hversu handrit þess verks hafa geymzt, um mismun handritanna og um ýmsar ólíkar skoðanir og fræðisetningar varðandi þetta verk, sem lærðir menn í ýmsum löndum hafa deilt um. Með þeim hætti er verið að greiða skuldina við Snorra Sturluson að því er snertir ríka Íslendinga og lærdómsmenn í landinu. En samt er eftir meginhluti þjóðarinnar, sem mundi fagna Heimskringlu eins og þeir menn gera, sem lesa bækur vegna góðs efnis og mikillar ritsnilldar. Tillaga mín miðar í þá átt, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að greiða 60% af útgáfukostnaði Heimskringlu, ef Menntamálaráð og Þjóðvinafélagið gæfu hana út næsta ár sem félagsmannabók í 13 þús. eintökum. Með þessum hætti væri allvel séð fyrir þörfum þjóðarinnar. Frægasta bók eftir íslenzkan höfund væri þá eftir sjö hundruð ára bið komin inn á hvert heimili í landinu. Snorri Sturluson fengi þá nýtt hlutverk. Verk hans yrði lífrænn þáttur í þjóðlegri menningu landsmanna, en hætti að vera fányt auglýsing manna, sem vilja miklast af frægð hans, en vita ekki, af hverju sú frægð stafar.

Það er mál manna í Noregi, að Norðmenn verði að leggja bæði Ibsen og Björnson á metaskálina til að jafnast á við Vigeland einan á vopnaþingi listamanna. Bretar viðurkenna, að þeir verði að leggja þrjá af sínum úrvalsmönnum móti Snorra Sturlusyni, ef ekki á að halla á Englendinga í samkeppni sagnfræðinga. En okkur Íslendinga skortir þó gagnvart minningu Snorra Sturlusonar að láta yfirburði hans verða óaðskiljanlegan hluta þjóðlegrar menningar í landinu.

Menntamálaráð og Þjóðvinafélagið eru nú að leysa af hendi mjög vanrækt, þjóðlegt skylduverk. Þessi tvö útgáfufyrirtæki eru að láta rita fyrstu Íslandssöguna, sem gerð hefur verið í landinu. Þau eru að undirbúa útgáfu þeirrar Íslandslýsingar, sem Jónas Hallgrímsson og Jón Sigurðsson vildu gera fyrir hundrað árum, en höfðu þá ekki aðstöðu til að leysa af hendi. Þau eru að freista að hrinda í framkvæmd allsherjarútgáfu af verkum Jóns Sigurðssonar. Þau hafa valið tvo málfræðinga til að búa undir útgáfu Illions- og Odysseifskviðu í þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar, en málið á því verki líkist mest meðferð Jónasar Hallgrímssonar á íslenzkri tungu. Þá hafa Þjóðvinafélagið og Menntamálaráð hafið útgáfu Íslendingasagna. Er Njála komin út og Egilssaga nálega fullprentuð. Er tilgangurinn að koma Íslendingasögunum öllum, í einfaldri en vandaðri útgáfu, í hendur alls almennings í landinu. Ef það þætti þjóðarsæmd að koma Heimskringlu svo að segja á öll íslenzk heimili, þegar Norðmenn gefa íslenzku þjóðinni minningargjöf sína um Snorra Sturluson, verður sá vandi varla leystur nema með því, að Menntamálaráð og Þjóðvinafélagið felli niður að gefa út bindi af Íslendingasögu næsta ár og láti Heimskringlu koma í þess stað. En það leiðir af sjálfu sér, að útgáfufyrirtæki, sem lætur félagsmenn sína fá 4—6 bækur fyrir 20 kr. árgjald, getur ekki bætt slíku stórverki eins og Heimskringlu við, án sérstaks stuðnings frá þjóðfélaginu, þar sem slík bók myndi nú, í höndum einstakra útgefenda, varla kosta minna en 150 kr. í minnsta lagi. Því fer þess vegna fjarri, að Menntamálaráð og Þjóðvinafélagið geti sótt á um að leggja út í slíkt fyrirtæki, nema í samráði við forráðamenn landsins og með nauðsynlegum stuðningi frá ríkissjóði. Ég hef látið gera athugun á því, hve mikið mundi kosta að gefa Heims-

kringlu út í 13 þús. eintökum á svipaðan hátt og Íslendingasögur. Virðist sá kostnaður vera um 100 þús. kr. Egilssaga, sem nú er á döfinni, kostar tæplega 40 þús. kr., og er sú bók í stærsta lagi fyrir útgáfuna. Legg ég þess vegna til, að Alþingi heimili fjármálaráðherra að verja úr ríkissjóði ⅗ hlutum útgáfukostnaðar við Heimskringlu, ef Þjóðvinafélagið og Menntamálaráð gera verk Snorra að félagsbók að ári, til minningar um sjö alda dánarafmæli mesta ritsnillings á Íslandi.

Ed. 359. Lög

um togarakaup ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 6.

Ed. 360. Lög

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 180.

Nd. 361. Frumvarp til laga

um samkomudag reglulegs Alþingis 1946.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1946 skal koma saman 1. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni forsætisráðherra, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Með því að í ráði er að fresta nú fyrir jólin fundum reglulegs Alþingis 1945 til 1. febrúar n. k., en þess bíða þá allmikil verkefni til úrlausnar og afgreiðslu, er sýnt, að nýtt reglulegt þing getur ekki komið saman á venjulegum tíma, 15. febrúar, og þykir ríkisstjórninni því rétt að leggja til, að samkomudagur reglulegs Alþingis á næsta ári verði ákveðinn 1. október, nema óhjákvæmilegt reynist að kveðja það saman fyrr.

Sþ. **362. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946 og við brtt. á þskj. 352.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 3. gr. A. Sundurliðun. 5. Ríkisútvarpið. Eignabreytingar 2. Liðinn skal orða svo:
Til ráðstöfunar Alþingis síðar 1 080 000

II. Frá *Hermanni Jónassyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 31. (Bitruvegur).
Fyrir „200 000“ kemur 500 000
Til vara 300 000

III. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. A. II. a.
1. Við 47. (Hrísavegur). Fyrir „10 000“ kemur 25 000
2. Við 49. (Hörgárdalsvegur). Fyrir „10 000“ kemur 25 000
3. Við 51. (Laugalandsvegur). Fyrir „20 000“ kemur 50 000

IV. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
Við 13. gr. A. II. a.
1. Við 65. (Brekknaheiðarvegur). Fyrir „60 000“ kemur 100 000
2. Við 67. Nýr liður:
Jökulsárhlíðarvegur 5 000

V. Frá *Páli Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. A. II. a.
1. Við 84. Liðurinn orðist:
Nesjavegur 30 000
2. Við 87. (Öræfavegur). Fyrir „15 000“ kemur 20 000

VI. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 13. gr. A. II. a.
1. Við 89. (Landbrotsvegur). Fyrir „20 000“ kemur 50 000
2. Við 92. (Mýrdalssandsvegur). Fyrir „20 000“ kemur 40 000

VII. Frá *Ingólfi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. A. 95. (Syðri-Landeyjavegur).
Fyrir „40 000“ kemur 60 000

VIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 104. Nýr liður.
Suðurlandsvegur, 1. greiðsla af sex 3 700 000

IX. Frá *Eysteini Jónssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*
Við 13. gr. A. III. 8.
Nýir liðir:
1. Geitdalsá og Múlaá í Skriðdal 150 000
2. Hofsá í Álftafirði 150 000

X. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 13. gr. A. III. 10. Nýr liður:
Skaftá undan Heiði á Síðu 60 000

XI. Frá *Hermanni Jónassyni, Sveinbirni Högnasyni, Gísla Sveinssyni, Páli Zóphóníassyni* og *Páli Hermannssyni.*
Við 13. gr. A. III. 12. Nýir liðir:
1. Staðará í Steingrímsfirði 120 000
2. Djúpá í Fljótshverfi 180 000
3. Jökulsá í Fljótsdal 250 000

XII. Frá *Ingólfi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. XII. Nýr liður:
Til gistihússbyggingar að Múlakoti í Fljótshlíð 30 000
Til vara 20 000

XIII. Frá *Sigurði Þórðarsyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
1. Við 13. gr. C. IX. 14. (Hafnarmannvirki, Hofsós).
Fyrir „25 000“ kemur 50 000
2. Við 13. gr. C. IX. 24. (Hafnarmannvirki, Sauðárkrókur).
Fyrir „75 000“ kemur 150 000

XIV. Frá *Ingólfi Jónssyni.*
Við 14. gr. A. VII. Nýr liður:
Til Ásólfsskálakirkju 30 000
Til vara 15 000

XV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Eysteini Jónssyni, Gunnari Thoroddsen og Kristni Andréssyni.*
1. Við 14. gr. B. I. 3. (Námsstyrkir við háskólann).
Fyrir „87 500“ kemur 125 000
2. Við 14. gr. B. I. 4. (Húsaleigust. við sama skóla).
Fyrir „37 500“ kemur 50 000

XVI. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Önnu Þórhallsdóttur frá Hornafirði, til söngnáms í Vesturheimi 8 500
Til vara 6 500

XVII. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni* og *Pétri Magnússyni.*
Við 14. gr. B. XV. 3. Nýr liður:
Til námsstjóra við framhaldsskóla:
a. Grunnlaun 10 200
b. Verðlagsuppbót 17 850
28 050
c. Ferðakostnaður 6 000
34 050

XVIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 4. Nýr liður:
Til Skallagrímsgarðs í Borgarnesi 1 000

XIX. Frá *Ingólfi Jónssyni, Kristni Andréssyni, Bjarna Ásgeirssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 13. (Handíðaskólinn, grunnstyrkur).
Fyrir „25 000“ kemur 31000
Til vara 29 000

XX. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 14. gr. B. XXVII. Nýr liður:
Til sjóvinnuskóla í Vestmannaeyjum, gegn jafnmiklu framlagi frá Vestmannaeyjakaupstað 50 000

XXI. Frá *Sigfúsi Sigurhjartarsyni* og *Ingólfi Jónssyni.*
Við 15. gr. A. III. 1. (Þjóðminjasafnið. Laun).
1. Við a. (Grunnlaun). Fyrir „18 300“ kemur 25 500
Til vara 23 500
2. Við b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „32 025“ kemur 44 625
Til vara 41 125

XXII. Frá *Finni Jónssyni, Sigurði Bjarnasyni* og *Sigurði Thoroddsen.*

Við 15. gr. A. VI. 2. b. (Bókasafnið á Ísafirði). Nýr liður:

Byggingarstyrkur	20 000
Til vara	15 000

XXIII. Frá *Pétri Magnússyni, Brynjólfi Bjarnasyni, Helga Jónassyni* og *Finni Jónssyni.*

Við 15. gr. A. VIII. Aftan við fyrri málsgrein athugasemdarinnar bætist:

og Steingrímur Matthíasson, fyrrum héraðslæknir, 5 000 kr. heiðurslauna, að viðbættri verðlagsuppbót.

XXIV. Frá *Sigurði E. Hlíðar.*

Við brtt. 352, 18. Við 15. gr. A. XI. 1 — (Tónlistarskóli á Akureyri).

a. Fyrir „15 000“ kemur	20 000

b. Aftan við athugasemdina bætist:

enda náist samkomulag milli tónlistaraðila á Akureyri um stofnun sameiginlegs tónlistarfélags þar.

XXV. Frá *Bjarna Benediktssyni* og *Sigfúsi Sigurhjartarsyni.*

Við 15. gr. A. XI. 3. (Lúðrasveit Reykjavíkur).

Fyrir „25 000“ kemur	45 000

XXVI. Frá *fjármálaráðherra.*

Við brtt. 352, 19. (Við 15. gr. A. XII. — Guðjón Samúelsson).

a. Fyrir „50 000“ kemur	10 000

b. Við meginmál liðarins bætist: 1. greiðsla af fimm.

XXVII. Frá *atvinnumálaráðherra.*

Við 15. gr. B. I. 2. d. Nýr liður:

Til byggingar rannsóknarstofnunar fyrir fiskiðnfræði og fiskifræði á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans	200 000
Til vara	100 000

XXVIII. Frá *Ingólfi Jónssyni* og *Helga Jónassyni.*

1. Við 16. gr. A. 13. Nýr liður:

Til varnar á Þverárbökkum neðan Þverárbrúar að Fróðholti	30 000
Til vara	20 000

2. Við 16. gr. A. 14. Nýr liður:

Til fyrirhleðslu í Laugará í Austur-Eyjafjallahreppi	30 000
Til vara	20 000

XXIX. Frá *Þorsteini Þorsteinssyni, Haraldi Guðmundssyni, Einari Olgeirssyni, Eysteini Jónssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*

Við 16. gr. A. 20. e. Nýr liður:

Til friðunar skóglendis á einstökum jörðum samkv. lögum nr. 10 13. febr. 1943	40 000

XXX. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Eysteini Jónssyni, Einari Olgeirssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*

Við 17. gr. 20. (Kvenréttindafél. Ísl.).

Fyrir „10 000“ kemur	15 000

XXXI. Frá *Sigfúsi Sigurhjartarsyni* og *Kristni Andréssyni.*

Við 18. gr. II. a. 2. (Ágúst H. Bjarnason).

Fyrir „2 500“ kemur	6 924.20
Til vara	5 000.00

XXXII. Frá *Stefáni Jóh. Stefánssyni, Emil Jónssyni* og *Guðmundi Í. Guðmundssyni.*

Við brtt. 352, 28. (Við 18. gr. II. x. 40. — Jón Bach).

Fyrir „1 000“ kemur 2 000

XXXIII. Frá *Pétri Magnússyni.*

Við 22. gr. V. Aftan við liðinn bætist:

Enn fremur að endurgreiða Fornritafélaginu aðflutningsgjöld af ljósprentuðum eintökum af Laxdælu, er flutt voru frá Vesturheimi.

XXXIV. Frá *Kristni Andréssyni, Páli Hermannssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*

Við 22. gr. V. Nýr liður:

Að verja allt að 50 þús. kr. til kaupa og heimflutnings á listaverkinu „Saltfiskstöflun“ eftir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara.

XXXV. Frá *Sigfúsi Sigurhjartarsyni og Kristni Andréssyni.*

Við 22. gr. VIII. Við liðinn bætist:

og Þorkeli Þorkelssyni full embættislaun, ef hann lætur af starfi veðurstofustjóra.

XXXVI. Frá *forsætisráðherra.*

Við 22. gr. VIII. Nýr liður:

Að greiða Jóni Sveinbjörnsson, fyrrv. ríkisráðsritara, 5 þús. kr. eftirlaun.

XXXVII. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Hermanni Jónassyni, Einari Olgeirssyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*

Við 22. gr. VIII. Nýr liður:

Að greiða Jörundi Gestssyni, bónda á Hellu í Steingrímsfirði, allt að 5 þús. kr. styrk til þess að koma upp hjá sér verkstæði, sem annazt geti viðgerðir og smíði smærri báta.

XXXVIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*

Varatill. við brtt. sömu manna við 13. gr. A. II. a. 104.

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:

Að verja á árinu allt að 3 700 000 úr ríkissjóði til lagningar Suðurlandsvegar.

XXXIX. Frá *Bjarni Benediktssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Jónasi Jónssyni.*

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:

Að greiða allt að 60 þús. kr., þó ekki yfir ⅗ hluta kostnaðar við almenningsútgáfu af Heimskringlu Snorra Sturlusonar í 13 þús. eintökum, ef menntamálaráð og Þjóðvinafélagið gefa út þetta verk sem félagsmannabók 1946.

XL. Frá *Páli Zóphóníassyni.*

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:

Að láta byggja brú yfir Jökulsá í Fljótsdal, ef efni og vinna fæst til brúarbyggingarinnar, enda fáist fé að láni árlangt vaxtalaust í sama skyni.

XLI. Frá *Áka Jakobssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni, Sigurði Kristjánssyni* og *Bernharð Stefánssyni.*

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:

Að ábyrgjast vegna síldarverksmiðju Siglufjarðar, Rauðku, 2 millj. kr. lán til þess að greiða áfallinn byggingarkostnað og vegna stækkunar verksmiðjunnar upp í 10 þús. mála afköst fyrir næstu síldarvertíð, gegn þeim tryggingum, er ráðherra metur gildar.

XLII. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:

Að ábyrgjast 160 þús. kr. lán fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til fiskmjöls- og niðursuðuverksmiðju.

XLIII. Frá *Finni Jónssyni, Sigurði Bjarnasyni* og *Sigurði Thoroddsen.*
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Ísafjarðarkaupstað, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 3 millj. kr. lán, er bærinn tekur til greiðslu á framlagi til togarakaupa, til fyrirhugaðs fiskiðnaðarfyrirtækis og til byggingar menningarstofnana.

Sþ. 363. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

I. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 9. Nýr liður:
Hnappadalsvegur 20 000
2. Við 13. gr. A. II. a. 11. (Útnesvegur).
a. Fyrir „60000“ kemur 90 000
b. Nýr liður:
Hellissandsvegur 35 000
3. Við 13. gr. A. II. a. 12. Liðinn skal orða svo:
Fróðárhrepps- og Eyrarsveitarvegur:
a. Í Fróðárhreppi 10 000
b. Í Eyrarsveit 30 000
40 000

II. Frá *Þorsteini Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 14. Nýr liður:
Laxárdalsvegur 25 000

III. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 24. (Rafnseyrarheiðarvegur).
Fyrir „110 000“ kemur 150 000
2. Við 13. gr. A. II. a. 25. (Hjarðardalsvegur).
Fyrir „15 000“ kemur 30 000

IV. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Barða Guðmundssyni* og *Sigurði Thoroddsen.*
Við 13. gr. A. II. a. 27. (Súðavíkurvegur).
Fyrir „35 000“ kemur 90 000

V. Frá *Jóni Pálmasyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 36. (Svinvetningabraut).
Fyrir „25 000“ kemur 50 000
2. Við 13. gr. A. II. a. 37. (Skagastrandarvegur).
Fyrir „60 000“ kemur 120 000

VI. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
1. Við 13. gr. A. II. b. 1. (Ólafsvíkurvegur).
Fyrir „90 000“ kemur 45 000
2. Við 13. gr. A. II. b. 2. (Stykkishólmsvegur).
Fyrir „120 000“ kemur 60 000
3. Við 13. gr. A. III. 1. Nýr liður:
Langadalsá á Skógarströnd, fyrri greiðsla 45 000

VII. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Barða Guðmundssyni* og *Sigurði Thoroddsen.*
Við 13. gr. A. III. 5. Nýr liður:
Ósá í Norður-Ísafjarðarsýslu, fyrri greiðsla 65 000

VIII. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 13. gr. A. III. 6. Nýr liður:
Blanda hjá Löngumýri, fyrri greiðsla 200 000

IX. Frá *Ólafi Thors.*
Við 13. gr. A. XI. e. (Ræktunarvegir). Nýr liður:
Í landi ríkisins í Kópavogi 50 000

X. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
1. Við 13. gr. C. IX. 12. (Hafnarmannvirki — Flateyri).
Fyrir „30 000“ kemur 50 000
2. Við 13. gr. C. IX. 27. (Hafnarmannvirki — Súgandafjörður).
Fyrir „25 000“ kemur 75 000

XI. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
1. Við 13. gr. C. IX. 13. (Hafnarmannvirki — Grafarnes).
Fyrir „75 000“ kemur 125 000
2. Við 13. gr. C. IX. 26. (Hafnarmannvirki — Stykkishólmur).
Fyrir „50 000“ kemur 100 000
3. Við 13. gr. C. X. 13. (Lendingarbætur).
Nýr liður:
Hellnar 10 000

XII. Frá *Jóni Pálmasyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. XVII. Aftan við liðinn bætist:
þar af til Skagastrandarhafnar 200 þús. kr. og til Vestmannaeyjahafnar 100 þús. kr.

XIII. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að greiða til mjólkurbús á Blönduósi ¼ stofnkostnaðar. Einnig að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Sláturfélag Austur-Húnvetninga til þess að stofna mjólkurbúið, allt að helmingi stofnkostnaðar.

Nd. 364. Nefndarálit

um frv. til l. um bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiðum í Faxaflóa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Eins og kunnugt er, fer þetta frv. fram á bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiðum í Faxaflóa innan línu, sem dregin er frá yztu tá Öndverðarness og yztu tá Reykjaness. Bann þetta á þó aðeins að ná til íslenzkra ríkisborgara.

Í greinargerð frv. segir m. a., að flm. vilji „með samþykkt þess láta það koma skýrt í ljós, hve ríka áherzlu Íslendingar leggi á það að geta fengið því til vegar komið, að Faxaflói verði leystur undan botnvörpuveiðaánauðinni.“

Ekki þarf að efa það, að víst mundi þykja mjög fast að orði kveðið hvað þetta mál snertir, ef svo færi fram sem flm. vill, en þó er þar með ekki séð til fullnustu, að aðrar þjóðir teldu sér skylt að feta í fótspor Íslendinga, þótt þessi samþykkt væri gerð. Hitt er víst, að mjög mundi verða auðveldara fyrir öll útlend veiðiskip að hagnýta sér hin auðugu mið, er hér ræðir um, þegar öll íslenzk botnvörpu- og dragnótaskip væru þaðan á burtu.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og leitað álits annarra um það. Eftirtaldir aðilar hafa sent sjávarútvegsnefnd álit sitt á frv.:

1. Atvinnudeild háskólans, fiskideild.
2. Stjórn Fiskifélags Íslands.
3. Landssamband ísl. útvegsmanna.

4. Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda.
5. Fjórðungsþing fiskideilda Sunnlendingafjórðungs.

Þess skal getið, að Landssamband ísl. útvegsmanna sendi með erindi sínu samþykktir útvegsmanna á Akranesi, Hafnarfirði og Keflavík. Þessar umsagnir mæla með samþykkt frv. að undanskildum tveim þeirra, þ. e. a. s. Atvinnudeildarinnar og félags ísl. botnvörpuskipaeigenda. Það er þó einkennandi hvað þær umsagnir snertir, að þær mæla með samþykkt frv. án þess að gera tilraun til að rökstyðja tillögur sínar að neinu leyti. Atvinnudeildin skrifar ýtarlegt erindi um málið, sem er samið af Árna Friðrikssyni fiskifræðing. Sýnir hann þar fram á það fyrst, að sú staðreynd, að margir af fiskistofnunum í hafinu hér við land hafi rýrnað á því sem af er þessarar aldar. Þessu næst á þær ráðstafanir, er fiskifræðingar almennt álíta, að gera þurfi bæði hér og annars staðar til þess að koma í veg fyrir, að of mikill veiðiskapur eyðileggi stofninn um of. Er þar m. a. minnzt á lögboðna lágmarks möskvastærð bæði botnvörpu og dragnóta, en með því slíkt nái aðeins takmörkuðum árangri hafi líka verið gerðar athuganir á því að friða ákveðin svæði, sem eru þýðingarmikil fyrir uppvöxt ungviðis. Telur hann Faxaflóa vera eitt slíkra svæða. Slík friðun komi samt sem áður ekki að gagni nema með alþjóðasamþykktum, því að tilgangurinn náist ekki, þótt einni þjóð sé bannað að veiða á slíku svæði, ef slíkt bann nær ekki jafnt til allra þjóða.

Fiskifræðingurinn bendir á það, að hann hafi í septembermánuði 1939, rétt eftir að ófriðurinn var á skollinn, gert tillögu um það til ríkisstjórnarinnar, að Faxaflói yrði friðaður, þ. e. fyrir botnvörpu- og dragnótaveiði Íslendinga til ófriðarloka, í þeirri von, að sú friðun fengist framlengd að stríðinu loknu líka að því er aðrar þjóðir snertir. Einnig hafi hann lagt til, að samkomulags yrði leitað við aðrar þjóðir, þær sem hér koma til greina, að virða þessa friðun. Að þessu ráði hafi þó eigi verið horfið. Telur hann, að aðstaða Íslendinga til þess að fá framgengt allsherjar friðun hefði nú verið önnur og betri, ef þessu ráði hefði verið hlítt. Hins vegar sé viðhorfið nú gerbreytt. Fiskveiðaþjóðir álfunnar og þá einkum Bretar búi sig nú af kappi til veiða í Norðurhöfum, og á meðan samþykki þeirra til að friða flóann fæst ekki, sé ekki við árangri að búast, jafnvel þótt Íslendingar neiti sér um það sjálfir að veiða þar með dragnót og botnvörpu.

Þá bendir fiskifræðingurinn á það, að á árunum 1927—1937 hafi Íslendingar aðeins átt rúmlega fjórða hvern togara, sem var að veiðum í Faxaflóa, en á árinu 1938 hafi aðeins níundi hver togari verið íslenzkur.

Býst hann við, að í sama horf sæki áður en langt um líður. Hljóti því niðurstaðan að verða sú, að sá hagnaður, sem næðist nú og í framtíðinni með því að banna ísl. skipum veiði með dragnót og botnvörpu í Faxaflóa, mundi langt frá því vega upp það tjón, sem ísl. útgerð yrði fyrir með því að missa af veiðum á þessu svæði.

Hins verði að vænta, að aðrar þjóðir skilji, að Íslendingar geti ekki einir tekið á sig þær byrðar, sem allir þurfa að bera, ef markinu skal náð.

Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda telur sig ætíð hafa verið fylgjandi friðun Faxaflóa á þeim grundvelli, sem þar til kjörnir sérfróðir menn hafa að unnið á undanförnum árum. Hið mikla starf Árna Friðrikssonar í þessu efni í samráði við ríkisstjórnir Íslands telur félagið að muni áður en langt um líður geta leitt til þess, að erlendar þjóðir fallist á og viðurkenni friðun Faxaflóa á þeim grundvelli, sem þar hefur verið lagður.

Mælist félagið til þess, að sjávarútvegsnefndin styðjist í öllum meginatriðum við tillögur og greinargerðir Árna Friðrikssonar fiskifræðings, þegar málið komi fyrir Alþingi.

Sjávarútvegsnefndin hefur kynnt sér þau sjónarmið, sem fram hafa komið í þessu máli, frá ýmsum hliðum. Hún er hlynnt því, að friðun Faxaflóa fyrir veiðum allra þjóða, að því er dragnóta- og botnvörpuveiði snertir, verði sem fyrst að veruleika og leyfir sér að vænta þess, að ríkisstjórnin láti vinna að því, að allir aðilar, sem

til greina koma, erlendir og innlendir, verði ásáttir um allsherjarfriðun. Telur nefndin, að sú leið, sem farin hefur verið í þessu máli og Árni Friðriksson fiskifræðingur hefur ötullega barizt fyrir, muni líklegust málinu til framdráttar. Hitt telur nefndin mjög vafasamt til farsællegrar lausnar, að lögbanna Íslendingum einum þessa veiði, meðan aðrar þjóðir mega nota hana að vild. Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Nefndin telur ekki fært að lögbanna landsmönnum veiði með dragnót og botnvörpu í Faxaflóa, fyrr en slíkt bann nær einnig til útlendinga, og í trausti þess að ríkisstjórnin vinni að því að koma á slíkri allsherjarfriðun flóans tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. des. 1945.

Sigurður Kristjánsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Ásgeir Ásgeirsson.

Einar Olgeirsson. Eysteinn Jónsson.

Nd. 365. Frumvarp til laga

um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórn Íslands er heimilt fyrir hönd hins ísl. lýðveldis að gerast aðili að stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka, samkvæmt tillögum, sem samþykktar voru í júlí 1944 á fundi hinna sameinuðu þjóða og þeirra þjóða, sem með þeim vinna (United and Associated Nations) í Bretton Woods í Bandaríkjunum.

2. gr.

Ráðherra sá, sem hefur á hendi yfirstjórn bankamála landsins, skipar einn mann og annan til vara til 5 ára til að taka sæti í fulltrúaráði gjaldeyrissjóðsins og sömuleiðis einn mann og varamann til sama tíma í bankaráð alþjóðabankans.

Þóknun fyrir störf þeirra skal ákveðin af ráðherra.

3. gr.

Til þess að standa straum af framlögum ríkisins til gjaldeyrissjóðsins og alþjóðabankans heimilast ríkisstjórninni að taka innanríkislán, er jafngildi allt að tveim milljónum dollara.

4. gr.

Óheimilt er bönkum landsins, sparisjóðum, bæjar- og sveitarfélögum og opinberum stofnunum að taka lán erlendis, nema með samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál, sbr. þó 1. gr. laga nr. 10/1928, um Landsbanka Íslands.

5. gr.

Skylt er öllum þeim, sem skulda fé í erlendum gjaldeyri, að gefa Hagstofu Íslands skýrslu um skuldir sínar ársfjórðungslega í því formi, er hún fyrirskipar.

6. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 50 frá 27. júní 1941, um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundin atkvæði. Þátttaka í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka hefur verið samþykkt á þingi Bandaríkjanna og verður fyrirsjáanlega samþykkt í enska Parliamentinu nú þessa dagana. Skýrsla nefndar þeirrar, sem sat fundinn í Bretton Woods, er prentuð hér með sem fylgiskjal, en vélrituðum útdrætti úr samþykktum fundarins um gjaldeyrissjóðinn og alþjóðabankann hefur áður verið útdeilt meðal þingmanna. Af þeim 2 milljónum dollara, sem ríkisstjórnin þarf að hafa heimild til að taka að láni, þarf ekki að greiða í gulli eða dollurum nema sem svarar ísl. kr. 1 756 350.00 og á ríkissjóður ekki að þurfa að greiða vexti af hærri upphæð vegna þátttökunnar. Kr. 6 049 650.00 þurfa að vera handbærar í íslenzkum bönkum, en sem svarar 800 000.00 dollurum til alþjóðabankans er eingöngu ríkisábyrgð á skuldbindingum bankans. 4. og 5. gr. eru teknar orðrétt upp úr lögum nr. 50 1941, sem felld eru úr gildi að öðru leyti.

Fylgiskjal.

Skýrsla um fjármálafundinn í Bretton Woods New Hampshire, U. S. A.

Stjórn Bandaríkjanna stofnaði til fundarins og bauð til hans fulltrúum frá ríkisstjórnum allra Sameinaðra þjóða og þeirra þjóða, sem með þeim vinna (United and Associated Nations). Fundinn sóttu sendinefndir frá 44 þjóðum, og voru sumar þeirra allfjölmennar. Við sendum hér með lista yfir þá, sem fundinn sóttu. Fundurinn hófst á tilsettum tíma, 1. júlí s. l., og stóð til 22. s. m.

Fyrir fundinn voru lögð tvö frumvörp, annað um samþykktir fyrir Gjaldeyrissjóð og hitt um samþykktir fyrir Alþjóðabanka. Voru tillögur þær rækilega undirbúnar, og er forsaga málsins þessi:

Snemma á árinu 1943 birti Bandaríkjastjórn tillögur um Gjaldeyrissjóð, sem kenndar eru við Harry D. White, aðalhöfund þeirra. Um líkt leyti birti Bretastjórn tillögur um Gjaldeyrisjöfnunarsjóð, sem kenndar eru við Lord Keynes. Þá gerðu og Canadastjórn og franskir fjármálamenn tillögur um gjaldeyrismál eftir stríð. Síðan voru haldnir nokkrir fundir um málið fyrir forgöngu Bandaríkjastjórnar, og mættu á þeim fundum fulltrúar margra ríkisstjórna og sérfræðingar, sem boðin hafði verið þátttaka í undirbúningi málsins. Lauk þeim samningum með því, að samkomulag varð um þær tillögur, sem lagðar voru fyrir fundinn í Bretton Woods.

Fundarstörfum í Bretton Woods var þannig hagað, að fyrst var skipt í þrjár nefndir, og skyldi sú fyrsta fjalla um Gjaldeyrissjóðinn, önnur um Alþjóðabankann og hin þriðja um önnur mál, sem fram kynnu að vera borin. Var þeim svo aftur skipt upp í undirnefndir, og enn voru jafnan settar sérstakar nefndir, þegar jafna þurfti ágreining. Fundarstörfin fóru að mestu fram í nefndunum, og tókst yfirleitt vel að jafna ágreining, svo að sjaldan kom til nafnakalls á hinum sameinuðu fundum. Hinum upphaflegu frumvörpum var að vísu breytt allmjög að ytra útliti, en um aðalefni og tilgang voru hinar upphaflegu tillögur samþykktar af öllum fulltrúum að lokum, og er vart ástæða til að tilgreina hina fáu fyrirvara, sem fram komu í fundarlok. Var það brýnt fyrir fulltrúum í fundarbyrjun, að ef úr alþjóðasamstarfi um fjármál ætti að verða, þá þyrftu þeir að taka á málunum sem samstarfsmenn,

en ekki sem keppinautar, og gekk það eftir. Á fundinum var ríkjandi eindreginn áhugi fyrir því að ná góðum árangri um svo mikilvæg viðfangsefni.

Enginn fulltrúanna á fundinum hafði umboð til að binda þing eða stjórn síns lands, enda var ekki til þess ætlazt. Fundurinn var ráðgefandi, og verða nú samþykktir hans lagðar fyrir þing og ríkisstjórnir viðkomandi landa til samþykkis eða synjunar. Er til þess ætlazt, að svör viðvikjandi þátttöku verði komin til Bandaríkjastjórnar fyrir árslok 1945. Var það á flestum fulltrúum að heyra, að þeir byggjust við, að þeirra þjóðir myndu samþykkja þátttöku í Gjaldeyrissjóði og Alþjóðabanka, ef hinar stærstu þjóðir rynnu á vaðið, en án þeirra verður tilganginum ekki náð. Verður nokkur bið á því, að Bandaríkin taki sína ákvörðun, því að málið verður ekki lagt fyrir þingið fyrr en að afstöðnum forseta- og þingkosningum í nóvember.

Grundvallartilgangur Gjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans er að efla alþjóðaviðskipti, stuðla að aukinni framleiðslu og koma í veg fyrir atvinnuleysi eftir stríð og beita til þess þeim aðferðum, sem alþjóðasamvinna í fjármálum hefur yfir að ráða. Það er nú svo komið, að engir kjósa að endurreisa það ástand, sem var í alþjóðaviðskiptum fyrir stríð, og fæstir treysta því, að betri tímar séu framundan, nema gripið sé til nýrra ráða.

Í lok fyrra stríðsins reyndu flestar þjóðir að hækka gjaldeyri sinn og koma á gullinnlausn, en afleiðingin var erfið afkoma, sem síðan var reynt að bjarga með nýjum gengistreystingum, verndartollum, innflutnings- og gjaldeyrishöftum og vöruskiptasamningum, þar til skollin var á almenn einangrun með tilheyrandi atvinnuleysi og almennum skorti. Það var ríkjandi viðskiptaófriður, sem átti sinn þátt í, að stríðið skall á. Það voru haldnir margir alþjóðafundir með litlum árangri. Engin alþjóðastofnun var til, sem hafði yfir verulegu fjármagni að ráða og gæti verið leiðbeinandi og ráðgefandi um nýja viðskiptastefnu.

Í lok þess stríðs, sem nú stendur yfir, verða margar þjóðir aðframkomnar og ófærar til að taka þátt í alþjóðaviðskiptum, nema eitthvað sé að gert til að koma þeim á legg. Það treysta fáir lengur á hinar eldri aðferðir einangrunarstefnunnar til að skapa nýja velgengni. Gullfóturinn í sinni gömlu mynd verður óvíða endurreistur og þá ekki fyrr en seint og síðar meir, svo að ekki er þaðan að vænta neinnar festu í alþjóðaviðskiptum. Og þá yrði einangrun atvinnulífsins eina úrræði margra þjóða, sem ekki ættu annars kost, ef ekkert er að gert til að koma á alþjóðasamstarfi í fjármálum til eflingar framleiðslu og atvinnu. Þær tillögur, sem fyrir fundinum lágu og afgreiddar voru sem samþykktir um stofnun Gjaldeyrissjóðs og Alþjóðabanka, miða að því að skapa nýja stefnu í alþjóðaviðskiptum og gera þeim þjóðum, sem taka þátt í þessu samstarfi, mögulegt að hverfa frá einangrunarstefnunni og frá þeim höftum og ráðstöfunum, sem skaðlegar eru fyrir atvinnu, framleiðslu og alþjóðaviðskipti. Hinar sameinuðu þjóðir og samstarfsþjóðir þeirra hafa nú í ófriðnum vanizt samstarfi í hernaðartilgangi og vilja nú, þegar vopnahlé nálgast, gera ráðstafanir til, að samstarfið geti haldizt, í þeim tilgangi að skapa almenna velmegun og hagsæld á friðartímum. Það heyrist nú oft, að ekki megi það spyrjast, að nægileg atvinna og hámarksframleiðsla sé aðeins framkvæmanleg, þegar heimurinn logar í ófriði. Það skipulag hlýtur að vera hugsanlegt og framkvæmanlegt í alþjóðaviðskiptum og fjármálum, sem tryggir þeim þjóðum, sem haga málum sínum skynsamlega heima fyrir, nægileg viðskipti við aðrar þjóðir til að skapa góða afkomu, ef ekki vantar samhug og samstarfsvilja. Það má gera ráð fyrir, að höfuðviðfangsefni allra þjóða verði að tryggja atvinnumöguleika, framleiðslu og neyzlu þegnanna, en þá má ekki vanta það alþjóðasamstarf og stofnanir, sem geri það mögulegt að ná því marki. Það eru fáar þjóðir, ef nokkur, sjálfum sér nógar í atvinnu- og viðskiptamálum. Þetta var sjónarmið fundarins í Bretton Woods, enda brýndi forseti Bandaríkjanna fyrir fundarmönnum í boðskap sínum, að viðfangsefni fundarins varðaði velferð hvers einasta manns og konu á komandi friðartímum.

Á fundinum varð lítið vart nokkurrar andstöðu við þessi sjónarmið að öðru leyti en því, að einstaka fundarmaður lét í ljós nokkra vantrú á, að fullum árangri yrði náð. Út í frá, í greinum blaða og tímarita, bar þó nokkuð á fjandskap við stofnun sjóðsins og bankans, og virtust þær raddir mest eiga rót sína að rekja til einkabanka, sem ekki kæra sig um, að ríkið fari inn á þeirra starfssvið, og til stjórnmálamanna, sem eru í andstöðu við núverandi Bandaríkjastjórn, enda stóðu kosningar fyrir dyrum. Ekkert bergmál fengu þær raddir á fundinum. Var það einróma álit, að einstaklingsfyrirtæki gætu ekki ein út af fyrir sig tryggt bjarta framtíð án aðstoðar og forystu ríkisstjórna og alþjóðastofnana.

Það vantaði ekki í blöðum hrakspár um árangur fundarins, enda sýndi það sig, að ýmis atriði voru ágreiningsmál. Þó náðist samkomulag eða málamiðlun í svo að kalla öllum greinum. Afgreitt var, eins og áður er sagt, með öllum greiddum atkvæðum frumvarp um samþykktir fyrir Gjaldeyrissjóð og Alþjóðabanka.

Gjaldeyrissjóðnum er ætlað að vinna að því að efla millirikjaviðskipti og tryggja gjaldaura hinna einstöku þjóða og þá jafnframt atvinnulíf og launakjör. Er ætlazt til að ná því marki með því að kaupa gjaldeyri, sem lítil eftirspurn er eftir, í þeim tilgangi að koma á viðskiptum og forðast gengislækkanir í samkeppnisskyni.

Alþjóðabankanum er ætlað að veita lán og ábyrgðir til lengri tíma til endurreisnar og uppbyggingar atvinnulífsins og koma í veg fyrir, að einstakar þjóðir þurfi að sæta okurkjörum á alþjóðapeningamarkaði.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi útdrátts úr samþykktum sjóðsins og bankans. Einnig sendum við hér með samþykktir fundarins á ensku, og erum við reiðubúnir að gefa nánari skýringar á starfsreglum þessara alþjóðastofnana, ef hæstv. ríkisstjórn eða þingnefndir óska.

Þó eru nokkur atriði, sem öll voru ágreiningsatriði á fundinum, sem við viljum geta nánar.

Hvorki sjóðnum né bankanum er ætlað að veita styrki eða gjafir, heldur er þeim ætlað að ná tilgangi sínum með því að veita lán og ábyrgðir eða með því að kaupa gjaldeyri þeirra þjóða, sem eiga erfitt um greiðslur um stundarsakir. Til þess að annast þessi viðfangsefni, er sjóðnum áætlaðir 8,8 milljarðar dollara stofnfé og bankanum 9,1 milljarðar. Er gert ráð fyrir, að stofnfé sjóðsins og bankans hvors um sig megi hækka upp í 10 milljarða dollara, þegar fleiri þjóðir bætast við, að stríðinu loknu. Auk þess geta einstakar þjóðir lánað sjóðnum og bankanum aukið starfsfé, ef þær telja sér eða alþjóðaviðskiptum hag að því. Er hér um stórfellt fjármagn að ræða, og olli það ekki ágreiningi. En hitt tók langan tíma og mikla samninga, að jafna fjárframlögunum niður á hinar einstöku þjóðir.

Um framlög til sjóðsins er það að segja, að þar vildu flestar þjóðir hafa sem hæsta þátttökuhluti (quota), og var það bæði vegna þeirra réttinda til gjaldeyriskaupa, sem það veitir, og einnig vegna atkvæðisréttar við stjórnarkosningar. Var fyrst reynt að koma sér saman um meginreglur, sem hægt væri að jafna framlögum niður eftir. Höfðu Bandaríkjafulltrúar stungið upp á því, að lögð væru fram

a. 2% af þjóðartekjunum 1939;
b. 5% af gullforða og gullgildri gjaldeyriseign 1. jan. 1944;
c. 10% af meðalinnflutningi áranna 1934—38, að báðum árum meðtöldum;
d. 19% af mesta mismun á útflutningi áranna 1934—38.

Það kom þegar í ljós, að miklir erfiðleikar væru á því að beita einni meginreglu, bæði vegna mismunandi aðstöðu einstakra þjóða fyrir stríð og eins væntanlega í stríðslok. Var nú gengið til samninga við hverja einstaka þjóð, og þó höfð hliðsjón af framangreindum reglum. Náðist að lokum samkomulag við fulltrúa flestra þjóða, en þeir fulltrúar, sem gert höfðu ágreining, tóku hann aftur í fundarlok. Eru þátttökuhlutirnir, eins og aðrar samþykktir, án skuldbindingar, en þó er til þess ætlazt, að engin þjóð, sem samþykkir þátttöku, fái lækkun á sínu tillagi.

Við Íslendingar töldum okkur rétt að reyna að semja um sem lægstan þátttökuhlut. Við erum nú ein þeirra fáu þjóða, sem ekki þurfa lántöku erlendis og eru frekar aflögufærar. Allar hinar stærri „credit"-þjóðir töldu ekki eftir sér hátt framlag. En það er hvort tveggja, að við munum þurfa allra okkar muna með og eins mundi lítið hafa munað um okkar framlag samanborið við stofnféð allt, þótt það hefði verið áætlað eftir okkar ýtrustu getu. Ef miðað hefði verið við framangreindar reglur, hefði okkar þátttökuframlag til sjóðsins numið ca. 3,5 milljónum dollara. En niðurstaðan varð sú, að áætla Íslendingum 1 milljón dollara, og var þá tekið tillit til þess, að okkar núverandi gjaldeyrisforði getur ekki talizt réttmætur grundvöllur til að byggja framlagið á. Þar fyrir gæti síðar fengizt hækkun á þátttökuframlaginu, ef það teldist æskilegt.

Um hlutafé bankans var ætlazt til, að það yrði áþekkt frá hverri þjóð og framlagið til sjóðsins. Í því efni leituðust ýmsir við að fá lækkun, þar sem hlutafjárframlagið hefur engin áhrif á lántökuréttinn. Þótti okkur ekki fært að gera slíka kröfu, þar sem okkar framlag til sjóðsins hafði verið áætlað mjög hóflega. Við sendum hér með skrár um þátttökuhluti einstakra þjóða í sjóðnum og hlutafé þeirra í bankanum.

Eins og sést á samþykktum sjóðsins og bankans, ber að greiða tiltekinn hluta af framlögunum í gulli eða gullgildum gjaldeyri, en þar mun nú eingöngu vera um Bandaríkjadollara að ræða. Til sjóðsins mundi okkur bera að greiða 250 000 dollara (ísl. kr. 1 626 250.00) í gulli eða gullgildum gjaldeyri, en 750 000 dollara virði í eigin gjaldeyri (ísl. kr. 4 878 750.00), með innborgun á reikning sjóðsins við ríkisbankann. Til bankans ber okkur að greiða 20 000 dollara (ísl. kr. 130 100.00) í gullgildum gjaldeyri, en 180 000 dollara virði í eigin gjaldeyri (ísl. kr. 1 170 900.00) á næsta hálfu öðru ári frá stofnun bankans. Eftirstöðvarnar, 800 000 dollara (ísl. kr. 5 204 000.00) má bankinn innheimta eftir nánari reglum, ef hann nauðsynlega þarf á auknu rekstrarfé að halda.

Með þessu er þó ekki ákveðið, að gullfóturinn verði endurreistur eins og hann áður tíðkaðist. Til þess að hann væri í gildi, þyrftu þjóðirnar að taka aftur upp gullinnlausn, en um það er ekki að ræða. Til þess er ætlazt, að gullið haldi áfram að vera gjaldmiðill milli einstakra þjóða og milli sjóðsins og bankans og þeirra þjóða, sem þar eru félagar. Gildi hinna einstöku gjaldaura skal einnig miðast við gull, en ekki tekin upp ný alþjóðamynt, eins og áður hafði verið stungið upp á. Tengslin milli gulls og gjaldaura eru því ekki slitin, en afnumin er sú harðstjórn, sem gullið áður hafði, enda er það höfuðtilgangur þessara alþjóðastofnana að koma á viðskiptum og hindra gengisbreytingar, þótt bæði skorti vörur og gull til greiðslna um stundarsakir. Um notkun gullsins hafði verið búizt við miklum átökum á fundinum, en svo varð þó ekki, enda eru Bandaríkin gullauðugust allra þjóða og bæði Rússland og Brezka heimsveldið mestu gullframleiðslulönd heimsins. Kallaði Lord Keynes þetta skipulag „þingbundna konungsstjórn gullsins".

Þá skal einnig á það bent, að þær reglur, sem settar eru um gengisskráningu og gjaldeyrishöft, eru teygjanlegar og miðaðar við það að koma í veg fyrir, að gengisskráningu sé beitt til óheilbrigðrar samkeppni og að höftum sé haldið til langframa til tjóns fyrir alþjóðaviðskipti, framleiðslu og atvinnu. Um gengisbreytingar og höft er skylt að hafa samráð við stjórn Gjaldeyrissjóðsins. Hver þjóð hefur þar fyrir óskorað úrslitavald til að ráða stefnu sinni í þessum efnum, þó að ágreiningur geti leitt til þess, að einstakar þjóðir gangi úr þessum alþjóðafélagsskap.

Fulltrúar Bandaríkjanna og Englands töldu, að nokkur átök myndu verða um það í Congressinum og Parlamentinu, hvort stofnað skyldi til þessarar alþjóðasamvinnu í fjármálum og viðskiptamálum, en fulltrúar hinna minni þjóða töldu öruggt, að þeirra þjóðir myndu taka þátt í framkvæmdum samþykktanna, ef til kæmi. Við gerum fyrir okkar leyti sömu tillögu. Þótt við máske ekki verðum fjárþurfa á næstunni, þá getur þátttaka í sjóðnum og bankanum greitt fyrir útflutningi til landa, sem annars væru útilokuð frá viðskiptum við okkur. Það er og trygg-

ing fyrir framtíðina að vera í slíkum alþjóðafélagsskap, og væri máske of seint að afla hennar, þegar á henni þarf að halda. Með þátttöku í þessu samstarfi eigum við kost á að fylgjast með alþjóðamálum, sem okkur varðar og ráðgast við áhrifamenn um viðskipta- og fjármál. Tilkostnaðurinn er ekki mikill. Framlög okkar eru eign en ekki gjafafé, og að óreyndu ástæðulaust að ætla, að sjóðnum og bankanum verði svo gálauslega stjórnað, að framlög skerðist verulega.

Við Íslendingar erum máske sú þjóð, sem sízt getur einangrað sig frá öðrum þjóðum í viðskiptum og fjármálum, og er a. m. k. nauðsyn að gefa fyrir því glöggar ástæður og skýr rök, ef við synjum um þátttöku.

Enda þótt gera megi ráð fyrir, að frekari aðgerðir í sambandi við samþykktir fundarins bíði þar til þing Bandaríkjanna og Breta hafa tekið afstöðu til þeirra, teljum við rétt, að lagt verði til við Alþingi það, sem nú situr, að það veiti ríkisstjórninni heimild til að ákveða, hvenær sem tími þykir til kominn, að Ísland verði þátttakandi í þessum tveim stofnunum.

Reykjavík, 29. sept. 1944.

Magnús Sigurðsson, form. Ásg. Ásgeirsson. Svanbjörn Frímannsson.

Sþ. 366. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

I. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 13. gr. C. IX. 5. (Hafnarmannvirki — Siglufjörður).
Fyrir „100 000“ kemur 200 000

II. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 14. gr. A. VIII. Nýr liður:
Til Hellnakirkju, byggingarstyrkur 14 000

III. Frá *Bernharð Stefánssyni, Kristni Andréssyni* og *Sigurði E. Hlíðar.*
Við 14. gr. B. XIV. 7. (Fyrrv. barnakennarar).
a. Við a. (Grunnlaun).
Fyrir „13 000“ kemur 14 000
b. Við b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „22 750“ kemur 24 500

IV. Frá *Bjarna Benediktssyni.*
Við 14. gr. B. XVII. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „700 000“ kemur 1 000 000

V. Frá *Gunnari Thoroddsen, Gunnari Benediktssyni, Sigurði Bjarnasyni* og *Kristni Andréssyni.*
Við 15. gr. A. VIII.
Síðari málsgr. aths. orðist svo:
Að öðru leyti skal fjárhæð þessari skipt af 5 manna nefnd, sem skal þannig skipuð, að einn nefndarmanna sé tilnefndur af menntamálaráði og einn af hverju þessara félaga: Félagi ísl. leikara, félagi ísl. tónlistarmanna, félagi ísl. myndlistarmanna og Rithöfundafélagi Íslands.

VI. *Gunnari Thoroddsen* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. A. XI. 1. (Tónlistarskólinn í Reykjavík).
1. Við a. Grunnstyrkur).
Fyrir „10 000“ kemur 15 000

2. Við b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „17 500“ kemur 26 250

VII. Frá *samgöngumálaráðherra.*
Við 15. gr. B. V. (Landmælingar).
Fyrir „10 000“ kemur 75 000

VIII. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 17. gr. 5. Liðinn skal orða svo:
Til styrktar- og sjúkrasjóða samkvæmt úthlutun félagsmálaráðuneytisins 15 600
(Þar af 600 kr. endurveiting ógreidds styrks 1942 og 1943 til sjúkrasjóðs hjúkrunarfélags Ólafsvíkur).

IX. Frá *félags- og dómsmálaráðherra.*
Við 17. gr. 13. Nýr liður:
Til umferðarslysavarna 50 000

X. Frá *kirkjumálaráðherra.*
Við 18. gr. II. c. 8. Nýr liður:
Friðrik Hallgrímsson, fyrrv. dómprófastur 7 126.83

XI. Frá *Kristni Andréssyni* og *Sigfúsi Sigurhjartarsyni.*
Við 18. gr. II. e. 2.
Áslaug Thorlacius 2 000.00
Til vara 1 500.00

XII. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 18. gr. II. e. 12. Nýr liður:
Magdalena Ásgeirsdóttir, ekkja Bergsveins Haraldssonar kennara, kr. 200.00 og kr. 850.00 með hverju barni þeirra innan 16 ára 3 600.00
Til vara: kr. 200.00 og kr. 350.00 með hverju barni þeirra innan 16 ára 1 600.00

XIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. e. 20. Nýr liður:
Þorleifur Erlendsson 1 000.00
Til vara 600.00

XIV. Frá *Gunnari Thoroddsen* og *Þorsteini Þorsteinssyni.*
Við 18. gr. II. z. Liðurinn færist fram fyrir y og orðist svo:
Magnús Friðriksson hreppstjóri og kona hans 3 870

XV. Frá *félags-* og *dómsmálaráðherra.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að greiða Guðmundi Guðmundssyni, fyrrv. héraðslækni, viðbótareftirlaun, svo að eftirlaun hans úr lífeyrissjóði og ríkissjóði nemi samtals ⅔ héraðslæknislauna 3. fl.

XVI. Frá *Jóhanni Jósefssyni, Einari Olgeirssyni, Gunnari Thoroddsen, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Ásmundi Sigurðssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 8 millj. króna lán til sveitar- og bæjarfélaga vegna kaupa á atvinnutækjum.

XVII. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Barða Guðmundssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Sigurði Thoroddsen.*
Við 22. gr. X. Nýr liður:
Að verja allt að 500 þús. kr. til byggingar varðskips, er hafi með höndum landhelgisgæzlu og björgunarstörf fyrir Vestfjörðum.

XVIII. Frá *félags-* og *dómsmálaráðherra.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að verja úr ríkissjóði allt að 200 þús. kr. til þess að reisa embættisbústaði fyrir héraðsdómara.

XIX. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*

Við 22. gr. XIV. Nýr liður:

Að greiða kostnað við að láta steypa í málm myndastyttu þá af Hirti Snorrasyni, er Ríkarður Jónsson hefur gert, og reisa styttuna á Hvanneyri, eins og ákveðið hefur verið.

XX. Frá *Ingólfi Jónssyni, Jóhanni Jósefssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni, Helga Jónassyni, Sigurði Thoroddsen* og *Gunnari Benediktssyni.*

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:

Að verja allt að 1 800 000.00 kr. til háspennulínu og héraðsveitu frá Selfossi til Þykkvabæjar og Hellu á Rangárvöllum.

XXI. Frá *félags- og dómsmálaráðherra.*

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga rekstrarlán allt að 300 000 kr., gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

XXII. Frá *Páli Hermannssyni* og *Bernharð Stefánssyni.*

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:

Að greiða úr ríkissjóði halla þann, er verða kann á rekstri húsmæðraskólanna árið 1945.

Sþ. 367. Nefndarálit

um till. til þál. um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leitaði álits farmanna- og fiskimannasambands Íslands og fiskiþingsins um þessa till., áður en afstaða var til hennar tekin. Í svari sínu 5. des. vísar fiskiþingið til þess, að það hafi áður en till. barst því gert ályktun, er svo hljóði:

„Fiskiþingið felur stjórn Fiskfélagsins að hlutast til um það, að reiknað sé út, svo fljótt sem verða má, hve mikið verðlag og framleiðslukostnaður hinna ýmsu sjávarafurða hafi breytzt síðan á árinu 1939.

Telur fiskiþingið sjálfsagt, að hafðir séu til hliðsjónar við þessa útreikninga reikningar frá reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, er starfar á vegum Fiskifélagsins.“

Fiskiþingið lætur það álit sitt í ljós, að samþykkt þáltill. þeirrar, er hér ræðir um, muni geta flýtt fyrir þeirri rannsókn á kostnaði við útgerðina, sem það einnig leggur til, að gerð verði, og mælir með samþykkt hennar.

Farmanna- og fiskimannasambandið mælir einnig í bréfi sínu dags. 3. des. með samþykkt tillögunnar.

Allsherjarnefnd fellst einnig á, að tillagan nái samþykki Alþingis, en vill leggja áherzlu á það, að sú rannsókn, sem til er stofnað, sé felld saman við þá, er fiskiþingið samþykkti, að fram fari á vegum Fiskifélagsins, og telur nefndin því, að rétt sé, að þeir reikningar séu þar hafðir til hliðsjónar, sem um ræðir í ályktun fiskiþingsins, þ. e. þeir, sem reikningaskrifstofa sjávarútvegsins, er starfar á vegum Fiskifélagsins, kann að hafa með höndum. Allsherjarnefnd lítur enn fremur svo á, að rannsóknin geti og eigi að fara fram á vegum Fiskifélagsins, þar sem það hefur aðstöðu til að afla gagna þeirra, er við þarf, bæði frá reikningaskrifstofunni og frá deildum sínum víðs vegar um land.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að þáltill. sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir orðunum „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni“ í upphafi tillögugreinarinnar komi: í samráði við Fiskifélag Íslands.

Alþingi, 18. des. 1945.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm.	Sigurður Þórðarson, fundaskrifari.	Ingólfur Jónsson.
Páll Zóphóníasson.	Sigurður Thoroddsen.	Jón Sigurðsson.
	Barði Guðmundsson.	

Sþ. 368. Tillaga til þingsályktunar

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 21. desember 1945, enda verði það kvatt saman aftur eigi síðar en 1. febrúar næstkomandi.

Sþ. 369. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

I. Frá *Eysteini Jónssyni* og *Ingvari Pálmasyni*.
1. Við 13. gr. A. II. a. 74. (Skógavegur).
a. Fyrir „10 000“ kemur 30 000
b. Nýr liður:
Fagradalsbraut (endurbygging) 100 000
2. Við 13. gr. A. II. a. 79. (Berunesvegur).
Fyrir „15 000“ kemur 25 000

II. Frá *Gunnari Thoroddsen*, *Kristni Andréssyni*, *Guðmundi Í. Guðmundssyni* og *Eysteini Jónssyni*.
Við 15. gr. A. VII. Nýr liður:
Til Stefáns Einarssonar prófessors, fyrir samningu kennslubókar í íslenzku á enska tungu 10 000
Til vara 7 000

III. Frá *Gunnari Thoroddsen*.
Við 16. gr. A. 21. Nýr liður:
Til skrúðgarðs kvenfélagsins í Stykkishólmi 1 000

IV. Frá *Þorsteini Þorsteinssyni*.
Við 18. gr. II. a. 10. (Guðmundur Sveinbjörnsson).
Fyrir „10 180“ kemur 7 500

V. Frá *Jóni Sigurðssyni*, *Bjarna Ásgeirssyni* og *Pétri Ottesen*.
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að greiða allt að 100 þús. kr. vegna rekstrarhalla, sem kynni að verða á fyrirhugaðri landbúnaðarsýningu í Reykjavík 1946.

Sþ. 370. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

Frá Ólafi Thors.

Við 13. gr. A. XI. Nýr rómv. liður:
Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi 50 000
Brtt. 363, IX. er jafnframt tekin aftur.

Nd. 371. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

I. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 15. gr. A. X. 7. (Leikfélag Vestmannaeyja).
Fyrir „1 500“ kemur 3 000

II. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 16. gr. C. 5. Nýr liður:
Til tóvinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Svalbarðseyri við Eyjafjörð, stofn- og rekstrarstyrkur 40 000
Til vara 30 000

Sþ. 372. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

Frá fjármálaráðherra.

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að draga úr framlögum til verklegra framkvæmda, sem ekki eru bundin í öðrum lögum en fjárlögum, um allt að 30%, eftir jöfnum hlutföllum, að því er við verður komið, svo framarlega sem ríkisstjórnin telur, að vinnuafl dragist um of frá framleiðslustörfum. Telji stjórnin hins vegar, að ekki sé ástæða til að draga úr framkvæmdum, skal henni heimilt að taka innanlands lán, allt að 15 millj. kr., ef tekjur ríkissjóðs hrökkva ekki fyrir gjöldum.

Sþ. 373. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

Frá Eysteini Jónssyni, Páli Þorsteinssyni, Lárusi Jóhannessyni, Ingvari Pálmasyni, Ásmundi Sigurðssyni, Páli Hermannssyni, Páli Zóphóníassyni.

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að verja allt að 500 þús. kr. til byggingar varðskips, er hafi með höndum landhelgisgæzlu og björgunarstörf fyrir Austfjörðum.

Sþ. 374. Varatillaga

við brtt. 362, XLI. (Fjárlög).

Frá Áka Jakobssyni og Sigurði Kristjánssyni.

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að ábyrgjast vegna síldarverksmiðju Siglufjarðar, Rauðku, 1,3 millj. kr. lán til þess að greiða áfallinn byggingarkostnað og vegna stækkunar verksmiðjunnar upp í 10 þús. mála afköst fyrir næstu síldarvertíð, gegn þeim tryggingum, er ráðherra metur gildar.

Ed. 375. Lög

um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Afgreidd frá Ed 19. des.)

Samhljóða þskj. 210.

Nd. 276. Lög

um tekjuskattsviðauka árið 1946.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 144.

Sþ. 377. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Eyrarbakkahrepp, Stokkseyrarhrepp og Sandvíkurhrepp.

Flm.: Eiríkur Einarsson, Jörundur Brynjólfsson, Gunnar Benediktsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán, að upphæð allt að 550 þús. krónur, sem Eyrarbakkahreppur tekur, lán að upphæð allt að 480 þús. krónur, sem Stokkseyrarhreppur tekur, og lán að upphæð allt að 500 þús. krónur, sem Sandvíkurhreppur tekur, hver hreppur um sig til að standast kostnað af innanhreppsrafveitu sinni, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði hverrar veitu.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 52 1945, um byggingu nokkurra raforkuveitna, til að koma upp rafveitu, aðalorkuveitu, frá orkuverinu við Sog til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar, og kostar ríkið aðalorkuveituna, en hverjum hreppi er ætlað að standast kostnað af innanhreppsveitu. Er hér farið fram á, að ríkið taki ábyrgð á nauðsynlegum lánum, er Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur og Sandvíkurhreppur ætla að taka til þeirra þarfa, og er sú ábyrgð hliðstæð þeim ábyrgðum, sem ríkið hefur veitt fyrir tilsvarandi kostnaði hjá öðrum sveitarfélögum, svo sem t. d. Keflavíkurhreppi og Njarðvíkurhreppi á Reykjanesi.

Upphæð ábyrgðar er miðuð við áætlanir Rafmagnseftirlits ríkisins á kostnaði við fyrirhugaðar framkvæmdir í Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Sandvíkurhreppum.

Rafmagnseftirlit ríkisins mun nú vera að endurskoða áætlun um veitu frá Selfossi um Ölfushrepp til Hveragerðis. Að fenginni þeirri áætlun mun ríkisstjórnin væntanlega þegar taka ákvarðanir um það, hvort nota skuli heimild þá, er veitt var með lögum nr. 52 1945, og leggja einnig þá veitu. Mun þá verða farið fram á, að Alþingi veiti einnig heimild til ríkisábyrgðar á láni fyrir tilsvarandi rafveitu-framkvæmdir Ölfushrepps eða Hveragerðis.

Nd. 378. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 5 1945, skulu koma í gildi af nýju frá 1. janúar 1946 að telja og gilda til loka þess árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Með lögum nr. 98 1941 var ríkisstjórninni heimilað að fella niður til ársloka 1942 tolla af ýmsum kornvörum og að lækka sykurtoll um helming til sama tíma. Lög þessi hafa síðan verið framlengd til ársloka 1945. Ef lögin ættu nú að falla úr gildi, mundi það óhjákvæmilega hafa í för með sér hækkun á dýrtíðarvísitölu. Þykir því ekki verða hjá komizt að fá heimildina framlengda, svo sem lagt er til í frv.“

Ed. 379. Nefndarálit

um frv. til laga um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta hefur legið lengi fyrir nefndinni og nefndarmenn haft allmismunandi skoðanir á einstökum atriðum þess. Meiri hlutinn vill þó eftir atvikum mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt, en vera má, að einhverjir þeirra beri fram breytingartillögur eða verði með breytingartillögum í einstökum atriðum.

Alþingi, 19. des. 1945.

Magnús Jónsson, form., frsm.
H. Guðmundsson, með fyrirvara.
Kristinn E. Andrésson.
Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. 380. Tillaga til þingsályktunar

um kosningu rannsóknarnefndar um atriði varðandi öryggi landsins.

Flm.: Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa fjögurra manna rannsóknarnefnd, einn úr hverjum hinna fjögurra þingflokka, til þess að vera dómsmálaráðherra til aðstoðar við rannsókn á því, hvort erlendir menn eða (og) íslenzkir, er hér dvöldust fyrir styrjöldina eða meðan á henni stóð, hafi gerzt sekir um framferði, er var eða hefði getað orðið hættulegt fyrir hagsmuni íslenzku þjóðarinnar.

Rannsóknarnefndinni er heimilt, í samráði við dómsmálaráðherra, að ráða sér aðstoðarmenn við rannsókn þessa, ef þörf krefur, enda skal henni lokið svo fljótt sem auðið er og niðurstöður hennar þá þegar birtar almenningi.

Greinargerð.

Á fundi í utanríkismálanefnd 10. ágúst s. l. minnti ég ríkisstjórnina og meðnefndarmenn mína á það, að eðlilegt væri og nauðsynlegt, að rannsókn færi fram á því, hvort erlendir menn eða íslenzkir, er hér dvöldu fyrir styrjöldina eða meðan á henni stóð, hefðu brotið af sér gagnvart íslenzku þjóðinni með framferði, sem hefði getað orðið hagsmunum hennar hættulegt.

Ég taldi þessa rannsókn, sem ríkisstjórnin átti að geta framkvæmt án verulegra umsvifa, vera nauðsynlega einkum af tvennum ástæðum. Þess hafði verið farið á leit, að nokkrir Þjóðverjar, sem dvöldust hér fyrir styrjöld og fyrri hluta hennar, en voru fluttir héðan af bandamönnum, fengju að hverfa heim til eiginkvenna sinna og barna. Þegar eftir að þessi ósk var fram komin, var það jafnan viðkvæðið, að flestir þeir Þjóðverjar, sem hér dvöldust, muni hafa starfað hér í þágu þjóðar sinnar og gegn hagsmunum íslenzku þjóðarinnar. Mér varð því ljóst, að á meðan ekki var skorið úr um það með rannsókn, hverjir hinna erlendu manna voru saklausir eða sekir í þessum efnum, yrði haldið áfram að neita öllum um landsvistarleyfi með þessum röksemdum. Rannsókn var því nauðsynleg, til þess að hinir saklausu væru ekki endalaust látnir gjalda hinna seku.

Í annan stað hefur verið alið á dylgjum um það, bæði innanlands og utan, að ýmsir íslenzkir menn hafi fyrir styrjöldina og meðan á henni stóð, starfað í þágu erlendra ríkja, og er þar einkum átt við Þjóðverja. Af mörgum ástæðum er það nauðsynlegt, að þetta atriði verði rannsakað, m. a. fyrir þá sök, að rétt þykir, ef einhverjir Íslendingar eru um það sekir að hafa starfað í þágu Þjóðverja, að nöfn þeirra verði birt, þó að ekki væri til annars en þess, að aðrir landsmenn, en það er að segja þjóðin öll eða næstum öll, sem er saklaus í þessum efnum, þurfi ekki að búa undir dylgjum óhlutvandra manna.

En þrátt fyrir þessa ósk, sem ég bar fram á fundi utanríkismálanefndar, virðist dómsmálaráðherra lítið eða ekkert hafa aðhafzt í máli þessu, og svo virðist sem hann hafi mjög takmarkaðan áhuga fyrir að upplýsa það. Í stað þess að upplýsa málið hefur dómsmálaráðherra komið hér fram á Alþingi með dylgjur í nýju formi og nýrrar tegundar, en það eina, sem hann hefur upplýst á Alþingi, er það, að nú er sannað, eftir því sem dómsmálaráðherra sagði, að fulltrúi Þjóðverja, sem var hér fyrir styrjöld og í byrjun hennar, hafi verið sendur hingað af Þjóðverjum til þess að skipuleggja 5. herdeild á Íslandi. En hverjir þessir fimmtu herdeildarmenn hafi verið, hefur dómsmálaráðherra ekki upplýst.

Það var þegar eðlilegt á þeim tíma, sem ég bar ósk mína fram í utanríkismálanefndinni, að rannsókn yrði hafin um þau atriði, sem að framan greinir. Umtal um sekt manna, bæði erlendra og innlendra, var það almennt, að nauðsyn bar til þess að upplýsa þessi mál eftir föngum og gera hreint borð frammi fyrir þjóðinni. En eftir

að dómsmálaráðherra hefur talað á þann hátt, sem hann hefur gert á Alþingi um þessi mál, er þessi rannsókn, sem áður var eðlileg og nauðsynleg, orðin alveg óumflýjanleg, og það verður heldur ekki hjá því komizt að skipa nefnd manna til að framkvæma rannsókn þessa, til þess að sjá um, að hún verði rækilega framkvæmd og að henni verði hraðað.

Rannsókn þessa hlýtur að vera hægt að framkvæma á stuttum tíma og fá gögn til þess að upplýsa þessi mál tiltölulega fyrirhafnarlítið. Í fyrsta lagi hefur dómsmálaráðherra sagt frá því, að þá er landið var hertekið, hafi enska herstjórnin þegar fundið gögn í vörzlu sendifulltrúa Þjóðverja. Sjálfsagt er að nota þessi gögn til hins ýtrasta. Í annan stað munu þeir Þjóðverjar, sem hér voru teknir fastir og fluttir utan, allir hafa verið yfirheyrðir, og hefur að sjálfsögðu margt komið fram við þá rannsókn. Í þriðja lagi hefur ýtarleg rannsókn farið fram í Danmörku á þessum málum, og er því sennilegt, að þar liggi fyrir ýmis gögn, sem geta gefið upplýsingar. Í fjórða lagi fer nú fram allsherjar rannsókn á þessum málum suður í Þýzkalandi, og kemur þar fram margt, sem áður var í myrkrunum hulið, m. a. hefur verið skýrt frá því, að í vörzlum nazista hafi fundizt skrá með nöfnum 7 milljóna erlendra manna, er nazistar töldu sig geta treyst.

Ef hugur fylgir máli, virðist vera hægt fyrir okkur að fá að nota þau gögn, sem þannig eru fram komin, til að gera hreint borð bæði gagnvart sjálfum okkur og umheiminum. Þess vegna er lagt til, að nefnd sé skipuð í þessu máli, að enn þá sýnist svo furðulega lítið hafa verið gert í því, þó að alllangt sé liðið síðan styrjöldinni lauk. Það er enn fremur lagt til, að skipaður sé einn maður úr hverjum hinna fjögurra þingflokka í nefnd þessa, til þess að tryggja eftir föngum, að þess sé gætt, að rannsókn þessi sé framkvæmd með réttlæti og hlutdrægnislaust gagnvart öllum mönnum og öllum flokkum. En með því að hafa rannsóknina í höndum færri manna, sem e. t. v. hafa hin pólitísku sjónarmið og eru þá a. m. k. hvorki heiðarlegri né hlutvandari en gengur og gerist, mætti svo fara, að dylgjunum yrði haldið áfram, þær auknar frá því, sem nú er, og málamyndarannsókn framkvæmd, sem yrði reynt að nota í pólitískum tilgangi. Á þeim vegi virðist málið statt nú sem stendur. En með því að skipa nefnd þá, sem hér er lagt til, þannig að hún geti hafið óhlutdræga starfsemi, er málinu borgið úr því ófremdarástandi og komið í það horf, sem eitt getur talizt viðunandi og sæmandi fyrir þjóðina.

Að sjálfsögðu ber að hraða rannsókninni og leggja niðurstöður hennar fyrir Alþingi, er síðan tekur ákvarðanir um, hvort frekar skuli aðhafzt í málinu.

Sþ. **381. Fjárlög**

fyrir árið 1946.

(Afgreidd 19. des.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1946 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	29 000 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 6000000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 3000000	3 000 000	32 000 000
3.	Vörumagnstollur	11 000 000	
4.	Verðtollur	35 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	1 000 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	1 800 000	48 800 000
7.	Fasteignaskattur	600 000	
8.	Lestagjald af skipum	100 000	
9.	Bifreiðaskattur	1 200 000	1 900 000
10.	Aukatekjur	1 100 000	
11.	Stimpilgjald	3 000 000	
12.	Vitagjald	600 000	
13.	Leyfisbréfagjöld	100 000	
14.	Erfðafjárskattur	200 000	
15.	Veitingaskattur	800 000	5 800 000
	Samtals ...	. . .	88 500 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans	555000	
2.	— áfengisverzlunar	22462699	
3.	— tóbakseinkasölu	9000000	
4.	— ríkisútvarps	1564778	
5.	— ríkisprentsmiðju	224000	
6.	— landssmiðju	88000	
		33 894 477	
	÷ Tap af rekstri póstsjóðs	700 000	
			33 194 477
	Samtals ...	. . .	33 194 477
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		4 000 000
II.	Gjöld:		
	1. Póststjórnarkostnaður	275 000	
	2. Póststofan í Reykjavík	1 526 000	
	3. Önnur pósthús	920 000	
	4. Póstflutningar	1 420 000	
	5. Önnur gjöld	235 000	
	6. Fyrning	4 000	
	7. Rekstrarkostnaður bifreiða	320 000	
			4 700 000
	Mismunur (halli) ...	. . .	700 000
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		13 500 000
II.	Gjöld:		
	a. Til notendasíma í sveitum	800 000	
	b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans	600000	
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík	1725000	
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	170000	
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	300000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	2430000	
	6. Áhaldahúsið	205000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	530000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	270000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði	230000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	145000	
	11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	210000	
	12. Símastöðin á Siglufirði	275000	
	13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva	1780000	
		8 870 000	

3. gr.

	kr.	kr.
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	225 000	
d. Viðbót og viðhald stöðva	650 000	
e. Viðhald landssímanna	2 000 000	
f. Framhaldsgjald	170 000	
g. Ýmis gjöld	80 000	
h. Fyrning á húsum og áhöldum	150 000	
		12 945 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	555 000
Eignabreytingar landssímans.		
Út.		
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa		400 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		1 500 000
III. Til talstöðva í báta og skip		350 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip		250 000
V. Til birgðahúss í Reykjavík		500 000
VI. Til nýrra landssímalína		400 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og II.	. . .	3 400 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		25 000 000
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun 306655		
b. Verðlagsuppbót 536646		
	843 301	
2. Kostnaður við áfengisútsölur	500 000	
3. Annar rekstrarkostnaður	444 000	
4. Útsvar	750 000	
		2 537 301
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	22 462 699
4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		10 249 000
II. Gjöld:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun 186940		
2. Verðlagsuppbót 327145		
	514 085	
b. Annar rekstrarkostnaður	484 915	
c. Útsvar	250 000	
		1 249 000
Fært á 3. gr. A. 3	. . .	9 000 000

3. gr.

		kr.	kr.
	5. Ríkisútvarpið.		
I.	Tekjur:		
	a. Afnotagjöld	2 700 000	
	b. Aðrar tekjur	400 000	
			3 100 000
II.	Gjöld:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 298120		
	2. Verðlagsuppbót 521710		
		819 830	
	b. Útvarpsefni	500 000	
	c. Skrifstofukostnaður	180 000	
	d. Húsaleiga, ljós og hiti	90 000	
	e. Til útvarpsstöðva	260 000	
	f. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.	30 000	
	g. Óviss útgjöld	25 000	
	h. Vextir	15 000	
	i. Fyrning á húsum og vélum	50 000	
			1 969 830
		. . .	1 130 170
III.	Rekstur viðtækjaverzlunar:		
	a. Tekjur	700 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 64800		
	b. Verðlagsuppbót 113400		
	178200		
	2. Annar kostnaður 95692		
		273 892	
			426 108
IV.	Rekstur viðgerðarstofu:		
	a. Tekjur	290 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 60000		
	b. Verðlagsuppbót 105000		
	165000		
	2. Efni 80000		
	3. Annar kostnaður 40500		
		285 500	
			4 500

3. gr.

			kr.	kr.
V. Rekstur viðtækjasmiðju:				
a. Tekjur			160 000	
b. Gjöld:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	30000			
b. Verðlagsuppbót	52500			
		82500		
2. Efni		45000		
3. Annar kostnaður		28500		
			156 000	
				4 000
Fært á 3. gr. A. 4			. . .	1 564 778
Eignabreytingar:				
1. Afborgun af láni til stækkunar				89 100
2. Til byggingar útvarpshúss í Reykjavík				1 080 000
Fært á 20. gr. Út II.			. . .	1 169 100
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.				
I. Tekjur (prentvinna)				1 700 000
II. Gjöld:				
1. a. Laun starfsmanna:				
1. Grunnlaun	45973			
2. Verðlagsuppbót	80452			
		126425		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:				
1. Grunnlaun	340000			
2. Verðlagsuppbót	595000			
		935000		
			1 061 425	
2. Efnivörur			270 000	
3. Vélarekstur og viðhald			44 575	
4. Annar kostnaður			80 000	
5. Fyrning			20 000	
				1 476 000
Fært á 3. gr. A. 5			. . .	224 000
7. Áburðarsala ríkisins.				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	26024			
2. Verðlagsuppbót	45542			
		71566		
b. Annar kostnaður		118434		
			190 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum			190 000	

3. gr.

		kr.	kr.
8. Grænmetisverzlun ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	39036		
2. Verðlagsuppbót	68313		
	107349		
b. Annar kostnaður	92651		
		200 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		200 000	
9. Landssmiðjan.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum)			850 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna:			
a. Grunnlaun	69720		
b. Verðlagsuppbót	122010		
		191 730	
2. Vextir		70 000	
3. Fyrning		200 000	
4. Annar kostnaður		300 270	
			762 000
Fært á 3. gr. A. 6		. . .	88 000
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar			10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnistæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbankans, sem standa eiga undir og eru að veði fyrir lánum til veðdeildarbréfakaupa		111 260
2. Vextir af öðrum bankavaxtabréfum, jarðræktarbréfum og kreppulánasjóðsbréfum		4 197
3. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180 000
4. Vextir af dönskum ríkisskuldabréfum		34 777
5. Arður af hlutafjáreign		235 000
6. Aðrir vextir		50 000
Samtals	. . .	615 234

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 100 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1946 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		853 888
2. Lán í dönskum krónum		240 680
3. Lausaskuldir		50 000
Samtals ...	. . .	1 144 568

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		300 000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		1 500 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		13 406
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2 170
Samtals ...	. . .	1 515 576

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:				
1. Til ráðherra:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	90000			
2. Verðlagsuppbót	157500			
		247500		
b. Til risnu samkvæmt reikningi		25000		
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra	3000			
2. Húsaleiguuppbót	1080			
		4080		
			276 580	
2. Til ráðuneytanna:				
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	84050			
2. Verðlagsuppbót	147087			
		231137		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	78550			
2. Verðlagsuppbót	137462			
		216012		
c. Fjármálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	150215			
2. Verðlagsuppbót	262876			
		413091		
d. Utanríkisráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	76215			
2. Verðlagsuppbót	133377			
		209592		
e. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	27000			
2. Verðlagsuppbót	47250			
		74250		
f. Aðrir starfsmenn ráðuneytanna, laun:				
1. Grunnlaun	51555			
2. Verðlagsuppbót	90221			
		141776		
g. Annar kostnaður ráðuneytanna		250000		
			1 535 858	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	96270			
2. Verðlagsuppbót	168472			
		264742		
b. Annar kostnaður		30000		
			294 742	
4. Ýmis kostnaður:				
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		20000		

10. gr.

			kr.	kr.
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:				
1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200			
2. Til pappírs og prentunar	80000			
3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	4500			
		85700		
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu		20000		
d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046		
			127 746	
II. Hagstofan:				2 234 926
a. Laun:				
1. Grunnlaun		68900		
2. Verðlagsuppbót		120519		
			189 419	
b. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna			60 000	
c. Prentun eyðublaða			4 500	
d. Húsaleiga, hiti og ljós			12 000	
e. Annar kostnaður			4 000	
				269 919
III. Utanríkismál:				
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:				
a. Laun sendiherra skv. launalögum	12000			
b. Laun annarra starfsmanna skv. launalögum	19200			
c. Laun starfsfólks utan launalaga	7000			
		38200		
d. Risna og staðaruppbót á laun		66800		
e. Annar kostnaður		14800		
			119 800	
2. Sendiráðið í Stokkhólmi:				
a. Laun sendifulltrúa	10200			
b. Laun annarra starfsmanna	10800			
c. Laun starfsfólks utan launalaga	9400			
		30400		
d. Risna og staðaruppbót á laun		52500		
e. Annar kostnaður		26000		
			108 900	
3. Sendiráðið í London:				
a. Laun sendiherra	12000			
b. Laun annarra starfsmanna	18600			
c. Laun starfsfólks utan launalaga	33800			
		64400		
d. Risna og staðaruppbót á laun		11800		
e. Annar kostnaður		43000		
			219 200	

10. gr.

			kr.	kr.
4.	Sendiráðið í Washington:			
	a. Laun sendiherra skv. launalögum	12000		
	b. Laun annarra starfsmanna	16800		
	c. Laun starfsfólks utan launalaga	35100		
			63900	
	d. Staðaruppbót á laun		111600	
	e. Annar kostnaður		55200	
				230 700
5.	Sendiráðið í Moskva:			
	a. Laun sendiherra skv. launalögum	12000		
	b. Laun annarra starfsmanna	6600		
	c. Laun starfsfólks utan launalaga	22500		
			41100	
	d. Staðaruppbót á laun		150200	
	e. Annar kostnaður		17000	
				208 300
6.	Aðalræðismannsskrifstofan í New-York:			
	a. Laun aðalræðismanns samkv. launalögum	10200		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	13500		
			23700	
	c. Staðaruppbót		44300	
	d. Annar kostnaður		19500	
				87 500
7.	Ferðakostnaður			100 000
8.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki			60 000
9.	Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum			60 000
				1 194 400
	Samtals ...		. . .	3 699 245

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
A. Dómgæzla og lögreglustjórn.			
1. Hæstiréttur:			
a. Laun hæstaréttardómara og hæstaréttarritara:			
1. Grunnlaun	92700		
2. Verðlagsuppbót	161379		
		254 079	
b. Annar kostnaður		60 000	
			314 079
2. Borgardómaraembættið í Reykjavík:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	55975		
2. Verðlagsuppbót	97956		
		153 931	
b. Húsaleiga, ljós og hiti		18 000	
c. Annar kostnaður		12 000	
			183 931
3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	68025		
2. Verðlagsuppbót	119043		
		187 068	
b. Húsaleiga, ljós og hiti		10 560	
c. Annar kostnaður		14 000	
			211 628
4. Sakadómaraembættið í Reykjavík:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	89933		
2. Verðlagsuppbót	157383		
		247 316	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		42 000	
c. Annar kostnaður		45 700	
			335 016
5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	56840		
2. Verðlagsuppbót	99470		
		156 310	
b. Ljós, hiti, ræsting, dyravarzla og húskostnaður		67 000	
c. Annar kostnaður		28 200	
			251 510
6. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	228600		
2. Verðlagsuppbót	400050		
		628 650	
b. Skrifstofukostnaður:			
1. Grunnlaun	278000		
2. Verðlagsuppbót	486500		
3. Annar kostnaður	200000		
		964 500	
			1 593 150

11. gr.

			kr.	kr.
7.	Laun hreppstjóra:			
	a. Grunnlaun		71 500	
	b. Verðlagsuppbót		125 025	
				196 525
8.	Lögreglukostnaður:			
	a. Ríkislögregla:			
	1. Laun lögregluþjóna:			
	a. Grunnlaun 227725			
	b. Verðlagsuppbót 398518			
		626243		
	2. Annar kostnaður	185000		
			811 243	
	b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík ..		360 000	
				1 171 243
9.	Kostnaður við landhelgisgæzlu			3 000 000
10.	Til hegningarhúsa og vinnuhæla:			
	a. Hegningarhúsið í Reykjavík:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun 15000			
	b. Verðlagsuppbót 26250			
		41250		
	2. Annar kostnaður	50000		
		91250		
	(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)			
	÷ Framlag Reykjavíkurbæjar	45625		
			45 625	
	b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun 57000			
	b. Verðlagsuppbót 99750			
		156750		
	2. Annar kostnaður	186000		
		342750		
	(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)			
	÷ Tekjur	140000		
			202 750	
	c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun 5070			
	b. Verðlagsuppbót 8872			
		13942		
	2. Annar kostnaður	5000		
		18942		
	÷ Framlag Reykjavíkurbæjar	9471		
			9 471	
	d. Til fangahúss í Hafnarfirði		50 000	
	e. Önnur fangahús		10 000	
				317 846
11.	Kostnaður við sakamál og lögreglumál			140 000
12.	Laun sjódómsmanna			6 000
13.	Kostnaður við störf setu- og varadómara			15000

11. gr.

		kr.	kr.
14.	Kostnaður við félagsdóm:		
	a. Laun félagsdómsmanna:		
	1. Grunnlaun 17100		
	2. Verðlagsuppbót 29925		
		47 025	
	b. Annar kostnaður	13 500	
			60 525
15.	a. Laun sáttamanna í vinnudeilum:		
	1. Grunnlaun 5750		
	2. Verðlagsuppbót 9562		
		15 312	
	b. Annar kostnaður	5 000	
			20 312
	Samtals A. ...	. . .	7 826 765
	B. Opinbert eftirlit.		
1.	Skipaskoðun ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 33600		
	2. Verðlagsuppbót 58800		
		92 400	
	b. Ferðakostnaður	12 000	
	c. Annar kostnaður	13 600	
			118 000
2.	Rafmagnseftirlit ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 88700		
	2. Verðlagsuppbót 155200		
		243 900	
	b. Annar kostnaður	147 000	
		390 900	
	÷ Tekjur	390 900	
3.	Eftirlit með verksmiðjum og vélum:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 21150		
	2. Verðlagsuppbót 37012		
		58 162	
	b. Ferðakostnaður	8 200	
	c. Annar kostnaður	15 900	
		82 262	
	÷ Tekjur	82 262	
4.	Bifreiðaeftirlit ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 54600		
	2. Verðlagsuppbót 95550		
		150 150	
	b. Annar kostnaður	60 000	
		210 150	
	÷ Tekjur	210 150	

11. gr.

			kr.	kr.
5. Löggildingarstofan:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun		25800		
2. Verðlagsuppbót		45150		
			70 950	
b. Annar kostnaður			25 500	
			96 450	
÷ Tekjur			96 450	
6. Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun		45000		
2. Verðlagsuppbót		78750		
			123 750	
b. Annar kostnaður			91 035	
			214 785	
÷ Tekjur			214 785	
7. Matvælaeftirlitið:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun		7200		
2. Verðlagsuppbót		12600		
			19 800	
b. Annar kostnaður			25 000	
			44 800	
÷ Tekjur			44 800	
8. Kostnaður við mat á afurðum:				
a. Fiskimat:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	58200			
b. Verðlagsuppbót	101850			
		160050		
2. Skrifstofukostnaður		6000		
3. Ferðakostnaður		5000		
			171 050	
b. Síldarmat:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	18560			
b. Verðlagsuppbót	32480			
		51040		
2. Annar kostnaður		25000		
			76 040	
c. Laun kjötmatsmanna:				
1. Grunnlaun		3900		
2. Verðlagsuppbót		6825		
			10 725	
d. Laun ullarmatsmanna:				
1. Grunnlaun		5850		
2. Verðlagsuppbót		11589		
			17 439	

			kr.	kr.
e. Laun lýsismatsmanns:				
1. Grunnlaun		3000		
2. Verðlagsuppbót		5250		
			8 250	
f. Ferðakostnaður matsmanna			40 000	
				323 504
9. Kostnaður við vörumerkjaskráningu:				
a. Grunnlaun			2 000	
b. Verðlagsuppbót			3 500	
				5 500
10. Eftirlit með opinberum sjóðum:				
a. Grunnlaun			2 860	
b. Verðlagsuppbót			5 005	
				7 865
11. Kostnaður við eftirlit á vegum:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun		7800		
2. Verðlagsuppbót		13650		
			21 450	
b. Annar kostnaður			23 550	
				45 000
12. Eftirlit með sparisjóðum:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun		6600		
2. Verðlagsuppbót		11550		
			18 150	
b. Ferðakostnaður			5 000	
				23 150
13. Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum:				
a. Viðskiptaráð:				
Gjöld		750000		
÷ Tekjur		750000		
b. Kauplagsnefnd:				
1. Grunnlaun		4680		
2. Verðlagsuppbót		8290		
			12 970	
c. Búnaðarráð			165 000	
				177 970
d. Nýbyggingarráð:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	96150			
b. Verðlagsuppbót	168262			
		264412		
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .		22200		
3. Annar kostnaður		103600		
			390212	
÷ Tekjur			390212	
14. Kostnaður við húsaleigunefndir				80 000
15. Kostnaður við embættiseftirlitsferðir				10 000
Samtals B. ...			. . .	790 989

11. gr.

		kr.	kr.
C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.			
I. Tollar:			
a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:			
1. Laun tollstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	373422		
b. Verðlagsuppbót	653489		
	1026911		
2. Húsaleiga, ljós og hiti	45000		
3. Annar kostnaður	100000		
		1 171 911	
b. Tollgæzla:			
1. Í Reykjavík:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun	243595		
2. Verðlagsuppbót	426291		
	669886		
b. Húsaleiga, ljós og hiti	65000		
c. Annar kostnaður	110000		
		844 886	
2. Utan Reykjavíkur		150 000	
			2 166 797
II. Skattar:			
a. Ríkisskattanefnd:			
1. Laun nefndarmanna og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	41025		
b. Verðlagsuppbót	37679		
	78704		
2. Annar kostnaður	21600		
		100 304	
b. Skattstofan í Reykjavík:			
1. Laun skattstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	111400		
b. Verðlagsuppbót	194950		
	306350		
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	35000		
3. Tímavinna	130000		
4. Annar kostnaður	48500		
5. Kostnaður við aukið skattaeftirlit	100000		
	619850		
÷ hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur af kostnaðinum	206616		
		413 234	
c. Kostnaður við skattanefndir og skattstofur utan Reykjavíkur		450 000	
d. Kostnaður við nýbyggingarsjóðsnefnd		5 000	
e. Laun skattdómara:			
1. Grunnlaun	10200		
2. Verðlagsuppbót	17850		
		28 050	
f. Millimatskostnaður		10 000	
			1 006 588
Samtals C. ...		. . .	3 173 385

11. gr.

	kr.	kr.
D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Símakostnaður endurgreiddur embættismönnum og opinberum skrifstofum		400 000
2. Burðargjöld		150 000
3. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta		275 000
Samtals D. ...	. . .	825 000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

			kr.	kr.
I.	Landlæknisembættið:			
	a. Laun landlæknis og skrifstofumanns:			
	1. Grunnlaun	20800		
	2. Verðlagsuppbót	36400		
			57 200	
	b. Annar kostnaður		7 000	
				64 200
II.	Laun héraðslækna:			
	a. Grunnlaun		513 600	
	b. Verðlagsuppbót		898 800	
				1 412 400
III.	Ríkisspítalar:			
	A. Landsspítalinn:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	482524		
	b. Verðlagsuppbót	838778		
		1321302		
	2. Matvörur	648000		
	3. Annar kostnaður	739000		
		2708302		
	Þar frá dragast tekjur	1586000		
	Rekstrarhalli		1 122 302	
	B. Ljósmæðra- og kjúkrunarkvennaskólinn:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	8800		
	b. Verðlagsuppbót	15400		
		24200		
	2. Fæðiskostnaður hjúkrunarnema	29200		
	3. Annar kostnaður	3000		
		56400		
	÷ Tekjur	4400		
	Rekstrarhalli		52 000	
	C. Geðveikrahælið á Kleppi:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	349236		
	b. Verðlagsuppbót	611163		
		960399		
	2. Matvörur	719000		
	3. Annar kostnaður	717000		
		2396399		
	÷ Tekjur	1884000		
	Rekstrarhalli		512 399	

12. gr.

			kr.	kr.
D. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	276400			
b. Verðlagsuppbót	483700			
		760100		
2. Matvörur		845000		
3. Annar kostnaður		517000		
		2122100		
÷ Tekjur		1671000		
Rekstrarhalli ...			451 100	
E. Heilsuhælið á Kristnesi:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	126000			
b. Verðlagsuppbót	220500			
		346500		
2. Matvörur		250000		
3. Annar kostnaður		189000		
		785500		
÷ Tekjur		375500		
Rekstrarhalli ...			410 000	
F. Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	27500			
b. Verðlagsuppbót	48100			
		75600		
2. Matvörur		33000		
3. Annar kostnaður		49800		
		158400		
÷ Tekjur		10000		
Rekstrarhalli ...			148 400	
G. Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	32742			
b. Verðlagsuppbót	57298			
		90040		
2. Matvörur		45000		
3. Annar kostnaður		37300		
		172340		
÷ Tekjur		156700		
Rekstrarhalli ...			15 640	
H. Upptökuheimili í Elliðahvammi:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	20000			
b. Verðlagsuppbót	35000			
		55000		

12. gr.

		kr.	kr.
2. Matvörur	30000		
3. Annar kostnaður	30000		
	115000		
÷ Tekjur	110000		
Rekstrarhalli		5 000	
I. Heilsuhælið í Kaldaðarnesi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	12200		
b. Verðlagsuppbót	21350		
	33550		
2. Matvara	63000		
3. Annar kostnaður	55500		
	152050		
Tekjur	127000		
Rekstrarhalli		25 050	
			2 741 891
IV. Til berklavarna:			
a. Styrkur til berklasjúklinga		2 200 000	
b. Styrkur samkv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 66 1939		5 000	
c. Laun:			
1. Grunnlaun	27570		
2. Verðlagsuppbót	48247		
		75 817	
d. Annar kostnaður		30 000	
			2 310 817
V. Styrkur til sjúklinga samkv. lögum nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla			1 700 000
VI. Rekstrarstyrkir til sjúkrahúsa:			
a. Til sjúkrahúsanna á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, 100 kr. á rúm:			
1. Grunnstyrkur	12900		
2. Verðlagsuppbót	19350		
		32 250	
b. Til sömu sjúkrahúsa og sjúkrahúsanna á Siglufirði og í Vestmannaeyjum:			
1. Grunnstyrkur	40000		
2. Verðlagsuppbót	60000		
		100 000	
			132 250
Fjárhæð þessi skiptist á milli sjúkrahúsanna í hlutfalli við eðlilegan halla af vist innlendra utansveitarsjúklinga, enda samþykki heilbrigðisstjórnin daggjöld þeirra.			
VII. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum gegn tvöföldu framlagi annars staðar að			100 000
Skilyrði fyrir styrknum er það, að heilsuverndarstöðin reki berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og			

12. gr.

		kr.	kr.
	eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og hagi störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.		
VIII.	Styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga, annarra en ríkis- og fjórðungssjúkrahúsa		1 100 000
IX.	Til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri		300 000
X.	Til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða		3 000
XI.	Bólusetningarkostnaður		7 000
XII.	Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum laga nr. 65 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands		2 000
XIII.	Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum laga nr. 66 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		25 000
XIV.	Styrkur til augnlækningaferða:		
	a. Grunnstyrkur	2 400	
	b. Verðlagsuppbót	4 200	
			6 600
XV.	Laun kynsjúkdómalæknis:		
	a. Grunnlaun	8 370	
	b. Verðlagsuppbót	14 647	
			23 017
XVI.	Til læknisvitjanasjóða skv. lögum nr. 59 4. júlí 1942		30 000
	Þar af 11950 kr. sem aukaframlög vegna hreppa, er eiga sérstaklega erfiða læknissókn, og skiptist upphæðin milli hreppanna í samræmi við ákvæði fjárlaga 1943 um læknisvitjanastyrki.		
XVII.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		9 000
XVIII.	Til ýmissa heilbrigðisráðstafana		4 000
XIX.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs:		
	a. Grunnstyrkur	3 870	
	b. Verðlagsuppbót	6 772	
			10 642
XX.	Styrkur til ýmissa sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis		15 000
XXI.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra:		
	a. Grunnstyrkur	80 000	
	b. Verðlagsuppbót	140 000	
			220 000
	Samtals ...	. . .	10 216 817

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 130100		
	b. Verðlagsuppbót 227675		
		357 775	
	2. Annar skrifstofukostnaður	60 000	
	3. Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga	150 000	
			567 775
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjósarvegur 10000		
	2. Akrafjallsvegur 40000		
	3. Hafnarfjallsvegur 200000		
	4. Lundarreykjadalsvegur 30000		
	5. Bæjarsveitarvegur 35000		
	6. Hálsasveitarvegur 20000		
	7. Hvítársíðuvegur 20000		
	8. Álftaneshreppsvegur 60000		
	9. Hraunhreppsvegur 40000		
	10. Hnappadalsvegur 20000		
	11. Ólafsvíkurvegur 30000		
	12. Útnesvegur 90000		
	13. Hellissandsvegur 35000		
	14. Fróðárhrepps- og Eyrarsveitarvegur:		
	a. Í Fróðárhreppi 10000		
	b. Í Eyrarsveit 30000		
	40000		
	15. Skógarstrandarvegur 60000		
	16. Dalasýsluvegur 80000		
	17. Laxárdalsvegur 25000		
	18. Klofningsvegur 40000		
	19. Skarðsstrandarvegur 20000		
	20. Reykhólavegur 60000		
	21. Gufudalsvegur 30000		
	22. Barðastrandarvegur 200000		
	23. Tálknafjarðarvegur 60000		
	24. Rauðasandsvegur 30000		
	25. Bíldudalsvegur 40000		
	26. Dalahreppsvegur 20000		
	27. Rafnseyrarheiðarvegur 150000		
	28. Hjarðardalsvegur 30000		
	29. Botnsheiðarvegur 20000		
	30. Súðavíkurvegur 90000		
	31. Aðalvíkurvegur 15000		
	32. Þorskafjarðarheiðarvegur 125000		
	33. Bolungavíkurvegur 90000		
	34. Bitruvegur 200000		
	35. Bæjarhreppsvegur 20000		

13. gr.

	kr.	kr.
36. Húnvetningabraut í V.-Hún.	60000	
37. Miðfjarðarvegur	40000	
38. Vesturhópsvegur	50000	
39. Svínvetningabraut	50000	
40. Skagastrandarvegur	120000	
41. Skagavegur	10000	
42. Gönguskarðsvegur	30000	
43. Vatnsskarðsvegur	200000	
44. Sauðárkróksbraut	25000	
45. Út-Blönduhlíðarvegur	50000	
46. Hofsósvegur	50000	
47. Hólavegur	50000	
48. Siglufjarðarskarðsvegur	450000	
49. Ólafsfjarðarvegur	400000	
50. Hrísavegur	10000	
51. Árskógsstrandarvegur	50000	
52. Hörgárdalsvegur	10000	
53. Öxnadalsheiðarvegur	500000	
54. Laugalandsvegur	50000	
55. Svalbarðsstrandarvegur	35000	
56. Fnjóskadalsvegur	15000	
57. Ljósavatnsskarðsvegur	40000	
58. Kinnarbraut í Ljósavatnshreppi	70000	
59. Kinnarbraut í Aðaldælahreppi	20000	
60. Bárðardalsvegur	20000	
61. Hvammsheiðarvegur	15000	
62. Reykjahverfisvegur	20000	
63. Tjörnesvegur	15000	
64. Kelduhverfisvegur	40000	
65. Kópaskers- og Raufarhafnarvegur	80000	
66. Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar	20000	
67. Langanesvegur	25000	
68. Brekknaheiðarvegur	60000	
69. Bakkafjarðarvegur	10000	
70. Vopnafjarðarvegur	25000	
71. Jökulsárhlíðarvegur	5000	
72. Hróarstunguvegur	30000	
73. Upphéraðsvegur	15000	
74. Jökuldalsvegur	10000	
75. Úthéraðsvegur	45000	
76. Borgarfjarðarvegur	5000	
77. Fjarðarheiðarvegur	100000	
78. Skógavegur	10000	
79. Eskifjarðarvegur	25000	
80. Oddsskarðsvegur	300000	
81. Fáskrúðsfjarðarvegur	100000	
82. Stöðvarfjarðarvegur	65000	
83. Berunesvegur	15000	
84. Breiðdalsvíkurvegur	15000	
85. Geithellnavegur	30000	
86. Lónsheiðarvegur	35000	

13. gr.

		kr.	kr.
87. Almannaskarðsvegur	20000		
88. Innnesjavegur	20000		
89. Mýravegur	15000		
90. Suðursveitarvegur	20000		
91. Öræfavegur	20000		
92. Síðuvegur	20000		
93. Landbrotsvegur	20000		
94. Meðallandsvegur	25000		
95. Skaftártunguvegur	60000		
96. Mýrdalssandsvegur	20000		
97. Mýrdalsvegur	35000		
98. Eyjafjallavegur	60000		
99. Syðri-Landeyjavegur	40000		
100. Ytri-Landeyjavegur	25000		
101. Þykkvabæjarvegur	35000		
102. Hagabraut	75000		
103. Landvegur	35000		
104. Gnúpverjahreppsvegur	20000		
105. Hrunamannahreppsvegur	50000		
106. Skálholtsvegur	10000		
107. Partavegur	20000		
108. Selvogsvegur	600000		
109. Austurlandsvegur	160000		
		7 000 000	
b. Til endurgreiðslu á framlagi 1945:			
1. Ólafsvíkurvegur	45000		
2. Stykkishólmsvegur	60000		
3. Hjarðardalsvegur	35000		
4. Súðavíkurvegur	50000		
5. Skagastrandarvegur	100000		
6. Svalbarðsstrandarvegur	130000		
7. Brekknaheiðarvegur	40000		
8. Jökulsárhlíðarvegur	10000		
		470 000	
c. Viðhald og endurbætur		8 000 000	
			15 470 000
III. Brúargerðir:			
1. Álftá í Hraunhreppi í Mýrasýslu		90 000	
2. Langadalsá á Skógarströnd, fyrri greiðsla		45 000	
3. Kverná í Eyrarsveit		35 000	
4. Kjarlaksstaðaá í Dalasýslu		55 000	
5. Bakkadalsá í Arnarfirði		15 000	
6. Arnardalsá í Norður-Ísafjarðarsýslu		30 000	
7. Ósá í Norður-Ísafjarðarsýslu, fyrri greiðsla		65 000	
8. Tjarnará á Vatnsnesi		55 000	
9. Blanda hjá Löngumýri, fyrri greiðsla		200 000	
10. Svartá í Skagafirði		60 000	
11. Hofsá í Svarfaðardal		40 000	
12. Laxá í Lóni		60 000	
13. Brúará í Fljótshverfi		30 000	
14. Skaftá undan Heiði á Síðu		60 000	

13. gr.

	kr.	kr.
15. Þverá í Hreppum í Árnessýslu	45 000	
16. Ölfusá	500 000	
17. Til brúa, sem áður hefur verið veitt fé til í fjárlögum	250 000	
18. Ýmsar smábrýr	200 000	
19. Miklagil á Holtavörðuheiði	50 000	
20. Hrútafjarðará	50 000	
21. Ártúnsá á Kjalarnesi	55 000	
		1 990 000
IV. Til brúasjóðs samkvæmt lögum		400 000
V. Til fjallvega		90 000
VI. Til áhalda:		
1. Til verkfærakaupa	100 000	
2. Til kaupa á vegavinnuvélum	800 000	
3. Til bókasafns verkamanna	4 000	
		904 000
VII. Til sýsluvega:		
1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að	200 000	
2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 102 1933	400 000	
		600 000
VIII. Til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum og verzlunarstöðum af bifreiðaskatti		100 000
IX. Til ferjuhalds		5 000
X. Styrkur til vetrarflutninga		20 000
XI. Til ræktunarvega:		
a. Í Vestmannaeyjum	30 000	
b. Í Flatey á Breiðafirði	3 000	
c. Í Flatey á Skjálfanda	3 000	
d. Í Grímsey	3 000	
e. Í Hrísey	4 500	
		43 500
XII. Til vegalagninga á landi ríkissjóðs í Kópavogi		50 000
XIII. Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum		111 000
XIV. Til gistihússbyggingar að Múlakoti í Fljótshlíð		20 000
XV. Til verkstjóranámskeiðs, eftir ráðstöfun vegamálastjóra og vitamálastjóra		5 000
XVI. Til fyrrverandi vegaverkstjóra og til vegaverkstjóraekkna, eftir tillögum vegamálastjóra		13 000
XVII. Iðgjöld til slysatryggingarinnar		90 000
XVIII. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1943, um orlof verkamanna		350 000
XIX. Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)		3 000
Samtals A ...	. . .	20 832 275
B. Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs	2 500 000	
(Þar af fyrning kr. 105000, sjá 20. gr.).		
b. Til vöruflutninga í Skaftafellssýslu	10 000	
enda sjái Skipaútgerð ríkisins einnig fyrir flutningum til Öræfa eftir þörfum.		2 510 000

13. gr.

	kr.	kr.
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum ..... Skipaútgerð ríkisins hefur yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1945 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefur numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1946 og flutningsgjaldskrá sé samþykkt af póst- og símamálastjórninni og Skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði. Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyldir til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt. Eigi skal styrkurinn greiddur að fullu, fyrr en skilríki hafa legið fyrir Skipaútgerð ríkisins um afkomu hlutaðeigandi báta á styrktímabilinu, þeirra er varanlegum samgöngum halda uppi á ákveðnu svæði, svo að sýnt sé, að styrksins hefur verið þörf, eins og hann var ákveðinn.		853 150
Samtals B. ...	. . .	3 363 150
C. Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra, aðstoðarverkfræðings og skrifstofumanna:		
a. Grunnlaun 41500		
b. Verðlagsuppbót 72625		
	114 125	
2. Húsaleiga, ljós og hiti	18 000	
3. Annar skrifstofukostnaður	15 000	
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar	10 000	
5. Laun verkfræðinga:		
a. Grunnlaun 41100		
b. Verðlagsuppbót 71925		
113025		
÷ áætlað fært á hafnargerðir 50000		
	63 025	
		220 150
II. Laun vitavarða:		
1. Grunnlaun	70 000	
2. Verðlagsuppbót	122 500	
		192 500
III. Rekstrarkostnaður vitanna:		
a. Vitaskipið	200 000	
b. Vitarnir	250 000	
		450 000
IV. Viðhald og endurbætur vitanna		100 000
V. Sjómerki og viðhald sæluhúsa		25 000
VI. Til áhalda		300 000

13. gr.

	kr.	kr.
VII. Ýmislegt:		
a. Rekstur áhaldahússins	85 000	
b. Viðhald og rekstur bifreiða	30 000	
c. Annað	15 000	
		130 000
VIII. Fyrning vitanna		80 000
IX. Til hafnarmannvirkja:		
1. Akureyri	100 000	
2. Hafnarfjörður	300 000	
3. Ísafjörður	100 000	
4. Seyðisfjörður	50 000	
5. Siglufjörður	100 000	
6. Vestmannaeyjar	200 000	
7. Akranes	300 000	
8. Bolungavík	100 000	
9. Dalvík	150 000	
10. Eskifjörður	50 000	
11. Fáskrúðsfjörður	50 000	
12. Flateyri	50 000	
13. Grafarnes	125 000	
14. Hofsós	25 000	
15. Höfn í Hornafirði	100 000	
16. Hrísey	75 000	
17. Húsavík	200 000	
18. Keflavík	200 000	
19. Neskaupstaður	100 000	
20. Ólafsfjörður	200 000	
21. Ólafsvík	25 000	
22. Patreksfjörður	100 000	
23. Raufarhöfn	40 000	
24. Sauðárkrókur	75 000	
25. Skagaströnd	200 000	
26. Stykkishólmur	100 000	
27. Suðureyri í Súgandafirði	75 000	
28. Þingeyri	100 000	
		3 290 000
X. Til lendingarbóta:		
1. Alviðra í Dýrafirði	20 000	
2. Arnarstapi	10 000	
3. Borgarfjörður	60 000	
4. Bær á Snæfjallaströnd	20 000	
5. Blönduós	25 000	
6. Breiðdalsvík	40 000	
7. Búðardalur	25 000	
8. Djúpivogur	90 000	
9. Flatey á Skjálfanda	25 000	
10. Gerðar í Garði	25 000	
11. Grímsey	25 000	
12. Grunnavík	25 000	
13. Hauganes	1 000	
14. Hellnar	10 000	

13. gr.

		kr.	kr.
15. Hvammstangi		70 000	
16. Höfn í Hornafirði		25 000	
17. Járngerðarstaðir		75 000	
18. Kaldrananes		15 000	
19. Kópasker		20 000	
20. Króksfjarðarnes		10 000	
21. Sandgerði		100 000	
22. Selárdalur		10 000	
23. Stokkseyri		25 000	
24. Stöðvarfjörður		85 000	
25. Tálknafjörður		25 000	
26. Vogar		50 000	
27. Vopnafjörður		25 000	
28. Þorkötlustaðir		20 000	
29. Þorlákshöfn		50 000	
30. Örlygshöfn		25 000	
			1 031 000
XI. Til hafnarbótasjóðs samkvæmt lögum			800 000
Samtals C. ...		. . .	6 618 650
D. Flugmál.			
I. Stjórn og undirbúningur flugmála:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	43400		
b. Verðlagsuppbót	75940		
		119 340	
2. Annar kostnaður		74 600	
			193 940
II. Styrkir til námsmanna og til starfsemi áhugamanna			150 000
III. Til flugvallagerðar og lendingarbóta fyrir flugvélar og til viðhalds og rekstrar flugvalla			600 000
Samtals D. ...		. . .	943 940

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Kirkjumál.		
I.	Biskupsembættið:		
	1. Laun biskups og starfsmanna á skrifstofu hans:		
	a. Grunnlaun 25900		
	b. Verðlagsuppbót 42325		
		68 225	
	2. Risna:		
	a. Grunnlaun 2000		
	b. Verðlagsuppbót 3000		
		5 000	
	3. Annar skrifstofukostnaður	3 000	
	4. Ferðakostnaður biskups	5 000	
			81 225
II.	Embætti sóknarpresta og prófasta:		
	1. Laun sóknarpresta:		
	a. Grunnlaun 928550		
	b. Verðlagsuppbót 1624962		
	2553512		
	÷ framlag úr prestlaunasjóði 100000		
		2 453 512	
	2. Laun prófasta:		
	a. Grunnlaun 12600		
	b. Verðlagsuppbót 22050		
		34 650	
	3. Embættiskostnaður presta:		
	a. Grunnlaun 61200		
	b. Verðlagsuppbót 107109		
		168 300	
	4. Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum	200 000	
			2 856 462
III.	Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkv. lögum		10 000
IV.	Til söngmálastjóra þjóðkirkjunnar:		
	1. Grunnlaun	9 000	
	2. Verðlagsuppbót	15 750	
	3. Ferðakostnaður	2 400	
			27 150
V.	Til eflingar kirkjusöngs skv. ráðstöfun söngmálastjóra		15 000
VI.	Kostnaður við kirkjuráð		500
VII.	Til að gefa út ársskýrslu þjóðkirkjunnar		1 250
VIII.	Til að gefa út minningarrit vegna 100 ára afmælis prestaskólans		6 000
IX.	Til styrktar málgagni fyrir hina íslenzku þjóðkirkju		5 000
	Samtals A ...	. . .	3 002 587

14. gr.

		kr.	kr.
	B. Kennslumál.		
I.	Háskólinn:		
1.	Laun kennara og annarra starfsmanna:		
	a. Grunnlaun 358950		
	b. Verðlagsuppbót 621687		
		980 637	
2.	Hiti, ljós og ræsting	115 000	
3.	Námsstyrkir	125 000	
4.	Húsaleigustyrkir	50 000	
5.	Til rannsóknarstofu í líffæra- og lífeðlisfræði ..	20 000	
6.	Til tannlækningastofu	3 000	
7.	Til rannsóknarstofu í lyfjafræði	7 000	
8.	Til rannsóknarstofu í heilbrigðisfræði	7 000	
9.	Til íþróttakennslu (til húsaleigu og áhaldakaupa)	7 500	
10.	Ýmis gjöld	75 000	1 390 137
II.	Til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis:		
a.	Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum	150 000	
b.	Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs ..	350 000	
	Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að þeir, sem styrks njóta, inni af hendi að loknu námi minnst 5 ára þjónustu í þágu landsins, ella endurgreiði þeir styrkinn.		
c.	Til Önnu Þórhallsdóttur frá Hornafirði, til söngnáms í Vesturheimi	6 500	
d.	Til stúdentaráðs, til þess að starfrækja leiðbeiningaskrifstofu undir stjórn Lúðvíks Guðmundssonar:		
	1. Grunnlaun 4500		
	2. Verðlagsuppbót 7875		
		12 375	518 875
III.	Fræðslumálastjóraembættið:		
1.	Laun:		
	a. Grunnlaun 51200		
	b. Verðlagsuppbót 89600		
		140 800	
2.	Annar kostnaður	45 000	185 800
IV.	Menntaskólinn í Reykjavík:		
a.	Föst laun:		
	1. Grunnlaun 126900		
	2. Verðlagsuppbót 222075		
		348 975	
b.	Stundakennsla:		
	1. Grunnlaun 58752		
	2. Verðlagsuppbót 102816		
		161 568	
c.	Hiti, ljós og ræsting	51 000	
d.	Viðhald húsa og áhalda	30 000	
e.	Náms- og húsaleigustyrkir	13 700	
f.	Styrkur til bókasafns skólans	3 000	
g.	Styrkur til bókasafnsins Íþöku	2 000	

14. gr.

		kr.	kr.
h. Til prófdómara		20 000	
i. Vegna kostnaðar við skólastjórn:			
1. Grunnlaun	2000		
2. Verðlagsuppbót	3500		
		5 500	
j. Annar kostnaður		29 000	
k. Fyrning		3 540	
			668 283
V. Menntaskólinn á Akureyri:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	149700		
2. Verðlagsuppbót	232574		
		382 274	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	66500		
2. Verðlagsuppbót	116375		
		182 875	
c. Hiti, ljós og ræsting		55 000	
d. Viðhald húsa og áhalda		25 000	
e. Námsstyrkir		7 500	
f. Til bóka og áhalda		5 000	
g. Vegna kostnaðar við skólastjórn:			
1. Grunnlaun	2000		
2. Verðlagsuppbót	3500		
		5 500	
h. Annar kostnaður		25 600	
i. Fyrning		3 160	
			691 909
VI. Kennaraskólinn:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	67050		
2. Verðlagsuppbót	117337		
		184 387	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	20000		
2. Verðlagsuppbót	35000		
		55 000	
c. Hiti, ljós og ræsting		20 000	
d. Bækur og áhöld		10 000	
e. Námsstyrkir		8 250	
f. Viðhald húsa og áhalda		15 000	
g. Annar kostnaður		15 000	
h. Fyrning		1 090	
			308 727
VII. Stýrimannaskólinn:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	39000		
2. Verðlagsuppbót	68250		
		107 250	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	38000		
2. Verðlagsuppbót	66500		
		104 500	

14. gr.

			kr.	kr.
c. Hiti, ljós og ræsting			15 000	
d. Til áhaldakaupa			10 000	
e. Til námskeiða utan Reykjavíkur			40 000	
f. Annar kostnaður			30 000	
g. Fyrning			700	
				307 450
VIII. Vélstjóraskólinn:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	34200			
2. Verðlagsuppbót	59850			
			94 050	
b. Stundakennsla:				
1. Grunnlaun	7500			
2. Verðlagsuppbót	13125			
			20 625	
c. Hiti, ljós og ræsting			12 000	
d. Til áhaldakaupa			50 000	
e. Annar kostnaður			14 000	
				190 675
IX. Sjómannaskólahúsið:				
a. Laun húsvarðar:				
1. Grunnlaun	4800			
2. Verðlagsuppbót	8400			
			13 200	
b. Hiti, ljós og ræsting			75 000	
c. Opinber gjöld			10 000	
d. Fyrning			10 000	
			108 200	
Endurgreiddur kostnaður af hita og ræsting			30 000	
				78 200
X. Búnaðarkennsla:				
1. Bændaskólinn á Hólum:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	28200			
2. Verðlagsuppbót	49350			
		77550		
b. Stundakennsla:				
1. Grunnlaun	10800			
2. Verðlagsuppbót	18900			
		29700		
c. Til verklegs náms		12000		
d. Hiti, ljós og ræsting		20000		
e. Til verkfærakaupa		20000		
f. Annar kostnaður		16000		
g. Fyrning		1226		
			176 476	
2. Bændaskólinn á Hvanneyri:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	37200			
2. Verðlagsuppbót	65100			
		102300		
b. Til verklegs náms		20000		
c. Hiti, ljós og ræsting		28000		

			kr.	kr.
d. Til vatnsveitu, síðari greiðsla		25000		
e. Til verkfærakaupa		40000		
f. Til verkfærasafns		1000		
g. Til byggingar kennarabústaðar		8000		
h. Annar kostnaður		45000		
i. Fyrning		2300		
			271 600	
3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	21600			
2. Verðlagsuppbót	37800			
		59400		
b. Stundakennsla:				
1. Grunnlaun	3410			
2. Verðlagsuppbót	5970			
		9380		
c. Hiti, ljós og ræsting		10400		
d. Til kennsluáhalda		15000		
e. Viðhald skólahúsa		9000		
f. Annar kostnaður		15000		
g. Fyrning		2500		
			120 680	
				568 756
XI. Iðnfræðsla:				
a. Til iðnskólahalds			200 000	
Ríkisstjórnin úthlutar styrk þessum að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og Landssambands iðnaðarmanna, þó ekki yfir ⅔ rekstrarkostnaðar til hvers skóla.				
Iðnskólarnir skulu senda fræðslumálastjórninni skýrslu um starf sitt.				
b. Til framhaldsnáms erlendis			30 000	
				230 000
XII. Verzlunarskólar o. fl.:				
a. Til Verzlunarskóla Íslands:				
100 króna styrkur með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda allt að			120 000	
b. Til Samvinnuskólans:				
100 króna styrkur með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda allt að			30 000	
c. Kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda:				
1. Grunnlaun		500		
2. Verðlagsuppbót		875		
			1 375	
				151 375
XIII. Til Kvennaskólans í Reykjavík:				
a. Húsnæðisstyrkur			5 000	
b. Rekstrarstyrkur			80 000	
c. 60 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið			7 200	
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna			2 500	
e. Til íþróttahúss			50 000	
Skólinn stendur undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar.				144 700

14. gr.

		kr.	kr.
XIV.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Laun kennara í föstum skólum:		
	a. Grunnlaun 2000000		
	b. Verðlagsuppbót 3500000		
		5 500 000	
2.	Laun farkennara:		
	a. Grunnlaun 385000		
	b. Verðlagsuppbót 673750	1 058 750	
3.	Til aukakennara og stundakennslu	50 000	
4.	Til kennslueftirlits:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 52800		
	2. Verðlagsuppbót 92400		
	145200		
	b. Ferðakostnaður 40000	185 200	
5.	Til framkvæmda sundskyldu í barnaskólum samkvæmt tillögum íþróttafulltrúa	120 000	
6.	Styrkur til byggingar barnaskóla utan kaupstaða	1 700 000	
7.	Til fyrrv. barnakennara eftir till. fræðslumálastjóra:		
	a. Grunnlaun 14000		
	b. Verðlagsuppbót 24500	38 500	
8.	Ráðskonukaup við heimavistarbarnaskóla:		
	a. Grunnlaun 42000		
	b. Verðlagsuppbót 73500	115 500	
9.	Styrkur til tímaritanna „Menntamál“ og „Heimili og skóli“, kr. 1500 til hvors	3 000	
10.	Til kennaranámskeiðs eða utanfara	30 000	
			8 800 950
XV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 24600		
	2. Verðlagsuppbót 43050		
	67650		
	b. Til verklegs náms og aukakennslu:		
	1. Grunnlaun 6000		
	2. Verðlagsuppbót 10500		
	16500		
	c. Hiti, ljós og ræsting 30000		
	d. Til kennsluáhalda 2000		
	e. Viðhald 7500		
	f. Til byggingar frystiklefa 12500		
	g. Annar kostnaður 10000		
	h. Fyrning 800	146 950	
2.	Til héraðsskóla samkv. lögum nr. 33 1940:		
	a. Grunnstyrkur 130000		
	b. Verðlagsuppbót 227500		
	c. Viðbótarstyrkur vegna launahækkunar 311255	668 755	

			kr.	kr.
3.	Stofnkostnaður héraðsskóla		1 300 000	
4.	Til námsstjóra við framhaldsskóla:			
	a. Grunnlaun	10200		
	b. Verðlagsuppbót	17850		
		28050		
	c. Ferðakostnaður	6000		
			34 050	
5.	Til Snorragarðs í Reykholti		10 000	
6.	Til Skallagrímsgarðs í Borgarnesi		1 000	
7.	Til framkvæmda á Rafnseyri í minningu Jóns Sigurðssonar (önnur greiðsla af þremur)		50 000	
8.	Til gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1930:			
	a. Grunnstyrkur	145600		
	b. Verðlagsuppbót	254800		
	c. Viðbótarstyrkur vegna launahækkunar	220000		
			620 400	
9.	Til viðgerðar á héraðsskólanum í Reykholti		50 000	
10.	Til gagnfræðaskóla Reykvíkinga		100 000	
11.	Til unglingafræðslu utan kaupstaða samkv. lögum nr. 48 1930		80 000	
12.	Til byggingar gagnfræðaskóla		900 000	
13.	Til bókasafna við unglingaskóla		2 500	
14.	Til alþýðuskólans í Reykjavík		4 000	
15.	Til handíðaskólans:			
	a. Grunnstyrkur	31000		
	b. Verðlagsuppbót	54250		
			85 250	
16.	Til námsflokkastarfsemi undir eftirliti fræðslumálastjórnarinnar:			
	a. Grunnstyrkur	13750		
	b. Verðlagsuppbót	24062		
			37 812	
XVI.	Húsmæðrafræðsla:			4 090 717
1.	Styrkur til húsmæðraskóla skv. lögum:			
	a. Grunnstyrkur	110000		
	b. Verðlagsuppbót	165000		
	c. Vegna launahækkunar samkv. launalögum	360000		
			635 000	
2.	Til byggingar húsmæðraskóla í kaupstöðum		700 000	
3.	Til byggingar húsmæðraskóla í sveitum		600 000	
4.	Til húsmæðrafræðslu Árnýjar Filippusdóttur:			
	a. Grunnstyrkur	5000		
	b. Verðlagsuppbót	8750		
	c. Byggingarstyrkur	20000		
			33 750	
5.	Til húsmæðrakennaraskólans:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	9600		
	2. Verðlagsuppbót	16800		
		26400		

14. gr.

		kr.	kr.
b. Stundakennsla	15000		
c. Annar kostnaður	38500		
		79 900	
6. Til húsmæðraskólans á Staðarfelli, til kaupa á ljósamótor		10 000	
			2 058 650
XVII. Til íþróttamála:			
1. Til íþróttakennaraskóla ríkisins:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	15600		
2. Verðlagsuppbót	27144		
	42744		
b. Stundakennsla	10000		
c. Íþróttatæki og húsmunir	20000		
d. Ræsting o. fl.	6500		
		79 244	
2. Til íþróttasjóðs		1 000 000	
3. Til Íþróttasambands Íslands:			
a. Til þess að hafa fastráðinn framkvæmdastjóra	8000		
b. Til útgáfu glímubókar	10000		
		18 000	
4. Laun Ólafs Pálssonar til eftirlits með sundkennslu og til prófdómarastarfa:			
a. Grunnlaun	2925		
b. Verðlagsuppbót	5118		
		8 043	
5. Laun Lárusar Rist, sundkennara:			
a. Grunnlaun	2600		
b. Verðlagsuppbót	4550		
		7 150	
6. Til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar:			
a. Grunnstyrkur	5000		
b. Verðlagsuppbót	8750		
		13 750	
7. Til ferðakennslu í íþróttum		10 000	
			1 136 187
XVIII. Til kennslu heyrnar- og málleysingja:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	26400		
b. Verðlagsuppbót	46200		
		72 600	
2. Annar kostnaður		80 000	
(Þar af fyrning húss kr. 550, sjá 20. gr.).			
			152 600
XIX. Til blindrastarfsemi			15 000
Ríkisstjórnin skipti styrknum milli Blindravinafélagsins og Blindrafélagsins.			

14. gr.

	kr.	kr.
XX. Til Geirs Þormars, tréskurðarmeistara á Akureyri, til að halda uppi kennslu á Norðurlandi í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl:		
a. Grunnstyrkur	900	
b. Verðlagsuppbót	1 575	
		2 475
XXI. Til Kristjáns Geirmundssonar til að setja upp fugla fyrir náttúrugripasafnið og skóla:		
a. Grunnstyrkur	1 500	
b. Verðlagsuppbót	2 625	
		4 125
XXII. Til Sigurðar Skúlasonar til kennslu í framsagnarlist:		
a. Grunnstyrkur	3 000	
b. Verðlagsuppbót	5 250	
		8 250
XXIII. Til Hallgríms Helgasonar tónskálds, til þess að vinna að endurbótum á söngkennslu í skólum í samráði við fræðslumálastjórnina:		
a. Grunnstyrkur	3 500	
b. Verðlagsuppbót	6 125	
c. Ferðakostnaður	2 000	
		11 625
XXIV. Til menningar- og fræðslusambands alþýðu		5 000
XXV. Til skáksambands Íslands		1 600
XXVI. Til menningarsjóðs blaðamannafélags Íslands		10 000
XXVII. Til Alþýðusambands Íslands		10 000
XXVIII. Til sjóvinnuskóla í Vestmannaeyjum, gegn jafnmiklu framlagi frá Vestmannaeyjakaupstað		50 000
XXIX. Til Sigursveins Kristinssonar, Ólafsfirði, til tónlistarnáms		6 000
XXX. Til Helga Tryggvasonar til hraðritunarkennslu		1 200
XXXI. Til rannsókna á þroskastigi íslenzkra skólabarna:		
1. Laun dr. Matthíasar Jónassonar:		
a. Grunnlaun 7500		
b. Verðlagsuppbót 13125		
	20 625	
2. Annar kostnaður	15 000	
		35 625
Samtals B	. . .	21 834 891

15. gr.

Til bókmennta, lista og vísinda er veitt:

		kr.	kr.
A. Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi.			
I. Landsbókasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	63800		
b. Verðlagsuppbót	111650		
		175 450	
2. a. Til bóka-, tímarita- og handritakaupa	100000		
b. Til bókbands	50000		
		150 000	
3. Til Þorsteins Konráðssonar		400	
4. Til þess að semja spjaldskrá		1 200	
5. Til þess að semja og prenta skrá um handrit		5 000	
6. Til ritaukaskrár		4 800	
7. Til samningar íslenzkrar bókaskrár		10 000	
8. Ýmisleg gjöld		6 000	
			352 850
II. Þjóðskjalasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	39900		
b. Verðlagsuppbót	69825		
		109 725	
2. Til bókbands, bóka- og handritakaupa og til umbúnaðar skjala		12 000	
3. Ýmisleg gjöld		3 000	
			124 725
III. Þjóðminjasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	25500		
b. Verðlagsuppbót	44625		
		70 125	
2. Til aðstoðar, tímavinna		8 050	
3. Til þess að útvega gripi		5 000	
4. Til áhalda og aðgerða		2 200	
5. Til rannsókna og ferðakostnaðar		2 500	
6. Til sjóminjasafns		3 500	
7. Til viðgerðar á Hólakirkju		2 000	
8. Til viðhalds bæjarrústa í Stöng í Þjórsárdal		5 000	
9. Til viðhalds bæjarhúsa í Glaumbæ, Burstarfelli og Grenjaðarstað		20 000	
			118 375
IV. Til Náttúrufræðifélagsins Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrufræðisafnið sé almenningi til sýnis.			55 000
V. Safnahúsið:			
1. Laun dyravarðar:			
a. Grunnlaun	6000		
b. Verðlagsuppbót	10500		
		16 500	
2. Til hita, ljósa og opinberra gjalda		30 000	

15. gr.

		kr.	kr.
3.	Til viðhalds, áhalda og ræstingar	28 000	
5.	Fyrning	3 639	
			78 139
VI.	Styrkir til bókasafna og lesstofa:		
1.	Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð Stefánsson skáld hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3245 króna grunnlaunum:		
	a. Laun bókavarðar:		
	1. Grunnlaun 3245		
	2. Verðlagsuppbót 5678		
	8923		
	b. Annar styrkur 2500		
		11 423	
2.	Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3245 króna grunnlaunum:		
	a. Laun bókavarðar:		
	1. Grunnlaun 3245		
	2. Verðlagsuppbót 5678		
	8923		
	b. Annar styrkur 2500		
	c. Byggingarstyrkur 15000		
		26 423	
3.	Til bókasafns Hafnarfjarðar, að því tilskildu, að Magnús Ásgeirsson skáld hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3245 króna grunnlaunum:		
	a. Laun bókavarðar:		
	1. Grunnlaun 3245		
	2. Verðlagsuppbót 5678		
	8923		
	b. Annar styrkur 2500		
		11 423	
4	Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði	6 250	
5.	Til bókasafns Neskaupstaðar	3 750	
6.	Til bókasafns Siglufjarðar	6 250	
7.	Til sjómannalesstofu á Bíldudal	1 200	
8.	Til bókasafns Vestmannaeyja	6 250	
9.	Til iðnbókasafns í Reykjavík	2 500	
10.	Til bæjarbókasafns Reykjavíkur, þó ekki yfir ⅓ kostnaðar	37 500	
11.	Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi	4 500	
12.	Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi, byggingarstyrkur	10 000	
13.	Til sýslubókasafnsins á Sauðárkróki	3 000	
14.	Til sýslubókasafnsins á Blönduósi	2 000	
15.	Til héraðsbókasafns Suðurlands	3 000	
16.	Til sýslubókasafna, gegn eigi minna tillagi frá sýslusjóðum	11 250	
17.	Til bókhlöðunnar á Húsavík	3 000	
18.	Til bókasafns Akraness	3 750	
19.	Til bókasafns í Flatey	1 250	

15. gr.

		kr.	kr.
20.	Til sýslunefndar V.-Ísafjarðarsýslu vegna bókasafns Sighvats Grímssonar, enda sé það geymt hjá héraðsskólanum á Núpi	1 250	
21.	Til kaupa á bókum handa konunglega bókasafninu í Stokkhólmi	1 000	
22.	Til lesstofu fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík	5 000	
23.	Til lesstofu byggingarfélags alþýðu	1 250	
24.	Til lesstofu sjómannaheimilis á Siglufirði	5 000	
25.	Til lesstofu sjómannaheimilis á Raufarhöfn	1 000	
26.	Til lesstofu Sjómannafélags Reykjavíkur	3 750	
27.	Til lesstofu á Ísafirði	1 250	
28.	Til sjómannalesstofu K. F. U. M. í Vestmannaeyjum	2 000	
29.	Til sjómannalesstofu í Bolungavík	1 200	
30.	Til sjómannalesstofu í Höfn í Hornafirði	1 200	
31.	Til styrktarsjóðs lestrarfélaga skv. l. nr. 120 1943	50 000	
			228 619
VII.	Styrkur til bókaútgáfu o. fl.:		
1.	Til Hins íslenzka bókmenntafélags, til útgáfu fornbréfasafns og annarra rita:		
	a. Grunnstyrkur 15000		
	b. Verðlagsuppbót 26250	41 250	
2.	Til Þjóðvinafélagsins:		
	a. Grunnstyrkur 1400		
	b. Verðlagsuppbót 2450	3 850	
3.	Til Fornleifafélagsins:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5250	8 250	
4.	Til Sögufélagsins til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirréttardóma o. fl.:		
	a. Grunnstyrkur 4000		
	b. Verðlagsuppbót 7000	11 000	
5.	Til ætt- og mannfræðifélagsins enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun félagsins	20 000	
6.	Til Hins íslenzka fræðafélags til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um útgáfustarfsemina.	15 000	
7.	Til Fornritaútgáfunnar:		
	a. Til útgáfu á Íslendingasögum:		
	1. Grunnstyrkur 4000		
	2. Verðlagsuppbót 7000	11000	
	b. Til útgáfu á Heimskringlu:		
	1. Grunnstyrkur 4000		
	2. Verðlagsuppbót 7000	11000	
		22 000	

15. gr.

		kr.	kr.
8.	Til útgáfustarfsemi Þjóðvinafélagsins og menningarsjóðs, til útgáfu Íslendingasögu:		
	a. Grunnstyrkur 4000		
	b. Verðlagsuppbót 7000		
		11 000	
9.	Til útgáfu á ævisögum lærðra manna eftir Hannes Þorsteinsson, fyrsta greiðsla af þremur	20 000	
10.	Til Vísindafélags Íslendinga, til útgáfu rita:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5250		
		8 250	
11.	Til Steins Dofra, ættfræðings:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 8750		
		13 750	
	Styrkurinn veitist með því skilyrði, að, að honum látnum, verði ættfræðihandrit hans eign Landsbókasafnsins.		
12.	Til dr. Jóns Dúasonar, vegna útgáfu rita hans		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 8750		
		13 750	
13.	Til samningar íslenzkrar samheitaorðabókar:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 8750		
		13 750	
14.	Til Arnórs Sigurjónssonar, ritstyrkur	5 000	
15.	Til útgáfu héraðssagnarita, eftir tillögum heimspekideildar háskólans:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 8750		
		13 750	
16.	Til Björns Guðfinnssonar, utanfararstyrkur	30 000	
17.	Til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn til útgáfu tímarits	5 000	
18.	Til Norræna félagsins	5 000	
19.	Til Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn	4 000	
20.	Til Stefáns Einarssonar prófessors, fyrir samningu kennslubókar í íslenzku á enska tungu	10 000	
			274 600
VIII.	Til skálda, rithöfunda og listamanna:		
	a. Grunnstyrkir	175 000	
	b. Verðlagsuppbót	306 250	
			481 250
	Af fé þessu skal Gunnar skáld Gunnarsson njóta 6000 kr. heiðurslauna að viðbættri verðlagsuppbót og Steingrímur Matthíasson, fyrrum héraðslæknir, 5000 kr. heiðurslauna að viðbættri verðlagsuppbót.		
	Að öðru leyti skal 4 manna nefnd, kosin af Alþingi, skipta fjárhæð þessari.		

15. gr.

	kr.	kr.
IX. Til vísindamanna og fræðimanna samkvæmt úthlutun menntamálaráðs:		
a. Grunnstyrkur	30 000	
b. Verðlagsuppbót	52 500	
		82 500
X. Til Sir William Craigie, vegna nýrrar útgáfu á orðabók Richard Cleasbys og Guðbrands Vigfússonar		12 000
XI. Til leiklistarstarfsemi:		
1. Til leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur	30 000	
2. Til leikskóla Lárusar Pálssonar 3500 kr., til leiklistarskóla Soffíu Guðlaugsdóttur 2500 kr. og til leiklistarskóla Jóns Norðfjörðs 2500 kr.:		
a. Grunnstyrkur 8500		
b. Verðlagsuppbót 14875		
	23 375	
3. Til leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Akureyrar	6 000	
4. Til leikfélags Hafnarfjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar	3 000	
5. Til leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Ísafjarðar	1 500	
6. Til leikfélags Sauðárkróks, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
7. Til leikfélags Vestmannaeyja, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Vestmannaeyja	1 500	
8. Til leikfélags á Siglufirði, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
9. Til leikfélags Dalvíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að.	1 000	
10. Til leikfélags Eyrarbakka, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 000	
11. Til leikfélags Akraness, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
		71 875
XII. Til tónlistarstarfsemi:		
1. Til Tónlistarskólans, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur:		
a. Grunnstyrkur 15000		
b. Verðlagsuppbót 26250		
	41 250	
2. Til tónlistarskóla á Akureyri, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að, enda náist samkomulag milli tónlistaraðila á Akureyri um stofnun sameiginlegs tónlistarfélags þar	20 000	
3. Til hljómsveitar Reykjavíkur	2 000	
4. Til Lúðrasveitar Reykjavíkur, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að	25 000	

15. gr.

	kr.	kr.
5. Til Páls Ísólfssonar, til þess að starfa að tónlistarmálum og efla skilning alþýðu á tónmennt:		
a. Grunnlaun 4620		
b. Verðlagsuppbót 8085		
	12 705	
6. Til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum, með umsjá söngmálastjóra þjóðkirkjunnar:		
a. Grunnlaun 1950		
b. Verðlagsuppbót 3412		
	5 362	
7. Til sambands íslenzkra karlakóra:		
a. Grunnstyrkur 6000		
b. Verðlagsuppbót 10500		
	16 500	
8. Til landssambands blandaðra kóra og kvennakóra:		
a. Grunnstyrkur 3000		
b. Verðlagsuppbót 5250		
	8 250	
		131 067
XIII. Til listasafns Einars Jónssonar:		
1. Laun Einars Jónssonar:		
a. Grunnlaun 8245		
b. Verðlagsuppbót 14428		
	22 673	
2. Til eldiviðar og ljósa	7 000	
3. Ýmis gjöld	7 500	
4. Fyrning	711	
		37 884
XIV. Til Guðjóns Samúelssonar, í viðurkenningarskyni fyrir að uppgötva aðferð við múrhúðun, fyrsta greiðsla af fimm		10 000
XV. Til Bandalags íslenzkra listamanna:		
a. Grunnstyrkur	4 800	
b. Verðlagsuppbót	8 400	
		13 200
XVI. Til eflingar menningarsambandi við Vestur-Íslendinga (Þar af 5000 kr. til Þjóðræknisfélags Íslendinga.)		8 000
XVII. Kostnaður við friðun Þingvalla, sbr. lög nr. 59 1928		8 000
XVIII. Til umbóta á Þingvöllum		80 000
XIX. Til Vesturheimsblaðanna Lögbergs og Heimskringlu, 10 000 til hvors.		20 000
Samtals A. ...	. . .	2 188 084

15. gr.

		kr.	kr.
B. Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu o. fl.			
I. Atvinnudeild háskólans:			
1. Iðnaðardeild:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	70975		
2. Verðlagsuppbót	124206		
	195181		
b. Annar kostnaður	137500		
	332681		
÷ tekjur af rannsóknum	50000	282 681	
2. Fiskideild:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	61525		
2. Verðlagsuppbót	107668		
	169193		
b. Til fiskirannsókna í Faxaflóa gegn jafnháu framlagi frá fiskimálasjóði ..	50000		
c. Til áhaldakaupa og útgáfustarfsemi ..	25000		
d. Ýmislegur rekstrarkostnaður	75000		
e. Til byggingar rannsóknarstofnunar fyrir fiskiðnfræði og fiskifræði á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans ..	100000	419 193	
3. Landbúnaðardeild:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	75100		
2. Verðlagsuppbót	131425		
	206525		
b. Tilraunabúið á Keldum, rekstrarhalli	94900		
c. Fjárræktarbúið á Hesti, rekstrarhalli	76500		
d. Annar rannsóknarkostnaður	101000	478 925	
4. Sameiginlegur kostnaður:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	14150		
2. Verðlagsuppbót	24762		
	38912		
b. Til ræstingar	22000		
c. Til eldiviðar og ljósa	12000		
d. Annar kostnaður	22000		
	94912		
÷ tekjur frá happdrætti Háskóla Íslands	25000	69 912	
5. Til fjörefnarannsókna		50 000	
			1 300 711
II. Rannsóknarstofa háskólans:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	110000		
b. Verðlagsuppbót	192500	302 500	

		kr.	kr.
2. Annar kostnaður		130 000	
		432 500	
÷ tekjur af rannsóknum		200 000	
			232 500
III. Til rannsóknaráðs:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	17400		
b. Verðlagsuppbót	30450		
		47 850	
2. Rannsóknakostnaður		20 000	
			67 850
IV. Veðurstofa Íslands:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	85125		
b. Verðlagsuppbót	148968		
		234 093	
2. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.		140 000	
3. Til veðurskeyta o. fl.		70 000	
4. Til loftskeytatækja		5 000	
5. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		20 000	
6. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum, aukavinna o. fl.		5 000	
7. Úrkomumælingar á fjöllum		10 000	
8. Til kaupa á tækjum til landskjálftamælinga		30 000	
			514 093
V. Til landmælinga			75 000
VI. Til jökulmælinga			1 500
VII. Til sjómælinga:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	14000		
b. Verðlagsuppbót	16800		
		30 800	
2. Skipaleigur og aðstoð		120 000	
			150 800
VIII. Til vatnsmælinga í fallvötnum			30 000
IX. Til jarðborana og kaupa á jarðborum			420 000
X. Til húsameistara ríkisins:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	41800		
b. Verðlagsuppbót	73150		
		114 950	
2. Annar kostnaður		36 800	
			151 750
Samtals B. ...		. . .	2 944 204

16. gr.

Til atvinnumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Landbúnaðarmál.		
1. Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra fjárhagsáætlun félagsins		682 000
2. Til sama, til kynnisferða bænda		5 000
3. Til nýbýla		360 000
Þar af 50000 kr. sem viðbótarstyrkur til nýbýlamanna, sem við mesta örðugleika eiga að stríða vegna dýrtíðarinnar, eftir ráðstöfun nýbýlastjórnar.		
4. Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum:		
a. Jarðabótastyrkur	1 700 000	
b. Til verkfærakaupasjóðs	120 000	
c. Til vélasjóðs skv. lögum	50 000	
d. Til ræktunarframkvæmda vélasjóðs	270 000	
		2 140 000
5. Til búfjárræktar samkv. lögum nr. 32 1931		200 000
6. Til tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins		150 000
7. Til bygginga á Reykhólum		115 000
8. Til bygginga í sveitum:		
a. Til byggingar- og landnámssjóðs	300 000	
b. Byggingarstyrkir	500 000	
c. Vangoldin verðlagsuppbót á framlag ríkisins til byggingar- og landnámssjóðs árin 1942 og 1943	532 500	
		1 332 500
9. Tillag til kreppulánasjóðs		343 344
10. Til ræktunarsjóðs, vaxtatillag		3 312
11. Til áveitufélags Ölfusinga		20 000
12. Til framræslu á löndum ríkissjóðs á Stokkseyri og Eyrarbakka, önnur greiðsla af þremur		100 000
13. Til fyrirhleðslu á Þverá og Markarfljóti		200 000
14. Til fyrirhleðslu í Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum		50 000
15. Til fyrirhleðslu í Laugará í Austur-Eyjafjallahreppi		20 000
16. Til fyrirhleðslu í Geirastaðakvísl		30 000
17. Til sand- og sjóvarnargarðs í Vík í Mýrdal, ⅔ kostnaðar, allt að		20 000
18. Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu, samkv. lögum nr. 68 1918 og lögum nr. 10 1926		4 000
19. Til vélasjóðs til verkfærakaupa		500 000
20. Til sandgræðslu:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun 15300		
2. Verðlagsuppbót 26775		
	42 075	
b. Til sandgræðslustöðva	148 000	
c. Til nýrra sandgræðslugirðinga	100 000	
d. Ýmis gjöld	80 000	
		370 075

16. gr.

		kr.	kr.
21.	Til skógræktar:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 41925		
	2. Verðlagsuppbót 73368		
		115 293	
	b. Skrifstofukostnaður	16 500	
	c. Til skóggræðslu	175 000	
	d. Annar kostnaður	50 000	
	e. Til skógræktarfélaga	75 000	
	f. Til friðunar skóglendis á einstökum jörðum samkv. lögum nr. 10 13. febr. 1943	40 000	
			471 793
22.	Til Garðyrkjufélags Íslands		2 000
23.	Til skrúðgarðs kvenfélagsins í Stykkishólmi		1 000
24.	Til búreikningaskrifstofu, sbr. lög nr. 35 1941		20 000
25.	Til mjólkurbúa og smjörsamlaga		80 000
26.	Styrkur til byggingar nýrrar mjólkurstöðvar í Reykjavík, þó ekki yfir ¼ byggingarkostnaðar		300 000
27.	Til klaksjóðs samkvæmt lögum nr. 36 1937		10 000
28.	Kostnaður vegna l. nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði		15 000
29.	Til Loðdýraræktarfélags Íslands		6 000
30.	Til loðdýraræktar:		
	a. Laun ráðunautar:		
	1. Grunnlaun 8400		
	2. Verðlagsuppbót 14700		
		23 100	
	b. Annar kostnaður	10 000	
			33 100
31.	Til dýralækna:		
	a. Laun dýralækna:		
	1. Grunnlaun 39600		
	2. Verðlagsuppbót 69300		
		108 900	
	b. Styrkur til einstakra manna til að stunda dýralækningar, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að:		
	1. Grunnstyrkur 6800		
	2. Verðlagsuppbót 11900		
		18 700	
	c. Skrifstofukostnaður yfirdýralæknis	3 000	
	d. Til Páls Pálssonar dýralæknis samkvæmt samningi	6 000	
			136 600
32.	Til kláðalækninga		3 000
33.	Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar		2 800 000
34.	Til vélsmiðju á Hólmi í Landbroti, stofnkostnaður		25 000
35.	Til Páls G. Jónssonar, Garði, Fnjóskadal		1 000
	Samtals A ...	. . .	10 549 724

16. gr.

	kr.	kr.
B. Sjávarútvegsmál.		
1. Til Fiskifélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins, og félagið sjái um útgáfu fiskimannaalmanaks á sinn kostnað		675 000
2. Til skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda		180 000
3. Til alþjóðahafrannsókna		13 500
4. Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins		10 000
5. Til Kristins Kristjánssonar, Nýhöfn, í viðurkenningarskyni fyrir að finna upp línulagningaráhöld fyrir fiskiflotann		20 000
Samtals B ...	. . .	898 500
C. Iðnaðarmál.		
1. Til Landssambands iðnaðarmanna		50 000
2. Til iðnlánasjóðs		65 000
3. Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík, ⅔ kostnaðar allt að		300 000
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að ríkisstjórnin láti endurskoða reikninga stofnunarinnar og árlega sé gefin skýrsla um starfsemina, samþykkt af endurskoðanda.		
4. Til Halldóru Bjarnadóttur til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar:		
a. Grunnlaun	2 340	
b. Verðlagsuppbót	4 095	
		6 435
5. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði:		
a. Grunnstyrkur	900	
b. Verðlagsuppbót	1 575	
		2 475
6. Til tóvinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Svalbarðseyri við Eyjafjörð, stofn- og rekstrarstyrkur		30 000
7. Til Guðmundar Kristinssonar, myndskera:		
a. Grunnstyrkur	500	
b. Verðlagsuppbót	875	
		1 375
8. Til kolsýruverksmiðjunnar Sindra, stofnkostnaður		50 000
9. Til raforkusjóðs samkv. l. nr. 91 1942		500 000
Samtals C ...	. . .	1 005 285

17. gr.

Til félagsmála er veitt:

	kr.	kr.
1. Tillag til bjargráðasjóðs, samkv. l. nr. 45 1913		33 000
2. Til alþýðutrygginga:		
a. Slysatryggingar	70 000	
b. Sjúkratryggingar	2 000 000	
c. Atvinnuleysistryggingar	15 000	
d. Ellilaun og örorkubætur	2 500 000	
e. Kostnaðartillag	232 500	
		4 817 500
3. Gjöld samkvæmt lögum nr. 39 1935 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna		15 000
4. Gjöld samkvæmt 20. og 22. gr. framfærslulaga, nr. 52 1940		20 000
5. Til styrktar- og sjúkrasjóða samkv. úthlutun félagsmálaráðuneytisins		15 600
(Þar af 600 kr. endurveiting ógreidds styrks 1942 og 1943 til sjúkrasjóðs hjúkrunarfélags Ólafsvíkur).		
6. Gamalmennahæli:		
a. Til elliheimilisins Grundar í Reykjavík	7 000	
enda greiði vistmenn, sem framfærslusveit eiga utan Reykjavíkur, ekki hærra daggjald en bæjarmenn.		
b. Til sjö gamalmennahæla utan Reykjavíkur, 3000 kr. til hvers	21 000	
		28 000
7. Til sambands íslenzkra berklasjúklinga:		
a. Byggingastyrkur	200 000	
b. Rekstrarstyrkur vegna læknislauna	30 525	
		230 525
8. Til sumardvalarheimila, dagheimila og vistarheimila fyrir börn úr bæjum og kauptúnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að		200 000
9. Kostnaður við barnaverndarráð		20 000
10. Til barnavinafélagsins Sumargjafar, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurbæ		150 000
11. Til upptökuheimilis fyrir börn og unglinga		25 000
12. Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi:		
a. Til Rauðakross Íslands	15 000	
b. Til Sambands íslenzkra berklasjúklinga	3 000	
c. Til félagsins „Heyrnarhjálpar“	5 000	
d. Til félagsins „Sjálfbjargar“	2 000	
e. Til mæðrastyrksnefnda	50 000	
Þar af 15 þús. kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur. Ráðherra úthlutar fénu, að fengnum tillögum mæðrastyrksnefndar í Reykjavík.		75 000
13. Til slysavarna		100 000
14. Til umferðarslysavarna		50 000
15. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis		5 000
16. Til Stórstúku Íslands til bindindisstarfsemi		200 000
Þar af til bindindisstarfsemi í skólum 15 000.		

17. gr.

	kr.	kr.
17. Ungmennastarfsemi:		
a. Til Ungmennafélags Íslands	12 000	
Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um það, hvernig fénu er varið.		
b. Til Bandalags skáta	2 000	
c. Til Bandalags íslenzkra farfugla	1 500	
		15 500
18. Til útgáfu sögu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi ..		12 000
19. Til Kvenfélagasambands Íslands, til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju		125 000
20. Til kvennaheimilisins Hallveigarstaða, byggingarstyrkur		50 000
21. Til Kvenréttindafélags Íslands		15 000
22. Til vinnumiðlunar		20 000
23. Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga		700 000
24. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna		450 000
25. Til Bálfarafélags Íslands		35 000
26. Til Dýraverndunarfélags Íslands til dýraverndunarstarfsemi		5 000
27. Til kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, rekstrarhalli		60 000
Samtals ...	. . .	7 472 125

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn:			
1. Ari Arnalds, fyrrv. sýslumaður	1968.75		
2. Ágúst H. Bjarnason prófessor	2405.00		
3. Árni Þorvaldsson, fv. menntaskólak. .	1798.34		
4. Bogi Brynjólfsson, fv. sýslum.	1885.00		
5. Dr. Einar Arnórsson, fv. hæstar.d. ..	15000.00		
6. Einar Sæmundsson, fv. skógarvörður .	2670.00		
7. Guðm. Björnsson, fv. sýslum.	2502.81		
8. Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslum. ..	2442.69		
9. Guðm. Guðmundsson, fv. héraðsl.	1625.00		
10. Guðmundur Hannesson prófessor	3586.67		
11. Guðm. Sveinbjörnsson, fv. skrifststj. .	1820.00		
12. Halldór Kr. Júlíusson, fv. sýslum. ..	1984.73		
13. Halldór Steinsson, fv. héraðslæknir ..	1562.50		
14. Ingólfur Gíslason, fv. héraðlæknir ..	1781.45		
15. Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfóg. .	7620.00		
16. Jón Hermannsson, fv. tollstjóri	7620.00		
17. Jónas Kristjánsson, fv. héraðslæknir .	1620.00		
18. Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	2374.48		
19. Magnús Jónsson, fyrrv. bæjarfógeti .	6370.00		
20. Magnús Torfason, fyrrv. sýslum.	3650.00		
21. Ólafur Daníelsson, fv. yfirkennari ..	1812.50		
22. Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir ..	1620.00		
23. Ólafur Thorlacius, fv. héraðslæknir .	1397.50		
24. Páll Einarsson, fv. hæstaréttardómari	15000.00		
25. Sigurður Briem, fv. póstmeistari ...	7620.00		
26. Sigurður Thoroddsen, fv. yfirkennari	1843.75		
27. Sigurjón Jónsson, fv. héraðslæknir ..	1551.88		
28. Sigurjón Markússon, fv. sýslumaður .	2145.00		
29. Sigvaldi Kaldalóns, fv. héraðlæknir ..	1335.81		
30. Skúli Árnason, fv. héraðslæknir	1300.00		
31. Steingrímur Jónsson, fv. bæjarfógeti .	7120.00		
32. Steingrímur Matthíasson, fv. héraðsl. .	1397.50		
		116 431 36	
b. Embættismannaekkjur:			
1. Aðalbjörg Jakobsdóttir, læknisekkja .	710.94		
2. Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja próf. Har. Níelss.	552.50		
3. Álfheiður Briem	1015.63		
4. Anna Gunnlaugsson, læknise., Vestm.	243.75		
5. Anna Kl. Jónsson ráðherraekkja	1218.75		
6. Cathinka Sigfússon kennaraekkja ...	390.00		
7. Guðrún B. Gísladóttir læknisekkja ..	307.73		
8. Guðrún Tulinius sýslumannsekkja ..	762.37		
9. Ingibjörg Magnúsdóttir læknisekkja .	345.31		
10. Ingibjörg Sigurðardóttir læknisekkja	243.75		
11. Ingileif Aðils prófessorsekkja	552.50		
12. Jenny Forberg landssímastjóraekkja .	812.50		
13. Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja ..	385.94		

18. gr.

		kr.	kr.
14.	Margrét Árnadóttir sýslumannsekkja	568.75	
15.	Margrét Björnson læknisekkja	1421.88	
16.	Margrét Kr. Lárusdóttir læknisekkja .	243.75	
17.	Rannveig Tómasdóttir læknisekkja ..	304.69	
18.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja .	345.31	
19.	Sigríður Blöndal læknisekkja	243.75	
20.	Sigríður H. Jensson yfirdómaraekkja	812.50	
21.	Sigríður Jónsdóttir prófessorsekkja ..	1539.20	
22.	Sigríður R. Pálsson yfirkennaraekkja	731.25	
23.	Sigrún Bjarnason yfirkennaraekkja ..	650.00	
24.	Soffía Guðmundsson ráðherraekkja ..	731.25	
25.	Solveig Eggerz	3960.00	
26.	Steinunn Frímannsdóttir skólameistaraekkja	1163.21	
27.	Súsanna Fr. Erlendsson læknisekkja	304.69	
28.	Theodóra Thoroddsen sýslum.ekkja .	869.65	
29.	Valgerður Sveinsdóttir læknisekkja .	568.75	
30.	Vigdís G. Blöndal læknisekkja	304.69	
31.	Þóra Gísladóttir læknisekkja	345.31	
32.	Þóra Magnússon ráðherraekkja	1950.00	
33.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja ..	511.88	
			25 112 18
c.	Prestsekkjur:		
1.	Anna Stefánsd. frá Stað í Súgandaf. ..	162.50	
2.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	162.50	
3.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagaf.	162.50	
4.	Björg Einarsdóttir Dvergasteini	417.37	
5.	Björg Einarsdóttir Undirfelli	162.50	
6.	Guðbjörg Hermannsd. frá Þingvöllum	192.24	
7.	Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi, Norðf.	205.47	
8.	Guðríður Helgad. frá Kvennabrekku .	273.00	
9.	Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík	220.58	
10.	Guðrún Hermannsd. frá Breiðabólsstað	346.03	
11.	Guðrún G. Jóhannesdóttir frá Bergst.	174.75	
12.	Guðrún Runólfsdóttir	267.27	
13.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	218.40	
14.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	313.63	
15.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	118.53	
16.	Helga Stephensen frá Holti	299.59	
17.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	203.61	
18.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási ..	230.91	
19.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	162.50	
20.	Jóhanna Magnúsd. frá Staðarhrauni..	364.00	
21.	Kristín Ísleifsdóttir frá Eyrarbakka ..	193.38	
22.	Líney Sigurjónsdóttir frá Görðum ...	511.57	
23.	Margrét Jónasdóttir frá Stað	213.46	
24.	Margrét Sigurðardóttir frá Höskuldss.	214.26	
25.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað á Reykjanesi	312.86	
26.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	213.46	

18. gr

		kr.	kr.
27. Sigríður Hansdóttir frá Djúpavogi ..	179.14		
28. Sigríður Helgadóttir frá Odda	350.51		
29. Sigríður Jóhannesdóttir frá Hruna ..	210.31		
30. Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli ..	239.69		
31. Sigurlaug Árnad. Knudsen frá Breiðabólsstað	216.13		
32. Steinunn E. Stephensen frá Bjarnanesi	325.36		
33. Vilborg Jónsdóttir frá Prestbakka ..	166.81		
34. Þóra Jónsdóttir Auðkúlu	134.42		
35. Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka ..	162.50		
36. Þórhildur Sigurðardóttir frá Stöð ...	192.12		
		8 493 86	
d. Framlag samkv. l. nr. 51 1921, 8. gr.			
1. Aldný Magnúsdóttir símritaraekkja ..	286.00		
2. Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	390.00		
3. Ásta Einarson dýralæknisekkja	325.00		
4. Ásta Halldórsdóttir póstafgrm.ekkja .	312.00		
5. Björg Jónsd. prestsekkja frá Vallanesi	260.00		
6. Guðbjörg Tómasdóttir læknisekkja ..	455.00		
7. Guðbjörg Árnadóttir læknisekkja	455.00		
8. Guðfinna Þórðard. vitavarðarekkja ..	117.00		
9. Harriet Jónsson lagaprófessorsekkja .	585.00		
10. Hedvig Blöndal póstritaraekkja	455.00		
11. Hrefna Jóhannesdóttir læknisekkja ..	390.00		
12. Ida Stefánsdóttir símamannsekkja ...	286.00		
13. Ingibjörg Guðjónsd. símritaraekkja ..	234.00		
14. Ingibjörg Ögmundsdóttir símstj.ekkja	234.00		
15. Kristín Guðmundsóttir	195.00		
16. Lára Bjarnadóttir símritaraekkja	286.00		
17. Margrét Lárusdóttir læknisekkja	390.00		
18. Margrét Þórðardóttir læknisekkja	585.00		
19. María Guðmundsd. fiskmatsm.ekkja .	312.00		
20. María J. Klemens póstafgrm.ekkja ..	312.00		
21. Marta Eiríksdóttir læknisekkja	390.00		
22. Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	234.00		
23. Rigmor Ófeigsson yfirkennaraekkja .	442.00		
24. Þrúður I. Jónsdóttir símstjóraekkja .	338.00		
25. Þuríður Benediktsdóttir læknisekkja .	390.00		
		8 658 00	
e. Verðlagsuppbót		277 715 00	
			436 410
II. Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Ari Arnalds, fyrrv. bæjarfógeti	4275,00		
2. Ágúst H. Bjarnason prófessor	5000,00		
3. Árni Þorvaldsson, fyrrv. yfirkennari ..	1625,00		
4. Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður .	1040,00		
5. Eggert Stefánsson, fyrrv. símafulltrúi Akureyri	1950,00		
6. Eiríkur Kjerúlf læknir	1625,00		
7. Guðmundur Björnsson, fyrrv. sýslum.	1625,00		

18. gr.

		kr.	kr.
8.	Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslumaður	2925,00	
9.	Guðmundur Hannesson prófessor	1950,00	
10.	Guðm. Sveinbjörnsson, fyrrv. skrifstofustjóri	7500,00	
11.	Halldór Kr. Júlíusson, fyrrv. sýslum. .	1300,00	
12.	Halldór Steinsen, fyrrv. héraðslæknir	3245,00	
13.	Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir í Borgarnesi	1625,00	
14.	Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir á Djúpavogi, biðlaun, full embættislaun .	10200.00	
15.	Jakob Kristinsson, fyrrv. fræðslum.stj., lögboðinn lífeyrir meðtalinn	7620,00	
16.	Jakob Jóh. Smári, adjunkt, biðlaun, ¾ embættislauna	7200,00	
17.	Jónas Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
18.	Jósep Björnsson, fyrrv. skólastjóri ...	2565,00	
19.	Karl Finnbogason, fyrrv. skólastj.	2100,00	
20.	Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri	2515,00	
21.	Magnús Jónsson, fyrrv. bæjarfógeti ...	1200,00	
22.	Magnús Torfason, fyrrv. sýslumaður .	2970,00	
23.	Ólafur Daníelsson, fyrrv. yfirkennari .	3245,00	
24.	Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir ...	1625,00	
25.	Ólafur Thorlacius, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
26.	Páll Halldórsson, fyrrv. skólastjóri ..	1625,00	
27.	Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari	3245,00	
28.	Sigurjón Markússon, fyrrv. sýslum. ..	4455,00	
29.	Sigvaldi Kaldalóns, fyrrv. héraðslæknir	3350,00	
30.	Skúli Árnason, fyrrv. héraðslæknir ..	870,00	
31.	Steingrímur Matthíasson, fyrrv. héraðsl.	1625,00	
32.	Th. Krabbe, fyrrv. vitamálastjóri	2160,00	
33.	Þorbjörn Þórðarson, fv. héraðslæknir	1140,00	
34.	Þórður Sveinsson, fyrrv. yfirlæknir ..	3245,00	
35.	Þorkell Þorláksson, fyrrv. aðstoðarm.	2440,00	
			104 330
b.	**Embættismannaekkjur og börn:**		
1.	Aðalbjörg Jakobsdóttir læknisekkja ..	815,00	
2.	Aðalbjörg Sigurðardóttir	1950,00	
3.	Anna Ásmundsdóttir	490,00	
4.	Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar ..	730,00	
5.	Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	975,00	
6.	Ásta Einarson	975,00	
7.	Camilla Hallgrímsson	1235,00	
8.	Cathinka Sigfússon	1625,00	
9.	Dómhildur Jóhannesdóttir	1950,00	
10.	Guðbjörg Tómasdóttir, 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	2445,00	
11.	Guðlaug Magnúsdóttir	3245,00	
12.	Harriet Jónsson	730,00	
13.	Helga Finnsdóttir	1950,00	
14.	Hrefna Jóhannesdóttir 975 kr., auk 400 kr. með hverju barni í ómegð	1955,00	

18. gr.

		kr.	kr.
15.	Ingibjörg Magnúsdóttir læknisekkja ..	1465,00	
16.	Ingileif Snæbjarnardóttir Aðils	650,00	
17.	Jenny Forberg	975,00	
18.	Júliana Jónsdóttir, ekkja H. Jónssonar dýralæknis	815,00	
19.	Kristín Thorberg	600,00	
20.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja ...	975,00	
21.	Laufey Vilhjálmsdóttir	3870,00	
22.	Magnea Ásgeirsson	325,00	
23.	Margrét Árnadóttir	975,00	
24.	Margrét Björnson	2600.00	
25.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Guðfinnssonar héraðslæknis	1140,00	
26.	Margrét K. Lárusdóttir læknisekkja ..	650,00	
27.	Margrét Þórðardóttir læknisekkja, 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	2445,00	
28.	Ragnheiður Jónasson sýslumannsekkja	1300,00	
29.	Rannveig Tómasdóttir	975,00	
30.	Rigmor Ófeigsson	1300.00	
31.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja ..	1300,00	
32.	Sigríður Blöndal	490,00	
33.	Sigríður Finnbogadóttir	1300,00	
34.	Sigríður Fjeldsted	975,00	
35.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Sigurðar heit. Magnússonar, prófessors	2450.00	
36.	Sigríður Hjaltadóttir Jensson	1300,00	
37.	Sigrún Bjarnason	975,00	
38.	Sofia Guðmundsson	3245,00	
39.	Soffía Hjaltested	975.00	
40.	Stefanía Stefánsdóttir	400,00	
41.	Steinunn Frímannsdóttir	730.00	
42.	Sússanna Friðriksdóttir Erlendsson ...	815,00	
43.	Theodóra Thoroddsen	1950,00	
44.	Valgerður Sveinsdóttir, læknisekkja ..	1140,00	
45.	Vigdís Blöndal	815,00	
46.	Þóra Gísladóttir, læknisekkja	1465,00	
47.	Þórhildur Eiríksdóttir Magnús	975,00	
48.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja ...	650,00	
49.	Þrúður Ingibjörg Jónsdóttir	600,00	
50.	Þuríður Benediktsdóttir, læknisekkja, 1140 kr., auk 490 kr. með barni í ómegð	1630,00	
			66 310
c.	**Uppgjafaprestar:**		
1.	Árni Þórarinsson	945,00	
2.	Ásgeir Ásgeirsson, Hvammi	1025,00	
3.	Ásmundur Gíslason	1275,00	
4.	Bjarni Hjaltested	815,00	
5.	Böðvar Bjarnason	1950,00	
6.	Einar Pálsson	1190,00	
7.	Einar Thorlacius	900,00	

18. gr.

		kr.	kr.
8.	Dr. Eirikur Albertsson, lögboðinn lífeyrir meðtalinn	7620,00	
9.	Friðrik Hallgrímsson, fyrrv. dómprófastur	7126,83	
10.	Haraldur Þórarinsson	1300,00	
11.	Ingvar Nikulásson	1115,00	
12.	Jes A. Gíslason	815,00	
13.	Jón Norðfjörð Johannessen	1235,00	
14.	Kristinn Daníelsson	1335,00	
15.	Magnús Bjarnarson	1065,00	
16.	Matthías Eggertsson	1245,00	
17.	Ófeigur Vigfússon	945,00	
18.	Ólafur Magnússon	685,00	
19.	Pálmi Þóroddsson	920,00	
20.	Runólfur Magnús Jónsson	1185,00	
21.	Sigtr. Guðlaugsson	4495,00	
22.	Stefán Kristinsson	1625,00	
23.	Theódór Jónsson	2330,00	
24.	Vigfús Þórðarson	1115,00	
25.	Þórður Ólafsson	1090,00	
26.	Þorvaldur Jakobsson	2070,00	
27.	Þorvarður Þorvarðsson	1260,00	
			48 676 83
d.	**Prestsekkjur:**		
1.	Anna Stefánsdóttir frá Stað	975,00	
2.	Arnbjörg Einarsdóttir	1300,00	
3.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	975,00	
4.	Auður Gísladóttir	1140,00	
5.	Bergljót Blöndal	975,00	
6.	Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini	975,00	
7.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	1465,00	
8.	Björg Jónasdóttir frá Eskifirði	1140,00	
9.	Björg Jónsdóttir frá Vallanesi	1140,00	
10.	Dorothea Guðmundsson	1140,00	
11.	Guðbjörg Guðmundsdóttir	1300,00	
12.	Guðbjörg Hermannsdóttir	945,00	
13.	Guðný Þorsteinsdóttir	930,00	
14.	Guðríður Helgadóttir	1110,00	
15.	Guðríður Ólafsdóttir	915,00	
16.	Guðrún Hermannsdóttir	650,00	
17.	Guðrún J. Jóhannesdóttir	1790,00	
18.	Guðrún Jónsdóttir 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	4890,00	
19.	Guðrún P. Jónsdóttir frá Sauðlauksdal 1950 kr., auk 490 kr. með barni hennar til 16 ára aldurs	2440,00	
20.	Guðrún Runólfsdóttir	1140,00	
21.	Guðrún Torfadóttir	1140,00	
22.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	1140,00	
23.	Helga Skúladóttir	1020,00	

18. gr.

		kr.	kr.
24.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	1140,00	
25.	Ingibjörg Magnúsdóttir	1140,00	
26.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	1140,00	
27.	Ingveldur Guðmundsdóttir	975,00	
28.	Jóhanna Magnúsdóttir prófastsekkja .	1140,00	
29.	Jóhanna Pálsdóttir frá Otrardal	1140,00	
30.	Kristín Ísleifsdóttir frá Eyrarbakka ...	1465,00	
31.	Líney Sigurjónsdóttir	1465,00	
32.	Margrét Jónasdóttir	1140,00	
33.	Margrét Björnsdóttir frá Bíldudal, 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barna hennar til 16 ára aldurs	3420,00	
34.	Margrét Sigurðardóttir prófastsekkja .	1465,00	
35.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað	1140,00	
36.	Sigríður Hansdóttir	1275,00	
37.	Sigríður Helgadóttir	1140,00	
38.	Sigríður Jóhannesdóttir	1140,00	
39.	Sigríður Kjartansdóttir, 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barna sinna	3910,00	
40.	Sigrún Kjartansdóttir	1140,00	
41.	Sigurlaug Knudsen	1140,00	
42.	Steinunn Eiríksdóttir Stephensen	975,00	
43.	Steinunn Pétursdóttir	1140,00	
44.	Vilborg Jónsdóttir	1140,00	
45.	Þorbjörg Pálsdóttir	650,00	
46.	Þóra Jónsdóttir	1000,00	
47.	Þórhildur Sigurðardóttir	1140,00	
			63 195
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:		
1.	Aðalbjörg Steinsdóttir	815,00	
2.	Ásdís Þorgrímsdóttir	490,00	
3.	Áslaug Thorlacius	1500,00	
4.	Ásta Magnúsdóttir	325,00	
5.	Brynjólfur Þorláksson söngkennari ...	1950,00	
6.	Elísabet Jónsdóttir	490,00	
7.	Friðrik Bjarnason tónskáld	1625,00	
8.	Guðbjörg Kristjánsdóttir	1950,00	
9.	Hallgrímur Jónsson skólastjóri	3635,00	
10.	Ingunn Bergmann kennslukona	815,00	
11.	Ingivaldur Nikulásson kennari	650,00	
12.	Lárus Bjarnason skólastjóri	5310,00	
13.	Lárus Rist kennari	975,00	
14.	Magdalena Ásgeirsdóttir, ekkja Bergsveins Haraldssonar kennara, kr. 200,00 og kr. 350,00 með hverju barni þeirra innan 16 ára	1600,00	
15.	Margrét Rasmus	2925,00	
16.	Ragnheiður Torfadóttir	650,00	
17.	Samúel Eggertsson	815,00	
18.	Sigurður Sigurðsson	1000,00	
19.	Sigurjón Rögnvaldsson	325,00	

18. gr.

		kr.	kr.
20.	Valdimar Snævarr	2680,00	
21.	Viktoría Bjarnadóttir	245,00	
22.	Vilborg Torfadóttir, ekkja Eyjólfs Sveinssonar kennara	490,00	
23.	Þorleifur Erlendsson	600,00	
			31 860
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra, samkv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins eftir tillögum póst- og símamálastjóra		34 450
g.	Sigurður Nordal, samkvæmt samningi		3 245
h.	Ólafur Friðriksson		2 925
i.	Dr. Helgi Péturss		7 620
j.	Séra Guðmundur Einarsson		3 245
k.	Sigurjón Friðjónsson		3 245
l.	Páll E. Ólason dr. phil. enda semji hann ókeypis ævisögur lærðra manna fyrir bókmenntafélagið.		9 120
m.	Pétur Zóphóníasson ættfræðingur		7 060
n.	Árni Pálsson		6 605
o.	Páll Sveinsson yfirkennari, biðlaun, full embættisl.		9 600
p.	Árni Thorsteinsson tónskáld		4 495
q.	Sigurbjörn Sveinsson		3 245
r.	Lárus Sigurjónsson skáld		2 440
s.	Dr. Jón Stefánsson, London, án verðlagsuppbótar		3 146
t.	Ekkjur og börn skálda og listamanna:		
1.	Anna Pálsdóttir 975 kr., auk 490 kr. með hvoru fósturbarna sinna	1955,00	
2.	Eleanor Sveinbjörnsson	1950,00	
3.	Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	1625,00	
4.	Guðrún Oddsdóttir	1625,00	
5.	Ólína Þorsteinsdóttir	1625,00	
6.	Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	815,00	
7.	Sigríður Snæbjarnardóttir, ekkja Þór. B. Þorlákssonar málara	815,00	
8.	Sigurlaug G. Gröndal	650,00	
9.	Valborg Einarsson	1625,00	
10.	Valgerður Benediktsson	3870,00	
11.	Þórunn Pálsdóttir, ekkja Þorsteins Gíslasonar	1625,00	
			18 180
u.	Hafnsögumenn, vitaverðir og vitavarðaekkjur, skv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, eftir tillögum vitamálastjóra		13 165
v.	Matsmenn, samkv. úthlutun atvinnumálaráðuneytisins		19 580
x.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Aðalheiður Pálsdóttir ljósmóðir	490,00	
2.	Ágústa Þ. Ólafsdóttir	490,00	
3.	Andrés Johnson, fornminjasafnari	6370,00	
4.	Anna Bjarnadóttir, ekkja Hj. Láruss.	490,00	
5.	Arndís Sigurðardóttir	490,00	

18. gr.

		kr.	kr.
6.	Arnleif Kristjánsdóttir	490,00	
7.	Ásdís M. Sigurðardóttir ljósmóðir	490,00	
8.	Ásgeir Jónsson, Gottorp	490,00	
9.	Ásta Þorvaldsdóttir	490,00	
10.	Bjarni Magnússon fangavörður	650,00	
11.	Björg Guðmundsdóttir	650,00	
12.	Björn Einarsson	3245,00	
13.	Davíð Gíslason	975,00	
14.	Eggert Brandsson, sjómaður	1950,00	
15.	Einar Markússon, fyrrv. ríkisbókari	3245,00	
16.	Einar E. Sæmundsen	1950,00	
17.	Elín Runólfsdóttir	300,00	
18.	Friðfinnur Guðjónsson leikari	1300,00	
19.	Gróa Dalhoff	1300,00	
20.	Guðbjörg Jónsdóttir ljósmóðir	490,00	
21.	Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	650,00	
22.	Guðmundur Davíðsson, fv. umsjónarm.	2440,00	
23.	Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsstöðum	490,00	
24.	Guðm. Gestsson, fv. dyrav. Menntaskól.	1950,00	
25.	Guðríður Eiríksdóttir	815,00	
26.	Guðrún Egilson	3245,00	
27.	Guðrún Indriðadóttir leikkona	1300,00	
28.	Guðrún Ragúels	490,00	
29.	Halldór Brynjólfsson blindi	570,00	
30.	Halldóra Þórðardóttir	975,00	
31.	Helga Ingibjörg Stefánsdóttir, loftskeytamannsekkja	490,00	
32.	Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður	1300,00	
33.	Henriette Kjær, fv. yfirhjúkrunarkona	975,00	
34.	Hlín Johnson	2925,00	
35.	Hólmfríður Björnsdóttir, ekkja G. Hjaltasonar	490,00	
36.	Hólmgeir Jensson	490,00	
37.	Ingibjörg Guðjónsdóttir	490,00	
38.	Ingibjörg Jakobsdóttir	600,00	
39.	Ingibjörg Lárusdóttir, Blönduósi	815,00	
40.	Ingibjörg Loftsdóttir, ljósmóðir	490,00	
41.	Jón Bach, fyrrv. dyravörður	2000,00	
42.	Jón Runólfsson, fyrrv. sýsluskrifari	975,00	
43.	Jóney Guðmundsdóttir, ekkja Guðjóns Guðlaugssonar	975,00	
44.	Jónína Marteinsdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	490,00	
45.	Kristín Eiríksdóttir ljósmóðir	490,00	
46.	Kristín Guðmundsdóttir, ekkja E. Helgasonar	975,00	
47.	Kristjana Benediktsdóttir	650,00	
48.	Kristólína Kragh	490,00	
49.	Lára Bjarnadóttir	650,00	
50.	Margrét Ásmundsdóttir	650,00	
51.	María Sigurðardóttir	490,00	

18. gr.

		kr.	kr.
52.	Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	815,00	
53.	Matthías Þórðarson frá Móum	1950,00	
54.	Níelsína Ólafsdóttir, ekkja Daníels Daníelssonar	975,00	
55.	Ólafur Guðmundsson, fyrrv. ferjum.	1625,00	
56.	Ólafur Ketilsson	815,00	
57.	Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erlingssonar	815,00	
58.	Petrea Jónsdóttir	490,00	
59.	Ragnheiður Erlendsdóttir	490,00	
60.	Runólfur Pétursson, innhm.	975,00	
61.	Sigríður Gísladóttir 490 kr., og 165 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	1150,00	
62.	Sigríður Gísladóttir	490,00	
63.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	490,00	
64.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	490,00	
65.	Sigurður Níelsson	1625,00	
66.	Sigurður Pétursson, fyrrv. fangav.	1625,00	
67.	Soffía Ásgeirsdóttir hjúkrunarkona	815,00	
68.	Valgerður Steinsson, fv. spítalaráðsk.	815,00	
69.	Þóra Sigurðardóttir	490,00	
			74 110
y.	Magnús Friðriksson hreppstjóri og kona hans		3 870
z.	Verðlagsuppbót		941 000
þ.	Framlag ríkissjóðs samkv. 10. gr. lífeyrissjóðslaga, nr. 101 1943 og 8. gr. laga nr. 102 1943		1 650 000
æ.	Framlag ríkissjóðs samkv. 6. gr. reglugerðar frá 24. nóv. 1944		200 000
			3 334 717
	Samtals	. . .	3 771 127

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Niðurgreiðsla á nokkrum landbúnaðarafurðum til neyzlu innanlands	12 000 000	
2. Til óvissra útgjalda	500 000	
		12 500 000
Samtals ...	. . .	12 500 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar:		
1. Samkvæmt 3. gr. A.	424 000	
2. — 3. — B.	3 649	
3. — 9. —	2 170	
4. — 10. —	2 046	
5. — 11. — A.	10 600	
6. — 12. —	89 000	
7. — 13. —	188 000	
8. — 14. —	25 866	
9. — 15. —	4 350	
		749 681
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og dönskum ríkisskuldabréfum		2 025 000
III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10 000
IV. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50 000
Samtals ...	. . .	2 834 681
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán ... 1572517		
b. Lán í dönskum krónum ... 471330		
	2 043 847	
2. Lán ríkisstofnana:		
a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 1.) ... 400000		
b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.) ... 89100		
	489 100	
		2 532 947
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
1. Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)	3 000 000	
2. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.)	1 080 000	
		4 080 000
III. Til bygginga á jörðum ríkisins		200 000
IV. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana		2 000 000

	kr.	kr.
V. Til vitamála, eignaaukning:		
a. Til byggingar áhalda- og skrifstofuhúss	350 000	
b. Til að kaupa nýtt vitaskip	350 000	
c. Til að gera nýja vita	700 000	
		1 400 000
VI. Til flugvallagerða og lendingarbóta í Vestmannaeyjum og á Ísafirði		400 000
VII. Til byggingar Menntaskólahúss í Reykjavík		500 000
VIII. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri		500 000
IX. Til byggingar sjómannaskólans		1 000 000
X. Til byggingar bændaskóla í Skálholti		1 000 000
XI. Til byggingar tilraunaskóla		250 000
XII. Til byggingar íþróttakennaraskóla		200 000
XIII. Til byggingar þjóðminjasafns		1 000 000
XIV. Til kaupa á skóglendi		70 000
XV. Til byggingar á prestssetrum		650 000
Þar af 150000 kr. til byggingar prestssetursbúss í Hestþingum.		
XVI. Til skólastjórabústaðar á Hólum		100 000
XVII. Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10 000
Samtals ...	. . .	15 892 947

21. gr.
I. Rekstrar-

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		88 500 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		33 194 477
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		615 234
5. gr.	Óvissar tekjur		100 000
	Rekstrarhalli		4 997 176
	Samtals ...	. . .	127 416 887

Yfirlit.
yfirlit.

			kr.	kr.
		Gjöld:		
7. gr.		Vextir		1 144 568
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		300 000
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		1 515 576
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		3 699 245
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	7 826 765	
—	B.	Opinbert eftirlit	790 989	
—	C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	3 173 385	
—	D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	825 000	
				12 616 139
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		10 216 817
13. gr.	A.	Vegamál	20 832 275	
—	B.	Samgöngur á sjó	3 363 150	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	6 618 650	
—	D.	Flugmál	943 940	
				31 758 015
14. gr.	A.	Kirkjumál	3 002 587	
—	B.	Kennslumál	21 834 891	
				24 837 478
15. gr.	A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	2 188 084	
—	B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	2 944 204	
				5 132 288
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	10 549 724	
—	B.	Sjávarútvegsmál	898 500	
—	C.	Iðnaðarmál	1 005 285	
				12 453 509
17. gr.		Til félagsmála		7 472 125
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		3 771 127
19. gr.		Óviss útgjöld og niðurgreiðslur		12 500 000
		Samtals ...	. . .	127 416 887

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	122 419 711
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	749 681
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	2 025 000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10 000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50 000
	Greiðslujöfnuður	18 055 442
	Samtals ...	148 309 834

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að greiða Kristjönu Jónsdóttur, skrifstofukonu í fræðslumálaskrifstofunni, hálf laun meðan hún er sjúklingur.

II. Að greiða Ágústu Erlendsdóttur símakonu 1 200 kr. á ári, meðan hún er sjúklingur.

III. Að láta niður falla að svo miklu leyti, sem ástæða þykir til, að innheimta framlög ríkisins á stríðsárunum til nauðstaddra Íslendinga erlendis.

IV. Að greiða Ingibjörgu Jóhannsdóttur, fyrrverandi kennara, 10 þús. kr.

V. Að selja varðskipið Þór, ef viðunanlegt boð fæst.

VI. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

VII. Að endurgreiða tónlistarfélagi Akureyrar toll af blásturshljóðfærum, sem það flutti inn í lok ársins 1944, svo og að endurgreiða Háskóla Íslands toll af orgeli í kapellu háskólans. Enn fremur að endurgreiða Fornritafélaginu aðflutningsgjöld af ljósprentuðum eintökum af Laxdælu, er flutt voru frá Vesturheimi.

VIII. Að verja allt að 50 þús. kr. til kaupa og heimflutnings á listaverkinu „Saltfiskstöflun“ eftir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara.

IX. Að greiða séra Þorsteini Briem full embættislaun, ef hann lætur af embætti á árinu.

X. Að greiða Ólafi Magnússyni, fyrrv. prófasti í Arnarbæli, 1 400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju í Selvogi.

XI. Að greiða Matthíasi lækni Einarssyni prófessorslaun, er hann lætur af yfirlæknisstörfum í Landakotsspítala, og Þorkeli Þorkelssyni full embættislaun, ef hann lætur af starfi veðurstofustjóra.

XII. Að greiða Jóni Sveinbjörnsson, fyrrv. ríkisráðsritara, 5 þús. kr. eftirlaun.

XIII. Að greiða Guðmundi Guðmundssyni, fyrrv. héraðslækni, viðbótareftirlaun, svo að eftirlaun hans úr lífeyrissjóði og ríkissjóði nemi samtals ⅔ héraðslæknislauna 3. fl.

XIV. Að greiða 5 000 kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonuefnum vefnað.

XV. Að greiða Jörundi Gestssyni, bónda á Hellu í Steingrímsfirði, allt að 5 þús. kr. styrk til þess að koma upp hjá sér verkstæði, sem annazt geti viðgerðir og smíði smærri báta.

1) Fyrningar eru færðar hér til jafnaðar sömu fjárhæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

yfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	127 416 887
	Aðrar útborganir:	
20. gr. 1.	Afborganir lána og eignaaukningar skv. 20. gr. Út	15 892 947
	Samtals ...	143 309 834

XVI. Að kaupa síldarverksmiðjuna Ægi í Krossanesi, ef viðunandi samningar nást, eða taka hana á leigu.

XVII. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

XVIII. Að verja allt að 100 000 kr. til verðlagsuppbótar á endurbyggingarstyrki til sveitabýla, ef framlagið í 16. gr. A. 7. b. hrekkur ekki til.

XIX. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1945 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

XX. Að verja allt að 50 000 kr. til fyrirhleðslu við Klifanda í Mýrdal, eftir að verkið hefur verið undirbúið.

XXI. Að greiða 18 þús. kr. til fyrirhleðslu í Grjótá og Staðará, gegn greiðslu ⅓ kostnaðar annars staðar að.

XXII. Að verja úr ríkissjóði allt að 200 þús. kr. til þess að reisa embættisbústaði fyrir héraðsdómara.

XXIII. Að verja allt að 4 000 kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.

XXIV. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

XXV. Að greiða kostnað við að láta steypa í málm myndastyttu þá af Hirti Snorrasyni, er Ríkarður Jónsson hefur gert, og reisa styttuna á Hvanneyri, eins og ákveðið hefur verið.

XXVI. Að leggja til hliðar og geyma það fé á sérstökum reikningi, sem ætlað er til verklegra framkvæmda í lögum þessum, ef skortur á efnivörum eða vinnuafli gerir ókleift að vinna þær, og er óheimilt að verja því til annarra hluta.

XXVII. Að taka frá af tekjum ársins 1946, ef ástæður leyfa, 2 millj. kr. til stofnunar áburðarverksmiðju.

XXVIII. Að taka að láni allt að 2 millj. kr. sem viðbótarframlag af hálfu ríkisins til fiskihafna vegna aukningar fiskiflotans.

XXIX. Að kaupa, ef viðunandi boð fæst, húseignir og lóðarréttindi verzlunar Jóns Björnssonar og Jóhanns Tryggvasonar á Þórshöfn.

XXX. Að selja síldarverksmiðju ríkisins á Húsavík, ef viðunandi boð fæst.

XXXI. Að greiða allt að 60 þús. kr., þó ekki yfir ⅗ hluta kostnaðar við almenn-

ingsútgáfu af Heimskringlu Snorra Sturlusonar í 13 þús. eintökum, ef menntamálaráð og Þjóðvinafélagið gefa út þetta verk sem félagsmannabók 1946.

XXXII. Að ábyrgjast vegna síldarverksmiðju Siglufjarðar, Rauðku, 1,3 millj. kr. lán til þess að greiða áfallinn byggingarkostnað og vegna stækkunar verksmiðjunnar upp í 10 þús. mála afköst fyrir næstu síldarvertíð, gegn þeim tryggingum, er ráðherra metur gildar.

XXXIII. Að ábyrgjast 160 þús. kr. lán fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til fiskmjöls- og niðursuðuverksmiðju.

XXXIV. Að greiða til mjólkurbús á Blönduósi ¼ stofnkostnaðar. Einnig að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Sláturfélag Austur-Húnvetninga til þess að stofna mjólkurbúið, allt að helmingi stofnkostnaðar.

XXXV. Að verja allt að 1 800 000.00 kr. til háspennulínu og héraðsveitu frá Selfossi til Þykkvabæjar og Hellu á Rangárvöllum.

XXXVI. Að greiða úr ríkissjóði halla þann, er verða kann á rekstri húsmæðraskólanna árið 1945.

XXXVII. Að ábyrgjast fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga rekstrarlán allt að 300 000 kr., gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

XXXVIII. Að greiða allt að 100 þús. kr. vegna rekstrarhalla, sem kynni að verða á fyrirhugaðri landbúnaðarsýningu í Reykjavík 1946.

XXXIX. Að draga úr framlögum til verklegra framkvæmda, sem ekki eru bundin í öðrum lögum en fjárlögum, um allt að 30%, eftir jöfnum hlutföllum, að því er við verður komið, svo framarlega sem ríkisstjórnin telur, að vinnuafl dragist um of frá framleiðslustörfum. Telji stjórnin hins vegar, að ekki sé ástæða til að draga úr framkvæmdum, skal henni heimilt að taka innanlands lán, allt að 15 millj. kr., ef tekjur ríkissjóðs hrökkva ekki fyrir gjöldum.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1945 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Sþ. 382. Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árið 1946.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1942, eru veittar kr. 9511546.45 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 45330137.16 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—14. gr. hér á eftir, samtals kr. 54841683.61.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

A.

1. Póstsjóður.

II.	1.	Póststjórnarkostnaður	kr.	59 750.43
	2.	Pósthúsið í Reykjavík	—	403 484.31

3.	Önnur pósthús	—	212 471.86
4.	Póstflutningur	—	265 543.82
5.	Önnur gjöld	—	76 070.02
	samtals	kr.	1 017 320.44

af kr. 1 121 498.85 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

2. Landssíminn:

II. b.	1.	Aðalskrifstofa landssímans	kr.	169 460.09
	2.	Ritsímastöðin í Reykjavík	—	722 438.23
	3.	Loftskeytastöðin í Reykjavík	—	37 109.70
	4.	Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	—	74 906.00
	5.	Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarf.	—	1 394 833.01
	6.	Áhaldahúsið	—	22 916.38
	7.	Ritsímastöðin á Akureyri	—	151 814.17
	8.	— á Seyðisfirði	—	116 078.52
	9.	— á Ísafirði	—	54 742.04
	10.	Símastöðin á Borðeyri	—	54 134.16
	11.	— í Vestmannaeyjum	—	61 040.89
	12.	— á Siglufirði	—	69 963.27
	13.	Til annarra símastöðva og eftirlitsst.	—	360 631.26
c.		Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng o. fl.	—	69 202.31
d.		Viðbót og viðhald stöðvanna	—	161 422.67
f.		Viðhald landssímanna	—	676 920.48
g.		Framhaldsgjald	—	25 793.97
h.		Til kennslu fyrir símamenn	—	75.91
j.		Ýmis gjöld	—	8 852.45
k.		Fyrning á húsum og áhöldum	—	8 376.33
l.		Burðargjald	—	364.77
		samtals	kr.	4 241 076.61

af kr. 7 544 337.16 rekstrarhagnaði.

Eignabreytingar:

I.	Afborganir af lánum	kr.	34 727.81
II.	Til viðauka símakerfa	—	60 237.55
V.	Birgðahús í Reykjavík	—	229 497.70
VI.	Póst- og símahús utan Reykjavíkur	—	477 797.84
VII.	Fyrningasjóður	—	60 376.33
VIII.	Önnur eignaaukning	—	631 756.73
	samtals	kr.	1 494 393.96

3. Áfengisverzlun ríkisins:

II. a.	Laun starfsmanna	kr.	169 125.50
b.	Útsvar	—	217 611.05
d.	Annar kostnaður	—	46 074.55
f.	Flutningskostnaður	—	20 633.15
g.	Kostnaður við áfengisúthlutun	—	177 007.24
h.	Vextir og bankakostnaður	—	22 021.92
	samtals	kr.	652 473.41

af kr. 4 848 370.55 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

4. Tóbakseinkasala ríkisins:

II. a.	Laun starfsmanna	kr.	120 030.08
	b. Annar kostnaður	—	139 343.76
	c. Útsvar, tap á skuldum o. fl.	—	82 062.96
	d. Fyrning áhalda	—	3 300.11
	samtals	kr.	344 736.91

af kr. 1 958 807.86 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

5. Ríkisútvarpið:

II. a.	1. Starfsmannalaun	kr.	318 781.33
	2. Útvarpsefni	—	18 309.04
	4. Skrifstofukostnaður	—	40 310.69
	5. Húsaleiga, ljós og hiti	—	21 149.11
	7. Til hleðslu- og útvarpsstöðva og til að greiða fyrir útvarpsnotum	—	14 619.80
	8. Óviss gjöld	—	16 630.63
	c. Fyrning á húsi og vélum	—	1 936.69
	samtals	kr.	431 737.29

af kr. 963 027.70 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

III.	Viðtækjaverzlun ríkisins:		
	b. Gjöld 1.—2.	kr.	151 593.26

af kr. 778 283.78 brúttóhagnaði.

6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:

II.	1. a. Laun starfsmanna	kr.	31 754.88
	b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	—	228 951.01
	2. Efnivörur	—	82 457.73
	4. Vextir	—	18.88
	5. Ýmis kostnaður	—	2 448.26
	7. Lagt í lífeyrissjóð	—	8 380.19
	8. Lagt til hliðar fyrir útsvari í bæjarsjóð	—	9 396.11
	9. Halli á rekstri fasteigna	—	3 037.13
	samtals	kr.	366 444.19

7. Landssmiðjan:

II.	1. Laun starfsmanna	kr.	50 156.82
	2. Vextir	—	1 118.86
	3. Afsláttur og skuldatöp	—	260.45
	4. Annar kostnaður	—	65 829.49
	5. Fyrning á húsum og vélum	—	47 965.42
	6. Útsvar og skattar	—	207 045.85
	samtals	kr.	372 376 89

af kr. 550 409.12.

9. Grænmetisverzlun ríkisins:

II.	Gjöld 1.—5.	kr.	137 308.96

af kr. 154 158.11 brúttóhagnaði.

10. Vífilsstaðabúið:

II. Gjöld 1.—7.	kr.	141 836.38		
af kr. 159 354.36 brúttótekjum búsins.				

11. Kleppsbúið:

II. Gjöld 1.—7.	kr.	137 649.44		
af kr. 154 133.41 brúttótekjum búsins.				

12. Skólabúið á Hólum:

Rekstrarhalli	kr.	1 497.76		

13. Skólabúið á Hvanneyri:

Rekstrarhalli	kr.	1 055.68		

B.

2. Arnarhvoll:

II. Gjöld 1.—3.	kr.	20 045.27		
af kr. 85 060.00 brúttótekjum.				

3. gr.

Til viðbótar gjöldunum í 7. gr. er veitt:

Vextir af lánum ríkissjóðs:				
2. Lán í dönskum krónum	kr.	24 638.65		
3. — í sterlingspundum	—	4 767.36		
4. — í dollurum	—	3 542.42		
6. Vaxtatap vegna gjaldeyrisvarasjóðs	—	116 100.00		
			kr.	149 048.43

4. gr.

Til viðbótar gjöldunum í 8. gr. er veitt:

Kostnaður við æðstu stjórn landsins	kr.	101 307.68	—	101 307.68

5. gr.

Til viðbótar gjöldunum í 10. gr. er veitt:

I. Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, bókhald o. fl.:				
1. b. Til risnu ráðherra	kr.	500.00		
c. Húsaleiga utanríkisráðherra	—	1 734.38		
2. a. Laun starfsmanna stjórnarráðsins	—	48 375.78		
b. Annar kostnaður við stjórnarráðið	—	60 240.99		
3. a. Laun starfsmanna í ríkisfjárhirzlu og bókhaldi	—	8 211.00		
b. Annar kostnaður s. st.	—	25 687.31		
5. b. Til pappírs, prentunar og heftingar stjórnartíðinda	—	23 020.55		
6. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	—	5 236.15		
II. Hagstofan:				
1. Laun	—	50 414.77		
2. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	—	10 344.90		
3. Prentun eyðublaða	—	2 324.60		
4. Húsaleiga	—	1 601.67		
5. Annar kostnaður	—	1 067.03		

III. Utanríkismál:				
1. Til sendiráðsins í Kaupmannahöfn	—	4 757.47		
2. — sendiráðsins í Stockholm	—	38 636.54		
3. — sendiráðsins í London	—	137 196.23		
4. — aðalræðism.skrifstofunnar í New-York	—	35 520.14		
5. — sendiráðsins í Washington	—	188 446.19		
			—	643 315.70

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	kr.	68 785.15	
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:			
a. Laun og aðstoð	—	15 375.00	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	—	3 660.00	
c. Ýmis gjöld	—	2 865.90	
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:			
a. Laun og aðstoð	—	74 880.55	
b. Húsaleiga, ljós og hiti	—	9 071.95	
c. Ýmis gjöld	—	61 428.05	
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:			
b. Ljós, hiti og ræsting	—	18 865.68	
c. Ýmis gjöld	—	22 238.83	
7. Skrifstofukostnaður sakadómara:			
a. Laun	—	6 000.00	
b. Húsaleiga, ljós og hiti	—	13 173.47	
c. Ýmis gjöld	—	5 718.34	
8. Toll- og löggæzla:			
a. Í Reykjavík:			
1. Laun og aðstoð	—	74 549.16	
2. Annar kostnaður	—	77 731.45	
b. Utan Reykjavíkur:			
1. Laun	—	7 365.00	
2. Annar kostnaður	—	1 078.59	
c. Vegaeftirlit:			
1. Laun	—	600.00	
2. Annar kostnaður	—	23 129.58	
9. Bifreiðaeftirlit:			
a. Laun ..... kr. 21 385.00			
b. Annar kostnaður ..... — 8 715.43			
kr. 30 100.43			
af tekjum, er fóru kr. 36 048.44 fram úr fjárlagaáætlun.			
10. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði	—	650 911.31	
11. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	—	39 318.43	
12. Til landhelgisgæzlu	—	1 195.672.77	
13. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fengelsa	—	16 491.29	
14. Vinnuhælið á Litla-Hrauni	—	186.01	
15. Sakamála- og lögreglumálakostnaður	—	21 812.13	

16.	Borgun til sjódómsmanna	—	3 010.00	
17.	Borgun til setu- og varadómara	—	18 240.95	
18.	Kostnaður við löggildingarstofuna	—	20 376.69	
19.	Kostnaður við sáttatilraunir í vinnudeilum	—	13 074.20	
21.	Til að gera efnisyfirlit yfir hæstaréttardóma	—	2 000.00	
22.	Kostnaður vegna laga nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði	—	19 684.61	
23.	Kostnaður vegna laga nr. 62 1938 um bókhald	—	7 031.90	
24.	Kostnaður vegna laga nr. 92 1941 um ölframleiðslu	—	4 800.00	
25.	Kostnaður við yfirhúsaleigunefnd, sbr. lög nr. 126 1941	—	17 700.00	
26.	Kostnaður vegna bráðabirgðalaga nr. 1 1942 um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum	—	28 400.00	
				— 2 545 126.99

B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:

1.	b. Fyrir embættisskeyti	kr.	51 155.21	
2.	Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra ríkisfasteigna	—	10 656.94	
3.	Til embættiseftirlitsferða	—	6 933.10	
4.	a. Skattstofan í Reykjavík	—	87 813.33	
	b. Skattanefndir	—	139 818.58	
	c. Fasteignamat	—	154 203.63	
5.	Til ríkisskattanefndar	—	68 500.00	
6.	Eyðublöð, bókband, auglýsingar	—	171 000.28	
				— 690 081.07

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Til læknaskipunar og heilbrigðismála:

1.	Laun héraðslækna	kr.	767.51	
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis	—	984.00	
3.	Styrkur til læknisvitjana handa sveitum sem eiga sérlega erfiða læknissókn	—	3 215.57	
6.	Landsspítalinn kr. 276 451.42 ÷ tekjur umfram áætlun — 274 786.16	—	1 665.26	
7.	Geðveikrahælið á Kleppi kr. 282 356.38 ÷ tekjur umfram áætlun — 199 127.98	—	83 228.40	
8.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum kr. 366 263.65 ÷ tekjur umfram áætlun — 221 840.50	—	144 423.15	
10.	Holdsveikraspítalinn í Kópavogi	—	19 046.14	
11.	a. Styrkur til að reisa læknabústaði og sjúkraskýli	—	845.73	
	d. Bólusetningarkostnaður	—	15 882.45	
	e. Varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	—	2 000.00	
	g. Til kynsjúkdómalæknis	—	1 200.00	
	h. Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum	—	4 212.05	
	j. Til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum	—	14 750.00	
	n. Til ýmissa sjúklinga eftir úthlutun landlæknis	—	150.00	
13.	Greiðslur samkv. lögum nr. 21 1937 um störf héraðslækna	—	13 588.10	

14.	Greiðslur samkv. lögum nr. 52 1942 um skipun læknishéraða o. fl.	—	3 700.00	
15.	Ljóslækningatæki handa berklayfirlækni	—	39 811.25	
				— 349 469.61

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

A. Vegamál:

I. 3.	Laun skrifstofustj. vegamálaskrifst.	kr.	450.00	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar verkfræðinga	—	7 388.00	
5.	Til aðstoðarmanna og mælinga	—	52 954.20	
6.	Skrifstofukostnaður	—	28 087.01	
II. a.	Til nýrra akvega	—	492 298.07	
b.	Viðhald og endurbætur þjóðvega	—	2 363 564.54	
c.	Til þjóðvega af benzínskatti	—	560 267.18	
III.	Til brúargerða	—	400 286.90	
V. 1.	Til áhalda	—	38 035.62	
2.	— bókasafns	—	563.96	
VI. 2.	— akfærra sýsluvega af bifreiðaskatti	—	46 412.41	
3.	— sýsluvegasjóða	—	214 312.92	
VIII.	Til ferjuhalds	—	2 672.54	
X.	Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn	—	8 458.97	
XI.	Til fyrrv. vegaverkstjóra	—	560.32	
XII.	Iðgjöld til slysatryggingarinnar	—	21 521.68	
				— 4 237 834.32

B. Samgöngur á sjó:

1. a.	Til strandferða ríkissjóðs	kr.	2 434 819.13	
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum	—	121 885.00	
3.	Byggingarstyrkur til Djúpbáts í Norður-Ísafjarðarsýslu	—	125 000.00	
				— 2 681 704.13

C. Vitamál og hafnargerðir:

I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:			
3.	Húsaleiga, ljós og hiti	kr.	3 468.46	
4.	Til skrifstofuhalds	—	8 818.25	
6.	Til aðstoðarmanna og mælinga	—	5 882.14	
II.	Laun vitavarða	—	36 492.57	
III.	Rekstrarkostnaður vitanna	—	115 074.71	
VI.	Til áhaldakaupa	—	35 098.25	
VII.	Ýmislegt	—	38 476.06	
VIII. 5.	Til hafnargerðar á Dalvík	—	52 000.00	
X. 16.	Til lendingarbóta í Keflavík	—	5 440.85	
XIV.	Til brimbrjóts í Bolungavík	—	35 000.00	
XV.	Til sjómælinga	—	61 203.15	
XVI.	Fyrning	—	5 500.00	
XVII.	Til hafnargerðar í Grundarfirði	—	25 000.00	
				— 427 454.44

D. Flugmál:

1.	Til flugmála	—	45 800.00

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

A. Kirkjumál:

a. 2.	Húsaleigustyrkur biskups	kr.	5 549.76	
3.	Skrifstofukostnaður biskups og risna	—	6 375.00	
b. 2.	Viðbót við eftirlaun uppgjafaprests og prestsekkna	—	1 500.00	
5.	Embættiskostnaður presta	—	1 437.51	
6.	Til húsabóta á prestssetrum	—	117 630.01	
7.	Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum	—	21 614.19	
11.	Greiðslur samkv. lögum nr. 64 1932, um kirkjugarða	—	1 200.00	
12.	Greiðslur samkv. lögum nr. 98 1933, um læknishéraða og prestakallasjóði	—	47 746.08	
13.	Greiðslur samkv. lögum nr. 76 1940, um skipting Reykjavíkur í prestaköll	—	166 667.00	
14.	Til söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, sbr. l. nr. 73 1941	—	9 480.00	
15.	Tillag til prestsbústaðar í Reykjavík	—	60 000.00	
				— 439 199.55

B. Kennslumál:

I.	Háskólinn	kr.	164 028.20
II.	Námsstyrkir erlendis	—	57 595.35
IV.	Fræðslumálastjórnin	—	17 664.55
V.	Menntaskólinn í Reykjavík	—	44 296.32
VI.	Menntaskólinn á Akureyri	—	70 876.63
VII.	Kennaraskólinn	—	39 263.06
VIII.	Stýrimannaskólinn	—	52 493.33
X. 1.	Til bændaskólans á Hólum	—	24 069.81
2.	— bændaskólans á Hvanneyri	—	37 754.16
3.	— garðyrkjuskólans á Reykjum	—	6 484.12
XII. a.	Til Verzlunarskóla Íslands	—	5 000.00
c.	Kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda	—	330.00
XIV.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Laun kennara við fasta skóla	—	105 319.19
2.	Laun farkennara	—	72 563.79
3.	Til aukakennslu og eftirlits með heimafræðslu	—	8 114.31
4.	Til kennslueftirlits	—	14 329.37
5.	Styrkur til byggingar barnaskóla utan kaupstaða	—	75 086.69
6.	Til fyrrv. barnakennara	—	3 400.00
7.	Ráðskonukaup við heimavistarskóla	—	6 616.67
XV. 1.	Alþýðuskólinn á Eiðum	—	10 135.52
3.	Stofnkostnaður héraðsskóla	—	92 000.00
4.	Til vaxtagreiðslu vegna héraðsskóla	—	4 373.18
7.	— gagnfræðaskóla skv. l. nr.48 1930	—	29 886.62
9.	— unglingafræðslu utan kaupstaða	—	2 400.00
12.	— handíðaskólans	—	2 850.00

XVI.	1. Til húsmæðraskóla samkv. lögum .	—	22 582.28	
	2. — kvenfél. „Ósk“ á Ísafirði til hús-húsmæðrafræðslu	—	3 062.94	
XVII.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja	—	49 285.11	
XXVII.	Til íþróttasjóðs	—	208 583.04	
XXXI.	Byggingarstyrkur til gagnfræðaskóla í Reykjavík	—	50 000.00	
XXXII.	Stofnkostnaður héraðsskóla	—	574 537.67	
XXXIII.	Húsaleiga vegna skólahalds kvenfél. í Grindavík	—	1 000.00	
XXXIV.	Greiðslur vegna laga nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla	—	48 000.00	
XXXV.	Greiðslur vegna laga nr. 96 1938, um iðnaðarnám	—	4 125.55	
XXXVI.	Greiðslur vegna laga nr. 33 1940, um héraðsskóla	—	2 995.40	
XXXVII.	Greiðslur vegna laga nr. 65 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum:			
	a. Til húsmæðrakennaraskóla Íslands	—	91 500.00	
	b. — húsmæðraskóla Reykjavíkur ...	—	212 268.08	
XXXVIII.	Viðgerð á háskólahúsinu vegna menntaskólans	—	56 000.00	
XXXIX.	Hluti af dvalarkostnaði islenzkra námsmanna á Norðurlöndum	—	131 613.24	
XL.	Til viðgerðar kvennask. á Blönduósi ..	—	10 000.00	
				— 2 412 484.18

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Landsbókasafnið	kr.	7 300.00	
2.	Þjóðskjalasafnið	—	7 454.16	
5.	Landsbókasafnshúsið	—	14 478.93	
27.	Til hins íslenzka fræðafélags	—	6.24	
41.	— tónlistarskólans	—	1 500.00	
50.	Styrkur til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna	—	1 492.32	
53.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar	—	2 279.10	
56.	Kostnaður við friðun Þingvalla	—	7 858.41	
61.	Til Þjóðvinafélagsins og menntamálaráðs, verðlagsuppbót vegna bókaútgáfu	—	68 067.05	
62.	Tillag til stúdentagarðsins	—	150 000.00	
63.	Greiðslur vegna friðunar Þingvalla	—	22 000.00	
64.	Kostnaður við viðgerð á safnahúsinu	—	120.000.00	
65.	— við verndun fornra bygginga	—	28.000.00	
66.	— við skjalageymslu á Flúðum	—	10 094.45	
				— 440 530.66

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

2.	Til Búnaðarfélags Íslands	kr.	70 000.00	
7.	a. Til verkfærakaupasjóðs	—	3 244.65	
8.	Til búfjárræktar skv. lögum nr. 32 1931 ..	—	45.000.00	
11.	— ræktunarsjóðs, vextir af jarðræktarbréfum	—	2 944.00	

13.	Til kreppulánasjóðs bæjar og sveitarfélaga, rekstrarhalli	—	4 826.83
14.	Til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna	—	184 460.90
17.	Til skógræktar:		
	a. Laun	—	10.100.00
	b. Skóggræðsla	—	35 000.00
18.	Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu	—	1 407.50
20.	c. Til fyrirhleðslu í Steinavötnum við Kálfafell	—	2 157.32
	f. Til fyrirhleðslu í Kaldaklifsá	—	26 390.59
22.	d. Til Guðbr. Hlíðar, til dýralæknisnáms	—	309.46
	e. — Páls Pálssonar, til dýralæknisnáms	—	309.36
23.	Til búreikningaskrifstofu	—	2 000.00
26.	— rannsóknarstofu atvinnuveganna:		
	a. Iðnaðardeild	—	4 581.68
	c. Fiskideild	—	3 435.50
	d. Matvælaeftirlit	—	25 535.50
	e. Sameiginlegur kostnaður (Tekjur, er runnu til rannsóknarstofunnar fóru kr. 52 342.63 fram úr áætlun)	—	994.51
27.	Til rannsóknaráðs	—	9 000.00
28.	— rannsóknarstofu háskólans:		
	a. Laun	—	27 213.74
	b. Annar kostnaður Tekjur rannsóknarstofunnar fóru kr. 103 592.07 fram úr áætlun).	—	61 193.22
29.	Til veðurstofu Íslands:		
	b. Til aðstoðar	—	1 156.00
	c. — veðurathugunar utan Reykjavíkur	—	1 934.63
	d. — veðurskeyta o. fl.	—	32 805.55
30.	Rafmagnseftirlit ríkisins (Tekjur eftirlitsins fóru kr. 103 688.19 fram úr áætlun).	—	103 913.27
33.	Til Fiskifélags Íslands	—	30 000.00
34.	Kostnaður vegna laga um lax- og silungsveiði	—	12 886.38
36.	Til Þórs Guðjónssonar, til náms í vatnafræði og fiskifræði	—	1 200.82
37.	Til loðdýraræktar	—	4 907.75
39.	Til ræktunarvega	—	173.00
40.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmenn	—	368.25
	b. 4 ullarmatsmenn	—	1 157.16
	c. 3 kjötmatsmenn	—	750.00
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	—	48.65
41.	Eftirlit með skipum og bátum:		
	a. Laun skipaskoðunarstjóra	—	1.200.00
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð	—	1 601.00
	d. Ferðaskostnaður	—	1 356.13
44.	Til landssambands iðnaðarmanna	—	5 000.00
55.	— sambands norðlenzkra kvenna	—	1000.00
58.	— sambands austfirzkra kvenna	—	400.00
62.	— sambands breiðfirzkra kvenna	—	700.00

67.	— vinnumiðlunar	—	7 155.69
74.	— loðdýraræktarfélags Íslands	—	5 000.00
76.	b. Skrifstofukostnaður húsameistara ríkisins	—	80 367.31
79.	Til skuldaskilasjóðs útvegsmanna	—	21 774.41
83.	Eftirlit með opinberum sjóðum	—	900.00
84.	Kostnaður vegna mæðiveikinnar:		
	A. Til varnar útbreiðslu veikinnar	—	764 935.50
	B. Til stuðnings bændum á mæðiveikisvæðinu:		
	1. Til að styrkja bændur	—	801 747.23
	2. Nefndakostnaður	—	19 075.75
85.	Kostnaður við rannsókn búfjársjúkdóma	—	100 542.04
86.	Til rannsókna og varna gegn garnaveiki	—	40 000.00
87.	Kostnaður við verðlagsnefnd	—	152 442.84
88.	— við skömmtunarskrifstofu ríkisins	—	100 904.23
89.	— við kauplagsnefnd	—	5 600.00
90.	— við húsaleigunefnd	—	57 018.48
95.	Til kaupa á verkstæði Bjarna Runólfssonar, Hólmi	—	25 000.00
96.	Til bátabygginga	—	50 000.00
97.	Greiðslur vegna laga nr. 27 1931, um innflutning sauðfjár til sláturfjárbóta	—	14 216.07
98.	Greiðslur vegna laga nr. 1 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma	—	900.00
99.	Greiðslur vegna laga nr. 93 1935, um eftirlit með skipum og bátum	—	900.00
100.	Greiðslur vegna laga nr. 9 1936, um fiskimat	—	3 815.88
101.	Greiðslur vegna laga nr. 53 1938, um matssíldarmat	—	10 563.12
102.	Greiðsla vegna laga nr. 28 1940, um friðun hreindýra	—	1 026.20
103.	Greiðslur vegna laga nr. 37 1941, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip	—	450 000.00
104.	Greiðslur vegna laga nr. 69 1941, um sparisjóði	—	13 379.75
105.	Greiðslur vegna laga nr. 76 1941, um stríðstrygging sjómanna	—	488 263.32
106.	Greiðslur vegna laga nr. 82 1941, um gjaldeyriskaupanefnd	—	12 300.00
107.	Greiðslur vegna laga nr. 89 1941 um eyðing svartbaks	—	2 142.95
108.	Greiðslur vegna laga nr. 98 1941, um ráðstafanir vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna	—	1 937 423.31
109.	Greiðslur vegna laga nr. 54 1942, um skurðgröfur ríkisins	—	124 798.91
110.	Greiðslur vegna tilraunastarfsemi landbúnaðarins	—	40 000.00
111.	Til vatnsveitu á Arnarstapa	—	9 947.87
112.	Kostnaður vegna mótekju	—	48 513.67
113.	Verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	—	19 300 000.00
114.	Verðuppbætur á fóðurbæti	—	1 250 247.56
115.	Kostnaður vegna áætlana um rafveitur	—	8 473.72
			— 26 672 039.06

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

1.	Styrkur til berklavarna:			
	a. Til berklasjúklinga	kr.	228 862.13	
	c. Annar kostnaður	—	29 325.00	
2.	SStyrkur til sjúklinga, skv. l. nr. 78 1936 ..	—	122 758.87	
3.	Gjöld vegna laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna	—	13 965 70	
4.	Gjöld skv. framfærslulögunum frá 1935	—	6 657.10	
5.	Til alþýðutrygginga	—	742 468.69	
9.	— barnaheimila og barnaverndar	—	14 307.12	
12.	— sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða	—	1 055.83	
14.	— hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis	—	196.53	
15.	— Stórstúku Íslands til bindindisstarfsemi	—	10 000.00	
16.	— áfengismálaráðunautar	—	220.00	
41.	Greiðslur vegna framfærslulaga nr. 52 1940	—	13 200.00	
42.	Greiðslur vegna laga nr. 62 1942, um eftirlit með ungmennum	—	12 725.11	
43.	Til sumardvalar barna	—	235 827.58	
				kr. 1 431 569.66

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

IV.	Greiðslur skv. lögum nr. 86 1938, um lífeyrissjóð ljósmæðra	—	23 500.00

14. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

2.	Óviss útgjöld, sbr. ríkisreikning	—	2 039 671.68
		Samtals kr.	45 330 137.16

Á s t æ ð u r

fyrir frumvarpi þessu eru í ríkisreikningi 1941, athugasemdum yfirskoðunarmanna og svörum ráðherra við þeim athugasemdum.

Nd. 383. Frumvarp til laga

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1942.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1942 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	I. Innborganir:		Áætlun kr.	Reikningur kr.
1.	Tekjur samkv. 2. gr. fjárl.	kr.	19 105 000.00	kr. 73 978 812.42
2.	— — 3. — A. —	—	3 718 750.00	— 11 693 325.88
3.	— — 3. — B. —	—	8 925.00	— 3 431.91
4.	— — 4. — —	—	361 736.00	— 461 886.85
5.	— — 5. — —	—	50 000.00	— 598 688.59
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárl. ..	—	554 503.00	— 33 370 208.05
	Greiðslujöfnuður	—	2 234 232.00	
		Kr.	26 033 146.00	Kr. 120 106 353.74

	II. Útborganir:					Áætlun kr.		Reikningur kr.
1.	Gjöld	samkv.	7. gr.		fjárl. ..... kr.	1 613 443.00	kr.	1 439 391.49
2.	—	—	8. —		— ..... —	75 000.00	—	176 307.68
3.	—	—	9. —		— ..... —	357 420.00	—	1 643 043.21
4.	—	—	10. —		— ..... —	865 530.00	—	1 443 274.88
5.	—	—	11. —	A.	— ..... —	1 865 400.00	—	4 399 307.11
6.	—	—	11. —	B.	— ..... —	433 000.00	—	1 114 594.81
7.	—	—	12. —		— ..... —	848 950.00	—	1 201 054.44
8.	—	—	13. —	A.	— ..... —	2 566 352.00	—	6 790 886.31
9.	—	—	13. —	B.	— ..... —	558 300.00	—	3 230 004.13
10.	—	—	13. —	C.	— ..... —	1 229 400.00	—	1 361 607.52
11.	—	—	13. —	D.	— ..... —	38 000.00	—	83 800.00
12.	—	—	14. —	A.	— ..... —	463 100.00	—	890 392.36
13.	—	—	14. —	B.	— ..... —	2 411 391.00	—	4 755 156.45
14.	—	—	15. —		— ..... —	374 710.00	—	790 837.28
15.	—	—	16. —		— ..... —	4 981 250.00	—	30 860 282.73
16.	—	—	17. —		— ..... —	3 099 250.00	—	4 529 019.66
17.	—	—	18. —		— ..... —	368 100.00	—	352 874.76
18.	—	—	19. —		— ..... —	1 900 000.00	—	11 050 523.57
19.	Eignahreyfingar	samkv.	20. gr.		fjárl. .. —	1 984 550.00	—	36 108 027.04
			Greiðslujöfnuður				—	7 885 968.31
						Kr. 26 033 146.00		Kr. 120 106 353.74

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er í sama formi sem reikningslög þau, sem áður hafa verið samþykkt. Ríkisreikningurinn fyrir árið 1942 verður lagður fyrir Alþingi samhliða þessu frumvarpi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð sem fjárlögin, og vísast til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

Nd. 384. Breytingartillaga

við frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1946.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Við 1. gr. Fyrir „1. dag októbermánaðar“ komi: 1. dag ágústmánaðar.

Nd. 385. Breytingartillaga

við frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1946.

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 1. gr. Fyrir orðin „1. dag októbermánaðar“ komi: 1. dag septembermánaðar.

Ed. 386. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1946.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 337.

Ed. 387. Lög

um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 365.

Ed. 388. Lög

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 378.

Nd. 389. Frumvarp til laga

um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að reisa og reka á Siglufirði verksmiðju til þess að sjóða niður og leggja síld í dósir.

Til þess að standast kostnað af byggingu verksmiðjunnar heimilast ríkisstjórninni að taka allt að 3 millj. kr. lán.

2. gr.

Tilgangur verksmiðjunnar er að hafa forustu um niðursuðu og niðurlagningu síldar í dósir með það fyrir augum að miðla reynslu og þekkingu á þessu sviði til annarra slíkra verksmiðja, sem reistar kunna að verða á landinu.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka eignarnámi lóðir, hús og önnur mannvirki, sem nauðsynleg eru til byggingar verksmiðjunnar skv. 1. gr.

4. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og stjórn verksmiðjunnar, svo og um annað, er þurfa þykir, skulu sett með reglugerð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt skv. beiðni atvinnumálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Flestir munu vera sammála um, að eitt höfuðverkefni þjóðarinnar í sjávarútvegsmálum sé að koma upp niðursuðuverksmiðju fyrir fiskafurðir landsmanna. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að ríkið reisi og reki síldarverksmiðju, þ. e. verksmiðju til niðursuðu á nýrri síld og til niðurlagningar í dósir á kryddaðri og saltaðri síld. Íslenzka norðanlandssíldin er vafalaust einhver bezta fæða, sem framleidd er á Íslandi, og því illt til þess að vita, að við skulum setja meginið af þessari veiði í bræðslu.

Nú munu margir segja, að ekki sé ástæða til þess að ríkið fari að reka verksmiðju eins og þá, sem gert er ráð fyrir í frv., heldur sé það verk einstaklinga. Því er til að svara, að það er reynsla á Íslandi, að einstaklingar hafa verið mjög tregir að ráðast í útgjaldasöm fyrirtæki, ef ekki liggur fyrir fullkomin reynsla á afkomumöguleikum þeirra. Hins vegar er hér um mál að ræða, sem ekki þolir neina bið, og virðist það því eðlilegasta leiðin, að ríkið ríði á vaðið með slíkan verksmiðjurekstur, og mundi það þá verða til þess að örva einstaklinga eða bæjarfélög til að leggja út á sömu braut á eftir.

Verksmiðjumál það, sem frv. fjallar um, hefur mikið verið athugað af dr. Jakob Sigurðssyni, sem mælir eindregið með því, að lagt verði út í slíkan verksmiðjurekstur, og vísast að því leyti til greinargerðar hans, sem birt er hér sem fylgiskjal.

Á síðastliðnu sumri framkvæmdu þeir dr. Jakob Sigurðsson og Ingimundur Steinsson tilraunir með niðursuðu á síld á Siglufirði á vegum síldarverksmiðja ríkisins og fiskimálanefndar. Árangur þeirra tilrauna var sá, að sýnt þótti, að niðursoðin norðurlandssíld væri góð vara, sem hægt væri að vænta mikilla markaða fyrir.

Margvísleg rök liggja til þess, að komið verði upp niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju fyrir síld. Er þar fyrst til að taka, að niðursoðin síld og síld lögð í dósir söltuð eða krydduð er miklu verðmætari vara heldur en nokkrar þær síldarafurðir, sem við flytjum út nú, og mundi því verða að þessu mikill gjaldeyrisvinningur fyrir þjóðina. Í öðru lagi mundi niðurlagning saltsíldar eða kryddsíldar í dósir skapa mikla atvinnu í þeim bæjum og þorpum norðanlands, sem byggja afkomu sína því nær eingöngu á síldveiðunum og eiga því við stöðugt vetraratvinnuleysi að stríða. Loks mundi niðursoðin síld og síld lögð í dósir vera auðveld til flutnings á fjarlægari markaði heldur en þjóðin hefur flutt framleiðsluvörur sínar á fram að þessu.

Það, sem gerir það sérstaklega aðkallandi einmitt nú að ráðast í byggingu verksmiðju eins og þeirrar, sem um ræðir í þessu frv., er hinn mikli matvælaskortur, sem ríkjandi er í Evrópu, og þar af leiðandi miklir markaðsmöguleikar, sem gefa íslenzku þjóðinni tækifæri til að afla sér nýrra varanlegra markaða fyrir framleiðsluvörur sínar.

Fylgiskjal.

Í janúar 1945 var skilað til Síldarverksmiðja ríkisins stofnkostnaðar- og rekstraráætlun um niðursuðuverksmiðju fyrir síld. Hafði þá verið safnað tilboðum í vélar og ákveðið, hvaða vélar mundu heppilegastar til niðursuðu á hafsíld á Íslandi.

Í áætlun þessari var gert ráð fyrir, að ný síld væri soðin niður yfir veiðitímann að sumrinu, en að um leið væri söltuð kryddsíld og saltsíld í tunnur til niðurlagningar að vetrinum. Á þann hátt mætti nota sömu byggingu til niðursuðu og niðurlagningar og að nokkru leyti sömu vélar meiri hluta ársins.

Niðursuða.

Við niðursuðuna er gert ráð fyrir, að kostnaður yrði gerður svo lágur sem auðið er, með því þó að framleiða a. m. k. eins góða vöru og soðin er niður með svipuðum aðferðum annars staðar. Varan yrði því ekki dýr sælgætismatur, eins og t. d. kryddsíldarflök og gaffalbitar, heldur tiltölulega ódýr og góður matur, sem keyptur væri ekki einungis vegna bragðsins, heldur til næringar.

Á þessum grundvelli getur ekki talizt ráðlegt að byggja mjög litla verksmiðju. Í fyrsta lagi hefði slík verksmiðja litla þýðingu sem iðnaður, og í öðru lagi verður rekstur á stærri verksmiðju mun hagkvæmari, dósasmiði borgar sig betur o. s. frv. Enn fremur má telja það mjög vafasamt að byggja fyrstu verksmiðjuna litla, enda þótt rekstur hennar gæti ef til vill borgað sig. Hún yrði þá tekin sem fyrirmynd og gæti leitt til þess, að allur iðnaðurinn yrði skipulagður á óhagstæðum grundvelli. Er því gert ráð fyrir verksmiðju, sem gæti soðið niður í allt að 1000 kassa, eða 48000 dósir, á 8 stunda vinnudegi. Þetta eru um 100 dósir á mínútu. Yfir síldartímann yrði að líkindum unnið í vaktavinnu allan sólarhringinn.

Í stuttu máli yrði niðursuðunni háttað sem hér segir: Síldin er flutt á böndum inn í verksmiðjuna, þar sem fyrir hendi eru hæfilegar geymsluþrær, til þess að geyma hana um skamma stund, áður en hún er skorin. Úr þessum þróm rennur hún sjálfkrafa inn á skurðarvélarnar, þar sem hún er skorin hæfilega fyrir dósirnar. Kæmi þá til greina skurður í stykki eða flökun. Sá hlutinn, sem ætlaður er til niðursuðu, flyzt svo áfram inn í aðrar þrær, þar sem hann er saltaður lítilsháttar og ef til vill geymdur eitthvað við kælingu, ef nauðsyn þykir. Mun nánar að því vikið síðar. Úrgangurinn, haus, sporður o. s. frv., er fluttur frá skurðarvélunum til bræðsluverksmiðju.

Úr söltunarþrónum fer síldin upp á pökkunarborðin, þar sem stykkjunum er raðað í dósir. Sporöskjulagaðar dósir, er taka hér um bil eitt pund af fiski hver, eru notaðar. Síldin og dósirnar eru fluttar á pökkunarborðið á hreyfiböndum og fullar dósir fluttar í burtu á sérstöku bandi. Frá borðunum fara dósirnar í gegnum forsjóðara, þar sem þær eru soðnar í gufu í hér um bil hálftíma. Að því loknu er hellt úr dósunum öllum vökva, sem mundi, þegar síldin er feit, innihalda talsvert mikla fitu. Vökvann mætti þá skilja og ná þannig úr honum fitunni. Þegar dósirnar koma út úr forsjóðaranum, fara þær beint til lokunarvélanna. Áður en lokið er sett á dósina, er bætt við með sjálfvirku tæki nákvæmlega mældum skammti af sósu. Yrði aðallega notuð tómatsósa, sem krydduð væri eftir því, sem henta þætti. Frá lokunarvélunum fara dósirnar í gegnum þvottavél og falla þaðan í körfu, sem ekið er inn í aðalsjóðarana. Þar eru þær soðnar í gufu undir þrýstingi í hæfilega langan tíma. Að suðunni lokinni eru dósirnar fyrst kældar í sjóðurunum með vatni undir þrýstingi. Þær eru síðan teknar út, körfurnar látnar standa um stund til frekari kælingar og síðan tæmdar. Miðar eru límdir á dósirnar með sérstakri vél. Dósunum er síðan raðað í pappakassa, sem límdir eru aftur með vél. Til útflutnings mundi ráðlegt að vefja kassana enn fremur með vír.

Það, sem aðallega gæti komið til mála, að ráðlegt yrði að breyta frá því, sem að ofan er sagt, er meðferðin á síldinni, áður en dósunum er lokað. Þó hefur af þeim tilraunum, sem þegar hafa verið gerðar, ekki komið í ljós, að aðrar aðferðir væru hentugri.

Stofnkostnaður.

Meðfylgjandi uppdráttur sýnir í aðalatriðum, hvernig verksmiðjunni yrði komið fyrir. Stærðinni á geymsluþrónum mætti breyta eftir því sem þyrfti, en eins og þær eru sýndar á uppdrættinum, ættu þær að geta geymt nægilega síld til þess að geta haldið verksmiðjunni gangandi í hér um bil sólarhring. Ef um svo langa geymslu væri að ræða, þyrfti að kæla hana í söltunarþrónum, en þeirri kælingu er auðvelt að koma fyrir, og yrði hún tiltölulega ódýr.

Þess skal getið, að samkvæmt uppdrættinum er nægilegt rúm látið vera autt til þess að hægt sé að bæta við tveimur skurðarvélum, tveimur pökkunarborðum, einum forsjóðara, tveimur lokunarvélum og sjóðurum án þess að breyta byggingunni á nokkurn hátt. Með þessu mætti síðar tvöfalda afköst verksmiðjunnar, ef þörf gerðist. Enn fremur er rúm fyrir niðurlagningu á 200—300000 dósum af gaffalbitum á dag. Með þessu yrði grunnflötur byggingarinnar hér um bil 1200 m². Þess utan þyrfti allmikla geymslu. Ef gert er ráð fyrir, að geyma þyrfti í einu í mesta lagi 100000 kassa af niðursoðinni síld, eða hér um bil það mesta, sem hægt væri að framleiða á 35 sólarhringum, þyrfti geymslurúm sem svaraði allt að 3500 cu.m. Sé reiknað með þriggja metra háum hlöðum, yrði gólfplássið um 1170 m² eða t. d. 50×25 metrar.

Fyrir dósaverksmiðju er gert ráð fyrir, að helmingur verksmiðjuhússins yrði tvær hæðir, og yrði dósagerð og blikkgeymsla á annarri hæðinni. Þar yrði einnig skrifstofa, kaffistofa og ræstiherbergi.

Rúmmál þessara herbergja yrði í allt hér um bil 10000 cu.m, en með byggingarverði kr. 125.00 á cu.m yrði byggingarkostnaður hér um bil kr. 1250000.00.

Með tilliti til þeirra tilboða, sem fyrir liggja um vélar, má gera ráð fyrir, að verð véla í niðursuðuverksmiðjuna, hingað kominna, mundi vera hér um bil kr. 680000.00. Er þá meðtalinn gufuketill, kælitæki fyrir síld, sem bíður vinnslu, og allar aðalvélar og tæki í verksmiðjuna. Enn fremur kostuðu dósagerðarvélar, er framleiddu 60 dósir á mínútu, hér um bil kr. 200000 hingað komnar.

Uppsettar ættu því allar vélar og tæki í verksmiðjuna að kosta hér um bil kr. 1000000.00.

Stofnkostnaður yrði þá samkvæmt ofansögðu hér um bil kr. 2250000. Auk þess þyrfti vélar til niðurlagningar, er gætu kostað kr. 150000.00. Þá þyrfti sá hluti geymslunnar, er væri ætlaður fyrir niðurlagða vöru, að vera þannig gerður, að hægt væri að kæla hann, og væri að því nokkur aukakostnaður.

Rekstrarkostnaður.

Dósir. Tilbúnar dósir í 1000 kassa (48000 dósir) kosta í Bandaríkjunum kr. 7550.00. Flutningsgjald á þeim til Íslands yrði samkvæmt núverandi taxta Eimskipafélags Íslands kr. 6170.00. Hingað komnar mundu þær því kosta kr. 13720.00 eða tæpa 29 aura hver dós.

Með því verði, sem tíðkazt hefur hjá Dósaverksmiðjunni h.f. í Reykjavík, mundu slíkar dósir kosta hér um bil 50 aura hver. Dósaverksmiðja í sambandi við niðursuðuverksmiðjuna yrði því alveg óhjákvæmileg, og ætti þá að mega framleiða dósir í 100 kassa fyrir hér um bil kr. 10600.00 eða 22 aura hverja dós.

Síld. Samkvæmt tilraunum síðastliðið sumar fara hér um bil 475 g af síld í hverja dós eða um 23 tonn af síld í 1000 kassa. Þetta svarar til þess, að kaupa þyrfti hér um bil 38 tonn af síld. Með síldarverði kr. 300.00 per tonn yrði þetta **kr. 11400.00.** Í úrgang færu 15 tonn, er yrðu seld aftur á bræðslusíldarverði á kr. 133.00 tonnið eða kr. 2000.00 í allt. Nettoverð síldarinnar yrði því kr. 9400.00 í 1000 kassa eða 19.5 aura í hverja dós.

Sósa. Efni í sósu mundi verða keypt í stórum stíl frá Suður-Evrópu, og er ekki hægt að segja nákvæmlega, hvað þau mundu kosta. Líklegt er, að verð á sósunni yrði aldrei hærra en 6 aura á hverja dós eða kr. 2900.00 í 1000 kassa.

Vinna. Gert er ráð fyrir, að við framleiðslu á 1000 kössum þyrfti 37 stúlkur og 20 karlmenn í 8 tíma. Með kaupi karla kr. 7.00 á tímann og kvenna kr. 5.00 væru vinnulaunin kr. 2600.00.

Suða. Með verði á kolum kr. 150.00 á tonn er líklegt, að suða kostaði hér um bil kr. 2000.00 fyrir 1000 kassa af dósum.

Kassar utan um dósirnar ættu ekki að kosta meira en kr. 1.50 hver, en miðar á þær ca. 2 aura hver.

Raforka yrði hér um bil kr. 100.00 per 1000 kassa.

Salt gæti kostað allt að kr. 400.00 fyrir 1000 kassa.

Samanlagður framleiðslukostnaður á 1000 kössum:

Dósir	kr.	10600	— 22	aura	pr.	dós
Síld	—	9400	— 19.5	—	—	—
Sósa	—	2900	— 6	—	—	—
Vinna	—	2600	— 5.4	—	—	—
Gufa	—	2000	— 4.2	—	—	—
Kassar	—	1500	— 3.1	—	—	—
Miðar	—	960	— 2.0	—	—	—
Rafmagn	—	100	— 0.2	—	—	—
Salt	—	400	— 0.8	—	—	—
Samtals	kr.	30460	— 63.2	aura	pr.	dós

Við ofangreindan kostnað þyrfti að bæta hæfilegum rentum og afborgunum af stofnfé, viðhaldskostnaði, skrifstofukostnaði og öðru, er færi eftir magni framleiðslunnar. Ef framleiddir væru 180—200000 kassar á hverju sumri, yrði þetta þó aldrei meira en svo, að allur kostnaður við framleiðsluna yrði vel innan við 70 aura per dós. Síðastliðið sumar voru keyptar til samanburðar nokkrar dósir af íslenzkri niðursoðinni síld fyrir kr. 4.65 dósin. Innihéldu þær hér um bil 300 g hver. Dósir þær, er hér um ræðir fyrir kr. 0.70, innihalda hér um bil 500 g hver.

Í kostnaðaráætlun þessari er miðað við núgildandi farmgjöld hjá Eimskip á blikki frá New York. Vafalaust mætti fá miklu hagkvæmari samninga, þegar um svo mikinn flutning væri að ræða. Sósugerð er einnig reiknuð með flutningsgjöldum frá Bandaríkjunum og verði þar. Þetta gæti vel orðið helmingi lægra, þegar um stórar pantanir frá Suður-Evrópu væri að ræða. Kostnaður við kælingu á síldinni er ekki talinn með, en hann yrði mjög lítill. Enn fremur er ekki reiknað til tekna það lýsi, sem næst úr síldinni, áður en dósunum er lokað, en andvirði þess mundi vera nokkur hundruð krónur daglega.

Síðastliðið sumar voru gerðar tilraunir á Siglufirði til niðursuðu á síld, til þess fyrst og fremst að fá úr því skorið, hvort hún reyndist hæfileg til slíkrar vinnslu í stórum stíl.

Árangurinn hefur sýnt, að með þessum aðferðum má framleiða vöru, er að dómi fjölda manna, er hana hafa reynt, er bragðgóð og allvel útlítandi, þannig að öruggt má telja, að hagkvæm sala gæti tekizt.

Það kom í ljós, að smávægilegar breytingar á aðferðum frá því, sem gert hafði verið ráð fyrir, eru nauðsynlegar, en þær eru þó alls ekki þess eðlis, að þær breyti nokkru um það grundvallarskipulag, sem gert hafði verið ráð fyrir. Hins vegar er fyrirsjáanlegt, að nokkrar breytingar yrðu gerðar, þegar til framleiðslu kæmi, og yrði meðal annars farið að óskum kaupenda í því efni.

Sölumöguleikar á niðursoðinni síld ættu að vera mjög góðir næstu árin á meginlandi Evrópu. Í Bandaríkjunum hefur verið soðin niður síld og svipaðar fisktegundir fyrir um það bil 30 milljónir dollara árlega síðustu árin. Kanada hefur aukið mjög mikið framleiðslu á niðursoðinni síld, og hefur mikið af þeirri vöru verið selt til Englands. Fyrir stríðið var selt talsvert af niðursoðinni „pilchard", sem er svipuð síldinni, frá Kaliforníu til meginlands Evrópu. Flutningur þangað er þó 5—6 sinnum lengri en frá Íslandi. Samkvæmt síðustu fregnum er enn verið að auka framleiðsluna þar svo sem mögulegt er.

Vegna þess, að niðursuðuvörur má geyma hvað lengi sem er í hvernig loftslagi sem er, hljóta þær að verða sérstaklega aðgengilegar fyrir lönd, sem hafa t. d. takmarkaðar frystigeymslur eða kæld flutningstæki. Í framtíðinni er við því að búast, að næringargildi og orkuinnihald matvæla ráði meiru en áður um innflutningsleyfi til ýmissa landa. Stríðið hefur kennt þjóðunum að reikna meira í hitaeiningum og víta-

mínum en áður tíðkaðist. Á þessu sviði stendur engin venjuleg matvara síldinni framar.

Nú berast hvaðanæva fyrirspurnir um niðursoðið fiskmeti til útflutnings í stórum stíl. Svarið er alltaf það sama: Hér höfum við því miður eins og stendur ekkert til að selja.

Niðurlagning.

Innan veggja verksmiðju þeirrar, er gert er ráð fyrir á uppdrættinum, ætti að mega leggja niður kryddsíld í 2—300 kassa eða 20—30000 dósir á dag (8 klukkustundum), þetta mun svara til þess, að notaðar væru 12—1800 tunnur af kryddsíld á mánuði á meðan unnið væri. Til þess þyrfti 60—90 stúlkur í vinnu.

Nákvæma áætlun um kostnað við þessa vinnslu er erfitt að gera. Til að byrja með yrði að nota handavinnu að miklu leyti við tilreiðsluna, svo sem annars staðar er gert. Þó er líklegt, að síðar mundi verða hægt að nota vélar að talsvert meira leyti.

Með því að leggja síldina niður á sama stað og hún er söltuð, smíða dósir í stórum stíl sjálfir og haga allri vinnslu svo sem bezt má vera, hefur þó verið reiknað út, að verðið á gaffalbitum gæti lækkað um meira en 30% frá því, sem nú gerist.

Vélar til þessarar vinnslu yrðu til að byrja með tiltölulega ódýrar.

Jakob Sigurðsson.

Ed. 390. Lög

um breyting á lögum nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 347.

Ed. 391. Lög

um samkomudag reglulegs Alþingis 1946.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 361.

Nd. 392. Frumvarp til laga

um lántökuheimild til handa Síldarverksmiðjum ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Síldarverksmiðjum ríkisins er heimilt að taka allt að 4400000.00 kr. lán til að standa straum af kostnaði við stækkun verksmiðjunnar S.R. 30 á Siglufirði o. fl.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán það, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt fyrir tilmæli atvinnumálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frv. og að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við það.

Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, og vísast um það til eftirfarandi áætlunar um kostnað við afkastaaukningu verksmiðjunnar S.R. 30 o. fl., er Sveinn Benediktsson og Einar R. Kvaran hafa gert, og til greinargerðar þeirrar, er Síldarverksmiðjur ríkisins létu fylgja áætluninni.

Fylgiskjal I.

Áætlun

um kostnað við afkastaaukningu S.R. 30, Siglufirði, hlutdeild í byggingu ketilstöðvar, hlutdeild í byggingu mjölgeymsluhúsa, stækkun á bryggjum, húsakaup, hlutdeild í lóðakaupum og bygging nýrra húsa fyrir starfsmenn S.R., allt á Siglufirði.

1.	Afkastaaukning S.R. 30 um 3000 mál á sólarhring:			
	Þegar greitt fyrir vélar, efni og í kostnað	kr.	1 057 000.00	
	Vinnulaun til 12. sept. 1945	—	337 000.00	
	Áætluð vinnulaun til að ljúka við verkið	—	100 000.00	
				kr. 1 494 000.00
2.	Hlutdeild í byggingu ketilstöðvar:			
	Þegar greitt fyrir ketil, múrstein etc.	kr.	295 000.00	
	Vinnulaun til 12. sept. 1945	—	42 000.00	
	Áætluð vinnulaun til að ljúka við verkið	—	20 000.00	
	Hlutdeild í húsi ketilst. og skorsteini áætlað ..	—	250 000.00	
				— 607 000.00
3.	Hlutdeild í byggingu mjölgeymsluhúsa, áætlað			— 300 000.00
4.	Stækkun á bryggjum, áætlað			— 200 000.00
5.	Húsakaup:			
	Hlíðarvegur 4 A	kr.	150 000.00	
	Túngata 43 o. fl.	—	150 000.00	
	Aðalgata 17	—	75 000.00	
	Vetrarbraut 17 B	—	33 000.00	
	Tunnuverksmiðjan (húsið)	—	175 000.00	
	Hús Brynjólfs Jóhannssonar (½ húsið)	—	13 000.00	
	Væntanleg húsakaup	—	150 000.00	
				kr. 746 000.00
6.	Hlutdeild í lóðakaupum, áætlað			— 140 000.00
7.	Bygging húsa fyrir starfsmenn S.R., áætlað			— 500 000.00
8.	Ófyrirséð			— 413 000.00
				Samtals kr. 4 400 000.00

Reykjavík, 31. október 1945.

Sveinn Benediktsson. Einar R. Kvaran.

NB. Útgjöld skv. 2. til 8. lið ofanritaðrar áætlunar eru að mestu leyti til heildarþarfa Síldarverksmiðja ríkisins, Siglufirði, en ekki sérstaklega til afkastaaukningar S.R. 30.

Fylgiskjal II.

Greinargerð síldarverksmiðja ríkisins.

1. Stækkunin á S.R. 30 verksmiðjunni í Siglufirði um 3000 mál á sólarhring var ákveðin vorið 1944. Var unnið að því að útvega vélar og efni til stækkunarinnar þá um sumarið og haustið, en sökum stríðsins voru miklir örðugleikar á því að fá nauðsynlegt efni og vélar til stækkunarinnar. Síðastliðinn vetur tókst loks að festa kaup á flestu, er þurfti, en flutningsörðugleikar og ýmsar tafir á afgreiðslu urðu þess valdandi, að stækkuninni varð ekki lokið fyrir síldarvertíð sl. sumar, eins og ráðgert hafði verið. Í sumar tókst að koma verkinu svo áleiðis, að öruggt má telja, að stækkunin komi að fullum notum á komandi síldarvertíð 1946.
2. Vegna aukningar á afköstum verksmiðjanna á undanförnum árum, hefur þrjú síðustu ár borið mjög á gufuskorti í verksmiðjunum. Þegar nú stækkun S.R. 30 kemur til viðbótar, er óhjákvæmilegt að bæta úr þessum gufuskorti, og er það gert með byggingu ketilstöðvar, sem reist er í sambandi við hina nýju 10000 mála verksmiðju á Siglufirði. Þar eð ketilstöð þessi er að nokkru leyti fyrir síldarverksmiðjur þær, sem fyrir eru hjá S.R. í Siglufirði, þá er ekki réttmætt, að kostnaður við ketilstöðina sé eingöngu borinn uppi af byggingu nýju verksmiðjunnar, heldur verður að telja sjálfsagt, að hinar verksmiðjur SR taki þátt í kostnaðinum, svo sem hér er gert ráð fyrir.
3. Aukin afköst verksmiðjanna síðustu árin hafa leitt af sér þörf fyrir stærri mjölgeymslur. Að vísu hefur verið bætt úr þessari þörf að nokkru leyti, en þó ekki svo, að viðunandi sé. Gert er ráð fyrir að hafa mjölhús þau, sem reist verða vegna 10000 mála verksmiðjunnar, stærri en þörf er á vegna hennar, til þess að gömlu verksmiðjurnar fái þar nauðsynlegt rúm, enda verða þær þá að sjálfsögðu að taka þátt í byggingarkostnaði mjölgeymsluhúsanna, eins og hér er gert ráð fyrir.
4. Við það, að þrær verksmiðjanna í Siglufirði hafa verið stækkaðar, er þörf á talsverðum breytingum á bryggjunum framan við þær. Einnig er nauðsynlegt að hafa rúm á bryggjupöllum verksmiðjanna til nótaviðgerða, þar sem nótaviðgerðir hafa síðustu árin að mestu leyti farið fram á söltunarbryggjum, sem ekki verður hægt að nota til nótaviðgerða, þegar síldarsöltun færist aftur í eðlilegt horf. Er því óhjákvæmilegt að leggja í kostnað til þess að bæta úr þessu, svo sem hér er gert ráð fyrir.
5. Vegna hinnar stórkostlegu aukningar á afköstum S.R., er að framan greinir, bætist við fjöldi nýrra starfsmanna hjá verksmiðjunum, og verða þær að sjá sumum þeirra fyrir húsnæði. Ýmsa starfsmenn, svo sem framkvæmdastjóra, vélaverkfræðing og vélstjóra, er ekki hægt að fá, nema þeim sé séð fyrir húsnæði, sem þá annaðhvort reiknast sem hluti af kaupi þeirra eða þeir taka það á leigu hjá verksmiðjunum. Verksmiðjustjórnin hefur því talið nauðsynlegt að leggja mikið fé í kaup á íbúðarhúsum. Enn fremur ráðgerir stjórnin að reisa innan skamms íbúðir fyrir 6 fjölskyldur til viðbótar. Auk þessa hefur verksmiðjustjórnin fest kaup á Tunnuverksmiðjuhúsinu og húsinu Vetrarbraut 17 B, er notuð verða sem geymslur og verkstæði.
6. S.R. hafa orðið að festa kaup á lóðum í Siglufirði fyrir rúm kr. 400000.00 á þessu ári. Kemur þessi kostnaður að mestu á byggingu hinnar nýju 10000 mála verksmiðju, en hlutdeild gömlu verksmiðjunnar í lóðakaupunum áætlum vér kr. 1 400 000.
7. Sjá 5. lið.

Af áætlunarupphæðinni, kr. 4400000.00, hafa S.R. þegar greitt um kr. 2500000.00, og verða þá eftir kr. 1900000.00, og er innifalið í þeirri upphæð kr. 413000.00 fyrir óvissum útgjöldum.

Stjórn S.R. hugðist að nota eigið fé verksmiðjanna að mestu leyti til þessara framkvæmda, og mundi sú áætlun hafa staðizt, ef sl. sumar hafði ekki orðið eins

óhagstætt og raun varð á. Af þessum sökum gekk handbært fé verksmiðjanna til þurrðar, og urðu þær að fá fé að láni hjá bönkunum með hærri vöxtum en vera mundi á föstu láni, sem tekið yrði til langs tíma, svo sem eðlilegt er til slíkra framkvæmda, sem hér um ræðir.

Það er því ósk stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, að þér, hæstvirtur ráðherra, útvegið lántökuheimild til handa S.R. til þess að taka kr. 4400000.00 lán, með ríkisábyrgð, í framangreindu skyni.

Virðingarfyllst.

F. h. Síldarverksmiðja ríkisins.
Sveinn Benediktsson.

Sþ. 393. Lög

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

Samhljóða þskj. 368.

Sþ. 394. Tillaga til þingsályktunar

um samgöngubætur í Barðastrandarsýslu.

Frá Gísla Jónssyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 3 manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um, á hvern hátt kauptúnum og hreppum í Barðastrandarsýslu verði fljótast og hagkvæmast komið í akvegasamband innbyrðis og sýslunni í samband við akvegakerfi landsins, svo að unnt sé að tryggja kauptúnunum nægilega mjólk, bændunum örugga sölu afurða og atvinnuvegunum í sýslunni samgöngukerfi á borð við aðra landshluta.

Skal nefndin skipuð þannig: Vegamálastjóra, og verði hann formaður nefndarinnar, einum manni tilnefndum af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einum manni af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu. Skal nefndin hafa lokið störfum og skilað áliti og tillögum fyrir 1. sept. n. k. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á síðustu áratugum hafa verið gerðar svo stórkostlegar framkvæmdir í vegamálum, að segja má, að byggt hafi verið upp nokkurn veginn öruggt akvegakerfi um flestar sýslur landsins og þær tengdar saman innbyrðis og við aðalvegakerfið að meira eða minna leyti. Má í sumum sýslum aka í hvern hrepp, en um aðrar liggja ein eða fleiri aðalbrautir. Á þessu ári er lagt kapp á að ljúka við að tengja Siglufjörð, Ólafsfjörð, Norðfjörð og Ísafjarðardjúp við aðalkerfi landsins, auk þess sem drjúgum verður bætt við vetrarbrautina í austursýslur um Krýsuvík og Selfoss. Þá er einnig verið að undirbúa byggingu Austurvegar og stytta og bæta aðalleiðina til Norður- og Austurlands. Má þá segja, að flestum landshlutum að undanteknu Vesturlandinu hafi verið séð fyrir sæmilegu akvegakerfi að sumarlagi, þótt ýmsar endurbætur séu þar nauðsynlegar. Vesturlandið allt og þó einkum Barðastrandarsýsla hefur hins vegar orðið svo út undan með vegagerðir, að við slíkt verður ekki lengur unað, ef

hugsað er til þess að halda þar fólki við framleiðslustörf. Það ber því brýn nauðsyn til þess að fá nú þegar rannsakað til hlítar, á hvern hátt sem skjótast verði bætt úr þessu ástandi, svo að atvinnuvegunum þar verði tryggð eðlileg þróun og fólkinu sæmileg lífskjör. Þegar lokið er Vesturvegi, sem væntanlega verður á komandi sumri, mun Vestur-Barðastrandarsýsla verða eina sýslan á landinu, sem hvorki hefur vegasamband innbyrðis á milli þorpa og hreppa né vegasamband við aðalvegakerfi landsins. Skal hér nokkuð gerð grein fyrir því, hvaða voði bíður þess fólks, sem þar býr, ef ekki verða gerðar á þessu snöggar umbætur. Patreksfjörður er vaxinn upp í 800 manna þorp. Þar er nú blómlegt atvinnulíf, stórútgerð og fiskiðnaður í mjög stórum stíl. Þar er verið að ljúka við byggingu veglegs sjúkrahúss fyrir um 40 sjúklinga, og fólk er þar önnum kafið allt árið við prýðilegar tekjur. Ríkissjóður fær þaðan drjúgar fúlgur í sköttum, og útflutningurinn er meiri á hvern íbúa en frá nokkrum öðrum stað á landinu. Í undirbúningi er þar glæsilegt hafnarmannvirki, sem áætlað er, að kosti á fjórðu millj. króna, og aðrar framkvæmdir eru eftir þessu. En íbúarnir eru í mjólkursvelti. Í svo sem 25 km fjarlægð liggja tvær blómlegar sveitir, þar sem hafa mætti hundruð kúa, og þar berjast bændurnir í bökkum, vegna þess að þeir eru útilokaðir frá markaðsmöguleikum á Patreksfirði fyrir vegleysur. Á Bíldudal er að verða sama sagan. Þar eru nú um 400 manns, vaxandi útgerð, vaxandi fiskiðnaður og vaxandi íbúatala, en minnkandi mjólkurmagn vegna vegleysis. Enginn metri af vegi tengir þorpið við sveitirnar, sem út frá því liggja, og þær ættu ágæta afkomu, ef þeim væri kleift að koma afurðunum á sölumarkaðinn, sem sí og æ krefst aukinnar framleiðslu. Endirinn getur ekki orðið nema einn. Fólkið er neytt til að flýja úr byggðinni, og þorpin standa uppi í mjólkursvelti með lamaða starfskrafta. Það er til að forðast þessa hættu, að þessi þáltill. er fram borin. Ég treysti því, að þingmenn skilji þessa nauðsyn og samþykki hana og ríkisstjórnin láti síðan málið koma til framkvæmda tafarlaust, því að það þolir enga bið.

Sþ. 395. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn hveraorku á Reykhólum.

Frá Gísla Jónssyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar á þessu ári fara fram rannsókn á því, hvort unnt sé að fá nægilega hveraorku á Reykhólum til þess að framleiða rafmagn fyrir væntanlegar stofnanir þar og nærliggjandi sveitir.

Greinargerð.

Samkv. lögum er nú ákveðið, að reist verði tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum. Hefur þegar verið veitt til hennar nokkurt fé, svo að byrjað verður þar á framkvæmdum á þessu ári. Þá er þess að vænta, að ekki líði langur tími, þar til einnig verði komið þar upp skóla, eins og gert er ráð fyrir í frumv. því um þetta efni, sem nú liggur fyrir Alþingi. Búizt er einnig við, að prestssetrið verði mjög bráðlega flutt frá Stað að Reykhólum, en læknisbústaður hefur verið þar um mörg ár. Hafinn er undirbúningur að byggingu sundlaugar þar og gert er ráð fyrir, að þar verði reistur heimavistarbarnaskóli í náinni framtíð. Aðstaða til vatnsvirkjunar á Reykhólum er mjög erfið, en líkindi hins vegar til, að nægileg hveraorka sé þar fyrir hendi til þess að framleiða rafmagn, ekki einasta fyrir þær stofnanir, sem reistar verða í framtíðinni þar, heldur og e. t. v. fyrir öll nærliggjandi býli. Má ekki dragast, að fram fari rannsókn á þessu, svo að ekki sé farið að kosta upp á aðrar virkjanir þar, sem hvort tveggja í senn yrðu bæði kostnaðarsamar og ófullnægjandi.

Nd. 396. Breytingartillaga

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Við 2. gr. B.
Á eftir 13. tölulið komi nýr liður:
Frambúðir á Snæfellsnesi.

Nd. 397. Breytingartillaga

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur (þskj. 342).

Frá Áka Jakobssyni.

Við 17. gr. 5. efnismálsgr. orðist svo:
Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 10, 24. marz 1944, nema 6 gr.

Sþ. 398. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 330 (Endurskoðunarnefnd húsaleigulaga).

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við brtt. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Kostnaður við rannsóknina greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 399. Þingsályktun

um rannsókn á áhrifum húsaleigulaganna og endurskoðun á þeim.

(Afgreidd frá Sþ. 5. febr.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta tafarlaust fara fram rannsókn á áhrifum húsaleigulaganna og endurskoðun á þeim og leggja niðurstöðurnar fyrir næsta reglulegt Alþingi.
Kostnaður við rannsóknina greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 400. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 112. 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Jón Sigurðsson.

1. gr.

Á eftir 48. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Nú hefur verið fellt að stofna fiskiræktarfélag við fiskihverfi, en yfir einni eða fleiri ám í fiskihverfinu vofir, að dómi veiðimálanefndar, veruleg rýrnun eða ger-

eyðing fiskistofnsins, og er þá þeim mönnum, er veiðirétt hafa í á þessari og fiskifarvegi hennar til sjávar, heimilt að stofna fiskiræktarfélag fyrir það veiðisvæði samkvæmt ákvæðum laga þessara, að fengnu samþykki veiðimálanefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur komið í ljós, að í stórum fiskihverfum geta hagsmunir og afstaða meiri hluta manna til fiskiræktar valdið því, að ógerlegt sé að stofna fiskiræktarfélag fyrir allt fiskihverfið samkv. ákvæðum gildandi laga, þótt yfir einni eða fleiri ám í fiskihverfinu vofi gereyðing fiskistofnsins og þeir, sem þar eiga hlut að máli, óski friðunar. Tilgangur þessa frv. er að bæta úr þessu með því að heimila veiðieigendum að stofna fiskiræktarfélag fyrir þær ár, sem hér um ræðir.

Frv. hef ég sent veiðimálanefnd til umsagnar, og fer álit hennar hér á eftir.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 4. febr. 1946.

Herra alþm. Jón Sigurðsson, frá Reynistað, Alþingi.

Veiðimálanefnd hefur kynnt sér frv. til l. um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax og silungsveiði, sem þér munuð hafa í hyggju að bera fram á Alþingi, en óskað umsagnar nefndarinnar um efni frumvarpsins.

Veiðimálanefnd fellst á það, að sums staðar kunni svo til að haga, að rétt sé að veita nefndinni heimild til þess að leyfa stofnun fiskiræktarfélaga á takmörkuðum svæðum innan fiskhverfis. Mun á þann hátt mega vernda vissar ár gegn gereyðingu fiskstofnsins, þótt skilyrði sé ekki fyrir hendi í heild til þess að stofna fiskiræktarfélag við allt fiskhverfið.

Vegna þess, sem hér er fram tekið, leggur Veiðimálanefnd til, að þessi breyting verði gerð á laxveiðilögunum.

Virðingarfyllst,

F. h. Veiðimálanefndar

Steingr. Steinþórsson.

Sþ. 401. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Raufarhafnarhrepp.

Flm.: Björn Kristjánsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, 100 þúsund króna lán, sem Raufarhafnarhreppur tekur til þess að standast kostnað við byggingu mótorrafstöðvar og rafveitukerfis um kauptúnið, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði. Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Greinargerð.

Í Raufarhafnarhreppi er nú mikill áhugi fyrir því að koma upp rafveitu til ljósa og iðnaðar fyrir allt kauptúnið. Hefur verið leitað samninga við Síldarverk-

smiðjur ríkisins um sölu raforku frá rafstöð verksmiðjanna á Raufarhöfn, en enn sem komið er hafa ekki tekizt samningar um það. Færi svo, að þeir samningar strandi endanlega, er ætlunin, að hreppurinn reisi diesel-rafstöð til orkuframleiðslu, og hefur kostnaður við að koma henni upp ásamt rafveitu um kauptúnið verið lauslega áætlaður 120 þúsund krónur. Ef hins vegar samningar skyldu takast milli hreppsins og stjórnar síldarverksmiðjanna, mun kostnaður við rafveitukerfið varla verða yfir 65—80 þúsund krónur.

Fallvatn til orkuframleiðslu er því miður ekki um að ræða nálægt Raufarhöfn, en þótt síðar kynni að vera flutt þangað orka frá Laxárvirkjuninni, þá mundi rafveitukerfið koma að fullum notum og miklar líkur til, að selja mætti dieselvélina án mjög mikilla affalla.

Sþ. 402. Þingsályktun

um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Sþ. 7. febr.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við Fiskifélag Íslands, að láta fara fram rannsókn á afkomu sjávarútvegsins og framleiðslukostnaði sjávarafurða. Að þeirri rannsókn lokinni verði lagt fram rökstutt álit um, hvaða verð þurfi að vera á sjávarafurðum, til þess að gera megi ráð fyrir, að framleiðsla þeirra svari kostnaði og veiti þeim, er hana stunda, lífvænlega afkomu, eigi lakari en aðrar stéttir eiga við að búa. Enn fremur sé rannsakað, hver áhrif dýrtíðaraukning stríðsáranna hefur haft á framleiðslukostnað sjávarafurða og afkomu útvegs- og fiskimanna og hver áhrif lækkun dýrtíðar í landinu mundi hafa á afkomu þeirra, er sjávarútveg stunda.

Nd. 403. Frumvarp til laga

um girðingar kringum hveri og laugar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Skylt er að afgirða hveri og laugar (50° C og þar yfir), sem í byggð eru eða svo nærri byggð, að mönnum geti stafað hætta af fyrir líf eða limu, að dómi sveitarstjórnar. Skal girðingin vera svo traust, að tilgangi þessum sé náð.

2. gr.

Girðingarskylda samkvæmt 1. gr. hvílir á eiganda hvers og laugar. Sé slíkum girðingum eigi komið upp innan árs frá gildistöku laga þessara, skal lögreglustjóri héraðsins láta setja þær upp á kostnað eigenda, og má taka kostnaðinn lögtaki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 404. Nefndarálit

um frv. til l. um breytingar á lögum nr. 58 27. júní 1941, um landnám ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. febrúar 1946.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Kristinn E. Andrésson, fundaskr. Eiríkur Einarsson.
H. Guðmundsson. Páll Hermannsson.

Nd. 405. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta hefur gengið í gegnum efri deild og fjallar um það að afnema þær kvaðir á eignarrétti jarðeigna, sem felast í 30. og 47. gr. byggingar- og landnámssjóðslaganna í tilefni af styrkveitingum og lánum til bygginga og nýbýlamyndunar.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar mælir með því, að þetta frumvarp verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn, Barði Guðmundsson og Sigurður Guðnason, vill láta fella það.

Alþingi, 11. febrúar 1946.

Jón Pálmason, form., frsm. Bjarni Ásgeirsson, fundaskr. Jón Sigurðsson.

Nd. 406. Nefndarálit

um frv. til l. um æfinga- og tilraunaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (SB) var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 11. febr. 1946.

Sigfús Sigurhjartarson, form. Páll Þorsteinsson, frsm. Barði Guðmundsson.
Gunnar Thoroddsen.

Sþ. 407. Tillaga til þingsályktunar

um aukning virkjunar við Laxárfossa og að gera fossana laxgenga.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar á næsta sumri undirbúning að stækkun raforkuvirkjunar við Laxá í Þingeyjarsýslu og hraða síðan framkvæmd verksins, svo að sú virkjun verði nægilega aflmikil til að bæta um næstu 20 ára bil úr raforkuþörf þeirra héraða, kaupstaða og kauptúna á Norðurlandi, sem standa bezt að vígi með að fá raforku frá Laxárfossum. Jafnframt er skorað á ríkisstjórnina að gera Laxárfossa laxgenga, um leið og virkjunin er framkvæmd.

Greinargerð.

Þar sem Alþingi stefnir nú að því að auka, svo sem með þarf, þær tvær virkjanir, sem öflugastar og beztar geta orðið hér á landi, við Sogið og Laxá í Þingeyjarsýslu, er einsýnt, að ekki verður hjá því komizt að stórauka virkjunina við Laxá á næstu missirum. Liggur nú opið fyrir að leiða raforku frá þessari stöð um nálega alla Þingeyjarsýslu, allan Eyjafjörð, allan Skagafjörð og að líkindum mikinn hluta Austur-Húnavatnssýslu. Mun Skagaströnd tæplega geta fengið nægilega raforku á auðveldari hátt en frá Laxá. Er nú sá skriður að komast á raforkumál byggðanna, að þar mun varla staðar numið, fyrr en raforka er komin svo að segja á hvert heimili.

Laxárfossar loka laxgengd í ánni, þannig að ofan við virkjunina er ca. 25 km kafli í ánni laxlaus. Hins vegar mun Laxá vera álitlegasta laxveiðivatn í allri Norðurálfu. Þykir eðlilegast, að það mál verði leyst um leið og virkjunin er framkvæmd.

Sþ. 408. Tillaga til þingsályktunar

um ávarpsheiti kvenna og karla.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að bera fram á næsta þingi frumvarp til laga um ávarpsheiti kvenna og karla, þar sem lögmælt verði, að ávarpsheiti kvenna skuli vera „frú“, en karla „herra“.

Greinargerð.

Á tungum þeirra þjóða, sem Íslendingar eiga mest skipti við, eru ávarpsheitin þrjú: eitt fyrir alla karlmenn, annað fyrir giftar konur og hið þriðja fyrir ógiftar konur. Hér á landi eru allir karlmenn, jafnt kvæntir sem ókvæntir, nefndir herrar. En við konur eru notuð mörg ávarpsheiti. Giftar konur heita „frúr“ eða „húsfreyjur“, en ógiftar stúlkur „ungfrúr“ eða „frökenar“. Ávarpsheiti giftra kvenna eru notuð sitt á hvað, en þó þykir orðið „frú“ virðulegra en „húsfreyja“, og er í þeim efnum nokkuð farið eftir atvinnu og búsetu. Orðið „fröken“ er útlent og fer illa í málinu, en um „ungfrú“ er það að segja, að það fer að vísu vel sem ávarpsheiti ungra kvenna, en verður mjög óheppilegt, þegar konur fara að eldast. Engin ástæða er til að láta ávarpsheiti bera með sér, hvort persónan, sem hlut á að máli, er gift eða ógift. Gilda þar sömu rök um karla og konur. Hin erlenda tízka, að hafa mismunandi ávarpsheiti fyrir giftar konur og ógiftar, mun vera arfur frá réttleysistímum kvenna.

Bak við hin misjöfnu og tilviljunarkenndu ávarpsorð, sem notuð eru um konur hér á landi, er fólgið allmikið réttleysi og óþarft manngreinarálit. Íslendingar eru mjög hneigðir til jafnréttis, og hefur mikið á unnizt í þeim efnum á síðari árum. Hér er um að ræða mál, sem skiptir allar konur í landinu. Er það þess eðlis, þar sem það snertir mjög metnað kvenna innbyrðis, að vafasamt er, að konur beiti sér fyrir lausn þess á opinberum vettvangi. Nú vill svo til, að engin kona á sæti á Alþingi, og færi þá vel á, að karlmenn samþykktu, meðan svo stendur, að gera um ávarpsheiti fullan jöfnuð með konum og körlum.

Sþ. 409. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Akureyrarkaupstað.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, allt að 2200 þúsund króna lán til greiðslu á eldra erlendu láni, sem tekið var árið 1938 vegna Laxárvirkjunarinnar.

Greinargerð.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á fundi sínum hinn 24. janúar s.l. samþykkt svofellda ályktun:

„Bæjarstjórn Akureyrar fer þess á leit við hið háa Alþingi, að það heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Akureyrarbæ allt að 2200000 kr. lán til greiðslu á láni, sem Akureyrarbær hefur tekið hjá Köbenhavns Handelsbank í Kaupmannahöfn árið 1938 vegna Laxárvirkjunarinnar."

Ábyrgðarbeiðni þessi er fram komin vegna þess, að bæjarstjórnin hefur samþykkt að greiða upp ofannefnt lán í Köbenhavns Handelsbank og taka til þess lán hjá Landsbanka Íslands að upphæð kr. 2200000.00. Þetta nýja lán endurgreiðist með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana á árunum 1947—1966. Vextir verði 4% p.a. Fyrir hinu erlenda láni, sem upp á að greiða í Köbenhavns Handelsbank, er ríkisábyrgð. Var sú ábyrgð veitt með l. nr. 67 31. des. 1937, en er aðeins miðuð við 2 millj. króna lán. Mismunurinn á ábyrgðarupphæðunum mun stafa af gengismismun dönsku krónunnar nú og þá.

Nd. 410. Nefndarálit

um frv. til l. um fiskimálasjóð, markaðsleit sjávarafurða, útflutning á fiski o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins.

Einn nefndarmanna (EystJ) vill samþykkja frv., en meiri hl. n. er andvígur ýmsum meginatriðum þess og getur ekki mælt með, að það verði samþykkt.

Það mun nú að fullu ráðið, að á yfirstandandi Alþingi verði sett lög um stórfellda eflingu Fiskveiðasjóðs Íslands, og má því ætla, að þegar á þessu ári verði vel séð fyrir stofnlánaþörf sjávarútvegsins.

Um leið og fiskveiðasjóður verður þannig efldur, hljóta verkefni fiskimálasjóðs að breytast verulega frá því, sem verið hefur að undanförnu. Eins og kunnugt er, hefur fiskimálasjóði að langmestu leyti verið varið til lánveitinga til bygg-

ingar frystihúsa, en með þeim breytingum, sem nú er fyrirhugað að gera á fiskveiðasjóði, er honum ætlað að lána svo ríflega til slíkra framkvæmda, að viðbótarlán úr fiskimálasjóði ættu varla að koma til greinda. Fiskimálasjóður ætti því á næstunni að geta gefið sig meir en verið hefur að tilraunum í þágu sjávarútvegsins og annarri hliðstæðri starfsemi.

Meiri hl. n. lítur svo á, að rétt sé að athuga sérstaklega starfsemi fiskimálanefndar og fiskimálasjóðs með hliðsjón af þessum breyttu aðstæðum, og þar sem meiri hl. n. er kunnugt, að atvinnumálaráðherra hefur í huga að láta fram fara sérstaka athugun á þessu, þá leggur meiri hl. n. til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fyrirhugað er, að fram fari sérstök athugun á því, hvernig starfsemi fiskimálasjóðs og fiskimálanefndar verði bezt fyrir komið með tilliti til þeirra breytinga, sem fyrirhugaðar eru á Fiskveiðasjóði Íslands, telur deildin ekki rétt að gera breytingar á lögunum um fiskimálasjóð nú á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. febr. 1946.

Sig. Kristjánsson, form. Lúðvík Jósefsson, fundaskr., frsm. Ásg. Ásgeirsson.

Jóh. Þ. Jósefsson.

Nd. 411. Nefndarálit

um frv. til l. um að fela stjórn Fiskifélags Íslands störf fiskimálanefndar.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Fyrir sjávarútvegsnefnd hefur legið annað frumv. um svipað efni (á þskj. 12), sem í höfuðatriðum gerir ráð fyrir sams konar breytingum á meðferð þeirra mála, sem nú heyra undir fiskimálanefnd.

Meiri hl. n. hefur lagt til, að það frumv. yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá, þar sem kunnugt er, að atvinnumálaráðherra mun láta fram fara sérstaka athugun á því, hvernig bezt verði framvegis fyrir komið þeim störfum, sem fiskimálanefnd er ætlað að vinna, með sérstöku tilliti til fyrirhugaðra breytinga á Fiskveiðasjóði Íslands.

Meiri hl. n. getur ekki fallizt á samþykkt frumvarpsins, og með skírskotun til þess, að kunnugt er, að athugun mun verða látin fara fram á æskilegum breytingum á störfum fiskimálasjóðs og fiskimálanefndar, þá leggur meiri hl. n. til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 10. febrúar 1946.

Sig. Kristjánsson, form. Lúðvík Jósefsson, fundaskr., frsm. Ásg. Ásgeirsson.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Sþ. 412. Nefndarálit

um till. til þál. um afnotagjald útvarpsnotenda.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillagan ásamt brtt. á þskj. 245 var tekin til umræðu á einum fundi, og gat nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vildi meiri hl. nefndarinnar (PO, SK, GÍG, SkG, BK og HelgJ) samþykkja tillöguna með breyttu orðalagi og gefur því út sérstakt nefndarálit. Minni hl. lítur hins vegar svo á, að samkvæmt 6. gr. l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, hafi ráðherra í samráði við útvarpsstjóra og útvarpsráð óskorað vald til þess að ákveða afnotagjaldið, og að þetta vald verði eigi af þeim tekið með þál., heldur þurfi til þess breytingu á fyrrnefndum lögum. Leggur hann því til, að þáltill. sé afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ráðherra hefur þegar, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs, ákveðið upphæð afnotagjalds útvarpsnotenda fyrir yfirstandandi ár, allt samkvæmt 6. gr. laga nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, og að þáltill., sem hér liggur fyrir, getur ekki, þótt samþykkt yrði, skert á nokkurn hátt rétt ráðherra til þess að ákveða gjaldið samkvæmt lögum, sér Alþingi ekki ástæðu til frekari aðgerða í málinu og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. febr. 1946.

Gísli Jónsson, form., frsm. Steingr. Aðalsteinsson. Þórður Benediktsson.

Nd. 413. Nefndarálit

um frv. til l. um gagnfræðanám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Breytingartillögur nefndarinnar eru prentaðar á sérstöku þingskjali. Einn nefndarmanna (SB) var fjarverandi, er málið var afgreitt frá nefndinni. Einn nefndarmanna (PÞ) áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja frekari breytingartill.

Alþingi, 12. febr. 1946.

Sigfús Sigurhjartarson, form., frsm. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Páll Þorsteinsson, með fyrirvara.

Barði Guðmundsson.

Nd. 414. Lög

um sölu þjóðjarða og kirkjujarða.

(Afgreidd frá Ed. 13. febr.)

Samhljóða þskj. 252.

Nd. 415. Breytingartillögur

við frv. til l. um virkjun Sogsins.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Auk þeirra ábyrgða, sem ríkissjóður er í við gildistöku þessara laga vegna orkuversins við Ljósafoss, ábyrgist ríkisstjórnin lán handa Reykjavíkurbæ til framkvæmda samkvæmt 1., 3. og 4. gr., að upphæð allt að 34 millj. króna, þó eigi yfir 85% af kostnaðarverði, eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.
2. Við 6. gr.
   a. Í stað inn fyrir orðin „í nálægum héruðum“ komi: utan Reykjavíkur.
   b. Í stað inn fyrir „allt að 10%“ komi: allt að 5%.
3. Við 7. gr. Á eftir orðunum „sé virkjað til hálfs“ komi: enda er þá miðað við 86000 kw. orku í Soginu fullvirkjuðu.

Nd. 416. Frumvarp til laga

um fræðslu barna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Hlutverk barnaskóla.

1. gr.

Barnaskólar skulu leitast við að haga störfum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda sinna, hjálpa þeim að öðlast heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur, vera á verði um líkamshreysti þeirra og veita þeim tilsögn í lögskipuðum námsgreinum, hverjum eftir sínum þroska.

II. KAFLI
Skólaskylda.

2. gr.

Skylt er að halda barnaskóla í öllum skólahverfum landsins fyrir börn á aldrinum 7—13 ára, sbr. þó 3. gr., og er öllum börnum á þessum aldri skylt að sækja skóla, nema undanþága hafi verið veitt samkv. 3. og 5. gr.

Þegar tilgreindur er aldur barna í lögum þessum, miðast hann ávallt við það almanaksár, er þau ná nefndum aldri.

3. gr.

Nú sækir skólanefnd í skólahverfi í sveit um, að skólaskylda hefjist ekki í skólahverfi hennar fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur, og getur fræðsluráð þá veitt undanþágu að fengnum meðmælum námsstjóra.

Þar, sem þessi ráðstöfun hefur verið gerð, skulu heimilin annast og kosta fræðsluna frá sjö ára aldri barnanna, unz skólaskylda hefst í hverfinu, en hlíta um hana eftirliti kennara skólahverfisins.

Nú er vanrækt fræðsla yngri barna í skólahverfi, þar sem undanþága hefur verið veitt, og eigi um bætt þrátt fyrir áminningu fræðslumálastjórnar, og nemur hún þá undanþáguna úr gildi.

4. gr.

Heimilisfaðir skólaskylds barns ber ábyrgð á, að það hljóti lögmælta fræðslu og sæki lögskipuð próf.

5. gr.

Undanþegin frá að sækja almenna barnaskóla eru:

a. börn, sem sækja viðurkennda einkaskóla;
b. börn, sem hafa fengið leyfi skólanefndar og skólastjóra til að stunda nám utan skólans, en skylt er þeim að koma til viðtals eða prófs í skólann, þegar skólastjóri óskar þess;
c. börn, sem að dómi hlutaðeigandi kennara, skólastjóra og skólalæknis skortir hæfileika til þess að stunda nám í almennum barnaskóla;
d. börn, sem að dómi sömu aðila spilla góðri reglu í skólanum og eru miður heppilegt fordæmi öðrum börnum;
e. börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt barnaskólanám.

6. gr.

Þeim börnum, sem um getur í c-, d- og e-liðum 5. gr., skal séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi.

Heimilt er fræðslumálastjórn að ákveða þessum börnum námstíma einu eða tveimur árum lengri en öðrum börnum.

7. gr.

Nú kemur barn að ástæðulausu ekki til innritunar, þegar því er skylt, og skal þá skólanefnd áminna forráðamann þess, svo fljótt sem auðið er. Láti hann eigi skipast við þá áminningu, varðar það dagsektum, er nemi 5—10 kr. á dag eftir úrskurði valdsmanns (í Reykjavík sakadómara), talið frá þeim degi, er áminningin var gerð.

Nú vanrækir barn, sem innritað er í skóla, skólasókn til muna, þrátt fyrir umvöndun skólastjóra bæði við það og forráðamann þess, og skal þá skólanefnd áminna forráðamann barnsins. Leggist vanrækslan eigi af að heldur, varðar hún dagsektum, er nemi 5—10 kr. eftir úrskurði valdsmanns fyrir hvern vanræksludag, talið frá áminningu skólanefndar.

Ef heimilið á sannanlega sök á vanrækslunni, má barnaverndarnefnd taka barnið af heimilinu og ráðstafa því utan þess, en sannist það, að heimilið fái eigi ráðið við vanræksluna, er henni skylt að vista barnið í stofnun eða á öðru heimili, er nefndin ber traust til.

III. KAFLI

Skólaskipan og skólahúsnæði.

8. gr.

Hver sýsla og hver kaupstaður er fræðsluhérað. Þó skal sameina tvær sýslur í eitt fræðsluhérað svo og hrepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarrar sýslu, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi fræðsluráð samþykkja. Hvert fræðsluhérað er eitt eða fleiri skólahverfi, og er einn barnaskóli í hverju skólahverfi.

9. gr.

Fræðslumálastjórn mælir fyrir um, hvernig fræðsluhéraði skuli skipt í skólahverfi, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð skiptinguna.

10. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahús á hentugum stað, og fullnægi það þörfum fyrir barnaskólahald í hverfinu. Fræðslumálastjórn setur reglur um lágmarkskröfur til skólahúsnæðis.

11. gr.

Eigi er heimilt að leyfa notkun skólahúsnæðis, nema samþykki skólanefndar og skólastjóra komi til.

12. gr.

Heimangönguskólar skulu vera þar, sem staðhættir leyfa, en þar, sem heimangöngu verður ekki við komið sökum mikilla vegalengda, skal reisa heimavistarskóla og keppa að því, að skólahverfi þeirra verði svo fjölmenn, að fullkomið starf verði við þá fyrir tvo fasta kennara eða fleiri.

13. gr.

Öll skólahús skulu gerð samkvæmt uppdrætti, er fræðslumálastjórn samþykkir. Enn fremur verður samþykki hennar að koma til um skólastað og skólalóð.

14. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að helmingi stofnkostnaðar heimangönguskóla, en þrjá fjórðu hluta stofnkostnaðar heimavistarskóla. Hlutaðeigandi sveitarfélög greiða hinn hlutann. Séu tveir eða fleiri hreppar eða hluti úr hreppi um sama skóla, greiða þeir stofnkostnaðinn í hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna. Ríkisstyrkurinn er bundinn því skilyrði, að skólalóðin sé eign skólahverfisins eða afnotaréttur tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi.

Hverju skólahúsi skal fylgja íbúð fyrir skólastjóra, 3 herbergi og eldhús að minnsta kosti. Heimavistarskólum skal einnig fylgja íbúð eða íbúðir fyrir kennara. Íbúðir skólastjóra og kennara teljast með í stofnkostnaði skóla svo og nauðsynlegustu skólahúsgögn.

Í skólahverfum, þar sem svo hagar til, að börn geti ekki sótt heimangönguskóla, nema þeim sé ekið til og frá skólastað, er heimilt að greiða styrk til kaupa á skólabíl, er nemi allt að þremur fjórðu hlutum kostnaðarverðs.

15. gr.

Viðhald skólahúsa og skólahúsgagna er sveitarfélögum skylt að annast samkvæmt reglum, er fræðslumálastjórn setur.

IV. KAFLI

Kennarar.

16. gr.

Fastir kennarar við barnaskóla eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum.

17. gr.

Engan má setja eða skipa kennara við barnaskóla, nema hann hafi lokið viðurkenndu kennaraprófi, sé eigi haldinn næmum sjúkdómi og hafi óflekkað mannorð.

Skólastjórar og kennarar heimavistarskóla skulu ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslutíma í heimavistarskóla.

18. gr.

Kennara er skylt að kenna að jafnaði 36 kennslustundir á viku, en á því skólaári, sem kennari verður 55 ára, má fræðslumálastjórn fækka skyldustundum hans um 6 á viku og um aðrar 6, er hann verður sextugur.

Kennslustundafjöldi skólastjóra skal ákveðinn í erindisbréfi. Eigi verður skólastjóri leystur frá þeirri kennsluskyldu, nema samþykki fræðslumálastjórnar komi til.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætlið átt við 40 mín. kennslustund.

19. gr.

Kennari, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við barnaskóla, skal gegna því samkvæmt erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

20. gr.

Geti kennari ekki stundað starf sitt við skóla sakir veikinda, skal greiða forfallavinnu fyrir hann samkv. reglum, er fræðslumálastjórn setur.

21. gr.

Skólastjóri fer í skóla sínum með umboð fræðslumálastjórnar og skólanefndar gagnvart kennurum skólans, nemendum og forráðamönnum þeirra.

Hann stjórnar öllu starfi skólans eftir gildandi lögum og reglum og ber ábyrgð á því gagnvart fræðslumálastjórn og skólanefnd.

Skólastjóri hefur umráðarétt yfir húsnæði skólans og munum í þágu skólastarfsins. Að öðru leyti hefur skólanefnd í samráði við skólastjóra umráðaréttinn, en verði ágreiningur þeirra í milli, sker fræðslumálastjórn úr.

Skólastjóri á sæti á fundum skólanefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Skólastjóri ræður stundakennara og starfsfólk með samþykki skólanefndar.

22. gr.

Í skóla með 10—20 föstum kennurum er skólastjóra heimilt í samráði við skólanefnd að ráða einn af kennurum skólans sem yfirkennara. Verði hann skólastjóra til aðstoðar og gegni störfum hans, er þörf krefur. Séu 20 kennarar eða fleiri við sama skóla, skal ráða yfirkennara á sama hátt. Kennslustundafjöldi yfirkennara skal ákveðinn í samráði við fræðslumálastjórn, er setur þeim erindisbréf. Laun yfirkennara skulu ákveðin í launalögum.

23. gr.

Í skóla með 20 kennurum eða fleiri getur skólastjóri í samráði við skólanefnd ákveðið, að skyldustundir kennara skuli vera færri en 36 á viku gegn öðru starfi í þágu skólans.

24. gr.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að 40 börn komi á hvern kennara, sem kennir fulla kennslu í 9 mánuði, en 5 börnum færra fyrir hvern mánuð, er hann kennir skemur. Eftir reglum, er fræðslumálastjórn setur, skal þó ætla nokkru færri börn á kennara í skólum með færri en 150 nemendum. Sérkennurum í sundi og handavinnu skal ætla sem næst helmingi færri börn en öðrum kennurum.

Nú eru fastir kennarar við skóla færri en barnafjöldinn segir til um, en barnafjöldinn þó minni en svo, að skólinn eigi kröfu á kennara til viðbótar, og má þá greiða styrk vegna stundakennslu í hlutfalli við þann barnafjölda, sem umfram er. — Ef nefnd umframtala nær helmingi þess barnafjölda, sem föstum kennurum er ætluð, er fræðslumálastjórn heimilt að setja fastan kennara.

V. KAFLI

Fræðsluráð og skólanefndir.

25. gr.

Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðsluráð skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu 4 þeirra kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd. Séu 2 sýslur í fræðsluhéraði, kýs hvor sýslunefnd tvo fræðsluráðsmenn. Fræðslumálastjórn skipar einn mann, og skal hann vera formaður. — Hlutverk fræðsluráðs er að hafa á hendi stjórn sameiginlegra skólamála fræðsluhéraðsins. Fræðslumálastjórn setur fræðsluráði erindisbréf.

26. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd, skipuð þremur mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir af nýkosinni sveitarstjórn, en fræðslumálastjórn skipar einn, og skal hann vera formaður. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef krafa kemur fram um það. Ef tveir eða fleiri hreppar eru í skólahverfi, setur fræðslumálastjórn reglur um kosningu skólanefndar, sem má þá vera skipuð 5 mönnum. Varamenn skulu kosnir samtímis aðalmönnum. Kjörtímabil skólanefnda og fræðsluráða skal vera hið sama og sveitarstjórna, og um kjörgengi skulu sömu reglur gilda.

Í kaupstöðum er heimilt að fela fræðsluráði störf skólanefndar, ef fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi bæjarstjórn samþykkir.

27. gr.

Formaður kallar skólanefnd til funda, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja nefndina saman, ef einn nefndarmanna eða skólastjóri óskar þess. Skólastjóri skal ávallt boðaður á fundi skólanefndar. Skólanefnd getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn skólanefndarmanna hefur atkvæðisrétt um þau mál, er varða hann sjálfan.

28. gr.

Skólanefnd skal sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún semur samkvæmt fyrirmælum fræðslumálastjórnar skýrslu um þau börn í skólahverfinu, sem sækja ekki hinn almenna barnaskóla.

29. gr.

Þegar kennarastaða losnar í skólahverfinu, skal skólanefnd tafarlaust tilkynna það fræðslumálastjórn, sem auglýsir stöðuna, ef fyrirvari er nægur. Þurfi hins vegar að setja kennara fyrirvaralítið, getur fræðslumálastjórn sett hann í samráði við skólanefnd án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal þá stöðuna á næsta ári.

30. gr.

Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um kennarastöður og skal, er fjöldi umsókna leyfir, tilnefna eigi færri en tvo umsækjendur um hverja stöðu, er hún telur helzt koma til greina. Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en námsstjóra, ef velja á skólastjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur innan skólanefndar eða milli skólanefndar annars vegar og skólastjóra eða námsstjóra hins vegar, getur hver aðili um sig gert tillögur til fræðslumálastjórnar. Rökstudd greinargerð skal ávallt fylgja tillögum skólanefndar, skólastjóra og námsstjóra um val manna í kennarastöður.

31. gr.

Skólanefnd annast um, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um viðhald alls þessa og aukningu eftir þörfum.

32. gr.

Skólanefnd gerir tillögur til sveitarstjórnar um fjárframlög til skólahalds. Verði ágreiningur milli þessara aðila um fjármál skóla, skal hann lagður undir úrskurð fræðslumálastjórnar. Skólanefnd annast um samningu skýrslna og reikninga samkvæmt fyrirmælum fræðslumálastjórnar. Erindisbréf fyrir skólanefndir skal gefið út af fræðslumálastjórn.

33. gr.

Kostnaður við störf skólanefnda greiðist úr sveitarsjóði.

34. gr.

Í Reykjavík skal vera sérstakur fræðslufulltrúi, og skal hann hafa á hendi þær framkvæmdir, sem skólanefndum fræðsluhéraðsins er skylt að annast samkvæmt lögum þessum, svo og önnur störf, er fræðslumálastjórn kann að fela honum, allt samkvæmt erindisbréfi. Fræðslufulltrúi skal skipaður af fræðslumálastjórn að fengnum tillögum fræðsluráðs. Laun hans skulu ákveðin í launalögum, en bæjarsjóður greiðir skrifstofukostnað hans.

VI. KAFLI
Kennsluskipan og starfstími skóla.

35. gr.

Hver barnaskóli skiptist í tvær deildir, yngri deild og eldri deild. Til yngri deildar teljast skólaskyld börn innan 10 ára aldurs, en til eldri deildar 10 ára börn og eldri.

36. gr.

Í yngri deild skal kenna eftirtaldar námsgreinar: íslenzku, skrift, reikning, átthagafræði, handavinnu, leikfimi og söng.

Í eldri deild skal kenna: íslenzku, skrift, reikning, kristin fræði, Íslandssögu, landafræði, náttúrufræði, teiknun, handavinnu, söng, leikfimi og sund.

Auk þessa er heimilt að kenna eitt erlent mál hinn síðasta vetur eldri deildar þeim börnum, sem bezt eru að sér í móðurmáli. Nánari ákvæði um skiptingu námsefnis og niðurröðun þess skulu sett í námsskrá, er fræðslumálastjórn gefur út.

37. gr.

Í yngri deild skal ætla börnum að jafnaði 21 kennslustund á viku, en í eldri deild 33.

38. gr.

Skólar í kaupstöðum og þorpum með 1000 íbúa eða fleiri skulu starfa sem næst 9 mánuði á ári. Aðrir heimangönguskólar og heimavistarskólar skulu starfa eigi skemur en 7 mánuði á ári, svo fremi að barnafjöldi leyfi það. Nánari ákvæði um starfstíma skóla og skólagöngu barna skal setja í reglugerð hvers skóla.

39. gr.

Í heimavistarskólum og heimangönguskólum í sveitum er heimilt að skipta námstímanum í tvennt milli deilda þannig, að hvert barn fái a. m. k. 3½ mánaða kennslu, enda fylgist kennarinn með heimanámi barnanna þann tíma, sem þau sækja ekki skólann að vetrinum. Þar sem þörf krefur og þess er óskað af skólanefnd, má hafa allt að tveggja mánaða námsskeið við heimavistarskóla haust og vor fyrir 7—9 ára börn.

40. gr.

Leyfi í barnaskólum skulu ákveðin í reglugerð.

VII. KAFLI
Próf.

41. gr.

Próf í kunnáttu og leikni allra prófskyldra barna skal halda að vorinu ár hvert. Prófskyld eru öll börn á aldrinum 8—13 ára, nema gildar ástæður hamli. Skulu slíkar ástæður skilgreindar nánar í prófreglugerð, er fræðslumálastjórn gefur út.

42. gr.

Öll próf nema lokapróf yngri og eldri deildar (próf yngri barna og barnapróf) skal hver skóli um sig annast að öllu leyti. Skylt er ávallt að hafa próf í ís-

lenzku, skrift og reikningi, en í öðrum greinum eftir því, sem ákveðið verður í prófreglugerð.

Próf 10 og 13 ára barna, þ. e. lokapróf beggja deilda, skulu fara fram undir eftirliti prófdómenda, skipaðra af fræðslumálastjórn til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum námsstjóra. Skulu þetta vera landspróf að minnsta kosti í íslenzku og reikningi, og annist fræðslumálastjórn val og útsendingu verkefna.

43. gr.

Barn, sem flyzt úr yngri deild í eldri deild, skal vera sæmilega læst, geta skrifað einföld orð skýrt og hreinlega, hafa náð nokkurri leikni í meðferð einskonartalna og kunna skil á algengustu fyrirbrigðum, sem koma fyrir í nánasta umhverfi þess. Í prófreglugerð skal tekið fram, hvernig þessar lágmarkskröfur skulu metnar í einkunnum.

44. gr.

Til barnaprófs er krafizt: 1) Að geta lesið móðurmálið skýrt og áheyrilega með gallalitlum framburði og sagt munnlega frá því, sem lesið er. Að geta gert skriflega, nokkurn veginn ritvillu- og mállýtalausa grein fyrir kunnugu efni. Að geta leyst sæmilega úr réttritunarverkefni, þar sem fyrir koma dæmi um helztu undirstöðureglur íslenzkrar réttritunar. Að kunna utan bókar nokkur íslenzk kvæði, einkum ættjarðarljóð og söngljóð, geta greint frá efni þeirra með eigin orðum og vita nokkur deili á höfundum þeirra. 2) Að skrifa læsilega og hreinlega rithönd. 3) Að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og höfuðatriði almennra brota, tugabrota og prósentureiknings og að sýna nokkura leikni í því að beita þeirri kunnáttu til úrlausnar einföldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, m. a. til að reikna út óbrotið flatarmál. Um prófkröfur í öðrum lögboðnum námsgreinum skulu sett ákvæði í prófreglugerð jafnframt ákvæðum um, hvernig meta skuli í einkunnum lágmarkskröfur til að standast próf.

45. gr.

Heimilt er skólanefnd að fengnum meðmælum skólastjóra og kennara að leyfa 12 ára barni að ganga undir barnapróf. Sett skal í prófreglugerð, hvaða einkunn barn, er slíkt leyfi fær, skal ná í höfuðgreinum, svo og aðaleinkunn til þess að standast prófið. Skulu þessar einkunnir vera miklum mun hærri en lágmarkseinkunnir 13 ára barna.

46. gr.

Einkunnastigi í barnaskólum skal vera 0—10, og má skipta hverjum heilum í 10 hluta

47. gr.

Nú kemur prófskylt barn að ástæðulausu ekki til prófs, og má þá prófa það á heimili þess á kostnað heimilisföður eða leita aðstoðar lögreglustjóra, til þess að barnið verði prófað.

48. gr.

Börn, sem standast ekki tilskilin próf um 10 og 13 ára aldur, skulu að jafnaði sitja ári lengur í hvorri deild, sem um er að ræða, og þreyta prófið ári síðar (sbr. þó 5. gr. c-lið). Standist þau það ekki þá, skulu gilda um þau sérstök reglugerðarákvæði, er fræðslumálastjórn setur.

49. gr.

Kostnaður við próf greiðist úr sveitarsjóði. Prófdómendum skal greitt sama kaup og stundakennurum.

VIII. KAFLI
Kennslueftirlit.

50. gr.

Landinu er skipt í 6 eftirlitssvæði, og skal vera einn námsstjóri fyrir hvert þeirra. Skulu námsstjórar hafa eftirlit með kennsluskipan, kennsluaðferðum og árangri kennslunnar. Enn fremur skulu þeir annast leiðbeiningar um skóla- og uppeldismál hver í sínu umdæmi. Skal hlutverk námsstjóra nánar tiltekið í erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

IX. KAFLI
Kostnaður við skólahald.

51. gr.

Hin lögskipaða fræðsla skólaskyldra barna í opinberum skólum veitist ókeypis. Laun fastra kennara greiðast samkvæmt launalögum og styrkur til stundakennslu samkvæmt síðari málsgr. 24. gr. Við heimavistarskóla greiðir ríkissjóður einnig laun ráðskonu. Annan kostnað við skólahaldið greiðir sveitarsjóður, en ríkissjóður endurgreiðir fjórða hluta hans að fengnum skýrslum um fullnægjandi skólahald samkvæmt settum reglum og fyrirmælum.

52. gr.

Nú getur framfærandi barns á lögskipuðum skólaldri fyrir fátæktar sakir að dómi skólanefndar ekki staðizt kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólavist þess, og skal þá sá kostnaður greiðast að einhverju eða öllu leyti úr sveitarsjóði eftir ákvörðun sveitarstjórnar sem önnur gjöld til skólahalds.

X. KAFLI
Einkaskólar og smábarnaskólar.

53. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórn að löggilda barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún samþykkir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar. Kennarar við skóla þessa verða að fullnægja öllum settum skilyrðum um rétt til kennslu í barnaskólum. Fyrir börn, sem þessa einkaskóla sækja, þarf ekki undanþágu samkv. 5. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá yfir skólabörnin og tilkynna henni allar breytingar, jafnóðum og þær verða. Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

54. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn skóla fyrir 5 og 6 ára börn innan sveitarfélagsins, enda samþykki fræðslumálastjórn námsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Kennarar skólans skulu hafa lokið viðurkenndu kennaraprófi, og skulu þeir ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar barnaskóla. Að öðru leyti ber ríkissjóður engan kostnað af þessu skólahaldi.

XI. KAFLI
Heilbrigðiseftirlit.

55. gr.

Lækniseftirlit með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir reglum, er heilbrigðismálastjórn setur í samráði við fræðslu-

málastjórn. Skal ráðinn sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, er skipuleggur og hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í skólum svo og íþróttastarfsemi. Heimilt er skólayfirlækni að fela heilsuverndarstöðvum, þar sem þær eru starfandi, eftirlit þetta.

56. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 94 23. júní 1936 og lög um breyting á þeim, nr. 44 12. febr. 1940, svo og önnur ákvæði og fyrirmæli, sem fara í bág við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar, sem ekki eru komnir fullnægjandi heimangöngu- eða heimavistarskólar, skal fræðslumálastjórn í samráði við námsstjóra skipa málum í eins nánu samræmi við þessi lög sem kostur er.

Nd. 417. Frumvarp til laga

um byggingu gistihúss í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1946.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að verja úr ríkissjóði allt að 5 — fimm — milljónum króna til gistihúsbyggingar í Reykjavík. Fé þetta er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

2. gr.

Gistihús það, sem um getur í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að reisa í félagi við bæjarstjórn Reykjavíkur, stofnanir, félög og einstaklinga.

3. gr.

Gistihúsið má reka fyrir reikning ríkissjóðs eða í félagi við þá aðila, sem verða þátttakendur í því að reisa gistihúsið.

Ef hentugra þykir, má leigja húsið út til gistihúshalds.

4. gr.

Ef gistihús þetta verður reist og rekið af hlutafélagi, skulu ákvæði hlutafjárlaga nr. 77/1921, um stofnendur og takmörkun á atkvæðarétti ekki gilda um það hlutafélag. Að öðru leyti gilda ákvæða téðra hlutafélagalaga nr. 77/1921, svo sem við verður komið.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi lóðir, hús og mannvirki eftir því sem hún telur þurfa undir gistihúsið og því til afnota. Fer um það eignarnám eftir lögum nr. 61 14. nóvember 1917.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á Alþingi 1944, 63. löggjafarþingi, var borin fram tillaga til þingsályktunar um gistihússbyggingu í Reykjavík. Málið fékk þá afgreiðslu á þinginu, að því var vísað til ríkisstjórnarinnar á fundi í sameinuðu Alþingi 30. apríl 1945.

Síðan þinginu lauk hafa farið fram viðræður um málið milli samgöngumálaráðherra, borgarstjórans í Reykjavík og stjórnar Eimskipafélags Íslands og málið

verið athugað eftir föngum og hefur það orðið að samkomulagi milli þessara aðilja, að ríkisstjórnin beri fram frumvarp á yfirstandandi Alþingi um byggingu gistihúss í Reykjavík. Liggur það frumvarp hér fyrir og er tilætlun nefndra aðila að leggja fram fé til þess að koma húsinu upp annaðhvort einir, eða með þátttöku fleiri aðila, ef það kynni að þykja betur henta. Yrði þá gistihúsið væntanlega reist og rekið af félagi sem stofnað yrði í því skyni.

Í frumvarpið er sett ákvæði um nauðsynlegar undanþágur frá ákvæðum hlutafélagalaganna, ef til kemur, svo og um eignarnám, sem kann að verða nauðsynlegt að framkvæma í þarfir gistihússins.

Nd. 418. Frumvarp til laga

um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1946.)

I. KAFLI

1. gr.

Orðaskýringar:

1. **Skip** er sérhvert fljótandi far, nema annars sé getið.
2. **Íslenzkt skip** er hvert það skip, sem skrásett er hér á landi og rétt hefur til þess að sigla undir íslenzkum fána.
3. **Farþegaskip** er hvert það skip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.
4. **Farþegar** eru allir, sem á skipi eru, aðrir en skipshöfn. Þeir teljast þó eigi farþegar, sem komnir eru í skip vegna óviðráðanlegra atvika, eða samkvæmt skyldu skipstjóra til þess að flytja nauðstadda menn.
5. **Þilfarsfarþegi** er farþegi, sem greiðir fargjald í lægsta fargjaldsflokki.
6. **Flokkað skip** er hvert það skip, sem hefur gilt flokkunarskírteini frá flokkunarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra.
7. Þar, sem talað er um **rúmlest**, er átt við brúttó rúmlest (100 ensk teningsfet = 2,83 m^3), nema annars sé getið.
8. **Önnur fljótandi för** eru ferjur á sjó, vötnum og ám og hvert annað far, sem notað er til að flytja menn, dýr eða muni.
9. **Vélskip** er hvert það skip, sem knúið er aflvél í því sjálfu.
10. **Eimskip** er hvert það skip, sem knúið er gufuafli.
11. **Mótorskip** er hvert það skip, sem knúið er með olíuhreyfli.
12. **Skipverji** er hver sá maður, sem skráður er á skip eða á því er og skyldi skráður.
13. **Eldfim efni** (sbr. 46. gr.) eru: eter (naphta) og aðrir vökvar, sem blandaðir eru eter, brennisteinskolefni, steinolíu-eter, gasolía, benzín og aðrir slíkir vökvar, er logamark þeirra er undir 22° á Celsíus með 760 mm loftvogarstöðu.
14. Ákvæði laganna um **stálskip** eiga einnig við um **járnskip.**
15. Þar, sem rætt er um ráðherra í lögum þessum, er átt við ráðherra þann, sem fer með siglingamál.

2. gr.

Þar, sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara til allra íslenzkra skipa og báta, sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna, og gerðir eru út hér á landi, hvort heldur er til farþegaflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða.

Ákvæði laganna taka og til erlendra skipa og báta, sem íslenzkir ríkisborgarar hafa á leigu, ef þau eru gerð út hér eða í förum hingað eða héðan, með íslenzkum skipverjum.

Sé um að ræða erlent skip flokkað í flokkunarfélagi viðurkenndu af ráðherra, ná lögin þó aðeins til öryggisbúnaðar þess.

Ákvæði laganna taka enn fremur til allra báta án tillits til stærðar, flytji þeir farþega, hvort sem er á sjó eða vötnum.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að eftirlit skuli haft með öryggi annarra fljótandi fara og hvernig því eftirliti skuli haga.

3. gr.

Ákveða má með reglugerð, er forseti setur, að ákvæðum þessara laga skuli beitt að meira eða minna leyti um önnur skip en íslenzk, ef þau koma við í íslenzkri höfn eða athafna sig innan íslenzkrar landhelgi.

4. gr.

Lög þessi raska ekki ákvæðum alþjóðasamninga eða samningum við önnur ríki, er íslenzka ríkið hefur gerzt aðili að á löglegan hátt.

II. KAFLI

Um haffæri skipa, skyldur útgerðarmanna og skipstjóra o. fl.

5. gr.

Skip skal telja óhaffært:

a. ef gilt haffærisskírteini, hleðslumerkjaskírteini og, sé um farþegaskip að ræða, öryggisskírteini, er ekki sýnt, þegar þess er krafizt af embættismanni eftirlitsins eða trúnaðarmanni þess, sbr. 19. og 20. gr.;
b. ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa;
c. ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, það svo ofhlaðið mönnum eða munum, vanhlaðið, kjölfestulítið, illa birgt af vistum, vatni, kolum, olíu eða öðrum vélanauðsynjum sé það vélskip, eða af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er við siglingar.

6. gr.

Eiganda skips, útgerðarmanni svo og skipstjóra er skylt að sjá um, að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi og því sé haldið haffæru, hvort heldur það er statt í höfn eða á hafi úti.

7. gr.

Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir hvers konar árekstri, eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast, að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefur, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið.

Verði því komið við án verulegrar tafar, skal skoðun framkvæmd af skoðunarmönnum skipaeftirlitsins, en annars skal hún gerð af sérfróðum mönnum, er kvaddir skulu af sjódómi á þeim stað.

Ef svo ber við, að ekki verður náð til sérfróðra manna, þar sem skipið er statt, skal skipstjóri, yfirvélstjóri og yfirstýrimaður ásamt tveimur mönnum, er skipshöfn velur, framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu. Ágrip af skoðunarskýrslunni skal ritað í eftirlitsbók skipsins og undirritað af þeim öllum, er hana önnuðust. Þar skal kveðið skýlaust á um haffæri skipsins. Afrit af því, sem bókað var, skal þá þegar sent eftirlitsmanni í því umdæmi, eða til þess eftirlitsmanns, er fyrst næst til, og ákveður hann, hvort ný skoðun skuli fara fram.

III. KAFLI
Skipaeftirlitið.

8. gr.

Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirumsjón ráðherra.

9. gr.

Forseti skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála.

Hann skal hafa starfið sem aðalstarf, vera skipaverkfræðingur, vélfræðingur, sérfræðingur um smíði tréskipa eða siglingafræðingur og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi. Eigi má hann hafa þau störf á hendi, er telja má ósamrýmanleg stöðu hans, svo sem venjulegt skipaeftirlitsstarf.

Launuð aukastörf má hann engin hafa á hendi nema með leyfi ráðherra.

Skipaskoðunarstjóri hefur skrifstofu í Reykjavík.

Um verksvið hans og starfshætti skal ákveðið í reglugerð, er ráðherra setur, að því leyti, sem ákvæði þessara laga ná ekki til.

10. gr.

Skipaskoðunarstjóri skal hafa sérfróða fulltrúa, er starfi við skipaeftirlitið að öllu eða nokkru leyti. Skal einn þeirra vera skipaverkfræðingur, annar vélfræðingur, þriðji sérfræðingur um smíði tréskipa og fjórði siglingafræðingur (skipstjóri).

Þeir skulu skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra og fullnægja kröfum þeim, er þarf til þess að vera embættismaður hér á landi.

Ráðherra getur ákveðið, að skipaskoðunarstjóri skuli annast eitt þessara sérfræðistarfa.

11. gr.

Landið skiptist í 5 eftirlitssvæði. Þau eru:

1. eftirlitssvæði:
   Frá Hjörleifshöfða að Skor á Barðaströnd. Allar Breiðafjarðareyjar meðtaldar.
2. eftirlitssvæði:
   Frá Skor í Hrútafjarðarbotn.
3. eftirlitssvæði:
   Frá Hrútafjarðarbotni að Gunnólfsvíkurfjalli
4. eftirlitssvæði:
   Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Hjörleifshöfða.
5. eftirlitssvæði:
   Vestmannaeyjar.

12. gr.

Skipaskoðunarstjóri skipar eftirlitsmann á hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eftirlitsins þar og umsjón með skoðunarmönnum undir yfirstjórn skipaskoðunarstjóra.

Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er skipastoðunarstjóri ákveður, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa reynslu og þekkingu á siglingum og skipum.

Skipaskoðunarstjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

13. gr.

Eftirlitsmaður skal sjálfur annast allt eftirlit þar á svæði sínu, sem mest þörf er eftirlits, á hverjum tíma árs. Ef erfiðleikar eru á því, að hann vegna fjarlægðar geti á sama tíma haft fullnægjandi eftirlit á öðrum stað eða stöðum á svæðinu, þar sem er sérstök þörf eftirlits, ber honum að fela hæfum manni eftirlit þar, enda full-

nægi sá skilyrðum þeim, sem sett eru um eftirlitsmenn, og fallist skipaskoðunarstjóri á, að þörf sé sérstaks eftirlits á þeim stað.

Eftirlitsmenn skulu halda dagbók um störf sín og senda skipaskoðunarstjóra mánaðarlega skýrslu um þau.

14. gr.

Hvert eftirlitssvæði skiptist í skoðunarsvæði. Þau eru:

I. eftirlitssvæði:
1. skoðunarsvæði: Frá Hjörleifshöfða að Jökulsá á Sólheimasandi.
2. — Frá Jökulsá á Sólheimasandi að Þjórsá.
3. — Frá Þjórsá að Grindavík.
4. — Grindavík og Reykjanesskagi að Hafnarfirði.
5. — Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
6. — Reykjavík og Kjósarsýsla.
7. — Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (frá Hvalfjarðarbotni til Hítarár).
8. — Frá Hítará að Búlandshöfða.
9. — Frá Búlandshöfða að Skor. (Allar Breiðafjarðareyjar meðtaldar.)

II. eftirlitssvæði:
10. skoðunarsvæði: Frá Skor að Kópanesi.
11. — Allur Arnarfjörður.
12. — Allur Dýrafjörður.
13. — Allur Önundarfjörður.
14. — Allur Súgandafjörður.
15. — Frá Gelti til Geirhólma.
16. — Frá Geirhólma í Hrútafjarðarbotn.

III. eftirlitssvæði:
17. skoðunarsvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Skagatá.
18. — Frá Skagatá að Haganesvík.
19. — Haganesvík að Siglunestá.
20. — Frá Siglunestá að Ólafsfjarðarmúla.
21. — Frá Ólafsfjarðarmúla að Gjögri, svo og Grímsey.
22. — Frá Gjögri að Tjörnestá, svo og Flatey á Skjálfanda.
23. — Frá Tjörnestá að Gunnólfsvíkurfjalli.

IV. eftirlitssvæði:
24. skoðunarsvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Lagarfljóti.
25. — Frá Lagarfljóti að Loðmundarfirði.
26. — Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður.
27. — Frá Dalatá að Gerpi.
28. — Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði.
29. — Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.
30. — Frá Breiðdalsvík að Austurhorni.
31. — Frá Austurhorni að Hjörleifshöfða.

V. eftirlitssvæði:
32. skoðunarsvæði: Vestmannaeyjar.

15. gr.

Skipaskoðunarstjóri skipar að fengnum tillögum eftirlitsmanns skoðunarmenn á hvert skoðunarsvæði. Tölu skoðunarmanna á hverju skoðunarsvæði ákveður skipaskoðunarstjóri að fengnum tillögum eftirlitsmanns. Skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á svæði sínu, hafa reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum og vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann.

Eftirlitsmaður skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

16. gr.

Áður en embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins taka til starfa, skulu þeir undirrita eið eða drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starfann eftir beztu samvizku og þekkingu.

Ekki mega þeir skoða þau skip eða annast önnur störf skipaeftirlitsins, að því er snertir skip, er þeir eiga sjálfir að meira eða minna leyti eða ef þeir eru í þjónustu slíkra aðilja. Eigi mega þeir heldur annast skipaskoðunarstörf að því er snertir þau skip, sem þeir eru á einn eða annan hátt við riðnir, þannig að þeir verði eigi taldir óvilhallir.

Skipaeftirlitsmaður sker úr, hvort skoðunarmenn séu óvilhallir.

17. gr.

Skipaskoðunarmenn annast allar skoðanir, er ræðir um í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi.

Nú er um skoðun að ræða, er eftirlitsmaður telur þannig vaxna, að meiri sérfræðilegrar þekkingar sé þörf, og skipar hann þá sérfróðan mann eða menn skoðunarmönnunum til aðstoðar.

Ef þörf krefur, getur skipaskoðunarstjóri kvatt mann til skoðunar utan umdæmis síns.

18. gr.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé kröfum þeim, sem gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, um öryggi skipa þeirrar tegundar, sem skip það er, sem þeir skoða, og í þeim ferðum, sem því eru ætlaðar.

Skoðunar- og eftirlitsmenn skulu líta eftir umgengni og hreinlæti í vistarverum og forðageymslum.

Að lokinni skoðun er skipaskoðunarmönnum skylt að sjá um, að bætt sé úr því, sem þeir telja áfátt. Telji skoðunarmenn eigi öruggt, að skip sé í förum, skulu þeir eigi láta skoðunarvottorð af hendi, en tilkynna útgerðarmanni eða skipstjóra, að vottorð verði eigi afhent, fyrr en úr göllunum sé bætt, enda skal og skipinu bannað að vera í förum.

Um málið fer síðan samkvæmt VII. kafla.

Ef það, sem áfátt þykir, er þannig vaxið, að haffæri skips er óskert og eigi er hægt að bæta úr því þegar í stað, þar sem skipið er statt, skal skoðunarmaður gefa skipstjóra hæfilegan frest til þess að fullnægja gerðum kröfum, þó eigi lengri en 3 mánuði.

Hvers vant er, ástæður til frestveitingar og lengd frests skal skráð í eftirlitsbók.

Þegar frestur er liðinn, ber skoðunarmanni að ganga úr skugga um, að bætt hafi verið úr því, sem áfátt var. Hafi það eigi verið gert, ber honum tafarlaust að skýra eftirlitsmanni frá, og ákveður hann þá, hvort frestur skuli framlengdur eða hvort útgerðarmaður eða skipstjóri skuli sóttir til saka.

Verði ekki náð til skipsins, þegar fresturinn er útrunninn, skal eftirlitsmaður leita aðstoðar skipaskoðunarstjóra í málinu, og ákveður hann þá, hvað gera skuli.

19. gr.

Eftirlitsmönnum ber hverjum í sínu umdæmi að gæta þess, að fullnægt sé fyrirmælum um öryggi skipa. Í því skyni ber þeim m. a. að athuga skip í umdæmi sínu, hleðslu þeirra og haffæri fyrirvaralaust, þegar hentugt þykir eða ástæða virðist til, einkum er skip kemur til hafnar eða fer úr höfn. Komi fram, að vafi leiki á því, hvort skip sé haffært samkvæmt lögum þessum, skal það stöðvað til bráðabirgða samkvæmt 47. gr.

Ef skipaskoðunarstjóri telur ástæðu til, getur hann tilnefnt trúnaðarmenn til þess að annast einstök störf eftirlitsmanna, og hafa þeir þá sama rétt og skyldur og eftirlitsmenn.

20. gr.

Verði skoðunarmenn, lögreglumenn, hafnsögumenn, hafnaryfirvöld, tollmenn, trúnaðarmenn stéttarfélaga sjómanna á staðnum eða skrásetningarstjórar varir við, að lög þessi séu brotin eða reglugerðir settar samkvæmt þeim, eða telji þeir sig hafa ástæðu til þess að ætla, að skip sé ekki haffært, skulu þeir tafarlaust gera næsta eftirlitsmanni aðvart, og skal hann þá að athuguðu máli gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 19. gr.

Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva, er þeir eru að starfi sínu, þó þannig, að þeir skulu gera forstjóra stöðvarinnar aðvart. Athugar hann málið og snýr sér til eftirlitsmanns skipaskoðunarinnar, ef hann telur ástæðu til.

21. gr.

Þegar embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins eru að starfi, hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert íslenzkt eða útlent skip, sem statt er í íslenzkri höfn eða innan íslenzkrar landhelgi, til þess að rannsaka það, sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Leita ber þó álits eftirlitsmanns eða skipaskoðunarstjóra, ef eigi er nauðsyn skjótra aðgerða.

Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar eru skyldir til að veita eftirlitinu alla aðstoð og upplýsingar, sem óskað er og starfið varða.

Trúnaðarmenn eftirlitsins skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa töfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

22. gr.

Embættis- og sýslunarmenn eftirlitsins eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

IV. KAFLI
Skoðun skipa.

23. gr.

Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana, sem um ræðir í III. kafla, einkum 19. gr., sbr. og 7. gr., eru skoðunargerðir á skipum þrenns konar: aðalskoðun, aukaskoðun og sérstök aukaskoðun.

24. gr.

Skoðun á þiljuðum skipum annast tveir sérfróðir skoðunarmenn, sbr. þó 17. gr., 2. mgr.

Skal annar þeirra vera vélfróður, en hinn eftir atvikum skipasmiður eða siglingafróður maður.

Skoðun á opnum bát, hvort sem hann er með vél eða án vélar, skal framkvæmd af einum manni nægjanlega sérfróðum.

25. gr.

Aðalskoðun skal gera á skipinu, sem hér segir:

a) Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefur verið hér á landi eða breytt þannig, að farmrými hefur verið stækkað, yfirbygging aukin, breytt um aðalvél eða því hefur verið breytt svo mjög, að mæla þurfi það af nýju.
b) Þegar skip er fengið frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skrásetningar undir íslenzkan fána eða til útgerðar hér á landi.

c) Á öllum farþegaskipum, öllum stálskipum eldri en 12 ára og tréskipum eldri en 16 ára einu sinni á ári.
d) Á öllum öðrum skipum annað hvort ár.

26. gr.

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skips, bæði sjálfs bols þess, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélatækja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skips.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi, skal sú skoðun, sem fram fór á því til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefur verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. janúar 1926, um haffæri og búnað skipa og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og skipaskoðunarinnar.

27. gr.

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) vottorð um skoðunina og álit sitt um, hvort þeir telji skip haffært eða eigi. Jafnframt ber þeim að senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina, hvort tveggja ritað eftir fyrirmynd, er ráðherra setur. Skýrsluna sendir síðan eftirlitsmaður skipaskoðunarstjóra ásamt athugasemdum sínum.

Hafi skoðun leitt í ljós, að skip sé haffært, skal lögreglustjóri (tollstjóri) eða skipaskoðunarstjóri gefa því haffærisskírteini. Öryggisskírteini farþegaskipa, sem út eru gefin samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á sjónum, 31. maí 1929, skal þó skipaskoðunarstjóri gefa út.

Í haffærisskírteini skal tilgreina nafn skips og heimili, skrásetningarbókstafi þess, númer þess á fiskiskipaskrá og umdæmisbókstafi, ef um fiskiskip er að ræða, rúmlestatal, hvort skip sé seglskip eða vélskip, opið eða þiljað, til hvaða ferða skip sé ætlað, tölu farþega, er það má flytja, sé um farþegaskip að ræða, svo og, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, er gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Haffærisskírteini skipa, sem um ræðir í c-lið 25. gr., gildir í eitt ár, frá því að það var gefið út.

Haffærisskírteini skipa, sem um ræðir í d-lið 25. gr., gildir í tvö ár, frá því að það var gefið út, enda hafi lögboðin aukaskoðun farið fram.

Nú er skip eigi í höfn hér, þegar haffærisskírteini þess gengur úr gildi, og getur þá skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinis um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en 3 mánuði, enda sé eigi ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært. Nú eru annars sérstök vandkvæði á, að skírteini verði endurnýjað, án þess að eiganda, útgerðarmanni eða skipstjóra verði um kennt, og getur skipaskoðunarstjóri þá framleng gildi skírteinis um allt að 45 daga, enda sé engin ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært.

Haffærisskírteini skal fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt við tollafgreiðslur skips, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum skipaeftirlitsins, sbr. III. kafla, eða lögreglunni. Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipi á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skip sé óhaffært, og skal skip þá lagt í farbann, sbr. 47. gr.

28. gr.

Almenn aukaskoðun skal gerð einu sinni á ári á skipum þeim, er ræðir um í 25. gr., d-lið, í lögum þessum, það ár, sem aðalskoðun fer ekki fram á þeim.

29. gr.

Við almenna aukaskoðun skal sérstaklega athuga allan búnað skips og áhöld, botn skips og stýrisbúnað. Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sé þá eigi liðið ár frá síðustu botnskoðun.

30. gr.

Sérstök aukaskoðun skal gerð, er svo stendur á sem hér segir:

a) Þegar skip hefur sætt verulegri viðgerð, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkvæmt 25. gr. í lögum þessum.
b) Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, meiri hluti skipshafnar, vélstjóri eða stjórn stéttarfélags eða félaga sjómanna á staðnum krefst skoðunar. Krafa skal send eftirlitsmanni og vera skrifleg og rökstudd. Trúnaðarmenn eftirlitsins eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur.
c) Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess, svo sem er skip skiptir um veiðiaðferð.

Synji eftirlitsmaður um skoðun, er hennar er krafizt samkvæmt b-lið, má skjóta málinu til skipaskoðunarstjóra.

31. gr.

Við sérstaka aukaskoðun skal athuga þá hluta skips eða skipsbúnaðar, er ástæða þykir til vegna atvika þeirra, er skoðuninni valda.

32. gr.

Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skoðunarmenn senda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) vottorð um skoðunina og álit sitt um, hvort þeir telji skip haffært eða eigi. Jafnframt ber þeim að senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina, og skal hvort tveggja þetta ritað eftir fyrirmynd, er ráðherra setur. Skýrsluna sendir síðan eftirlitsmaður skipaskoðunarstjóra ásamt athugasemdum sínum.

Telji skoðunarmenn skip haffært, ritar lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri á haffærisskírteini þess athugasemd um, að aukaskoðun hafi farið fram og að hún hafi eigi leitt neitt það í ljós, er geri skipið óhaffært.

33. gr.

Nú fer fram auka- eða skyndiskoðun á skipi, og getur þá skipaskoðunarstjóri ákveðið, að aðalskoðun skuli fara fram þá þegar, enda skal sú ákvörðun rökstudd.

34. gr.

Synji skipaskoðunarstjóri um skoðun, þegar hennar er krafizt samkv. b-lið 30. gr., eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 52. gr. Um slík mál fer sem segir í 50. gr.

Dómurinn kveður endanlega á um, hvort skoðun eða eftir atvikum yfirskoðun skuli fara fram.

Dómurinn annast yfirskoðun sjálfur eða kveður til sérstaka yfirskoðunarmenn, ef þörf þykir. Þeir skulu vera þrír eða fimm eftir ákvörðun dómsins, sérfróðir, hæfir og óhlutdrægir menn, er fullnægja skilyrðum til þess að gegna embætti eða sýslan hér á landi.

Yfirskoðunargerð verður ekki haggað, ef hún hefur farið löglega fram. Hún skal staðfest með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt er af einhverjum þeim, er hlut á að máli.

V. KAFLI
Um smíði, búnað, breytingar og innflutning á skipum.

35. gr.

Skip skal að jafnaði fullnægja skilyrðum þeim, sem hér segir:

A. Skrokkur, reiði og vélar.
1. Skrokkur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi.
2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnsþétt skilrúm.
3. Stýri og stýrisbúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skal vera fullnægjandi og í góðu ástandi. Vélknúnar austurdælur skulu vera í skipum, sem eru 50 rúmlestir eða stærri.
4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld.
5. Skip skal láta vel að stjórn og vera nægilega stöðugt, svo að því verði örugglega siglt. Athugun á stöðugleika annarra skipa en þeirra, sem um ræðir í 37. gr., framkvæmir skipaskoðunarstjóri á þann hátt, er hann telur fullnægjandi, eftir atvikum með tæknilegri rannsókn.

Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1.—5. lið, að jafnaði talið fullnægt, ef skip fullnægir þeim kröfum, er flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma, að slíkt skip nái 1. flokki, þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða, sem því eru ætlaðar.

B. Siglingatæki.
1. Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum, sem nauðsynleg eru, til þess að því verði örugglega siglt, þar með talin fjarskipti-tæki, sem fyrirskipuð eru eða kunna að verða.

Í skipi skal vera eigi minna en einn áttaviti og honum komið fyrir á öruggum stað.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans til þess að rétta áttavita.

Skip skal búið þjóðfána.

C. Öryggisráðstafanir og eldvarnir.
1. Varnir gegn slysum, er leitt getur af venjulegri notkun skips, skulu vera í því horfi, að menn, sem dvelja eða vinna á skipsfjöl eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.

Auknar kröfur má gera um öryggi tækja, ef gallar á þeim valda sérstakri slysahættu.
2. Gegn eldhættu skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir. Í skipi skulu vera slökkvitæki, sem beita má hvar sem er í því. Vélknúin dæla skal vera í öllum skipum, 30 rúmlesta eða stærri.

D. Björgunartæki.
1. Skip skal búið traustum björgunartækjum, er komið sé fyrir á hentugum stöðum.
2. Á skipi, sem er í millilandasiglingum, skulu vera nægjanlegir bátar handa öllum, sem á skipi eru.

Á skipi, sem er í strandsiglingum, skulu vera nægjanlegir bátar handa skipshöfn, en um báta og fleytitæki handa öðrum skal setja sérreglur, sbr. 2. lið 36. gr. og 38. gr.
3. Hæfilega margir bjarghringar skulu vera á skipi. Tölu þeirra ber að miða við stærð skips og fjölda þeirra manna, sem þar er ætlað að vera.
4. Nánari reglur skulu settar um notkun og öryggi björgunartækja, þar með taldar reglur um, að hve miklu leyti bátar skuli vera björgunarbátar. Er sér-

staklega stendur á, má krefjast þess, að auk báta skuli vera björgunarflekar eða svipuð fleytitæki. Ef öruggt þykir, má leyfa, að slík tæki komi að nokkru leyti í stað báta.

E. Vistarverur.

1. Vistarverur skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hreinlætistæki og viðhald.

   Reglur um rúmmál, gólfflöt og lofthæð skulu miðaðar við gerð skips og ferðir, sem því eru ætlaðar.

   Sérstök rekkja skal vera fyrir hvern skipverja.

2. Í reglugerð skal og kveða á um búnað skips að lyfjum og hjúkrunargögnum.

3. Reglugerðir, sem um ræðir í 1. og 2. lið, skulu settar af ráðherra að fengnu áliti landlæknis og skipaskoðunarstjóra.

F. Fjarskiptitæki.

Skip, sem siglir meira en 3 sjómílur frá landi og er stærra en 15 rúmlestir, skal hafa loftskeytastöð eða radiotalstöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði. Einn skipverja, að minnsta kosti, skal hafa starfsrækskluskírteini fyrir slíka stöð, samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Stöð þessi er háð eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar. Póst- og símamálastjórnin gefur út öryggisvottorð fyrir fjarskiptitækin og tilkynnir skipaskoðunarstjóra árangur skoðunar á þeim, svo og annað varðandi þau, er ástæða þykir til.

G. Skipsskjöl.

1. Auk leiðarbókar (dagbókar) og véladagbókar skal skip hafa eftirlitsbók, sem í eru skráð vottorð skipaeftirlitsins um framkvæmdar skoðunargerðir ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits, sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið, sem krafizt kann að verða.

   Bjóða má, að skip hafi segulskekkjubók, sem í er skráð segulskekkja áttavitanna.

   Gerð og færslu eftirlitsbókar og segulskekkjubókar skal hagað á þann hátt, er skipaskoðunarstjóri kveður á um.

2. Lög þau og reglur um siglingamál, sem boðið er, skulu vera á skipi. Á þar til gerðum stöðum skal festa auglýsingar um þau efni, er krafizt er, að þannig séu birt.

3. Auk þjóðernis- og skrásetningarskírteinis og mælingabréfs skal skip hafa haffærisskírteini, hleðsluskírteini og leyfisbréf fyrir radiostöð. Enn fremur öryggisskírteini, þar sem þess er krafizt.

36. gr.

Um farþegaskip gilda ákvæði 35. gr. með þeim breytingum og viðbótum, er hér segir:

1. Farþegaskip skal að öllu vera þannig gert og búið, að því er snertir öryggi mannslífa, að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra, sem það er notað til.
2. Um búnað og björgunartæki farþegaskipa skal setja sérreglur.
3. Um vistarverur farþega, stærð þeirra, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, viðhald og hreinsun setur ráðherra reglugerð að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra.

   Þilfarsfarþega skal ætlað hæfilegt rúm í reisn eða milli þilfara, ef ferð hans tekur meira en sex stundir. Salerni skal vera handa þilfarsfarþegum, eitt handa hverjum 50 eða færri.

4. Á skipum, sem fara milli landa, skal þess enn fremur gætt:
   að í skipi sé sérstakur klefi ætlaður sjúklingum;
   að vistarverur þilfarsfarþega séu ekki bráðabirgðaskýli, sem komið er fyrir á

þilfari, og hvorki fyrir framan stafnþil né á þilfari, sem er lægra en það, sem liggur rétt fyrir neðan sjávarmál, er skip er fullhlaðið;
að hver þilfarsfarþegi hafi sérstaka rekkju;
að eigi séu fleiri en tvær rekkjur, önnur yfir hinni;
að sérstakur svefnklefi sé fyrir konur;
að hreinlætisklefi sé handa þilfarsfarþegum;
að þilfarsfarþegar geti dvalizt undir berum himni á efsta þilfari eða öðrum hæfilegum stað.

5. Í skipi skal vera auglýst, svo að á ber, til hvers konar flutninga skip sé ætlað, og hámark farþegafjölda.

37. gr.

Farþegaskip, hvort heldur þau eru smíðuð til millilanda- eða strandsiglinga, skulu vera nægilega stöðug með alla farþega ofan þilfars, og er þá miðað við hæstu tölu farþega, sem hugsanlegt er, að skip flytji.

Að lokinni tæknilegri skoðun á stöðugleika skips skal skipaskoðunarstjóri ákveða í samráði við skipasmíðastöðina, hvernig úr skuli bætt, sé um ófullnægjandi stöðugleika að ræða.

38. gr.

Þegar skip, sem ekki telst farþegaskip samkvæmt lögum þessum, er að áliti skipaskoðunarstjóra notað til reglulegra farþegaflutninga, skal hann kveða á um það sérstaklega um hvert skip, hvers krafizt skuli um gerð þess og búnað. Þegar svo ber undir, að skip, sem ekki er farþegaskip, flytur annað fólk en skipverja, skulu settar sérreglur um aðbúð þeirra og öryggi.

39. gr.

A. Nýsmíði innan lands:
1. Nýsmíði skipa er háð eftirliti skipaskoðunar ríkisins.
2. Um nýsmíði tréskipa fer eftir uppdráttum og reglum, er ráðherra setur um smíði þeirra, svo og öðrum þeim reglum, er varða öryggisbúnað skipa.
3. Sé um stálskip að ræða, annast skipaskoðun ríkisins eftirlitið, ef skipið er ekki smíðað undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags, en annars skal fela eftirlitið því flokkunarfélagi, er hlut á að máli. Þá skal og skipaskoðun ríkisins annast um, að skip fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru að alþjóðalögum og íslenzkum réttarreglum um öryggi skipa og búnað þeirra.
4. Þegar nýtt skip er smíðað, skipar skipaskoðunarstjóri skoðunarmann, sem hefur daglegt eftirlit með smíðinni af hálfu hins opinbera. Verði því við komið, skal skipa einn hinna föstu skoðunarmanna skipaeftirlitsins á staðnum, enda verði hann talinn óhlutdrægur. Enn fremur skulu hinir sérfróðu menn, er um ræðir í 10. gr., ferðast milli skipasmíðastöðvanna samkvæmt ákvörðun skipaskoðunarstjóra, og skulu þeir leiðbeina við skipasmíðina, eftir því sem þörf krefur.

B. Nýsmíði erlendis:
1. Tréskip, sem smíðuð eru erlendis til skráningar hér á landi, skulu fullnægja ákvæðum íslenzkra laga og reglugerða um smíði og styrkleika skipa eða reglum flokkunarfélags, sem viðurkennt er af ráðherra, enda sé þá gætt krafna til styrkleika skipa, sem ætluð eru til úthafssiglinga, og séu þær eigi vægari í aðalatriðum en hinar íslenzku reglur.
2. Stálskip, sem smíðuð eru erlendis til skráningar hér á landi, skulu fullnægja reglum flokkunarfélaga, viðurkenndra af ríkisstjórninni, alþjóðalögum og íslenzkum reglum, um öryggi skipa og búnað þeirra.
3. Þegar ræðir um nýsmíði á tréskipum erlendis, skal skipaskoðunarstjóra skylt að annast daglegt eftirlit með smíðinni, en fullnaðarskoðun skipaeftirlitsins

fer fram, þegar skip kemur til landsins. Eftirlit þetta má skipaskoðunarstjóri fela viðurkenndu flokkunarfélagi. Ræði um nýsmíði á stálskipi, skal flokkunarfélag, viðurkennt af ríkisstjórninni, annast hið daglega eftirlit með skipasmíðinni, en fullnaðarskoðun fer fram, þegar skip kemur til landsins.

C. Breytingar á gömlum skipum:

Engar meiri háttar breytingar, sbr. a-lið 25. gr., má gera á gömlum skipum, án þess að sérstakt leyfi skipaskoðunarstjóra sé fengið fyrir fram. Allar breytingar og viðgerðir skipa, sem varða öryggi skips, skulu gerðar undir eftirliti skipaskoðunar ríkisins, og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð.

D. Innflutningur skipa:

Skip, sem keypt eru frá útlöndum til skrásetningar hér á landi, skulu fullnægja íslenzkum lögum um styrkleika, búnað og haffæri.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi, þarf skoðun ekki að fara fram, fyrr en skipið er komið heim. Sé skip ekki í viðurkenndu flokkunarfélagi, skal skoðun fara fram, áður en það er keypt. Skoðunin skal skráð á þar til gerð eyðublöð, sem skipaskoðunarstjóri gefur út í þessu skyni. Skoðun framkvæmir innlendur eða útlendur maður, sem hefur þekkingu á skipasmíði að dómi skipaskoðunarstjóra.

Er skipaskoðunarstjóri hefur fengið skoðunarskýrslu, kveður hann á um, hvort hann vilji mæla með innflutningi skips eða ekki. Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips, að það fullnægi kröfum þessara laga í aðalatriðum og sé eigi eldra en 12 ára.

Þegar skip er komið heim, fer fram aðalskoðun samkv. a-lið 25. gr., sbr. og 2. mgr. 40. gr.

40. gr.

Skipum, sem voru íslenzk eign eða í smíðum fyrir íslenzka menn 1. júlí 1937, getur ráðherra veitt undanþágu frá lögum þessum, að því er einstök atriði varðar, þó ekki um haffæri skipa, sbr. 5. gr.

Ef alveg sérstaklega stendur á, má veita slíkar undanþágur skipum, sem keypt eru frá útlöndum.

Undanþágur frá ákvæðum laganna má veita skipum, sem eru sérstakrar gerðar, úr sérstöku efni eða með sérstökum vélabúnaði, og skipum, er gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi eða hafa ekki sérstaka aflvél innan borðs.

Undanþágur samkvæmt grein þessari má því aðeins veita, að skipaskoðunarstjóri mæli með þeim, enda er honum heimilt, ef hann telur ástæðu til, að leita umsagnar Farmanna- og Fiskimannasambands Íslands og sjómannafélags þess, er hann telur helzt eiga hlut að máli.

41. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um smíði og búnað skipa og véla. Ber þar að miða við, hverrar tegundar skip er, stærð þess og notkun, er það er ætlað til, svo og gerð véla og þær ferðir, sem skipi eru ætlaðar.

VI. KAFLI

Um hleðslumerki o. fl.

42. gr.

Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskírteini.

Þau íslenzk skip, sem hleðslumerkjasamþykkt, gerð í London 5. júlí 1930, nær til, skulu hafa alþjóða-hleðslumerkjaskírteini. Önnur íslenzk skip, 50 rúmlestir eða stærri, skulu hafa hleðslumerkjaskírteini, er sýnir minnsta hleðsluborð.

Skipaskoðunarstjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt samþykkt þeirri, er um ræðir í 2. mgr., og nánari reglum, er ráðherra setur.

Undanþegin ákvæðum þessarar greinar um hleðslumerki eru skip, meðan þau stunda síldveiði á tímabilinu 1. júní—15. sept., enda hafi þau verið skoðuð samkvæmt c-lið 30. gr. og sú skoðun skráð í eftirlitsbók.

43. gr.

Ráðherra setur með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað til öryggis mannslífum og haffæri skipa.

44. gr.

Merkja skal á fram- og afturstefni allra skipa, sem stærri eru en 20 rúmlestir, mælikvarða í desímetrum annars vegar, en í enskum fetum hins vegar, er sýni, hve djúpt skip liggur í sjó.

Þegar skipaskoðunarstjóri hefur ákveðið hleðsluborð skips, skal hann, telji hann ástæðu til, merkja djúpstöðu þess á framstefni, til þess að forðast mishleðslu, enda ráðfæri hann sig við skipstjórann og skipaskoðunarmann.

45. gr.

Hleðslumerkjaskírteini skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt bæði við tollafgreiðslu og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum skipaeftirlitsins, sbr. III. kafla, eða lögreglunni.

Hafi skip hleðslumerkjaskírteini útgefið af þar til bærum erlendum stjórnarvöldum í ríki, sem er aðili að alþjóðasamþykkt gerðri í London 5. júlí 1930, eða viðurkenndu skipaflokkunarfélagi, getur skipaskoðunarstjóri veitt því íslenzkt hleðslumerkjaskírteini í þess stað án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

Nú er skipi breytt þannig, að hleðsluborð þess breytist að dómi skipaskoðunarstjóra, og er þá hleðslumerkjaskírteini þess úr gildi fallið.

46. gr.

Bannað er að flytja benzín eða önnur þau eldfim efni, er sérstök sprengingarhætta stafar af, í farmrúmi eða á þilfari á farþegaskipum.

Um flutning efna þeirra, sem um ræðir í 1. mgr., með skipum setur ráðherra reglur að fengnu áliti skipaskoðunarstjóra.

Um fermingu, flutning og affermingu farms að öðru leyti setur ráðherra reglur að fengnu áliti skipaskoðunarstjóra, þar á meðal um flutning á dýrum.

VII. KAFLI

Um farbann o. fl.

47. gr.

Eftirlitsmenn skera úr því, hvort för skips skuli bönnuð samkvæmt lögum þessum.

Nú hefur eftirlitsmaður lagt farbann á skip, og skal það þá þegar í stað tilkynnt skipstjóra og, ef hentugt þykir, útgerðarmanni. Tilkynningin skal vera skrifleg. Ástæður fyrir banni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því, að banni verði af létt. Skýrslu um málið ásamt nauðsynlegum upplýsingum skal senda skipaskoðunarstjóra, og loks skal lögreglustjóra, hafnar- og tollyfirvöldum á staðnum skýrt frá banninu, enda ber þessum aðilum, hverjum á sínu sviði, að veita fulltingi sitt til þess, að banni verði framfylgt.

48. gr.

Skipaskoðunarstjóri skal fella farbann skips úr gildi, ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt, staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn.

Telji skipaskoðunarstjóri gögn skorta, sér hann um, að þeirra verði aflað.

VIII. KAFLI

Um siglingadóm og rannsókn sjóslysa.

49. gr.

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Forseti skipar formann dómsins og varaformann til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Ráðherra skipar 12 meðdómendur og 6 varameðdómendur, alla til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra á diesel-skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar eða loftskeytamenn síðastliðin 5 ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu sérfróðir um firðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru: Formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra, sem tilnefndir hafa verið, og annar sjómannanna (sbr. 3. lið).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda, og gildir sú kvaðning, þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadómendanna valdir í hvert skipti af föstu dómendunum, eftir því hverrar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

50. gr.

Hlutverk siglingadóms er:

1. Að annast yfirskoðunargerðir samkvæmt lögum þessum og kveðja yfirskoðunarmenn.
2. Að skera úr um gildi farbanns.
3. Að dæma og eftir atvikum rannsaka refsimál, sem höfðuð eru að tilhlutun skipaskoðunarstjóra út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum.
4. Að skera úr um gjaldskyldu og gjaldsupphæð samkv. 63. gr.

51. gr.

Hafi einhver sá atburður gerzt, er valdi því, að halda beri sjóferðapróf samkvæmt 45. gr. l. nr. 56 30. nóv. 1914, ber að gera eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem sjópróf er haldið, aðvart um það, og sé um að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón á skipi eða veruleg meiðsli manna, ber honum að mæta eða láta mæta við prófin.

Eftirlitsmanni ber og að hefjast handa um, að próf sé haldið, ef hann telur ástæðu til eða þess er krafizt af aðilum þeim, sem taldir eru í b-lið 30. gr.

Hinir reglulegu sjódómar annast sjópróf og rannsóknir sjóslysa.

Á I. eftirlitssvæði fer þó siglingadómur með rannsóknina, en getur falið hana sjódómi, þar sem skip er statt, ef um lítilræði er að ræða eða sérstaklega stendur á. Siglingadómur getur haldið sjópróf hvar sem er á landinu, ef hann telur ástæðu til.

Öll sjópróf fara fram að hætti sakamála.

Að prófi loknu skal eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem próf er haldið, sent eftirrit af því. Eftirlitsmaður getur krafizt framhaldsprófs, ef hann telur ástæðu til. Hann sendir síðan skipaskoðunarstjóra eftirrit prófanna ásamt athugasemdum sínum.

Telji skipaskoðunarstjóri ástæðu til að ætla, að um refsivert brot sé að ræða, sendir hann skjölin formanni siglingadóms með kröfu um, að málið verði þar tekið fyrir, og lætur fylgja greinargerð og gögn, er hann telur þurfa.

Siglingadómur ákveður þá fyrirtöku málsins á þeim stað og tíma, er hann telur henta. Skipaskoðunarstjóra og þeim, sem fyrir sök eru hafðir, skal tilkynnt um málshöfðunina, og skal í þeirri tilkynningu — stefnu— greint efni sakar og annað það, sem taka ber fram í stefnu samkvæmt almennum lögum. Málið skal síðan rekið að hætti sakamála, þó þannig, að málflutningur er munnlegur og opinber.

Skipaskoðunarstjóri sér um sókn málsins af hálfu ríkisvaldsins.

Telji skipaskoðunarstjóri eigi ástæðu til málshöfðunar, geta aðilar þeir, sem um ræðir í 30. gr., b-lið, krafizt hennar, enda sjái þeir þá um sókn málsins.

52. gr.

Nú hefur farbann verið lagt á skip og getur þá skipstjóri eða útgerðarmaður kært það fyrir siglingadómi.

Nú er synjað um að leggja farbann á skip eftir kröfu þeirra aðila, sem um ræðir í b-lið 30. gr., og geta þeir þá kært synjunina fyrir siglingadómi.

53. gr.

Málum höfðuðum samkvæmt 34., 52. og 63. gr. þessara laga skal beint gegn skipaskoðunarstjóra. Þeim skal hraðað svo sem föng eru á. Sérstaklega skal, þegar er hægt er, kveðið á um, hvort farbann sé staðfest eða ekki. Þeim úrskurði, sem skal vera rökstuddur, verður ekki áfrýjað.

Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjuleg sjódómsmál.

Skaðabótamál vegna ólöglegs farbanns ber undir almenna dómstóla.

Bótaréttur gegn ríkissjóði fellur niður, ef mál er eigi höfðað innan tveggja mánaða frá því er siglingadómur hefur kveðið á um gildi farbanns.

IX. KAFLI
Um gjöld.

54. gr.

Fyrir aðalskoðun á skipi, sem eigi er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal eigandi greiða í ríkissjóð:

Fyrir opinn bát	kr. 6.00
— — — með vél	— 12.00
— skip minna en 15 rúml.	— 22.00

				pr. rúml. aurar	minnsta gjald kr.
Fyrir skip	15 rúml.	allt að	30 rúml.	150	30.00
— —	30 —	— —	50 —	140	45.00
— —	50 —	— —	100 —	130	70.00
— —	100 —	— —	200 —	120	130.00
— —	200 —	— —	400 —	110	240.00

	pr. rúml. aurar	minnsta gjald kr.
Fyrir skip 400 rúml. allt að 800 rúml.	100	440.00
— — 800 — — — 1200 —	90	800.00
— — 1200 — — — 1600 —	80	1080.00
— — 1600 — — — 2000 —	70	1280.00
— — 2000 — og yfir	60	1400.00

Hluti úr rúmlest reiknast ekki með.

Gjöldin reiknast í heilum krónum, þannig að því, sem er umfram krónu, er sleppt.

Fyrir almenna aukaskoðun á skipum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða 75% af gjaldi því, sem þar er talið.

Fyrir aðalskoðun og aukaskoðun á skipum, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða hálft gjald samkvæmt 1. og 2. mgr.

55. gr.

Fyrir fyrstu skoðun á nýsmíðuðu skipi, hvort heldur það er smíðað hér á landi eða erlendis, eða skipi innfluttu frá útlöndum, skal greiða gjald samkvæmt 1. mgr. 54. gr. að viðbættum 50%, og skiptir þá ekki máli, hvort skipið er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi eða ekki.

56. gr.

1. Fyrir eftirlit með smíði tréskips eða óflokkaðs stálskips, sem smíðað er innan lands, skal greiða fjórfalt gjald samkvæmt 1. mgr. 54. gr.
2. Fyrir eftirlit með breytingum og verulegum viðgerðum á skipum, sbr. C-lið 39. gr., skal greiða gjald samkv. 1. mgr. 54. gr. að viðbættri upphæð, er skipaskoðunarstjóri ákveður í hvert skipti með hliðsjón af því, hve umfangsmikil breytingin eða viðgerðin er.

Hærra en tvöfalt gjald samkv. 1. mgr. 54. gr. má þó ekki krefja.

57. gr.

Fyrir eftirlit flokkunarfélags eða annars trúnaðarmanns, er skipaeftirlitið hefur samþykkt, greiðir eigandi þeim, sem hlut á að máli.

58. gr.

Fyrir skoðun á eimkatli, þegar sú skoðun er ekki framkvæmd, um leið og aðal- eða aukaskoðun fer fram, skal greiða:

Skip með vél minni en 100 hestöfl	kr. 35.00
— — — frá 100 til 200 hestöfl	— 45.00
— — — — 200 — 400 —	— 60.00
— — — — 400 — 800 —	— 75.00
— — — — 800 — 1200 —	— 90.00
— — — — 1200 — hestöfl og þar yfir	— 110.00

59. gr.

Fyrir skoðun og mælingar á skipi til ákvörðunar hleðslumerkja skal greiða:

Fyrir skip minni en 200 rúmlestir	kr. 150.00
— — 200 rúml. allt að 500 rúml.	— 200.00
— — 500 — — — 900 —	— 250.00
— — 900 — — — 1400 —	— 300.00
— — 1400 — — — 2000 —	— 350.00
— — 2000 — — — 2700 —	— 400.00
— — 2700 — — — 3500 —	— 450.00
— — 3500 — og stærri	— 500.00

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis, sem gefið er út samkvæmt hleðslumerkjaskírteini frá erlendu stjórnarvaldi eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða 75 krónur.

Fyrir skoðun á skipi til framlengingar eða endurnýjunar á hleðslumerkjaskírteini og útgáfu þess skal greiða 100 krónur.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er eða ónýtt, skal greiða 50 krónur.

60. gr.

Fyrir endurskoðun á smíðauppdráttum óflokkaðs skips, sbr. 2. lið A. 39. gr., skal greiða tvöfalt gjaldið, sem um ræðir í 1. mgr. 54. gr.

Gjaldið skal miða við rúmlestatölu skips þannig, að margfalda saman smíðamál þess í metrum og deila með 5.

Fyrir endurskoðun á skoðunarskýrslu, sbr. 4. mgr. D-liðar 39. gr., greiðist sama gjald og fyrir endurskoðun smíðauppdrátta.

61. gr.

Fyrir aðrar skoðanir ber að greiða samkvæmt reikningi, er skipaskoðunarstjóri úrskurðar.

62. gr.

Öll framangreind gjöld ber eiganda skips að greiða, og renna þau í ríkissjóð, sbr. þó 57. gr.

Gjöldin skulu innheimt af lögreglustjórum (í Reykjavík tollstjóra) á sama hátt og önnur opinber gjöld til ríkisins. Gjöldunum fylgir lögveð í skipi jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

63. gr.

Telji gjaldandi gjald ranglega krafið eða of hátt, getur hann leitað úrskurðar skipaskoðunarstjóra, og skal þá greiða gjaldið samkvæmt honum. Gjaldandi getur þó á næstu þrem mánuðum frá því, er honum var kunnugt um úrskurðinn, skotið honum til siglingadóms, er þá sker úr um málið, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað.

Ríkissjóður endurgreiðir gjaldanda að öllu eða nokkru samkvæmt því, sem í úrskurði siglingadóms segir.

Skipaskoðunarstjóri er í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í slíkum málum.

Réttargjöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

X. KAFLI
Um laun.

64. gr.

Skipaskoðunarstjóri tekur laun samkvæmt II. flokki laga um laun starfsmanna ríkisins.

65. gr.

Sérfróðir ráðunautar skipaskoðunarstjóra (sbr. 10. gr.) skulu launaðir samkvæmt samningi, enda séu laun þeirra hvers um sig aldrei hærri en samkvæmt V. flokki laga um laun starfsmanna ríkisins og hlutfallslega lægri, ef um aukastarf er að ræða.

66. gr.

Eftirlitsmenn (sbr. 12. gr.) skulu launaðir samkvæmt VI. flokki laga um laun starfsmanna ríkisins, enda sé starfið aðalstarf þeirra.

67. gr.

Skoðunarmenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, og skal þar tekið tillit til verks þess, sem í té er látið.

68. gr.

Fastir dómendur siglingadóms skulu launaðir á sama hátt og fastir dómendur í félagsdómi.

Laun aukadómenda ákveða hinir föstu dómendur eftir málavöxtum hverju sinni.

69. gr.

Allir framangreindir embættis- og sýslunarmenn taka laun sín úr ríkissjóði.

Skrifstofukostnaður, ferðakostnaður og nauðsynleg aðstoð greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

XI. KAFLI

Um refsingar, svipting réttinda o. fl.

70. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú er skipi, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, lagt úr höfn eða skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, og skal þá eigi beita vægari refsingu en varðhaldi.

Refsingu skal beitt eigi aðeins við skipstjóra, þann, er í hans stað kemur, og aðra, sem beinan þátt eiga í broti, heldur og eiganda skips, útgerðarmann eða annan yfirboðara, enda sé brotið framið með vitund þess manns eða vilja.

71. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

Aðför skal reynd fyrir sekt, áður en til afplánunar kemur.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sakborninga.

72. gr.

Ef skip, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, er leyst úr höfn, svo og, ef skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, varðar það skipstjóra missi réttar til skipstjórnar eigi skemur en 3 mánuði.

Sé brot ítrekað eða hafi verulegt tjón hlotizt af á mönnum eða verðmætum, skal beitt réttindasviptingu í 6 mánuði og allt að 5 árum eða ævilangt, ef brot er stórfellt.

Réttindasviptingu samkvæmt þessari grein skal beitt við yfirvélstjóra, loftskeytamenn og aðra yfirmenn skips, eftir því sem við á, ef þeir gerast brotlegir gegn lögum þessum eða taka þátt í brotum á þeim.

73. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum 21. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935, að því er snertir viðurlög, ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

74. gr.

Ef maður, sem hefur fengið opinbera viðurkenningu eða próf sem smiður skips, vélar eða búnaðar þess, vanrækir störf sín samkvæmt lögum þessum, varðar það hann refsingu og réttindamissi samkvæmt 70. og 72. gr.

75. gr.

Svipting réttinda samkvæmt lögum þessum skal gerð með dómi.

Hver sá, sem sviptur hefur verið réttindum samkvæmt lögum þessum, skal afhenda lögreglunni réttindaskírteini sitt.

Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

76. gr.

Hafi maður verið sviptur réttindum samkvæmt lögum þessum lengur en 5 ár, getur dómsmálaráðherra veitt honum réttindin aftur, enda séu meira en 5 ár liðin frá réttindasviptingu, sönnur færðar á, að sá, er hlut á að máli, hafi lifað heiðarlegu og grandvöru líferni, hafi enn þá þekkingu og leikni, er til starfans þarf, og ástæður mæli að öðru leyti með.

Endurveiting réttinda samkvæmt þessari grein er þó því aðeins heimil, að skipaskoðunarstjóri og siglingadómur mæli með.

XII. KAFLI

Um gildistöku laganna o. fl.

77. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum og bátum, lög nr. 38 30. júní 1942, um breyting á þeim lögum, svo og önnur þau ákvæði, er eigi fá samrýmzt lögum þessum.

78. gr.

Reglugerðir, sem út hafa verið gefnar samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, halda gildi sínu, þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar.

79. gr.

Auk þess, sem getið er í einstökum greinum, er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra, enda sé tillagna skipaskoðunarstjóra leitað. Í slíkar reglugerðir má og setja refsiákvæði innan þeirra marka, er lög þessi setja.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er skipuð var 7. marz 1944 til að endurskoða lögin um eftirlit með skipum o. fl., og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Þann 18. febrúar 1944 samþykkti Alþingi ályktun um endurskoðun á lögum um eftirlit með skipum og um athugun á framkvæmd skipaskoðunar.

Þann 7. marz s. l. vorum við undirritaðir skipaðir til þess að framkvæma endurskoðun laganna um eftirlit með skipum, reglugerðir um þau efni og framkvæmd skipaeftirlitsins.

Nefndin taldi sjálfsagt að byrja á endurskoðun laganna, og er framangreint frv. árangur þess starfs. Við samningu frumvarpsins hefur nefndin haft til athugunar samsvarandi löggjöf Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar, Hollands, Stóra-Bretlands og Bandaríkja Norður-Ameríku. Hefur ýmislegt, einkum úr löggjöf Norðurlanda og Hollands, verið haft til fyrirmyndar.

Jafnframt hefur nefndin athugað og í ýmsu farið eftir tillögum varðandi þessi mál, er samþykktar voru á 17. fiskiþingi, 7. sambandsþingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og fulltrúafundi stéttarfélaga sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði 15. febrúar þ. á. Þá hefur nefndin aflað þeirra gagna, er kostur hefur verið, um ýmis þau sjóslys, er orðið hafa á síðari tímum, og haft það, sem þar hefur komið fram, í huga við samningu frumvarpsins.

Eins og frumvarpið ber með sér er um allmiklar breytingar að ræða frá því, sem verið hefur. Hinar helztu þeirra eru:

Almennar reglur eru settar um byggingu, breytingar og innflutning skipa og eftirlit í þessum efnum.

Skipaeftirlit ríkisins er eflt og því komið í fastara form en verið hefur.

Sérstakur dómstóll — siglingadómur — er settur á stofn til þess að dæma í refsimálum út af sjóslysum og brotum á þessum lögum og rannsaka slík mál að nokkru.

Refsiákvæði eru hert verulega og réttindasvipting er lögð við brotum.

Fjárhagshlið eftirlitsins er þannig fyrir komið, að ríkissjóði eru ætluð ákveðin gjöld, sem lögð eru á skip á sama hátt og önnur opinber gjöld, en eftirlitið á hinn bóginn kostað af ríkissjóði, án þess að nokkurt beint samband sé milli þess, hverju gjöldin nemi á aðra hlið, en kostnaðurinn á hina. Reynt hefur þó verið að hafa hér nokkurt samræmi, sbr. athugasemd við IX. kafla.

Um einstakar greinar og kafla skal tekið fram:

UM I. KAFLA

Auk orðaskýringa er hér að finna ákvæði um, til hverra skipa lögin ná.

Um 1. gr.

Til þess að forðast ónákvæmni eru hér skýrð ýmis orð, er máli skipta í lögunum. Er þetta gert í samræmi við þau erlend lög, sem til athugunar hafa verið, sbr. og inngang tilskipunar 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra. Vel má vera, að ástæða sé til skýringar fleiri orðum en þeim, sem skýrð eru, og er þess vænzt, að þeir, sem síðar fjalla um frumvarpið, hafi það í huga.

Um 2. gr.

Greinin samsvarar 5. gr. laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum (hér eftir nefnd l. nr. 78 1938), að því viðbættu, að lögunum er ætlað að ná til erlendra skipa, þegar atvikum háttar eins og greinin segir.

Ákvæðið takmarkast að sjálfsögðu af samningum, sem gerðir hafa verið við önnur ríki, og alþjóðasamningum. Nefndinni er ljóst, að ákvæði þetta getur orðið erfitt í framkvæmd, og vill því benda á, að til mála gæti komið undanþáguheimild varðandi einstök atriði, ef skipaskoðunarstjóri mælir með.

Tilgangurinn er að sporna við því, að skip, sem ekki fullnægja settum reglum, séu leigð í því skyni að fara í kringum lögin.

Um 3. gr.

Rétt þykir, að til viðbótar því eftirliti, sem boðið er í 2. gr., sé heimilað að beita lögunum á víðara sviði, ef ástæða þykir til og samrýmanlegt er milliríkjasamningum, sbr. 4. gr.

Um 4. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

UM II. KAFLA

Hér eru sett í sérstakan kafla ákvæði um þau efni, er fyrirsögn hans greinir.

Um 5. gr.

Sjálfsagt er, að hægt sé að finna á einum stað í lögunum heildarákvæði um, hvenær skip telst ekki haffært.

Í fyrsta lagi telst skip óhaffært, hvort sem það er það í raun og veru eða ekki, ef það hefur eigi gild skírteini þau, er greinin telur. En til þess að öruggt sé, að skírteini þessi séu til og handbær, ákveður greinin, að jafnvel þótt skip sé í raun og veru haffært og jafnvel þótt gilt skírteini sé til, þá skuli þó telja skip óhaffært, ef skírteini er ekki sýnt, þegar réttir hlutaðeigendur krefjast. Felst í þessu aðhald um, að skírteini séu eins og vera ber. Jafnframt styrkir þetta aðstöðu embættis- og trúnaðarmanna eftirlitsins til þess að rækja skyldur sínar. Ákvæði svipaðs eðlis er í 2. mgr. 4 gr. l. nr. 78 1938.

Í öðru lagi telst skip óhaffært, ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa. Hér er sama að segja og um 1. lið, að hleðslumerkin ráða, þannig að þótt sýna mætti,

að skip væri engu síður haffært, stoðar það ekkert. Reglan þarf að vera skýr og óumdeilanleg. Ákvæðið er samhljóða 33. gr. l. nr. 78 1938.

Í þriðja lagi telst skip óhaffært, ef svo er ástatt sem í greininni segir. Ákvæðið er samhljóða 1. gr. l. nr. 78 1938. Hér er um það að ræða, að skip sé óhaffært í raun og veru eða ætla megi, að það sé óhaffært. Þeir, sem einkum eiga að hafa gætur á því, að skip sé haffært, eru taldir í 18., 19. og 20. gr. Samkvæmt 47. gr. er það eftirlitsmaður, er ákveður, hvort skip sé haffært, en skjóta má áliti hans til skipaskoðunarstjóra, sbr. 48. gr., og að síðustu til siglingadóms, sbr. 52. gr., sbr. einnig 1. mgr. 4. gr. l. nr. 78 1938.

Um 6. gr.

Greinin á að efni til að vera í samræmi við 1. mgr. 3. gr., sbr. 23. gr. l. nr. 78 1938. Hér má og minna á 31., 32. 37. og 57. gr. siglingalaga, nr. 56 30. nóv. 1914.

Um 7. gr.

Greinin er að efni til í samræmi við 2. og 3. mgr. 3. gr. l. nr. 78 1938, sbr. og 2. mgr. 7. gr. sömu laga. Þó er ætlazt til, að eftirlitsmaður, en ekki skipaskoðunarstjóri, fái afrit af skoðun og kveði á um, hvort ný skoðun skuli gerð. Virðist það handhægara, og á að mega telja öruggt. Hér má og minna á 41., 42., 45., 46. og 47. gr. siglingal., nr. 56 1914.

UM III. KAFLA

Þessi kafli fjallar um skipulag eftirlitsins, starfsmenn þess, starfssvið þeirra, bæði staðlegt og verklegt, réttindi þeirra og skyldur.

Um 8. gr.

Greinin er að efni til í samræmi við upphaf 6. gr. l. nr. 78 1938.

Um 9. gr.

Greinin svarar til 1. og 2. mgr. 6. gr. l. nr. 78 1938. Þar sem um svo ábyrgðarmikið embætti er að ræða, er eðlilegt, að skipaskoðunarstjóri sé skipaður á sama hátt og aðrir þeir, er ábyrgðarmestu stöðum gegna.

Með orðinu „einstaklingur“ í 2. mgr. er einnig átt við ríkið að því leyti, sem það gerir skip út.

Kröfur um sérþekkingu eru gerðar, og verður að telja það eðlilegt.

Um 10. gr.

Eins og greinin ber með sér, er ætlazt til, að um 4 sérfræðinga sé að ræða, og verður skipaeftirlitið ekki talið fullnægjandi, ef það hefur ekki á að skipa þeirri sérfræðiþekkingu, sem um er að ræða í greininni. En þar sem skipaskoðunarstjóri skal samkv. 9. gr. vera sérfróður um einhverja þá grein, sem nefnd er, á að mega komast af með þrjá sérfróða menn honum til aðstoðar. Greinin er og þannig orðuð, að eigi þurfa þessir menn, a. m. k. ekki allir, að hafa starfið sem aðalstarf. Er gert ráð fyrir, að þessu verði í framkvæmdinni hagað eftir því, sem þörf krefur, og launakjör því ákveðin á þann hátt, sem segir í 65. gr.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. l. nr. 78 1938 er gert ráð fyrir, að hver landsfjórðungur sé eftirlitssvæði. Ætla verður, að full þörf sé eftirlitsmanns í Vestmannaeyjum, og er því gert ráð fyrir, að eftirlitssvæðin séu 5. Sjálfsagt er, að mörk svæðanna séu tilgreind, þannig að ekki verði um villzt.

Um 12. gr.

Greinin er í samræmi við 1. mgr. 8. gr. l. nr. 78 1938, en nokkru fyllri, enda ætlazt til, að störf þessara manna verði ábyrgðar- og umfangsmeiri en verið hefur.

Um 13. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að eftirlitsmaður flytji sig til innan svæðis síns, eftir því sem þörf krefur, þannig að hann á hverjum tíma árs dveljist þar, sem mest er þörf eftirlits. Auk þess ber honum að sjálfsögðu að ferðast um, eftir því sem ástæða er til. En að því leyti, sem þetta nægir ekki, er gert ráð fyrir, að á vissum tímum þurfi eftirlit víðar en á einum stað. Slíkt fer þó mjög eftir árstíma og staðháttum, og verða því ekki settar nákvæmar reglur, heldur verður skipaskoðunarstjóri að hafa vald til þess að kveða á um slíkt eftir atvikum hverju sinni, sbr. 9. gr. l. nr. 78 1938, sbr. og 19. gr. 3. mgr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Rétt þykir, að skoðunarsvæði séu ákveðin í lögum, en ekki aðeins í auglýsingu eins og nú, sbr. 7. gr. l. nr. 78 1938 og auglýsingu 7. nóv. 1923. Um breytingar, sem máli skipta, er ekki að ræða.

Um 15. gr.

Greinin er að efni til að mestu í samræmi við 1. mgr. 7. gr. l. nr. 78 1938. Gert er þó ráð fyrir, að skoðunarmenn séu skipaðir til óákveðins tíma og að skipaskoðunarstjóri skipi þá að fengnum tillögum eftirlitsmanns. Nefndin ætlast til, að skoðunarmenn láti af störfum, þegar þeir eru 65 ára, sbr. l. nr. 27 9 jan. 1935, nema sérstaklega standi á, sbr. orðin „heilir og hraustir".

Um 16. gr.

Að efni til er greinin að mestu samhljóða 1. mgr. 7. gr. l. nr. 78 1938, síðari hluta mgr.

Um 17. gr.

Greinin er að efni til að mestu samhljóða upphafi 2. mgr. 7. gr., sbr. 2. mgr. 22. gr. l. nr. 78 1938, sbr. 2. mgr. 7. gr. frv.

Um 18. gr.

Greinin er að efni til nokkurn veginn í samræmi við 3., 4., 5., 6. og 7. mgr. 7. gr. l. nr. 78 1938, en orðalagi nokkuð breytt.

Um 19. gr.

Til samanburðar má benda á 7. mgr. 7. gr., sbr. 1. mgr. 8 gr. l. nr. 78 1938. Nýmæli er, að skoðanir skulu gerðar fyrirvaralaust, og á það bæði við skoðun á skipi, búnaði og hleðslu. Að sjálfsögðu er ætlazt til, að slíkar skoðanir fari þannig fram, að sem minnstum óþægindum valdi, sbr. 3. mgr. 21. gr. Ákvæði þetta ætti að skapa talsvert ríkt aðhald, einkum að því er snertir hleðslu og búnað skips.

3. mgr. greinarinnar veitir skipaskoðunarstjóra sjálfstæðan rétt til þess að fela sérstökum trúnaðarmanni eftirlit í einstökum tilfellum, ef hann telur þörf, sbr. 13. gr., um heimild eftirlitsmanna í þessu efni.

Um 20. gr.

Greinin telur upp ýmsa flokka manna, er hafa sérstaka aðstöðu til þess að verða þess vísari, ef lögin eru brotin, og er sú skylda lögð þeim á herðar að benda eftirlitsmanni á það, sem athugavert er. Þetta er í samræmi við dönsku skipaeftirlitslögin (Lov om Tilsyn med Skibe, 29/3 1920, 19. gr.), sbr. og 7. mgr. 7. gr. l. nr. 78 1938, að því er skoðunarmenn snertir.

Til þess er ætlazt, að trúnaðarmenn þeir, sem taldir eru í fyrri málsgrein greinarinnar, geti krafizt þess að sjá skipsskjöl þau, sem talin eru í 1. mgr. 5. gr., og varðar það þá þeim viðurlögum, er þar greinir, ef út af bregður.

Í síðari mgr. er svipuð skylda lögð á starfsmenn skipasmíðastöðva. Er það ákvæði sett samkvæmt eindregnum tilmælum sjómanna, og á að geta orðið til verulegs aðhalds.

Um 21. gr.

Greinin er að efni nálega alveg í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. 24. gr. l. nr. 78 1938. Eins og hún nú er orðuð, eru þeir fleiri, sem rétt hafa til þess að fara út í skip til athugunar en samkvæmt 24. gr. Þessa heimild hafa einnig þeir, sem taldir eru í 20. gr., þó aðeins að því leyti, sem störf þeirra varðar.

Um 22. gr.

Greinin er sett til þess, að enginn vafi leiki á um réttarstöðu embættis- og sýslunarmanna eftirlitsins.

UM IV. KAFLA

Eins og fyrirsögn kaflans ber með sér, fjallar hann um skoðun skipa, þ. e. hvenær skoðun skuli fara fram og þá hvers konar og hvernig skoðun skuli hagað í aðaldráttum svo og hverjir geti átt hlut að því, að skoðun fari fram. Kaflinn samsvarar 11.—19. gr. l. nr. 78 1938, þó þannig, að nokkuð er fellt úr, nokkru bætt við, en sumu breytt, og verður hinna helztu afbrigða getið við hverja grein.

Um 23. gr.

Greinin er að efni til samhljóða upphafi 11., sbr. 14. gr., l. nr. 78 1938.

Um 24. gr.

Samkvæmt 151. gr. tilsk. nr. 43 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra (hér eftir nefnd Tskp. nr. 43 1922) skyldu þrír menn skoða skip stærri en 60 rúmlestir, en tveir skip 60 rúmlestir og minni. En samkvæmt 22. gr. l. nr. 78 1938 skyldu tveir menn annast allar skoðanir, nema á opnum bátum einn. Aðstoð sérfróðra manna mátti þó fá.

Nefndin telur nægjanlegt, að tveir menn skoði hvert skip — með aðstoð sérfróðs manns, ef þarf. Eftirlitsmaður skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra. Til leiðbeiningar vill nefndin láta það álit í ljós, að hún telur, að óflokkað skip, svo sem öll hérlend tréskip og smá stálskip, skuli skoðuð af vélsmið og skipasmið, en flokkuð skip, þar sem bolur hefur verið skoðaður af umboðsmönnum flokkunarfélags, skuli skoðuð af vélsmið og siglingafróðum manni.

Um 25. gr.

Greinin svarar til 11. gr. l. nr. 78 1938, sbr. 151. gr. tskp. nr. 43 1922. Aðalbreytingarnar eru, að í a-lið er aukið við orðunum: „farmrými hefur verið stækkað, yfirbygging aukin, breytt um aðalvél".

Þá hefur því og verið breytt, hvenær reglulegar fastar aðalskoðanir skuli fara fram, þannig að ekki aðeins farþegaskip, heldur öll stálskip eldri en 12 ára og tréskip eldri en 16 ára skuli skoðuð aðalskoðun árlega.

Um 26. gr.

Greinin er samhljóða 12. og 30. gr. l. nr. 78 1938.

Um 27. gr.

Greinin er að efni samhljóða 13. gr. l. nr. 78 1938, en orðalagi vikið nokkuð til.

Um 28., 29. og 30. gr.

Hér ræðir um almenna aukaskoðun.

Greinarnar samsvara 15., 16. og 17. gr. laga nr. 78 1938 og eru nær samhljóða þeim greinum. Í sambandi við b-lið 30. gr. má benda á 2. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 25. gr. l. nr. 78 1938.

Um 31., 32. og 33. gr.

Greinarnar samsvara 18., 19. og 21. gr. l. nr. 78 1938, 21. gr. þó lítið eitt breytt.

Um 34. gr.

Efni greinarinnar samsvarar 25. og 26. gr. l. nr. 78 1938. En samkvæmt því, sem síðar segir um siglingadóm og hlutverk skipaskoðunarstjóra sem ákæranda, en ekki endanlegs aðila til þess að úrskurða ágreining um skoðunarmál, þá er um nokkra breytingu að ræða.

UM V. KAFLA

Þessi kafli er að miklu leyti nýmæli. Hann er mjög sniðinn eftir II. gafla dönsku laganna um eftirlit með skipum, en að mörgu þó breytt til hæfis við íslenzka staðhætti og ýmsu bætt við, sem betur þótti mega fara. Í tskp. nr. 43 1922 er að vísu að finna ýmis ákvæði um þau efni, sem kaflinn fjallar um, sbr. og reglur nr. 100 1936, um smíði tréskipa. Réttara virðist þó, að almenn ákvæði um þetta séu í lögum, en að sjálfsögðu getur þar aðeins verið um mjög almennt orðaðar aðalreglur að ræða. Nánar verður síðan að kveða á um einstök atriði í reglum, sem settar verða.

Um 35. gr.

Greinin nær til allra skipa, sem lögin ná til, nema annars sé getið.

A. 3. Hér er krafizt, að vélknúnar austursdælur skuli vera í skipum 50 rúmlesta og stærri. Mun það nú orðið mjög algengt, að jafnvel minni skip hafi vélknúnar austursdælur.

A. 5. Nefndin telur að ýtarlega rannsökuðu máli, að eigi sé fært að krefjast tæknilegrar rannsóknar á stöðugleika allra skipa, enda mun slík krafa hvergi vera gerð. Hefur því verið lagt á vald skipaskoðunarstjóra að meta, hvað nægilegt sé hverju sinni, og honum heimilað að láta tæknislega rannsókn fara fram, ef hann telur ástæðu til.

B. Ástæða þykir til, að menn, sem leiðrétta áttavita, skuli fá eins konar löggildingu hjá skipaskoðunarstjóra.

C. 2. Stærðin — 20 rúmlestir — er ákveðin í samræmi við það, sem nú mun almennt orðið.

D. 2—3. Með orðunum „sem á skipi er" er að sjálfsögðu ekki átt við menn, sem komnir eru á skip samkvæmt skyldu skipstjóra til björgunar á mönnum.

4. Undanþáguheimild, að því er báta eða björgunarbáta snertir, á fyrst og fremst við snurpubáta á síldveiðum.

E. Hér má minna á 1. gr. l. nr. 38 30. júní 1942. Er ekki ætlazt til þess, að dregið sé úr kröfum um hreinlæti og eftirlit með því, heldur þykir eðlilegra, að nánari ákvæði í þessu efni eins og önnur, er hér ræðir um, séu sett með reglugerð, sbr. og 2. mgr. 2. gr. l. nr. 78 1938.

F. Gildi firðtækni til öryggis og hjálpar, þegar hættu ber að höndum, verður ekki dregið í efa. Er því sjálfsagt, að slík tæki séu á sem allra flestum skipum, helzt öllum. Eigi hefur þó þótt fært að fara neðar en í skip 15 rúmlesta. Þar sem hvort tveggja er, að firðtækni fleygir fram árlega og mjög veltur á, hvert skipið er og ferðir þess, um hverjar kröfur ber að gera, hefur ekki þótt ástæða til að setja reglur um ákveðinn tækjastyrkleika. Er ætlazt til, að slík ákvæði verði í reglugerð, sem sett verði í samráði við sérfræðinga í þessum efnum.

G. Upptalning skipsskjalanna er að sjálfsögðu ekki tæmandi.

Um 36. gr.

Eins og upphaf greinarinnar ber með sér, fjallar hún um þær sérkröfur, sem gerðar eru til farþegaskipa (sbr. 1. gr. 3. lið) umfram önnur skip.

3. Til athugunar var að krefjast hvílu handa hverjum þilfarsfarþega á skipi í strandsiglingu, en þótti ekki fært, þar sem rúm undir þiljum er ýmist notað til farms- eða farþegaflutnings, sbr. aftur á móti 4. lið um millilandasiglingar.

Um 37. gr.

Er í samræmi við 8. gr. alþjóðasamþykktar til öryggis mannslífum á sjó, 31. maí 1929. Engin lög né prófanir geta gert fullkomlega öruggt, að skip verði alltaf haffært. Öll skip má gera óhaffær með ofhleðslu, vanhleðslu eða ranghleðslu. Skyldurækni og árvekni skipstjóra er þar, eins og um flest, er að sjóferðum lýtur, bezta öryggið. Ef út af ber, er því ábyrgð skipstjóra mikil.

Um 38. gr.

Ætlazt er til, að skip, sem ekki er farþegaskip, stundi ekki reglulega farþegaflutninga nema í brýnni nauðsyn. En þetta getur verið óhjákvæmilegt, og þá þarf ákvæði um það.

Um 39. gr.

A. Eftirlit með nýsmíði innan lands er í svipuðu formi og verið hefur. Aukið er við eftirliti og leiðbeiningum sérfræðinga skipaeftirlitsins.

B. Eftirlit með nýsmíði erlendis er allmiklum vandkvæðum bundið, ef það á að vera fullnægjandi, en þó ekki kostnaðarsamt um of. Að ýtarlega athuguðu máli hefur nefndin ekki fundið aðra betri lausn en þá, sem greinin ber með sér.

C. Meiri háttar breyting er nokkuð teygjanlegt orð. Til skýringar er því vísað til A-liðar 25. gr. Eigi er þó ætlazt til, að engin breyting önnur en sú, er undir þá grein fellur, geti fallið undir ákvæði þessa liðar. Krafan um, að leyfi sé fengið fyrir fram, er gerð að gefnu tilefni, enda tjón mikið bæði fyrir þá, sem hlut eiga að máli, og alþjóð, ef skipi er breytt og síðar kemur fram, að skipið fullnægir ekki kröfum þeim, sem gera ber. Vel getur verið nauðsynlegt, að teikningar af fyrirhugaðri breytingu þurfi að senda, áður en leyfið yrði veitt.

D. Hér er átt við þau skip, sem keypt eru til landsins fullsmíðuð. Láti íslenzkur maður smíða skip erlendis eða kaupi slíkt skip í smíðum og eigi að flytja það hingað, á B-liður þessarar greinar við. Þessi liður á við „gömul skip“, og er þá gamalt skip hvert það skip, sem fullsmíðað er, þegar það er keypt, sbr. að framan. Reynslan hefur sýnt, að menn hafa stundum keypt til landsins gömul skip, er svo hafa reynzt, er hingað kom, að þau væru í raun og veru ekki viðgeranleg samkvæmt íslenzkum reglum. Er þá hætt við, að hneigð yrði til þess að bjarga slíkum óheppnum kaupanda úr klípunni með því að lina eitthvað á kröfum. Til þess að koma í veg fyrir vandræði í þessum efnum, hefur nefndin talið rétt, að komið yrði í veg fyrir kaup á skipum, sem þannig er ástatt um. Þótt sumum þyki hér e. t. v. um of gengið á rétt manna til þess að ráða sjálfir verzlunarháttum sínum, en hér á hina hlið um svo verulegt hagsmunamál alþjóðar að ræða, að reglur þær, sem greinin setur, verða að teljast nauðsynlegar, enda munu þær og verða til þess að firra þá menn tjóni, er ákvæðið snertir sérstaklega.

Eins og greinin ber með sér, verður sjaldnast um að ræða töf eða óþægindi af ákvæðinu, fyrst og fremst vegna þess, að það snertir ekki flokkuð skip, og í öðru lagi af því, að eins og 3. mgr. sýnir, er aðeins gert ráð fyrir, að sá, sem skip kaupir, hafi með sér í ráðum mann, sem skipaskoðunarstjóri telur hæfan. Mundi heppilegt, að skipaskoðunarstjóri auglýsti, hvaða menn hann tæki almennt gilda, t. d., að á trúnaðarmenn viðurkenndra flokkunarfélaga væri litið sem hæfa samkvæmt greininni. Þyrfti þá ekki sérstaka umsögn skipaskoðunarstjóra í hvert skipti.

Ákvæðið um algert bann á innflutningi skipa, sem eldri eru en 12 ára, er í samræmi við 2. mgr. 20. gr. l. nr. 78 1938.

Um 40. gr.

1. og 2. mgr. eru í samræmi við 20. gr. l. nr. 78 1938.

3. mgr. er samkvæmt fyrirmynd í dönskum lögum og verður að teljast nauðsynleg.

4. mgr. er nýmæli og sett til frekara öryggis um, að undanþágan sé veitt í samræmi við tillögur sérfræðinga.

Um 41. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

UM VI. KAFLA

Kaflinn samsvarar 31., 32., 34. og 35. gr. l. nr. 78 1938. Nokkuð er þó breytt og við aukið, og verður hins helzta þess getið við einstakar greinar.

Um 42. gr.

1. mgr. er óbreytt. Í 2. mgr. er krafizt, að skip 50 rúmlesta og stærri skuli hafa hleðslumerkjaskírteini. Reynslan hefur sýnt, að þörf er á slíku ákvæði. Nefndinni er ljóst, að ákvæðið er til óþæginda að því leyti, að oft mun það venjuleg og hættulaus hleðsla skips á heimamiðum, þótt dýpra liggi en hleðsluborð er nú ákveðið, sbr. reglur frá 12. marz 1943.

Úr þessu má bæta með því, að greindum reglum verði breytt þannig, að tréskip fái sama hleðsluborð og stálskip, ef þau eru nægjanlega sterk að dómi skipaskoðunarstjóra. Þó verður þá að hafa í huga gildandi alþjóðasamninga.

Hinir sérfróðu menn í nefndinni telja, að tréskip, sem smíðuð eru eftir íslenzkum reglum, þoli sama hleðsluborð og stálskip. Sem dæmi um þann mun, sem nú er, má nefna:

Á 20 m tréskipi	er hleðsluborð	225	mm
— — — stálskipi	—	150	—
— 30 — tréskipi	—	375	—
— — — stálskipi	—	200	—

Undanþágu frá hinu ákveðna hleðsluborði virðist þó óhjákvæmilegt að veita skipum á síldveiðum fyrir Norðurlandi á sumrin. Hvorttveggja er, að veður og sjór er þá venjulega með vægasta móti, snurpubátar allgóðir til björgunar, fjöldi skipa oft í nágrenni og siglingaleiðir yfirleitt hættulitlar, eftir því sem gerist. Sjálfsagt er aftur á móti, að svo sé um búið, að skip megi létta mjög auðveldlega, og aðrar öryggisráðstafanir séu í sem beztu lagi. Er því ætlazt til, að nákvæmar reglur séu um þetta settar og þeirra vel gætt, þegar skoðun fer fram, áður en veiði byrjar.

Um 43. gr.

Greinin er í samræmi við þau erlend lög, sem til athugunar hafa verið. Til mála kæmi að setja hér ýtarlegar reglur í lögin, en þar sem hér veltur á ýmsum nánari atvikum, virðist henta bezt, að nánari reglur séu settar af umboðsvaldinu.

Um 44. gr.

Það hefur komið í ljós við réttarrannsóknir, að settar reglur um hleðsluborð skipa koma ekki að tilætluðum notum, að því er snertir öryggi skips, vegna vanhleðslu.

Við þessu verður að sjá, og telur nefndin, að það megi gera á þann hátt, sem greinin mælir fyrir um. Það er tilætlun laganna, að skipaskoðunarstjóri ákveði hleðsluborð skipa, að sjálfsögðu samkvæmt mælingum og tillögum sérfræðinga, ef hann er ekki sjálfur sérfræðingur.

Um 45. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við 32. gr. l. nr. 78 1938.

Um 46. gr.

1. og 2. mgr. eru í samræmi við 3. gr. l. nr. 78 1938, og 30. marz 1942.

3. mgr. er ný. Telja verður nauðsyn, að ákvæði séu til um þau atriði, er nefnd eru í greininni, enda er það svo í þeim erlendu lögum, sem höfð hafa verið til hliðsjónar. Og í sumum þeirra eru ýtarleg ákvæði um þetta efni, svo sem t. d. 55.—80. gr. í norsku lögunum (Lov om statskontroll med skibs sjödyktighet, 9. júní 1903, með síðari breytingum). Vegna þess, að hér er um nýmæli að ræða, svo og þess, að frumvarpið — eins og lög nr. 78 1938 — nær til miklu smærri skipa og skipa fleiri tegunda en hin erlendu lög, þykir réttara, að nánari reglur séu settar af umboðsvaldinu.

UM VII. KAFLA

Þessi kafli fjallar um, hverjir geti lagt farbann á skip, aðferðum við það og hvað þeir geti til bragðs tekið, sem hlut eiga að máli.

Kaflinn er sniðinn eftir norskum og hollenzkum lögum, en ýmsu breytt til hæfis íslenzkum staðháttum.

Um 47. gr.

Greinin er að nokkru í samræmi við 4. gr. l. nr. 78 1938. Hér er þó mælt svo fyrir, að eftirlitsmaður eigi úrskurðarvaldið um, hvort farbann skuli lagt á skip. Að sjálfsögðu getur skoðunarmaður stöðvað skip undir vissum kringumstæðum, t. d. ef hann við skoðun skips telur eigi öruggt um haffærni þess, sbr. m. a. 18. gr. Sama er að segja um aðra þá menn, er um ræðir í 20. gr. Þeir hafa samkvæmt greininni rétt til þess, hver innan síns starfssviðs, að neita að láta þá þjónustu í té, sem skipi er nauðsynleg til þess að mega fara ferða sinna, þar til er eftirlitsmaður hefur sagt um, hvort för skuli bönnuð eða ekki. Á þetta sjaldan að þurfa að taka langan tíma. Sérstaklega getur þó ákvæðið komið erfiðlega niður, þegar um er að ræða, að skip sé ekki haffært vegna hleðslu. Athugun á henni hvílir fyrst og fremst á eftirlitsmanni, sbr. 19. gr. Auk þess eru trúnaðarmenn þeir, sem um ræðir í 3. mgr. 19. gr., sbr. og 13. gr. Eftirlits- og kæruskylda þeirra manna, sem taldir eru í 20. gr., verður á hinn bóginn ekki ríkari en skyldan, sem yfirleitt hvílir á borgurum landsins til þess að afstýra hættum eða brotum á lögum, að öðru leyti en því, að aðstaða þeirra skapar þeim meiri tækifæri til þess að sjá það, sem að er.

Eftirlitsmaður á að sjálfsögðu ekkert fullnaðarúrskurðarvald um, hvort lagt skuli farbann á skip eða ekki. En bann hans hefur þær afleiðingar, sem greinin ber með sér, og því verður að hlíta.

Um 48. gr.

Í þessari grein liggur, að farbann, sem eftirlitsmaður hefur lagt á, verður að bera undir skipaskoðunarstjóra svo fljótt sem auðið er og á þann hátt, er fyrst má. Kveður hann þá endanlega á um það af hálfu umboðsvaldsins. En þar sem hér er um að ræða ráðstafanir, sem mikla fjárhagslega þýðingu geta haft, og skoða verður skipaeftirlitið aðila umboðsvaldsins að þessu leyti, telur nefndin nauðsyn á því, að endanlegur úrskurður í þessum efnum sé ekki þar, eins og nú er, heldur hjá dómstól, sbr. VIII. kafla.

UM VIII. KAFLA

Kaflinn er nýmæli að miklu leyti. Siglingadómur sá, sem ætlazt er til, að settur verði, er sniðinn eftir siglingadómi Hollendinga. Að sumu leyti eru ákvæði í lögum Norðmanna einnig höfð til hliðsjónar, og að því er innlendar fyrirmyndir snertir, hefur félagsdómur helzt verið hafður í huga.

Aðalnýmæli kaflans eru í raun og veru tvö. Í fyrsta lagi er skipaeftirlitinu fengið ákæruvald hins opinbera í hendur, að því er til sjóslysa tekur og brota á þessum lögum. Í öðru lagi er ætlazt til, að úrskurðarvald umboðsvaldsins, — skipaskoðunarstjóra og ráðherra —, verði ekki endanlegt eins og nú, heldur í höndum dómsvalds-

ins. Er eðlilegt, að borgararnir hafi það öryggi, þar sem svo miklir hagsmunir eru í húfi, t. d. þegar farbann er lagt á skip. Og samkvæmt reynslu sinni hafa eins reyndar siglingaþjóðir og Hollendingar og Norðmenn skipað þessum málum þannig. Að sjálfsögðu má segja, að tilganginum yrði náð með því að gera hina venjulegu sjódóma að þeim aðila, sem hér um fjallar. Og því verður ekki neitað, að þetta er hægt. Þannig hafa til dæmis Norðmenn farið að. Hollendingar hafa aftur á móti farið þá leið, sem hér er lagt til, að farin verði. Ástæðan til þess, að aðferð Hollendinga er höfð að þessu leyti, er þessi:

Svo hefur æxlazt þróun hér, að sjódómarnir, — sem samkvæmt lögum nr. 52 3. nóv. 1914, um sjódóma og réttarfar í sjómálum, sbr. og að nokkru l. nr. 85 1936, — eiga að hafa með höndum rannsókn sjóslysa, þ. e. hina opinberu rannsókn, munu yfirleitt ekki hefjast handa um rannsókn, nema eigendur skipanna og vátryggjendur fari fram á það. Skipstjórarnir munu og ekki heldur gangast fyrir því, að sjópróf séu haldin, nema framangreindir aðilar telji ástæðu til, enda getur og oft verið um að ræða, að þeir sjálfir séu sá aðilinn, sem rannsóknin hlýtur að beinast að.

Afleiðingin af öllu þessu hefur orðið sú, að rannsókn sjóslysa hefur að mestu eða öllu farið að hætti einkamála, og verður að telja slíkt óviðunandi réttarástand, ekki sízt þar sem oft er um að ræða stórfellt tjón á mönnum og munum.

Úr þessu hefur nefndin viljað bæta á þann hátt að búa svo um ákæruvald í þessum málum, sem að framan er lýst.

Þá hefur og nefndin talið rétt, að beint væri tekið fram, sbr. 51. gr., að rannsókn skuli fara fram að hætti sakamála. Að vísu mun oft og tíðum bera að haga henni þannig að gildandi lögum, en út af því hefur viljað bregða, eins og fyrr er greint. Verði hinn nýi háttur upp tekinn, verður gangur þessara mála með svipuðum hætti og nú gerist í bifreiðamálum, þ. e. hið opinbera lætur fyrst til sín taka, að gengið sé úr skugga um, hvort brot hefur verið framið. Síðar koma einstaklingar til í venjulegu einkamáli, ef þeir telja sínum hagsmunum misboðið.

Um fyrirskipun rannsókna og ákæruvald er þess enn getandi, að ef eftirlitsmenn eða skipaskoðunarstjóri þykja ekki gera þann reka að málum, sem lög standa til, er séð fyrir því, að aðrir, sem hlut eiga að máli, geti hafizt handa, sbr. 2. mgr. og 11. mgr. 51. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er ætlazt til, að hinir venjulegu sjódómar fari yfirleitt með frumrannsóknir sjóslysa, og er að því leyti ekki um breytingar að ræða frá því, sem verið hefur.

En siglingadómi er ætlað að rannsaka eða láta rannsaka málin að því leyti, sem viðbótarrannsóknar þykir þörf. Og sjálfum er dómnum ætlað að rannsaka þau mál, er hann fær bezt við komið, og þegar um stórmæli er að ræða.

Aðalhlutverk siglingadóms er þó að dæma málin.

Nefndin telur ríka þörf á slíkum dómstóli. Má í því efni benda á mörg rök. Þessi eru hin helztu:

Þegar um sjóslys, farbann eða annað slíkt er að ræða, er brýn nauðsyn sérþekkingar á siglingum og skipum. Því er ekki treystandi, að á slíkri sérþekkingu sé völ alls staðar þar, sem venjulegir sjódómar eru.

Jafnframt því, sem skipaeftirlitið er eflt að þekkingu, mannafla og völdum, þykir rétt, að þeim, sem lenda í andstöðu við það, sé veitt fullt öryggi um réttdæmi. Margir hinna venjulegu sjódóma eru ekki það traustir né vel um þá búið, að þeir valdi hlutverki sínu til fulls.

Hæstiréttur hefur ekki beint á að skipa sérþekkingu þeirri á siglingum og skipum, sem þörf er á. Hann þarf því að leita hennar utan sinna vébanda, og er þá eðlilegt, að til sé óhlutdræg stofnun, sem ætla má, að til þess sé fær að láta nauðsynlega sérþekkingu í té.

Samræmi í meðferð málanna verður bezt tryggt með því, að sami dómstóllinn fjalli um þau, enda málin væntanlega ekki fleiri en svo, að einn dómstóll megi hæglega annast þau.

Að því er farbann snertir, er nauðsyn skjóts úrskurðar. Áfrýjun til hæstaréttar á slíkum úrskurði mundi valda óhæfilegum töfum, auk þess sem hæstiréttur hefur enga sérstaka þekkingu til þess að kveða á um réttmæti farbanns. En örugglega verður þá að búa um þann aðila, sem kveður upp endanlegan dóm á því sviði.

Í stuttu máli telur nefndin, að með stofnun siglingadóms eflist réttmætt aðhald í þeim málum, sem til hans eru lögð, en jafnframt séu tryggð, eins og auðið er, réttindi þeirra, sem fyrir sökum eru hafðir.

Um einstakar greinar verður rætt hér á eftir.

Um 49. gr.

Auk þess sem greinin fjallar um stofnun dómsins, ræðir hún um skipun hans og dómaraskilyrði.

Að því er skipan dómsins snertir, er reynt að tryggja tvennt: Í fyrsta lagi, að í dómnum séu menn, sem reyndir eru í dómsstörfum og almennt fróðir um þau mál, er dómurinn fjallar um. Í öðru lagi, að í hverju máli hafi dómurinn á að skipa fullnægjandi sérþekkingu um þau efni, sem í hvert skipti eru til meðferðar.

Um 50. gr.

Ætlazt er til, að dómurinn geti — og eigi — að annast yfirskoðunargerðir, eftir því sem hann telur sig færan til, sbr. 34. gr. Er slík yfirskoðun þá endanleg á sínu sviði eins og aðrar yfirskoðunargerðir. Telji dómurinn sig ekki geta né hafa tök á að annast yfirskoðun, t. d. vegna fjarlægðar eða einhverrar alveg sérstakrar þekkingar, sem nauðsyn er talin á, útnefnir hann yfirskoðunarmenn á sama hátt og venja er til.

Eins og fyrr er getið, kveður eftirlitsmaður á um það í fyrstu, hvort farbann skuli lagt á skip, sbr. 19., 20. og 47. gr. En samkv. 48. gr. sker skipaskoðunarstjóri endanlega úr því af hálfu umboðsvaldsins, hvort farbann skuli lagt á skip eða ekki. En samkv. 52. gr., sbr. 53. gr., er þeim aðilum, sem þar eru nefndir, opnuð leið til þess að fá úrskurð skipaskoðunarstjóra prófaðan af siglingadómi. Úrskurði siglingadóms um gildi farbanns verður ekki áfrýjað, sbr. 53. gr.

Loks er það hlutverk siglingadóms að dæma í refsimálum, sem höfðuð eru að tilhlutun skipaskoðunarstjóra, af hálfu hins opinbera út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum. Þau mál, sem siglingadómur fer með, eru fyrst og fremst mál út af brotum á þessum lögum, en auk þess „refsimál út af sjóslysum“. Orðalagið er mjög rúmt, en nokkru nánari skýring á því má finna í 51. gr., þar sem rætt er um, að ætíð, þegar sjópróf skuli halda samkvæmt 45. gr. siglingalaganna, skuli skipaeftirlitið hafa vakandi auga á því, sem fram kemur, og skipaskoðunarstjóri hefjast handa sem ákærandi, ef hann telur ástæðu til, vegna þess, sem fram hefur komið við rannsóknina. Um þau mál, sem hér skipta máli, hafa verið ákvæði í lögum nr. 52 30. nóv. 1914, sbr. m. a. 1., 12., 13. og 14. gr., og eru það þau ákvæði, sem einkum ber að hafa í huga. Samkvæmt þessu má segja, að til siglingadóms skuli falla öll refsimál, er sjódómur fjallar um samkvæmt gildandi lögum. Um einkamál, t. d. björgunarmál, skaðabótamál út af árekstri eða öðrum spjöllum, mál út af farmsamningum, vinnusamningum o. s. frv., fer samkvæmt því, sem áður hefur gilt, m. a. að því leyti, að hinir venjulegu sjódómar dæma þau.

Af þessu leiðir, að t. d. skaðabótakröfum verður ekki komið að í refsimáli, sem rekið er fyrir siglingadómi, og er það í rauninni engum til baga.

Um 51. gr.

Greinin ræðir um, hvernig rannsókn sjóslysa, ákæru og málsmeðferð, sé nánar hagað. Hefur sumt af því verið rætt hér að framan.

Ástæða er til að vekja eftirtekt á því, að öll sjópróf skuli fara að hætti sakamála, enda til þess ætlazt, að trúnaðarmenn hins opinbera séu vel á verði í þessum efnum.

Af ákvæðinu leiðir, að dómurinn hefur sama rétt og skyldur og dómarar í venjulegum sakamálum.

Eftir að mál er höfðað, er ætlazt til, að meðferð þess sé lík því, sem nú gerist í hæstarétti, að því leyti, sem við getur átt, og eftir því, sem sakamálsmeðferð fyrir undirrétti getur samrýmzt slíkri málsmeðferð.

Um 52. gr.

Í málum höfðuðum samkvæmt þessari grein eru einstaklingar sækjendur, en ríkisvaldið verjandi. Eigi þykir ástæða til, að fleirum en þeim, sem greinin nefnir, sé veitt aðild slíkra mála.

Um 53. gr.

Eins og getið er við 52. gr., eru mál, höfðuð samkvæmt henni og 54. gr., annars eðlis en önnur mál, sem siglingadómur fjallar um. Þau bera meiri keim einkamála og því ætlazt til, að málsmeðferð sé sem líkust meðferð einkamála fyrir sjódómi.

Reynt er að sjá fyrir því, að dómur fáist svo fljótt sem auðið er.

Um farbann segir, að úrskurði um gildi þess verði ekki áfrýjað. Í því liggur þá óbeint, að öðrum úrskurðum og dómum siglingadóms megi áfrýja til hæstaréttar á venjulegan hátt, þ. e. eftir atvikum sem refsimálum eða venjulegum sjódómsmálum. Hér má þó einnig minna á ákvæði 34. gr. um, að yfirskoðun siglingadóms verði ekki áfrýjað fremur en öðrum yfirskoðunargerðum.

Ætlazt er til, að bótamál, ef til koma vegna ólöglegs farbanns, beri undir almenna dómstóla. Jafnframt er settur stuttur fyrningarfrestur á slíkar kröfur, og er það í samræmi við hinar erlendu fyrirmyndir.

Nefndin vill sérstaklega taka fram, að tilætlun hennar er ekki að raska í neinu efnisreglum um skaðabótaábyrgð ríkisins, og ákvæðin varðandi hana því aðeins sett til takmörkunar slíkri ábyrgð að svo miklu leyti sem henni er til að dreifa samkvæmt gildandi lögum.

UM IX. KAFLA

Samkvæmt lögum nr. 78 1938, sbr. m. a. 8. og 9. mgr. 7. gr., niðurlag 13. gr., 27. gr., niðurlag 31. gr., sbr. og 3. mgr. 6. gr. og 10. gr., sýnist helzt til þess ætlazt, að eigendur skipa greiði fyrir skoðanir og önnur verk trúnaðarmanna eftirlitsins hið sama og þessum mönnum er greitt, þó þannig, að laun skipaskoðunarstjóra og eftirlitsmanna svo og skrifstofukostnaður og ferðakostnaður greiðist úr ríkissjóði, án þess að neitt komi í staðinn. Gjöld þessi eru í raun og veru beinn skattur á skipin. Það er því mjög eðlilegt, að um upphæð skattsins séu skýr ákvæði í lögum, enda hin aðferðin, að láta upphæðina ráðast samkvæmt reglugerðum og jafnvel álitum einstakra manna, naumast í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar um álagningu skatta og a. m. k. ekki þá hugsun, sem þar liggur á bak við.

Nefndin hefur því talið sjálfsagt að setja ákvæði um þetta inn í lögin, og er það í samræmi við reglur annarra þjóða.

Að því er snertir upphæðir gjaldanna, verða þær einatt álitamál, og veltur á því, hvort ætlazt er til, að skipastóllinn standi undir kostnaðinum, að meira eða minna leyti honum öllum, eða jafnvel, að skatti til annarra þarfa sé komið fyrir í þessu formi.

Nefndin hefur farið þá leið, að útkoman yrði nokkuð svipuð og verið hefur, þannig að kostnaður við almennar skoðanir og reglulegar aukaskoðanir fengist sem mest greiddur af skoðunargjöldum, að kostnaður við sérstakar skoðanir og sérstakt eftirlit verði greiddur hverju sinni af þeim, sem hlut eiga að máli, en að kostnaður við yfirstjórn skipaeftirlitsins, skrifstofu þess og hinn almenni eftirlitskostnaður hvíli á ríkissjóði.

Um 54. gr.

Hér er hin almenna gjaldskrá fyrir skoðun skipa, og er efni hennar mjög sniðið eftir dönsku lögunum. Ekki er ætlazt til, að sérstakt gjald sé tekið fyrir útgáfu skírteinis, nema þess sé sérstaklega getið.

Hér fer á eftir áætlun um, hvernig ætla má, að heildarútkoman verði samkvæmt nýju reglunum. Er þar miðað við skipastólinn eins og hann er samkvæmt sjómannaalmanaki 1944 og gert ráð fyrir, að skip yfir 200 rúmlestir séu flokkuð og beri því aðeins hálft gjald, sbr. niðurlag greinarinnar.

Fer hér á eftir skýrsla yfir tekjurnar.

272	skip	minni	en	15	rúml.,	samt.	2310	rúml.,	22 kr.	á skip,	kr. 5984.00
189	—	15	til	30	rúmlestir,	samtals	3863	rúml.	á 1.50	kr.	5794.20
61	—	30	—	50	—	—	2399	—	— 1.40	—	3358.60
56	—	50	—	100	—	—	3686	—	— 1.30	—	4791.80
25	—	100	—	200	—	—	3223	—	— 1.20	—	3867.60
35	—	200	—	400	—	—	10701	—	— 0.55	—	5885.55
7	—	400	—	800	—	—	3539	—	— 0.50	—	1769.50
1	—	800	—	1200	—	—	811	—	— 0.45	—	364.95
7	—	1200	—	1600	—	—	10351	—	— 0.40	—	4140.40
653	skip						40883	rúml.		kr.	35956.90

Séu dregin frá gjaldskrá þessari 50%, er munu nálega svara til grunnkaupshækkana, og 25%, er samsvara gengismun danskrar og íslenzkrar krónu, verður hlutfallið milli gjalda í Danmörku og hér nálægt 3 á móti 4.

Því verður ekki við komið að reikna vísitölu á þessi gjöld fremur en aðra skatta. Verður því að bæta við þeirri upphæð, sem hæfileg þykir. Virðist nefndinni, að eins og sakir standa, geti álagið ekki verið minna en 100%, og mundu þá tekjurnar nema kr. 71913.80.

Það er svo hegðunaratriði, hvort álagið hækki eða lækki eftir ástæðum, og eins mætti að sjálfsögðu ákveða gjöldin nú þegar 100% hærri, ef hentara þykir. Að sjálfsögðu þarf að gæta þess, að sett séu inn í lögin ákvæði um þessa viðbót.

Til samanburðar fer hér á eftir áætlun um laun skoðunarmanna. Er þá miðað við væntanleg grunnlaun að viðbættri vísitöluuppbót, sem reiknuð er 250. Ætlazt er til, að ráðherra setji nánari reglur um launakjör.

Fyrir	272	skip	minni	en	15	rúmlestir	á	60	krónur,	samtals	kr. 16420.00
—	189	—	15	til	30	—	—	100	—	—	— 18900.00
—	83	—	30	til	60	—	—	140	—	—	— 11620.00
—	59	—	60	til	200	—	—	200	—	—	— 11800.00
—	35	—	200	til	400	—	—	200	—	—	— 7000.00
—	15	—	400	til	1600	—	—	200	—	—	— 3000.00
	653	skip								Samtals	kr. 68740.00

Í Danmörku, þar sem um miklu fleiri og stærri skip er að ræða, ber skipastóllinn, að því er virðist, uppi allan kostnað við eftirlitið. Eftir því sem skipum fjölgar hér og þau stækka, mundi útkoman hér færast í svipaða átt.

Um 55. og 56. gr.

Þar sem hér er um umfangsmeiri skoðanir og verk að ræða en þegar almenn skoðun fer fram, er gjaldið ákveðið hærra.

Um 57. gr.

Afskipti skipaeftirlitsins eru hér aðeins þau að tryggja, að eftirlit sé í góðu horfi, en annars ber eiganda að semja við þá, sem það annast, og greiða fyrir það.

Um 58. og 59. gr.

Þessar greinar gefa ekki tilefni til sérstakra athugasemda. Við ákvörðun gjaldanna eru höfð í huga gjöld, þau, sem nú eru greidd, og þær almennu reglur, sem að framan greinir. Einnig hér þarf að hafa í huga hækkun þá, sem um er rætt í sambandi við 54. gr.

Um 60. gr.

Greinin þarf ekki skýringa.

Um 61. gr.

Hér er rætt um þær skoðanir, sem falla ekki undir önnur ákvæði kaflans, þ. e. fyrst og fremst sérstakar aukaskoðanir, sbr. einkum 7. og 30. gr., sbr. 17. gr.

Um 62. gr.

Rétt þykir að tryggja gjöldin með lögveði á sama hátt og lestagjald. Innheimtu er fyrir komið á sama hátt og verið hefur, sbr. þó 63. gr.

Um 63. gr.

Í samræmi við það, sem segir í VIII. kafla, er gjaldendum heimilað að skjóta úrskurði skipaskoðunarstjóra um réttmæti gjalds eða upphæðar til siglingadóms. Virðist einkum geta orðið ástæða til slíks, þegar gjald er krafið samkvæmt 2. mgr. 56. gr. og 61. gr.

Þótt svo sé til orða tekið, að eigandi skips skuli greiða gjaldið, er þar aðeins átt við, að hann skuli greiða samkvæmt úrskurði skipaskoðunarstjóra, en geti fengið gjald endurgreitt að öllu eða nokkru eftir úrskurði siglingadóms. Orðalagið „öllu eða nokkru" á að ná til þess, að hafi skoðun eða yfirskoðun farið fram, án þess að ástæða væri til að áliti siglingadóms, mundi eigandi eiga rétt á endurgreiðslu, sbr. og 27. gr. l. nr. 78 1938.

UM X. KAFLA

Eins og getið er í greinargerð fyrir IX. kafla, er ætlazt til, að allir embættis- og sýslunarmenn eftirlitsins fái laun sín úr ríkissjóði, en þurfi ekki að innheimta þau hjá skipseigendum. Gildir þetta einnig um skoðanir, almennar og sérstakar, svo og yfirskoðanir. Á hinn bóginn er til þess ætlazt, eins og áður segir, að ríkissjóður fái samsvarandi tekjur að öðru leyti en hina almennu yfirstjórn og hið almenna öryggiseftirlit snertir. Ef til vill væri eðlilegra að fella launaákvæði skipaskoðunarstjóra, ráðunauta og eftirlitsmanna í hin almennu launalög. Launin eru ákveðin í samræmi við hið nýja launalagafrumvarp.

Um 64. gr.

Embætti skipaskoðunarstjóra er svo ábyrgðarmikið og vandasamt, að það verður að vera vel launað. Þykir embætti hans samkvæmt lögum fullkomlega sambærilegt við embætti vegamála-, vitamála- og hafnarmálastjóra ríkisins, sbr. og skrifstofustjóra í stjórnarráðinu og forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Um 65. gr.

Eins og getið er við 10. gr., er ekki gert ráð fyrir, að þessir menn allir hafi starfið sem aðalstarf. En að því leyti, sem um aðalstarf er að ræða, er ætlazt til, að laun verði samkvæmt V. flokki launalaganna. Eru þar höfð til hliðsjónar laun verkfræðinga vega-, vita- og hafnarmála, sérfræðinga í atvinnudeild háskólans, verkfræðinga Landssímans og efnafræðinga Fiskifélagsins. Virðast störf þessi mjög sambærileg.

Um 66. gr.

Störf eftirlitsmanna eru svo þýðingarmikil og vandasöm, að valda menn þarf til þeirra, enda óhjákvæmilegt, ef vel á að vera, að þeir vinni talsvert sjálfstætt. Virðast launin varla mega vera lægri, til þess að þetta sé tryggt, sbr. m. a. ákvæði launalagafrumvarpsins um 1. flokks fulltrúa bæjarfógeta og sýslumanna. Til mála getur komið, að ekki þurfi að vera um aðalstarf að ræða allt árið hjá einstökum eftirlitsmönnum, og gætu þá laun verið eitthvað lægri, þegar þannig stendur á. Nefndin telur þó óvarlegt að fara inn á þá braut, svo að nemi. Jafnframt vekur nefndin eftirtekt

á ákvæðum 13., 17. og 19. gr., er gera má ráð fyrir, að nokkrum útgjöldum valdi. Þó gerir nefndin ráð fyrir, að sérfræðingar skipaeftirlitsins og aðrir fastir trúnaðarmenn þess geti oft annazt skoðanir án sérstakra launa.

Um 67. gr.

Eins og greinin ber með sér, er ætlazt til þess, að almennar reglur séu settar um laun skoðunarmanna og að launin séu miðuð við starfið, sem í té er látið, og tímann, sem það tekur, en ekki skipsstærðina eina, sbr. á hinn bóginn gjöldin, sem ríkissjóður tekur samkv. IX. kafla.

Um 68. gr.

Meðan engin reynsla er fengin, er erfitt að segja um, hver laun dómenda eigi að vera. Hér er miðað við félagsdóm, en vel má vera, að breyta þurfi til, þegar reynsla fæst.

2. mgr. er í samræmi við reglur þær, sem fylgt er, þegar varadómendur taka sæti í hæstarétti.

Um 69. gr.

Er í samræmi við l. nr. 78 1938, sbr. 3. mgr. 6. gr., 9. mgr. 7. gr., 10. gr. og 27. gr.

UM XI. KAFLA

Til hliðsjónar við samning þessa kafla hefur auk l. nr. 78 1938 og erlendra laga, sem áður getur, einkum verið hafður í huga VII. kafli bifreiðalaga, nr. 23 16. júlí 1941.

Auk þeirra refsiákvæða, sem hér eru sett, koma og oft til greina, að því er sjóslys snertir, refsiákvæði siglingalaganna og hegningarlaganna, nr. 19 1940. Að því er hin síðarnefndu snertir, má einkum minna á XIV. kafla, að því er snertir skyldubrot embættis- og sýslunarmanna skipaeftirlitsins, og um refsingar að öðru leyti t. d. 164., 165., 167. og 169. gr., sbr. og 215. og 220. gr. o. fl.

Um 70. gr.

Refsiákvæðin eru rúm og því allmikið mat á hæð refsingar lagt á vald dómstólanna. Er slíkt óhjákvæmilegt, þar sem um svo margvísleg og misjöfn brot er að ræða.

Allhörð refsing er þó fortakslaust lögð við broti samkvæmt 2. mgr., enda þar um að ræða alvarlegar yfirsjónir, þótt sumar séu aðeins formlegar.

Um 71. gr.

Rétt þykir, að lögveð í skipi sé fyrir sektum, sbr. lög um bann við botnvörpuveiðum, nr. 5 18. maí 1920, áfengislög, nr. 33 9. jan. 1935, o. fl. Hugsunin er sú, að brot sé venjulega drýgt eigendum skips til hagnaðar og oft með vitund þeirra, án þess að sannað sé. Þykir því ástæða til, að tjón falli á hann, enda viðurkennd regla í einkamálarétti, að eigandi skips beri ábyrgð á skaðaverkum skipstjóra, og þá ekki óeðlilegt, að sama gildi um sektir fyrir refsivert brot.

Um 72. gr.

Óhjákvæmilegt þykir, að skipstjórar og aðrir þeir, sem lögin brjóta að verulegu leyti, fái harða áminningu, enda lítið öryggi í því, að skipstjórar, sem ábyrgðin hvílir fyrst og fremst á og ætíð hljóta að vera eðlilegustu og sjálfsögðustu verðir öryggis og gætni á sjó, séu látnir fótumtroða skyldur sínar, án þess að ströng viðurlög séu sett.

Ákvæðin eru mjög á sömu lund og ákvæðin um réttindasviptingu bifreiðastjóra.

Um 73. gr.

Greinin, sem vísað er til, hljóðar þannig:

„Ef flugmenn, bifreiðastjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátaformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar, varðar það að jafn-

aði missi réttar til þess að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í farartækinu, ef þeir eru sjálfir í því og áttu að annast starfið, en hafa vanrækt það sökum ölvunar og verulegt slys hlotizt af því.

Það varðar refsingu að veita mönnum þeim, sem tilgreindir eru í 1. málsgr., áfengi, þegar þeir eru að störfum.“

Um 74. gr.

Sömu sjónarmið liggja hér til grundvallar og um ræðir við 72. gr.

Um 75. gr.

Greinin er í samræmi við bifreiðalögin.

Um 76. gr.

Greinin er í samræmi við bifreiðalögin. Hún er sett til þess, að hendur umboðsvaldsins séu nokkuð bundnar um endurveiting réttinda. Á hinn bóginn þykir ekki verða hjá því komizt, að heimild til endurveitingar réttindum sé til, ef ríkar ástæður mæla með.

Um 77. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 78. gr.

Hér er aðeins um að ræða bráðabirgðaákvæði. Að sjálfsögðu halda umræddar reglugerðir aðeins gildi að því leyti, sem samrýmanlegt er lögunum.

Um 79. gr.

Víða í lögunum eru heimildir til þess að setja reglugerðir um einstök atriði og þá, á hvaða hátt þær skuli settar.

Nauðsynlegt þykir þó, að heimild sé til þess að setja reglur um önnur efni en þau, sem sérstaklega eru nefnd. Má þar t. d. nefna reglur um búnað skipa á ófriðartímum eða þegar annars stendur sérstaklega á, nánari reglur um gjaldinnheimtu og greiðslur fyrir skoðanir, um störf siglingadóms o. fl. o. fl.

Í þinghléi því, sem nýlega er lokið, var frumvarpið, eins og það var upphaflega samið af nefnd þeirri, sem skipuð var 7. marz 1944, tekið til endurskoðunar af henni og skipaskoðunarstjóranum. Voru þá gerðar á því ýmsar breytingar, sem teknar eru upp í frumvarpið eins og það nú liggur fyrir. Fylgdi þá eftirfarandi viðbótargreinargerð nefndarinnar með breytingartillögum hennar.

Greinargerð.

Samkvæmt bréfi samgöngumálaráðherra, dags. 27. des. f. á., höfum við undirritaðir setið allmarga fundi með skipaskoðunarstjóra, til þess að samræma frumvarp það, um eftirlit með skipum, er vér á sínum tíma sömdum, og tillögur hans um breytingar á frumvarpinu.

Formaður nefndarinnar, Bárður Tómasson, hefur verið erlendis og því ekki getað tekið þátt í þessu starfi.

Vér höfum orðið sammála um breytingatillögur þær, sem hér fara á eftir. Skipaskoðunarstjóri er þeim og samþykkur og hefur fallið frá öðrum breytingartillögum sínum.

Þorri breytinganna er fram kominn að gefnu tilefni frá skipaskoðunarstjóra, aðrar eftir ráðleggingu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (F.F.S.Í.) og

Póst- og símamálastjórnarinnar og enn aðrar eru leiðréttingar á prentvillum, sem inn í frumvarpið hafa slæðst, eða breytingar, er oss hafa við nánari athugun þótt horfa til bóta.

Eins og ljóst verður af samanburði á breytingartillögum skipaskoðunarstjóra og frumvarpinu, hafa ýmsar tillögur hans verið teknar til greina óbreyttar, aðrar breyttar, en öðrum hefur hann fallið frá. Verður nánari grein gerð fyrir breytingum hverrar greinar hér á eftir, og mun þá koma í ljós að ekki er um grundvallarbreytingar að ræða, heldur aðallega breytingar að því er snertir framkvæmdaratriði. Nokkrar efnisbreytingar eru þó gerðar og orðalagi sumstaðar vikið við.

Um einstakar greinar viljum vér láta þessa getið:

Um 1. gr.

4. liður. Skipaskoðunarstjóri og F.F.S.Í. hafa bent á, að menn ferðist oft á skipum með samþykki útgerðarmana eða í erindum þeirra, án þess að greiða fargjald, og að oft beri við, að skipverjar fái að láta ættingja sína fljóta með án greiðslu. Þurfi því bjargtæki fyrir slíkt fólk. Nefndin getur fallizt á breytinguna, þótt 38. gr. geymi væntanlega nægа heimild til úrbóta.

8. liður. Skipaskoðunarstjóri hefur bent á, að hugtakið „fleytitæki“ muni vera of rúmt.

15. liður. Rétt þykir, að skýrt komi fram í lögunum, við hvaða ráðherra er átt, þar sem ráðherra er nefndur í lögunum.

Um 2. gr.

2. og 3. mgr. Eins og bent er á í greinargerð frumvarpsins var nefndinni ljóst, að ákvæði þess gátu verið varhugaverð, enda gerði skipaskoðunarstjóri athugasemd og lagði til breytingu, sem nefndin gat þó ekki fallizt á. En samkomulag varð um það orðalag, sem greinin ber með sér, enda telur nefndin, að höfuðtilganginum, sem fyrir henni vakti, þeim, að léleg erlend leiguskip væru ekki notuð í samkeppni við fullkomin íslenzk skip, yrði á þennan hátt náð, án þess að koma þyrfti til vandræða.

Um 5. gr.

Samkvæmt tillögu F.F.S.Í. er bætt inn í upptalninguna í c-lið „kjölfestulitið“. Orðalagi er og lítillega vikið við.

Um 7. gr.

Hér er aðeins um orðalagsbreytingu að ræða. Við er þó bætt, að skýrslu megi senda eftirlitsmanni, er fyrst næst til.

Um 8. gr.

Breytingin er gerð vegna 15. liðs 1. gr.

Um 9. gr.

Tilgangur ákvæðisins í niðurlagi greinarinnar var sá, að skipaskoðunarstjóri hefði ekkert skoðunar- eða eftirlitsstarf með höndum, annað en það, sem felst í stöðu hans. Skipaskoðunarstjóri hefur talið heppilegra orðalag það, sem hér er haft og getur nefndin fallizt á það, enda á hugsunin að vera hin sama og var.

Um 10. gr.

Hér er aðeins um orðabreytingar að ræða.

Um 11. og 14. gr.

Samkvæmt fenginni reynslu hefur skipaskoðunarstjóri talið, að breytingar þær, sem hér eru gerðar, væru til bóta, og telur nefndin sjálfsagt, að taka þær bendingar til greina.

Um 17. gr.

Aðeins breytt orðalagi.

Um 18. gr.

Nefndin hefur komizt að raun um, að þetta ákvæði hafi af vangá fallið úr, sbr. nú 1. gr. l. nr. 38 30. maí 1942.

Um 21. gr.

Þar sem það getur valdið óþægindum gagnvart erlendum ríkjum, ef óvarlega er farið að í þeim efnum, sem hér ræðir um, telur nefndin rétt að breyta greininni á þann hátt sem gert er, enda hefur skipaskoðunarstjóri óskað þess.

Um 23. gr.

Skipaskoðunarstjóri hefur lagt til, að tilvísun þessi væri í greininni, og er ekkert við það að athuga.

Um 27. gr.

Hér er um leiðréttingu að ræða samkvæmt bendingu skipaskoðunarstjóra.

Um 35. gr.

A. 3. Hér er um leiðréttingu á prentvillu að ræða.

B. 1. 1. mgr. Orðalagi er breytt samkvæmt tillögu Póst- og símamálastjórnarinnar.

B. 1. 3. mgr. Aðeins orðabreyting.

C. 2. Nefndin gat fallizt á að það væri í samræmi við önnur ákvæði laga varðandi skip, að miða hér fremur við 30 rúmlestir en 20.

D. 2. Skipaskoðunarstjóri heldur því fram, að eins og mannflutningum á sjó er háttað hér við land, sé ekki hægt að fullnægja þeim kröfum, sem í frumvarpinu eru gerðar. Nefndin vill ekki véfengja þetta, og hefur því orðið samkomulag um breytinguna.

D. 3. Breytingin er gerð að tillögu skipaskoðunarstjóra.

E. 1. Nefndinni virðist betur fara á því orðalagi sem hér er haft.

E. 3. Breytingin er gerð til þess að taka af öll tvímæli. Annars taldi nefndin sjálfsagt að skipaskoðunarstjóri væri með í ráðum um setningu þessara reglna, sem og allra annarra er eftirlitið varða.

F. Póst- og símamálastjórnin hefur mælt með þessum breytingum.

G. 3. Breytingarnar eru gerðar samkvæmt tillögum skipaskoðunarstjóra og Póst- og símamálastjórnarinnar.

Um 36. gr.

3. 2. mgr. Nefndin og skipaskoðunarstjóri eru sammála um að aðbúð þilfarsfarþega í skipum og bátum er sigla með ströndum fram, sé mjög ábótavant. Skipaskoðunarstjóri telur á hinn bóginn óframkvæmanlegt, eins og sakir standa, að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru í frumvarpinu. Samkomulag varð þó um að málsgreinin yrði ekki felld niður, heldur breytt á þann hátt, er hún ber með sér.

Um 38. gr.

Því hefur verið haldið fram, að niðurlag greinarinnar mætti skilja þannig, að fólk það, sem um ræðir, ætti kröfu til sömu aðbúðar og skipverjar, en þeir njóta, eins og kunnugt er, að ýmsu leyti betri aðbúðar en farþegar. Þetta var ekki hugmynd nefndarinnar, heldur að fólk það, sem um ræðir, ætti ekki kröfu til aðbúðar sem farþegar, samkvæmt 36. gr., og aldrei kröfu til betri aðbúðar eða öryggis en skipshöfn. Skipaskoðunarstjóri hefur og bent á, að hér verði nokkuð að fara eftir atvikum. Nefndin hefur því getað fallizt á að málsgreinin breytist á þann hátt er tillagan ber með sér.

Um 39. gr.

A. 2. Hér er um leiðréttingu á prentvillu að ræða.

A. 3. Breytingarnar eru gerðar að tillögu skipaskoðunarstjóra.

B. 1. Nefndin hefur getað fallizt á þá tillögu skipaskoðunarstjóra, sem í breytingunni felst, en hún felur í sér að tréskip sem smíðuð eru undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags, á þann hátt sem greinin segir, þurfi ekki að vera í samræmi við íslenzkar smíðareglur í öllum greinum. Skipaskoðunarstjóri telur að öryggiskröfur séu í engu skertar.

Um 40. gr.

Breytingar þær, sem hér ræðir um, eru gerðar vegna tilmæla sjómannastéttarinnar og F.F.S.Í. og eiga að geta verið skipaskoðunarstjóra styrkur, án þess að raska sjálfsögðu úrskurðarvaldi hans í þessum efnum.

Um 41. gr.

Breytingin er gerð til samræmis.

Um 42. gr.

Orðalagi er breytt í skýrari átt, en um efnisbreytingu er ekki að ræða.

Um 44. gr.

Skipaskoðunarstjóri telur vandkvæði á framkvæmd þess sem boðið er í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Hefur nefndin því fallizt á þá breytingu, sem málsgreinin ber með sér.

Um 45. gr.

Breytingin er gerð til samræmis við orðalag annars staðar í lögunum.

Um 49. gr.

Breytingarnar eru gerðar samkvæmt tillögum F.F.S.Í.

Um 51. gr.

Hér er aðeins um leiðréttingu að ræða.

Um 56. og 60. gr.

Skipaskoðunarstjóri telur hækkun þá, sem um ræðir, eðlilega, þegar gætt er starfs þess, sem í té er látið. Nefndin fellst því á breytinguna, enda er um að ræða gjald sem aðeins er greitt einu sinni.

Nd. 419. Breytingartillögur

við frv. til l. um gagnfræðanám.

Frá menntamálanefnd.

1. Alls staðar í frv. breytist „gagnfræðaráð“ í: fræðsluráð, — „gagnfræðahérað“ í: fræðsluhérað — og „gagnfræðahverfi“ í: skólahverfi.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Í hverju fræðsluhéraði starfar einn gagnfræðaskóli hið minnsta. Þó geta tvö eða fleiri fræðsluhéruð staðið saman um einn skóla, ef hlutaðeigandi fræðsluráð óska þess og fræðslumálastjórn samþykkir.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Í hverju skólahverfi skal vera að minnsta kosti einn skóli, sem veiti skyldufræðslu gagnfræðastigsins. Þó geta tvö eða fleiri skólahverfi staðið saman um

einn slíkan skóla, ef hlutaðeigandi skólanefndir óska þess og fræðslumálastjórn samþykkir.

4. Við 6. gr. Greinin falli burt.
5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Námsstjórar gagnfræðastigsins geta setið fundi fræðsluráðs og skólanefnda með tillögurétti og málfrelsi. Þeir hafa og rétt til að kveðja fræðsluráð og skólanefndir til funda.
6. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „Gagnfræðaráð annast .... gera tillögur“ komi: Fræðsluráð gera tillögur.
   b. Síðari málsgrein falli niður.
7. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Við hvern gagnfræðaskóla og miðskóla skal vera skólanefnd skipuð 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu 4 þeirra kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd.
   Ef tvö eða fleiri fræðsluhéruð standa saman um skóla, kýs hver sýslunefnd tvo skólanefndarmenn. Fræðslumálastjóri skipar einn mann í nefndina, og er hann formaður. Skipun hans gildir um sama tímabil.
   Þar, sem skyldufræðsla gagnfræðastigsins fer fram í barnaskólum, skal vera sama skólanefnd fyrir bæði skólastigin. Nú standa tvö eða fleiri skólahverfi saman um skóla, sem veitir aðeins skyldufræðslu gagnfræðastigsins, og setur fræðslumálastjórn þá reglur um fjölda skólanefndarmanna og hve margir skulu kosnir fyrir hvert skólahverfi, og skal í því efni hafa hliðsjón af fólksfjölda.
   Heimilt er að fela fræðsluráði störf skólanefndar við þessa skóla, ef fræðslumálastjórn og hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir eru sammála um það.
8. Fyrirsögn II. kafla verði: Skólahverfi og skólanefndir.
9. Við 19. gr. Síðasti málsliður greinarinnar fellur niður.
10. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
    Miðskólapróf veitir rétt til framhaldsnáms í gagnfræðaskólum og ýmsum sérskólum, allt samkvæmt lögum og reglugerðum hvers skóla.
11. Við 26. gr. 1. málsl. orðist svo:
    Í fræðsluhéruðum utan kaupstaða, þar sem gagnfræðaskólar eru tveggja ára skólar, starfa þeir samkvæmt námsskrá tveggja efstu bekkja gagnfræðaskólanna.
12. Við 27. gr. Orðin „þó með þeim takmörkunum .... um bóknámsdeild“ í niðurlagi greinarinnar falli burt.
13. Við 33. gr. Eftir orðunum „setur skólastjórum“ komi: og kennurum.
14. Við 34. gr. Síðari málsliður greinarinnar falli burt.
15. Við 35. gr. Greinin orðist svo:
    Fræðslumálastjórn er heimilt að ráða tvo námsstjóra fyrir gagnfræðastigið.
16. Við 37. gr. Síðari málsgrein falli burt.
17. Við 38. gr.
    a. 3. málsgrein orðist svo:
       Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu, skal þá skólanefnd og fræðslumálastjórn leitast við að fá til hæfan mann, og má að tveim árum liðnum gera hann að föstum kennara, enda komi meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra til.
    b. Aftan við greinina bætist:
       Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er skipa fastar stöður við skóla gagnfræðastigsins, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

18. Við 39. gr.
    a. Í stað „24“ komi: 25 — og í stað „18“ komi: 20.
    b. Við greinina bætist: eða taka tillit til slíkra aukastarfa, þegar ákveðin er lengd árlegs starfstíma kennara. Skólanefnd ákveður kennsluskyldu skólastjóra með samþykki fræðslumálastjórnar.
    c. Aftan við gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
    Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.
19. Við 40. gr. Greinin falli burt.
20. Við 41. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
    Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, á hann rétt á ársorlofi með fullum launum og síðan tíunda hvert starfsár á sama hátt og með sömu skilyrðum. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum o. s. frv.
21. Við 44. gr. Orðin „Kennarar dæma .... fræðslumálastjórnar“ falli burt.
22. Við 45. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
    Skólastjóri ræður starfsmenn skólanna, aðra en fasta kennara, með samþykki skólanefndar.
23. Við 51. gr. Síðasti málsliður („Þau skulu .... skólamuna“) falli niður.
24. Við 52. gr. Síðari málsliður („Þau skulu .... skólamuna“) falli niður.
25. Við 55. gr. Eftir orðin „tekju- og eignarskatt íbúanna“ bætist: eftir meðaltali fimm síðustu ára.
26. Við 56. gr. Greinin orðist svo:
    Fastir kennarar við skóla gagnfræðastigsins eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stundakennslu samkv. 57. og 63. gr. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti, sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum það, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður endurgreiðir fjórða hluta þess að fengnum skýrslum um fullnægjandi skólahald samkv. settum reglum og fyrirmælum. Endurgreiðsla ríkissjóðs rennur í skólasjóð og telst til tekna hans á næsta ári. Fræðslumálastjórn ákveður húsaleigu heimavistarnemenda í samráði við skólastjóra og skólanefnd.
27. Við 57. gr.
    a. Fyrir orðin „allt að 25 .... er styttri“ komi: 20--30 nemendur komi á hvern kennara, eftir því hve verknám er mikið.
    b. Í stað orðanna „25 á hvern kennara“ komi: þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum.
28. Við 59. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
    Nú fer kostnaður fræðsluhéraðs 15% eða meira fram úr meðalkostnaði miðað við landið í heild og rekja má það til þess, að dómi fræðslumálastjórnar, að í héraðinu starfi gagnfræðaskóli, sem sóttur er úr fleiri héruðum, skal þá endurgreiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem fram yfir er meðalkostnað.
29. Við 60. gr. Greinin orðist svo:
    Skólar gagnfræðastigsins skulu vera sérstakir skólar og starfa í eigin húsnæði, þar sem því verður við komið.
    Í skólahverfum í sveitum skal þó að jafnaði starfa unglingaskóli í sambandi við barnaskólann. Má þá fela skólastjóra barnaskólans að hafa einnig forstöðu unglingaskólans.

30. Við 61. gr. Greinin falli niður.
31. Við 62. gr. Greinin falli niður.
32. Við 67. gr. Orðin „svo og fjórðungs húsmæðraskólar“ falli burt.
33. Við 70. gr. Greinin falli burt.

Nd. 420. Breytingartillaga

við frv. til l. um girðingar kringum hveri og laugar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Aftan við gr. kemur ný málsgr.:
Sveitarstjórn skal semja skrá um þá hveri og laugar, sem girða skal, og tilkynna eigendum.

Nd. 421. Frumvarp til laga

um byggingareftirlit ríkisins.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Til að hafa eftirlit með byggingarframkvæmdum ríkisins og starfsgreina þess, þar með taldar byggingarframkvæmdir á jörðum Jarðakaupasjóðs, skal sett á fót stofnun, er heitir „Byggingareftirlit ríkisins“, og heyrir hún undir yfirráð fjármálaráðherra.

2. gr.

Byggingareftirlit ríkisins skal gera kostnaðaráætlanir um byggingarframkvæmdir ríkisins, stofnana þess og starfsgreina og hafa eftirlit með, að allar slíkar byggingar séu vel og haganlega gerðar og eigi til þeirra eytt meira fé en þörf krefur.

Þegar slík verk eru boðin út, skal leita álits byggingareftirlits um útboðsauglýsingar og gerð samninga, og eru verktakar háðir tillögum þess og yfirumsjón. Byggingareftirlitið getur ráðið sérstaka eftirlitsmenn með tilteknum verkum, þar sem fulltrúar þess á viðkomandi svæði geta eigi annazt nauðsynlegt eftirlit.

Sé verk unnið í tímavinnu, skal byggingareftirlitið ráða aðalmenn til verksins í samráði við hlutaðeigandi stofnanir, einnig annast innkaup á efni og yfirleitt bera ábyrgð á verkinu gagnvart ríkissjóði.

Enn fremur skal byggingareftirlitið aðstoða bæjar- og sveitarfélög svo og einstaka menn í byggingarmálum, eftir því sem við verður komið, allt í samráði við fjármálaráðherra.

3. gr.

Byggingareftirlitið skal hafa eftirlit með viðhaldi húseigna ríkisins, hvar sem er á landinu, svo og öllum breytingum, er gerðar verða, ráða menn til að framkvæma verkið og sjá um innkaup á efni til viðhalds og endurbóta.

4. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann og aðstoðarmenn hans. Að öðru leyti ræður forstöðumaður starfsfólk eftir því, sem þörf krefur, og trúnaðarmenn úti um land eftir því, sem hann telur nauðsyn á, og hefur eftirlit með starfi þeirra.

5. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af byggingareftirliti ríkisins, leggst á þær byggingar, sem umsjón þess nær til, eftir því sem við verður komið, en greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur ákaflega miklu fé verið varið til opinberra bygginga, og ásókn fer sívaxandi um aukin fjárframlög í þessu skyni. Á þessu ári mun vera byggt fyrir nokkra tugi milljóna króna, og líkur eru til, að á næstu árum verði framhaldið líkt.

Húsameistari ríkisins og starfsmenn hans teikna mörg þeirra húsa, sem um er að ræða, og má gera ráð fyrir, að framvegis verði það einnig svo. En að öðru leyti er eftirlit með þessum miklu byggingarframkvæmdum mjög af skornum skammti og allsendis ófullnægjandi. Margvísleg mistök hafa orðið á ýmsum slíkum framkvæmdum og mjög miklu fé eytt að óþörfu. Kostnaðaráætlanir fást ekki gerðar, svo viðunandi sé, og oft engar, og allt of mikill skortur er á eftirliti fróðra manna því til tryggingar, að þau nauðsynjaverk, sem um er að ræða, séu svo vel og haganlega gerð sem vera þarf.

Varðandi byggingar einstakra manna úti um landið er Teiknistofa landbúnaðarins til mikillar aðstoðar, en þó er eftirlit hennar mjög ófullnægjandi, enda liggur fyrir þessu þingi frumvarp til laga um byggingarsamþykktir í sveitum, sem stefnir að því að koma þessum málum í betra horf en nú eru þau. En varðandi hinar miklu byggingarframkvæmdir ríkisins, stofnana þess og starfsgreina, þá þarf stórkostlega breytingu á til þess, að vænta megi nægilegs eftirlits og umsjónar. Þess vegna er þetta frumvarp flutt, og mundi sá kostnaður, sem leiðir af samþykkt þess, margfaldlega vinnast upp, þar sem koma mætti í veg fyrir alls konar mistök og óþarfa fjáreyðslu.

Ef byggingarsamþykktir komast á í sveitahéruðum, gætu fulltrúar byggingareftirlitsins jafnframt verið starfsmenn samþykktarhéraðanna, og í bæjunum ættu byggingarnefndir og aðrir ráðamenn byggingarmálanna að hafa samvinnu við byggingareftirlit ríkisins, eftir því sem henta þætti, á svipaðan hátt og á sér stað í raforkumálum o. fl. Hvort eða með hverjum hætti væri farið út á það svið, færi þó að sjálfsögðu eftir því, hversu vel tækist með starfsemi þeirrar stofnunar, sem hér um ræðir, og hvernig háttað væri á hverjum stað samvinnu milli viðkomandi ráðherra og forstöðumanns við ráðamenn bæjanna í byggingarmálum. Til að byrja með verður að binda starfsemi byggingareftirlits fyrst og fremst við byggingar ríkisins og stofnana þess, enda er þar um mjög mikið og vanrækt verkefni að ræða.

Nd. 422. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (BÁ) var fjarstaddur, er málið var afgr. frá nefndinni.

Alþingi, 13. febr. 1946.

Jón Pálmason, form. Jón Sigurðsson, frsm. Barði Guðmundsson.

Sigurður Guðnason.

Nd. 423. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 420 (Girðingar kringum hveri og laugar).

Frá Gunnari Thoroddsen.

Aftan við till. bætist: Einnig skal hún kveða á um gerð girðinga.

Ed. 424. Frumvarp til laga

um girðingar kringum hveri og laugar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Skylt er að afgirða hveri og laugar (50° C og þar yfir), sem í byggð eru eða svo nærri byggð, að mönnum geti stafað hætta af fyrir líf eða limu, að dómi sveitarstjórnar. Skal girðingin vera svo traust, að tilgangi þessum sé náð.

Sveitarstjórn skal semja skrá um þá hveri og laugar, sem girða skal, og tilkynna eigendum. Einnig skal hún kveða á um gerð girðinga.

2. gr.

Girðingarskylda samkvæmt 1. gr. hvílir á eiganda hvers og laugar. Sé slíkum girðingum eigi komið upp innan árs frá gildistöku laga þessara, skal lögreglustjóri héraðsins láta setja þær upp á kostnað eigenda, og má taka kostnaðinn lögtaki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 425. Nefndarálit

um till. til þál. um afnotagjald útvarpsnotenda.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað gaumgæfilega þáltill. á þskj. 164 og brtt. þm. Borgf. á þskj. 245. Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hlutinn (GJ, StgrA og ÞB) vill afgreiða tillöguna með rökstuddri dagskrá og mun skila sérstakri álitsgerð. Meiri hlutinn lítur hins vegar svo á, að Alþingi beri að láta í ljós vilja sinn um það, að ekki verði innheimt hærri afnotagjöld á árinu 1946 en innheimt voru á árinu 1945. Rök meiri hlutans eru fyrst og fremst þau, að rekstur útvarpsins er fullkomlega tryggður með sömu afnotagjöldum og verið hafa. En auk þess er líklegt, að tekjur útvarpsins af viðtækjaverzlun muni aukast verulega á þessu ári. Að sönnu munu uppi ráðagerðir um það að hefja á þessu ári stórbyggingu fyrir útvarpið. En meiri hl. er því mótfallinn og telur ekki fært að verja meiru en þegar er ákveðið með fjárlögum til annarra bygginga en íbúðarhúsa af því byggingarefni, sem fást mun flutt til landsins á þessu ári.

Meiri hl. leggur því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi orðalagi.

BREYTINGARTILLAGA.

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að á árinu 1946 verði ekki innheimt hærra afnotagjald hjá útvarpsnotendum en gert var á árinu 1945.

Alþingi, 14. febr. 1946.

Sigurður Kristjánsson, frsm. B. Kristjánsson. Guðm. Í. Guðmundsson.
Skúli Guðmundsson. Helgi Jónasson. Pétur Ottesen.

Ed. 426. Nefndarálit

um frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (JJ) var ekki á fundi, er málið var afgreitt. Tveir nefndarmanna (HG og EE) áskilja sér rétt til að koma fram með brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 15. febr. 1946.

Kristinn E. Andrésson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
H. Guðmundsson.

Nd. 427. Breytingartillögur

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist:
   Fræðsluráði er skylt að leita álits hlutaðeigandi skólanefnda um skiptingu fræðsluhéraðs í skólahverfi.
2. Við 14. gr. Eftir orðunum „samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna“ bætist: eftir meðaltali fimm síðustu ára.

Ed. 428. Nefndarálit

um frv. til laga um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpi þessu var vísað til nefndarinnar 8. okt. í haust, en var ekki afgreitt í nefndinni fyrr en rétt fyrir jólin Var ég þá á förum heim til mín, og varð því ekki af, að ég gæfi út nál. í það sinn. En með því að ég er meðnefndarmönnum mínum ósammála um þetta mál, þykir mér rétt að gera nú grein fyrir afstöðu minni til þess, enda hefur það ekki enn verið tekið til 2. umr.

Frumvarpið er samhljóða bráðabirgðalögum frá 29. sept. s. l. og er lagt fyrir Alþingi til staðfestingar á þeim.

Tæplega mun það orka tvímælis nú, að bráðabirgðalög þessi hafa gefizt illa í framkvæmd. Kom það þegar í ljós á s. l. hausti, að þau, ásamt ráðstöfunum „verðlagsnefndar landbúnaðarvara", höfðu truflandi áhrif á kjötsöluna, meðan á sláturtíðinni stóð.

Þegar kjötverðið var ákveðið um miðjan sept. s. l., mun almennt hafa verið búizt við, að það yrði ekki hið endanlega verð, heldur mundi ríkisstjórnin gera ráðstafanir til að lækka það með niðurgreiðslum úr ríkissjóði eða á annan hátt, enda hafði hún tekið sér vald til þess með bráðabl. frá 2. ágúst 1945. Fólk beið því, sem eðlilegt var, með kjötkaup sín eftir hinu lægra verði, er það bjóst við. Olli dráttur sá, sem þannig varð á því, að kjötsala gæti hafizt að ráði, bæði framleiðendum og neytendum óþægindum og tjóni, að minnsta kosti sums staðar.

Þegar bráðabirgðalög þessi loks komu 29. sept. 1945, var enn ýmislegt í óvissu um rétt manna til endurgreiðslu á hluta kjötverðsins, því reglugerð átti að setja, er kvæði nánar á um þessi atriði. Sú reglugerð er dagsett 10. okt. 1945, eða þegar mjög var liðið á sláturtíðina. Mun hún ekki hafa tekið allan vafa af um framkvæmd þessa máls, og enn mun jafnvel vera nokkur óvissa hvað það snertir.

Þessi óvissa um hið raunverulega kjötverð dró mjög úr kjötkaupum manna í sláturtíðinni s. l. haust, einkum á þeim stöðum, þar sem venja hefur verið að kaupa að haustinu nokkurn vetrarforða af kjöti, eins og t. d. verið hefur á Akureyri. Þetta er ástæðan til minni kjötsölu þar s. l. haust heldur en áður hefur tíðkazt, en sú fávíslega fjarstæða, sem slegið hefur verið fram, að minni kjötkaup á Akureyri stöfuðu af blaðaummælum og pólitískri afstöðu manna þar, hefur auðvitað ekki við neitt að styðjast.

Með þeim seinagangi, sem á þessu máli var s. l. haust, var framleiðendum bakað tjón og neytendum að minnsta kosti óþægindi. Jafnvel þó að allt kjötið seljist að lokum á innlendum markaði, bætir það ekki tjónið að fullu, því sala kjötsins í heildsölu, beint frá sláturhúsum, er auðvitað kostnaðarminnst og víða hagkvæmust fyrir báða aðila, en drátturinn á málinu hefur einkum spillt þeirri sölu. Úr því ríkisstjórnin tók þessi mál í sínar hendur, án þess að kveðja Alþingi til, bar henni auðvitað að hafa ráðstafanir sínar tilbúnar 15. sept. s. l., þegar hið fyrra verðlag féll úr gildi.

En þó að setning bráðabirgðalaga þessara og reglugerðar samkv. þeim gengi seint, virðist framkvæmd þeirra ganga enn seinna, og ekkert af kjötverðinu mun enn hafa verið endurgreitt til neytenda. Hins vegar hefur verið mjög mikið um skýrslugerðir og alls konar skriffinnsku í sambandi við væntanlega endurgreiðslu. Hefur einnig þessi seinagangur vakið óánægju víðsvegar um land, sem meðal annars má sjá af samþykkt „fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna" frá 13. þ. m. Má þó ætla, að sú samþykkt sé ekki gerð af neinum illvilja til ríkisstjórnarinnar.

Við mistök ríkisstjórnarinnar í kjötsölumálunum bætist svo sú ráðstöfun „verðlagsnefndar landbúnaðarvara" að hækka verzlunarálagningu kjötsins um 48 aura á hvert kg. Verði um 5 þús. tonn af kjöti seld innanlands, eins og verðlagsnefndin gerir ráð fyrir, nemur hækkun þessi á þriðju milljón króna, og leggst hún einnig á þann hluta verðsins, sem endurgreiddur er. Má að vísu vel vera, að einhver hækkun hafi verið nauðsynleg, vegna vaxandi dýrtíðar, en hér virðist þó fulllangt gengið, og án efa hefði mátt verja einhverju af þessu fé betur.

Ríkisstjórnin hafði annars staðar heimild til að koma í veg fyrir, að kjötverðið hækkaði vísitöluna, og þurfti því ekki á þessum bráðabirgðalögum að halda til þess. Heldur virðast þau gefin út í sparnaðarskyni, og ber ekki að lasta þann tilgang í sjálfu sér, en aðferðin til að ná honum virðist þó næsta hæpin. Hún er sú, að láta verulegan hluta landsmanna ekki fá neina endurgreiðslu á kjötverði, þó að vísitalan sé miðuð við allmiklu lægra verð en þeir greiða. Þessi flokkun neytendanna í styrkhæfa og óstyrkhæfa er töluvert handahófskennd og í mörgum tilfellum

ranglát. Mun þetta þegar vera farið að sýna sig. Að vísu sparar þetta ríkissjóði nokkur útgjöld, á meðan raunhæfari ráðstafanir gegn dýrtíðinni eru ekki gerðar, en þeim sparnaði hefði án efa mátt ná á annan og réttlátari hátt, að minnsta kosti að nokkru, t. d. með því að halda verzlunarálagningu kjötsins meira í skefjum.

Úr því sem komið er tel ég ríkissjóði skylt að standa við þau loforð, sem gefin hafa verið um endurgreiðslu á hluta af verði þess kjöts, er þegar hefur verið keypt, og fellur sú skylda ekki niður, jafnvel þó að bráðabirgðalög þessi falli úr gildi. Hefur og ríkisstjórnin, sem fyrr segir, aðra lagaheimild til að greiða niður jafnt kjötverð sem verð annarra innlendra vara. Það er því engin nauðsyn, að Alþingi staðfesti bráðabirgðalög þessi. Og þar eð þau hafa gefizt illa í framkvæmd, eins og hér að framan er vikið að, virðist rétt, að Alþingi felli þau úr gildi. Legg ég því til, að frv. þetta verði felld.

Alþingi, 14. febr. 1946.

Bernh. Stefánsson.

Ed. 429. Nefndarálit

um frv. til l. um lögreglustjóra á Dalvík.

Frá allsherjarnefnd.

Allir þeir nefndarmenn (BBen, BSt og StgrA), sem tekið hafa þátt í afgreiðslu málsins, eru sammála um, að núgildandi fyrirmælum um hreppstjórn og oddvitastörf í kauptúnum, eða a. m. k. hinum stærri þeirra, sé mjög ábótavant, þar sem störf þessi eru víða orðin svo umfangsmikil, að erfitt er að gegna þeim í hjáverkum. Af þessum ástæðum hafa verið sett fyrirmæli um lögreglustjóra í nokkrum kauptúnanna, og er efni frv. það, að slíkt skuli nú gert um Dalvík. Lögin um þessa lögreglustjóra eru þó ófullnægjandi, vegna þess að ekki er öruggt, að þeim séu einnig falin oddvitastörf, en án þess er hæpið, að þessir embættismenn hafi nægt verkefni. Meiri hluti nefndarinnar telur þess vegna rétt, að áður en haldið er lengra á þeirri braut að setja lög um einstaka lögreglustjóra, verði íhugað í heild, hvernig bezt verði fyrir komið stjórn kauptúna. Einn nefndarmanna (BSt) óskar þess að vísu, að frv. verði samþykkt, en getur þó eftir atvikum sætt sig við þá afgreiðslu, sem meiri hl. leggur til. Skv. þessu er lagt til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Efri deild Alþingis telur brýna nauðsyn á, að hið fyrsta verði sett ný löggjöf um stjórn kauptúna, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti undirbúa slíka löggjöf, telur deildin ekki ástæðu til að afgreiða nú frv. til laga um lögreglustjóra á Dalvík og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. febr. 1946.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 430. Nefndarálit

um frv. til l. um girðingar kringum hveri og laugar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr.: Í stað orðanna „gildistöku laga þessara“ komi: tilkynningu sveitarstjórnar.

Tveir nefndarmanna (LJóh og GÍG) voru ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 18. febr. 1946.

Bjarni Benediktsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson, frsm.

Nd. 431. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til símaframkvæmda.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 12 milljón krónum, til símaframkvæmda, sem hún telur nauðsynlegar umfram þær, sem veitt er til í fjárlögum, enda færist vextir og afborganir af slíkum lánum á reikning landssímans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni samgöngumálaráðherra, og fylgdi því eftirfarandi greinargerð. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um málið.

Mikil þörf er á því, að hraðað verði, svo sem unnt er, ýmsum símaframkvæmdum, einkum þó jarðsímalagningum á aðalsímaleiðum og húsabyggingum í sambandi við það. Helztu framkvæmdir, sem hafðar eru í huga í sambandi við framangreinda lántökuheimild, eru þessar: Jarðsími frá Hvalfirði til Hrútafjarðar, ný tæki í stuttbylgjustöðina við Reykjavík, umsamin kaup á línum og jarðsímum frá setuliðinu og væntanleg frekari kaup á efni og tækjum frá setuliðinu, póst- og símahús í Hrútafirði, Borgarnesi og Vestmannaeyjum, stækkun sjálfvirku miðstöðvarinnar í Reykjavík og jarðsími frá Hrútafirði til Akureyrar. Málið hefur verið rætt í fjárveitinganefnd, og var nefndin þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri, að tekið yrði lán til svo stórra símaframkvæmda, sem hér er um að ræða, og sett um það sérstök lög.

Ed.

432. Frumvarp til laga

um fræðslu barna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Hlutverk barnaskóla.

1. gr.

Barnaskólar skulu leitast við að haga störfum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda sinna, hjálpa þeim að öðlast heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur, vera á verði um líkamshreysti þeirra og veita þeim tilsögn í lögskipuðum námsgreinum, hverjum eftir sínum þroska.

II. KAFLI
Skólaskylda.

2. gr.

Skylt er að halda barnaskóla í öllum skólahverfum landsins fyrir börn á aldrinum 7—13 ára, sbr. þó 3. gr., og er öllum börnum á þessum aldri skylt að sækja skóla, nema undanþága hafi verið veitt samkv. 3. og 5. gr.

Þegar tilgreindur er aldur barna í lögum þessum, miðast hann ávallt við það almanaksár, er þau ná nefndum aldri.

3. gr.

Nú sækir skólanefnd í skólahverfi í sveit um, að skólaskylda hefjist ekki í skólahverfi hennar fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur, og getur fræðsluráð þá veitt undanþágu að fengnum meðmælum námsstjóra.

Þar, sem þessi ráðstöfun hefur verið gerð, skulu heimilin annast og kosta fræðsluna frá sjö ára aldri barnanna, unz skólaskylda hefst í hverfinu, en hlíta um hana eftirliti kennara skólahverfisins.

Nú er vanrækt fræðsla yngri barna í skólahverfi, þar sem undanþága hefur verið veitt, og eigi um bætt þrátt fyrir áminningu fræðslumálastjórnar, og nemur hún þá undanþáguna úr gildi.

4. gr.

Heimilisfaðir skólaskylds barns ber ábyrgð á, að það hljóti lögmælta fræðslu og sæki lögskipuð próf.

5. gr.

Undanþegin frá að sækja almenna barnaskóla eru:

a. börn, sem sækja viðurkennda einkaskóla;
b. börn, sem hafa fengið leyfi skólanefndar og skólastjóra til að stunda nám utan skólans, en skylt er þeim að koma til viðtals eða prófs í skólann, þegar skólastjóri óskar þess;
c. börn, sem að dómi hlutaðeigandi kennara, skólastjóra og skólalæknis skortir hæfileika til þess að stunda nám í almennum barnaskóla;
d. börn, sem að dómi sömu aðila spilla góðri reglu í skólanum og eru miður heppilegt fordæmi öðrum börnum;
e. börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt barnaskólanám.

6. gr.

Þeim börnum, sem um getur í c-, d- og e-liðum 5. gr., skal séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi.

Heimilt er fræðslumálastjórn að ákveða þessum börnum námstíma einu eða tveimur árum lengri en öðrum börnum.

7. gr.

Nú kemur barn að ástæðulausu ekki til innritunar, þegar því er skylt, og skal þá skólanefnd áminna forráðamann þess, svo fljótt sem auðið er. Láti hann eigi skipast við þá áminningu, varðar það dagsektum, er nemi 5—10 kr. á dag eftir úrskurði valdsmanns (í Reykjavík sakadómara), talið frá þeim degi, er áminningin var gerð.

Nú vanrækir barn, sem innritað er í skóla, skólasókn til muna, þrátt fyrir umvöndun skólastjóra bæði við það og forráðamann þess, og skal þá skólanefnd áminna forráðamann barnsins. Leggist vanrækslan eigi af að heldur, varðar hún dagsektum, er nemi 5—10 kr. eftir úrskurði valdsmanns fyrir hvern vanræksludag, talið frá áminningu skólanefndar.

Ef heimilið á sannanlega sök á vanrækslunni, má barnaverndarnefnd taka barnið af heimilinu og ráðstafa því utan þess, en sannist það, að heimilið fái eigi ráðið við vanrækslu na, er henni skylt að vista barnið í stofnun eða á öðru heimili, er nefndin ber traust til.

III. KAFLI

Skólaskipan og skólahúsnæði.

8. gr.

Hver sýsla og hver kaupstaður er fræðsluhérað. Þó skal sameina tvær sýslur í eitt fræðsluhérað svo og hrepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarrar sýslu, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi fræðsluráð samþykkja. Hvert fræðsluhérað er eitt eða fleiri skólahverfi, og er einn barnaskóli í hverju skólahverfi.

9. gr.

Fræðslumálastjórn mælir fyrir um, hvernig fræðsluhéraði skuli skipt í skólahverfi, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð skiptinguna. Fræðsluráði er skylt að leita álits hlutaðeigandi skólanefnda um skiptingu fræðsluhéraðs í skólahverfi.

10. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahús á hentugum stað, og fullnægi það þörfum fyrir barnaskólahald í hverfinu. Fræðslumálastjórn setur reglur um lágmarkskröfur til skólahúsnæðis.

11. gr.

Eigi er heimilt að leyfa notkun skólahúsnæðis, nema samþykki skólanefndar og skólastjóra komi til.

12. gr.

Heimangönguskólar skulu vera þar, sem staðhættir leyfa, en þar, sem heimangöngu verður ekki við komið sökum mikilla vegalengda, skal reisa heimavistarskóla og keppa að því, að skólahverfi þeirra verði svo fjölmenn, að fullkomið starf verði við þá fyrir tvo fasta kennara eða fleiri.

13. gr.

Öll skólahús skulu gerð samkvæmt uppdrætti, er fræðslumálastjórn samþykkir. Enn fremur verður samþykki hennar að koma til um skólastað og skólalóð.

14. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að helmingi stofnkostnaðar heimangönguskóla, en þrjá fjórðu hluta stofnkostnaðar heimavistarskóla. Hlutaðeigandi sveitarfélög greiða hinn hlutann. Séu tveir eða fleiri hreppar eða hluti úr hreppi um sama skóla, greiða þeir stofnkostnaðinn í hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali fimm síðustu ára. Ríkisstyrkurinn er bundinn því skilyrði, að skólalóðin sé eign skólahverfisins eða afnotarétturinn tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi.

Hverju skólahúsi skal fylgja íbúð fyrir skólastjóra, 3 herbergi og eldhús að minnsta kosti. Heimavistarskólum skal einnig fylgja íbúð eða íbúðir fyrir kennara. Íbúðir skólastjóra og kennara teljast með í stofnkostnaði skóla svo og nauðsynlegustu skólahúsgögn.

Í skólahverfum, þar sem svo hagar til, að börn geti ekki sótt heimangönguskóla, nema þeim sé ekið til og frá skólastað, er heimilt að greiða styrk til kaupa á skólabíl, er nemi allt að þremur fjórðu hlutum kostnaðarverðs.

15. gr.

Viðhald skólahúsa og skólahúsgagna er sveitarfélögum skylt að annast samkvæmt reglum, er fræðslumálastjórn setur.

IV. KAFLI
Kennarar.

16. gr.

Fastir kennarar við barnaskóla eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum.

17. gr.

Engan má setja eða skipa kennara við barnaskóla, nema hann hafi lokið viðurkenndu kennaraprófi, sé eigi haldinn næmum sjúkdómi og hafi óflekkað mannorð.

Skólastjórar og kennarar heimavistarskóla skulu ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslutíma í heimavistarskóla.

18. gr.

Kennara er skylt að kenna að jafnaði 36 kennslustundir á viku, en á því skólaári, sem kennari verður 55 ára, má fræðslumálastjórn fækka skyldustundum hans um 6 á viku og um aðrar 6, er hann verður sextugur.

Kennslustundafjöldi skólastjóra skal ákveðinn í erindisbréfi. Eigi verður skólastjóri leystur frá þeirri kennsluskyldu, nema samþykki fræðslumálastjórnar komi til.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætið átt við 40 mín. kennslustund.

19. gr.

Kennari, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við barnaskóla, skal gegna því samkvæmt erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

20. gr.

Geti kennari ekki stundað starf sitt við skóla sakir veikinda, skal greiða forfallavinnu fyrir hann samkv. reglum, er fræðslumálastjórn setur.

21. gr.

Skólastjóri fer í skóla sínum með umboð fræðslumálastjórnar og skólanefndar gagnvart kennurum skólans, nemendum og forráðamönnum þeirra.

Hann stjórnar öllu starfi skólans eftir gildandi lögum og reglum og ber ábyrgð á því gagnvart fræðslumálastjórn og skólanefnd.

Skólastjóri hefur umráðarétt yfir húsnæði skólans og munum í þágu skólastarfsins. Að öðru leyti hefur skólanefnd í samráði við skólastjóra umráðaréttinn, en verði ágreiningur þeirra í milli, sker fræðslumálastjórn úr.

Skólastjóri á sæti á fundum skólanefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Skólastjóri ræður stundakennara og starfsfólk með samþykki skólanefndar.

22. gr.

Í skóla með 10—20 föstum kennurum er skólastjóra heimilt í samráði við skólanefnd að ráða einn af kennurum skólans sem yfirkennara. Verði hann skólastjóra til aðstoðar og gegni störfum hans, er þörf krefur. Séu 20 kennarar eða fleiri við sama skóla, skal ráða yfirkennara á sama hátt. Kennslustundafjöldi yfirkennara skal ákveðinn í samráði við fræðslumálastjórn, er setur þeim erindisbréf. Laun yfirkennara skulu ákveðin í launalögum.

23. gr.

Í skóla með 20 kennurum eða fleiri getur skólastjóri í samráði við skólanefnd ákveðið, að skyldustundir kennara skuli vera færri en 36 á viku gegn öðru starfi í þágu skólans.

24. gr.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að 40 börn komi á hvern kennara, sem kennir fulla kennslu í 9 mánuði, en 5 börnum færra fyrir hvern mánuð, er hann kennir skemur. Eftir reglum, er fræðslumálastjórn setur, skal þó ætla nokkru færri börn á kennara í skólum með færri en 150 nemendum. Sérkennurum í sundi og handavinnu skal ætla sem næst helmingi færri börn en öðrum kennurum.

Nú eru fastir kennarar við skóla færri en barnafjöldinn segir til um, en barnafjöldinn þó minni en svo, að skólinn eigi kröfu á kennara til viðbótar, og má þá greiða styrk vegna stundakennslu í hlutfalli við þann barnafjölda, sem umfram er. — Ef nefnd umframtala nær helmingi þess barnafjölda, sem föstum kennurum er ætluð, er fræðslumálastjórn heimilt að setja fastan kennara.

V. KAFLI

Fræðsluráð og skólanefndir.

25. gr.

Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðsluráð skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu 4 þeirra kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd. Séu 2 sýslur í fræðsluhéraði, kýs hvor sýslunefnd tvo fræðsluráðsmenn. Fræðslumálastjórn skipar einn mann, og skal hann vera formaður. — Hlutverk fræðsluráðs er að hafa á hendi stjórn sameiginlegra skólamála fræðsluhéraðsins. Fræðslumálastjórn setur fræðsluráði erindisbréf.

26. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd, skipuð þremur mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir af nýkosinni sveitarstjórn, en fræðslumálastjórn skipar einn, og skal hann vera formaður. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef krafa kemur fram um það. Ef tveir eða fleiri hreppar eru í skólahverfi, setur fræðslumálastjórn reglur um kosningu skólanefndar, sem má þá vera skipuð 5 mönnum. Varamenn skulu kosnir samtímis aðalmönnum. Kjörtímabil skólanefnda og fræðsluráða skal vera hið sama og sveitarstjórna, og um kjörgengi skulu sömu reglur gilda.

Í kaupstöðum er heimilt að fela fræðsluráði störf skólanefndar, ef fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi bæjarstjórn samþykkir.

27. gr.

Formaður kallar skólanefnd til funda, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja nefndina saman, ef einn nefndarmanna eða skólastjóri óskar þess. Skóla-

stjóri skal ávallt boðaður á fundi skólanefndar. Skólanefnd getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn skólanefndarmanna hefur atkvæðisrétt um þau mál, er varða hann sjálfan.

28. gr.

Skólanefnd skal sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún semur samkvæmt fyrirmælum fræðslumálastjórnar skýrslu um þau börn í skólahverfinu, sem sækja ekki hinn almenna barnaskóla.

29. gr.

Þegar kennarastaða losnar í skólahverfinu, skal skólanefnd tafarlaust tilkynna það fræðslumálastjórn, sem auglýsir stöðuna, ef fyrirvari er nægur. Þurfi hins vegar að setja kennara fyrirvaralítið, getur fræðslumálastjórn sett hann í samráði við skólanefnd án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal þá stöðuna á næsta ári.

30. gr.

Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um kennarastöður og skal, er fjöldi umsókna leyfir, tilnefna eigi færri en tvo umsækjendur um hverja stöðu, er hún telur helzt koma til greina. Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en námsstjóra, ef velja á skólastjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur innan skólanefndar eða milli skólanefndar annars vegar og skólastjóra eða námsstjóra hins vegar, getur hver aðili um sig gert tillögur til fræðslumálastjórnar. Rökstudd greinargerð skal ávallt fylgja tillögum skólanefndar, skólastjóra og námsstjóra um val manna í kennarastöður.

31. gr.

Skólanefnd annast um, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um viðhald alls þessa og aukningu eftir þörfum.

32. gr.

Skólanefnd gerir tillögur til sveitarstjórnar um fjárframlög til skólahalds. Verði ágreiningur milli þessara aðila um fjármál skóla, skal hann lagður undir úrskurð fræðslumálastjórnar. Skólanefnd annast um samningu skýrslna og reikninga samkvæmt fyrirmælum fræðslumálastjórnar. Erindisbréf fyrir skólanefndir skal gefið út af fræðslumálastjórn.

33. gr.

Kostnaður við störf skólanefnda greiðist úr sveitarsjóði.

34. gr.

Í Reykjavík skal vera sérstakur fræðslufulltrúi, og skal hann hafa á hendi þær framkvæmdir, sem skólanefndum fræðsluhéraðsins er skylt að annast samkvæmt lögum þessum, svo og önnur störf, er fræðslumálastjórn kann að fela honum, allt samkvæmt erindisbréfi. Fræðslufulltrúi skal skipaður af fræðslumálastjórn að fengnum tillögum fræðsluráðs. Laun hans skulu ákveðin í launalögum, en bæjarsjóður greiðir skrifstofukostnað hans.

VI. KAFLI

Kennsluskipan og starfstími skóla.

35. gr.

Hver barnaskóli skiptist í tvær deildir, yngri deild og eldri deild. Til yngri deildar teljast skólaskyld börn innan 10 ára aldurs, en til eldri deildar 10 ára börn og eldri.

36. gr.

Í yngri deild skal kenna eftirtaldar námsgreinar: íslenzku, skrift, reikning, átthagafræði, handavinnu, leikfimi og söng.

Í eldri deild skal kenna: íslenzku, skrift, reikning, kristin fræði, Íslandssögu, landafræði, náttúrufræði, teiknun, handavinnu, söng, leikfimi og sund.

Auk þessa er heimilt að kenna eitt erlent mál hinn síðasta vetur eldri deildar þeim börnum, sem bezt eru að sér í móðurmáli. Nánari ákvæði um skiptingu námsefnis og niðurröðun þess skulu sett í námsskrá, er fræðslumálastjórn gefur út.

37. gr.

Í yngri deild skal ætla börnum að jafnaði 21 kennslustund á viku, en í eldri deild 33.

38. gr.

Skólar í kaupstöðum og þorpum með 1000 íbúa eða fleiri skulu starfa sem næst 9 mánuði á ári. Aðrir heimangönguskólar og heimavistarskólar skulu starfa eigi skemur en 7 mánuði á ári, svo fremi að barnafjöldi leyfi það. Nánari ákvæði um starfstíma skóla og skólagöngu barna skal setja í reglugerð hvers skóla.

39. gr.

Í heimavistarskólum og heimangönguskólum í sveitum er heimilt að skipta námstímanum í tvennt milli deilda þannig, að hvert barn fái a. m. k. 3½ mánaða kennslu, enda fylgist kennarinn með heimanámi barnanna þann tíma, sem þau sækja ekki skólann að vetrinum. Þar sem þörf krefur og þess er óskað af skólanefnd, má hafa allt að tveggja mánaða námsskeið við heimavistarskóla haust og vor fyrir 7—9 ára börn.

40. gr.

Leyfi í barnaskólum skulu ákveðin í reglugerð.

VII. KAFLI

Próf.

41. gr.

Próf í kunnáttu og leikni allra prófskyldra barna skal halda að vorinu ár hvert. Prófskyld eru öll börn á aldrinum 8—13 ára, nema gildar ástæður hamli. Skulu slíkar ástæður skilgreindar nánar í prófreglugerð, er fræðslumálastjórn gefur út.

42. gr.

Öll próf nema lokapróf yngri og eldri deildar (próf yngri barna og barnapróf) skal hver skóli um sig annast að öllu leyti. Skylt er ávallt að hafa próf í íslenzku, skrift og reikningi, en í öðrum greinum eftir því, sem ákveðið verður í prófreglugerð.

Próf 10 og 13 ára barna, þ. e. lokapróf beggja deilda, skulu fara fram undir eftirliti prófdómenda, skipaðra af fræðslumálastjórn til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum námsstjóra. Skulu þetta vera landspróf að minnsta kosti í íslenzku og reikningi, og annist fræðslumálastjórn val og útsendingu verkefna.

43. gr.

Barn, sem flyzt úr yngri deild í eldri deild, skal vera sæmilega læst, geta skrifað einföld orð skýrt og hreinlega, hafa náð nokkurri leikni í meðferð einskonartalna og kunna skil á algengustu fyrirbrigðum, sem koma fyrir í nánasta umhverfi þess. Í prófreglugerð skal tekið fram, hvernig þessar lágmarkskröfur skulu metnar í einkunnum.

44. gr.

Til barnaprófs er krafizt: 1) Að geta lesið móðurmálið skýrt og áheyrilega með gallalitlum framburði og sagt munnlega frá því, sem lesið er. Að geta gert skriflega, nokkurn veginn ritvillu- og mállýtalausa grein fyrir kunnugu efni. Að geta leyst sæmilega úr réttritunarverkefni, þar sem fyrir koma dæmi um helztu undirstöðureglur íslenzkrar réttritunar. Að kunna utan bókar nokkur íslenzk kvæði, einkum ættjarðarljóð og söngljóð, geta greint frá efni þeirra með eigin orðum og vita nokkur deili á höfundum þeirra. 2) Að skrifa læsilega og hreinlega rithönd. 3) Að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og höfuðatriði almennra brota, tugabrota og prósentureiknings og að sýna nokkura leikni í því að beita þeirri kunnáttu til úrlausnar einföldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, m. a. til að reikna út óbrotið flatarmál. Um prófkröfur í öðrum lögboðnum námsgreinum skulu sett ákvæði í prófreglugerð jafnframt ákvæðum um, hvernig meta skuli í einkunnum lágmarkskröfur til að standast próf.

45. gr.

Heimilt er skólanefnd að fengnum meðmælum skólastjóra og kennara að leyfa 12 ára barni að ganga undir barnapróf. Sett skal í prófreglugerð, hvaða einkunn barn, er slíkt leyfi fær, skal ná í höfuðgreinum, svo og aðaleinkunn til þess að standast prófið. Skulu þessar einkunnir vera miklum mun hærri en lágmarkseinkunnir 13 ára barna.

46. gr.

Einkunnastigi í barnaskólum skal vera 0—10, og má skipta hverjum heilum í 10 hluta

47. gr.

Nú kemur prófskylt barn að ástæðulausu ekki til prófs, og má þá prófa það á heimili þess á kostnað heimilisföður eða leita aðstoðar lögreglustjóra, til þess að barnið verði prófað.

48. gr.

Börn, sem standast ekki tilskilin próf um 10 og 13 ára aldur, skulu að jafnaði sitja ári lengur í hvorri deild, sem um er að ræða, og þreyta prófið ári síðar (sbr. þó 5. gr. c-lið). Standist þau það ekki þá, skulu gilda um þau sérstök reglugerðarákvæði, er fræðslumálastjórn setur.

49. gr.

Kostnaður við próf greiðist úr sveitarsjóði. Prófdómendum skal greitt sama kaup og stundakennurum.

VIII. KAFLI

Kennslueftirlit.

50. gr.

Landinu er skipt í 6 eftirlitssvæði, og skal vera einn námsstjóri fyrir hvert þeirra. Skulu námsstjórar hafa eftirlit með kennsluskipan, kennsluaðferðum og árangri kennslunnar. Enn fremur skulu þeir annast leiðbeiningar um skóla- og uppeldismál hver í sínu umdæmi. Skal hlutverk námsstjóra nánar tiltekið í erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

IX. KAFLI

Kostnaður við skólahald.

51. gr.

Hin lögskipaða fræðsla skólaskyldra barna í opinberum skólum veitist ókeypis. Laun fastra kennara greiðast samkvæmt launalögum og styrkur til stundakennslu

samkvæmt síðari málsgr. 24. gr. Við heimavistarskóla greiðir ríkissjóður einnig laun ráðskonu. Annan kostnað við skólahaldið greiðir sveitarsjóður, en ríkissjóður endurgreiðir fjórða hluta hans að fengnum skýrslum um fullnægjandi skólahald samkvæmt settum reglum og fyrirmælum.

52. gr.

Nú getur framfærandi barns á lögskipuðum skólaldri fyrir fátæktar sakir að dómi skólanefndar ekki staðizt kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólavist þess, og skal þá sá kostnaður greiðast að einhverju eða öllu leyti úr sveitarsjóði eftir ákvörðun sveitarstjórnar sem önnur gjöld til skólahalds.

X. KAFLI
Einkaskólar og smábarnaskólar.

53. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórn að löggilda barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún samþykkir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar. Kennarar við skóla þessa verða að fullnægja öllum settum skilyrðum um rétt til kennslu í barnaskólum. Fyrir börn, sem þessa einkaskóla sækja, þarf ekki undanþágu samkv. 5. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá yfir skólabörnin og tilkynna henni allar breytingar, jafnóðum og þær verða. Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

54. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn skóla fyrir 5 og 6 ára börn innan sveitarfélagsins, enda samþykki fræðslumálastjórn námsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Kennarar skólans skulu hafa lokið viðurkenndu kennaraprófi, og skulu þeir ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar barnaskóla. Að öðru leyti ber ríkissjóður engan kostnað af þessu skólahaldi.

XI. KAFLI
Heilbrigðiseftirlit.

55. gr.

Lækniseftirlit með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir reglum, er heilbrigðismálastjórn setur í samráði við fræðslumálastjórn. Skal ráðinn sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, er skipuleggur og hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í skólum svo og íþróttastarfsemi. Heimilt er skólayfirlækni að fela heilsuverndarstöðvum, þar sem þær eru starfandi, eftirlit þetta.

56. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 94 23. júní 1936 og lög um breyting á þeim, nr. 44 12. febr. 1940, svo og önnur ákvæði og fyrirmæli, sem fara í bág við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar, sem ekki eru komnir fullnægjandi heimangöngu- eða heimavistarskólar, skal fræðslumálastjórn í samráði við námsstjóra skipa málum í eins nánu samræmi við þessi lög sem kostur er.

Ed. 433. Lög

um breytingar á lögum nr. 58 27. júní 1941, um landnám ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 18. febr.)

Samhljóða þskj. 307.

Nd. 434. Frumvarp til laga

um gagnfræðanám.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Gagnfræðastigið. Einkenni og tilgangur.

1. gr.

Gagnfræðastigið er annað stig skólakerfisins. Það tengir saman barnaskóla annars vegar og sérskóla og menntaskóla hins vegar.

Skólar þessa stigs eru einkum ætlaðir unglingum á aldrinum 13—17 ára.

2. gr.

Tilgangur gagnfræðanámsins er sá, að efla andlegan og líkamlegan þroska unglinga, veita þeim lögboðna fræðslu, búa þá undir framhaldsnám í menntaskólum, sérskólum og sérfræðinámsskeiðum og undir ýmis störf, sem krefjast góðrar almennrar menntunar.

3. gr.

Á gagnfræðastiginu eru þrenns konar skólar með samræmdri námsskrá: unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar.

II. KAFLI
Skólahverfi og skólanefndir.

4. gr.

Í hverju fræðsluhéraði starfar einn gagnfræðaskóli hið minnsta. Þó geta tvö eða fleiri fræðsluhéruð staðið saman um einn skóla, ef hlutaðeigandi fræðsluráð óska þess og fræðslumálastjórn samþykkir.

5. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera að minnsta kosti einn skóli, sem veiti skyldufræðslu gagnfræðastigsins. Þó geta tvö eða fleiri skólahverfi staðið saman um einn slíkan skóla, ef hlutaðeigandi skólanefndir óska þess og fræðslumálastjórn samþykkir.

6. gr.

Skólastjórar gagnfræðastigsins eiga rétt til setu á fundum fræðsluráðs í sínu héraði. Hafa þeir þar málfrelsi og enn fremur tillögurétt varðandi mál þess skóla, er hver þeirra starfar við. Heimilt er að veita kennurum gagnfræðastigsins aðgang með sömu réttindum að fundum fræðsluráðs, þegar þeir óska þess.

7. gr.

Námsstjórar gagnfræðastigsins geta setið fundi fræðsluráðs og skólanefnda með tillögurétti og málfrelsi. Þeir hafa og rétt til að kveðja fræðsluráð og skólanefndir til funda.

8. gr.

Fræðsluráð gera tillögur til fræðslumálastjórnarinnar um stofnun gagnfræðastigsskóla hvert í sínu héraði og um lengd skólaskyldu. Þau hafa eftirlit með fjárhag og rekstri allra skóla gagnfræðastigsins í héraðinu og gæta þess, að þeir ræki þær skyldur, sem á þeim hvíla, samkvæmt lögum og reglugerðum.

9. gr.

Við hvern gagnfræðaskóla og miðskóla skal vera skólanefnd skipuð 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu 4 þeirra kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd.

Ef tvö eða fleiri fræðsluhéruð standa saman um skóla, kýs hver sýslunefnd tvo skólanefndarmenn. Fræðslumálastjóri skipar einn mann í nefndina, og er hann formaður. Skipun hans gildir um sama tímabil.

Þar sem skyldufræðsla gagnfræðastigsins fer fram í barnaskólum, skal vera sama skólanefnd fyrir bæði skólastigin. Nú standa tvö eða fleiri skólahverfi saman um skóla, sem veitir aðeins skyldufræðslu gagnfræðastigsins, og setur fræðslumálastjórn þá reglur um fjölda skólanefndarmanna og hve margir skulu kosnir fyrir hvert skólahverfi, og skal í því efni hafa hliðsjón af fólksfjölda.

Heimilt er að fela fræðsluráði störf skólanefndar við þessa skóla, ef fræðslumálastjórn og hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir eru sammála um það.

10. gr.

Skólanefndir hafa eftirlit með fræðslu gagnfræðastigsins, hver í sínu skólahverfi, undir umsjón fræðsluráðs og fræðslumálastjórnar. Verkefni þeirra er einkum:

a) að sjá um, að fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi til lögboðins skólahalds;
b) að láta auglýsa lausar kennara- og skólastjórastöður og leitast við, ásamt fræðslumálastjórn, að fá hæfa menn í þær;
c) að láta fræðslumálastjórn í té rökstutt álit á umsækjendum um kennara- og skólastjórastöður ásamt tillögu um, hver skuli valinn, svo og vara- og þrautavaratillögu, ef nægilega margir sækja um stöðurnar;
d) að sjá um, að skólinn hafi fullnægjandi kennslutæki, og að þeim og öðrum munum skólans og skólahúsi sé haldið við á fullnægjandi hátt;
e) að hafa eftirlit með skólasókn skólaskyldra unglinga í hverfinu og gera nauðsynlegar ráðstafanir, ef fræðsluskylda er vanrækt;
f) að gera áætlun um kostnað við skólahaldið fyrir hvert reikningsár hlutaðeigandi sveitarfélags, og senda hana í tæka tíð sveitarstjórn og fræðslumálastjórn.

Verði ágreiningur milli sveitarstjórnar og skólanefndar um fjárframlög til skólahalds, sker fræðslumálastjórn úr.

Hlutverk skólanefndar skal nánar ákveðið í reglugerð og erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

III. KAFLI
Fræðsluskylda og skólaskylda.

11. gr.

Skylt er hverjum, sem lokið hefur barnaprófi, að hefja gagnfræðanám, og lýkur skyldunámi með unglingaprófi á því ári, sem nemandinn verður 15 ára.

12. gr.

Heimilt er sveitarfélagi að ákveða, að skyldunám skuli ná til þess árs, er nemandinn verður 16 ára, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð og fræðslumálastjórn ákvörðunina. Fræðsluráði er rétt að gera tillögu til fræðslumálastjórnar um, að

skyldunámi sé lokið í hlutaðeigandi héraði á því ári, er nemandinn verður 16 ára. Fallist fræðslumálastjórn á slíka tillögu, tekur hún gildi.

Í þeim sveitarfélögum lýkur skyldunámi með miðskólaprófi.

13. gr.

Heimilisfaðir unglings, sem skylt er að stunda gagnfræðanám, ber ábyrgð á, að hann hljóti lögboðna fræðslu og sæki lögskipuð próf.

14. gr.

Ef unglingur kemur ekki til innritunar í skóla eða til prófs, þegar skylt er, og eigi eru gildar ástæður fyrir fjarvist, skal skólanefnd áminna forráðamann hans, svo fljótt sem auðið er. Láti hann eigi skipast við þá áminningu, varðar það dagsektum, er nemi 5—10 kr. á dag, eftir úrskurði valdsmanns (í Reykjavík sakadómara), talið frá þeim degi, er áminningin var gerð.

Nú vanrækir skólaskyldur unglingur skólasókn til muna þrátt fyrir umvöndun skólastjóra bæði við hann og forráðamann hans, og skal þá skólanefnd áminna forráðamann unglingsins. Leggist vanrækslan eigi af að heldur, varðar hún dagsektum, er nemi 5—10 kr. á dag, eftir úrskurði valdsmanns (í Reykjavík sakadómara), fyrir hvern vanræksludag, talið frá áminningu skólanefndar.

Ef heimilið á sannanlega sök á vanrækslunni, má barnaverndarnefnd taka unglinginn burt af heimilinu og ráðstafa honum, en sannist það, að heimilið fái eigi ráðið við vanræksluna, er henni skylt að vista unglinginn utan heimilis síns.

15. gr.

Undanþegnir frá því að stunda lögboðið nám í skólum gagnfræðastigsins eru:

a. Unglingar, sem stunda nám í viðurkenndum einkaskólum, er veita fræðslu þessa stigs.
b. Unglingar, sem fengið hafa leyfi hlutaðeigandi skólanefndar og skólastjóra til þess að stunda nám utan skóla, en skylt er þeim að koma til viðtals eða prófs í skólanum, þegar skólastjóri óskar þess.
c. Unglingar, sem að dómi skólalæknis og skólastjóra geta ekki haft not venjulegrar skólagöngu vegna líkamlegra eða andlegra annmarka.
d. Unglingar, sem að dómi skólastjóra og kennara trufla starf skólans með óhlýðni og óviðeigandi framkomu, svo og þeir, sem hætt er við, að leiði aðra nemendur á glapstigu með fordæmi sínu.

16. gr.

Heimilisfeður þeirra unglinga, sem æskja undanþágu samkvæmt a- og b-lið 15. gr., skulu senda skriflega beiðni um hana til hlutaðeigandi skólastjóra eigi síðar en mánuði áður en skóli á að hefjast ár hvert. Skólastjóri leggur beiðnirnar fyrir skólanefnd. Á sama hátt skal tilkynna flutning skólaskyldra unglinga milli skólahverfa.

17. gr.

Þeim unglingum, sem um getur í c- og d-lið 15. gr., skal séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi.

Heimilt er fræðslumálastjórn að ákveða þessum unglingum námstíma einu eða tveimur árum lengri en öðrum unglingum.

IV. KAFLI

Skólar gagnfræðastigsins.

18. gr.

Unglingaskólar eru tveggja ára skólar, og lýkur námi í þeim með unglingaprófi. Er það landspróf að öllu eða nokkru leyti, eftir því sem ákveðið er í reglugerð.

19. gr.

Unglingapróf veitir rétt til framhaldsnáms í miðskólum og gagnfræðaskólum.

20. gr.

Miðskólar eru þriggja ára skólar, og lýkur námi í þeim með miðskólaprófi. Er það landspróf að öllu eða einhverju leyti, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Með miðskólaprófi lýkur skyldunámi í þeim sveitarfélögum, þar sem skyldunám nær til 16 ára aldurs. Miðskólar veita einnig unglingapróf.

21. gr.

Miðskólapróf veitir rétt til framhaldsnáms í gagnfræðaskólum og ýmsum sérskólum, allt samkvæmt lögum og reglugerðum hvers skóla.

22. gr.

Gagnfræðaskólar eru fjögurra ára skólar, og lýkur námi í þeim með gagnfræðaprófi. Þeir veita einnig unglingapróf og miðskólapróf.

23. gr.

Gagnfræðapróf veitir rétt til ýmissa opinberra starfa, rétt til inngöngu í sérskóla og til þátttöku í sérfræðinámsskeiðum, eftir því sem ákveðið er í lögum og reglugerðum.

24. gr.

Allir skólar gagnfræðastigsins skulu starfa í höfuðdráttum eftir samræmdri námsskrá, þannig að fyrsti bekkur unglingaskóla svari sem næst til fyrsta bekkjar í miðskóla eða gagnfræðaskóla, annar bekkur unglingaskóla til annars bekkjar miðskóla eða gagnfræðaskóla og þriðji bekkur miðskóla til þriðja bekkjar í gagnfræðaskóla.

25. gr.

Í fræðsluhéruðum utan kaupstaða, þar sem gagnfræðaskólar eru tveggja ára skólar, starfa þeir samkvæmt námsskrá tveggja efstu bekkja gagnfræðaskólanna. Unglingapróf veitir rétt til inngöngu í fyrri bekk slíkra skóla, en miðskólapróf í annan bekk. Þeir veita einnig miðskólapróf.

26. gr.

Skólar gagnfræðastigsins greinast í tvær hliðstæðar deildir, verknámsdeild og bóknámsdeild, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð hvers skóla. Barnapróf veitir rétt til inngöngu í hvora þessara deilda um sig.

27. gr.

Í verknámsdeild skal verja allt að helmingi námstímans til verknáms. Til verknáms telst ýmiss konar handavinna, matreiðsla, þjónustubrögð, teiknun, skrift, vélritun, íþróttir o. fl. Leitazt skal við að haga verknámi eftir þörfum og hæfileikum hvers nemanda. Að öðru leyti skal námstímanum varið til bóknáms og einkum lögð áherzla á íslenzku og íslenzk fræði, reikning, stærðfræði og náttúruvísindi.

28. gr.

Í bóknámsdeild skal þremur fjórðu hlutum námstímans hið minnsta varið til bóknáms, en allt að fjórða hluta til verknáms.

Megináherzla skal lögð á íslenzku, íslenzk fræði, reikning, stærðfræði og erlend tungumál, en auk þess skulu kennd önnur hagnýt og menntandi fræði, eftir því sem ákveðið er í námsskrá.

29. gr.

Skylt er kennurum gagnfræðastigsins að greiða fyrir þeim nemendum, sem vilja flytjast milli deilda og að þeirra dómi eru til þess hæfir. Má gera þetta með sérstökum námsskeiðum eða á annan þann hátt, er bezt hentar við hvern skóla.

30. gr.

Fræðslumálastjórn semur námsskrá fyrir alla skóla gagnfræðastigsins. Er þar tekið fram, hvaða námsgreinar skulu kenndar í hverjum bekk, og hvaða atriði hverrar námsgreinar. Skal í því efni leita tillagna sérfróðra manna, svo sem skólastjóra, kennara og námsstjóra.

31. gr.

Skyldunámi má ljúka hvort sem vill í verknámsdeild eða bóknámsdeild. Fræðslumálastjórn setur reglur um efni og magn skyldunáms, um leið og námsskrá samkv. 30. gr. er samin.

V. KAFLI

Störf skólanna.

32. gr.

Skólastjóri og kennarafundur stýra starfi hvers skóla.

Fræðslumálastjórn setur skólastjórum og kennurum erindisbréf og reglur um starfssvið kennarafunda.

33. gr.

Skólastjóri gerir ásamt skólanefnd tillögur til fræðslumálastjórnar um val kennara.

34. gr.

Fræðslumálastjórn er heimilt að ráða tvo námsstjóra fyrir gagnfræðastigið.

35. gr.

Námsstjórar annast eftirlit með öllum skólum gagnfræðastigsins og gefa fræðslumálastjóra skýrslu um þá. Þeir skulu og vera skólastjórum og kennurum til aðstoðar og leiðbeiningar í starfi þeirra.

Fræðslumálastjórn setur námsstjórum erindisbréf.

36. gr.

Fræðslumálastjórn skal leita álits námsstjóra um þær umsóknir, sem berast um skólastjórastöður við skóla gagnfræðastigsins, þeir gera tillögur um val skólastjóra, svo og vara- og þrautavaratillögur, ef umsækjendur eru svo margir.

37. gr.

Til þess að verða skipaður kennari við skóla gagnfræðastigsins, þarf eftirtalin skilyrði:

a) að hafa almenna kennaramenntun eða stúdentsmenntun að viðbættu námi í uppeldis- og kennslufræðum, er fræðslumálastjórnin metur gilt;
b) að hafa stundað eins til tveggja ára nám hið minnsta við háskóla í þeirri fræðigrein, sem ætlazt er til, að verði aðalkennslugrein hlutaðeiganda, enda sýni hann skilríki fyrir árangri af háskólanáminu;
c) að hafa kennt tvö til þrjú ár og hlotið meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra;
d) að vera hæfur til að kenna fleiri en eina námsgrein.

Heimilt er og að gera að föstum kennurum þá, sem kennt hafa tvö ár hið minnsta með góðum árangri við skóla, sem svara til gagnfræðastigsins, þegar lög þessi taka gildi, enda komi meðmæli skólastjóra til.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu, skal þá skólanefnd og fræðslumálastjórn leitast við að fá til hæfan mann, og má að tveim árum liðnum gera hann að föstum kennara, enda komi meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra til.

Verknámskennarar, þar með taldir íþróttakennarar, þurfa þó ekki að fullnægja skilyrðum b-liðar, en verða að hafa sérmenntun í kennslugreinum sínum, er fræðslumálastjórn metur gilda.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er skipa fastar stöður við skóla gagnfræðastigsins, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

38. gr.

Skylt er kennara að kenna allt að 30 kennslustundum á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 25, er hann verður 55 ára, og í 20, er hann verður 60 ára. Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, ef þörf gerist, svo og vegna mikillar heimavinnu, eða taka tillit til slíkra aukastarfa, þegar ákveðin er lengd árlegs starfstíma kennara. Skólanefnd ákveður kennsluskyldu skólastjóra með samþykki fræðslumálastjórnar.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætið átt við 45 mínútna kennslustund.

39. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, á hann rétt á ársorlofi með fullum launum og síðan tíunda hvert starfsár á sama hátt og með sömu skilyrðum. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

40. gr.

Skólar gagnfræðastigsins mega starfa allt að níu mánuðum ár hvert. Að öðru leyti skal miða árlegan starfstíma hvers skóla við það, að komizt verði yfir þá námsskrá, sem honum er sett, með þeim árangri, sem til er ætlazt.

Skólanefnd gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um starfstíma hlutaðeigandi skóla, en heimilt er fræðslumálastjórn að ákveða annan skólatíma en í tillögum greinir.

41. gr.

Í lok hvers skólaárs skulu fara fram próf, skrifleg, munnleg eða verkleg í öllum námsgreinum hvers skóla. Kennarar annast prófin og eru prófdómendur hver hjá öðrum, nema við landspróf og gagnfræðapróf. Heimilt er skólastjóra og kennurum að hafa próf í einstökum eða öllum námsgreinum svo oft sem þurfa þykir á skólaárinu.

42. gr.

Landspróf fara fram samtímis um land allt við sams konar skóla. Þau eru skrifleg eða verkleg. Sérstök prófnefnd, er fræðslumálastjórn setur, velur verkefni, og eru þau hin sömu fyrir sams konar próf við alla skóla. Fræðslumálastjórn skipar prófdómendur við gagnfræðapróf.

43. gr.

Skólastjóri ræður starfsmenn skólanna, aðra en fasta kennara, með samþykki skólanefndar.

Öllu starfsliði hvers skóla ber að vinna að félagsþroska og alhliða menningu nemenda.

44. gr.

Skólar gagnfræðastigsins eru heimavistarskólar eða heimangönguskólar, eftir því sem henta þykir á hverjum stað og fræðslumálastjórn ákveður.

45. gr.

Fræðsluráð getur með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að bú skuli rekið í sambandi við heimavistarskóla gagnfræðastigsins. Skal búið rekið með hagsmuni skólans og heimavistarinnar fyrir augum, og þar sem henta þykir, skal nemendum skólans gefinn kostur á námsskeiðum í landbúnaðarvinnu á búinu. Bústjóri skal ráðinn af skólanefnd í samráði við skólastjóra.

46. gr.

Í reglugerð hvers skóla skulu sett ákvæði um inntöku nemenda í skólann, um aga, skipting námstíma milli námsgreina, um tilhögun prófa, einkunnagjafir og flutning nemenda milli bekkja, svo og um önnur þau atriði í starfi skólans, sem þurfa þykir.

VI. KAFLI
Fjármál skólanna o. fl.

47. gr.

Í hverju fræðsluhéraði skal vera skólahús, er fullnægi þörfum gagnfræðaskólans að dómi fræðsluráðs og fræðslumálastjórnar.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði, er nægi fyrir skólaskylda unglinga í hverfinu.

48. gr.

Fræðsluráð hvers héraðs semur í samráði við hlutaðeigandi skólanefndir áætlun um, hvar gagnfræðastigsskólar skuli starfa í héraðinu. Náist ekki samkomulag milli fræðsluráðs og skólanefndar, sker fræðslumálastjórn úr ágreiningnum. Ekki verður skóli stofnaður né honum valinn staður, nema samþykki fræðslumálastjórnar komi til.

49. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu leggja unglinga- og miðskólum til ókeypis lóðir fyrir hús, leikvelli og ýmiss konar nauðsynleg störf, allt nægilega stórt og hentugt að dómi fræðslumálastjórnar.

50. gr.

Fræðsluhéruð skulu leggja gagnfræðaskólunum til ókeypis lóðir fyrir hús, leikvelli og nauðsynlega starfsemi.

51. gr.

Fræðslumálastjórn lætur semja og gefa út leiðbeiningar um byggingu og fyrirkomulag skólahúsa, og skulu fylgja þeim tillögu-uppdrættir að ýmsum stærðum og gerðum skólahúsa.

52. gr.

Fræðslumálastjórn lætur gera fullnaðarteikningar að skólahúsum, þegar hlutaðeigandi skólanefnd eða fræðsluráð óskar þess. Aldrei má reisa skólahús né gera á því verulegar breytingar, nema samkvæmt teikningu, er fræðslumálastjórn samþykkir.

53. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að helmingi stofnkostnaðar heimangönguskóla, en allt að þrem fjórðu kostnaðar við heimavistarskóla. Hlutaðeigandi sveitarfélög greiða hinn hluta stofnkostnaðarins. Séu tvö eða fleiri sveitarfélög eða hlutar úr sveitarfélagi í skólahverfi eða fræðsluhéraði, skiptist stofnkostnaður milli þeirra í réttu hlut-

falli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali fimm síðustu ára. Nauðsynlegur húsbúnaður og kennsluáhöld teljast til stofnkostnaðar.

Í heimavistarskólum teljast íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks til skólahúsnæðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Bújörð ásamt nauðsynlegum húsum til búskapar telst til stofnkostnaðar, ef bú er rekið í sambandi við skóla.

54. gr.

Fastir kennarar við skóla gagnfræðastigsins eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stundakennslu samkv. 55. og 59. gr. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti, sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum það, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður endurgreiðir fjórða hluta þess að fengnum skýrslum um fullnægjandi skólahald samkv. settum reglum og fyrirmælum. Endurgreiðsla ríkissjóðs rennur í skólasjóð og telst til tekna hans á næsta ári. Fræðslumálastjórn ákveður húsaleigu heimavistarnemenda í samráði við skólastjóra og skólanefnd.

55. gr.

Tölu fastra kennara við skóla gagnfræðastigsins skal miða við það, að 20—30 nemendur komi á hvern kennara, eftir því hve verknám er mikið.

Ríkissjóður greiðir styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum.

56. gr.

Skólanefndir og skólastjórar annast fjármál og reikningshald skólanna. Sveitarfélög greiða framlög sín til skólans samkvæmt fjárhagsáætlun í byrjun hvers skólaárs eða með hlutfallslegri upphæð í byrjun hvers mánaðar þann tíma, er skólinn starfar. Ef fleiri en eitt sveitarfélag á að greiða kostnað af sama skóla, skal skólanefnd jafna kostnaðinum á sveitarfélögin samkvæmt 54. gr. Ef ágreiningur verður út af skiptingu kostnaðar eða greiðslu, sker fræðslumálastjórn úr.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga eða sýslufélaga, og sendir skulu þeir fræðslumálaskrifstofunni.

57. gr.

Fræðslumálastjórn skal reikna út árlega meðalkostnað við rekstur gagnfræðaskóla miðað við íbúa í héraðinu.

Nú fer kostnaður fræðsluhéraðs 15% eða meira fram úr meðalkostnaði miðað við landið í heild og rekja má það til þess, að dómi fræðslumálastjórnar, að í héraðinu starfi gagnfræðaskóli, sem sóttur er úr fleiri héruðum, skal þá endurgreiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem fram yfir er meðalkostnað.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

58. gr.

Skólar gagnfræðastigsins skulu vera sérstakir skólar og starfa í eigin húsnæði, þar sem því verður við komið.

Í skólahverfum í sveitum skal þó að jafnaði starfa unglingaskóli í sambandi við barnaskólann. Má þá fela skólastjóra barnaskólans að hafa einnig forstöðu unglingaskólans.

59. gr.

Eigi skal starfrækja miðskóla né gagnfræðaskóla með færri nemendum en svo, að 15 nemendur séu í ársdeild að jafnaði. Þó getur fræðslumálastjórn veitt styrk til þess að halda uppi kennslu í námsgreinum þessara skóla, þar sem þeir eru ekki starfræktir, ef ástæða þykir til. Kennslan fari að jafnaði fram í sambandi við unglingaskóla. Styrkur sé miðaður við þann hluta af fullum kennaralaunum, sem næst sé hlutfallinu milli námstíma og nemendafjölda á þeim stað annars vegar móti fullu starfi kennara hins vegar.

60. gr.

Ef skólaskyldur unglingur óskar þess að flytjast í annan skóla, skulu forráðamenn unglingsins tilkynna það hlutaðeigandi skólastjóra. Skólastjóri sendir síðan skýrslu um unglinginn til þess skóla, er hann á að flytjast í, ásamt vitnisburði um fyrri skólavist.

61. gr.

Skólar gagnfræðastigsins eru sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga. Nú leggst skóli niður, samkvæmt tillögum gagnfræðaráðs og að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, og skulu þá skuldlausar eignir hans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.

62. gr.

Skólar þeir, sem svara til skóla gagnfræðastigsins, er lög þessi taka gildi, falla undir ákvæði þeirra, ef forráðamenn skólanna óska þess, enda taki ríkið og hlutaðeigandi sveitarfélög við eignum þeirra, réttindum og kvöðum án endurgjalds. Hlutdeild ríkisins og sveitarfélaganna í eignum þessara skóla skal vera í sama hlutfalli og framlög stofnkostnaðar, samkvæmt lögum þessum.

63. gr.

Almennir kvennaskólar falla undir ákvæði þessara laga, ef hlutaðeigandi fræðsluráð mælir með því og fræðslumálastjórn samþykkir. Fræðslumálastjórn getur sett sérstakar reglur um skipan skólanefnda við þessa skóla.

64. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórn að löggilda skóla, sem kostaðir eru af fé einstakra manna eða stofnana, til þess að veita fræðslu gagnfræðastigsins, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún samþykkir, enda hlíti þeir sama eftirliti og aðrir skólar stigsins.

65. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 12. febr. 1940, l. nr. 36 26. okt. 1917, l. nr. 59 19. júní 1933, l. nr. 48 19. maí 1930, l. nr. 125 9. des. 1941, l. nr. 5 1. febr. 1936 svo og önnur ákvæði, sem koma í bág við þau.

Ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstilhögun skulu þó taka til nemenda, er byrjað hafa nám í skólum, sem svara til gagnfræðastigsins, þegar lög þessi taka gildi.

Nd. 435. Breytingartillögur

við frv. til l. um gagnfræðanám.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 10. gr. c-liður greinarinnar orðist svo:
   að ráða skólastjóra og kennara úr hópi umsækjenda. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning þeirra.

2. Við 61. gr. Greinin orðist svo:
   Skólar gagnfræðastigsins eru sjálfseignarstofnanir eða eign hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.
3. Við 62. gr. Greinin orðist svo:
   Skólar þeir, sem svara til skóla gagnfræðastigsins, er lög þessi taka gildi, falla undir ákvæði þeirra, ef forráðamenn skólanna óska þess.

Nd. 436. Frumvarp til laga

um nýbyggingar í Höfðakaupstað.

Flm.: Einar Olgeirsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Ríkissjóður veitir aðstoð til þeirra framkvæmda í Höfðakaupstað í Austur-Húnavatnssýslu, sem í lögum þessum segir. Til framkvæmda þessara má verja úr ríkissjóði allt að 5 milljónum króna. Upphæðina getur ríkisstjórnin tekið að láni, ef þörf krefur, og veðsett mannvirkin til tryggingar láninu.

2. gr.

Nefnd, sem nefnist nýbyggingarnefnd Höfðakaupstaðar, skal annast þær framkvæmdir, sem í lögum þessum greinir, og skal hún skipuð af ríkisstjórninni. Í nýbyggingarnefnd skulu eiga sæti 5 menn, og eru þeir skipaðir þannig:
Skipulagsstjóri, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar,
einn maður tilnefndur af Nýbyggingarráði,
einn maður tilnefndur af stjórn Síldarverksmiðja ríkisins,
einn maður tilnefndur af hreppsnefnd Höfðahrepps,
einn maður án tilnefningar.
Laun nýbyggingarnefndar skulu ákveðin af ríkisstjórninni.

3. gr.

Störf nýbyggingarnefndar eru:
1. Að koma upp skipulagðri byggð í Höfðakaupstað í samráði við Nýbyggingarráð og ríkisstjórn.
2. Að koma á fót atvinnufyrirtækjum í Höfðakaupstað í samráði við Nýbyggingarráð og ríkisstjórn.
3. a. Að stuðla að því, að einstaklingar, félög og stofnanir reisi íbúðarhús og önnur mannvirki í Höfðakaupstað.
   b. Að reisa sjálf íbúðarhús í samráði við Nýbyggingarráð og ríkisstjórnina til þess að selja þau fullsmíðuð.
4. Að koma upp handa byggðinni rafveitu, vatnsveitu og götum.
5. Að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um gjaldskrár fyrir lóðarleigu, notkun rafmagns, vatns o. fl.

4. gr.

Til ársloka 1951 fer nýbyggingarnefnd með úrskurðarvald í öllum byggingarmálum Höfðakaupstaðar.

5. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi við nýbyggingarnefnd lóðir og lóðarréttindi innan Höfðahrepps, svo og mannvirki, sem á lóðum og löndum þessum eru, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem fram-

kvæmdir þær, sem um ræðir í lögunum, hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af nýbyggingarnefnd. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsgerðinni verður ekki breytt honum í vil meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn af gagnaðila hans.

6. gr.

Nýbyggingarnefnd skal í byrjun hvers árs gera áætlun um þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á árinu, og kostnað við þær, hverja fyrir sig, og leggja þá áætlun fyrir Nýbyggingarráð og ríkisstjórnina til samþykktar.

Sérstakur reikningur skal haldinn yfir stofnkostnað hverrar greinar framkvæmda, svo sem rafveitu, vatnsveitu, gatna, íbúðarhúsa o. s. frv., svo og rekstrarkostnað hvers einstaks fyrirtækis.

7. gr.

Ríkissjóður leigir Höfðahreppi nægilegt land fyrir hina nýju byggð. Árlegt eftirgjald skal vera 2% af fasteignamati landspildunnar, sem leigð er. Nýbyggingarnefnd greiðir árgjald þetta til ársloka 1951, og telst það sem annar kostnaður við þessar framkvæmdir.

Á þessu tímabili leigir nýbyggingarnefnd einstaklingum, félögum og stofnunum lóðir úr landspildu þessari með þeim skilmálum, sem ákveðnir verða í samráði við hreppsnefnd Höfðahrepps og ríkisstjórnina.

8. gr.

Þeim störfum og framkvæmdum nýbyggingarnefndar, sem ekki hefur verið ráðstafað til einstaklinga, félaga eða stofnana hinn 1. janúar 1952, tekur hreppsnefnd Höfðahrepps þá við samkvæmt samningi, sem um það skal gerður milli ríkisstjórnarinnar og hreppsnefndarinnar.

Í samningi þessum skal kveðið á um afhendingu mannvirkjanna og greiðslu andvirðis þeirra.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nýbyggingarráð hafði skömmu eftir að það tók til starfa tekið til umræðu tillögu, er fram kom um myndun bæjar á Skagaströnd, og tókst ferð á hendur þangað norður til þess að athuga alla staðhætti ásamt ýmsum sérfræðingum. Kom þeim öllum saman um, að í alla staði væri heppilegra, að upp kæmi í Höfðakaupstað síldarútvegsbær. Hefur — sem kunnugt er — þegar verið hafizt handa um byggingu síldarverksmiðju og allmikla hafnargerð þarna í Höfðakaupstað.

Frumvarp þetta er samið af Nýbyggingarráði og nefnd, er ríkisstjórnin hefur sett sem bráðabirgðanýbyggingarnefnd fyrir Höfðakaupstað, og yfirfarið og dálítið breytt að tilhlutun ríkisstjórnarinnar. Tilgangur þess er að reyna að tryggja það, að frá upphafi byggðarinnar í þessu kauptúni verði farnar nokkuð aðrar leiðir en hingað til hafa verið farnar um myndun sjávarþorpa á Íslandi. Sjávarþorp okkar hafa hingað til verið byggð smátt og smátt, oft af fátækum mönnum, sem flutzt hafa úr sveitunum og lítil efni hafa haft á því að byggja yfir sig góð hús eða á annan hátt að sníða bæinn þannig frá upphafi, að hann væri í senn fallegur bær og aðbúnaður í eins góðu lagi og verið gæti fyrir íbúana.

Þar sem sjá mátti fram á, að bær mundi hvort sem væri myndast þarna á grundvelli þeirra ágætu atvinnuskilyrða, sem í Höfðakaupstað eru, þá þótti Nýbyggingarráði rétt að gera þarna nokkra tilraun um skipulagða bæjarmyndun.

Skilyrði til þess, að hægt sé að mynda þannig bæ, eru hins vegar í fyrsta lagi, að meira fé sé til þess að framkvæma fyrstu nauðsynlegu mannvirkin og íbúðarhúsabyggingarnar heldur en íbúar þorpsins — eða þeir, sem kunna að flytjast þangað — hafa, og í öðru lagi, að heildarstjórn sé höfð á þessum framkvæmdum frá upphafi, og það þannig heildarstjórn, er hafi meiri fjárráð og setji sér hærra mark en venjulegar hreppsnefndir geta.

Aðalinnihald þessara laga er því það, að sérstakri nefnd, sem í lögunum er kölluð nýbyggingarnefnd, sé falið vald, svipað því sem venjuleg bæjarstjórn annars mundi hafa á því sviði, sem nefndinni er ætlað að starfa, og veitt fjárráð með aðstoð ríkisins til þess að geta framkvæmt það verk, sem henni er ætlað. Með tilliti til þess sneri Nýbyggingarráð sér til hreppsnefndarinnar á staðnum um, hvort hún vildi nefna mann í slíka nefnd, og féllst hún á það.

Ætla má, að með slíkri heildarstjórn á byrjun raunverulegrar byggðar vinnist tvennt:

1. Bærinn verður miklu fallegri, betur byggður og skipulagður en ella mundi hafa orðið, þar sem slík nefnd getur t. d. látið byggja íbúðarhús — allstór og myndarleg —, er setja með byggingu nokkurra tuga af slíkum húsum sérstakan svip á bæinn og móta hann frá upphafi í sérstökum stíl, þar sem hins vegar, ef að vanda léti, að upp mundu rísa allmargir kofar eða lítil hús, byggð af vanefnum, er setja mundu svip sinn á þetta þorp, — svip, sem lengi mundi haldast. Hins vegar er við búið, ef byrjunin er gerð allmyndarleg og fyrstu tugir húsanna, sem þarna eru byggð, eru falleg nýtízku hús, þá mundu þeir, er á eftir koma, reyna að feta í þessi fótspor, og bærinn mundi allur verða fallegri og reisulegri en ella hefði orðið.
2. Bærinn ætti að geta orðið ódýrari, en veitt samt íbúunum meiri þægindi með þessu móti en annars hefði orðið. Götur væru lagðar strax, vatnsleiðslur, skólpræsi og annað þess háttar sömuleiðis, þannig að íbúar þessa nýja bæjar hefðu frá upphafi nokkur þægindi, sem annars er ekki vanalegt, að séu í svo litlum bæ. En það hins vegar, að þetta er gert í einu lagi, sem sé að byggja húsin og leggja götur, vatnsleiðslur og skólpræsi um leið, ætti að verða, ef rétt er á haldið, ódýrari aðferð en aðrar, sem verið hafa viðhafðar um þessa hluti, enda væri þá gengið út frá því, að þarfir atvinnurekstrarins og íbúanna væru þannig samræmdar, að t. d. sameiginlegar vatnsleiðslur væru gerðar nú þegar fyrir síldarverksmiðjur, síldarbryggjur og íbúana.

Hlutverk nýbyggingarnefndar er — eins og greinir í 3. gr. — jafnt það að reyna að fá einstaka aðila til þess að koma upp fyrirtækjum á staðnum sem og til að byggja íbúðarhús og svo hitt, að ráðast sjálf í íbúðarhúsabyggingar með þeim takmörkunum, sem lögin greina. Verkefni nefndarinnar er því að reyna að skipuleggja fyrirtæki einstaklinga og hins opinbera og samræma þau við atvinnuhætti og þarfir á staðnum.

Gengið er út frá því, að nýbyggingarnefnd sinni á takmörkuðu sviði þeim verkefnum, sem bæjarstjórn ella hefði, og þess vegna eru fyrirmælin í 6. gr. um fjárhagsáætlanir, og að síðustu er svo fyrir mælt, að árið 1951 — eða eftir 5 ár — skuli nýbyggingarnefnd afhenda umboð sitt sveitarstjórn Höfðahrepps.

Heildartilgangurinn með lögunum er því sá að skipuleggja og móta þróunina í þessu kauptúni, þangað til ætla má, eftir þessi 5 ár, að það sé komið svo vel á veg, að það geti að öllu leyti tekið við og valdið þeim verkefnum, sem á því hvíla.

Að svo miklu leyti, sem farið er inn á nýtt svið með þessum lögum, þá er hér um mjög athyglisverða tilraun að ræða, sem sé að skipuleggja bæjarmyndun á landi voru.

Ed. 437. Nefndarálit

um frv. til laga um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta á að leggja algerlega nýjan grundvöll í skólamálum landsins. Það bindur ríkissjóði stórmiklar byrðar, án þess að nokkur áætlun fylgi um kostnað. Það gerir ráð fyrir því, að byggðir verði heimavistarskólar fyrir meginhluta allra barna í sveit, og er sýnilega stefnt að því, að börnin verði tekin úr heimilunum í sveitum frá foreldrum sínum mikinn hluta vetrar. Þarf ekki að lýsa því, hversu mörgum sveitaheimilum mundi vegna, eftir að börn og unglingar 7—15 ára væru fjarverandi samkvæmt lagaboði marga mánuði og jafnvel allan veturinn. Þar sem á með þessari löggjöf að tryggja öllum unglingum aðgang að menntaskóla og háskóla, er sýnilegt, að ekki mun nægja minna til undirbúnings menntaskóla en skyldunám allra unglinga frá 13—17 ára. Talað er um að skipta öllum þessum skólanemendum milli bóklegra og verklegra deilda og þá væntanlega með „gáfnaprófi", þannig að í hverjum skóla myndaðist kapphlaup líkt því, sem nú á sér stað við inntöku í fyrsta bekk menntaskólanna. Er fengin reynsla í þessu efni erlendis, þar sem þvílík aðgreining á sér stað, að foreldrar og aðrir vandamenn leggja meginstund á með aukakennslu og áróðri að forða börnum sínum frá að lenda á þann hátt í verknámsdeildina. Aftur á móti er reynsla fengin í héraðsskólunum fyrir því, að þar sem námið fyrir alla er þrískipt: bóknám, verknám og íþróttir, — standa allir jafnt að vígi. Þá fá nemendur alhliða æfingu og velja sér síðan af frjálsum vilja bókfræði eða verknám, eftir því sem þeim þykir sér henta.

Það er sýnilegt, að ef frv. þetta er samþykkt, þá nær það ekki neinum æskilegum tilgangi. Það er byggt á miklum ókunnugleika á íslenzkum högum. Það gerir ráð fyrir skólaskipun, sem er of dýr og sérstaklega óhentug. Þar er gert ráð fyrir mikilli vinnukennslu. En eftir 50 ára skólahald á Hólum og Hvanneyri, hefur ríkið ekki haft efni á að byggja nauðsynleg húsakynni fyrir smíðakennslu. Í Reykjavík á að lögbjóða skyldufræðslu fyrir unglinga frá 13—17 ára aldri. En Reykjavík hefur ekki haft efni á að byggja hús yfir einn gagnfræðaskóla frá 1929 og þar til í haust, að grafið var fyrir grunni þess húss. Annar gagnfræðaskóli bæjarins er algerlega húsvilltur. Til endurbyggingar menntaskólans var veitt hálf milljón, þó að vitanlegt sé, að ef nú ætti að byggja menntaskóla í Reykjavík og á Akureyri samkvæmt þeim kröfum, sem frumvarp milliþinganefndar í skólamálum gerir ráð fyrir, mundi ekki veita af 15 milljónum á hvorum stað. Þar sem nú er gert ráð fyrir vinnukennslu handa þúsundum ungmenna í landinu og ekki nema örlítill húsakostur til í því skyni, flutti ég á þingi í vetur tillögu um 1½ millj. króna framlög í þau verkstæði, sem lögboðin eru með héraðsskólalögunum frá 1939. En þá kom í ljós, að engir peningar voru til í því skyni jafnvel nú, mitt á tímum hinna háu ríkisútgjalda.

Ég mun þess vegna ekki sjá mér fært að greiða atkvæði með þessu frumvarpi og mun á sínum tíma leggja til, að því verði fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar vísað til frekari athugunar hjá borgurum landsins.

Alþingi, 19. febr. 1946.

Jónas Jónsson.

Sþ. 438. Tillaga til þingsályktunar

um rafveitu Norðurlands.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Jón Pálmason, Bernharð Stefánsson, Garðar Þorsteinsson, Björn Kristjánsson, Sigurður Þórðarson, Jón Sigurðsson, Sigurður E. Hlíðar, Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða áætlunum um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, er miðist við það að fullnægja raforkuþörf Norðurlands, svo að unnt sé að leggja fullnaðaráætlanir um virkjunina fyrir næsta Alþingi í byrjun þess. Enn fremur að afla tilboða í efni í háspennulínur frá orkuverinu til Raufarhafnar í Norður-Þingeyjarsýslu og um Suður-Þingeyjar-, Eyjafjarðar-, Skagafjarðar-, Austur-Húnavatns- og Vestur-Húnavatnssýslu og efni í aðalspennistöðvar í þessum héruðum, og sé þessara tilboða leitað svo tímanlega, að þau geti legið fyrir, þegar næsta Alþingi kemur saman. Þá verði einnig hið fyrsta lokið við að gera kostnaðaráætlun um virkjun Laxár í Austur-Húnavatnssýslu, og ef hagkvæmt þykir að koma upp orkuveri þar, heimilast ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði á þessu ári til kaupa á efni og vélum til þeirrar virkjunar.

Greinargerð.

Á Norðurlandi munu skilyrði til stórrar vatnsaflsvirkjunar bezt við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Rafstöð Akureyrarbæjar þar er nú að verða ófullnægjandi og verður vafalaust stækkuð innan skamms, annaðhvort af kaupstaðnum eða ríkinu. En athuganir, sem gerðar hafa verið, sýna, að einnig muni auðvelt að byggja stóra aflstöð á öðrum stað við ána, nær upptökum hennar. Virðist æskilegt, að ríkið komi upp aflmikilli rafstöð við Laxá og veiti þaðan rafmagni um allar sýslur á Norðurlandi.

Hér er lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að láta hraða áætlunum um virkjun Laxár, svo að fullnaðaráætlanir um byggingu stórrar rafstöðvar þar geti legið fyrir, þegar næsta Alþingi kemur saman. Enn fremur að afla tilboða í efni í háspennulínur um Norðurland og aðalspennustöðvar. Það er hægt að gera, þó að áætlunum um virkjunina sé ekki lokið, og er hér lögð áherzla á, að tilboðanna í efni í aðalorkuflutningslínur og spennistöðvar verði leitað svo snemma, að þau geti legið fyrir næsta Alþingi í byrjun þess.

Nú er verið að vinna að áætlunum um byggingu rafstöðvar við Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu, og mun því lokið innan skamms. Er gizkað á, að þar muni hægt að virkja 6—7 þús. hestöfl. Er hér lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að verja fé úr ríkissjóði til kaupa á efni og vélum til þeirrar rafstöðvar, ef áætlanir sýna, að hagkvæmt sé að koma þar upp orkuveri. En þótt sú virkjun, ef framkvæmd verður, mundi e. t. v. nægja Húnavatnssýslum fyrst um sinn, þykir eigi að síður rétt að leggja háspennulínu frá Laxárvirkjuninni í Þingeyjarsýslu vestur í Húnavatnssýslur og tengja þessar tvær aflstöðvar saman. Má í þessu sambandi benda á, að óhjákvæmilegt er að veita rafmagni frá Laxárvirkjuninni til Skagafjarðar, þar sem virkjunarskilyrði í því héraði eru óhentug, og aukakostnaður við að framlengja háspennulínu þaðan vestur í Húnavatnssýslu er ekki mjög mikill.

Ed. 439. Nefndarálit

um frv. til laga um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Þegar nefndin tók að sér að flytja þetta frv., samkvæmt beiðni stjórnar Stríðstryggingarfélags ísl. skipshafna, ræddi hún gaumgæfilega uppkastið að frv. eins og það kom frá félagsstjórninni og gerði á því ýmsar breytingar. Þessar breytingar snertu þó að mestu I. kafla laganna, en þeim kafla er nauðsynlegt að breyta vegna hins breytta verkefnis félagsins. Við 1. umræðu frv. komu fram ábendingar um það, að æskilegt væri, að gerðar yrðu jafnframt nokkrar breytingar á II. og III. kafla laganna, bæði að því er snerti tímatakmark stríðsslysatryggingarinnar, þar sem ófriðnum væri nú lokið, og eins hvað snerti meðferð tryggingabóta, einkum að því er snertir lífeyriskaup til handa hinum tryggðu. Þótti nefndinni því skylt að taka þessi atriði til athugunar. Hefur hún rætt málið á fundum og borið það undir félagsmálaráðherra, framkvæmdastjóra félagsins og stjórnarformann, sem allir voru sameiginlega mættir á fundi nefndarinnar.

Þótt nú sé nærri ár frá því að ófriðnum lauk, þykir ekki gerlegt að leggja til, að II. kafli laganna, um stríðstryggingar, og III. kafli laganna, um stríðsslysabætur, verði felldir niður. Hins vegar þykir rétt, einkum með tilliti til ákvæða 2. mgr. 15. gr., að setja tímatakmark fyrir stríðstryggingunni, og varð samkomulag um að leggja til, að hún væri látin gilda til ársloka 1947.

Það kom mjög til umræðu í nefndinni, hvort gerlegt þætti að leggja til, að breytt yrði 20. gr. frv. þannig, að lækka iðgjöldin, vegna minnkandi stríðsslysabættu, en þessi iðgjöld eru nú kr. 6.00 á hvern skipverja á viku að meðaltali, og hafa því lækkað úr kr. 12.00, sem var hámark iðgjaldanna, þegar hættan var mest. Með því að tryggingarfræðingarnir upplýstu nefndina um, að þessi iðgjöld mundu ekki fara minnkandi svo lengi sem tryggja bæri fyrir slysum, sem stöfuðu af óupplýstum atvikum, samkv. 15. gr., þótti nefndinni ekki rétt að leggja til, að þessu yrði breytt. Sýndi reynslan, að gjöldin væru óþarflega há, fer fram endurgreiðsla úr bónussjóði til iðgjaldenda.

Nefndin fékk til athugunar skrá yfir allan lífeyri, sem keyptur hafði verið samkv. 22. gr. Ber hún með sér, að lífeyriskaupin eru í mörgum tilfellum algerlega óviðunandi, t. d. þar sem reiknað hefur verið með svo lágum vöxtum, að vextir og afborganir samanlagt verður ekki nema rúmlega 3% af bótaupphæðinni. Telur nefndin því nauðsynlegt, að þessum ákvæðum sé breytt þannig, að í stað þess að verja fénu til kaupa á lífeyri, sé það greitt út að fullu til viðkomandi aðila, sem þá í flestum tilfellum getur haft tækifæri til þess að ávaxta féð betur. Einnig sé sett inn í frv. heimild til þess að selja aftur hinn árlega lífeyri, sem keyptur hefur verið, ef samningar nást um það við tryggingarfélögin, og greiða andvirðið til viðkomandi aðila.

Nefndin hefur því orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 14. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Til ársloka 1947 er skylt ....
2. Við 22. gr. II. Í stað fyrri málsgr. komi 2 nýjar málsgr., er orðist svo:
   Auk þeirra trygginga, sem ræðir um í b- og c-lið hér að framan, er skylt að tryggja alla skipverja á skipum 300 smálestir (brúttó) og stærri, öðrum en togurum, fyrir jafnháum upphæðum og þar segir. Skulu upphæðirnar greiddar til tryggða sjálfs eða þeirra vandamanna hans, sem bæturnar eiga að hljóta, nema þeir óski heldur, að félagsstjórnin verji þeim til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélögum. Skerðir slíkur lífeyrir eigi önnur

eftirlaun, er hlutaðeigendur kunna að eiga rétt á. Fyrir tryggingarbætur, sem samkv. þessari grein falla til barna innan 16 ára aldurs, er félagsstjórninni heimilt að kaupa barnalífeyri þeim til handa hjá viðurkenndum tryggingarfélögum, enda komi til samþykki forráðamanna barnanna.

Heimilt skal félagsstjórninni að semja við vátryggingarfélög þau, sem selt hafa lífeyri samkvæmt lögum um stríðsslysabætur, að innleysa skírteinin handhöfum að skaðlausu, enda komi samþykki þeirra eða forráðamanna þeirra til.

Alþingi, 20. febr. 1946.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Ingvar Pálmason.

Steingr. Aðalsteinsson. Eiríkur Einarsson.

Nd. 440. Frumvarp til laga

um virkjun Sogsins.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að reka orkuverið við Ljósafoss ásamt aðalorkuveitunni til Reykjavíkur, auka það og reisa og reka önnur orkuver við Sogið, til þess að vinna úr því raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja aðrar háspennutaugar þaðan til Reykjavíkur og gera afspennistöðvar og framkvæma þau mannvirki, sem þarf til að afhenda orkuna samkvæmt 6. gr.

2. gr.

Orkuverin, háspennutaugarnar og afspennistöðvarnar samkvæmt 1. gr. nefnast einu nafni Sogsvirkjunin. Skal hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er ráðherra staðfestir.

3. gr.

Áður en byrjað er á nýju verki, aukningu eða breytingu á mannvirkjum, sem fyrir eru, skal senda ráðherra uppdrætti að hinum fyrirhuguðu framkvæmdum ásamt lýsingu af þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin lætur í tæka tíð, að fenginni umsókn bæjarstjórnar Reykjavíkur í hvert sinn, gera nauðsynlegar umbætur á vegum, er nota þarf vegna flutninga og aðdrátta við virkjunina. Til þessara umbóta leggur Sogsvirkjunin fram helming kostnaðar, og telst hann með virkjunarkostnaði og greiðist jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Með virkjunarkostnaði má og telja allan undirbúningskostnað við mælingar, áætlanir og rannsóknir á virkjunartilhögunum.

Þegar orkuver verður reist við Efra Sogið, má enn fremur telja með kostnaði kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra Sogi, sem Reykjavíkurbær hefur keypt af eigendum Úlfljótsvatns, svo og vatnsréttindi þau, er ríkissjóður á fyrir Kaldárhöfðalandi, með sama verði, enda greiði Sogsvirkjunin andvirði þeirra jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Þurfi vegna þessarar virkjunar að gera brú á Efra Sogið og veg frá henni vestan árinnar, skulu þau mannvirki teljast til orkuversins.

Þegar orkuver verður reist við Neðri Sogsfossana, má á sama hátt telja með kostnaði andvirði vatnsréttinda þeirra fyrir löndum Úlfljótsvatns, Bildsfells, sem nú

er í eigu Reykjavíkurbæjar, og Syðri Brúar, sem er í eigu ríkissjóðs. Skal verðið ákveðið hlutfallslega eftir mati því, sem framkvæmt var á vatnsréttindum Ljósafoss 1935, og greiðast af Sogsvirkjuninni jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Þurfi vegna þessarar virkjunar að gera brú eða brýr á Sogið við Neðri fossana svo og veg að orkuveri frá alfaravegum, skulu mannvirki þau teljast til orkuversins.

5. gr.

Auk þeirra ábyrgða, sem ríkissjóður er í við gildistöku þessara laga vegna orkuversins við Ljósafoss, ábyrgist ríkisstjórnin lán handa Reykjavíkurbæ til framkvæmda samkvæmt 1., 3. og 4. gr., að upphæð allt að 34 millj. króna, þó eigi yfir 85% af kostnaðarverði, eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

6. gr.

Sogsvirkjunin selur raforku til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Skylt er henni einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverum og við afspennistöðvar til almenningsnota utan Reykjavíkur við kostnaðarverði og að viðbættum allt að 5%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforkuna miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923.

Nú þykir nauðsynlegt, til þess að ákvæðum þessarar greinar verði fullnægt, að auka virkjun, og er Reykjavíkurbæ þá skylt að framkvæma aukninguna, allt upp í það, að Sogið sé að hálfu fullvirkjað, en ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til þess með sama skilyrði og segir í 5. gr. Skal aukningin framkvæmd, þegar er fé til hennar er fyrir hendi, nema gildar ástæður að dómi ráðherra hamli.

7. gr.

Þegar auka þarf virkjun fram yfir það, að Sogið sé virkjað til hálfs, enda er þá miðað við 86000 kw. orku í Soginu fullvirkjuðu, skal ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við Reykjavíkurbæ um aðra tilhögun. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu, þannig að hann verði meðeigandi fyrirtækisins að sömu tiltölu og nemur aukningu vélaaflsins móts við það vélaafl, er fyrir var, og eigandi að helmingi, þegar fallvatnið er fullvirkjað. Kaupverðið eða hluta þess má ríkisstjórnin inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta þeirra skulda, er á fyrirtækinu hvíla. Ef samkomulag um kaupverðið næst ekki, skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Á Reykjavíkurbær þaðan í frá rétt til þess, hvenær sem hann þarf, að fá sem svarar helmingi orkunnar úr Soginu fullvirkjuðu handa Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Nú hefur virkjuninni safnazt varasjóður, þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkvæmt þessari grein, og verður hann þá eign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs að réttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefur myndazt af, frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur annars vegar og notendum utan hennar hins vegar.

Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ríkisstjórnin framselt til þess eða þeirra fyrirtækja, er þá hafa með höndum orkuveitu til almenningsþarfa um taugakerfi frá Sogsvirkjuninni til héraða utan rafmagnsveitu Reykjavíkur.

8. gr.

Þegar ríkisstjórnin er orðin meðeigandi að Sogsvirkjuninni samkvæmt 7. gr., skal stjórn fyrirtækisins skipuð 5 mönnum: Tveim, er bæjarstjórn Reykjavíkur kýs, tveim, er tilnefndir verða af ríkisstjórninni, og hinum fimmta, er hæstiréttur tilnefnir. Skulu þeir allir skipaðir til þriggja ára í senn. Eftir að 1 ár er liðið frá skipun nefndarinnar, skulu árlega ganga úr nefndinni annaðhvort fulltrúar Reykjavíkur eða fulltrúar ríkisstjórnarinnar eða fulltrúi hæstaréttar. Skal varpað hlutkesti um, hverjir

skuli fyrst ganga úr. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 82 19. júní 1933, um virkjun Sogsins.

Nd. 441. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist á þessa leið:

Greiða skal árlega ½% gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Skal gjaldið reiknast af því verði, sem framleiðendum er greitt á hverjum tíma.

Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarbanka Íslands, er hefur á hendi stjórn hans og reikningshald.

Fé sjóðsins skal um næstu 10 ár skipt á milli búnaðarsambanda landsins í réttu hlutfalli við það, sem framlög reynast úr viðkomandi héruðum. Skulu samböndin verja þessu fé til jarðræktar og annarra félagslegra framkvæmda á sambandssvæðinu, eftir því sem aðalfundur ákveður á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 442. Breytingartillögur

við frv. til laga um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „mynda samfellt skólakerfi“ komi: mynda skólakerfi landsins.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „Á gagnfræðastiginu eru unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar“ komi: Á miðskólastiginu eru unglingaskólar, gagnfræðaskólar og héraðsskólar.
3. Við 3. gr. Greinin orðast svo:
   Barnaskólar eru fyrir börn á aldirnum 7—13 ára. Í sveitum eru börn frá 7—10 ára aðeins prófskyld. Barnafræðslunni lýkur með barnaprófi.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er að hafa framhaldsdeild fyrir unglinga við barnaskóla, eftir því sem fé er veitt í því skyni í fjárlögum og frá hlutaðeigandi sveitar- og bæjarsjóðum. Gagnfræðaskólar skulu vera í kaupstöðum, en héraðsskólar í sveitum, eftir því sem fyrir er mælt í sérstökum lögum um þá skóla. Skal fjölga gagnfræða- og héraðsskólum og stækka þá, sem nú eru til, til að geta fullnægt

frjálsri aðsókn nemenda, og eftir því, sem fé er lagt fram í þessu skyni frá ríkinu, bæjarfélögum, sýslum og einstökum mönnum. Þar sem bæjarstjórn óskar eftir, að gagnfræðaskóli starfi í 4 árdeildum, og tekur á sig nauðsynlegan útgjaldaauka, skal kennslumálastjórnin veita þá heimild.

Kennslu skal haga á þann hátt í gagnfræða- og héraðsskólum, að námstímanum sé skipt nokkuð að jöfnu, eftir því sem við má koma, milli verknáms, íþrótta og bóknáms. Allar kennslugreinar skulu vera prófskyldar.

5. Við 5. gr. Greinin orðast svo:

Menntaskólar skulu vera 4 í landinu, hver með 4 árdeildum. Skal einn vera í Reykjavík, annar á Akureyri, þriðji á Laugarvatni og fjórði á Eiðum. Tveir hinir síðast nefndu menntaskólar hefja starfsemi sína, þegar Alþingi eða aðrir aðilar leggja fram fé til rekstrar skólanna.

6. Við 8. gr. Greinin fellur niður.
7. Við 9. gr. Fyrir „almannafé“ kemur: ríkisfé.
8. Við 10. gr. Greinin orðast svo :

Fyrirmæli um kostnað og rekstur þeirra skóla, sem um getur í 2. gr., skulu sett með landslögum. Reglugerðir um skipulag námsins skulu settar af fræðslumálastjórninni að því er snertir barna- og unglingaskóla, af skólanefndum gagnfræða- og héraðsskóla með samþykki kennslumálaráðherra fyrir þær stofnanir og af kennurum menntaskólanna með samþykki ráðherra vegna menntaskólanna.

9. Við 11. gr. Greinin orðast svo:

Lög þessi taka gildi á árunum 1950—1960, enda hafi frumvarpið áður náð samþykki meiri hluta kjósenda við almenna þjóðaratkvæðagreiðslu í landinu.

Nd. 443. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 11 1. febrúar 1936, um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Flm.: Emil Jónsson.

1. gr.

Orðin „að því er snertir 1.—3. tölulið 1. gr.“ í 4. gr. laga nr. 11 1. febrúar 1936 falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lög nr. 11 1. febrúar 1936, um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar, voru sett, var frestað að innlima Krísuvíkur- og Stóra-Nýjabæjarland í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, meðal annars vegna þess, að þá var enginn vegur að þessu landsvæði og engar framkvæmdir hafnar.

Nú er landið komið í vegarsamband, hefur allt verið girt og undirbúningur hafinn undir ýmiss konar framkvæmdir þar í stórum stíl, svo sem orkuvinnslu og jarðrækt. Þykir því ekki mega lengur fresta að innlima land þetta í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, en hann er eigandi jarðarinnar og hefur með höndum allar framkvæmdir.

Land þetta er nú óbyggt með öllu, og er því ekki um neina tekjuskerðingu fyrir Grindavíkurhrepp að ræða, þó að landið verði innlimað í Hafnarfjarðarkaupstað.

Að öðru leyti vísast til bréfs bæjarstjórans í Hafnarfirði, dags. 20. febrúar 1946, sem er prentað hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur einróma samþykkt að fela yður sem þingmanni Hafnarfjarðar að flytja nú þegar frumvarp til laga á Alþingi um, að jörðin Stóri-Nýibær og sá hluti jarðarinnar Krísuvíkur, sem nú eru eign Hafnarfjarðarkaupstaðar, verði lögð undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar og kaupstaðarsvæðið stækkað sem því nemur.

Með lögunum nr. 11 frá 1936 var ríkisstjórninni heimilað að taka eignarnámi landsvæði og afnotarétt nokkurra tilgreindra svæða og leggja undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Meðal annars var heimilað eignarnám á jörðunum Krísuvík og Stóra-Nýjabæ í Grindavíkurhreppi. En afhending þeirra til Hafnarfjarðarkaupstaðar skyldi þó ekki leiða til stækkunar lögsagnarumdæmisins.

Eignarnám á jörðum þessum hefur nú farið fram samkv. ákvæðum ofangreindra laga, og hafa þær verið seldar og afhentar Hafnarfjarðarkaupstað eins og þar greinir, sbr. og lög nr. 101 frá 1940.

Hafnarfjarðarbær hefur nú hafizt handa um margs konar hagnýtingu þessa landsvæðis. Á síðast liðnu sumri var landið að mestu girt, og nú í haust og vetur hefur verið borað þar eftir heitu vatni og gufu. Með vorinu er svo til ætlazt, að byrjað verði á framræslu landsins með tilliti til væntanlegs meiri háttar búrekstrar. Þá mun og að því unnið að koma þar upp garðyrkjustöð, jarðborunum fram haldið og hafnar byggingar, sem nauðsynlegar eru í sambandi við allar þessar fyrirhuguðu framkvæmdir.

Af þessu má vera ljóst, að Hafnarfjarðarbæ er þess brýn þörf og nauðsyn, að land þetta verði lagt undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins og það án tafar.

Það er og fjarri öllu lagi, að land, sem er eign Hafnarfjarðarkaupstaðar, hagnýtt af honum til stórfelldra framkvæmda og kynni að framleiða mikil og margháttuð verðmæti, tilheyri öðru lögsagnarumdæmi, þannig að annað sveitarfélag hefði heimild til að ákveða um framkvæmdir í Krísuvík, t. d. um gerð bygginga og fleira, og fá þar grundvöll til skattlagningar o. s. frv.

Þar sem slíkt ástand kynni að takmarka og spilla framkvæmdum á landinu og leiða til hinnar fráleitustu niðurstöðu um umráð þess og not, ber að koma í veg fyrir það nú þegar með því að leggja landsvæði þetta undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar og breyta því lögunum nr. 11 frá 1936 til samræmis við það.

Takmörk lands þess, sem hér um ræðir, eru:

Að vestan beina stefnu í norður úr Hælisvík í Borgarhól, þar sem hann er hæstur, úr Borgarhóli eftir Sveifluhálsi í vestustu vík Kleifarvatns að bera í yzta odda Hvammsholtstanga. Að norðan ræður Kleifarvatn í syðsta odda vikur þeirrar, er gengur úr vatninu vestan við Geithöfða, og að austan þaðan beina stefnu í réttvísandi suður til sjávar í Keflavík. Að sunnan ræður sjór.

Þess er því vænzt, að þér flytjið frumvarpið til laga um stækkun á lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar um land það, sem að ofan greinir, og vinnið að því, að það verði afgreitt sem lög frá Alþingi því, sem nú situr.

Virðingarfyllst

Eiríkur Pálsson.

Herra Emil Jónsson alþm.

Nd. 444. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ákvæði 4. liðs 1. gr. laga nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, varðandi embættislega birtingu uppgötvanalýsinga skulu ekki gilda um þær uppgötvanir, sem embættisleg birting hefur farið fram á erlendis eftir 1. september 1939, ef sótt er um einkaleyfi á þeim fyrir 1. janúar 1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni samgöngumálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um breytingar á því.

Í 4. lið 1. gr. laga nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, er ákvæði um, að ekki megi veita hér einkaleyfi á uppgötvunum, sem embættislega hafa verið birtar lýsingar á í erlendu ríki, áður en sótt er um einkaleyfi hér.

Þess hefur nú verið farið á leit við ráðuneytið, að veitt verði hér á landi einkaleyfi á uppgötvunum, sem lýsingar á hafa verið birtar embættislega í erlendum ríkjum á stríðsárunum. Hafa hlutaðeigendur borið það fyrir sig, að vegna hernaðarástandsins hafi ekki verið unnt að koma umsóknum á framfæri hér í tæka tíð.

Þykir því rétt að bera fram lagafrumvarp þetta, til þess að gefa hlutaðeigendum kost á að fá hér einkaleyfi á uppgötvunum sínum.

Sþ. 445. Nefndarálit

um till. til þál. um athugun á því, hvernig bátaflota landsmanna verði tryggð aðstaða til viðlegu um vertíðir og vermönnum viðunandi aðbúnaður.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað og rætt efni tillögunnar og er sammála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. febr. 1946.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Jón Sigurðsson.	Sigurður Thoroddsen.
	Barði Guðmundsson.	

Sþ. 446. Tillaga til þingsályktunar

um virkjun Þverár í Steingrímsfirði.

Flm.: Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, 800 þúsund króna lán, sem Hólmavíkurhreppur og nálægir hreppar taka til þess að virkja Þverá í Steingrímsfirði.

Greinargerð.

Á Hólmavík er nú mótorrafstöð. Rafmagnið er notað til ljósa á Hólmavík og til að reka allstórt hraðfrystihús þar í staðnum. Þó að mótorrafstöð þessi hafi verið aukin hvað eftir annað og til þess varið ærnu fé, er hún nú ófullnægjandi og því um tvo kosti að velja, að verja enn fjármunum til þess að auka mótorrafstöðina, sem þó verður ófullnægjandi, eða ráðast í að virkja Þverá, sem er örskammt frá Hólmavík. Mundi þá Hólmavík og nágrenni eiga kost á rafmagni ekki aðeins til ljósa og til að reka frystihúsið, heldur og til upphitunar o. fl., sem ekki verður kostur á frá mótorrafstöð.

Áætlun var gerð nokkru fyrir stríð um virkjun Þverár eftir ýtarlega rannsókn og af mjög hæfum verkfræðingi. Þessi rannsókn og áætlun sýndi, að virkjun Þverár er ein hin hagstæðasta, sem völ er á hér á landi, og hefur svo oft verið til þess vitnað í sölum Alþingis, að óþarft er að rekja það atriði í þessari greinargerð. Má þess geta, að jafnan þegar ráðgert hefur verið að byggja sem stærstar aflstöðvar og leiða rafmagn þaðan til notkunar víðsvegar um landið, hefur verið ráð fyrir því gert að virkja Þverá og fella þá aflstöð inn í heildarkerfi, ef til kæmi. Ásæðan til þess er sú, að aðstæður til virkjunar Þverár eru með afbrigðum góðar, svo að til fádæma er talið.

Útreikningar þeir, sem gerðir hafa verið, og áætlanir voru þó aðallega miðaðir við 200 hestafla stöð. En nú er þörfin orðin það mikil vegna fólksfjölgunar í Hólmavík og aukinnar starfrækslu þar, sem og nauðsynjar þess að veita nálægum hreppum aðgang að notkun rafmagns, að ekki mundi ráðizt í að virkja minna en 800 hestöfl, og er ábyrgðarheimildin miðuð við það. Samkvæmt fyrri rannsóknum verður virkjunin og mun ódýrari hlutfallslega, er aflstöðin er orðin af þeirri stærð. — Að sjálfsögðu verður aflstöð þessi byggð þannig, að unnt verði að stækka hana með sem minnstum tilkostnaði.

Af framangreindum ástæðum tel ég mega vænta þess, að þingsályktunartillaga þessi fái greiða afgreiðslu á Alþingi.

Ed. 447. Frumvarp til laga

um girðingar kringum hveri og laugar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Skylt er að afgirða hveri og laugar (50° C og þar yfir), sem í byggð eru eða svo nærri byggð, að mönnum geti stafað hætta af fyrir líf eða limu, að dómi sveitarstjórnar. Skal girðingin vera svo traust, að tilgangi þessum sé náð.

Sveitarstjórn skal semja skrá um þá hveri og laugar, sem girða skal, og tilkynna eigendum. Einnig skal hún kveða á um gerð girðinga.

2. gr.

Girðingarskylda samkvæmt 1. gr. hvílir á eiganda hvers og laugar. Sé slíkum girðingum eigi komið upp innan árs frá tilkynningu sveitarstjórnar, skal lögreglustjóri héraðsins láta setja þær upp á kostnað eigenda, og má taka kostnaðinn lögtaki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 448. Viðaukatillaga

við till. til þál. um rafveitu Norðurlands.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Hermann Jónasson.

a. Við tillögugr. bætist:
Einnig láti ríkisstjórnin fara fram áætlun um kostnað við háspennulínu frá orkuverinu við Andakílsárfossa um Dalasýslu og Suðurhluta Strandasýslu, og verði þeirri áætlun lokið fyrir næsta Alþingi. Fyrir þann tíma verði og lokið kostnaðaráætlun um virkjun Þrándargils í Laxárdal.
b. Fyrirsögn till. verði:
Tillaga til þingsályktunar um rafveitu Norðurlands, Dalasýslu og suðurhluta Strandasýslu.

Nd. 449. Breytingartillaga

við frv. til laga um gagnfræðanám.

Frá Skúla Guðmundssyni og Pétri Ottesen.

Við 54. gr. Í stað orðanna „Að svo miklu leyti .... á næsta ári" komi: Að svo miklu leyti, sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum helming þess, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður greiðir hinn helminginn.

Ed. 450. Frumvarp til laga

um gagnfræðanám.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 434, með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:
Við hvern gagnfræðaskóla og miðskóla skal vera skólanefnd skipuð 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu 4 þeirra kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd.
Ef tvö eða fleiri fræðsluhéruð standa saman um skóla, kýs hver sýslunefnd tvo skólanefndarmenn. Fræðslumálastjórn skipar einn mann í nefndina, og er hann formaður. Skipun hans gildir um sama tímabil.
Þar sem skyldufræðsla gagnfræðastigsins fer fram í barnaskólum, skal vera sama skólanefnd fyrir bæði skólastigin. Nú standa tvö eða fleiri skólahverfi saman um skóla, sem veitir aðeins skyldufræðslu gagnfræðastigsins, og setur fræðslumálastjórn þá reglur um fjölda skólanefndarmanna og hve margir skulu kosnir fyrir hvert skólahverfi, og skal í því efni hafa hliðsjón af fólksfjölda.
Heimilt er að fela fræðsluráði störf skólanefndar við þessa skóla, ef fræðslumálastjórn og hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir eru sammála um það.

c-liður 10. gr. hljóðar svo:
að ráða skólastjóra og kennara úr hópi umsækjenda. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning þeirra.

54. gr. hljóðar svo:
Fastir kennarar við skóla gagnfræðastigsins eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stundakennslu samkv. 57. og 63. gr. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti, sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum helming þess, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður greiðir hinn helminginn. Fræðslumálastjórn ákveður húsaleigu heimavistarnemenda í samráði við skólastjóra og skólanefnd.

61. gr. hljóðar svo:
Skólar gagnfræðastigsins eru sjálfseignarstofnanir eða eign hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.

62. gr. hljóðar svo:
Skólar þeir, sem svara til skóla gagnfræðastigsins, er lög þessi taka gildi, falla undir ákvæði þeirra, ef forráðamenn skólanna óska þess.

Nd. 451. Frumvarp til laga

um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ræktunarsjóður Íslands og er í lögum þessum kallaður Ræktunarsjóður. Hlutverk hans er að styðja landbúnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:
1. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands eins og hann er nú.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands.
3. Sá hluti höfuðstóls Viðlagasjóðs, sem er eign Ræktunarsjóðs Íslands.
4. Varasjóður Loðdýralánadeildar Búnaðarbanka Íslands.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:
1. Vaxtatekjur.
2. Tekjur af þjóðjörðum og andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar kunna að verða.
3. Árlegt framlag úr ríkissjóði 0.5 millj. kr. á ári í 10 ár, í fyrsta sinn árið 1947.

4. gr.

Búnaðarfélag Íslands og Nýbyggingarráð skulu í sameiningu gera rannsókn á núverandi ástandi og þróun íslenzks landbúnaðar og áætlun um þróun hans næstu 10 ár. Skal þar áætluð þörfin innanlands fyrir þær vörur, er landbúnaðurinn getur annazt um framleiðslu á, og athuguð skilyrði fyrir framleiðslu landbúnaðarvara til útflutnings. Skal síðan staðsetning framleiðslunnar miðuð, svo sem fært þykir á hverjum tíma, við þá áætlun, og eftir því hvers konar búskapur hentar bezt hverjum stað. Einnig skal af sömu aðiljum gerðar tilraunir um, hvaða stærð búa sé hagkvæmust. Skal lánaveitingum Ræktunarsjóðs hagað í samræmi við þessa heildaráætlun og þá staðsetningu framleiðsluaukningarinnar, sem er samkvæmt henni. Skal Búnaðarfélagið hafa í þjónustu sinni ráðunaut, sem sjóðurinn getur á hverj-

um tíma leitað álits hjá um þau lán, sem til álita kemur að veita, að svo miklu leyti sem þau koma ekki til álits þess manns, sem Búnaðarbanki Íslands hefur til ráðgjafar um skipulagningu endurbyggðar á sveitabýlum samkvæmt lögum um landnám o. fl.

5. gr.

Ræktunarsjóður veitir stofnlán til jarðræktar, peningshúsa og geymsluhúsa og annarra mannvirkja við landbúnað, þar með talin jarðyrkja, vermirækt og loðdýrarækt, enn fremur til mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnaverksmiðja, þvottahúsa, viðgerðarstöðva, landbúnaðarverkfæra, rafstöðva fyrir sveitir og sveitahluta og einstaka sveitabæi, svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum, sem notaðar eru við landbúnað.

Upphæð lánanna má vera allt að 50% kostnaðarverðs til þeirra framkvæmda, sem styrkur er veittur til samkvæmt jarðræktarlögunum, og allt að 66.7% kostnaðarverðs til annarra framkvæmda, enda sé það kostnaðarverð að dómi forráðamanna sjóðsins ekki hærra en eðlilegt má telja samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

Lán þessi skulu ekki veitt fyrr en að fullloknum framkvæmdum eða kaupum þeim, sem þau eru veitt til.

6. gr.

Þegar stjórn Ræktunarsjóðs hefur gefið loforð um lánveitingu til jarðræktar eða byggingarframkvæmda samkvæmt 5. gr. að lokinni framkvæmdinni, skal sjóðnum heimilt að veita bráðabirgðalán, meðan á framkvæmdum stendur, gegn persónulegum tryggingum og veði í framkvæmdinni. Þessi lán mega nema allt að 80% af hinu áætlaða láni, og skulu þau greidd að fullu, um leið og stofnlánið er tekið.

7. gr.

Vextir af öllum stofnlánum Ræktunarsjóðs skulu vera 2.½%, en af bráðabirgðalánum 5%. Allur kostnaður við lánin skal greiddur af rekstrarreikningi sjóðsins án sérstakrar greiðslu lántakenda.

8. gr.

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi á veðskuldir til annarra en Byggingarsjóðs eða annarra opinberra sjóða undan veðrétti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættrar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánið er veitt til, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem rafstöðvar eða verksmiðjur.
3. Gegn veði í þeim vélum og verkfærum, sem keypt eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóv. 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir tölulið 1., skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til ræktunar eða byggingar peningshúsa og geymsluhúsa á sveitabýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja og véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. tölulið 2.—4., styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð hreppsfélags eða sýslufélags.

Hús, vélar og fénaður er því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Ræktunarsjóði, að vátryggð séu í vátryggingastofnun, er sjóðurinn tekur gilda.

9. gr.

Við afgreiðslu stofnlána Ræktunarsjóðs úrskurðar stofnun sú eða stofnanir, er ákveða leyfisveitingar til innflutnings framleiðslutækja, hve miklum hluta lánsins hefur verið varið til kaupa á því, sem hefur haft í för með sér notkun erlends gjaldeyris að byggingarefni undanskildu. Sá hluti lánsins, sem til slíks er varið, kallast A-lán, en afgangurinn B-lán. Seðladeild Landsbankans skal skylt að lána Ræktunarsjóði upphæð í íslenzkum krónum, sem samsvari A-lánum sjóðsins gegn 1½% vöxtum.

Seðladeild Landsbankans veitir Ræktunarsjóði lánin jafnóðum í opnum reikningi, en við hver árslok skal sameina lánveitingar liðins árs í eitt lán. — Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Ræktunarsjóðs gagnvart seðladeild Landsbankans.

Ræktunarsjóður skal endurgreiða Seðladeild Landsbankans A-lánin jöfnum afborgunum á 10 árum. Þó má skuld sjóðsins við seðladeildina aldrei vera hærri en 10 millj. kr.

10. gr.

Ræktunarsjóði er heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til fyrir B-lánum, að gefa út handhafavaxtabréf allt að fjórföldum stofnsjóði sínum.

Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

11. gr.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef stjórn Ræktunarsjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands eða öðrum þeim, er stjórn sjóðsins tekur gildan, fyrir því, að veði því, sem lánað hefur verið út á, hafi vel verið við haldið og að það hafi ekki rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

12. gr.

Lánstíminn skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er. Ef lánið er til túnræktar eða nýrra bygginga, má lánstíminn vera allt að 25 árum, svo og til þeirra framkvæmda við vermirækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsaukningar og annars þess, sem ekki á trygga langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar greint í reglugerð, hve langur lánstíminn má vera til hvers konar lána.

Lán til túnræktar mega vera afborgunarlaus þrjú fyrstu árin, en annars skulu öll lán sjóðsins greidd jöfnum afborgunum, nema lántakandi vilji greiða þau fyrr og fljótar en venja er.

13. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Ræktunarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni eða ef veðið eyðileggst, er selt eða sett á uppboð.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
4. Ef lántakandi hættir landbúnaðarframleiðslu eða störfum fyrir landbúnað.

14. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Ræktunarsjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð eða fara með það á annan hátt eins og venja er um veð fyrir lánum, sem í gjalddaga eru komin.

15. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Ræktunarsjóði, og skal

stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

16. gr.

Ræktunarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Einnig á hann rétt á að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð fyrir sjálfan sig.

17. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 115 frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

18. gr.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 105 frá 3. maí 1935, um Ræktunarsjóð Íslands, og II. kafli laga nr. 38 frá 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal Ræktunarsjóður taka til starfa samkvæmt þeim eigi síðar en 1. okt. 1947.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frumvarp eftir tilmælum Nýbyggingarráðs, en nefndarmenn áskilja sér óbundnar hendur um allar breytingatillögur, sem bornar kunna að verða fram við frumvarpið. Nýbyggingarráð hefur samið frumvarpið, og frá því fylgdi svo hljóðandi rökstuðningur:

Þegar Nýbyggingarráð hafði í samningu frumvarp til laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingu í sveitum, var ráðinu ljóst, að gera varð nokkrar breytingar á gildandi lögum nr. 105 frá 2. maí 1935, um Ræktunarsjóð Íslands, til samræmingar við frumvarpið. En þegar til þess kom að gera ákveðnar tillögur um þær breytingar, urðu breytingartillögurnar svo margar, að hentara þótti að semja lögin öll upp að nýju og þá á þann hátt, að sjóðurinn fengi nokkurt aukið starfsfé og að útlán hans mættu verða með þeim hætti, að hvern lántakanda gæti um það nokkuð munað að fá þau. En nú um sinn hefur Ræktunarsjóður haft lítið fé til útlána, og lán þau, er hverjum lántakanda hafa verið veitt, svo smátt skömmtuð, að tæplega hefur þótt borga sig að fá þau.

Með frumvarpi þessu, ef það næði samþykki Alþingis og yrði að lögum, mundi stofnfé sjóðsins aukast nokkuð. Mundi að vísu æskilegt, að það yrði aukið enn meira, og hefði Nýbyggingarráð gert tillögur um það, ef ráðið hafði þorað að gera sér vonir um, að þær næðu samþykki Alþingis. Starfssvið sjóðsins er að vísu að sumu leyti fært saman með frumvarpinu, þar sem gert er ráð fyrir, að sjóðurinn láni eigi eftirleiðis til byggingar íbúðarhúsa í sveitum, svo sem verið hefur, og til peningshúsa aðeins á gömlum býlum. En þrátt fyrir það er ráðinu ljóst, að litlar líkur eru til, að sjóðurinn geti fullnægt lánsþörf landbúnaðarins á því starfssviði, er sjóðnum er markað. Eins og sjá má á fylgiskjali með greinargerðinni, getur sjóðurinn ekki haft til árlegra útlána nema um 4 millj. króna á ári, en eins og sjá má á 5. gr. frv., eru verkefnin ærin, sem honum eru ætluð.

Samkvæmt gildandi lögum um Ræktunarsjóð Íslands er heimilt að gefa út vaxtabréf (jarðræktarbréf), sem nema sexfaldri upphæð höfuðstóls sjóðsins. Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins er hins vegar ekki heimilt að gefa út handhafavaxta-

bréf, sem nema meira en fjórfaldri upphæð stofnfjárins. En þess er að gæta, að samkvæmt frv. skal varasjóði Ræktunarsjóðs ekki haldið sérstökum, heldur skal hann leggjast við stofnfé, og auk þess er samkv. 9. gr. frv. til þess ætlazt, að Seðladeild Landsbankans sé skylt að lána Ræktunarsjóði upphæð í íslenzkum krónum, sem svarar til þess hluta stofnlána hans, sem hefur í för með sér notkun erlends gjaldeyris að byggingarefni undanskildu. Þegar þessa hvors tveggja er gætt, verður heimild sjóðsins til þess að nota lánsfé til starfrækslu sinnar sízt þrengri samkvæmt frumvarpinu en samkvæmt gildandi lögum. Skal það þó fram tekið, að Nýbyggingarráð ætlast til, að sú heimild, sem það með frumvarpinu leggur til, að sé gefin til vaxtabréfaútgáfu eða annarrar lántöku handa sjóðnum, sé notuð til hlítar, en sú heimild, sem sjóðnum er gefin til vaxtabréfaútgáfu með gildandi lögum, hefur aðeins verið notuð að litlu leyti.

Samkvæmt gildandi lögum um Ræktunarsjóð eru lán sjóðsins greidd með jöfnum árgjöldum vaxta og afborgana. En í frv. er gert ráð fyrir jöfnum afborgunum lánanna. Þessi breyting hefur þótt eðlileg sökum þess, að búizt er við, að miklum hluta lána sjóðsins verði eftirleiðis varið til kaupa á vélum, en vélarnar falla einmitt hvað mest í verði hin fyrstu árin eftir að þær eru keyptar, og er því ekki unnt að veita til þeirra lán, svo að um muni verulega, nema þau séu afborguð nokkuð greitt. Að vísu gæti komið til greina að greiða þau lánin, sem til langs tíma eru veitt, með jöfnum árgjöldum, en bæði er, að óþægilegt er að hafa tvær greiðslureglur í sama sjóði, og svo er í frumvarpinu ráð fyrir því gert um sum þeirra lána, sem heimilt er að veita til langs tíma, túnræktarlánin, að þau megi vera afborgunarlaus fyrstu þrjú árin, og eru í því fólgin sams konar hlunnindi fyrir lántakendur og að lánin séu með jöfnum árgjöldum.

Að öðru leyti þykir frumvarpið ekki þurfa skýringar við, enda hefur nokkur grein verið gerð fyrir þeim stefnumiðum, sem eftir var farið við samningu þess í greinargerð þeirri, er fylgir frumvarpinu um landnám, nýbyggðir og endurbyggingu í sveitum, og vísast um þau til þeirrar greinargerðar.

Fylgiskjal.

Áætlun um lánastarfsemi Ræktunarsjóðs Íslands frá ársbyrjun 1947 til ársloka 1956.

Hagur Ræktunarsjóðs í árslok 1945.

Samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarbankanum mun hagur Ræktunarsjóðs í árslok 1945 vera nálægt því, sem eftirfarandi efnahagsreikningur sýnir:

Eignir:	Millj. kr.	Skuldir:	Millj. kr.
Útlán	1.86	Hrein eign	4.30
Handbært fé	2.10		
Aðrar eignir	0.34		
	Alls 4.30		Alls 4.30

Við þetta bætist sá hluti höfuðstóls Viðlagasjóðs, sem er eign Ræktunarsjóðs, en hann er um það bil 1.2 millj. kr. Hrein eign verður því um það bil 5.5 millj. kr.

Loðdýralánadeildin, er samkvæmt frumvarpinu á að renna í Ræktunarsjóð, er svo lítil, að ekki er ástæða til að taka tillit til hennar. Hrein eign hennar nam í árslok 1944 um 16000 kr.

Í áætlun þessari er reiknað með, að hagur sjóðsins breytist ekki svo neinu nemi frá árslokum 1945 þar til sjóðurinn tekur til starfa með hinu nýja fyrirkomulagi, enda varla ástæða til að gera ráð fyrir verulegum breytingum.

Útlán sjóðsins.

Reiknað er hér með, að sjóðurinn láni út 4 millj. kr. á ári hverju í tíu ár. Af þessum 4 millj. kr. fáist ¼, eða 1 millj. kr., af nýbyggingarreikningi hjá seðladeild Landsbankans (A-lán), og samsvari það þeim hluta lánanna, er varið er til kaupa erlendis frá, vélar o. þ. u. l., þó að byggingarefni undanskildu. Þrjár milljónir fáist úr stofnsjóði, með útgáfu skuldabréfa eða öðrum lántökum innanlands (B-lán).

A-lán. Lán úr Ræktunarsjóði verða til mjög mismunandi framkvæmda og kaupa og verða því til mjög mismunandi langs tíma, og er það vitaskuld ágizkun ein, hvernig lánin skiptast milli þessara framkvæmda og hver meðallánstíminn verður. Hér verður þó reynt að hafa vaðið fyrir neðan sig og reikna frekar með of löngum en of stuttum lánstíma. Gert er hér ráð fyrir, að A-lánin séu að meðaltali til tíu ára, þ. e. til jafnlangs tíma og lán sjóðsins hjá seðladeildinni eiga að vera samkvæmt frumvarpinu. Afborganir af þessum lánum verða því jafnmiklar og afborganir af láninu til seðladeildarinnar, og útistandandi A-lán jafnhá skuldinni við seðladeildina. Eftirfarandi tafla sýnir lántökur, afborganir og skuld við seðladeildina á hverju ári, sem um leið verður þá A-lán, afborganir af þeim og útistandandi A-lán. Reiknað er með, að lánin hjá seðladeildinni séu tekin í byrjun hvers árs, og vextir séu því greiddir fyrir allt það ár. Afborganir og vextir séu greiddir eftir á. Reiknað er með, að vextir af láninu hjá seðladeildinni séu 1.5%. Verða þá vaxtagreiðslur af þessu láni, eins og einnig sést í töflunni.

	Lánt. hjá seðladeildinni millj. kr.	Afborganir millj. kr.	Skuldir í árslok millj. kr.	Vaxta greiðslur kr.
1947	1.0	0	1.0	15 000
1948	1.0	0.1	1.0	28 500
1949	1.0	0.2	2.7	40 500
1950	1.0	0.3	3.4	51 000
1951	1.0	0.4	4.0	60 000
1952	1.0	0.5	4.5	67 500
1953	1.0	0.6	4.9	73 500
1954	1.0	0.7	5.2	78 000
1955	1.0	0.8	5.4	81 000
1956	1.0	0.9	5.5	82 500
	10.0	4.5		577 500

Samkvæmt þessu verður skuld sjóðsins við seðladeildina 5.5 millj. kr. að þessum tíu árum liðnum og vaxtagreiðslur hans til seðladeildarinnar alls 577 500 í þessi tíu ár.

B-lán. Gert er ráð fyrir, að þessi lán verði að meðaltali til 20 ára. Afborganir af þeim hefjist ekki fyrr en í byrjun annars árs eftir að þau eru tekin, en vextir séu greiddir allan tímann. Er þetta gert vegna þeirra ákvæða frumvarpsins, að lán til ræktunar séu afborganalaus fyrstu þrjú árin, og reiknað með, að öll lán séu afborganalaus árið, sem þau eru tekin og árið þar á eftir, til að gera allt einfaldara. Hér er enn fremur gert ráð fyrir, að sjóðurinn eigi útistandandi 1.8 millj. kr. af gömlum útlánum, er hann hefur starfsemi sína, og séu afborganir af þeim einnig 5% á ári. Er þá reiknað með þessum gömlu útlánum eins og um ný útlán væri að ræða, og verða því afborganir minni en þær ættu að vera. Eftirfarandi tafla sýnir útlán, afborganir af gömlum og nýjum útlánum og útistandandi lán á hverju ári.

	Útlán millj. kr.	Afborg. af nýjum útl. millj. kr.	Útst. af nýjum útl. millj. kr.	Afborg. af gömlum útl. millj. kr.	Útist. af gömlum útl. millj. kr.
1947	3.00	0	3.00	0.09	1.71
1948	3.00	0	6.00	0.09	1.62
1949	3.00	0.15	8.85	0.09	1.53
1950	3.00	0.30	11.55	0.09	1.44
1951	3.00	0.45	14.10	0.09	1.35
1952	3.00	0.60	16.50	0.09	1.26
1953	3.00	0.75	18.75	0.09	1.17
1954	3.00	0.90	20.85	0.09	1.08
1955	3.00	1.05	22.80	0.09	0.99
1956	3.00	1.20	24.60	0.09	0.90
	30.00	5.40		0.90	

Samkvæmt þessu á sjóðurinn útistandandi af þessum útlánum í árslok 1956 24.6 millj. kr. og af gömlum útlánum 0.9 millj. kr.

Vaxtabréfaútgáfa sjóðsins.

Þar eð stofnfé sjóðsins er lítið og fer hægt vaxandi, verður hann aðallega að afla fjár til útlána sinna með sölu vaxtabréfs. Hér er gert ráð fyrir, að aðeins 2 millj. kr., 1 millj. kr. á ári fyrstu tvö starfsárin, fáist til útlána af stofnfénu, allt hitt með útgáfu skuldabréfa. Skuldabréfaútgáfan verður þá eins og eftirfarandi tafla sýnir. Gert er ráð fyrir, að skuldabréfin séu til 20 ára, og 5% af þeim séu dregin út árlega. Skuldabréfin séu gefin út í byrjun hvers árs, og greiðist því vextir af þeim fyrir allt það ár. Eftirfarandi tafla sýnir útgáfu skuldabréfa og útdrátt á ári hverju og hve mikil skuldabréf eru í umferð um hver árslok og hve miklu vaxtagreiðslurnar nema á hverju ári. Er þá reiknað með 4% vöxtum.

	Útgefin sk.bréf millj. kr.	Útdregin sk.bréf millj. kr.	Skuldabréf í umferð í árslok millj. kr.	Vaxta-greiðslur kr.
1947	2.00	0	2.00	80 000
1948	2.00	0.10	3.90	156 000
1949	3.00	0.20	6.70	286 000
1950	3.00	0.35	9.35	374 000
1951	3.00	0.50	11.85	474 000
1952	3.00	0.65	14.20	568 000
1953	3.00	0.80	16.40	656 000
1954	3.00	0.95	18.45	738 000
1955	3.00	1.10	20.35	814 000
1956	3.00	1.25	22.10	884 000
	28.00	5.90		5 012 000

Samkvæmt þessu eru skuldabréf að upphæð 22.10 millj. kr. í umferð í árslok 1956, og vaxtagreiðslurnar nema samtals 5 012 millj. kr. þessi tíu ár.

Gjöld sjóðsins og tekjur.

Vaxtagreiðslur sjóðsins bæði af láninu hjá seðladeildinni og af skuldabréfunum voru útreiknaðir hér að framan. Þessar vaxtagreiðslur samanlagðar sjást í töflunni hér á eftir. Rekstrarkostnaður sjóðsins er hér áætlaður 250000 kr. á ári hverju. Rekstrarkostnaður þeirra tveggja sjóða, er renna eiga í hinn nýja Ræktunarsjóð, var rúmar 60000 kr. árið 1944. Þar sem starfsemin mun stórlega aukast,

hefur hér þótt varlegt að reikna með, að rekstrarkostnaðurinn verði 250000 kr., og er það e. t. v. í ríflegra lagi.

Vextir af útlánum sjóðsins eru reiknaðir fyrir hvert ár af útlánum eins og þau voru í árslok árið á undan. Er þá reiknað með, að öll útlán fari fram í árslok. Þar sem aftur á móti var reiknað með, að sjóðurinn sjálfur tæki sín lán og gæfi út skuldabréf í ársbyrjun, verður útkoman verri fyrir sjóðinn með þessu móti en ástæða er til að gera ráð fyrir, að þurfi að verða. Þótti þó vissara að reikna sjóðnum heldur í óhag en hitt. Í eftirfarandi töflu sést, hve miklu útlánin nema um hver árslok og hve miklar vaxtatekjurnar eru. Er þá reiknað með 2,5% vöxtum.

	Útistandandi alls millj. kr.	Vaxtatekjur kr.
1946	1.80	
1947	5.71	45 000
1948	9.52	142 750
1949	13.08	238 000
1950	16.39	327 000
1951	19.45	409 750
1952	22.26	486 250
1953	24.82	556 500
1954	27.13	620 500
1955	29.19	678 250
1956	31.00	729 750
		4 233 750

Að lokum er í eftirfarandi töflu sýndar samanlagðar vaxtagreiðslur sjóðsins, rekstrarkostnaður hans, vaxtatekjur og gjöld umfram tekjur. Þennan tekjuhalla verður sjóðurinn að greiða af framlagi sínu úr ríkissjóði.

	Vaxtagreiðslur kr.	Rekstrarkostnaður kr.	Vaxtatekjur kr.	Gjöld umfram tekjur kr.
1947	95 000	250 000	45 000	300 000
1948	184 500	250 000	142 750	291 750
1949	308 500	250 000	238 000	320 500
1950	425 000	250 000	327 000	348 000
1951	534 000	250 000	409 750	374 250
1952	635 500	250 000	486 250	399 250
1953	729 500	250 000	556 500	423 000
1954	816 000	250 000	620 500	445 500
1955	895 000	240 000	678 250	466 750
1956	966 500	250 000	729 750	486 750
	5 589 500	2 500 000	4 233 750	3 855 750

Vaxtagreiðslur mundu á þessum tíu árum nema 5.6 millj. kr., rekstrarkostnaður 2.5 millj. kr., vaxtatekjur 4.2 millj. kr. og gjöld umfram tekjur 3.9 milj. kr. Enda þótt í frumvarpinu séu ekki sett ákvæði um ríkisframlag til sjóðsins lengur en í þessi tíu ár, er það auðvitað, að sjóðurinn einnig eftir þennan tíma verður að fá framlag úr ríkissjóði til að greiða vaxtamismuninn og rekstrarkostnað sinn, jafnvel þótt hann hætti öllum útlánum.

Stofnsjóður.

Hrein eign Ræktunarsjóðs var um áramótin 1945—46 um það bil 4.3 millj. kr., eins og sést á efnahagsreikningnum hér að framan. Við þetta bætist 1.2 millj. kr. af

höfuðstóli Viðlagasjóðs, sem er eign Ræktunarsjóðs. Eitthvað af þessu fé mun vera fest í útlánum, en þó lítið, og er því hér reiknað með, að allt þetta fé sé handbært. Stofnfé hins nýja sjóðs mun því verða um það bil 5.5 millj. kr., ef engin veruleg breyting verður hér á. Ekki er reiknað með neinu framlagi frá ríkinu við stofnun sjóðsins, en aftur á móti með árlegu framlagi, er nemi 0.5 millj. kr. Þetta framlag sé notað til að greiða rekstrarhalla sjóðsins, en afgangurinn bætist við stofnsjóð. Stofnsjóðurinn fer því vaxandi frá ári til árs, eins og sést í eftirfarandi töflu. Útlán úr stofnsjóði fást með því að draga útistandandi skuldabréf sjóðsins frá öllum útlánum hans, að A-lánunum undanskildum. Handbært fé verður síðan mismunurinn á þessum útlánum og öllum stofnsjóðnum.

	Stofnsjóður í árslok kr.	Útlán úr stofnsjóði kr.	Handbært fé í stofnsjóði kr.
1947	5 700 000	2 710 000	2 990 000
1948	5 908 250	3 720 000	2 188 250
1949	6 087 750	3 680 000	2 407 750
1950	6 239 750	3 640 000	2 599 750
1951	6 365 500	3 600 000	2 765 500
1952	6 466 250	3 560 000	2 906 250
1953	6 543 250	3 520 000	3 023 250
1954	6 597 750	3 480 000	3 117 750
1955	6 631 000	3 440 000	3 191 000
1956	6 644 250	3 400 000	3 244 250

Eftir þessi tíu ár mundi þá stofnsjóðurinn nema 6.64 millj. kr., og mætti útgáfa skuldabréfa nema fjórfaldri þeirri upphæð, eða um það bil 26.5 millj. kr., en næmi samkvæmt áætluninni 22.1 millj. kr.

Árlegar greiðslur sjóðsins til afborgana, vaxta og rekstrarkostnaðar yrði eins og eftirfarandi tafla sýnir.

	Árlegar greiðslur til afborgana, vaxta og rekstrarkostn. kr.
1947	345 000
1948	634 500
1949	958 500
1950	1 325 000
1951	1 684 000
1952	2 035 500
1953	2 379 500
1954	2 716 000
1955	3 045 000
1956	3 366 500

Ef þetta yfirlit er borið saman við, hve mikið handbært fé í stofnsjóði sjóðurinn á í lok hvers árs, sést, að hann á nóg handbært fé til að standa skil á öllum greiðslum sínum næsta ár og ríflega það öll árin, nema síðasta árið. Sjóðurinn ætti því ekki að geta komizt í greiðsluþrot, enda þótt allar afborganir af útlánum hans brygðust í heilt ár.

Efnahagsreikningur í árslok 1956.

Á grundvelli þessara áætlana má stilla upp hugsanlegum efnahagsreikningi í árslok 1956.

Efnahagsreikningur 31. des. 1956.

Eignir:

Eftirstöðvar af gömlum útlánum	kr.	900 000
Eftirstöðvar af nýjum útlánum:		
1. A-lán kr. 5 500 000		
2. B-lán — 24 600 000		
	—	30 100 000
Bankainnstæður og peningar í sjóði	—	3 244 250
Alls	kr.	34 244 250

Skuldir:

Skuld við seðladeild Landsbankans	kr.	5 500 000
Vaxtabréf í umferð	—	22 100 000
Hrein eign	—	6 644 250
Alls	kr.	34 244 250

Samkvæmt þessu nema skuldbindingar sjóðsins 27 600 000 kr., en hrein eign hans 6 644 250 kr., eða sem næst 24.1% af þessari upphæð. Fjárhagur sjóðsins stendur því alltraustum fótum, enda þótt það sé á engan hátt sambærilegt við stöðu Byggingarsjóðs, og getur hann staðið undir talsverðum töpum, án þess að leita þurfi til ríkisábyrgðarinnar. Sjóðurinn hefur einnig nokkurt svigrúm til að auka skuldabréfaútgáfu sína, þar sem útistandandi bréf hans eru að upphæð 22.1 millj. kr., en mættu nema 26.5 millj. kr.

Handbært fé sjóðsins er um 10.8% af útistandandi lánum hans, og verður „likviditet" hans eins og að framan greinir að teljast góð.

Eins og starfsemi sjóðsins hefur verið áætluð hér, getur sjóðurinn ekki haldið áfram starfsemi sinni í jafnstórum mæli að þessum tíu árum loknum. Hann verður annaðhvort að minnka útlán sín mikið eða fá aukin framlög úr ríkissjóði eða rýmri rétt til skuldabréfaútgáfu, nema hvort tveggja sé.

Nd. 452. Frumvarp til laga

um endurreisn hinna fornu biskupsstóla að Skálholti og Hólum í Hjaltadal.

Flm.: Sigurður Þórðarson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Guðnason, Sveinbjörn Högnason, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Á Íslandi skulu vera, auk biskups landsins, tveir vígslubiskupar, annar í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna, er situr í Skálholti, hinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna með aðsetri á Hólum.

2. gr.

Jafnskjótt og fé er til þess veitt á fjárlögum og eigi síðar en árið 1950, skulu reistar biskupsíbúðir að Skálholti og Hólum. Enn fremur skal ríkið reisa í Skálholti vandaða dómkirkju og láta fullnaðaraðgerð fram fara á Hóladómkirkju. Skal þá og aftur flytja heim í dómkirkjurnar hina fornu gripi þeirra.

3. gr.

Vígslubiskupar skulu kjörnir af öllum þjónandi prestum þjóðkirkjunnar. Kjörgengir eru allir þeir, sem rétt hafa til prestsembættis í þjóðkirkjunni, án tillits til þess, hvar búsettir eru í landinu. Um kosningu vígslubiskupa fer eftir gildandi

lögum um biskupskosningu. Verði kosning eigi lögmæt, af því að enginn fái áskilinn hluta greiddra atkvæða, skal embættið veitt eftir tillögum biskups. Biskup landsins vígir vígslubiskupana.

4. gr.

Vígslubiskupar vígja biskup landsins, er svo stendur á, að fráfarandi biskup getur eigi gert það, og skal sá vígslubiskup framkvæma biskupsvígslu, er biskupsefni velur til þess. En við biskupsvígslu, framkvæmda af aðalbiskupi landsins, skulu vígslubiskupar vera sjálfkjörnir vígsluvottar. Vígslubiskupar eru jafnframt dómkirkjuprestar, hvor á sínu setri. Biskup getur falið þeim að vígja presta í biskupsdæmum þeirra, fái hann því eigi sjálfur við komið. Enn fremur skulu vígslubiskupar vísitera í biskupsdæmum sínum, og skal yfirreiðum þeirra hagað eftir fyrirmælum biskups og í samráði við hann.

5. gr.

Vígslubiskupar hafa að árslaunum níu þúsund krónur. Þeir hafa ókeypis bústað og fá endurgreiddan ferðakostnað eftir reikningi, er biskup samþykkir, en kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

6. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnskjótt og núverandi vígslubiskupsembætti losna.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur risið sterk alda í landinu í þá átt, að hafizt verði nú þegar handa til þess að endurreisa á verðugan og viðeigandi hátt hina frægu sögustaði og fornu biskupsgarða og menntasetur Skálholt og Hóla. Hefur Alþingi haft þessi mál nokkuð til meðferðar og þar komið í ljós mikill áhugi og góður vilji, þótt til þessa hafi skoðanir verið nokkuð skiptar um það, á hvern hátt hin forna helgi og virðing þessara staða skyldi vernduð og aukin.

Í þessu frv. er lagt til, að Hólar og Skálholt verði aftur gerð að biskupssetrum, svo sem þau hafa verið um aldir.

Þess má vænta, ef frv. þetta nær fram að ganga, að í framtíðinni muni þarna sitja úrvalsmenn íslenzkrar prestastéttar. Rísa þar þá upp menntasetur, er göfgandi áhrif hafa á þjóðlíf og menningu landsins, svo sem áður var. Á Hólum hefur verið skóli um allmörg ár, og nú er líklegt, að Skálholt verði einnig skólasetur, áður langir tímar líða, og ætti sú ráðstöfun, að Skálholt yrði biskupssetur, að stuðla að því beint og óbeint. En þá fyrst er virðing og hin forna helgi þessara frægu staða endurvakin, svo sæmd sé að, ef sameinað verður þar á ný biskupssetur og skóli. En þetta tvennt, skóli og kirkja, fræðsla og trú, hefur verið saman ofið í íslenzkri menning nánar en hjá flestum eða öllum nágrannaþjóðum vorum.

Land vort er svo stórt og erfitt yfirferðar, að til þess er ekki hægt að ætlast, að biskup landsins, hlaðinn miklum og vandasömum störfum heima fyrir, geti annað því að hafa það eftirlit, sem æskilegt er, með kirkjum og söfnuðum, prestum og prestssetrum landsins, þar sem það hlýtur að taka áratugi að heimsækja allar kirkjur og söfnuði landsins. Er því hin mesta nauðsyn á, að hann geti falið völdum mönnum, er prestastéttin ber fullt traust til, að annast slíkar yfirreiðar og heimsóknir fyrir sína hönd að einhverju leyti. En einmitt slíka aðstoðarmenn mundi hann fá, þar sem vígslubiskuparnir eru, með þeirri skipan, sem frv. miðar að.

Það skal viðurkennt, að þetta hefur nokkurn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóðinn. Ber þess þó að gæta, að hvort sem frv. þetta verður að lögum eða eigi, verður vart undan því skotizt fyrir ríkissjóð að leggja fram fé til endurbyggingar Skálholtskirkju og ýmissa endurbóta á húsum þar og á Hólum. Enn fremur eru nú uppi háværar raddir meðal Norðlendinga um að fá sérstakan prest að Hólum, og hefur þegar verið borið fram á Alþingi frv. um það efni. Verður vart til lengdar

staðið gegn eindregnum óskum manna um þetta, enda er hér um að ræða sanngirnis- og metnaðarkröfu. Af þessu má sjá, að frv. þetta hefur ekki í raun og veru slíkan kostnað í för með sér og í fljótu bragði sýnist.

Þess skal að lokum getið, að frv. þetta hefur verið lagt fyrir kirkjuráð og hlotið einróma samþykki þess.

Nd. 453. Breytingartillögur

við frv. til l. um virkjun Sogsins.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 7. gr.

1. Orðin „nema samkomulag .... aðra tilhögun“ í 1. málsgr. falli niður.
2. Orðin „og eigandi að helmingi .... fullvirkjað“ í 2. málsl. sömu málsgr. falli niður.
3. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

   Nú óskar ríkisstjórnin, að ríkissjóður gerist meðeigandi að Sogsvirkjuninni fyrr en virkjunin er hálfnuð, og á hún þá rétt á eignartiltölu í henni með sömu skilmálum og tilhögun að öðru leyti sem greinir í næstu málsgrein hér á undan, enda haggist ekki við það tilkall Reykjavíkur til raforku samkvæmt niðurlagi sömu málsgr.

Nd. 454. Breytingartillaga

við frv. til l. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 5. gr. Í stað „1. jan. 1946“ komi: 1. júní 1946.

Nd. 455. Breytingartillaga

við frv. til l. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Flm.: Sigurður Thoroddsen, Stefán Jóh. Stefánsson.

Á eftir 4. gr. frv. kemur ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):

Eftir gildistöku laga þessara skal hreppsnefnd hins nýja Selfosshrepps heimilt að láta taka eignarnámi, eftir þörfum, hreppnum til handa jarðir eða landspildur, er verða innan hreppsins og nefndar eru í 1. gr., og fer um framkvæmd þess eignarnáms samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Ed. 456. Nefndarálit

um frumvarp til raforkulaga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin ræddi frv. á 3 fundum. Kvaddi hún til sín samgöngumálaráðherra og ræddi við hann einstök atriði frv. Kvað hann æskilegt, að breyting yrði gerð á 3. lið 35. gr., þannig að tryggja, að stórar fjárfúlgur yrðu ekki notaðar úr raforkusjóði til einkastöðva, sem ekki gætu síðar fallið inn í heildarkerfið. Kynni slík ráðstöfun á sjóðnum að torvelda það megintakmark, sem stefnt væri að, að koma upp heildarkerfi um land allt. Nefndinni þótti þó ekki rétt að leggja til, að gerð yrði á þessu breyting við 2. umr., m. a. vegna þess, að nokkur hluti nefndarinnar, sérstaklega formaður, taldi, að mjög mikilvægar breytingar þyrfti að gera á frv. í heild, einkum á IV. kafla þess, sem að mestu mætti falla í burtu, en fella þau ákvæði, sem nauðsynlegt væri að halda í frv., inn í II. kafla. Þá væri og ástæða til að breyta VII. kafla frv. að því er snertir skipun og vald raforkuráðs. Þá þyrfti einnig að gera orðabreytingu á 18. gr., svo að meginmál hennar verði skýrara og valdi ekki misskilningi. En með tilliti til þess, að óhjákvæmilegt er að fá sum meginatriði frv. lögfest á þessu þingi, og þá einkum III. kaflann, svo og að marka nú þegar einhverja stefnu í þessu mikla hagsmunamáli þjóðarinnar, taldi nefndin rétt að mæla með því, að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt til 3. umræðu, þar sem víðtækar breytingar á frv. gætu orðið til þess, að málið dagaði uppi í þinginu, en á það leggur nefndin megináherzlu, að það komi ekki fyrir, enda tækifæri síðar til þess að koma fram breytingum á lögunum, þegar sýnt er, að annað þykir betur henta.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einstakir nefndarmenn eru óbundnir um að koma fram með breytingartill. eða fylgja breytingartill., sem fram kynnu að koma.

Eftir að nefndin hafði gengið frá málinu, barst henni bréf frá Félagi löggiltra rafvirkjameistara, og þykir rétt að birta það hér með sem fylgiskjal.

Alþingi, 20. febr. 1946.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Páll Hermannsson, fundaskr.	Guðm. Í. Guðmundsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 15. febrúar 1946.

Til iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér leyfum oss hér með að snúa oss til hinnar heiðruðu nefndar út af frumvarpi til raforkulaga á þskj. 313, sem nefndin mun hafa nú til meðferðar.

Þau atriði frumvarpsins, sem vér sérstaklega viljum leiða athygli að, eru þau, sem hér skal greina:

1) Við teljum óviðunandi, að bæjar- og sveitarfélög séu svipt þeim rétti, er þau hafa haft til rafvirkjunar fyrir sig, og sömuleiðis einstaklingar, sem reka eigin atvinnu á ýmsum stöðum landsins, sem opinberar rafveitur ná ekki til, og teljum sjálfsagt, að þau fyrirtæki mættu selja raforku til nærliggjandi búenda, ef önnur raforka er ekki til.

2) Vér teljum nauðsynlegt að breyta 10. gr. frumvarpsins í þá átt, að skylt sé að bjóða ávallt út í almennu útboði allt, sem framkvæma þarf, til þess að tryggja það, að sem bezt kjör fáist.

3) Vér teljum, að rafmagnseftirlit ríkisins eigi að starfa, eins og til var ætlazt með eldri lögum, sem öryggi landsmanna bæði í efnis- og verkakaupum, sbr.

Rv. Rv., sem hefur sitt eftirlit bæði með verkum rafvirkja og efni, er þeir selja til notenda, því ef eftirlitið sjálft eigi að vera aðalvirkjunarfyrirtæki ríkisins, sem sjálft hafi eftirlit með sjálfu sér, sé eftirlit og öryggi þar með horfið, og sé þá illa farið gagnvart kaupendum og notendum.

4) Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er raforkuráðið, sem ræðir um í 50. gr., algerlega valdalaust.

En vér teljum, að þetta sé mjög óheppilegt. Eins og ráðið er skipað, álítum vér, að það ætti einmitt að hafa yfirstjórn allra þessara mála undir æðstu stjórn ráðherra. Virðist það undarleg hugsun, að raforkumálastjóri skuli eiga að vera að miklu leyti óháður ráðinu. Verður eigi séð, að með því móti verði nokkurt gagn að þeirri íhlutun um þessi mál, sem skipun ráðsins virðist eiga að leggja í hendur þeirra stofnana, sem nefndar eru í 50. gr. og eiga að ráða því, hverjir skuli eiga sæti í ráðinu. Ætti að nægja, að rafveitustjóri starfaði undir yfirstjórn ráðsins, og væri raforkumálastjóri þá algerlega óþarfur, enda yrði starfssvið rafveitustjóra í samræmi við það fyrirkomulag.

Vér teljum óhjákvæmilegt, að raforkuráð hafi æðsta vald í raforkumálum næst ráðherra og að rafveitustjóri starfi undir þess stjórn, samanber rafmagnsstjóri undir bæjarstjórn Reykjavíkur.

Engum getur blandazt hugur um, að hér er um velferðarmál þjóðarinnar að ræða, að vel takist með skipun þessa mikla máls. Vér leyfum oss því að vænta þess, að nefndin taki til mjög alvarlegrar íhugunar, hvort hún vill ekki fallast á þau sjónarmið vor, sem greind eru hér að framan. Erum vér reiðubúnir til þess að bera fram breytingartillögur við einstakar greinar frumvarpsins, ef nefndin vill fallast á þau grundvallaratriði, sem hér ræðir um, og að sjálfsögðu erum vér reiðubúnir til viðtals við nefndina um málið, ef hún telur, að það muni vera því til gagns.

Virðingarfyllst

F. h. Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík og Félags ísl. rafvirkja

Jón Ormsson. Ríkarður Sigmundsson.
Jónas Ásgríms. Gísli Jóh. Sigurðsson.

Sþ. 457. Nefndarálit

um till. til þál. um vélar til raforkuvinnslu á sveitaheimilum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leitaði á sínum tíma umsagnar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hún á þessa leið:

RAFMAGNSEFTIRLIT RÍKISINS

Reykjavík, 15. des. 1945.

Í bréfi, dagsettu 16. nóv. þ. á., óskar allsherjarnefnd Alþingis umsagnar rafmagnseftirlitsins um tillögu til þingsályktunar um vélar til raforkuvinnslu á sveitaheimilum. Í því sambandi vill rafmagnseftirlitið taka eftirfarandi fram:

Rafmagnseftirlitið telur ástæðu til, að gerð verði rannsókn á því, hvernig raforkuþörf sveitaheimila, sem af einhverjum orsökum ekki eiga kost á rafmagni á annan hátt en með eldsneytishreyflum, verði haganlegast fullnægt. Ráðist sveitaheimili í að kaupa slíkan hreyfil, verður nefnilega að reyna að hagnýta orkumagn eldsneytisins til hins ýtrasta, þó að vísu innan fjárhagslega skynsamlegra takmarka,

og kemur þar margt til greina. Sem dæmi má t. d. nefna, að sé hreyfillinn notaður til heyþurrkunar, þarf að athuga, hversu og á hvern hátt heppilegt sé að nota kæliloft og útblástursloft hans til þurrkunarinnar eða annarra nytsamlegra þarfa, í stað þess að láta þetta loft og þar með mestan hluta orkumagns eldsneytisins fara í súginn. Sama gildir um matareldun með rafmagni og fleira. Kemur eins og fyrr er getið margt til greina, og ekki verður sagt með vissu, hvaða fyrirkomulag megi ætla haganlegast fyrir íslenzk sveitaheimili, fyrr en að lokinni rannsókn.

Virðingarfyllst

Jakob Gíslason.

E. Briem.

Til allsherjarnefndar Alþingis, Alþingi.

Nefndarmenn eru allir meðmæltir tillögunni efnislega, en telja þó þörf orðabreytinga á henni. Varð samkomulag um að mæla með samþykkt hennar með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að láta rannsaka hið allra fyrsta, hvernig fullnægt verði raforkuþörf þeirra sveitaheimila, sem hvorki hafa hentug skilyrði til vatnsvirkjunar né eiga kost á raforku úr almannarafveitum;
2. að athuga að lokinni þessari rannsókn, á hvern hátt þessum heimilum verði tryggð kaup á þeim tækjum, sem hentugust þættu til raforkuvinnslu handa þeim, með beztu fáanlegum kjörum, meðal annars með því að hlutast til um, að tollur af þessum tækjum verði ekki hærri en af landbúnaðarvélum;
3. að birta niðurstöður rannsóknarinnar og gefa út leiðarvísi um gerð, uppsetningu og alla meðferð þessara tækja handa notendum þeirra.

Alþingi, 21. febr. 1946.

Jóhann Jósefsson, form.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Sigurður Thoroddsen, frsm.
Jón Sigurðsson.	Barði Guðmundsson.	Ingólfur Jónsson.
	Páll Zóphóníasson.	

Nd. 458. Breytingartillögur

við frv. til l. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Selfossbyggð í Árnessýslu, sem vaxið hefur upp á mótum þriggja hreppsfélaga við Ölfusá, skal verða sérstakt sveitarfélag, er nefnist Selfosshreppur. Í hinum nýja hreppi er allur Sandvíkurhreppur, nema svonefnd Flóagaflstorfa, er leggjast skal til Eyrarbakkahrepps, Hellir ásamt Fossnesi úr Ölfushreppi og sneið af Laugardælalandi í Hraungerðishreppi, er markast af beinni línu frá Virkisvörðu til hæsta klettsins á nyrzta ferjuholti í Hellislandi. Að öðru leyti eru landamerki jarða þeirra, sem að ofan voru taldar, hreppamörk hins nýja Selfosshrepps.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Ölfushreppi og Hraungerðishreppi greiðir Selfosshreppur bætur eftir mati fyrir missi tekna af þeim landsvæðum, sem frá þeim hreppum eru tekin og

lögð til hins nýja Selfosshrepps. Á sama hátt greiði Eyrarbakkahreppur bætur eftir mati til Selfosshrepps, fyrir missi tekna af því landi, sem frá Selfosshreppi er tekið og lagt undir Eyrarbakkahrepp.

3. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „Ölfushreppi og Hraungerðishreppi“ á tveim stöðum í 1. málsgr. komi: Ölfushreppi, Hraungerðishreppi og Eyrarbakkahreppi.
   b. 2. málsgr. („Ágreiningsmálum milli Selfoss- og Sandvíkurhrepps“ o. s. frv.) falli niður.

Ed. 459. Nefndarálit

um frv. til l. um vinnuskóla á Reykhólum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað málið, en ekki orðið sammála. Meiri hlutinn vill víkja frumvarpinu frá með dagskrá. Minni hlutinn vill samþykkja það með breytingum. Er aðalbreyting minni hl. fólgin í því að fella niður ákvæði um sérstaka kvennadeild í þessari stofnun, en gera hins vegar ráð fyrir því, að þar rísi sérstakur húsmæðraskóli samkvæmt lögum, er gilda um það efni.

Ríkið hefur keypt Reykhóla, en ekki notað jörðina til nýrra framkvæmda. Eru bæjarhús forn og að falli komin. Hins vegar er jörðin frábær kostajörð, og er sýnilegt, að þar gætu átt heima margar menntastofnanir og jörðin auk þess verið heimili nokkurra starfsmanna ríkisins. Hefur Alþingi nú veitt fé til þess að koma í framkvæmd á Reykhólum tilraunastöð fyrir Vesturland.

Gísli Jónsson, þm. Barðstrendinga, hefur fyrir nokkru gert frumdrætti að skipulagi nýrrar stofnunar á Reykhólum. Vann Aðalsteinn Eiríksson, skólastjóri í Reykjanesi, með Gísla Jónssyni að þessu máli og frv. því, sem nú liggur fyrir. Frv. mun oftar en einu sinni hafa verið sent til umsagnar milliþinganefnd í skólamálum, en sú athugun hefur ekki borið sýnilegan árangur.

Frumvarpið gerir ráð fyrir merkilegri nýjung í uppeldismálum sveitanna. Hér er ekki um að ræða bændaskóla, gagnfræðaskóla né héraðsskóla. Vinnuskóli samkvæmt fyrirliggjandi frv. yrði nánast nútíma eftirmynd af Ólafsdalsskóla á dögum Torfa Bjarnasonar. Nú eru tveir bændaskólar í landinu, og stendur til að reisa hinn þriðja á Suðurlandi. Í þessum skólum er veitt mikil bókfræðsla í tvo vetur, en mjög lítil vinnukennsla, því að verkstæði hefur vantað frá byrjun. Nemendur hafa nú um nokkur ár verið sumarlangt við vorverk og heyskap á Hólum og Hvanneyri, en ríkisvaldinu hefur ekki enn tekizt að búa svo um þessa vinnukennslu, að hún veiti þá æfingu, sem bændur á venjulegum sveitaheimilum þurfa mest á að halda. Það er eftirtektarvert, að í húsmæðraskólum sveitanna er námið fyrst og fremst verklegt. Allir þessir skólar verða fyrir svo mikilli aðsókn, að ekki er hægt að taka á móti nema litlum hluta umsækjenda, og fjölgar húsmæðraskólum þó stöðugt. Aðsókn hefur jafnan verið mun minni að bændaskólunum, og það engu síður, þó að þar hafi verið margt snjallra kennara. Ástæðan er sú, að fólkið hefur fundið, að skipulag húsmæðraskólanna var betra en bændaskólanna. Námsmeyjarnar lærðu að elda mat og þvo þvott, en lásu ekki um það í bókum, hversu ætti að vinna þau störf. Miklar líkur eru til, að skipulag það, sem frv. gerir ráð fyrir á Reykhólum, mundi innan skamms verða hið eftirsótta fordæmi við alla bændakennslu í landinu.

Minni hl. leggur til, að frv. á þskj. 134 verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Ríkissjóður lætur reisa og reka á sinn kostnað vinnuskóla á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu. Markmið skólans er að veita nemendum þá kunn-

áttu, sem þeim er nauðsynleg til þess að lifa og starfa á sviði landbúnaðar, smærri bátaútvegs og iðnaðar í sambandi við búrekstur.

2. Við 2. gr.
   a. Í stað upphafsorðanna „Í verknámsdeild karla“ kemur: Í skólanum.
   b. Tveir síðustu málsl. A-liðar skulu vera sérstök málsgrein.
   c. Fyrir orðin „íslenzka“ og „söngur“ í fyrri málsgr. B-liðar kemur: íslenzku og söng.
3. Við 3. gr.
   a. Fyrri málsgr. skal orða svo:
      Námstíminn er þrjú missiri: tveir vetur og eitt sumar.
   b. Orðið „deildarinnar“ í upphafi síðari málsgr. fellur burt.
4. Við 4. gr. Greinin fellur burt, og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því.
5. Við 5. gr. Í stað orðanna „Í báðum deildum skólans“ kemur: Í skólanum.
6. Við 6. gr. Fyrir orðin „með 2.—5. gr., skulu báðar deildir skólans“ kemur: í 2.—4. gr., skal skólinn.
7. Við 9. gr. Fyrir orðin „vera á varðbergi fyrir“ í síðari málsgr. kemur: gefa gætur.
8. Við 13. gr.
   a. Fyrir „vinnustörfum“ í 2. málsl. kemur: vinnustofum.
   b. Fyrir orðin „frá því, sem nú er“ í síðasta málsl. kemur: umfram þær, sem nú eru.

Alþingi, 22. febr. 1946.

Jónas Jónsson.

Sþ. 460. Viðaukatillaga

við till. til þál. um rafveitu Norðurlands.

Frá Jónasi Jónssyni.

Aftan við tillgr. bætist: Jafnframt er ríkisstjórninni heimilað að fá á kostnað ríkissjóðs vel hæfan erlendan kunnáttumann til að rannsaka og gera áætlun um, hve mikið mundi kosta að gera góðan fiskveg í Laxá fram hjá rafstöðinni við Laxárfossa.

Sþ. 461. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Borgarneshrepp.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 400 þús. kr. lán, sem Borgarneshreppur í Mýrasýslu tekur til þess að standast kostnað við rafveitukerfi innan kauptúnsins, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði við verkið.

Greinargerð.

Oddviti Borgarneshrepps í Mýrasýslu hefur fyrir hönd hreppsnefndarinnar óskað þess, að ég aflaði á Alþingi heimildar til handa ríkisstjórninni til þess að taka ábyrgð á allt að 400 þús. króna láni til þess að koma upp innanbæjarkerfi fyrir kauptúnið í sambandi við virkjun Andakílsár, sem væntanlega verður lokið á næsta ári.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal.

ÓLAFUR TRYGGVASON

Reykjavík, 15. febrúar 1946.

Rafveita Borgarness.

Hér með sendi ég yður kostnaðaráætlun um innanbæjarveitu þá, sem fyrirhugað er að byggja í Borgarnesi á næstkomandi sumri.

Við ákvörðun á fyrirkomulagi veitunnar hef ég að nokkru stuðzt við þá áætlun, sem rafmagnseftirlit ríkisins gerði árið 1943, en þar er m. a. gert ráð fyrir 3 spennistöðvum í bænum til að byrja með, eins og í þeirri áætlun, er hér liggur fyrir.

Eins og yður er kunnugt, hefur verið gengið frá kaupum á nauðsynlegu efni til spennistöðva og háspennukerfis í Borgarnesi, en þetta efni mun verða af sömu gerð og ráðgert er að nota í innanbæjarkerfi Akraness. Kostnaður spennistöðva og háspennukerfis verður því áætlaður nú af nokkurri nákvæmni, a. m. k. að því er efni snertir. Þó er rétt að vekja athygli á, að hin erlendu firmu áskilja sér rétt til að leiðrétta tilboðsverð sín til samræmis við verð á hráefnum og vinnu, ef þessir kostnaðarliðir breytast frá þeim tíma, sem tilboð er gefið, og þar til vörurnar eru afgreiddar. Samkvæmt meðfylgjandi áætlun er gizkað á, að kostnaður spennistöðva og háspennukerfis muni nema **275000 kr.**

Að því er lágspennukerfið snertir er hér ekki um nákvæma kostnaðaráætlun að ræða, m. a. vegna þess, að á þessu stigi málsins er ekki víst um, hversu víðtækar breytingar verði mögulegt að gera á kerfinu að þessu sinni. Samkvæmt þeirri áætlun, sem hér ræðir um, er gert ráð fyrir, að nokkur hluti lágspennukerfisins, eða allt að 600 m, verði lagður í jörðu þegar á þessu sumri, en hins vegar verði að öðru leyti notazt við loftlínukerfi í bænum, a. m. k. fyrst um sinn. Gizkað er á, að kostnaður lágspennukerfisins muni með þessari tilhögun nema um **175000 kr.**

Kostnaður alls innanbæjarkerfisins með framangreindu fyrirkomulagi áætlast samkvæmt þessu á **450000 kr.** Þess skal getið, að væntanlegur stofnkostnaður aðveitustöðvar bæjarins er ekki talinn með í þessari upphæð, með því að sá kostnaður mun vera innifalinn í áætluðum stofnkostnaði Andakílsárvirkjunar.

Nánari áætlun, sérstaklega að því er lágspennukerfið snertir, hef ég því miður ekki tök á að gera að þessu sinni, en ég mun þó að sjálfsögðu gefa yður allar frekari upplýsingar um innanbæjarveituna, sem ég get í té látið og þér kynnuð að óska eftir.

Virðingarfyllst

Ólafur Tryggvason.

Oddviti Borgarneshrepps, hr. Friðrik Þórðarson.

Sþ. 462. Tillaga til þingsályktunar

um fullnaðarrannsóknir á fallvötnum til raforkunota handa íbúum Vestur-Skaftafellssýslu og hluta af Rangárvallasýslu.

Flm.: Gísli Sveinsson, Sveinbjörn Högnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast um, að fullnaðarrannsóknum verði sem fyrst lokið á fallvötnum þeim, sem fullnægt gætu, ef virkjuð yrðu, raforkuþörf íbúa Vestur-Skaftafellssýslu, væntanlega að einhverju leyti í sambandi við hluta af Rangárvallasýslu, er a. m. k. virðist geta átt sér stað um Mýrdals- og Eyjafjallasveitirnar, svo að gengið verði úr skugga um, hvort langleiðslur þyrfti á það svæði frá Sogsstöðinni, eða hver úrræði önnur yrðu þar heppilegust og kæmu að beztum notum, þegar á allt er litið.

Greinargerð.

Till. þessi er borin fram sem nauðsynleg viðbót við áskoranir þær, sem nú eru mjög í frammi, um rannsóknir á orkuvinnslu úr Soginu og leiðslur rafmagns þaðan um Suðurlandssýslurnar, því að engan veginn er enn úr því skorið, hvernig heppilegast er að standa að þeim málum, þegar austar dregur á láglendið. Sjálfsagt er að styðja að því, að rafmagn frá Sogi komist sem fyrst svo langt og svo víða sem álitið er af fróðum mönnum gerlegt og hagkvæmt, og það vilja flm. þessarar tillögu einnig gera. En þegar á þessar slóðir kemur, til Eyjafjalla og Vestur-Skaftafellssýslu, geta fleiri leiðir vel komið til greina og fallvötn þar ef til vill nægileg til fullnægingar mikilli raforkuþörf, ef ráðizt yrði í að virkja þau, en um það skortir enn fullnægjandi rannsókn, svo að réttur og nauðsynlegur samanburður fáist um málið í heild. Má hér ekki sízt nefna til Eyjafjöllin, þar sem alkunn fallvötn (fossar) blasa við sjónum manna, en í samhengi við þá sveit er Mýrdalurinn. Er þar að vísu byrjað á nokkrum rannsóknum og einnig austan Mýrdalssands, en allt er það ófullgert. Af öllum ástæðum má þetta ekki dragast lengur.

Nd. 463. Frumvarp til laga

um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI
Um stjórn landnámsmála.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skal hafa með höndum yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

2. gr.

Skipaður skal sérstakur landnámsstjóri. Laun hans skulu vera þau sömu og búnaðarmálastjóra.

3. gr.

Landnámsstjóri skal undirbúa tillögur og áætlanir um frumræktun lands í stórum stíl, jafnt til stofnunar byggðarhverfa í sveitum og til nytja fyrir kauptún og kaupstaði. Hann skal og hafa yfirumsjón framkvæmda þessara tillagna að fenginni samþykkt þeirra aðila, er um þær fjalla, svo og með öðrum framkvæmdum, er lög þessi varða og ekki eru öðrum falin sérstaklega. Hann skal njóta til þessa ráðuneytis Búnaðarfélags Íslands og Atvinnudeildar háskólans.

II. KAFLI
Um landnám ríkisins.

4. gr.

Ríkisstjórnin lætur eftir tillögum landnámsstjóra og að fengnu áliti Búnaðarfélags Íslands og Nýbyggingarráðs undirbúa á kostnað ríkisins ræktun lands, þar sem stofna skal byggðarhverfi í sveitum eða hefja stórfellda ræktun við kauptún og kaupstaði, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Ríkissjóður greiðir til þessara framkvæmda minnst 2.5 millj. kr. á ári á næstu 10 árum, í fyrsta sinn 1947.

5. gr.

Þessi undirbúningur landsins til ræktunar, sem ríkið framkvæmir og kallast landnám ríkisins, skal vera í því fólginn að ná á eina hönd samfelldu landi til ræktunar og nytja, ræsa fram það land, sem rækta skal, leggja um það vegi, sem tengdir eru aðalvegum nærliggjandi byggða, og ef reisa skal á því byggðarhverfi aðalæðar til vatnsleiðslu og skolpleiðslu, enn fremur skipuleggja á því byggð og skipta því sem sú byggð krefur.

6. gr.

Landnám þetta skal fara fram á landi, sem er eign ríkisins, bæjar-, sveitar- eða byggðarfélaga. Keypt skal land í þessu skyni, þar sem þess gerist þörf, og er heimilt að taka jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð, eignarnámi til þessara nota og einnig einstakar sjálfseignarjarðir, sem ekki næst samkomulag um kaup á og eru inn á milli landsvæða, sem taka á til landnáms, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands, að eignarnámið fari fram.

7. gr.

Áður en framkvæmdir um landnámið eru hafnar á hverjum stað, skal landnámsstjóri hafa látið fara fram rannsóknir um skilyrði til ræktunar, rafvirkjunar, afnota af jarðhita, samgangna, markaða o. fl. Jafnframt skal hann hafa látið gera skipulagsuppdrátt og kostnaðaráætlun um landnámið og þá byggð, sem þar á að rísa, og gera áætlanir og tillögur um það, hvers konar búskapur þar skuli rekinn. Niðurstöður rannsókna og áætlanir séu lagðar fyrir Búnaðarfélag Íslands og Nýbyggingarráð, svo að tryggt sé, að áætlanir séu í samræmi við heildaráætlanir þessara aðila.

8. gr.

Áður en landnám er hafið, skal sveitarstjórn, þar sem það á að fara fram, gefinn kostur á því að gera grein fyrir, hver áhrif hið fyrirhugaða landnám muni hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, fiskitúninu, kauptúninu eða kaupstaðnum og sveitar- eða bæjarfélagsins í heild. Verði ágreiningur um fyrirætlanir landnámsstjóra annars vegar og tillögur og óskir bæjar- eða sveitarstjórnarinnar hins vegar, sker Búnaðarfélag Íslands og Nýbyggingarráð úr, en þeim úrskurði má þó skjóta til fullnaðarákvæðis ríkisstjórnarinnar.

9. gr.

Þegar lokið er undirbúningi landsins til ræktunar og byggðar, skal það leigt með erfðaleigu einstaklingum eða byggðarfélögum með skilmálum, sem nánar verða teknir fram í reglugerð. Leigan skal miðuð við þá kosti, sem landið býður til búskapar og afkomu. Skylt skal landnámsstjóra, ef óskir koma fram, að gera samning við bæjar- eða sveitarstjórnir um það að taka að sér frumræktun lands fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög. Þau bæjar- eða sveitarfélög, sem hér eiga hlut að máli, skulu tryggja nægilegt fé til framkvæmdanna. Landnámsstjóra skal skylt að taka sem greiðslu væntanlegan jarðræktarstyrk eins og Búnaðarfélag Íslands áætlar hann.

10. gr.

Heimilt skal landnámsstjóra að verja nokkrum hluta þess fjár, sem varið er til landnámsins, til að ræsa fram og undirbúa til ræktunar land, þar sem reisa á einstök nýbýli samkv. VI. kafla þessara laga. Þessi heimild skal þó aðallega notuð þar, sem hagkvæmt er að framkvæma landnámið með þeim vélum, er landnámsstjóri ræður yfir. Þar, sem því verður ekki við komið, skal þó heimilt að verja til undirbúnings hvers býlis ákveðinni fjárupphæð, þó aldrei hærri en nemur meðalkostnaði við stofnun býlis í byggðarhverfi. Skulu og fylgja því fjárframlagi sömu kvaðir og á landnámi ríkisins.

III. KAFLI
Um byggingarsjóð íslenzkra sveita.

11. gr.

Stofna skal sjóð, sem nefnist Byggingarsjóður íslenzkra sveita. Í lögum þessum er hann kallaður Byggingarsjóður.

12. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

a. Byggingarsjóður, Nýbýlasjóður og Smábýladeild Búnaðarbanka Íslands, eins og þessar stofnanir eru nú.
b. Lán, er ríkissjóður veitir eða útvegar vaxtalaust, þannig að stofnféð nemi alls 10 millj. kr. 1. júlí 1947, en síðan leggist árlegur tekjuafgangur sjóðsins við stofnféð.

13. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemur 2.5 millj. kr. næstu 10 ár, í fyrsta skipti árið 1947.

14. gr.

Sjóðurinn veitir lán gegn 1. veðrétti í jörðum, lóðum, íbúðarhúsum og peningshúsum:

a. Til endurbygginga íbúðarhúsa á sveitabýlum með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru í IV. kafla þessara laga.
b. Til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa í byggðarhverfum samkvæmt V. kafla þessara laga.
c. Til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa á nýbýlum, sem reist eru á ræktuðu landi við skiptingu jarða eða landi, sem er sérstaklega vel fallið til ræktunar og byggðar, og reist verða samkvæmt VI. kafla þessara laga.

Lánin mega vera allt að 75% af kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða fyrir þau, reiknuðu af teiknistofu landbúnaðarins með vísitölu byggingarkostnaðar í sveitum það ár, sem þær eru gerðar.

15. gr.

Þegar stjórn Byggingarsjóðs hefur gefið loforð um lánveitingu samkv. 14. gr., er heimilt að veita bráðabirgðalán meðan á framkvæmdum stendur, gegn persónulegum tryggingum og veði í framkvæmdinni, allt að 80% af hinu áætlaða endanlega láni, en slík bráðabirgðalán skulu greidd að fullu um leið og hin föstu lán eru afgreidd. Skal lánið veitt jafnóðum og verkinu miðar áfram. Vextir af bráðabirgðalánum þessum skulu vera 5%.

16. gr.

Byggingarsjóði skal heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til fyrir þeim lánum, sem álitin eru æskileg, að taka lán eða gefa út handhafavaxtabréf, allt að þreföldum stofnsjóði sínum.

Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

17. gr.

Lán þau, er sjóðurinn veitir, skulu greidd með jöfnum árlegum greiðslum, og skulu þær árlegu greiðslur við það miðast, að vextir af lánsfénu séu 2%. Skal stjórn sjóðsins ákveða um hvert lán, til hve langs tíma það er veitt, og skal þá meðal annars á það litið, hve vandaðar byggingar þær eru, sem fyrir lánsféð eru reistar. Lánin skulu þó aldrei veitt til lengri tíma en 42 ára.

18. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni eða ef veðið eyðileggst, er selt eða sett á uppboð.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
4. Ef lántakandi hættir landbúnaðarframleiðslu eða störfum fyrir landbúnað.

19. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Byggingarsjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð eða fara með það á annan hátt eins og venja er um veð fyrir lánum, sem í gjalddaga eru komin.

20. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Byggingarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

21. gr.

Byggingarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Einnig á hann rétt á að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð fyrir sjálfan sig.

22. gr.

Búnaðarbanki Íslands annast framkvæmdastjórn sjóðsins, og skal bankastjóri Búnaðarbankans afgreiða allar lánveitingar hans. Um lánveitingar til nýbýla, jafnt í byggðarhverfum sem til einstakra nýbýla, skal hann fara eftir tillögum landnámsstjóra, en um lánveitingar til byggingar íbúðarhúsa á gömlum sveitabýlum skal hann enn fremur hafa samráð við starfsmann í þjónustu teiknistofunnar, sem sérstaklega hefur með höndum skipulagningu byggðarinnar í sveitum ásamt landnámsstjóra og kallast skipulagsstjóri íslenzkra sveita, enda sé þeirri skipulagningu hagað í samræmi við áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands og Nýbyggingarráð gera um framtíð landbúnaðar á Íslandi samkvæmt ákvæðum laga um Ræktunarsjóð Íslands.

IV. KAFLI

Um endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum.

23. gr.

Lán úr Byggingarsjóði til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum skulu veitt með þessum skilyrðum:

1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum, og sé gerð hússins utan og innan samþykkt af stjórn sjóðsins.
2. Að lögð hafi verið fram stutt lýsing af bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af trúnaðarmönnum Brunabótafélags Íslands, og beri sú lýsing því vitni, að endurbyggingar sé þörf á íbúð hans.
3. Að lögð sé fram frá skipulagsstjóra yfirlýsing um, að býlið sé til frambúðar og íbúðarhús það, sem reisa á, sé við hæfi þess og að það verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, síma, rafleiðslur og annað það, er tryggir framtíðargildi þess.

24. gr.

Lán úr Byggingarsjóði skulu enn fremur því aðeins veitt til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum, að húsið sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endurbyggt þannig, að skoða megi það sem algerlega nýja íbúð.

25. gr.

Ef skipulagsstjóri telur, að nauðsynlegt sé vegna skipulagningar byggðarinnar, að bæjarhús séu færð, getur Byggingarsjóður sett það að skilyrði fyrir láni til endurbyggingarinnar, að tillögur hans séu teknar til greina. Hins vegar á þá býlið rétt til láns úr Byggingarsjóði til endurbyggingar peningshúsa, ef staðfærsla íbúðarhúss hefur í för með sér, að peningshús séu líka færð úr stað.

V. KAFLI
Um byggðarhverfi.

26. gr.

Á landi því, sem ríkið hefur numið samkv. fyrirmælum 4.—10. gr., skulu reist byggðarhverfi. Landnámsstjóri skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Nýbyggingarráð gera áætlanir um stofnun byggðarhverfanna, og sér hann síðan um framkvæmdir þeirra samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

27. gr.

Byggðarhverfi nefnast í lögum þessum minnst 10 býli, þar sem framkvæmdir allar við ræktun og byggingar eru gerðar eftir fyrir fram ákveðnu skipulagi. Hverju býli skulu ætlaðir minnst 12 ha til túnræktar auk nauðsynlegs beitilands, eða jafngildi þess í skilyrðum til garðræktar, vermiræktar eða annars þess, sem tryggt getur þrif býlisins. Enn njóta sama réttar í hverju byggðarhverfi býli, sem minna land hafa, ef ábúendur þeirra hafa sem aðalatvinnuveg handverk eða önnur störf, sem að dómi landnámsstjóra eru nauðsynleg fyrir byggðarhverfið.

28. gr.

Þegar ákveðið hefur verið, að byggðarhverfi skuli reist á landi, sem ríkið hefur áður numið, skal landnámsstjóri láta rækta 5 ha túns og reisa íbúðarhús og nauðsynlegustu peningshús, hlöður og verkfæraskemmur þeirra býla, sem þar eiga að rísa. Til byggingánna fær hann lán úr Byggingarsjóði handa hverju býli í hverfinu, allt að 75% kostnaðar. Tekur síðan ábúandi, er flyzt á býlið, lán þetta að sér, en lánið skal vaxta- og afborgunarlaust þann tíma, sem það er á hendi landnámsstjóra. Við móttöku býlisins skal ábúandi, ef um kaup er að ræða, greiða 25% af byggingarkostnaði býlisins, enda telst hann þar á eftir eigandi þeirra bygginga, sem á býlinu eru, og þeirrar ræktunar, er hann hefur sjálfur framkvæmt.

29. gr.

Um leið og framkvæmd er hafin til að reisa byggðarhverfi, skulu býli þau, sem þar eiga að rísa, auglýst til kaups og ábúðar eða til leigu og ábúðar, sem einnig skal heimilt. Forkaupsrétt til kaups eða leigu skulu hafa bændur og bændasynir á þeim jörðum, er á hverfislandinu hafa verið, og þar næst ábúendur á jörðum, sem ekki geta fengið lán úr Byggingarsjóði, vegna þess að þær dæmast ekki hæfar til framtíðarábúðar.

30. gr.

Ef eigandi og ábúandi býlis í byggðarhverfi vill selja býli sitt, hefur Byggingarsjóður forkaupsrétt að því gegn kostnaðarverði að frádreginni fyrningu.

31. gr.

Allir þeir, sem gerast ábúendur í byggðarhverfi, skulu stofna með sér byggðarfélag. Félag þetta skal setja sér samþykktir í samræmi við lög þessi, og skulu þær til þess að öðlast gildi staðfestar af landbúnaðarráðherra eftir tillögum landnámsstjóra. Í samþykktum byggðarfélaga skal ákveða, hvort rekinn skuli samvinnubúrekstur í byggðinni eða að hve miklu leyti, hvaða stofnanir, byggingar, vélar

o. s. frv. skuli vera félagseign og hvernig með félagseignir skuli farið o. fl. þ. h. Nánari fyrirmæli um undirbúning og setning samþykkta byggðarfélaga skulu sett með reglugerð.

32. gr.

Hver bóndi í byggðarhverfi — eða byggðarfélagið, ef um samvinnubúrekstur er að ræða, — skal hafa fullræktað land það, sem til ræktunar er ætlað, á eigi skemmri tíma en 10 árum frá því, er hann tók við býlinu nýbyggðu, enda ber honum skylda til að rækta á ári hverju a. m. k. 1/10 hluta þess lands, sem hann tók við óræktuðu, nema hann hafi næstu ár á undan lokið meiri ræktun en honum ber skylda til samkvæmt þessum ákvæðum. Vanræki hann þetta, hefur hann fyrirgert rétti sínum til eignar eða leigu og ábúðar á býlinu. Skal landnámsstjóra skylt að hafa eftirlit með því, að jarðirnar séu vel setnar og svo sem lög þessi og reglugerðir, sem settar verða eftir þeim, mæla fyrir, og er heimilt að víkja af býlunum bændum þeim, sem uppfylla ekki þau fyrirmæli, sem sett eru um ábúð þeirra.

33. gr.

Ef eigandi eða leigjandi og ábúandi hverfisbýlis missir rétt sinn til eignar eða leigu og ábúðar á býlinu samkv. 32. gr., skal Byggingarsjóður taka við því og greiða fráfaranda það, sem hann hefur í býlið lagt, samkvæmt mati.

Í samþykktum byggðarfélaga skal ákveðið, hvernig fara skuli að, ef byggðarfélög uppfylla ekki skilyrði 32. gr.

34. gr.

Byggðarfélögum og einstökum eigendum og ábúendum hverfisbýla veitist fjárhagsleg aðstoð til umbóta á býlum sínum sem hér segir:

1. Styrkur til jarðræktarframkvæmda samkv. 2. kafla jarðræktarlaganna.
2. Viðbótarlán úr Byggingarsjóði með sömu kjörum og stofnlánið til stækkunar íbúðarhúss og aukningar peningshúss, að því er slík stækkun og aukning er nauðsynleg að dómi landnámsstjóra.

35. gr.

Ef 10 menn eða fleiri stofna með sér félag, er hefur að markmiði að reisa byggðarhverfi á ákveðnu landsvæði, skulu þeir senda landnámsstjóra tillögur sínar um það, en hann lætur fara fram rannsókn á landinu. Um ákvörðun, hvort byggðarhverfið skuli reist, og framkvæmdir allar fer síðan eins og áður er fyrir mælt í lögum þessum. Þeir, sem bundizt hafa félagssamtökum um stofnun byggðarhverfisins, skulu eiga kost á að undirbúa landið til ræktunar og byggðar samkv. lögum þessum að jöfnum kostnaði og hægt er að fá slíkt gert á annan hátt eða fá atvinnu við landnámið, eins og því verður bezt við komið. Þegar þeim undirbúningi er lokið, skal þeim fengið landið í hendur til byggðar.

VI. KAFLI
Um nýbýli.

36. gr.

Nýbýli, sem verða aðnjótandi lána úr Byggingarsjóði, má jafnt reisa á ræktuðu landi með skiptingu jarða sem á landi, sem er sérstaklega vel fallið til ræktunar og búskapar, en eigi áður ræktað. Skal nýbýlið hafa minnst 12 ha lands, sem er vel fallið til túnræktar, auk nægilegs beitilands, eða önnur landgæði, sem að dómi landnámsstjóra eru ígildi þessa. Nýbýlið skal fá úrbyggt land með ákveðnum landamerkjum, hvarvetna þar, sem því verður við komið.

37. gr.

Þegar jörð er skipt í tvö eða fleiri býli, skal þess gætt, að hvert býli hafi svo mikið landrými að dómi landnámsstjóra, að hægt sé að stunda þar hagfelldan landbúnað og notfæra sér nútíma tækni. Lágmark ræktaðs túns á býli sé 4 ha, þegar skipting fer fram, eða önnur landgæði, sem eru ígildi þeirrar ræktunar, og auk þess a. m. k. 8 ha lands vel til túnræktar fallið, auk nægilegs beitilands, eða önnur landgæði, sem eru ígildi þessarar ræktunar, ræktunarlands eða beitilands.

38. gr.

Sá, sem reisa vill nýbýli og hefur tryggt sér til þess umráðarétt á landi, sendi landnámsstjóra umsókn um, að hann fái heimild til að reisa býli, er njóti þeirra hlunninda, er lög þessi veita. Landnámsstjóri lætur þá athuga alla aðstöðu til stofnunar nýbýlisins og úrskurðar, hvort hús séu nægilega góð til þess að stutt skuli að því, að býlið skuli reist.

39. gr.

Heimilt er landnámsstjóra með samþykki landbúnaðarráðherra að láta reisa nýbýli, eitt eða fleiri, á jörð, sem ríkið á. Skal þá undirbúningur undir stofnun býlanna vera með sama hætti og stofnun nýbýla í byggðahverfum og forkaupsréttur að býlunum með sama hætti.

40. gr.

Ef eigandi nýbýlis vill selja það eða verði að láta það af hendi, gilda um það sömu reglur og um sölu og afhendingu býla í byggðarhverfum.

VII. KAFLI

Um viðhaldsskyldu o. fl.

41. gr.

Landnámsstjóri skal halda skýrslur um öll þau býli, sem reist eða endurbyggð eru samkv. lögum þessum. Skal nákvæmlega frá því skýrt, hvenær hvert býli er reist eða endurbyggt, hver hefur orðið kostnaður við landnám það, sem fallið hefur í hlut býlisins, við ræktun þess og byggingu, hver lánskjörin hafa verið, hvernig lánin hafa greiðzt, hve mikið eigendur þess og ábúendur hafa lagt fram til þess að koma því upp, auk annars, sem nauðsynlegt þykir að skýra frá. Þá skal landnámsstjóri afla sér skýrslna um rekstrarafkomu hvers býlis svo sem við verður komið. Getur hann lagt þá kvöð á ábúanda hvers býlis, er lán fær úr Byggingarsjóði að halda búreikninga, er gerðir séu eftir fyrirsögn Búreikningaskrifstofu ríkisins, enda sé þá greitt fyrir slíkt reikningshald eins og Búreikningaskrifstofan telur hæfilegt. Yfirlitsskýrslur um býli þau, sem reist eru með lánum úr sjóðnum, svo og afkomu búrekstrarins á býlunum skal landnámsstjóri birta svo oft sem ástæða þykir til og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

42. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Byggingarsjóði, að halda vel við byggingum þeim, sem hann hefur fengið lán til. Trúnaðarmenn skipaðir af stjórn sjóðsins skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins þegar, ef því er að einhverju leyti ábótavant. Skal þá stjórn sjóðsins veita hlutaðeigandi ábúanda áminningu, og er úttbyggingar- og eignarnámssök, ef áminningin er ekki tekin til greina.

43. gr.

Ef ábúenda- og eigendaskipti verða við sölu á fasteign, sem veðbundin er Byggingarsjóði, skal sjóðurinn, nema um erfðaskipti sé að ræða, hafa forkaupsrétt að eigninni, og ef um nýbýli er að ræða, gegn kostnaðarverði að frádregnu

metnu álagi vegna fyrningar og skemmda, enda er enginn kaupsamningur um eignina gildur nema með árituðu samþykki sjóðsstjórnarinnar eða þess fulltrúa hennar, sem umboð hefur til slíkrar áritunar. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, hafa erfingjar forkaupsrétt umfram Byggingarsjóð, en að öðru leyti skal mat á þeim og staðfesting eigendaskiptanna háð sömu reglum og þegar um venjulega sölu er að ræða.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

44. gr.

Teiknistofa landbúnaðarins hefur á hendi aðstoð og eftirlit með byggingarframkvæmdum á býlum þeim öllum, sem reist verða samkvæmt lögum þessum.

45. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd þessara laga.

46. gr.

Um endurskoðun Byggingarsjóðs, starfsskýrslu o. fl., fer eins og mælt er fyrir í lögum nr. 115 frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

47. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 58 frá 27. júní 1941, um landnám ríkisins, og I., II., IV. og VI. kafli laga frá 9. okt. 1941, um Byggingar- og landnámssjóð, og breyting á þeim köflum frá 30. júní 1942, svo og önnur ákvæði eldri laga, sem kunna að brjóta í bág við lög þessi.

48. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta flytur landbúnaðarnefnd eftir tilmælum landbúnaðarráðherra, en bæði nefndarmenn og ráðherrann áskilja sér óbundnar hendur um allar breytingartillögur, sem fram verða bornar við frumvarpið. Frumvarpið er samið af Nýbyggingarráði, og fylgdi því svo hljóðandi rökstuðningur:

Frumvarp þetta er annað af tveimur frumvörpum, sem Nýbyggingarráð hefur samið um endurskipulagningu landbúnaðarins, og er hitt frumvarpið um Ræktunarsjóð, en þar er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á þeim sjóði, aðallega aukningu á starfsemi hans og starfsfé. Þessi tvö frumvörp eru á ýmislegan veg hvort öðru svo tengd, að líta má á þau öðrum þræði sem einn bálk, og er greinargerð þessi að nokkru leyti greinargerð fyrir báðum frumvörpunum, þó að stutt greinargerð fylgi líka frumvarpinu um Ræktunarsjóð.

Til þess að koma ræktunarmálunum greiðlega í gott horf, þarf ríkið að taka að sér framræslu þess lands, sem rækta skal að mestu eða öllu leyti. Bezta land okkar til ræktunar eru mýrarnar, ef þær eru ræstar svo fram, að þær nái að fúna. Þá eru þær, svo djúpt sem framræslan nær og verkar, sem áburðardyngja, sem þarf lítið fyrir að gera til þess að hún spretti um áratugi. En vönduð og fullnægjandi framræsla er dýr, nema hún sé gerð með stórvirkum verkfærum og stór landsvæði tekin á sama stað. Það hefur mjög tafið fyrir ræktun hér á landi, að hverjum einstökum bónda hefur verið ætlað að ræsa fram ræktunarland sitt með lítils háttar fjárstyrk frá ríkinu. Á þann hátt hefur framræslan orðið dýrust alls við ræktunina, og þó hefur hún mjög sjaldan verið fullnægjandi, og það tún, sem úr mýri hefur verið ræktað, bæði orðið spretturýrt og taðan af því óhollt fóður.

Í tillögum þeim, sem hér eru fram komnar, er til þess ætlazt, að ríkið taki framræsluna í sínar hendur og leggi ræktunarvegi um það land, sem framræst er og taka skal til ræktunar. Þetta er hér í frumvarpinu kallað landnám ríkisins. Með þessu er ætlazt til, að framræsla landsins verði miklu ódýrari en hjá hverjum einstökum bónda, og jafnframt á það að vera tryggt, að þannig verði frá henni gengið, að hún komi að fullu gagni og haldi og réttir staðir séu til hennar valdir. Auk þess hefur þetta þann kost, að á þennan hátt verða miklu færri starfsmenn við það verk bundnir að grafa skurði í mýrum heldur en ef slíkt starf er unnið með handverkfærum við hvern túnjaðar, en mörg verkefni önnur bíða starfsliðs þjóðarinnar við landbúnaðinn, og ef þess reynist ekki brýn þörf þar, þá í öðrum atvinnugreinum.

Þegar landið hefur verið framræst, á þar víðast hvar að rísa ný byggð, byggðarhverfi, þar sem hvert býli hefur fullræktað véltækt land handa allstóru búi á okkar vísu. Lágmark véltæks ræktarlands fyrir hvert býli í þessum hverfum hefur verið sett 12 hektarar. Með góðri ræktun getur það gefið af sér um 600 hestburði heys og með hæfilegum fóðurbætiskaupum gæti það fóðrað 15—18 kýr og 2—4 hross eða, ef sauðfjárbúskapur væri rekinn, ca. 3 kýr og 200—250 fjár auk nauðsynlegra hrossa. Þetta bú er um þriðjungi stærra en meðalbú nú, en þó þyrfti miklu minni vinnukraft til að reka það, og má því búast við mjög miklu arðvænlegri búrekstri en nú er. En á það skal áherzla lögð, að þetta er lágmark býlisstærðarinnar, og er að líkindum um of miðað við þau vinnutæki, er menn höfðu fyrir stríð.

Því er gert ráð fyrir, að þessar nýju byggðir séu í hverfum, að það er allt í senn hentara og ódýrara við undirbúning landsins undir ræktun, haganlegra til þess að láta þessar byggðir fá öll þægindi, svo sem síma, rafmagn o. fl., og gerir íbúunum léttara fyrir um hvers konar félagsskap.

Samvinna á meðal íslenzkra bænda hefur hingað til að mestu verið bundin við sölu afurða þeirra og kaup á nauðsynjum. Það er fyrst, þegar byggðin rís í hverfum, sem auðvelt verður að hafa samvinnu um sjálfa framleiðsluna. Þróun tækninnar er nú komin á það stig, að hún krefst meir en áður sameiginlegra félagslegra átaka um framleiðsluna til þess að hægt sé að notfæra sér nýtízku vinnutæki á hagnýtan hátt. Sú samvinna, er fyrst og fremst kemur til mála, er sameiginleg eign véla, sameiginleg fjós, og enn fremur sameiginleg þvottahús o. fl. Ef sameign er á vélum, er miklu auðveldara að hagnýta vel vélakostinn og gæta þess, að vel sé með vélarnar farið. Séu byggð sameiginleg fjós, mundi í fyrsta lagi sparast mikið í byggingarkostnaði og enn fremur mikill vinnukraftur við hirðingu. Einnig yrði þá auðveldara að gæta þess, að öll meðferð mjólkurinnar yrði samkvæmt vísindalegum kröfum. Í þessu frumvarpi hefur verið gert ráð fyrir, að hverfisbændum væri í sjálfsvald sett, hvað langt þeir færu inn á samvinnubrautina, og skal það ákveðið í samþykktum byggðarfélaga. Um örugga þróun á þessari braut getur fyrst verið að ræða, þegar bændur sjálfir hafa séð kosti hennar og fylgja henni af eigin framtaki, en ekki af þvingun löggjafans.

Sökum þess, hve þessi mál eru lítt rannsökuð hér á landi og lítil reynsla hefur fengizt um þau við okkar skilyrði, væri þó full ástæða til að gera ráð fyrir, að í minnst einu byggðarhverfa, er reist verða á næstu árum, yrði byggð sameiginleg vélastöð, sameiginlegt fjós o. s. frv., til þess að sjá mætti, hvernig rekstur þeirra gæfist. Um þetta hafa ekki verið sett ákvæði í frumvarpið, en hugmyndin er sett hér fram til athugunar, þegar til framkvæmda kemur.

Jafnframt þessu er til ætlazt, að hin gömlu sveitabýli þróist, þar sem góð skilyrði eru til þess, og njóti þau að öllu sem líkastrar aðstoðar þjóðfélagsins til vaxtar og þróunar sem ný sveitabyggð.

Mörgum mun ef til vill sýnast mikið fé til þessara mála lagt. En ef betur er að gætt, nær það ekki langt, enda hefur verið farið svo stutt í þessu sem fært hefur þótt. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir, að þær 2½ millj. kr., sem til landnámsins eru ætlaðar, hrökkvi til að nema meira land — ræsa fram, byggja ræktunarvegi, hreinsa grjót og rækta 5 ha á býli — en handa 50—60 býlum á ári. Þó að því væri öllu varið til

undirbúnings hverfisbyggða, mundi það ekki hrökkva til að undirbúa land fyrir meira en tæplega 3 byggðarhverfi, ef gert er ráð fyrir 20 býlum í hverju hverfi að meðaltali. En auk þess má að sjálfsögðu gera ráð fyrir, að nokkur hluti fjárins fari til að nema land fyrir einstök nýbýli. Því er ekki rétt að gera ráð fyrir, að undirbúin verði meira en stofnun tveggja byggðarhverfa á ári.

Enn er gert ráð fyrir, að ríkið leggi á næstu 10 árum fram rúml. 30 millj. kr. í Byggingarsjóðinn, þ. e. rúml. 6 millj. kr. til þess að koma stofnfénu strax upp í 10 millj. kr. og síðan 2.5 millj. kr. á ári í 10 ár, og 5 millj. kr. í Ræktunarsjóðinn, þ. e. ½ millj. kr. á ári í 10 ár. Með því að gera síðan ráð fyrir, að sjóðirnir gefi út handhafavaxtabréf, er nemi þrefaldri upphæð stofnfjárins, og Ræktunarsjóður eigi auk þess kost 10 ára lána frá Landsbanka Íslands til vélakaupa og annars, sem krefur erlends gjaldeyris, með 1.½% vöxtum, getur samkvæmt áætlun, sem hér fylgir, Byggingarsjóður lánað um 8 millj. kr. á ári og Ræktunarsjóður um 4 millj. kr. á ári. Þykir nú rétt að gera sér nokkra grein fyrir því, til hvers þetta muni duga.

Samkvæmt upplýsingum frá Teiknistofu landbúnaðarins kostaði rúmmetri í íbúðarbyggingum í sveitum síðast liðið ár rétt við 200 kr., en þá mun þó tæplega allur vinnukostnaður vera fullreiknaður. Meðalíbúð í sveit er vart hægt að hugsa sér minni en 350—400 rúmmetra. Því til samanburðar má geta þess, að í verkamannabústöðum þeim, sem byggðir voru 1941—42, voru þriggja herbergja íbúðirnar 275 rúmmetrar hver, en í sveitum verður að gera ráð fyrir allmiklu meiri geymslu innan íbúðarinnar en í kaupstað, auk þess að hæpið er að gera þar ráð fyrir minni íbúð að jafnaði en fjögurra herbergja auk eldhúss og eins til tveggja geymsluherbergja. Gera verður því ráð fyrir, að meðalíbúð í sveit kosti a. m. k. 70—80 þús. kr. miðað við núgildandi verðlag. Heimilt skal samkv. frv. að lána 75% af kostnaðarverði hússins, en líklegt er, að sú heimild verði ekki notuð til hlítar nema í tiltölulega fáum tilfellum, þegar um endurbyggingu er að ræða. Mundi rétt að áætla, að meðallán til íbúðarbygginga úr sjóðnum yrðu ekki hærri en 40 þúsund kr., og gæti þá sjóðurinn lánað allt að 200 íbúðabygginga á ári.

En hversu langt mundi slíkt ná til að byggja þær íbúðir, sem nauðsynlegt er að byggja í sveitum?

Samkvæmt rannsókn, er Skipulagsnefnd atvinnumála eftir stríð gerði síðast liðið ár á ástandi húsnæðis- og byggingarmála í sveitum, voru í árslok 1941 á jörðum í sveitum:

2091 sæmilega góð íbúðarhús,
1755 viðhlítandi íbúðarhús til bráðabirgða,
2066 mjög slæm eða óhæf íbúðarhús.

Samkvæmt talningu hagstofunnar á heimilum og íbúðum um leið og manntalið fór fram 1940, hafa verið rétt við 1000 (979) fleiri íbúðir en íbúðarhús í sveitum, en með sveitunum eru þá talin öll kauptún og þorp með minna en 300 íbúum.

Nú voru 1941 5912 íbúðarhús á jörðum, en 1921 íbúðarhús í kauptúnum með færri en 300 íbúa, og sé þeim íbúðum, sem eru umfram íbúðarhúsin, skipt hlutfallslega milli jarðanna og smákauptúnanna, koma 790 í hlut jarðanna. Vafalaust er, að þessar íbúðir, sem eru aðeins hlutdeild í búðarhúsi, eru flestar allsendis ófullnægjandi. Þó má gera ráð fyrir, að örfáar þeirra séu góðar og nokkru fleiri viðhlítandi. Mun því ekki fara fjarri að áætla, að 1941 hafi verið á jörðum í sveitum:

2200 sæmilega góðar íbúðir,
1900 viðhlítandi íbúðir til bráðabirgða,
2602 mjög slæmar eða óhæfar íbúðir.

Síðan 1941 mun eigi hafa verið byggt á jörðum í sveitum nema fyrir fyrningu þeirra íbúða, er fyrir voru, en óhæfum íbúðum hefur eitthvað fækkað sökum brottflutnings fólks. Lætur nærri, að nú séu um 2500 íbúðir á jörðum í sveitum, er telja

má allsendis óhæfar til frambúðar og skilyrðislaust verður að byggja upp á næstu árum, ef fólk á að haldast þar við. Auk þess má samkvæmt byggingarskýrslum hinna síðustu ára gera ráð fyrir talsverðri endurbyggingu eða viðaukum bygginga á þeim jörðum, sem talið var, að sæmilega vel væru byggðar 1941, og enn meiri endurbyggingar á þeim jörðum, er þá töldust hafa viðhlítandi íbúðarhús til bráðabirgða. Að öllu athuguðu getum við tæplega ætlað okkur minni hlut í íbúðarbyggingum á jörðum í sveitum 10 ár en byggðar verði:

2500 íbúðir í stað óhæfra íbúða og sem svarar
633 íbúðum til endurreisnar viðhlítandi íbúðum til bráðab., og sem svarar
220 íbúðum til endurbygginga góðra íbúða.

Samtals 3353 íbúðir.

Auk þessa hefur stöðugt fækkað fólki í heimili hverju síðan fyrir síðustu aldamót. Haldi því áfram í sama horfi og verið hefur, þarf þess vegna að byggja um 55 nýjar íbúðir á ári á jörðum í sveitum að óbreyttum mannfjölda í sveitunum. Við verðum því að gera ráð fyrir að byggja allt að 400 íbúðum á ári á jörðum í sveitum næstu 10 ár, ef við reiknum með óbreyttum mannfjölda í sveitunum þann tíma. Byggðarhverfin nýju tækju þá við mestum þeim fólksflutningi, sem undanfarið hefur verið úr sveitunum og verður að sjálfsögðu enn um sinn, ef ekkert verulegt er gert umfram það, sem verið hefur.

Af þessu, sem hér hefur verið sagt, er það að vísu fullljóst, að Byggingarsjóðurinn, eins og hann mundi verða samkvæmt frumvarpinu, er ekki fullnægjandi til þess að leggja fram allt fjármagn, sem til láns verður að taka til íbúðarbygginga í sveitum. Það er mála sannast, að ekki hefur þótt fært að gera tillögur um slíkt sökum þess, að ekki er búizt við, að þær geti náð fram að ganga á Alþingi, fyrr en séð er að fullu, til hvers það dugar, sem þessar tillögur gera ráð fyrir. Þessar tillögur ganga líka miklu lengra um veitingu lánsfjár til bygginga í sveitum en nú er, og líka allmiklu lengra en allar aðrar tillögur, er fram hafa komið á Alþingi um þessi efni, og hefur þó á sumar þær tillögur verið litið sem kosningabeitu. En þessar tillögur eru fram komnar til þess að þær nái fram að ganga, án þess að nokkru sé af þeim slegið, því að samkvæmt útreikningum fullnægja þær ekki nema hálfri þeirri þörf, sem fyrir hendi er. Þó er rétt að geta þess og gæta, að með auknum byggingum í sveitum færist og þangað aukið fjármagn og aukið atvinnulíf, og er þess vænzt, að það geri sveitunum léttara fyrir bæði um það að koma upp enn meiru af nauðsynlegum húsakosti yfir fólk og fé en Byggingarsjóður veitir lán til og að standa skil á hvers konar greiðslum af þeim lánum, er taka verður.

Efni til frumvarps þessa hefur verið allvíða að dregið, en aðallega úr þremur stöðum:

1. Frá gildandi lögum um Byggingar- og landnámssjóð.
2. Frá gildandi lögum um landnám ríkisins og tillögum síðasta búnaðarþings um breytingar á þeim.
3. Frá frumvarpi til laga um nýbyggðir og nýbyggðasjóð, er flutt var á síðasta Alþingi af Kristni E. Andréssyni og Brynjólfi Bjarnasyni.

Auk þessa hafa verið teknar til athugunar allar þær tillögur, er fram hafa komið á síðustu árum á Alþingi og búnaðarþingum um þetta mál.

Til skýringar einstökum köflum frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um I. kafla.

Um stjórn landnámsmála.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir mjög auknum og umfangsmiklum framkvæmdum um landnám og nýbyggðir, og verður því ekki komizt hjá að fela stjórn og framkvæmd þeirra mála manni, sem ekki hefur öðrum störfum að gegna. Verður starf hans samkvæmt lögum þessum hliðstætt starfi póst- og símamálastjóra, vegamálastjóra og vitamálastjóra, en njóta mundi hann ráðuneytis Búnaðarfélags Íslands og Atvinnudeildar háskólans, og er við því búizt og til þess ætlazt, að hann hafi mikla samvinnu við þær stofnanir.

Um II. kafla.

Um landnám ríkisins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að landnámsstjóri sjái að öllu leyti um framræslu og allan undirbúning ræktunar á því landi, er taka á undir byggðarhverfi, og að það sé að öllu leyti gert á kostnað ríkisins. Er þá og eðlilegt og raunar sjálfsagt, að ríkið eignist það land, sem til ræktunar er tekið, áður en landnámið hefst, enda sé landið eins og því er skilað til byggðar í eign ríkisins áfram, en að það sé leigt þeim, er á því byggja, með svo vægum kjörum sem fært þykir. Á þennan hátt verður, eins og fyrr segir í greinargerð þessari, það helzt tryggt, að landnámið fari fram á skipulegan og hagkvæman hátt og að það verði svo af hendi leyst, að það hafi framtíðargildi. Ef bæjar- og sveitarfélög ráðast í stórfellda ræktun, og ef ræktun sú er í samræmi við áætlanir, er Búnaðarfélag Íslands og Nýbyggingarráð gera um skipulagningu landbúnaðarframleiðslunnar, skal og landnámsstjóra skylt að taka að sér landnám það (framræslu, grjótnám, vegalagningu o. fl.), er sú ræktun krefst, svo framarlega sem þess er óskað (sbr. 9. gr.). Skulu þá bæjar- eða sveitarfélögin njóta sömu hlunninda um það landnám — svo og ræktunarframkvæmdir — sem gömul sveitabýli, eiga kost á lánveitingu úr Ræktunarsjóði til landnámsins og ræktunar og fá jarðræktarstyrk út á gerðar jarðabætur, og auk þess eiga þess kost, að væntanlegur jarðræktarstyrkur, það sem hann nær eins og Búnaðarfélag Íslands áætlar hann, verði tekinn upp í greiðslu fyrir kostnaðinn við landnámið, ef landnámsstjóri tekur það og ræktunina að sér.

Má gera ráð fyrir, að svo verði að jafnaði, því að sjálfsagt þykir, að landnámsstjóri hafi yfir að ráða hinum beztu tækjum og hinni beztu aðstöðu til að taka slíkar framkvæmdir að sér, sem völ er á á hverjum tíma.

Ákvæði 10. gr. um, að landnámsstjóra sé heimilt að verja nokkrum hluta landnámsfjárins til undirbúnings einstakra nýbýla, eru til þess sett, að aðstaða til stofnunar einstakra nýbýla, sem góð framtíðarskilyrði hafa, geti verið hliðstæð aðstöðu nýbýla í byggðarhverfum.

Um III. kafla.

Um Byggingarsjóð íslenzkra sveita.

Til skýringar því, hvernig hugsuð er fjárhagsleg uppbygging þessa sjóðs og hver starfsgeta hans muni geta verið, fylgir greinargerð á sérstöku fylgiskjali. Því til viðbótar skal það aðeins fram tekið, að framlag ríkisins til stofnfjár eða höfuðstóls sjóðsins er hugsað sem óafturkræft lán, sem ríkið útvegar og greiðir vexti og afborganir af. Með því að lánsfé (t. d. handhafavaxtabréf), er sjóðurinn notar til starfrækslu sinnar, sé aldrei nema þrefalt á við stofnsjóð, ætti það lánsfé að vera ágætlega tryggt, jafnvel þó að engin ríkisábyrgð væri, eins og hér er þó gert ráð fyrir. Ætti því að verða auðgert að afla sjóðnum þess rekstrarfjár, er lögin gera ráð fyrir, og það með mjög bærilegum kjörum, jafnvel nokkru hagstæðari en áætlað er í greinargerð þeirri, sem hér fylgir.

Ekki hefur þótt rétt að binda það lögum, til hve langs tíma skuli vera þau lán, er sjóðurinn veitir. En hér fylgir á sérstöku fylgiskjali útreikningur á því, hvaða árgjald mætti vera á lánunum, eftir því til hve langs tíma lánin eru, miðað við að vextir lánsfjárins séu 2%. Mundi samkvæmt því mega lána til 26 ára með 5% árgjaldi til þeirra bygginga, sem ekki þættu að öllu leyti í bezta lagi líkleg til endingar, t. d. þegar um væri að ræða að einhverju leyti byggingu úr gömlu efni, en til 42 ára með 3½% árgjaldi, þegar um sérstaklega vandaðar nýbyggingar væri að ræða.

Gert er ráð fyrir því, að Byggingarsjóður hafi í þjónustu sinni sérstakan mann, sem mundi vinna á teiknistofu landbúnaðarins, er væri ráðgefandi um skipulagningu hinnar gömlu sveitabyggðar á grundvelli þeirrar heildaráætlunar, er Búnaðarfélag Íslands og Nýbyggingarráð mundu gera. Þessi maður, sem í lögum þessum kallast skipulagsstjóri íslenzkra sveita, mundi bæði hafa atkvæði um það, hvort lána ætti til endurbyggingar einstakra býla, er einhver vafi væri um, að haldast mundu í byggð næsta mannsaldur, og það, hvernig staðsetja ætti byggingar á hverju því býli, sem lán fengi til endurbyggingar. Er enginn efi á því, að maður, er slíkan starfa fengi, mundi geta mikið verk unnið til þess að gera byggðina í sveitum landsins hagkvæmari og fegurri.

Um IV. kafla.

Um endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum.

Þessi kafli þykir ekki þurfa sérstakra skýringa við.

Um V. kafla.

Um byggðarhverfi.

Gert er ráð fyrir, að byggðarhverfi verði reist og stofnuð á tvennan hátt: Að hvöt landnámsstjóra sem fulltrúa ríkisins og að hvöt bænda og bændaefna, er í hverfinu vilja búa.

Ef hverfið verður stofnað að hvöt landnámsstjóra, verður með þá stofnun farið sem segir í 26.—34. gr. Þegar lokið er landnámi ríkisins, eru fullræktaðir 5 hektarar túns eða önnur jafngild ræktun framkvæmd, og íbúðarhús ásamt nauðsynlegum peningshúsum byggt fyrir lánsfé úr Byggingarsjóði og býlin síðan auglýst til sölu eða leigu þeim, er í hverfinu vilja búa. Er þá gert ráð fyrir því, að hinir væntanlegu íbúar hverfisins geti um það valið, hvort þeir vilja heldur kaupa eða taka á leigu mannvirki öll á býlinu, þau, sem umfram eru landnámið sjálft, sem ætíð á að vera eign ríkisins. Þó verður að gera ráð fyrir, að ein lög verði látin alla varða í hverju hverfi um það, hvort hin einstöku býli eru tekin á leigu eða keypt, og yrði það þá eftir þeim samþykktum, sem hverfið setur sér.

Ef hverfið verður stofnað að hvöt bænda þeirra og bændaefna, er í hverfinu vilja búa, verður með það farið sem segir í 35. gr. Er þá fyrsta skilyrðið til, að slíkt megi takast, að þeir, er hverfið vilja stofna, hafi fram að bjóða land, sem þeir hafa umráð yfir að miklu eða öllu leyti, og að það land sé hagkvæmt til þess að stofna á því byggðarhverfi. Til mála getur vitanlega komið, að ríkið aðstoði þá til að ná umráðum yfir því landi, sem undir hverfið á að falla, ef svo stendur á, að þeir hafi ekki í upphafi umráð yfir nema nokkrum hluta þess. Gera má ráð fyrir, að land það, sem boðið yrði fram undir byggðarhverfið, væru þrjár eða fleiri samliggjandi jarðir, og gæti þá t. d. komið til greina, ef þeir, er hverfið vildu stofna, hefðu umráð jarðanna nema einnar, að ríkið aðstoðaði til að ná henni til hverfisstofnunarinnar, með því að neyta eignarnámsheimildar. Þegar svo samfellt land væri fengið og landnámsstjóri hefði mælt með því, að þar yrði reist byggðarhverfi, sýnist sanngjarnt, að þeim, er hverfið vilja stofna, sé gefinn kostur á að nema landið fyrir

ríkið eða eiga hlutdeild í landnáminu, ef það er tryggt, að landnámið verði á þann hátt eigi dýrara en framkvæmt af öðrum, enda yrði öll framkvæmdin í samráði við landnámsstjóra og eftir hans fyrirsögnum um allt það, er hann vildi láta sig varða. Þegar landnáminu væri lokið, væri og eðlilegt, að þeir ættu þess kost að reisa býlin eða eiga hlutdeild í því að reisa þau. Hér væri þá um að ræða félagsgerð til að stofna byggðarhverfi frá grunni og búa í hverfinu að því stofnuðu.

Til þess er ætlazt, að hvert hverfi hafi sínar samþykktir eða lög, en að þær samþykktir eða lög geti verið með ýmislegum hætti, þannig að í sumum hverfum sé algerlega einstaklingsrekstur á hverju býli, í öðrum hverfum sé eitt eða annað í búrekstrinum sameiginlegt, og í enn öðrum sé búreksturinn að miklu leyti sameiginlegur fyrir alla hverfisbúa. Um þetta á að fara að vilja hverfisbúa sjálfra, og eiga þeir að ráða því, hvaða samþykktir hverfið setur sér, en auðvitað koma þar mjög til greina leiðbeiningar og tillögur landnámsstjóra.

Ákvæðin um forkaupsrétt Byggingarsjóðs á nýbýlum, hvort sem er í byggðarhverfum eða nýbýlin eru einstök, eru til þess sett, að ekki verði með býlin braskað þann tíma, sem ríkið styður þau með hagkvæmum stofnlánum. Eru þessi ákvæði sniðin eftir gildandi ákvæðum um verkamannabústaði í kaupstöðum. Á býlum þeim, er rísa á landnámi ríkisins, verður því eignarhaldið með þessum hætti: Landið sjálft, framræst og að fullu undirbúið til ræktunar og auk þess 5 hektarar ræktaðs lands, er í eign ríkisins, en leigt ábúendum gegn lágri leigu. Önnur mannvirki eru í eign ábúanda með þeim takmörkunum, að Byggingarsjóður hefur forkaupsrétt á þeim gegn kostnaðarverði umsaminn lánstíma þeirra lána, sem tekin hafa verið til að reisa býlin. Heimilt er þó, að þau mannvirki séu einnig seld á leigu.

VI., VII. og VIII. kaflar.

Um nýbýli. Um viðhaldsskyldu o. fl. Ýmis ákvæði.

Þykja ekki þurfa skýringar við.

Fylgiskjal.

Áætlun um lánastarfsemi Byggingarsjóðs íslenzkra sveita frá ársbyrjun 1947 til ársloka 1956.

Vextir og afborgunartími.

Hugsum okkur, að lán sé tekið úr sjóðnum til byggingar íbúðarhúss, er kostar 50000 kr. Lánsupphæðin sé 75% af kostnaðarverði, eða 37500 kr. Gert er ráð fyrir, að lánið sé endurgreitt með jöfnum árlegum greiðslum vaxta og afborgana (annuitetslán). Í eftirfarandi töflu sést, hve miklu hinar árlegu greiðslur nema og hve mikill hundraðshluti þær eru af hinu upprunalega láni, ef vextir eru 2% og lánstíminn mismunandi.

Lánstími ár	Árleg greiðsla	Hundraðshluti af láninu
25	1920	5.12
26	1864	4.97
30	1675	4.47
33	1564	4.17
35	1500	4.00
40	1371	3.66
42	1328	3.54
45	1272	3.39
50	1193	3.18

Hagur sjóða þeirra, er renna eiga í Byggingarsjóð.

Það eru eftirtaldir þrír sjóðir, er renna eiga í Byggingarsjóð íslenzkra sveita: Byggingarsjóður, Nýbýlasjóður og Smábýladeild Búnaðarbankans. Samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarbankanum er hagur þessara þriggja sjóða í árslok 1945 nálægt því, sem eftirfarandi efnahagsreikningur sýnir:

Eignir:	Millj. kr.	Skuldir:	Millj. kr.
Útlán	3 002	Skuldabréf í umferð	0 600
Handbært fé	1 136	Aðrar skuldir	0 112
		Hrein eign	3 426
	Alls 4 138		Alls 4 138

Hér er reiknað með, að hagur sjóða þessara breytist ekki frá þessu, þar til hinn nýi sjóður tekur til starfa, enda varla ástæða til að gera ráð fyrir verulegum breytingum.

Útlán sjóðsins.

Reiknað er hér með, að sjóðurinn láni út 8 millj. kr. á ári hverju í tíu ár. Fé til þessara útlána fáist að nokkru leyti úr stofnsjóði og að nokkru leyti með útgáfu skuldabréfa. Reiknað er með, að útlán sjóðsins séu að meðaltali til 35 ára og að árlegar greiðslur, vextir og afborganir séu 4% af hinni upprunalegu lánsupphæð. Er þá reiknað með, að vextir séu 2%. Gert er ráð fyrir, að lánin séu vaxta- og afborganalaus fyrstu tvö árin. Er þetta vegna þess, að þau lán, er fara til byggðarhverfa, eru vaxta- og afborganalaus, meðan þau eru á hendi landnámsstjóra. Enn fremur verður að gera ráð fyrir, að erfiðast gangi með innheimtu fyrstu árin eftir að býlin eru reist, og hefur því þótt varlegra að áætla, að öll lán séu vaxta- og afborganalaus fyrstu tvö árin. Hér er ekki heldur tekið neitt tillit til bráðabirgðalánanna, sem eru með 5% vöxtum. Þetta hvort tveggja gerir afkomu sjóðsins nokkuð lakari í þessum útreikningum en sennilegt er, að þurfi að verða í reyndinni. Í eftirfarandi töflu sést, hve miklu útlánin og endurgreiðslurnar nema á ári hverju. Gert er ráð fyrir, að þessar greiðslur séu ekki fyrirframgreiðslur, heldur greiðist eftir á. Vextir fyrir hvert ár eru síðan reiknaðir af útlánum eins og þau voru í árslok árið á undan, þó þannig, að útlán þess árs reiknast ekki með þeirri upphæð. Með því að draga vextina frá hinum árlegu endurgreiðslum fást afborganirnar, og síðan hin útistandandi útlán í árslok eins og taflan sýnir.

	Útlán á ári kr.	Árlegar endurg., afb. og vextir kr.	Útlán í árslok, er vextir reikn. af árið á eftir kr.
1947	8 000 000	0	0
1948	8 000 000	0	8 000 000
1949	8 000 000	320 000	15 840 000
1950	8 000 000	640 000	23 516 800
1951	8 000 000	960 000	31 027 136
1952	8 000 000	1 280 000	38 367 679
1953	8 000 000	1 600 000	45 535 033
1954	8 000 000	1 920 000	52 525 734
1955	8 000 000	2 240 000	59 336 249
1956	8 000 000	2 560 000	65 962 974
	80 000 000	11 520 000	

	Vextir kr.	Afborganir kr.	Útist. útlán í árslok kr.
1947	0	0	8 000 000
1948	0	0	16 000 000
1949	160 000	160 000	23 840 000
1950	316 800	323 200	31 516 800
1951	470 336	489 664	39 027 136
1952	620 543	659 457	46 367 679
1953	767 354	832 646	53 535 033
1954	910 701	1 009 299	60 525 734
1955	1 050 515	1 189 485	67 336 249
1956	1 186 725	1 373 275	73 962 974
	5 482 974	6 037 026	

Af útlánum sjóðsins væru því útistandandi um 74 millj. kr. í árslok 1956.

Gömul útlán.

Auk útlánanna á árunum 1947—56 er gert ráð fyrir, að sjóðurinn eigi útistandandi 3 millj. kr., er hann hefur starfsemi sína, en þeirri upphæð munu útlán þeirra þriggja sjóða, er renna eiga í Byggingarsjóð, nema um áramótin 1945—46. Er reiknað með því, að endurgreiðslur af þessum lánum nemi 5% á ári, og séu vextir 4%, en lánin til 42 ára, allt samkvæmt upplýsingum Búnaðarbankans. Er þá reiknað með þessum gömlu útlánum eins og um ný útlán væri að ræða, og verða því afborganir minni en þær ættu að vera. Vextir, afborganir og eftirstöðvar af útlánum er síðan reiknað á sama hátt og í töflunni hér að framan.

	Árl. endurgr., afb. og vextir af gömlum útl. kr.	Gömul útl. í ársl., er vextir reikn. af árið á eftir kr.	Vextir kr.	Afborganir kr.
1946	150 000	3 000 000	0	0
1947	150 000	2 970 000	120 000	30 000
1948	150 000	2 938 800	118 800	31 200
1949	150 000	2 960 352	117 552	32 448
1950	150 000	2 872 606	116 254	33 746
1951	150 000	2 837 510	114 904	35 096
1952	150 000	2 801 010	113 500	36 500
1953	150 000	2 763 050	112 040	37 960
1954	150 000	2 723 572	110 522	39 478
1955	150 000	2 682 515	108 943	41 057
1956	150 000	2 639 816	107 301	42 699
	1 500 000		1 139 816	360 184

Eftir þessi tíu ár verða því enn útistandandi um 2.6 millj. kr. af þessum gömlu útlánum.

Vaxtabréfaútgáfa sjóðsins.

Fé það, er sjóðurinn lánar út, fæst að nokkru leyti úr stofnsjóði, en að mestu með útgáfu vaxtabréfa. Í eftirfarandi töflu sést, hve mikið er gert ráð fyrir, að fáist úr stofnsjóði og hve mikið með útgáfu vaxtabréfa. Reiknað er með, að vaxtabréfin séu til 25 ára, og séu 4% þeirra dregin út á hverju ári. Sést í töflunni, hve miklu sá dráttur nemur og hve mikilli upphæð vaxtabréf í umferð nema um hver árslok. Auk þeirra vaxtabréfa, er sjóðurinn gefur út til útlána sinna á árunum 1947—56, er hér enn fremur reiknað með, að sjóðurinn erfi frá nýbýlasjóði vaxtabréf að upphæð

600000 kr., er dragist út með sama hraða og önnur bréf og séu með sömu vöxtum. Eru þau því reiknuð með öðrum skuldabréfum í töflunni.

	Útlán úr stofnsjóði millj. kr.	Útgefin skuldabréf millj. kr.	Alls millj. kr.	Útdregið millj. kr.	Skuld í árslok millj. kr.
1947	6.00	2.60	8.60	0.024	2.576
1948	2.00	6.00	8.00	0.104	8.472
1949	2.00	6.00	8.00	0.344	14.128
1950	1.00	7.00	8.00	0.584	20.544
1951	1.00	7.00	8.00	0.864	26.680
1952	1.00	7.00	8.00	1.144	32.536
1953	0	8.00	8.00	1.424	39.112
1954	0	8.00	8.00	1.744	45.368
1955	0	8.00	8.00	2.064	51.304
1956	0	8.00	8.00	2.384	56.920
	13.00	67.60	80.60	10.680	

Vaxtabréf sjóðsins í umferð mundu því nema 56.9 millj. kr. í árslok 1956.

Gjöld sjóðsins og tekjur.

Reiknað er með því, að öll skuldabréf hvers árs séu gefin út í ársbyrjun, sömuleiðis fari útdráttur bréfa þá fram, svo að vextir reiknist fyrir hvert ár af öllum útistandandi skuldabréfum um hver árslok. Vextir af skuldabréfum séu 4%. Hinar árlegu vaxtagreiðslur verða þá eins og eftirfarandi tafla sýnir. Rekstrarkostnaður sjóðsins er áætlaður 500000 kr. á ári hverju. Byggist sú áætlun á því, að árið 1944 var rekstrarkostnaður þeirra þriggja sjóða, er renna eiga í Byggingarsjóð, 186000 kr., og kostnaður við teiknistofu landbúnaðarins, er aðallega eða eingöngu verður kostuð af Byggingarsjóði, 62000 kr., eða samtals 248000 kr. Þar sem starfsemi bæði sjóðsins og teiknistofunnar hér yrði stóraukin, er það sjálfsagt ekki of hátt að reikna með 500000 kr. rekstrarkostnaði.

Vaxtatekjur sjóðsins voru áður útreiknaðar hér að framan, og eru hér bara lagðar saman vaxtatekjur hans af gömlum og nýjum útlánum.

Tekjuhalli sjóðsins á ári hverju, er greiða verður með framlagi því, er sjóðurinn fær úr ríkissjóði, hefur síðan verið reiknaður út, eins og sést á töflunni.

	Vaxtagreiðslur kr.	Rekstrar-kostnaður kr.	Vaxta-tekjur kr.	Gjöld umfram tekjur kr.
1947	103 040	500 000	120 000	483 040
1948	338 880	500 000	118 800	720 080
1949	565 120	500 000	277 552	787 568
1950	821 760	500 000	433 054	888 706
1951	1 067 200	500 000	585 240	981 960
1952	1 301 440	500 000	734 043	1 067 397
1953	1 564 480	500 000	879 394	1 185 086
1954	1 814 720	500 000	1 021 223	1 293 497
1955	2 052 160	500 000	1 159 458	1 392 702
1956	2 276 800	500 000	1 294 026	1 482 774
	11 905 600	5 000 000	6 622 790	10 282 810

Vaxtagreiðslur mundu á þessum tíu árum nema 11.9 millj. kr., reksturskostnaður 5 millj. kr., vaxtatekjur 6.6 millj. kr. og tekjuhalli 10.3 millj. kr. Enda þótt í frumvarpinu sé ekki sett ákvæði um ríkisframlag til sjóðsins lengur en í þessi tíu ár, er

það auðvitað, að sjóðurinn einnig eftir þann tíma verður að fá framlag úr ríkissjóði til að greiða vaxtamismuninn og rekstrarkostnað sinn, jafnvel þótt hann hætti öllum útlánum.

Stofnsjóður.

Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram fé til sjóðsins við stofnun hans, svo að stofnsjóðurinn næmi 10 millj. kr. Sjóðir þeir, er renna eiga í Byggingarsjóð, áttu í árslok 1945 hreina eign, er nam um það bil 3.426 millj. kr. Framlag ríkisins yrði því 6.574 millj. kr., ef engin breyting verður hér á, þar til sjóðurinn tekur til starfa. Enn fremur er gert ráð fyrir, að ríkið legði sjóðnum árlega til 2.5 millj. kr., er notað væri til að greiða tekjuhalla hans, og bættist afgangurinn við stofnsjóð. Stofnsjóðurinn fer því vaxandi frá ári til árs, eins og sést í eftirfarandi töflu. Útlán úr stofnsjóði fást með því að draga útistandandi skuldabréf sjóðsins frá öllum útlánum hans. Handbært fé verður síðan mismunurinn á þessum útlánum og öllum stofnsjóðnum.

	Stofnsjóður alls kr.	Útlán úr stofnsjóði kr.	Handbært fé í stofnsjóði kr.
1947	12 016 960	8 394 000	3 622 960
1948	13 796 880	10 466 800	3 330 080
1949	15 509 312	12 618 352	2 890 960
1950	17 120 606	13 845 406	3 275 200
1951	18 638 646	15 184 646	3 454 000
1952	20 071 249	16 632 689	3 438 560
1953	21 386 163	17 186 083	4 200 080
1954	22 592 666	17 881 306	4 711 360
1955	23 699 964	18 714 764	4 985 200
1956	24 717 190	19 682 790	5 034 400

Eftir þessi tíu ár mundi þá stofnsjóðurinn nema 24.7 millj. kr., og mætti útgáfa skuldabréfa nema þrefaldri þeirri upphæð, eða um það bil 74 millj. kr., en næmi samkvæmt áætluninni hér að framan aðeins 56.9 millj. kr. Sjóðurinn hefði því enn talsvert svigrúm til útgáfu skuldabréfa.

Árlegar greiðslur sjóðsins til afborgana, vaxta og rekstrarkostnaðar yrði eins og eftirfarandi tafla sýnir:

	Útgjöld sjóðsins til afborgana, vaxta og rekst.kostn. kr.
1947	627 040
1948	942 880
1949	1 409 120
1950	1 905 760
1951	2 431 200
1952	2 945 440
1953	3 488 480
1954	4 058 720
1955	4 616 160
1956	5 160 800

Ef þetta yfirlit er borið saman við, hve mikið handbært fé í stofnsjóði sjóðurinn á í lok hvers árs, sést, að hann á nóg handbært fé til að standa skil á öllum greiðslum sínum næsta ár og ríflega það flest árin. Sjóðurinn ætti því ekki að geta komizt í greiðsluþrot, enda þótt allar afborganir af útlánum hans brygðust í heilt ár.

Sé framlag ríkisins til sjóðsins 2 millj. kr. í stað 2.5, mundi stofnsjóðurinn nema 19.7 millj. kr. í árslok 1956. Mundi það að vísu nægja til skuldabréfaútgáfu þeirrar,

er hér er ráð fyrir gert, en handbært fé mundi sjóðurinn þá ekkert eiga og svigrúm hans til aukinnar skuldabréfaútgáfu vera mjög lítið. Þetta framlag mundi því ekki nægja sjóðnum.

Efnahagsreikningur í árslok 1956.

Á grundvelli þessara áætlana má stilla upp hugsanlegum efnahagsreikningi 31. desember 1956:

Eignir:		
Útistandandi af gömlum lánum	kr.	2 639 816
Útistandandi af nýjum lánum	—	73 962 974
Bankainnstæður og peningar í sjóði	—	5 034 400
Alls	kr.	81 637 190
Skuldir:		
Vaxtabréf í umferð	kr.	56 920 000
Hrein eign	—	24 717 190
Alls	kr.	81 637 190

Samkvæmt þessu nema skuldbindingar sjóðsins 56 920 000 kr., en hrein eign er 24 717 190 kr., eða sem næst 43.4% af þessari upphæð. Fjárhagur sjóðsins stendur því mjög traustum fótum, og getur hann staðið undir miklum töpum, án þess að leita þurfi til ríkisábyrgðarinnar. Sjóðurinn hefur einnig talsvert svigrúm að gefa út skuldabréf, þar sem útistandandi bréf hans eru að upphæð 56.9 millj. kr., en mættu nema um 74 millj. kr.

Handbært fé sjóðsins er að vísu aðeins um 6.6% af útistandandi lánum hans, en „likviditet" hans verður þrátt fyrir það að teljast góð, eins og að framan greinir.

Eins og starfsemi sjóðsins hefur verið áætluð hér, getur sjóðurinn ekki haldið áfram starfsemi sinni í jafnstórum mæli að þessum tíu árum loknum. Hann verður annaðhvort að minnka útlán sín mikið eða fá aukin framlög úr ríkissjóði, eða rýmri rétt til skuldabréfaútgáfu, nema hvort tveggja sé.

Sþ. 464. Tillaga til þingsályktunar

um virkjun Sogsins o. fl. og orkuveitur um Suðurland og til Vestmannaeyja.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Einarsson, Helgi Jónasson, Gísli Sveinsson, Sveinbjörn Högnason, Ingólfur Jónsson, Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða áætlunum um virkjun Sogsins og annarra fallvatna, sem hér kunna að koma til greina, er miðist við það, að fullnægt verði raforkuþörf Suðurlands og Vestmannaeyja.

Rannsóknum þessum verði flýtt svo, að unnt verði að leggja fullnaðaráætlanir fyrir næsta Alþingi þegar í byrjun þess.

Enn fremur að afla tilboða fyrir sama tíma í háspennulínur frá Sogsorkuveri um Suðurlandssýslurnar, eftir því sem þarf, svo og efnis í spennistöðvar í þeim héruðum.

Greinargerð.

Það leikur ekki á tveim tungum, að fólk í hinum ýmsu héruðum landsins þráir að fá raforkuna í þjónustu síma. Ber margt til þess. Fólki hefur nú um skeið fækkað við heimilisstörf bæði til sjávar og sveita og þó enn meira í sveitunum. Þörfin fyrir að létta störfin á heimilunum og greiða fyrir þeim er því mikil.

Þar sem raforkan er komin, aukast jafnan not hennar í þágu atvinnulífsins og heimilanna. Ný og margvísleg tæki eru tekin í notkun og til æ margháttaðri starfa.

Þar sem þörfin á raforkunni er svo brýn til ýmissa nota, má ekkert láta ógert, sem fært þykir til þess að greiða fyrir því, að sem flest heimili geti orðið hennar aðnjótandi.

Nú er í ráði að auka raforkuvinnslu í ýmsum héruðum landsins. Gera má ráð fyrir, að nú þegar verði gerðar ráðstafanir til þess að auka raforkuvirkjun Sogsins. Má vænta þess, að þá verði og bráðlega hægt að fá raforku frá Soginu um Suðurlandsundirlendið.

Einnig hefur komið til orða að athuga virkjunarmöguleika við önnur fallvötn en Sogið á Suðurlandi. Samkvæmt þessari tillögu er frjálst að haga þeim athugunum eftir ástæðum og áskorun héraðsbúa, eftir því sem ráðamenn og kunnáttumenn í þessum málum telja heppilegast.

Flutningsmenn þessarar tillögu vænta þess, að af stjórnarvaldanna hálfu verði gert allt, sem hægt er, til þess að flýta fyrir undirbúningi þessara mála og greiða fyrir framkvæmd þeirra, eftir því sem fjárhagsgeta og ástæður frekast leyfa.

Nd. 465. Breytingartillaga

við frv. til laga um sameiningu Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Flm.: Garðar Þorsteinsson, Sigurður E. Hlíðar.

Við 1. gr. Orðin „Árbær og“ í 4. línu falli niður.

Nd. 466. Frumvarp til laga

um lögreglustjóra í Búðahreppi í Fáskrúðsfirði.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Búðahrepps, lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Búðahreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda.

3. gr.

Lögreglustjóri fær laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Hafi hann á hendi oddvitastörf samkv. 2. gr., fær hann að auk laun fyrir þau úr sveitarsjóði samkv. samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans skulu settar með reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Búðahrepps og sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Búðahrepps í Fáskrúðsfirði og almennum óskum hreppsbúa.

Í bréfi oddvita, þar sem óskað er, að frumvarpið verði lagt fram á yfirstandandi þingi, er gerð grein fyrir málinu á þessa leið:

„Aðalástæður fyrir þessari ósk vorri eru þessar:

1. Einangrun kauptúnsins vegna samgönguerfiðleika, og því erfitt að ná til sýslumanns, bæði viðvíkjandi lögreglumálum og ýmiss konar lögfræðiaðstoð.
2. Störf oddvita eru orðin svo umfangsmikil, að ekki er fært að hafa þau sem hjáverkastarf, enda erfitt að fá mann í starfið.
3. Stærð kauptúnsins er orðin sambærileg við aðra þá staði, þar sem lögreglustjóri hefur þegar verið skipaður.
4. Búðakauptún er eina kauptúnið af hinum fjölmennari á Austurlandi, þar sem ekki er sýslumaður eða bæjarfógeti.
5. Búðakauptún er annar mesti útgerðarstaður á Austfjörðum, og mun útgerð þar aukast mikið á næstu árum.

Það er ósk vor, að fram sé tekið í frumvarpinu, að lögreglustjóri hafi tillögurétt í hreppsnefnd, en ekki atkvæðisrétt, nema hann sé líka hreppsnefndarmaður.

Með fylgir meðmælabréf sýslumannsins í Suður-Múlasýslu með málaleitan þessari.“

Bréf sýslumannsins er þannig:

„p. t. Fáskrúðsfirði, 5. janúar 1946.

Hér með leyfi ég mér að tjá yður, herra oddviti, að ég fellst á rök yðar fyrir því, að sérstakur lögreglustjóri sé skipaður í Búðakauptúni, og mæli með því fyrir mitt leyti, að fyrirhuguð lagasetning yðar hér að lútandi nái fram að ganga.

Kristinn Júlíusson
(settur).

Til oddvitans í Búðahreppi.“

Þá skal þess einnig getið, að 200 kjósendur í hreppnum hafa undirskrifað áskorun til hreppsnefndar um, að hún útvegi strax fastan lögreglumann fyrir kauptúnið.

Nánari grein mun gerð fyrir málinu í framsögu.

Nd. 467. Breytingartillaga

við frv. til l. um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal annast stjórn verksmiðjunnar. Nánari ákvæði um rekstur verksmiðjunnar skal setja með reglugerð.

Ed. # 468. Frumvarp til laga

um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI

1. gr.

Félag, er nefnist Íslenzk endurtrygging, skal hafa á hendi starfsemi þá, sem lög þessi kveða á um.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk félagsins er:

1. Að annast endurtryggingu fyrir íslenzk vátryggingarfélög, einkum á sviði sjótrygginga, en heimilt er því að taka að sér endurtryggingar á hvaða sviði vátrygginga sem er.
2. Að annast stríðsslysatryggingar íslenzkra skipshafna samkvæmt lögum, er um þær gilda á hverjum tíma, svo og stríðsslysatryggingar og aðrar skyldar slysatryggingar íslenzkra skipshafna samkvæmt samningum, að því leyti sem félagsstjórn ákveður.
3. Að taka að sér endurtryggingar fyrir erlend vátryggingarfélög, eftir því sem stjórn félagsins telur hentugt.

Skylt er að kaupa hjá félaginu stríðsslysatryggingar samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar.

Heimilt er félaginu að taka sams konar tryggingar á erlendum skipum í íslenzkri þjónustu.

3. gr.

Áhættufé félagsins er:

A. Framlagt áhættufé.			
1. Af ríkissjóði		kr. 1850000.00	
2. Af eftirtöldum tryggingafélögum:			
Tryggingastofnun ríkisins ...	kr. 136000.00		
Brunabótafélagi Íslands	— 136000.00		
Sjóvátryggingarfél. Íslands h/f	— 136000.00		
		— 408000.00	
3. Af útgerðarmönnum		— 2706000.00	
			kr. 4964000.00
B. Áhættufjárábyrgðir.			
1. Ábyrgð ríkissjóðs		kr. 856000.00	
2. Ábyrgðir tryggingafélaganna þriggja:			
Tryggingastofnunar ríkisins ..	kr. 60000.00		
Brunabótafélags Íslands	— 60000.00		
Sjóvátryggingarfél. Íslands h/f	— 60000.00		
		— 180000.00	
			— 1036000.00
		Samtals	kr. 6000000.00

4. gr.

Sjóðir félagsins eru:
I. Varasjóður.
II. Arðjöfnunarsjóður.
III. Almennur endurtryggingasjóður.
IV. Bónussjóður. Hann er séreignarsjóður.

5. gr.

Fé það, ábyrgðir og sjóðir, er um ræðir í 3. og 4. gr., er til tryggingar skuldbindingum félagsins, þannig að fyrst er varasjóður (4. gr. I), næst arðjöfnunarsjóður (4. gr. II), þá áhættufé (3. gr. A. og B. hlutfallslega), þá hinn almenni endurtryggingasjóður (4. gr. III) og loks bónussjóður (4. gr. IV).

6. gr.

Engir þeirra, sem taka þátt í félaginu, ábyrgjast skuldbindingar þess umfram áhættufé, sbr. 3. gr., sjóði, sbr. 4. gr., og tekjuafgang, sem er í vörzlu félagsins á hverjum tíma.

7. gr.

Sérhverjum eiganda áhættufjárins, sbr. 3. gr., ber að afhenda skírteini, er greinir:
1. Nafn eiganda og heimilisfang.
2. Upphæð eignar.
3. Númer skírteinis.

Um skírteinin gilda reglur þær, er hér greinir, og sé þeirra getið á skírteininu:
1. Eigandi er háður lögum, sem um félagið eru sett á hverjum tíma.
2. Skírteinið veitir atkvæðisrétt við kosningar í stjórn félagsins, sbr. 8. gr., samkvæmt reglum, er félagsstjórn setur um þá kosningu, en ekki annan rétt til afskipta af málum þess.
3. Féð er óuppsegjanlegt.
4. Skírteinið verður ekki framselt né veðsett eða látið af hendi á annan hátt, nema félagsstjórn samþykki, og á hún fyrir félagsins hönd innlausnarrétt á því fyrir matsverð dómkvaddra manna.
5. Skírteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, þó aldrei yfir 6%, sbr. þó 3. lið 9. gr.
6. Skírteinum fylgir skattfrelsi samkvæmt 10. gr.

8. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum. Tilnefnir ríkisstjórnin tvo þeirra, og er annar formaður stjórnarinnar. Þann þriðja tilnefna tryggingafélögin þrjú, sem þátt taka í félaginu, og ákveða þau nánar sjálf, hvernig þeirri tilnefningu er hagað. Þann fjórða og fimmta tilnefna aðrir eigendur skírteina þeirra, sem um ræðir í 7. gr.

Farist tilnefning fyrir af hálfu einhvers framangreindra aðila, á ríkisstjórnin tilnefningarréttinn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, sbr. þó 1. mgr., og ákveður starfstilhögun félagsins. Ráðherra ákveður laun stjórnarinnar.

Stjórnin er tilnefnd til þriggja ára í senn.

9. gr.

Tekjuafgangi félagsins skal ráðstafað þannig:
1. Í varasjóð skal fyrst leggja allt að 10%.
2. Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%.
3. Heimilt er stjórn félagsins að mynda arðjöfnunarsjóð og leggja í hann allt að 4% af innborguðu áhættufé á ári hverju. Sjóður þessi má þó aldrei nema meiru en 25% af innborguðu áhættufé.

Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunarsjóði, getur stjórn félagsins ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að meðalársarður verði 6%.

4. Sá hluti tekjuafgangs, sem eftir er, skal lagður í hinn almenna endurtryggingasjóð, að því leyti sem stjórn félagsins telur eigi þörf á að yfirfæra hann til næsta árs.

10. gr.

Allt framlagt áhættufé félagsins, hvaðan sem það er runnið, og skírteinin, sem um það verða gefin, eru undanþegin öllum sköttum og gjöldum til ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga, öðrum en eignarskatti til ríkis, en útborgaður arður, í hverri mynd sem er, er skattskyldur samkvæmt almennum skattalögum á hverjum tíma.

Á sama hátt er fé í bónussjóði undanþegið öllum sköttum, meðan það er eigi af hendi greitt.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki skatthlunnindum, er einstakir þátttakendur í félaginu kunna að njóta að lögum.

11. gr.

Stjórn félagsins sér um ávöxtun á fé þess.

Að svo miklu leyti sem féð þarf ekki að vera handbært, skal jafnan ávaxta upphæð, er nemi jafnmiklu og innborgað áhættufé, í ríkistryggðum verðbréfum eða öðrum verðbréfum, sem skráð eru á opinberu gengi, þó ekki hlutabréfum. Einnig má ávaxta þetta fé að einum fimmta hluta í fasteignum félagsins sjálfs.

Að öðru leyti er félagsstjórn heimilt að ávaxta féð á þann hátt, er hún telur öruggt, svo sem með því að veita lán gegn veði í fasteignum og lán gegn ábyrgð ríkisins eða bæjar- og sýslufélaga.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum tilnefndum af aðalendurskoðanda ríkisins, hinum af skírteiniseigendum þeim, er kosningarrétt hafa á tveim mönnum í félagsstjórn samkv. 7. gr.

13. gr.

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða bæjarfélaga.

Skírteini þess og önnur skjöl, er það gefur út, eru ekki stimpilskyld.

II. KAFLI

Um stríðstryggingar.

14. gr.

Til ársloka 1947 er skylt að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenzkum skipum og bátum, ef skylt er að slysatryggja þær samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937. Tryggingarskylda þessi hvílir á sömu aðilum og skyldan til að tryggja skipshafnirnar hinni almennu slysatryggingu samkvæmt nefndum lögum.

15. gr.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess til þess spyrjist, hversu týnzt hefur.

16. gr.

Lögboðin trygging skipshafna samkvæmt lögum þessum fær gildi, þótt farizt hafi fyrir að tryggja.

Nú eru samningar gerðir milli stéttarfélaga útgerðarmanna og stéttarfélaga sjómanna um víðtækari tryggingar í sambandi við stríðsslysaáhættu en ákveðið er í lögum þessum, og skulu aðilar þá tilkynna það félaginu í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti. Gengur tryggingin þá þegar í gildi, sbr. 22. gr. Séu slíkir samningar gerðir milli annarra en fyrrgreindra stéttarfélaga, fær hin víðtækari trygging ekki gildi fyrr en félagið gefur út iðgjaldakvittun eða tryggingarskírteini.

17. gr.

Ákveða skal með reglugerð hámark þeirra dánartrygginga, sem félagið má taka að sér í eigin áhættu á hverju skipi í einni og sömu ferð.

Ef sú upphæð nægir ekki til lögboðinnar eða umsaminnar tryggingar á skipshöfninni, skal félagið þó taka það, sem á vantar, enda sé endurtrygging fáanleg hjá öruggu vátryggingafélagi, að dómi félagsstjórnar.

Sé slík endurtrygging ekki fáanleg, eða ef hún ferst fyrir vegna vanrækslu þess, sem tryggingarskyldan hvílir á samkv. 14. gr., ábyrgist ríkissjóður, gegn iðgjaldi, er ráðherra ákveður eftir tillögum félagsstjórnar, þann hluta hinnar lögboðnu tryggingar, sem umfram er eigin áhættu félagsins.

18. gr.

Útgerðarmanni ber hverju sinni að tilkynna félaginu eða umboðsmanni þess, fyrir hvaða upphæð hann þarf að tryggja skipshöfn sína, og veita aðrar þær upplýsingar, er þýðingu hafa fyrir áhættuna.

Nú rennur trygging út, og skal hún þá endurnýjuð óbreytt á kostnað útgerðarmanns, ef hann hefur ekki tilkynnt félaginu í tæka tíð, að henni skuli breytt eða hún falla niður. Útgerðarmaður ber ábyrgð á því, að vátryggingaupphæðir séu nægilega háar.

Ef vanrækt hefur verið að tryggja þá, sem tryggja ber, á félagið engu að síður kröfu á iðgjaldi fyrir áhættuhluta sinn, samkvæmt almennum reglum sínum.

Útgerðarmönnum ber að bæta félaginu, eða eftir atvikum ríkissjóði, allt tjón, er hlýzt af röngum eða villandi upplýsingum þeirra eða annarri vanrækslu á tryggingum, er þeim ber að sjá um.

19. gr.

Iðgjöld ákveður stjórn félagsins fyrir ákveðna ferð eða ákveðinn tíma, í samræmi við áhættuna, þegar trygging hefst eða er endurnýjuð, og með hliðsjón af því, hvað sams konar tryggingar kosta erlendis. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt og hvíla sem lögveð á skipinu eða vátryggingarbótum þess.

20. gr.

Fyrir hvern tryggðan skipverja greiða útgerðarmenn fiskiskipa 5 rúmlesta (brúttó) og stærri 4 kr. í iðgjald á viku, en útgerðarmenn smærri báta 2 kr. á viku. Það, sem vantar á fullt iðgjald, greiðir ríkissjóður, enda fær hann uppbót (bónus), er þessir útgerðarmenn kunna að eignast tilkall til.

Hlunninda samkv. þessari grein njóta aðeins skip innan við 80 rúmlestir brúttó, enda hafi þau ekki siglt til útlanda á almanaksárinu.

21. gr.

Skráningarstjórar skipshafna skulu senda félaginu afrit af skráningu skipshafna á tryggingarskyld skip.

Þeir skulu og annast innheimtu iðgjalda og umboðsmennsku, eftir því sem félagsstjórn ákveður, gegn þóknun, er um semst við hana.

Verði ágreiningur, sker ráðherra úr.

III. KAFLI
Um stríðsslysabætur.

22. gr.

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglum:

I. a. Auk þeirra dagpeninga, sem ákveðnir eru í 10. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag, frá því er slysið vildi til, í allt að 52 vikur samtals.

b. Auk þeirra örorkubóta, sem ákveðnar eru í 10. gr. fyrrgreindra laga, skal greiða kr. 22000.00 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%. Félagsstjórn getur ákveðið, að örorkubætur greiðist sem árlegur lífeyrir, ef örorkan er metin 50% eða meiri.

c. Auk þeirra dánarbóta, sem ákveðnar eru í 11. gr. fyrrnefndra laga, greiðast dánarbætur samkvæmt eftirfylgjandi töflu:

	Ekkja (ekkill) kr.	Börn innan 16 ára kr.	Foreldrar kr.	Samtals kr.
Ekkja (ekkill)	12000	„	„	12000
— með 1 barn	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar)	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri	12000	5000	4000	21000
1 barn	„	12000	„	12000
2 börn	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar)	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar)	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar)	„	„	12000	12000

II. Auk þeirra trygginga, sem ræðir um í b- og c-lið hér að framan, er skylt að tryggja alla skipverja á skipum 300 smálestir (brúttó) og stærri, öðrum en togurum, fyrir jafnháum upphæðum og þar segir. Skulu upphæðirnar greiddar til tryggðra sjálfs eða þeirra vandamanna hans, sem bæturnar eiga að hljóta, nema þeir óski heldur, að félagsstjórnin verji þeim til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélögum. Skerðir slíkur lífeyrir eigi önnur eftirlaun, er hlutaðeigendur kunna að eiga rétt á. Fyrir tryggingarbætur, sem samkv. þessari grein falla til barna innan 16 ára aldurs, er félagsstjórninni heimilt að kaupa barnalífeyri þeim til handa hjá viðurkenndum tryggingarfélögum, enda komi til samþykki forráðamanna barnanna.

Heimilt skal félagsstjórninni að semja við vátryggingarfélög þau, sem selt hafa lífeyri samkvæmt lögum um stríðsslysabætur, að innleysa skírteini handhöfum að skaðlausu, enda komi samþykki þeirra eða forráðamanna þeirra til.

23. gr.

Börn hljóta því aðeins bætur, að þau hafi verið á framfæri hins látna. Fósturbörn hafa sama rétt til bóta og börn. Þau börn hins látna, sem eru eldri en 16 ára og hafa verið á framfæri hans sökum varanlegrar örorku (eigi minni en 50% örorku), hafa sama rétt til bóta og börn yngri en 16 ára. Systkini hins látna, sem voru algerlega á framfæri hans sökum bernsku eða örorku (50%), þegar slysið vildi til, hafa

sama rétt til bóta og börn, en bætur til þeirra skerða þó ekki bótarétt barna eftir reglum fyrstu málsgreinar, staflið c, 22. gr.

24. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

25. gr.

Eigi hinn tryggði eða bú hans skaðabótarétt gegn þriðja aðila út af atviki því, er olli greiðsluskyldu félagsins, öðlast félagið þann bótarétt, er það greiðir bæturnar, að því leyti er með þarf, til þess að það verði skaðlaust.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

26. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum allt að kr. 100000.00, og skal farið með mál út af brotum á þeim sem almenn lögreglumál.

27. gr.

Nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess, réttindi og skyldur þátttakenda í félaginu, hinna tryggðu og hinna tryggingarskyldu, skulu sett með reglugerð, er stjórn félagsins semur, en ráðherra staðfestir.

Í reglugerðina má setja ákvæði um, að brot gegn henni varði refsingu, allt að kr. 100000.00 sekt.

Þar til ný reglugerð hefur verið staðfest, gilda ákvæði reglugerðar nr. 61 6. maí 1944, eftir því sem við á.

28. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 106 30. des. 1943, um stríðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna, en Íslenzk endurtrygging tekur við öllum réttindum og skyldum þess.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 469. Nefndarálit

um frv. til l. um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft málið til athugunar og m. a. rætt um það við dr. Jakob Sigurðsson fiskifræðing, sem veitti nefndinni ýmsar upplýsingar varðandi málið.

Eysteinn Jónsson hefur fyrirvara um þau ákvæði frv., er fjalla um stjórn verksmiðjunnar.

Nefndin varð sammála um að mæla með frv., þó með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Greinin fellur niður, og greinatala frv. breytist samkv. því.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir verksmiðjuna til þriggja ára í senn. Önnur ákvæði um rekstur verksmiðjunnar svo og annað, er þurfa þykir í sambandi við byggingu hennar, skal ákveða í reglugerð.

Alþingi, 24. febr. 1946.

Sigurður Kristjánsson, form. Lúðvík Jósefsson, fundaskr., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Eysteinn Jónsson, með fyrirvara. Ásg. Ásgeirsson.

Ed. 470. Breytingartillaga

við frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi taka gildi 1. janúar 1947 og koma til framkvæmda á árunum 1947—1953, eftir því sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð.

Ed. 471. Breytingartillaga

við frv. til l. um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi, en ríkisstjórnin skal láta fram fara endurskoðun á þeim og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi.

Nd. 472. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og telur, að það sé til bóta frá gildandi löggjöf, og mælir því með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 25. febr. 1946.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. Þórður Benediktsson.

Gunnar Thoroddsen. Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 473. Lög

um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

(Afgreidd frá Nd. 25. febr.)

Samhljóða þskj. 263.

Sþ. 474. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Akureyrarkaupstað.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur athugað þingsályktunartillögu þessa og rætt við fjármálaráðherra um ábyrgðarheimildina. Lán það, sem hér um ræðir, ætlar Akureyrarkaupstaður að nota til þess að greiða upp danskt lán, sem á Laxárvirkjuninni hvílir og ríkisábyrgð er fyrir. Hér er því ekki um nýja ábyrgð að ræða að öðru en því, sem nemur gengishækkun dönsku krónunnar gagnvart hinni íslenzku, síðan 1938 að lánið var tekið.

Þar sem Laxárvirkjunin er fjárhagslega öruggt fyrirtæki og lántöku þessari mun verða þannig háttað, að fyrir láninu verði 1. veðréttur í virkjuninni, eins og hinn erlendi lánveitandi hafði, mælir fjárveitinganefnd með því, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 23. febrúar 1946.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson, frsm.
Skúli Guðmundsson.	Helgi Jónasson.	B. Kristjánsson.
Sigurður Kristjánsson.	Þórður Benediktsson.	Pétur Ottesen.

Nd. 475. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Síðari málsgr. 43. gr. laganna orðist svo:

Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar, hver í sínu umdæmi, gefa Hagstofunni skýrslu um skattaálagninguna og skýrslur um búfjárafurðir og vanhöld búfjár samkvæmt skattframtölum síðasta árs, í því formi, sem Hagstofan ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk fjármálaráðherra.

Síðasta búnaðarþing gerði eftirfarandi ályktun um söfnun skýrslna um búfjárafurðir o. fl.:

„Búnaðarþing ályktar að skora á landbúnaðarráðherra, að hann hlutist til um, að Hagstofa Íslands safni framvegis árlega skýrslum um framleiðslu búfjárafurða o. fl. samkvæmt þeim upplýsingum, er fyrir liggja í skýrslum búfjáreigenda til skattanefnda um tekjur af landbúnaði, og að skattanefndum verði falið að færa þessar skýrslur.

Enn fremur að skýrslur hreppstjóra um búfjáreign landsmanna verði framvegis miðaðar við eign um áramót, eins og skattaskýrslurnar, en ekki við eign í fardögum, eins og nú er, og að skýrslunni verði breytt í samræmi við það. (Sjá meðfylgjandi eyðublað).“

Ályktun þessa sendi Búnaðarfélag Íslands Hagstofunni með bréfi, dags. 12. júlí s.l., og óskaði þess, að ályktunin kæmi til framkvæmda sem fyrst.

Í bréfi sínu til fjármálaráðuneytisins, dags. 31. júlí, leggur hagstofustjórinn eindregið með því, að sú tilhögun þessara mála, sem í ályktuninni felst, verði upp tekin, en með því að gert er ráð fyrir, að skattanefndir gefi afurðaskýrslurnar eftir framtölum manna, í stað þess að hreppstjórar annast slíkar skýrslugerðir nú, þarf lagabreyting, og þykir bezt henta að taka ákvæði um þetta inn í 43. gr. laga um tekju- og eignarskatt, sem hefur að geyma fyrirmæli um skýrslugerðir skattanefnda.

Til frekari skýringar fylgir bréf hagstofustjóra.

Fylgiskjal.

HAGSTOFA ÍSLANDS
31. júlí 1945.

Með bréfi, dags. 12. þ. m., hefur Búnaðarfélag Íslands sent hingað eftirrit af tillögu búnaðarþings í vetur um að skora á ráðherra að hlutast til um, að Hagstofa Íslands safni framvegis árlega skýrslum um framleiðslu búfjárafurða o. fl. samkv. þeim upplýsingum, er fyrir liggja í skýrslum búfjáreigenda til skattanefnda um tekjur af landbúnaði, og að skattanefndum verði falið að færa þessar skýrslur. Enn fremur að skýrslur hreppstjóra um búfjáreign landsmanna verði framvegis miðaðar við eign um áramót eins og skattskýrslurnar, en ekki við eign í fardögum eins og nú. Með tillögunni fylgir greinargerð nefndar þeirrar, sem bar fram tillöguna á búnaðarþingi, og uppkast að skýrslueyðublaði, þar sem sýndar eru breytingar þær, sem búnaðarþing óskar, að gerðar verði.

Í bréfi sínu óskar Búnaðarfélagið þess, að þessar breytingar geti komið til framkvæmda sem fyrst.

Meðan málið var á döfinni, ræddi einn tillögumanna um það við mig, og var ég því mjög meðmæltur, að slík skýrslugjöf um framleiðslu búfjárafurða yrði upp tekin, þar sem tvímælalaust væri mikill fengur að fá slíkar skýrslur, og tillögumaður, sem er nákunnugur starfi skattanefnda, taldi engin vandkvæði á því fyrir nefndirnar að gefa slíkar skýrslur. Ekkert virðist heldur því til fyrirstöðu að breyta vorframtali búpenings í áramótaframtal, ef skýrslurnar með því móti valda minni fyrirhöfn, en verða samt ábyggilegri. Ég vil því mæla með því, að breytingum þeim á skýrslugerð, sem tillagan fer fram á, verði komið í framkvæmd.

Að því er snertir breytinguna á vorframtali í áramótaframtal, virðist sú breyting einfaldlega geta orðið framkvæmd á þann hátt, að hagstofan breyti eyðublaðinu, sem hreppstjórum er sent, samkvæmt því, og óski þess, að framvegis verði búfjártalan miðuð við áramót eins og skattframtöl, og ef ráðherrann fellst á þetta, mun hagstofan fara þannig að.

Hin fyrirhugaða skýrslugerð um framleiðslu búfjárafurða hefur hins vegar í för með sér aukna vinnu fyrir skattanefndir, sem ekki er gert ráð fyrir í lögum. Virðist því óhjákvæmilegt, að sett verði lagafyrirmæli um skyldu skattanefnda til þess að gera slíkar skýrslur, áður en farið yrði að heimta þær af þeim, og virðist þá liggja næst, að það yrði gert með breytingu á 43. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Ég legg því til, að ráðstafanir verði gerðar til slíkrar lagabreytingar, ef ráðherrann vill fallast á uppástungu búnaðarþings.

Eftirrit af tillögu búnaðarþings ásamt greinargerð og uppkasti að skýrslublaði sendist hér með.

Þorsteinn Þorsteinsson.

Nd. 476. Breytingartillögur

við frv. til l. um tunnusmíði.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 4. grein. Greinin falli burt.
2. Við 6. grein. Greinin orðist svo:
   Síldarútvegsnefnd annast stjórn og rekstur tunnuverksmiðja ríkisins og ræður starfsmenn þeirra.
3. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu, ef þurfa þykir, sett með reglugerð.

Ed. 477. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið mál þetta fyrir á fundi sínum, athugað frv. og borið það undir fiskiræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands.

Einn nefndarmanna (KA) var fjarstaddur.

Leggjum vér undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 26. febr. 1946.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Páll Hermannsson. Eiríkur Einarsson.

H. Guðmundsson.

Nd. 478. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1942.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., borið það saman við ríkisreikninginn og leggur til, að það verði samþykkt með leiðréttingu á einni tölu, sem er röng í frv.

Í sambandi við afgreiðslu þessa frv. vill nefndin vekja athygli á þeirri þál. um endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna, sem afgreidd var frá sameinuðu Alþingi 16. febr. 1945. Í þeirri ályktun var skorað á ríkisstjórnina að hraða útgáfu ríkisreikningsins meira en gert hefur verið að undanförnu, og er þess að vænta, að innan skamms sjáist árangur af þeirri ályktun Alþingis.

Um athugasemdir endurskoðenda verður rætt í framsögu.

Nefndin leggur því til að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Í stað „kr. 73 978 812.42“ í 1. tölul. I, komi: kr. 73 978 812.46.

Alþingi, 25. febr. 1946.

Ásg. Ásgeirsson, form. Ingólfur Jónsson, fundaskr. Skúli Guðmundsson, frsm.

Hallgr. Benediktsson. Einar Olgeirsson.

Ed. 479. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og l. nr. 114 30. des. 1943, um breyt. á þeim lögum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á allmörgum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. BSt telur málið þurfa frekari athugunar og er þess því eigi viðbúinn að taka afstöðu til þess. GÍG tók ekki þátt í afgreiðslu málsins. BBen, LJóh og StgrA mæla hins vegar með því, að frv. verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. a. Í stað orðanna „Skal leyfi til þeirra eigi veitt, ef hætta kann að þykja á því, —“ komi: Skal leyfi til þeirra eigi veitt, ef hætta þykir á því, —.

Alþingi, 26. febr. 1946.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Bernh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara. | Lárus Jóhannesson.

Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 480. Tillaga til þingsályktunar

um skipun milliþinganefndar til endurskoðunar útsvarslaganna.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson, Lárus Jóhannesson, Bjarni Benediktsson, Bernharð Stefánsson, Guðmundur Í. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu 5 manna milliþinganefnd til að endurskoða lögin um útsvör. Nefndin skal ljúka störfum sínum svo snemma, að unnt verði að leggja tillögur hennar fyrir næsta reglulegt Alþingi. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á þessum tveim síðustu þingum hefur efri deild haft til meðferðar frv. til laga um breytingu á lögunum um útsvör. Deildin hefur ekki tekið afstöðu til efnis frv., vegna þess að ráðgerð hafði verið endurskoðun á lögunum af hálfu ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Nú hefur hæstv. félagsmálaráðherra lýst yfir því, að þessi endurskoðun verði ekki nógu víðtæk nema til þess sé skipuð sérstök milliþinganefnd. Er því lagt til, að svo verði gert.

Ed. 481. Nefndarálit

um frv. til laga um Austurveg.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur kynnt sér og borið saman með gaumgæfni frumvarp þetta og nefndarálit milliþinganefndar þeirrar, er skipuð var af Alþingi til þess að rannsaka og skila rökstuddu áliti um samgöngubætur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Er frumvarpið í fyllsta samræmi við niðurstöðu nefndarálitsins, bæði að því er snertir vegarstæði og gerð vegarins að öðru leyti; sama er að segja um tímaákvarðanir, sem gerðar eru um framkvæmd þessa stórvirkis, og það, hvar hafizt skuli handa við gerð hins nýja vegar. — Einn nefndarmanna hreyfði því, að réttmætt væri að fella inn í frumvarpið ákvæði um, að hinn fyrri þjóðvegur um Svínahraun og Hellisheiði yrði numinn úr þjóðvegatölu, þegar Austurvegur verður fullger á tilsvarandi svæðum. Féllst nefndin á að flytja breytingartillögu, er að þessu lýtur, enda á þar öllu að vera óhætt, því að allt skal miðast við samgöngubætur, en enga samgönguröskun fyrir þá, er búa að núverandi þjóðvegi, og hlýtur í framkvæmdinni að verða séð um, að svo verði.

Þá þykir nefndinni rétt að geta þess, að tillögur milliþinganefndarinnar um varaleiðir raskast að engu leyti og horfa jafnt til framkvæmda, þótt frumvarp þetta verði að lögum og framkvæmdum hagað eftir því. En um þessa leið eina, er frumvarpið fjallar um, gerir milliþinganefndin tillögur um ákveðið árabil til framkvæmdanna og aðra ákveðna tilhögun, er gerir lagasetningu þá, er hér kemur til greina, eðlilega og nauðsynlega.

Nefndin gerir það að tillögu sinni, að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingartillögu, er minnzt hefur verið á og skráð verður hér á eftir, en að öðru leyti óbreytt. Ýtarlegri greinargerð verður að teljast óþörf, þar eð hið fróðlega og greinagóða álit milliþinganefndarinnar verður prentað hér sem fylgiskjal.

BREYTINGARTILLAGA.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, er hljóði svo (og breytist greinatala samkv. því):

Núverandi þjóðvegur frá Svínahrauni neðanverðu og austur yfir Hellisheiði skal numinn úr tölu þjóðvega, þegar tilsvarandi kafli Austurvegar er fullger.

Alþingi, 25. febr. 1946.

Eiríkur Einarsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal.

Nefndarálit milliþinganefndar í samgöngumálum Suðurlandsundirlendisins.

I. Störf nefndarinnar og starfshættir.

Hinn 10. marz 1944 var svo hljóðandi ályktun samþykkt í sameinuðu Alþingi um ákvörðun og framkvæmd gagngerðra samgöngubóta frá Reykjavík austur í Ölfus:

„Alþingi ályktar að fela 5 manna nefnd að rannsaka og skila rökstuddu áliti um það, á hvern hátt verði hagkvæmast og með mestu öryggi tryggðar samgöngur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, enda ljúki nefndin störfum svo fljótt sem auðið er.

Nefndinni ber að semja kostnaðaráætlun um þær samgöngubætur, er hún leggur til, að gerðar verði.

Fjórir nefndarmenn skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, en vegamálastjóri vera fimmti maður í nefndinni og formaður hennar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Þann hinn sama dag kaus Alþingi þessa menn í nefndina:

Emil Jónsson, vitamálastjóra,

Gunnar Benediktsson, rithöfund,

Jón Gunnarsson, framkvæmdastjóra, og

Árna Snævarr, verkfræðing.

Vegamálastjóri, sem samkv. nefndri þingsályktun er formaður nefndarinnar, kvaddi nefndina saman til fyrsta fundar í skrifstofu sína hinn 27. s. m. Nefndin kaus Árna Snævarr fyrir ritara.

Á þessum fundi og öðrum, er haldinn var 30. s. m., voru athugaðir uppdrættir af þeim leiðum, er komið höfðu til tals milli Reykjavíkur og Selfoss og mældir höfðu verið. Vegamálastjóra var falið á hendur að afla sem fullkomnastra upplýsinga um flutningamagn yfir Hellisheiði með því að safna skýrslum frá fyrirtækjum austanfjalls um magn þeirra vara, er fluttar hefðu verið á vegum þeirra hvers um sig, afla skýrslna frá sérleyfishöfum á þessari leið um farþegaflutninga og einnig láta fara fram umferðatalningu, eftir því sem kostur væri á. Þá var einnig á síðari fundinum rætt um kostnaðaráætlanir hinna ýmsu leiða, að svo miklu leyti, er þær lágu fyrir, og vegamálastjóra falið að sjá um mælingar og kostnaðaráætlanir á tilnefndum leiðum til viðbótar því, sem áður hafði verið gert. Árna Snævarr var falið að gera uppkast að heildarkostnaðaráætlun um steinsteyptan veg.

Sumarið 1944 var unnið að ýmsum mælingum og undirbúningi áætlana. Í júnímánuði fóru nefndarmenn aðrir en Jón Gunnarsson um Þrengslaleið frá Litla-Reykjafelli niður í Ölfus hjá Vindheimum, til þess að kynna sér leið þessa. Auk nefndarmanna voru með í förinni Jón Víðis mælingamaður i vegamálaskrifstofunni og Jón Ingvarsson verkstjóri. Var leiðin athuguð, og kynntu nefndarmenn sér staðhætti, meðal annars með tilliti til notkunar stórvirkra vinnuvéla.

Seint í október um haustið hófust fundir að nýju. Emil Jónsson var þá orðinn samgöngumálaráðherra og tilkynnti, að hann léti af störfum í nefndinni. Í hans stað var skipaður Ingimar Jónsson skólastjóri. Í desember fór Jón Gunnarsson einnig úr nefndinni, sökum farar til Vesturheims, og tók Árni Eylands framkvæmdastjóri sæti í nefndinni í hans stað.

Á tímabilinu til áramóta voru haldnir 7 fundir.

Á fyrsta fundinum 1945 lagði vegamálastjóri fram svör frá þeim aðilum, sem skrifað hafði verið um vorið til að fá upplýsingar um flutningsmagn, sömuleiðis lagði hann fram umferðatalningu, sem hafði farið fram um sumarið, einnig upplýsingar, er hann hafði fengið frá póst- og símamálastjóra um farþegafjölda á sérleyfisleiðum á Suðurlandsundirlendi. Þá lagði vegamálastjóri einnig fram skýrslu um það, hve marga daga Hellisheiði hefði verið ófær vegna snjóa árin 1940—1944. Þá og á næstu fundum var rætt um járnbrautarmálið og tekin afstaða í því, sem síðar verður rætt um. Einnig var á þeim fundi rætt mjög vandlega um samanburð á Kamba- og Þrengslaleið. Var ákveðið að kynna sér nánar en áður, hverjir möguleikar væru á því að leggja góðan og hallalítinn veg um Kamba. Fór nefndin 2. nóv. með mælingamann austur, og var athuguð ný leið, sem nefndarmenn komu sér saman um, að væri sú líklegasta, sem þar væri um að ræða.

Á áðurnefndum fundum til áramóta var síðan haldið áfram að ræða um Kambaleiðina á grundvelli nákvæmra mælinga, er fram fóru á veginum niður Kamba eftir þessa för, og samanburð á henni og Þrengslaleið. Var ákveðið, að vegamálaskrifstofan gerði áætlanir um undirbyggingu vegar eftir báðum þessum leiðum, þar sem lagt væri til grundvallar breidd vegar 8,75 m.

Þegar snjóalög voru mest síðastliðinn vetur og umferð hafði stöðvazt um Hellis-

heiði, fór starfsmaður í vegamálaskrifstofunni, Jón Víðis mælingamaður, og einn nefndarmanna, Gunnar Benediktsson, upp á Hellisheiði og alllangt suður í Þrengsli til þess að kynna sér samanburð á snjóalögum á þessum tveim leiðum. Næsta dag fóru nefndarmennirnir með Jóni Víðis upp úr Ölfusinu hjá Þurá og gengu eftir hjallanum fyrir ofan Hjalla og inn undir Eldborgarhraun á ráðgert vegarstæði um Þrengsli. Hafði áður komið til tals, hvort ekki mundi hægt að leggja veginn þessa leið niður í Ölfusið, því að með því mundi hægt að stytta Þrengslaleiðina allverulega. Í júní 1945 fóru nefndarmennirnir aftur þessa sömu leið, til að ganga úr skugga um, hvernig vegarstæði væri þarna, og hafði vegamálaskrifstofan þá þegar látið framkvæma mælingar á þessari leið.

Allan þann tíma, er nefndin hefur starfað, hafa auk fundahalda verið tíðar viðræður milli Árna Snævarr verkfræðings, ritara nefndarinnar, vegamálastjóra og Jóns Víðis, sem hefur unnið mest að áætlunum þeim og mælingum, er gerðar hafa verið.

Seint í júlímánuði 1945 lágu orðið fyrir þær mælingar og áætlanir, er nefndin taldi nauðsynlegar, áður en teknar væru ákvarðanir og lagðar fram rökstuddar tillögur samkvæmt þingsályktuninni. Eftir að nefndarmenn höfðu kynnt sér rækilega þau gögn, sem fyrir lágu, og rætt ýtarlega um niðurstöður þessara rannsókna, gekk nefndin frá eftirfarandi nefndaráliti síðla hausts 1945. Hafði þá nefndin haldið alls 22 fundi.

II. Samgönguþörf.

Á Suðurlandi hagar þannig sveitum, sem kunnugt er, að Reykjanesfjallgarður markar ákveðna héraðaskiptingu. Frá öndverðu hafa héruðin beggja megin þessa fjallgarðs skipzt á fjárhagslegum og atvinnulegum verðmætum, og liggja til þessa orsakir beinlínis landfræðilegs eðlis. Austan fjalls er stærsta undirlendið, víðáttumestu og ef til vill beztu sveitir landsins, en við strendur þeirra sveita hafnleysur einar að kalla má. Vestan heiðar eru að vísu einnig blómlegar lendur, þótt ekki séu stórar, en hafnir góðar og fengsæl fiskimið skammt undan. Þangað hefur og meginstraumur siglinga til landsins legið um langan aldur. Þessi héruð hafa því í viðskiptalegu tilliti verið nátengd á umliðnum öldum og ferðir því tíðar um fyrrnefndan fjallgarð. En hann hefur jafnan þótt torfæra hin mesta, og kynslóð eftir kynslóð hefur reynt að gera götuna greiðari, og geyma leiðirnar merki þeirra átaka allt frá vörðuðum vegslóða til þess vegar, er nú tengir þessi héruð.

Um Hellisheiði var fyrst lagður vegur nokkru fyrir síðustu aldamót. Síðan hafa miklar endurbætur verið gerðar og veginum víða breytt, og hefur þessi vegur síðan verið aðalsamgönguæð milli þessara landshluta. Hefur oft verið rætt um gagngerðar endurbætur á veginum, og enn á ný er komið á dagskrá hjá þjóðinni að hefja nýtt átak, hið stærsta fram að þessu, og byggja nýjan og betri veg og bæta samgöngur þessara héraða til mikilla muna. Er þörf slíkra samgöngubóta nú orðið mjög aðkallandi.

Í suðvesturhluta landsins, eða þeim sýslum, er viðskiptalega eru tengdar höfuðstað landsins, býr nú yfir helmingur allra landsmanna. Hefur fólksfjölgun í þessum landshluta (Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, Hafnarfirði og Reykjavík) verið mjög ör hina síðustu áratugi, eins og eftirfarandi tafla sýnir:

1901	24729
1910	29526
1920	35429
1930	46988
1940	57347
1944	64359

Fyrir þennan landshluta er, eins og áður er að vikið, vegur um Reykjanesfjallgarð mjög þýðingarmikill, og með auknum hraða í viðskiptum og fullkomnari

verkaskiptingu innan þjóðfélagsins vaxa kröfur þær, sem gera þarf til samgangnanna. Í þessu sambandi má benda á, að í sýslunum þrem á Suðurlandsundirlendinu var 1942: Tala nautgripa 10817, eða um 26% af nautgripaeign landsmanna, og tala sauðfjár 115921, eða 18% af sauðfjáreign landsmanna. Mun nú hvergi á landinu vera jafnmikil nauðsyn gagngerðra samgöngubóta og í þessum landshluta, sem hér hefur verið rætt um.

Í eftirfarandi greinargerð eru rakin helztu atriði, er snerta samgöngur á þessu svæði, og lýst þeim tillögum, er fram hafa komið til úrbóta, og álit nefndar um framtíðarlausn þessa samgöngumáls.

III. Flutningar og umferð milli Reykjavíkur og Selfoss.

Svo sem kunnugt er, hefur mjög verið kvartað yfir því, að flutningar teppast yfir Hellisheiði á vetrum vegna snjóalaga. Eftir að Þingvallaleið var opnuð, hefur þó ástandið mjög batnað. Um þetta atriði hefur nefndin aflað sér upplýsinga, að því er snertir hin síðari ár, eins og eftirfarandi skýrsla um vetrarumferðina ber með sér:

1940:

Frá 18. febrúar var Hellisheiði ófær í 24 daga. Mjólk flutt á snjóbifreiðum og dráttarvél með tengisleða í 3 daga, 23. til 25. febr., en á bifreiðum um Þingvöll í 17 daga. Engin mjólk var flutt í 4 daga.

Frá 17. nóv. er Hellisheiði ófær í 6 daga og að mestu í 8 daga, þessa 14 daga er fært um Þingvöll.

1941:

Hellisheiði fær allan veturinn frá nýári. 3. febr. er slæm færð.

11. des. til 15. des. er slæm færð um Hellisheiði, en þó alltaf farið.

1942:

Frá nýári er Hellisheiði slæm yfirferðar 1 dag, 2. febr., og fara þá sumir bílar um Þingvöll.

Í desember er Hellisheiði hálfófær 30. og 31., en er þó alltaf farin.

1943:

Frá nýári var Hellisheiði ófær í 53 daga og þá farið um Þingvöll nema 3 daga, sem báðar leiðir voru ófærar.

Síðustu 5 dagana í desember er Hellisheiði ófær að mestu. Er þá farið um Þingvöll.

1944:

Frá nýári komst enginn bíll yfir Hellisheiði í 48 daga, en í 3 daga þó á harðfenni.

12 daga komst engin mjólk til Rvíkur, en um Þingvöll var farið 36 daga.

Eins og af þessu sést, hafa algerðar umferðateppur komið fyrir, en vaxandi flutningsmagn á þessari leið og nauðsyn daglegra afurðaflutninga krefjast meira öryggis

Um flutningsmagnið hefur nefndin aflað upplýsinga eftir föngum. Í fyrravor ritaði vegamálastjóri, eins og áður er getið, öllum verzlunum og fyrirtækjum austanfjalls, sem hafa flutninga með höndum, og óskaði upplýsinga um flutningsmagn hvers einstaks á undanförnum árum. Skyldi greina sérstaklega flutningsmagn að austan og austur. Urðu að telja má allir hlutaðeigendur við beiðni nefndarinnar. Þó voru sumar skýrslurnar það lítið sundurgreindar, að ekki var unt að flokka flutningsmagnið eftir vörutegundum, eins og nefndin hafði ætlað sér. Gleggstar voru skýrslurnar fyrir árið 1943, enda eðlilegast að miða núverandi flutningsmagn við það ár.

Samkvæmt þeim og leiðréttingum, er nefndin hefur gert áætlanir um, má telja, að vöruflutningsmagn hafi verið þetta 1943:

Flutningsmagn frá Reykjavík að Selfossi	20000 tonn
Flutningsmagn frá Selfossi til Reykjavíkur	17700 —
Samtals	37700 tonn

Flutningsgjald milli Reykjavíkur og Selfoss má áætla 50 kr. fyrir hvert tonn. Verður þá heildarflutningskostnaðurinn sem næst kr. 1900000.00.

Samkvæmt skýrslum póststjórnarinnar fóru 1943 með sérleyfisbifreiðum yfir Hellisheiði samtals 76649 manns, og námu fargjöldin kr. 745000.00.

Um ferðir almennra fólksbifreiða eru ekki skýrslur, en talning hefur farið fram nokkuð oft og þá helzt á árunum 1944 og 1945. Samkvæmt talningu bifreiða við Ölfusárbrú nærri því í 12 mánuði má lauslega áætla, að um 20000 slíkar bifreiðar hafi farið um brúna. Með því að telja frá 10% fyrir innansveitarumferð er áætlað, að 18000 venjulegar fólksbifreiðar fari árlega yfir Hellisheiði, og er þá jafnframt gert ráð fyrir því, að talsvert af slíkum bifreiðum fari sérstaklega á sumrin ekki um Ölfusárbrú, heldur efri leið upp í Grímsnes.

Lauslega má gizka á, að ⅔ hlutar bifreiðanna séu einkabifreiðar, en ⅓ hluti leigubifreiðar.

Fæst þá lausleg áætlun um heildarflutningskostnað þessa leið þannig:

Vöruflutningar	kr. 1900000.00
Fargjöld með sérleyfisbifreiðum	— 765000.00
Ferðakostnaður með venjulegum fólksbifreiðum ..	— 1000000.00
Samtals	kr. 3665000.00

Hér er því um svo mikið flutningsmagn að ræða, að jafnvel lítil lækkun flutningsgjalda fyrir bættan veg nemur allverulegri upphæð. Þá er og á það að líta, að vafalaust mun flutningsmagnið enn vaxa. Þannig eru vöruflutningarnir nú þegar þrisvar sinnum meiri en Sv. Möller áætlaði á 10. ári járnbrautar.

Telur því nefndin, að aðstæður séu hér slíkar, að ótvírætt sé hagkvæmt og réttmætt að verja allmiklu fé til þess að bæta samgöngurnar frá því, sem nú er.

Verði gerður vandaður malarvegur, sem áætlað er að kosti 7.2 millj. kr., um Þrengslin, samsvara 4% af þeirri upphæð nálægt 8% lækkun á flutningskostnaði, og má telja vafalaust, að sá árangur næðist og miklu meiri. Viðhald þessa nýja vegar yrði vafalaust einnig ódýrara en núverandi vegar. Viðhald vegarins frá Elliðaám austur að Selfossi hefur kostað:

1941	um	kr. 110000.00
1942	—	— 520000.00
1943	—	— 566000.00
1944	—	— 499000.00

Steyptur vegur ofan á malarveginn ásamt endurbótum frá Elliðaám að Lækjarbotnum er áætlað að kosti um 15,0 millj. kr., 4% af þeirri upphæð er 600 þús. kr., sem er nokkuð nálægt því, sem kostað hefur næst undanfarin ár árlegt viðhald núverandi vegar frá Elliðaám austur að Ölfusá, hins vegar er árlegt viðhald steypts vegar tiltölulega lítið, sérstaklega þar sem umferð er ekki meiri en hér er gert ráð fyrir. Umferð er nú um 400 bifreiðar á dag um hásumartímann, en miklu minni aðra tíma ársins. Jafnvel þó að meðalumferð tvöfaldist, telst það ekki mikil umferð á steyptum vegi. Í Svíþjóð var talið hæfilegt skömmu fyrir stríð að áætla viðhaldskostnað steyptra vega með allt að 1000 bifreiða meðalumferð á dag, 180 s. kr. á km. Má telja ekki óvarlegt að áætla hér kr. 1000.00 á ári, eða samtals um 60 þús. kr. Hér við má bæta nokkrum kostnaði við viðhald undirbyggingar, kanta og ræsa, sem er talið riflega áætlað að nema öðrum 60 þús. kr., eða samtals viðhald vegarins 120 þús. kr.

Samkvæmt erlendum upplýsingum er talið hæfilegt að miða við, að steyptur vegur endist 30 ár og þurfi þá að verja til endurnýjunar sem svarar helmingi stofnkostnaðar.

Þess má geta, að erlendis mundu menn þó yfirleitt ekki gera steinsteyptan veg fyrir ekki meiri umferð en hér er nú, heldur frekar með einhverri gerð malbiks, sem þar yrði miklu ódýrari, en nefndin er sammála um, að vegna reynslu hér, svo og annarrar aðstöðu, er gerir malbikið tiltölulega dýrara hér, þá komi aðeins steyptur vegur til greina.

15 millj. kr. áætlun fyrir steinsteyptan veg ofan á malarveginn og endurbætur að Lækjarbotnum er miðað við 250 kr. verð fyrir 1000 kg sements. Ef sementsverð verður lægra, sem ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir, þá lækkar kostnaðurinn mjög verulega, þannig með 200 kr. verði í 13,6 millj. króna. Verðlækkun á sementi veltur að miklu leyti á flutningsgjaldinu, því að varla má búast við, að kaupverð frá verksmiðju lækki, en nú eru flutningsgjöld á sjó mjög há.

Sé miðað við, að hver m steypts vegar kosti kr. 250.00 og vextir af stofnkostnaði séu 4%, má finna árlegan beinan kostnað þannig:

Vextir af stofnkostnaði	kr.	10.00
Fyrning steypts vegar, að hálfu á 30 árum	—	2,25
Viðhaldskostnaður	—	2.00
	Samtals krónur:	13.75

Þannig verður árlegur beinn kostnaður fyrir allan steypta veginn, frá Elliðaám til Selfoss, samtals kr. 770 þús.

Í framangreindum kostnaðaráætlunum hefur verið sleppt kaflanum frá Reykjavík inn að Elliðaám, með því að hann er talinn fullgerður sem malbikaður vegur.

Til þess að heilbrigt sé að leggja í svo mikinn kostnað, þurfa flutningsgjöld að lækka mjög verulega, en 20% af núverandi flutningskostnaði nema nálægt þessari upphæð. Til þess að ná verulegri lækkun, þarf að skipuleggja betur en nú bæði fólks- og vöruflutninga með notkun stærri bifreiða, sem hafi tengivagna til vöruflutninga.

Slík framkvæmd sem þessi, að verja miklu fé til steinsteypts vegar, byggist einnig og jafnvel sérstaklega á því, að menn hafi trú á, að framleiðsla og viðskiptalíf í héruðum þeim, sem hér eiga hlut að máli, eigi fyrir sér að vaxa mjög á næstu árum. En til þess að það megi takast vel, eru einmitt öruggar og hentugar samgöngur eitt aðalskilyrðið.

IV. Yfirlit yfir rannsókn járnbrautarlagningar.

Samkvæmt lögum, er Alþingi samþykkti 1921, fór fram fullnaðarrannsókn járnbrautarstæðis frá Reykjavík austur að Selfossi. Til rannsóknar þessarar fékk ríkisstjórnin Sv. Möller járnbrautarverkfræðing frá Noregi, og fór rannsóknin fram á árunum 1922—23. Að rannsóknum loknum sendi Sv. Möller í ársbyrjun 1924 mjög ýtarlega skýrslu um stofnkostnað og rekstur brautarinnar. Taldi hann aðeins eina leið, um Þrengslin, koma til greina. Var það álit hans, að járnbraut þarna væri hin bezta lausn til umbóta samgöngum austur á Suðurlandsundirlendið. Nam kostnaðaráætlun hans tæpum 7 millj. kr., miðað við kauplag og verðlag, sem var þá ⅕—⅙ af því, sem nú er.

Rekstraráætlunin sýndi rekstrarhagnað á 10. ári 223 þús. kr. upp í vexti af stofnkostnaði. Voru þá tekjurnar miðaðar við meðalflutningsgjöld 10 aurar fyrir hvern mannkm. og 30 aurar fyrir hvern tonnkm. Gert var ráð fyrir að nota eimreiðar.

Jafnframt gerði vegamálastjóri í samráði við norsku vegamálastjórnina áætlun um skipulagða flutninga þessa sömu leið milli Reykjavíkur og Selfoss með bifreiðum og bifreiðasamstæðum. Varð niðurstaðan sú, að rekstrarafkoman á 10. ári

mundi verða nokkru hagstæðari en járnbrautarinnar, en með tilliti til enn vaxandi flutninga síðar taldi Sv. Möller rétt að velja járnbrautina.

Ekki varð þó úr, að neitt frumvarp um járnbrautarlagningu yrði lagt fyrir Alþingi, en samt var mikill áhugi fyrir því hjá ýmsum.

Járnbrautaráætlunin var síðan endurskoðuð af Sv. Möller í samráði við vegamálastjóra í árslok 1925. Jafnframt einnig áætlun um skipulagða flutninga með bifreiðum. Var enn álit Sv. Möller og vegamálastjóra, að járnbrautin væri heppilegasta og réttasta lausn þessa samgöngumáls. Var skýrsla um málið lögð fyrir Alþingi 1926, og kom þá fram frv. til laga um lagningu járnbrautar, og voru þá afgreidd lög nr. 26 31. maí, um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sérleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss. Ástæður félagsins Títan h/f, sem hafði sótzt eftir þessu sérleyfi, breyttust fljótlega svo, að sérleyfi þetta var aldrei veitt.

Um þetta leyti óx erlendis bifreiðanotkun hröðum skrefum, og bifreiðarnar urðu stærri, afkastameiri og ódýrari í rekstri. Þar, sem járnbrautir voru fyrir, varð þegar hörð samkeppni milli þessara flutningatækja. Varð það til þess, að menn urðu hér eðlilega meira hikandi í járnbrautarmálinu og slógu því á frest, enda óx mörgum kostnaðurinn í augum.

Vitneskjan um þessa þróun og sigra bifreiðanna í samkeppninni um flutningana dró mjög úr trú manna hér á járnbrautinni, og 1931 er lagt fyrir Alþingi stjórnarfrv. um nýjan veg frá Lækjarbotnum um Þrengslin austur í Ölfus. Fylgdi því greinargerð vegamálastjóra. Er þar vísað í viðhorf það, sem skapazt hefði í svipuðum samgöngumálum erlendis og valdið því, að bifreiðarnar báru hærri hlut í samkeppni við járnbrautir á vegalengdum innan við 100 km og jafnvel á enn lengri leiðum. Þá er og tekið fram, að flutningsgjöld með bifreiðum hafi hér lækkað nálega í það, sem áætlað var með járnbrautinni, og fyrir farþega jafnvel enn meir.

Að því er rekstur og byggingu járnbrautarinnar snerti, var þá miðað við, að notaðir yrðu dráttarvagnar knúnir með hráolíu, en þeir höfðu þá rutt sér mjög til rúms í stað eimreiða. Jafnframt voru og athugaðir möguleikar á noktun raforku til rekstrarins.

Var þá lagt til, að byrjað yrði á að leggja vetrarveg um Þrengslin, en síðan lagður nýr vegur frá Lækjarbotnum á þennan veg í Svínahraun og að síðustu gerðar aðrar endurbætur og þá e. t. v. malbikaður allur vegurinn. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi 1932.

Frv. þetta og greinargerð sendi vegamálastjóri til Sv. Möller, og svaraði hann því með bréfi dags. 22. maí 1931, sem rétt þykir að birta hér í þýðingu.

Vegamálastjórnin, Reykjavík.

Ég hef kynnt mér rækilega tillögur þær, sem liggja fyrir um veg frá Lækjarbotnum um Þrengslin til Ölfusár. Með framkvæmd þeirra virðist mér fást góð lausn á þessu vegamáli. Ætla má að ekki verði sérlega dýrt að ráða fram úr þeim erfiðleikum, er snjóar kunna að valda á þessari leið.

Reynsla síðustu ára hefur enn frekar styrkt þá skoðun, að bifreiðar muni á fyllilega viðunandi hátt geta annað þeirri flutningaþörf, sem ætlun var að fullnægt yrði með hinni miklu dýrari járnbraut. Má því vafalaust gera ráð fyrir, að járnbrautarmálinu verði skotið á frest um langan tíma, ef ekki að fullu og öllu Ég fyrir mitt leyti er ekki lengur í vafa um, að akvegurinn er hin eina rétta lausn.

Svo sem flutningsmagn og aðstæður eru nú til flutninga á Íslandi, geta nútíma bifreiðar fyllilega fullnægt flutningaþörfinni, og verða flutningar á þann hátt bæði ódýrari og einfaldari en með járnbraut. Í þeim löndum, þar sem báðar þessar tegundir farartækja hafa verið reyndar, eru menn nú heldur ekki lengur í neinum vafa.

Það er ekki eingöngu, að bifreiðar hafi þar náð undir sig flutningum frá járnbrautunum á stuttum leiðum, 100 til 150 km vegalengdum, heldur hafa þær einnig

fyllilega náð yfirtökunum á 200 km vegalengdum og lengri leiðum. Einkum á þetta við um flutninga á búvörum, ekki hvað sízt lifandi búpenings.

Þessi breyting á flutningstækjum hefur í öllum löndum orðið svo gagnger, að fjárhagsleg afkoma járnbrautanna er í mjög alvarlegri hættu, og alls staðar er stefnt að því með ýmsum ráðum að gera þær breytingar á rekstri þeirra í náinni framtíð, að ríkið verði ekki fyrir stórtjóni, og einstök járnbrautarfélög tapi ekki eignum sínum algerlega.

Þar sem um mikinn og þungan flutning er að ræða, svo sem í iðnaðarlöndum, má að sjálfsögðu ráða bót á þessu með því að flytja léttaflutning á bifreiðum á stuttleiðum, en þungaflutninginn á járnbrautum á langleiðum. Þar sem járnbrautir flytja aðallega léttaflutning fremur stuttar leiðir, hefur venjulega ekki verið annars úrkostar, en að banna flutninga með bifreiðum, eða hætta rekstri járnbrautanna.

Að banna bifreiðaflutninga (Skýring vegamálastj.: Hér er átt við sérleyfisveitingar og fasta áætlunarflutninga.) mætir ætíð svo mikilli andúð hjá þeim, er þeirra þurfa, að það má teljast óframkvæmanlegt, þegar til lengdar lætur, enda tæplega verjandi, og rekur þá ætíð að því, að hætta verður rekstri járnbrautar á þessum leiðum.

Hér í Noregi er það álit manna, að við hljótum að neyðast til þess á næstu árum að hætta rekstri járnbrauta á allmörgum stuttum leiðum, og hér í landi dettur nú engum lengur í hug lagning járnbrautar, þar sem aðstæður eru líkar því, sem er á Íslandi, heldur óska menn, að vegirnir séu bættir, til þess að greiða fyrir bifreiðasamgöngum.

Í héruðum, þar sem Stórþingið hefur ýmist samþykkt, að lagðar skuli járnbrautir eða haft þær oftarlega á baugi, falla nú íbúarnir smátt og smátt frá slíkum kröfum. Líta þeir þó vitanlega svo á, að slík samþykkt sé héraðinu svo mikils virði, að þeir vilja ekki að fallið verði frá henni, án þess að eitthvað komi í aðra hönd, en þeim er það alveg ljóst, að geti þeir fengið ríkisframlag til vegabóta eða reksturs sérleyfisbifreiða, þá kæra þeir sig alls ekki um járnbrautina, þó jafnvel framlagið væri aðeins brot af þeim halla, er yrði á rekstri járnbrautarinnar.

Ég hef leitað álits um þetta samgöngumál Íslands hjá hérlendum mönnum, sem eru þaulkunnugir samgöngumálum, og er ekki ástæða til að ætla annað en að þeir dæmi málið hlutdrægnislaust.

Þeir hafa allir verið á einu máli um það, að það væri tvímælalaust yfirsjón að fara nú að ráðast í lagningu járnbrautar að Ölfusá.

Eins og sakir standa nú, hlýt ég því að láta það álit í ljós, að ég tel bifreiðabrautina, bæði frá tæknilegu og hagfræðilegu sjónarmiði, þá einu réttu lausn á samgöngum milli Reykjavíkur og Ölfusár.

Ég verð að kannast við það, að mér er það ekki alveg sársaukalaust að verða að slá þessu föstu, þar eð ég er sjálfur sérfræðingur í járnbrautarmálum.

Hamri, 22. maí 1931.

Virðingarfyllst,

Sv. Möller.

(Sign.)

Þetta bréf ráðunauts ríkisstjórnarinnar í járnbrautarmálinu þarf ekki neinnar skýringar með, en þó má bæta því við, að frá því er bréfið var ritað og fram til stríðsbyrjunar, fór notkun bifreiða á Norðurlöndum til fólks- og vöruflutninga mjög ört vaxandi, og breyttist aðstaðan enn frekar járnbrautinni í óhag.

Í áætlun um rekstur járnbrautarinnar frá Reykjavík að Selfossi, sem gerð var af Sv. Möller 1923, var gert ráð fyrir, að á tíunda rekstrarári væri flutt með járnbrautinni 12600 tonn af vörum og fólksflutningar næmu 4990000 mannkm. Vöruflutningarnir á þessari leið, eins og þeir eru nú, eru miklu meiri en gert var ráð fyrir í áætluninni um járnbrautina, því að samkvæmt upplýsingum, sem vegamála-

skrifstofan hefur aflað sér hjá þeim, sem annast þessa flutninga, nam flutningsmagnið frá Reykjavík austur um Hellisheiði báðar leiðir árið 1943 um 37700 tonnum. Aftir á móti reyndust fólksflutningar með áætlunarbifreiðum vera svipaðir og gert var ráð fyrir á tíunda rekstrarári járnbrautarinnar. En síðan áætlun um járnbrautina var gerð, hefur notkun fólksbifreiða í einkaeign farið mjög í vöxt.

Þó að flutningsmagnið hafi aukizt svona mikið fram yfir það, sem ráð var fyrir gert í rekstraráætlun járnbrautarinnar, þá verður aldrei nema lauslega gizkað á, hve miklu af þessum flutningi járnbrautin yrði aðnjótandi, þótt hún væri lögð. Það er því ekki hægt með nokkurri vissu að gera rekstraráætlun fyrir járnbraut á milli Reykjavíkur og Selfoss, nema með því að leggja hömlur á notkun bifreiða, og mun það ekki þykja gerlegt. En til þess að samgöngur milli Reykjavíkur og Selfoss verði viðunandi, þarf góðan bílveg milli þessara staða, hvort sem járnbraut er lögð eða ekki. Mundi sá vegur auðvitað gefa bifreiðum tækifæri til að keppa við járnbrautina, og er þá mjög hætt við, að rekstrarafkoma hennar væri í hættu stödd.

Þegar ekki er um meiri flutningaþörf að ræða en milli Reykjavíkur og Selfoss, er of dýrt að leggja og starfrækja tvenns konar samgöngutæki, bæði veg og járnbraut, og geti góður akvegur fullnægt samgönguþörfinni, þá er auðvitað sjálfsagt að leggja aðeins hann, en ekki járnbrautina.

Vegarlengdin, sem hér er um að ræða, aðeins um 60 km, er samkvæmt erlendri reynslu of stutt til þess, að þar geti járnbraut keppt við bifreiðar um flutninga. Þegar um svo stuttar vegalengdir er að ræða, um strjálbýli eins og hér, hafa bifreiðarnar alveg náð yfirtökum, nema þar sem þarf að flytja þungan og mikinn flutning til iðnaðar. Vörurnar, sem flytja þarf, eru hér mest smáar vörusendingar og landbúnaðarafurðir, einmitt þær vörur, sem bifreiðarnar hafa reynzt bezt samkeppnisfærar um. Við flutninga á þessum vörum taka bifreiðar vörurnar við húsdyr sendandans og skila þeim beint til móttakanda. Sparast því við það flutningar til og frá járnbrautarstöð og mikill umhleðslukostnaður.

Því hefur verið haldið fram, að samgöngur milli Reykjavíkur og Selfoss væru í snjóavetrum tryggari með járnbraut en eftir akvegi. Hér er þó aðeins um mjósporaða járnbraut að ræða, og munur á að haldi henni opinni og góðum akvegi ekki mikill, ef hann er nokkur. Er því ekki hægt að taka járnbrautina fram yfir akbrautina af þessari ástæðu.

Með skírskotun til framanritaðs er það álit nefndarinnar, að ekki sé rétt að leggja járnbraut á milli Reykjavíkur og Selfoss í náinni framtíð, heldur sé rétta lausnin á þessu samgöngumáli góður akvegur og fullkomnar fólks- og vöruflutningabifreiðar og bifreiðasamstæður.

V. Lýsing á vegstæðum.

Þessar leiðir er um að ræða milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins:

1. Hellisheiðarleið,
2. Þrengslaleið,
3. Krýsuvíkurleið,
4. Þingvallaleið.

Allar þessar leiðir hafa verið rannsakaðar ýtarlega og vegstæðið mælt af verkfræðingum veganálastjórnarinnar. Fer hér á eftir nokkur lýsing á leiðunum, og vísast um legu þeirra til uppdráttarins, er fylgir.

1. **Hellisheiðarleið.** Núverandi vegur liggur mjög illa, er brattur, bugðóttur og á vegstæði, sem liggur mjög undir aðfenni. Ýmsar breytingar og umbætur hafa verið gerðar á veginum á undanförnum árum, en þær eru hvergi nærri fullnægjandi. Í snjóum teppist vegurinn víða, og hefur orðið að verja talsverðu fé árlega til snjómoksturs. Með stórvirkum snjóýtum hefur það borið allgóðan árangur hin síðari ár, en venjulega kemur tímabil, mislangt eftir snjóalögum,

á hverjum vetri, er vegurinn teppist algerlega, og oft er hann illfær, þó farinn sé. Nokkra vetur voru notaðar snjóbifreiðar, en þær eru algerlega ófullnægjandi fyrir þá umferð, sem þarna er.

Gert er ráð fyrir, að ekki verði gerðar verulegar breytingar á kaflanum frá Reykjavík til Lækjarbotna, sem er 17,0 km að lengd. Inn að Elliðaám eru engar breytingar, en upp Ártúnsbrekkuna að Árbæ þarf nýjan veg. Þaðan þarf víðast nokkra breikkun og sums staðar að hækka veginn í lautum og rétta úr bugðum, sérstaklega meðfram Hólmsá.

Frá Lækjarbotnum hefur verið mælt álitlegasta vegstæðið austur yfir Hellisheiði til Ölfusár. Það er víða allfjarri núverandi vegi, en leitazt er við að þræða sem stytzta leið með sérstöku tilliti til snjóalaga og bratta.

Frá Lækjarbotnum upp á Sandskeið er leiðin sunnan og vestan núverandi vegar. Frá Sæluhússásnum, vestan Sandskeiðs, er valin ný leið, norðan núverandi Sandskeiðsvegar, austur Sandskeið um Öldur og farið þvert yfir Svínahraunsveginn nokkru ofan við 25 km steininn. Þaðan er stefnt upp á Svínahraunsbruna, nálægt hlíðunum norður af Þórishamri og haldið eftir Svínahraunsbrunanum, austan Blákolls og stefnt vestan Litla-Reykjafells í Neðri-Hveradalabrekku. Upp Hveradalina er farið eftir hraunbrúninni, sunnan núverandi vegar, og á háheiðinni fylgt vetrarveginum eftir Hverahlíðarásnum, en þar sem honum sleppir, haldið sömu stefnu spölkorn austur heiðina, sunnan þjóðvegar, en þá sveigt norður fyrir veg (nál. 40 km steini) og haldið eftir ás, er símí liggur nú um, og loks um vetrarveg á Urðarási niður á Kambabrún. Þar sem veglína liggur ekki eftir hraunhryggjum eða ásum, er gert ráð fyrir háum vegi, sums staðar á löngum köflum allt að 3 m háum.

Sökum þess hve Hellisheiði er há, eru brekkur alllangar upp á hana beggja vegna, og til þess að hallinn verði ekki meiri en 1:14, þarf miklar fyllingar.

Í Hveradalabrekkum þarf samtals á 600—700 m kafla 4—9 m fyllingu og niður Urðarásinn, austan heiðar, þarf á 300 m kafla 4—7 m fyllingu. En sérstaklega þarf þó miklar fyllingar í veginn niður Kamba. Þar þarf 4—6 m og allt að 10 m fyllingu á um 2 km kafla.

Alls staðar nema á Hellisheiði er gott um efni í vegfyllingu og möl meðfram vegstæðinu, en á Hellisheiði er hvort tveggja nokkuð langsótt. Í Ölfusi þarf að breikka brýr á Gljúfurá og Bakkaá, en ræsi eru fá og engar nýjar brýr. Vegarlengd frá Reykjavík hefur mælzt 57,8 km.

Um 20 km af þessari leið liggja hærra en 200 m yfir sjó (frá Sandskeiði í Kamba), og á Hellisheiði eru 7 km meir en 300 m yfir sjó, þar af 3 km hærri en 350 m. Hæsti staðurinn mun vera á Hverahlíðarásnum nálægt 370 m yfir sjó.

Kaflinn frá Lækjarbotnum upp í Svínhraun hefur mjög oft verið athugaður að vetri til, og hefur þar glögglega komið í ljós, að þessi nýja leið er snjóléttari en núverandi vegur, oft alauð, þegar alger ófærð er á veginum á löngum köflum. Um veginn í Svínahrauni má geta þess, að þar hafa verið byggðir upp á síðustu árum nokkrir kaflar á svipaðan hátt og hér er gert ráð fyrir að byggja allan veginn í Svínahrauni. Þessir kaflar sýna, hversu verjast má snjó, ef vegurinn er hækkaður.

Hæsti hluti Hellisheiðar, eða sá hluti heiðarinnar, sem er meir en 300 m yfir sjó, er örðugasti hluti leiðarinnar vegna snjóa. Þar er oft ófærð vegna meiri snjókomu, þó að í Svínahrauni sé snjólétt, og þar tekur mun seinna upp snjó.

Nýja veglínan yfir heiðina hefur verið valin, þar sem hæst ber á, að öðrum kosti hafður mjög hár vegur, og má vænta þess, að nýr vegur, byggður á þennan hátt, mundi verjast lengi, þó að ófærð væri á núverandi vegi.

2. **Þrengslaleið** er í aðaldráttum sú sama og mælt var fyrir járnbraut 1923 og nokkru síðar fyrir nýjum vegi. Þannig er vegstæðið nú um Hjallann ofan við Hjallahverfið nálægt járnbrautarstæðinu, en ekki niður með Torfdalslæk, eins

og áður hafði verið mælt fyrir vegi. Við breytingar, sem nú eru gerðar, styttist leiðin nokkuð.

Frá Lækjarbotnum er vegstæðið sameiginlegt með Hellisheiðarleið á rúmlega 10 km kafla upp í mitt Svínahraun, og er þeirri leið áður lýst, en þaðan er sveigt suður í Þrengsli um Lambafellshraun, vestan Meitilshlíða, suður milli Sauðafells og Meitiltagls um Eldborgarhraun suður undir Krossfjöll. Þaðan er stefnt sunnan Lönguhlíðarhorns ofan Kerlingarbergs niður á Hjallann, sem er í fjallinu ofan við Hjallahverfið. Niður af Hjallanum er farið vestan Þurár laust við Þurárnúp, eftir Núpahrauni um Kröggólfsstaðamýri, þá sunnan Sandhóls og Kögunarhóls um Hvols- og Þórustaðamýrar að Selfossi. Hvergi eru verulegar brekkur á þessari leið. Mest fylling er í brekku upp á Svínahraunsbruna, 5—7 m, og allt að 9 m fylling á 250 m kafla, og er þetta á þeim kafla, sem Hellisheiðar- og Þrengslaleiðirnar eru sameiginlegar.

Lengsta brekka á leiðinni er ofan við Kerlingarberg niður á Hjallann um 500 m, þar af á 200 m 3—4 og allt að 6 m fylling.

Um mýrlendið austan við Þurá þarf mjög háan veg, því mýrin er mjög blaut, og þarf brýr á Varmá, Gljúfurá og Bakkaá, frá 10—14 m langar. Á þessum kafla þarf og nokkuð af ræsum, en á öðrum köflum eru fá ræsi og lítil.

Fyllingarefni og möl er víðast nærtækt. Vegarlengd hefur mælzt 61,3 km.

Af leiðinni eru 16—20 km um og yfir 200 m yfir sjó, frá Sandskeiði suður fyrir Meitilhlíðar. Hæsti kafli leiðarinnar er Svínahraunið, það er um 250 m yfir sjó og kemst upp í 265—270 m.

Snjóalögum á leiðinni frá Lækjarbotnum upp undir Kolviðarhól hefur áður verið lýst með Hellisheiðarleiðinni, en veglínan um Þrengslin liggur á sömu slóðum og mælt var fyrir járnbrautinni á árunum 1922—23, og hafa snjóalög verið athuguð frá þeim tíma.

Þegar snjóalög á þessari leið hafa verið skoðuð, hefur einnig að jafnaði verið farið um Hellisheiði um leið, til þess að fá samanburð á leiðunum. Hefur þá komið í ljós, að á hæsta hluta Hellisheiðar (yfir 300 m hæð) hefur oft verið samfelldur mikill snjór, enda þótt aðeins væru stakir skaflar í Svínahrauni og Þrengslum og þó að snjór hafi verið í Svínahrauni og suður á Lambafellshraun, skiptir oftast um, þegar kemur suður með Meitilshlíðum, og í Eldborgarhrauni er yfirleitt snjólétt og eins á Hjallanum niður í Ölfusið.

3. **Krýsuvíkurleið.** Unnið hefur verið að vegagerð þessa leið síðan 1936, og verður vegurinn í haust kominn nokkuð suður fyrir Krýsuvík, eða um 38,0 km frá Reykjavík, nýlagning frá Hvaleyrarholti er 25 km, en að austan frá vegamótum hjá Hveragerði áleiðis til Selvogs 19,0 km, og er það einnig nýlagning. Samtals verður þannig lokið um 44 km, og eru þá enn ógerðir 30,5 km milli Krýsuvíkur og Selvogs. Leið þessi milli Reykjavíkur og Selfoss er 100,5 km og getur því ekki komið til greina, nema sem varaleið til flutninga, er snjór teppir aðrar leiðir, enda vegagerð ráðin þar í þeim tilgangi og vegabreidd því hvergi gerð yfir 5,0 m.

Á ógerða kaflanum milli Krýsuvíkur og Selvogs um 16,7 km, er vegstæðið um hraun, en frá Hlíðarvatni tekur við Selvogsheiðin, og er þar ógerður um 13,8 km kafli. Vegstæðið er allt að heita má um flatt land. Á köflum er apalhraun, sem ekki er örðugt að vinna, en helluhraunskaflar beggja megin við Herdísarvík nokkuð örðugir. Gert er nú ráð fyrir að leggja veginn ofan við Hlíðarvatn, og þarf þá enga brú á Vogsós. Á 400 m kafla meðfram vatninu er mjög örðugt vegstæði um stórgrýtisurð, en þarna við vatnið eru aðalofaníburðarnámur vegarins á löngum kafla, og hefði að öðrum kosti þurft að leggja þangað aukaveg.

Af leiðinni eru rúmir 20 km meira en 100 m yfir sjó, þar af um 12 km meðfram Kleifarvatni, ýmist undir eða yfir 150 m yfir sjó. Hæstu staðirnir eru á Syðri Stapa og á Selvogsheiði, tæplega 180 m yfir sjó.

Hraunið frá Reykjanesbraut að Vatnsskarði er fremur snjólétt, en hækka þarf þó veginn á nokkrum stöðum.

Í norðaustan byljum hefur iðulega skeflt alveg yfir veginn á stuttum kafla í há-Vatnsskarði (172 m yfir sjó), og á köflum við Kleifarvatn hafa komið allmiklir skaflar á veginn.

Eftir að kemur suður fyrir Krýsuvík, liggur vegurinn um láglendi, og mætti jafna þeirri leið við veg í Ölfusi um snjóalög eða búast við, að hann verði jafnvel snjóléttari.

Mestur hluti leiðarinnar liggur nálægt sjó. Lengst frá sjó er hann við norðurenda Kleifarvatns, um 13 km.

4. **Þingvallaleið** hefur undanfarin ár verið varaleið á vetrum og kemur ekki til greina sem aðalleið, með því að vegarlengdin frá Reykjavík til Selfoss er 92 km.

Leið þessi þarf ýmissa endurbóta, hækkun vegar á köflum og breikkun, og hefur þó allmikið verið að því gert á undanförnum árum.

Frá Reykjavík um Mosfellssveit að vegamótum Þingvallavegar, 16,80 km, má telja, að umbótum sé lokið. Nýi Þingvallavegurinn er 21,73 km, og þarf enn að hækka hann og breikka á köflum. Þaðan að Torfdalslæk þarf og að hækka nokkra kafla. Þá kemur 2 km kafli, sem þarf að leggja nýjan veg sérstaklega vegna aðfennis. Einnig þarf sumpart umbætur, en sumpart nýjan vetrarveg þaðan um Skálabrekkuás nær því að Kárastöðum. Um Þingvelli þarf allverulegar umbætur, sérstaklega um Vellina og hjá gjánum.

Þá hefur verið fyrirhugaður nýr vegur frá Nikulásargjá um Þingvallahraun, 3,6 km austur á enda Sogsvegarins í Vatnsvikinu. Endurbætur Þingvallavegar hafa verið miðaðar við, að hann verði fullgerður með 5,5 m breidd.

Um 50 km af þessari leið eru hærri en 100 m yfir sjó, frá því nokkru ofan við Laxnes í Mosfellssveit að Kaldárhöfða í Grímsnesi, og þar af eru 16 km meir en 200 m yfir sjó, eða frá því nokkru ofan við Seljabrekku í Mosfellsdal, yfir Mosfellsheiði suður undir Torfdalslæk í Þingvallasveit. Hæsti staðurinn er á Mosfellsheiði, talinn 269 m yfir sjó. Um þessa leið er það að segja, að hún hefur að jafnaði reynzt að miklum mun snjóléttari en Hellisheiði, enda er Hellisheiði allt að 100 m hærri á kafla. Þá má á það benda, að leiðin liggur mun fjær sjó en Hellisheiðar- og Þrengslaleið, og er því hættara við snjóþyngslum í snjóavetrum á öllum kaflanum, sem er meir en 100 m yfir sjó.

Þó að leiðir þessar hafi verið mældar allnákvæmlega og áætlanir miðaðar við þær mælingar, má gera ráð fyrir, að við áframhaldandi rannsóknir og athuganir kunni að koma í ljós, að æskilegt þyki að breyta vegstæði lítils háttar á einstökum köflum.

VI. Lýsing á gerð vegar um aðalleið.

1. **Undirbygging:**

a. Jarðýtu er gert ráð fyrir að nota við undirbyggingu vegarins, þar sem því verður komið við. Er þá breidd fyllingar höfð nokkru meiri en væri, ef unnið væri með mannafla. Aðeins efsti hluti vegarins er hlaðinn upp, til að halda að ofaníburðinum. Er til þess notuð ýmist snidda eða grjót, eftir því hvort er ódýrara í hverju tilfelli. Gert er ráð fyrir, að í þessa hleðslu fari 0,44 m³ á lengdarmetra víðast hvar. Á Sandskeiði er þó gert ráð fyrir meiri hleðslu á vegkantinn, eða 1,0 m³, og í Öldum 0,75 m³ á lengdarmetra.

Verð á vinnu með jarðýtu í undirbyggingu vegarins er áætlað kr. 2.50—kr. 5.00 á teningsmetra eftir aðstæðum.

b. Skurðgröfu er gert ráð fyrir að nota í mýrum, og eru 20—22 m ætlaðir milli skurða. Uppmokstur úr skurðunum (12 til 20 teningsmetrar á lengdarm) er látinn síga og því næst jafnaður með jarðýtu. Kantkleðsla er snidda, áætluð frá 0,33—0,75 m³ á lengdarmetra.

Verð á vinnu með skurðgröfu er áætlað kr. 3.00 hver teningsmetri.

c. Þar, sem hvorki er hægt að nota jarðýtu né skurðgröfu við undirbyggingu vegarins, í slæmum hraunum eða urðarholtum, er gert ráð fyrir að nota yfirleitt aðflutt efni, flutt að í stórum bílum, er mokað er á með ámoksturs vélum, einnig er gert ráð fyrir að nota þar til hentugar véllyftur til að draga að efni, sem til er utan við vegstæðið, og lyfta því upp í veginn. Kantahleðsla er eins og áður, ýmist grjót eða snidda, 0,33 m³ l. m.

Verð á aðfluttu efni í undirbyggingu er áætlað kr. 6.00—kr. 8.00 hver teningsmetri.

2. **Yfirbygging:**

Teningsmál í yfirbyggingu vegarins er haft misjafnlega mikið eftir landinu, sem vegurinn er byggður á, og því fyllingarefni, sem notað er í undirbygginguna.

Á Sandskeiði t. d. eru aðeins ætlaðir 2,0 m³, í hrauni 3,0 m³, í mólendi og þurrlendum mýrum 4,0 m³, en í blautum mýrum 11,0 m³, þar af 3,0 m³ sérstaklega valinn ofaníburður, hitt hraunfylling eða stórgerð möl.

Við vinnslu og flutning á ofaníburði er gert ráð fyrir að nota ámoksturs vélar og jafnframt jarðýtu til að losa möl, þar sem þess er þörf.

3. **Ræsi og brýr:**

Brýr og öll stór ræsi eru úr járnbentri steinsteypu, en minni ræsi úr steyptum pípum. Brýr og ræsi eru áætluð með 6,0 m akbreidd.

4. **Bugður** verða ekki krappari en með 300—400 m bogageisla og yfirleitt flestar enn þá vægari og draga því ekki úr hæfilegum ökuhraða, þó verður ef til vill ekki komizt hjá því að hafa eina bugðu í Þverbrekkum á Þrengslaleið með um 100 m bogageisla, og á Hellisheiði verða nokkrar bugður í Kömbum með innan við 50 m bogageisla.

5. **Halli** er ákveðinn mestur 1:14, enda má hann ekki vera meiri á steinsteyptum vegum.

6. **Fyllingarefni og möl:**

Það hefur verið athugað allnákvæmlega meðfram áætluðu veglínunum, hvar fáanlegt er fyllingarefni í undirbyggingu, þar sem flytja þarf það að, svo og hvar ofaníburð er að fá í yfirbyggingu, og hefur verð á þessu efni verið miðað við þær aðstæður og áætlað kr. 5.00—kr. 15.00 hver teningsmetri.

7. ***Vinnuvegir o. fl.***

Við áætlanirnar er bætt lagningu nokkurra vinnuvega til að komast að fyllingarefni eða ofaníburðarefni, ca. 3—4 km á hvorri leiðinni af 3,5 m breiðum vegi og á leið um Þrengsli 2 km löngum vegi 4,5 m breiðum að núverandi vegi neðst í Hveradölum.

8. **Steyptur vegur:**

Þó að vegurinn sé í fyrstu byggður sem malarvegur 8,75 m breiður, er gerð hans öll miðuð við, að síðar sé bætt ofan á hann slitlagi úr steinsteypu. Breidd þess er áætluð 6,00 m. Við hækkun vegarins með steinsteypulaginu mjókkar hann svo, að fullgerður verður hann 8,0 m breiður eða 1,0 m breið malarbrún utan við steypuna hvorum megin.

VII. Kostnaðaráætlanir.

Eins og um getur í fyrrnefndri þingsályktun, er svo ráð fyrir gert, að nefndin skili kostnaðaráætlunum um þær framkvæmdir, er hún leggur til, að gerðar verði til samgöngubóta á þessu svæði.

Nefndin kynnti sér strax í upphafi starfs síns kostnaðaráætlanir þær og mælingar, er fyrir lágu í skrifstofu vegamálastjóra. Við nánari rannsókn og umræður um þessi mál varð nefndin sammála um það, að gera þyrfti ýtarlegar kostnaðaráætlanir um hinar ýmsu leiðir, samræma eldri áætlanir og gera nýjar athuganir

og mælingar á nokkrum stöðum, og tók vegamálastjóri að sér að láta framkvæma þessi störf í skrifstofu sinni.

Nefndin ræddi allýtarlega um vinnuaðferðir, afköst véla og einingarverð við þessa framkvæmd. Eftir að nefndin hafði orðið sammála um þessi atriði í öllum höfuðdráttum, fullgerði vegamálaskrifstofan áætlanir sínar á þeim grundvelli.

Í kaflanum hér að framan, um gerð vegarins, er lýst að nokkru með hverjum einingarverðum reiknað er. Því til viðbótar skal þess getið, að til grundvallar er lagt tímakaup verkamanna í dagvinnu kr. 2.45 og verðlagsvísitala 270.

Sömuleiðis er aðkeypt efni og flutningur með líku verði og hér er nú. Vélavinna öll er áætluð með sömu leigu og vegagerðin reiknar fyrir sínar vélar.

Hér fara á eftir niðurstöðutölur þessara kostnaðaráætlana. Áætlanirnar sjálfar, sem eru mjög ýtarlegar og sundurliðaðar í öllum atriðum, eru geymdar á vegamálaskrifstofunni:

A. Kostnaðaráætlanir um malarveg.

1. **Kambaleið.** (Lækjarbotnar—Selfoss).	km	kr.
a. Lækjarbotnar—Sandskeið	3,90	635400.00
b. Sandskeið—Svínahraun	3,90	587900.00
c. Svínahraun—Neðri Hveradalir	6,20	1565000.00
d. Neðri Hveradalir—Kambabrún	9,60	2940800.00
e. Kambabrún—Hveragerðisrétt	4,60	2499200.00
f. Hveragerðisrétt—Bakkaá	5,05	449600.00
g. Bakkaá—Klettsbeygja	6,97	840600.00
h. Klettsbeygja—Ölfusá	0.58	86700.00
	40.8	9605200.00

2. **Þrengslaleið** (Lækjarbotnar—Selfoss).	km	kr.
a. Lækjarbotnar—Sandskeið	3,90	635400.00
b. Sandskeið—Svínahraun	3,90	587900.00
c. Svínahraun—Þrengsli	6,45	1304200.00
d. Þrengsli—Langahlíð	9,50	1372000.00
e. Langahlíð—Ölfusmýrar	9,20	1344600.00
f. Ölfusmýrar—Bakkaá	3,80	1035700.00
g. Bakkaá—Klettsbeygja	6,97	840600.00
h. Klettsbeygja—Ölfusá	0,58	86700.00
	44,3	7207100.00

3. **Elliðaár—Lækjarbotnar,** endurbætur.	km	kr.
Endurbygging og lagfæring vegar á þessum kafla, lausleg áætlun	11,7	1000000.00
4. **Krýsuvíkurleið,** ógerðir kaflar	30,5	2665000.00
5. **Endurbætur á Þingvallaleið.**		
1. Frá Mosfellssveitarvegi að vegamótum gamla Þingvallavegar	21,73	315000.00
2. Gamli Þingvallavegurinn að Almannagjá	9,85	458000.00
3. Um Þingvelli austur yfir Nikulásargjá	1,72	191000.00
4. Nýr vegur um Þingvallahraun	3,60	238000.00
	36,90	1202000.00

B. Kostnaðaráætlun um steyptan veg.

Um byggingu steypts slitlags á vegum hefur nefndin gert allýtarlegar kostnaðaráætlanir. Hefur þar verið gengið út frá sama kauplagi og við aðrar áætlanir (tíma-

kaup verkamanna 2.45 kr. á klst. að viðbættri verðlagsvísitölu 270 stig), og reiknað með svipuðu verðlagi á erlendu efni (sementi og járni) og nú er. Þar sem erlent efni er allverulegur hluti kostnaðarins, þótti nefndinni rétt að gera sér grein fyrir kostnaðinum við mismunandi verðlag.

Niðurstöðutölur þessara kostnaðaráætlana eru sem hér segir:

Kauplag	Verð á sementi	Kostnaður pr. km af vegi
1. óbreytt	250.00	250000.00
2. —	200.00	229000.00
3. —	150.00	208000.00

Þessi kostnaður sundurliðast þannig:

Við lið 1:

Mannavinna	kr. 47800.00	eða	19,1 %
Vélaleiga og vélgæzla	— 69700.00	—	27,8 —
Verkstjórn, verkamannakostnaður o. fl.	— 27500.00	—	11,0 —
Erlent efni (sement og járn)	— 105000.00	—	42,1 —
	kr. 250000.00		100,0 %

Við lið 2:

Mannavinna	kr. 47800.00	eða	20,8 %
Vélaleiga og vélgæzla	— 69700.00	—	30,3 —
Verkstjórn, verkamannakostnaður o. fl.	— 27500.00	—	12,1 —
Erlent efni (sement og járn)	— 84000.00	—	36,8 —
	kr. 229000.00		100,0 %

Við lið 3:

Mannavinna	kr. 47800.00	eða	22,9 %
Vélaleiga og vélgæzla	— 69700.00	—	33,5 —
Verkstjórn, verkamannakostnaður o. fl.	— 27500.00	—	13,2 —
Erlent efni (sement og járn)	— 63000.00	—	30,4 —
	kr. 208000.00		100,0 %

Í ofangreindri sundurliðun er vélaleiga ekki látin breytast við lækkun á erlendu efni, þar sem búast má við, að festa þurfi fljótlega kaup á vélum til þessara framkvæmda eða áður en veruleg verðlækkun á þeim eigi sér stað. Um fyrirkomulag á framkvæmd þessa verks verður ekki rætt ýtarlega hér. Þó má geta þess, að gert er ráð fyrir að hægt sé að vinna að steypu á veginum 4—4½ mánuð árlega. Reiknað er með, að unnið sé í vaktaskiptum allt að 18 klst á sólarhring og kaup manna reiknað 15% hærra af þeim orsökum. Gert er ráð fyrir, að notuð verði fullkomin og afkastamikil tæki við steypuna.

Fer hér á eftir yfirlit yfir kostnað við byggingu steypts slitlags á veginn frá Elliðaám að Selfossi um Þrengsli og Kamba. Gert er ráð fyrir 6,0 m akbreidd á vegi. Niðurstöðutölur kostnaðaráætlana eru þessar:

1. Miðað við svipað verðlag og nú, þ. e. a. s. sementsverð 250.00 kr. pr. tonn og kauplag um 6.60 pr. klst. við verkamannavinnu.
   Einingarverð pr. km. vegar kr. 250000.00.
   a. Kostnaður við Þrengslaleið 56,0 km á kr. 250000.00 ..... kr. 14000000.00
   b. Kostnaður við Kambaleið 52,5 km á kr. 250000.00 ..... — 13125000.00
2. Miðað við verðlag nokkru lægra en nú, eða sementsverð kr. 200.00 pr. tonn og kaup verkamanna hið sama kr. 6.60 pr. klst.
   Einingarverð pr. km vegar kr. 229000.00.
   a. Kostnaður við Þrengslaleið 56,0 km á kr. 229000.00 ..... kr. 12800000.00
   b. Kostnaður við Kambaleið 52,5 km á kr. 229000.00 ..... — 12000000.00

C. Nokkur atriði um vélakaup og framkvæmd.

Kostnaðaráætlanir þessar eru gerðar eins og venja er til á vegamálaskrifstofunni og vélaleiga reiknuð eins og Áhaldahús vegagerðanna leigir tækin til hinna ýmsu framkvæmda vegagerðanna nú. Nefndinni er hins vegar ljóst, þar sem um svo stórfellda framkvæmd er að ræða sem hér, að til öflunar allra þeirra véla, sem gert er ráð fyrir að nota þurfi strax við þessar framkvæmdir, nægir ekki venjuleg fjárveiting, er vegagerðin hefur til vélakaupa. Hefur nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að ætla þurfi í fjárlögum fyrstu tvö ár tímaáætlunarinnar (sjá síðar) kr. 500000.00 hvort árið til viðbótar.

Áhöld þessi verða vitanlega mikils virði að framkvæmd lokinni, en ekki verður farið nánar inn á það atriði hér.

Í kostnaðaráætlunum þessum er heldur ekki gert ráð fyrir kostnaði við yfirumsjón þessara framkvæmda. Búast má við, að til að stjórna þeim og til yfirumsjónar þurfi 1—2 verkfræðinga, ásamt 2—3 aðstoðarmönnum. Þýðir það aukinn kostnað við stjórn vegamálanna, en sá kostnaður var ekki tekinn með í áætlununum, þar sem það hefur ekki verið venja við hliðstæð verk.

VIII. Samanburður á leiðum.

Það er ljóst, að vegna þess hve hinar leiðirnar eru miklu lengri, koma aðeins Hellisheiðarleið, 57,8 km löng, og Þrengslaleið, 61,3 km löng, til greina sem aðalleið. Vegalengdarmunurinn er 3,5 km, en á móti þeim mun kemur, að Þrengslaleiðin liggur miklu lægra yfir sjó og er brattaminni.

Nú er það vitanlegt, að jafnvel þó vegarstæðið og hæð vegar sé valið með tilliti til þess að forðast sem mest snjóþyngsli, þá er snjókoma allmiklu meiri hér eftir því, sem hærra dregur, og má telja vafalaust, að hættara sé við, að Hellisheiði teppist en Þrengslin, en það er einmitt ekki sízt vegna öryggisleysis vetrarflutninganna, sem talið er nauðsynlegt að fá fullkomnar endurbætur á veginum austur. Athuganir á vegstæðinu um Þrengslin hafa oft verið gerðar af verkfræðingum vegamálastjórnarinnar undanfarna vetur, og þykir mega fullyrða, að snjóalög séu þar líkt minni en á Hellisheiði.

Vegna meiri bratta á Hellisheiðarleið og meiri snjóþyngsla þar hefur nefndin orðið sammála um, að hiklaust beri að velja Þrengslaleið og að þar verði tryggari samgöngur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins.

Svo sem kostnaðaráætlanir sýna, er malarvegur um Hellisheiði áætlaður um 2,4 millj. kr. dýrari en um Þrengslin, eða sem næst 9,60 millj. kr. móti 7.2 millj. kr., og má einnig líta á það í þessu sambandi. Munar hér mestu um, hve uppfylling í veg á Hellisheiði og Kambavegur verður dýr. Hins vegar minnkar þessi mismunur samkvæmt áætlun um rúm 800 þús. kr., ef miðað er við steyptan veg.

Að því er snertir flutningskostnað, þá er hann vitanlega hærri að öðru jöfnu á lengri leið, en hér kemur til greina Þrengslaleið í hag, að brekkur eru þar mun minni.

Hinar leiðirnar báðar, um Krýsuvík og um Þingvelli, hefur nefndin einnig kynnt sér, svo og kostnaðaráætlanir um vegabætur á þeim, er vegamálastjórnin hefur gert.

Auk þess, sem þær eru aðalsamgönguleiðir um þær sveitir, er þær liggja um, verða þær einnig báðar varaleiðir á vetrum, ef Þrengslaleið skyldi teppast einhvern tíma.

Vegalengdir á leiðum þessum eru sem hér greinir:

1.	Hellisheiðarleið	57,8 km.
2.	Þrengslaleið	61,3 —
3.	Krýsuvíkurleið	100,5 —
4.	Þingvallaleið	92,0 —

IX. Tímaáætlun um framkvæmdir.

Þær framkvæmdir, sem nefndin leggur til að gerðar verði til samgöngubóta við Suðurlandsundirlendið, eru, eins og áður hefur verið getið um, í höfuðdráttum þessar:

1. Nýlagning og endurbætur malarvegar frá Elliðaám við Reykjavík að Selfossi um Þrengsli, eins og þeirri leið er lýst hér að framan.
2. Bygging varanlegs slitlags úr steinsteypu með 6,0 m akbreidd á ofangreindan malarveg.
3. Lagning Krýsuvíkurvegar milli núverandi vegarenda í Krýsuvík og vegar í Ölfusi austan Selvogsheiðar.
4. Endurbætur og nýbygging á Þingvallavegi, eins og um er getið hér að framan.

Nefndin hefur rætt ýtarlega um tilhögun og tímaröð þessara framkvæmda og orðið sammála um, að leggja beri áherzlu á, að aðalleiðin, vegur um Þrengslin, verði lagður fyrst og framkvæmdum í þeim málum hraðað eftir föngum. Telur nefndin mikla nauðsyn bera til, að aðalleiðin verði fullgerð á sem skemmstum tíma og hefur gert sér grein fyrir því, í hverjum áföngum framkvæma beri þetta mannvirki, og leggur til grundvallar tillögum sínum eftirfarandi tímaáætlun:

1. ár:	Nýbygging malarvegar um Þrengslin frá vegamótum í Svínahrauni að vegamótum austan Þurár, samkvæmt kostnaðaráætlun		kr.	3880000.00
2. ár:	a. Endurbætur malarvegar frá Elliðaám að Lækjarbotnum	kr. 1000000.00		
	b. Nýlagning malarvegar frá Lækjarbotnum að vegamótum í Svínahrauni	— 1220000.00		
	c. Framræsla vegstæðis í Ölfusi	— 750000.00		
	d. Nýlagning malarvegar í Ölfusi (Núpahraun)	— 150000.00		
	e. Undirbúningur að byggingu steypts vegar	— 500000.00		
	Samtals unnið á 2. ári fyrir		—	3620000.00
3. ár:	a. Nýbygging malarvegar í Ölfusi	kr. 800000.00		
	b. Steyptur vegur	— 2930000.00		
	Samtals unnið á 3. ári fyrir		kr.	3730000.00
4. ár:	a. Lokið við malarveg í Ölfusi	kr. 410000.00		
	b. Steyptur vegur	— 3250000.00		
	Samtals unnið á 4. ári fyrir		—	3660000.00
5. ár:	Steyptur vegur		—	3660000.00
6. ár:	Steyptur vegur		—	3660000.00
			Samtals kr.	22210000.00

Eins og af þessari tímaáætlun sést, er gert ráð fyrir, að hægt verði að nota Þrengslaleið þegar að einu ári liðnu, frá því verkið er hafið. Yrði þá notaður núverandi vegur upp í Svínahraun, en fyrir austan heiði Selvogsvegur frá Þurá að vegamótum hjá Hveragerði og þá væntanlega með nauðsynlegum endurbótum. Þaðan yrði svo núverandi vegur að Ölfusá notaður. Þannig yrði í höfuðdráttum umferð hagað fyrstu fjögur árin, þangað til samfelldur malarvegur um Þrengslaleið væri fullbyggður, eins og honum er lýst hér að framan.

Steypta veginum er ráðgert að ljúka á fjórum síðustu árum áætlunarinnar og búizt við, að byrjað verði við Elliðaár og haldið austur.

Gera verður ráð fyrir, að halda þurfi við Hellisheiðarvegi fyrstu fimm árin að einhverju leyti, eða þangað til steyptur vegur er kominn samfelldur austur að vegamótum hjá Þurá. Eftir þann tíma má búast við, að Hellisheiðarvegur frá Skíðaskála austur að Hveragerði verði lagður niður. Hins vegar má ætla, að núverandi

Ölfusvegur verði í framtíðinni notaður sem innansveitarvegur frá Hveragerði og austur.

Enn fremur gerir nefndin ráð fyrir því, að leggja þurfi vegspotta frá Þrengslaleið að núverandi Hellisheiðarvegi (nálægt Litla-Reykjafelli), til samgangna við Skíðaskálann og Kolviðarhól og sem aðdráttarveg, meðan unnið er í Svínahrauni og Þrengslum.

Nefndin hefur rætt mjög um varaleiðir til frekari öryggis fyrir vetrarumferð, ef Þrengslaleið skyldi ekki reynast alveg trygg, og þá Þingvallaveg sem fyrstu varaleið og Krýsuvíkurveg sem aðra varaleið. Þar sem þegar er kominn dágóður vegur um Þingvallaleið, sem oft hefur reynzt vel sem varaleið, en þó ekki fullnægjandi, telur nefndin, að rétt sé að ljúka sem fyrst vegi um Krýsuvíkurleið, án þess þó að dregið verði við það úr nauðsynlegum framkvæmdum á aðalleið.

Af Krýsuvíkurvegi eru nú ólagðir 30,5 km, og er kostnaður þeirra framkvæmda áætlaður hér að framan á kr. 2665000.00.

Enn fremur er nefndinni ljóst, að til þess að Þingvallaleið komi að fullum notum sem fyrsta varaleið, þarf að gera töluverðar umbætur á núverandi vegi, og hefur sá kostnaður verið áætlaður kr. 1200000.00.

Nefndin sér ekki ástæðu til að gera sérstaklega tímaáætlun um framkvæmdir á varaleiðunum, en telur, að meginhluti af umbótum á Þingvallavegi megi bíða, þar til vegur um Krýsuvíkurleið er fullgerður.

X. Ályktun.

Með tilvísun til framanritaðrar greinargerðar er nefndin sammála um, að samgöngur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins verði tryggðar með mestu öryggi með þeim framkvæmdum, er hér segir:

1. Lagður verði vandaður vegur með slitlagi úr steinsteypu um svonefnda Þrengslaleið svo fljótt, sem fært þykir vegna kostnaðar.
2. Vegur þessi allur verði fyrst í stað gerður sem malarvegur, en slitlag úr steinsteypu verði sett á hann svo fljótt, sem einstakir kaflar hans teljast nægilega signir og þjappaðir af umferðinni.
3. Unnið verði að vegaframkvæmdum þessum, sem áætlaðar eru að kosta samtals um 22.2 millj. kr. króna, miðað við núgildandi verðlag, með nokkuð jöfnu árlegu framlagi úr ríkissjóði, eða um 3,7 millj. kr. í 6 ár. Verði þessi upphæð tekin í fjárlög fyrir 1946 sem fyrsta framlag af sex.
4. Til frekara öryggis og vegna almennrar samgönguþarfar verði hraðað lagningu Krýsuvíkurvegar á næstu árum, einnig verði gerðar umbætur á Þingvallaleið, og verði fé veitt til vegabóta þessara í fjárlögum eftir því, sem fært þykir.

Reykjavík, í nóvember 1945.

Geir G. Zoëga. Árni G. Eylands. Árni Snævarr.
Gunnar Benediktsson. Ingimar Jónsson.

Nd. 482. Nefndarálit

um frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá menntamálanefnd.

N. hefur rætt mál þetta ýtarlega og mælir með samþykkt þess með breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 26. febr. 1946.

Sigfús Sigurhjartarson, form. Gunnar Thoroddsen, fundaskr., frsm. Páll Þorsteinsson, með fyrirvara.
Sigurður Bjarnason. Barði Guðmundsson.

Ed. 483. Breytingartillögur

við frv. til laga um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 22. gr.

1. Við I. a. Liðinn skal orða svo:
   Valdi slysið meiðslum, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag, frá því að slysið vildi til, í allt að 52 vikur samtals.
2. Við I. b. Liðinn skal orða svo:
   Valdi slysið varanlegri örorku, skal greiða kr. 22000 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%.
3. Við I. c. Liðurinn orðist svo:
   Valdi slysið dauða, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

Nd. 484. Nefndarálit

um frv. til l. um eyðingu svartbaks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. þetta, sem komið er frá efri deild, verði samþykkt óbreytt.

Tveir nefndarmanna (BG og SG) voru fjarstaddir, er nefndin fjallaði um frumvarpið.

Alþingi, 27. febr. 1946.

Jón Pálmason, form.	Bjarni Ásgeirsson, fundaskr., frsm.	Jón Sigurðsson.

Sþ. 485. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á löggjöf um sölu lyfja.

Flm.: Garðar Þorsteinsson, Sigurður E. Hlíðar, Bjarni Benediktsson, Lárus Jóhannesson, Sigurður Thoroddsen, Páll Zóphóníasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna milliþinganefnd til að endurskoða löggjöf um sölu lyfja og leggja fyrir næstkomandi Alþingi heildarlöggjöf um það efni.

Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þannig: Stjórn Apótekarafélags Íslands tilnefnir einn mann, stjórn Lyfjafræðingafélags Íslands annan, stjórn Læknafélags Íslands þriðja, hæstiréttur tilnefnir hinn fjórða, og skal hann vera lögfræðingur og jafnframt formaður nefndarinnar. Landlæknir er sjálfkjörinn sem fimmti maður nefndarinnar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

6. ágúst 1942 lagði landlæknir það til í bréfi til heilbrigðismálaráðherra, Jakobs Möllers, að hann skipaði nefnd til að endurskoða lyfsölulöggjöfina. Við þessu varð

ráðherrann og skipaði 26. s. m. nefnd til þessa. Nefnd þessi skilaði áliti sínu 1943 og lagði fram frv. til lyfsölulaga og frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

Þessi frumvörp voru send mönnum úr heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 1944 af landlækni með tilmælum um, að þeir flyttu þau á Alþingi. Um það náðist þó ekki samkomulag þá. Apótekara- og Lyfjafræðingafélagi Íslands líkaði ekki þessi frumvörp og þótti, að þeirra sjónarmiða, sem þeir töldu, að þyrfti að taka tillit til við samning slíkra frumvarpa, hefði lítið gætt. Fyrir því skipuðu þeir nefnd, og samdi hún nýtt frv., er nú hefur verið sent heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar með tilmælum um, að nefndin flytti það á Alþingi.

Núverandi félagsmálaráðherra hefur hins vegar sent heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar frumvarp það, er nefndin, er ráðherra skipaði 1942, samdi, lítið eitt breytt, og mælist til, að nefndin flytji það. Um það hefur ekki náðst samkomulag. Hvorugt frumvarpið verður því á þessu þingi flutt af nefndunum óskiptum.

Við lestur beggja þessara frumvarpa um lyfsölu kemur í ljós, að mikill skoðanamunur er hjá þeim, er frumvörpin hafa samið. Sá mismunur skal ekki rakinn hér, en þar sem enn hafa ekki verið gerðar verulegar tilraunir til að samrýma þau ólíku sjónarmið, er fram koma í frumvörpunum, þykir okkur, sem erum í heilbrigðis- og félagsmálanefndunum, ástæða til að láta reyna til þrautar, hvort ekki sé hægt að semja eitt frumvarp um lyfsölu, sem allir megi una sæmilega við, og leggjum því til, að milliþinganefnd sé kosin í málið.

Mörg þau ákvæði, er nú gilda um lyfsölu, eru orðin gömul og úrelt og þurfa bráðra breytinga við. Með tilliti til þess, svo og þess, að málið hefur fengið sæmilegan undirbúning með samning áður nefndra frumvarpa, teljum við, að nefndin geti lokið störfum fyrir 1. okt. n. k., svo málið megi koma fyrir næsta Alþingi og þá væntanlega fá afgreiðslu á því þingi.

Til að fyrirbyggja, að einhverjir aðilar, sem hér telja sig eiga hlut að máli, telji rétt sinn fyrir borð borinn, leggjum við til, að nefndin verði skipuð þannig: Stjórn Apótekarafélags Íslands tilnefni einn mann, stjórn Lyfjafræðingafélags Íslands tilnefni annan, stjórn Læknafélags Íslands þann þriðja, fjórði sé lögfræðingur, tilnefndur af hæstarétti, og landlæknir sjálfkjörinn sem fimmti maður.

Nd. 486. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

a. Í stað 1. mgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um íbúðarhúsnæði, nema honum sé, að dómi húsaleigunefndar, þess þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig, skyldmenni í beinni línu, kjörbörn, fósturbörn eða systkini, enda hafi hann og eignazt hús það, sem íbúðin er í, fyrir 1. jan. 1946. Þó skal leigusala einnig heimilt að segja upp íbúðarhúsnæði í húsi, sem hann eignast eftir þann tíma, ef honum, að dómi húsaleigunefndar, er þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig, enda sé leigusali innanhéraðsmaður. Leigusala er og heimilt að segja upp leigumála um íbúðarhúsnæði í húsi, sem stendur í vegi fyrir byggingaframkvæmdum, er hafa, að dómi húsaleigunefndar, í för með sér verulega aukningu á húsnæði.

b. Í stað 3. mgr. sömu lagagreinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Eftir 14. maí 1946 er leigusala heimilt að segja upp húsnæði, sem notað er til atvinnurekstrar.

c. Í lok sömu lagagreinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Lög þessi taka ekki til leigu á einstökum herbergjum, sem leigutaki eða húseigandi leigir einhleypum út frá íbúð sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Húsaleigulögin fela í sér óvenjulega mikla réttarskerðingu fyrir húseigendur, og óvinsældir þeirra fara vaxandi. Lögin voru sett sem styrjaldarráðstöfun. Þess vegna hafa húseigendur sætt sig við þau, en hins vegar vænzt þess, að þau yrðu felld úr gildi, er styrjöldinni lyki.

Nú er senn liðið ár frá styrjaldarlokum, og húsabyggingar aukast hröðum skrefum. Í Reykjavík einni munu nú vera í smíðum um 1000 íbúðir. Auk þess er í ráði það flytja inn allmikið af tilbúnum sænskum timburhúsum. Ættu þessar framkvæmdir að draga að miklum mun úr húsnæðisvandræðum og nauðsyn húsaleigulaganna.

Alþingi samþykkti nýlega að fela ríkisstjórninni að láta tafarlaust fara fram rannsókn á áhrifum húsaleigulaganna og endurskoðun á þeim. Umræður um þingsályktun þessa leiddu ótvírætt í ljós, að Alþingi lítur svo á, að við húsaleigulögin óbreytt verði ekki unað. En sökum þess, að nefnd rannsókn hlýtur að taka nokkurn tíma, líta flutningsmenn þessa frv. svo á, að réttmætt sá að bæta nú þegar nokkuð úr því misrétti, sem sumir húseigendur eiga við að búa.

Ed. 487. Frumvarp til laga

um tunnusmíði.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og starfrækja tvær tunnuverksmiðjur, aðra á Akureyri, hina á Siglufirði, þegar rannsókn hefur leitt í ljós, að tunnusmíði hér á landi er samkeppnisfær við erlenda tunnuframleiðslu bæði hvað verð og gæði snertir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða taka á leigu tunnuverksmiðjur á Akureyri og Siglufirði og starfrækja þær.

3. gr.

Til þess að standast kostnað af framkvæmdum samkvæmt lögum þessum heimilast ríkisstjórninni að taka að láni allt að 3 millj. króna.

4. gr.

Tunnur þær, er tunnuverksmiðjur ríkisins framleiða, skulu seldar síldarsaltendum

5. gr.

Síldarútvegsnefnd annast stjórn og rekstur tunnuverksmiðja ríkisins og ræður starfsmenn þeirra.

6. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu, ef þurfa þykir, sett með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 488. Lög

um girðingar kringum hveri og laugar.

(Afgreidd frá Nd. 27. febr.)

Samhljóða þskj. 447.

Sþ. 489. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um rafveitu Norðurlands.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Á eftir orðunum „þegar næsta Alþingi kemur saman“ komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Akureyrarkaupstað skal þó gefinn kostur á að starfrækja áfram núverandi orkustöð sína við Laxá og stækka hana, svo að áin verði fullvirkjuð á þeim stað.

Sþ. 490. Tillaga til þingsályktunar

um lækningastöð á landi ríkisins í Ölfusi.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram nauðsynlegan undirbúning og rannsókn á því, hversu bezt mætti koma fyrir lækningastöð á landi ríkisins að Reykjum í Ölfusi, og leggja niðurstöðuna fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum keypti ríkið fyrir 100 þús. kr. fimm jarðir í Ölfusi. Voru þrjár jarðirnar, Reykjakot, Reykir og Reykjahjáleiga, sem liggja undir fjallshlíð austan og sunnan Varmár, með miklum jarðhita, en tvær, Kross og Vellir, niðri á sléttlendinu án þessara hlunninda. Síðar hefur ríkið keypt mestallt það land, sem Hveragerði er byggt á, og stendur til að kaupa meira, þannig að ríkið eignist allt þetta jarðhitasvæði samfellt.

Jarðirnar Kross og Vellir eru góðar bújarðir og mundu nú seljanlegar fyrir hærra verð en goldið var fyrir alla Reykaeignina, þegar hún var keypt. En þær hafa ekki sérstaka þýðingu sem ríkiseign. Öðru máli er að gegna um Reykjakot, Reyki og Reykjahjáleigu. Þar má koma við margháttuðum umbótum til þjóðþrifa. Hefur ríkið nú látið reisa garðyrkjuskóla landsins að Reykjum, og eru þar nú einhver mestu gróðurhús, sem til eru hér á landi. Innst í dalnum er Reykjakot. Þar hefur Pálmi rektor Hannesson beitt sér fyrir miklum framkvæmdum, til þess að þar verði jafnan sveitasetur menntaskólans í Reykjavík. Má gera ráð fyrir, að bæði garðyrkjuskólinn og skólasetið muni stórum færa út kvíarnar og á báðum þessum stöðum muni verða fjölbreytt starfsemi til uppeldisbóta og ná til margra manna.

En milli Reykjakots og Reykja er einkennilega fögur hlíð, 1½ km á lengd, austan Varmár. Eru þar prýðileg hússtæði, landið að mestu gróið, en hvarvetna mikið um bæði heitt vatn og gufu. Á einum stað renna saman í þessari hlíð heitur og kaldur lækur, svo að hvorki er þar skortur á hitagjafa né köldu vatni til daglegra nota, ef byggð eykst á þessu svæði. Vestan við ána er slétta mikil, uppgróið

hraun, norður frá goshvernum Grýtu. Ráðgert er, að ríkið kaupi þetta land, og væri þess mikil þörf í sambandi við efni þessarar tillögu.

Þegar Reykjaeignin var keypt, var Þorkell Þorkelsson eðlisfræðingur beðinn að rannsaka jarðhitann á þessu svæði, og gerði hann það. Fram kom á tveimur stöðum í hverum þessum efni, sem mjög er eftirsótt á baðstöðum. Síðan hefur því máli ekki verið hreyft. Erlendis eru lækninga- og heilsubótastöðvar víða reistar þar, sem er jarðhiti og heilsusamlegar uppsprettur. Eru á þessum stöðum reistar miklar byggingar, læknar settir til starfa, og flykkjast menn að þúsundum saman til skemmri og lengri dvalar. Eru þessar stöðvar mikil tekjugrein fyrir ríkin. Hér á landi virðast allar líkur benda til, að heppilegir staðir muni vera til fyrir þess háttar lækningaheimili. Einn af álitlegustu stöðunum eru Reykir í Ölfusi, þar sem jörðin liggur mitt í þéttbýlinu sunnan og vestan lands og samgöngur góðar bæði innan lands og til útlanda, einkum eftir að flugvellir komu til sögunnar nærri Reykjavík.

Landslagi háttar svo á þessu svæði, að þar gætu verið margar sjálfstæðar spítaladeildir og þó undir einni stjórn. Vil ég í því efni fyrst nefna deild, sem notaði margs konar böð, þar á meðal hveraleir, sem nóg er af á þessum stað til lækninga fyrir innlenda menn og útlenda. Ég hef heimsótt stórt sjúkrahús norðarlega á Jótlandi, sem lét sækja hveraleir suður í Tékkóslóvakíu til að nota til heilsubótar sjúklingum í Danmörku. Má nærri geta, að betur muni henta að nota slíka læknisdóma þar, sem þeir eru framreiddir af móður náttúru. Hafa baðstaðir einmitt vaxið upp í þéttbyggðustu löndunum þar, sem slík náttúrugæði eru fyrir hendi. Nú er Ísland auðugt að mörgum þeim gæðum, sem hafa skapað baðstaði, þó að ekki hafi svo orðið enn hér á landi, og hefur fátækt og erfiðar samgöngur fram að þessu hindrað framkvæmdir í þessu efni. En vissulega hlýtur það að vera metnaður Íslendinga að nota á skynsamlegan hátt hvers konar náttúrugæði, sem til eru í landinu.

Ég ætla ekki að fjölyrða að þessu sinni um þau skilyrði á Reykjum, sem kynnu að draga erlenda menn að íslenzkum baðstað og veita á þann hátt fjármagni inn í landið. En að hinu vil ég víkja, að hér mun vera mikil þörf fyrir slíkan lækningastað sem hér er um rætt. Gigtveiki er mjög algengur sjúkdómur hér á landi, og hafa menn leitað sér bóta í þeim efnum á Reykjum, en orðið frá að hverfa, þar sem hvorki var um að ræða viðunandi húsakynni né völ á læknisþjónustu. En af tilraunum þeim, sem almenningur hefur gert í þessu efni, má ráða, að ekki mundi skorta aðsókn að sjúkradeild fyrir gigtveika við þau náttúruskilyrði, sem til eru á Reykjum.

Önnur deild, sem mjög vanhagar um hér á landi, gæti verið fyrir konur og karla, sem þjást af þreytu, andlegri og líkamlegri. Erlendis eru til fjölmargir staðir til hressingar og lækninga, en á Íslandi er í þessu efni alger vöntun.

Að síðustu þykir hlýða að minnast á einn sjúkdóm, sem kalla mætti áfengiseitrun. Er sá sjúkdómur nú í útbreiddasta lagi hér á landi, en mannfélagið hefur ekki búið slíkum sjúklingum heilsuverndarstöð, ef frá er talinn kjallarinn í lögreglustöðinni, þar sem þess háttar sjúklingum er í höfuðstaðnum veitt móttaka svo sem tvo klukkutíma í senn um miðjar nætur. En þar sem bornar munu verða fram á Alþingi innan fárra daga víðtækar tillögur um skynsamlega vörn gegn áfengiseitrun og þá líka vikið að þessu atriði, verður hér ekki fjölyrt meira um það efni.

Með þessari tillögu er ætlað að vekja eftirtekt ríkisstjórnarinnar, Alþingis og allrar þjóðarinnar á því, hversu merkileg skilyrði eru frá náttúrunnar hendi fyrir fjölþætta heilsubótarstöð á Reykjum í Ölfusi. Hér hefur verið lauslega drepið á nokkur verkefni, sem heppilegt væri að leysa á þeim stað. En við ýtarlega rannsókn kunnáttumanna mundi vafalaust koma í ljós, að þar væru miklu fleiri skilyrði en hér er vikið að til að efla gagnlega atvinnu í landinu og auka heilbrigði þjóðarinnar.

Ed. 491. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um, hvað unnt er að gera til að fá bætur frá Þjóðverjum fyrir hernaðarspjöll á Íslandi.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að bera fram kröfur á hendur Þjóðverjum fyrir hernaðarspjöll á Íslandi?

Greinargerð.

Þjóðverjar hafa sökkt og laskað að minnsta kosti sex íslenzk skip á undangengnum styrjaldartíma og gerzt valdir að miklu manntjóni. Þar sem Íslendingar voru hlutlaus þjóð, var hér um óafsakanlegt og bótaskylt athæfi að ræða. Þykir eðlilegt, að bornar verði fram á hendur Þjóðverjum kröfur um réttmætar skaðabætur, og verður að teljast sennilegt, að ríkisstjórnin geti nú þegar skýrt frá aðgerðum í þessu máli.

Ed. 492. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um markaðshorfur í Rússlandi fyrir íslenzkar afurðir.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvaða erindislok urðu varðandi sölu íslenzkra afurða í Rússlandi af sendiför Einars Olgeirssonar til Rússlands haustið 1945?

Greinargerð.

Þar sem mjög kreppir nú að um markað fyrir íslenzkar framleiðsluvörur í gömlum markaðslöndum, svo sem Þýzkalandi og jafnvel Englandi, þykir æskilegt að leita eftir við ríkisstjórnina, að hún gefi Alþingi og um leið þjóðinni allri yfirlitsskýrslu um árangurinn af sendiför Einars Olgeirssonar til Rússlands síðast liðið haust, með nokkurri vitneskju um það viðskiptaöryggi, sem þjóðin kann að hafa öðlazt í sambandi við umrædda markaðsleitarferð.

Nd. 493. Frumvarp til laga

um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 468 með þessari breytingu:

22. gr. hljóðar svo:

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglum:

I. a. Valdi slysið meiðslum, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag, frá því að slysið vildi til, í allt að 52 vikur samtals.

b. Valdi slysið varanlegri örorku, skal greiða kr. 22000 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%.

c. Valdi slysið dauða, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

	Ekkja (ekkill) kr.	Börn innan 16 ára kr.	Foreldrar kr.	Samtals kr.
Ekkja (ekkill)	12000	„	„	12000
— með 1 barn	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar)	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri	12000	5000	4000	21000
1 barn	„	12000	„	12000
2 börn	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar)	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar)	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar)	„	„	12000	12000

II. Auk þeirra trygginga, sem ræðir um í b- og c-lið hér að framan, er skylt að tryggja alla skipverja á skipum 300 smálestir (brúttó) og stærri, öðrum en togurum, fyrir jafnháum upphæðum og þar segir. Skulu upphæðirnar greiddar til tryggðra sjálfs eða þeirra vandamanna hans, sem bæturnar eiga að hljóta, nema þeir óski heldur, að félagsstjórnin verji þeim til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélögum. Skerðir slíkur lífeyrir eigi önnur eftirlaun, er hlutaðeigendur kunna að eiga rétt á. Fyrir tryggingarbætur, sem samkv. þessari grein falla til barna innan 16 ára aldurs, er félagsstjórninni heimilt að kaupa barnalífeyri þeim til handa hjá viðurkenndum tryggingarfélögum, enda komi til samþykki forráðamanna barnanna.

Heimilt skal félagsstjórninni að semja við vátryggingarfélög þau, sem selt hafa lífeyri samkvæmt lögum um stríðsslysabætur, að innleysa skírteini handhöfum að skaðlausu, enda komi samþykki þeirra eða forráðamanna þeirra til.

Nd. 494. Breytingartillögur

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað „gagnfræðaráðs eða gagnfræðaráða“ í 1. tölul. komi: fræðsluráðs eða fræðsluráða.
   b. Á eftir 1. tölul. komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
      Umsögn hlutaðeigandi kvenfélagasambands eða sambanda.
2. Við 3. gr. Eftir 1. mgr. komi ný mgr.:
   Skólanefnd getur með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að skóli starfi í 2 ársdeildum.
3. Við 7. gr. Á eftir orðunum „tekju- og eignarskatts íbúanna“ í 1. mgr. komi: eftir meðaltali 5 síðustu ára.
4. Við 8. gr. Greinin falli burt.
5. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Fastir kennarar við húsmæðraskóla eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stunda-

kennslu samkv. 10. gr. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti, sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum helming þess, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður greiðir hinn helminginn.

6. Við 10. gr. Við gr. bætist ný mgr.:
   Ríkissjóður greiðir styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum.
7. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Til þess að verða settur kennari við húsmæðraskóla þarf kennarapróf í hússtjórn eða handavinnu, en til skipunar auk þess tveggja ára húsmæðrakennslu og meðmæli skólastjóra. Skólastjóri skal þó hafa kennt 3 ár hið minnsta.
   Heimilt er þó við gildistöku þessara laga að setja eða skipa skólastjóra og kennara þá, sem kennt hafa 2 ár hið minnsta í húsmæðraskóla með góðum árangri, enda þótt þeir fullnægi ekki framangreindum skilyrðum.
   Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa skólastjóra- eða kennarastöðu, skal þá fræðslumálastjórn og skólanefnd leitast við að fá kennara, er hún treystir, og má að þremur árum liðnum skipa hann í stöðuna, ef hún telur hann starfinu vaxinn, enda komi meðmæli skólanefndar til.
   Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er skipa fastar stöður við húsmæðraskóla, þegar lög þessi koma til framkvæmda.
8. Við 15. gr. Greinin falli niður.
9. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár við þá skóla, er í lögum þessum greinir, og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjórn beiðni um orlof, ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, á hann rétt á árs orlofi með fullum launum og síðan tíunda hvert ár á sama hátt og með sömu skilyrðum. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.
   Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofsins. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.
10. Við 17. gr.
    a. Í stað „18 ára“ komi: 17 ára.
    b. Í stað „unglingaprófi“ komi: skyndinámi.
11. Við 18. gr. Í stað orðanna „fjölga kennslugreinum“ komi: fjölga og fækka kennslugreinum.
12. Við 20. gr. 2. máls. gr. orðist svo: Heimilt er að ráða einn námsstjóra til leiðbeiningar og eftirlits með skólunum.
13. Við 22. gr. Greinin falli niður. Greinatala breytist samkv. atkvgr.

Nd. 495. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

1. a. Framan við 2. gr. frv. komi nýr liður, er verði a-liður, svo hljóðandi:
   Í stað orðanna „stéttarfélag verkfræðinga hér á landi“ í fyrstu málsgr. 2. gr. laganna komi: Háskóli Íslands.
   b. 2. gr. frv. verði b-liður greinarinnar.
2. Á eftir 2. gr. frv. komi tvær nýjar greinar, er verði 3. og 4. gr., svolátandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
   a. (3. gr.) Í stað orðanna „stéttarfélag húsameistara hér á landi“ í fyrstu málsgrein 4. gr. laganna komi: Háskóli Íslands.
   b. (4. gr.) Í stað orðanna „stéttarfélagi iðnfræðinga þeirrar greinar“ o. s. frv. til enda fyrri málsgreinar 6. gr. laganna komi: Háskóla Íslands.

Sþ. 496. Tillaga til þingsályktunar

um ábyrgð á láni fyrir Slysavarnafélag Íslands.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs, vegna Slysavarnafélags Íslands, innanlandslán allt að kr. 400000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur — til endurbóta á björgunarskipinu Sæbjörg, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt samkv. beiðni ríkisstjórnarinnar og fylgdu henni eftirfarandi skýringar:

Björgunarskipið Sæbjörg hefur unnið á hverri vertíð að björgunar- og gæzlustörfum í Faxaflóa undanfarin 8 ár, en á öðrum tímum árs annars staðar við strendur landsins og oftast nær í þjónustu ríkisins. Árangurinn af þessu starfi er sem hér segir:

1938	Liðsinnt	10	skipum	með	70	manna	áhöfn.
1939	—	39	—	—	241	—	—
1940	—	39	—	—	234	—	—
1941	—	21	—	—	119	—	—
1942	—	20	—	—	100	—	—
1943	—	19	—	—	98	—	—
1944	—	37	—	—	185	—	—
1945	—	39	—	—	210	—	—
	Samtals	224	skip	með	1257	manna	áhöfn.

Nú hefur komið í ljós á s. l. sumri, að skipið þurfti mikillar og kostnaðarsamrar viðgerðar, og tók stjórn Slysavarnafélags Íslands þá það ráð að ákveða að gera skipið mun fullkomnara björgunarskip. Um þetta segir svo í bréfi Slysavarnafélags Íslands til ríkisstjórnarinnar:

„Eins og kunnugt er, þá hefur björgunarskútan „Sæbjörg“ reynzt íslenzka fiskiflotanum hreinasta hjálparhella, síðan þetta skip hóf starfsemi sína, og sá óbeini hagnaður verður vart metinn að verðleikum, sem íslenzk mótorbátaútgerð og þjóðin öll hefur borið úr býtum vegna hjálparstarfsemi þessa litla skips, er ávallt hefur verið boðið og búið til að fara út í hvaða veður sem er, þegar á það hefur verið kallað.

En þrátt fyrir hið mikla gagn, sem orðið hefur af starfsemi skipsins, hefur reynsla sýnt og sannað, að skipið er nú of lítið og vélvana til að draga stærri báta að landi í stormi og stórsjó.

Þess vegna er það, sem stjórn Slysavarnafélags Íslands hefur nú hafizt handa til að fá þær endurbætur á „Sæbjörgu“, er hún telur bráðnauðsynlegar, til þess að hún fullnægi þeim kröfum, sem gera verður til skipsins sem góðs björgunarskips. Það hefur því verið ákveðið að gera skipið að kröftugum björgunarvélbát. Setja í skipið nýja 325 ha. Atlas Imperial Diesel dráttarvél og lengja það um 4,5 metra í miðju. Vegna þess hvað skipið var byggt breitt og djúpt í upphafi, er hægt að gera þetta án þess að rýra sjóhæfni skipsins hvað snertir lengdar- og breiddarhlutföll. Um leið verður skipinu gerbreytt að ytra útliti. Settur verður á það hvalbekur. Ný þilfarsreisn sett á það, ásamt stjórnpalli og ýmislegt annað endurbætt og fullkomnað eins og það getur bezt farið. ....“

Kostnaður við þessar breytingar er áætlaður kr. 400000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur —, og varð að samkomulagi við ríkisstjórnina, að ríkið ábyrgðist lán til þessara framkvæmda, gegn veði í skipinu og leigusamningi til 15 ára, þannig að leigan sé ákveðin lánsupphæðin ásamt vöxtum, er greiðist með jöfnum afborgunum árlega. Sæbjörg stundi landhelgisgæzlu og björgun í Faxaflóa frá nóvemberbyrjun til 14. maí ár hvert, en aðra tíma árs eftir því, sem ríkisstjórnin ákveður.

Með flutningi þingsályktunartillögu þessarar er leitað staðfestingar Alþingis á þessu samkomulagi við Slysavarnafélag Íslands.

Nd. 497. Breytingartillaga

við frv. til l. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Um leið og lög þessi koma til framkvæmda, skal Mjólkurbú Flóamanna að öllu leyti undanþegið útsvarsskyldu.

Ed. 498. Breytingartillögur

við frv. til laga um Austurveg.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni og Jónasi Jónssyni.

a. Við 5. gr. Greinin hljóði þannig:
   Skal miða framkvæmdir við, að vegurinn verði allur fullgerður á næstu 6 árum, eftir því sem fé verður veitt til hans í fjárlögum hvers árs, enda verði nægilegt vinnuafl fáanlegt svo og stórvirkar vinnuvélar.
b. 6. gr. frv. fellur niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

Nd. 499. Frumvarp til laga

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1942.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1942 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	I. Innborganir:			Áætlun kr.	Reikningur kr.
1.	Tekjur samkv. 2. gr. fjárl.	kr.	19 105 000.00	kr.	73 978 812.46
2.	— — 3. — A. —	—	3 718 750.00	—	11 693 325.88
3.	— — 3. — B. —	—	8 925.00	—	3 431.91
4.	— — 4. — —	—	361 736.00	—	461 886.85
5.	— — 5. — —	—	50 000.00	—	598 688.59
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárl. ..	—	554 503.00	—	33 370 208.05
	Greiðslujöfnuður	—	2 234 232.00		
		Kr.	26 033 146.00	Kr.	120 106 353.74

	II. Útborganir:			Áætlun kr.	Reikningur kr.
1.	Gjöld samkv. 7. gr. fjárl.	kr.	1 613 443.00	kr.	1 439 391.49
2.	— — 8. — —	—	75 000.00	—	176 307.68
3.	— — 9. — —	—	357 420.00	—	1 643 043.21
4.	— — 10. — —	—	865 530.00	—	1 443 274.88
5.	— — 11. — A. —	—	1 865 400.00	—	4 399 307.11
6.	— — 11. — B. —	—	433 000.00	—	1 114 594.81
7.	— — 12. — —	—	848 950.00	—	1 201 054.44
8.	— — 13. — A. —	—	2 566 352.00	—	6 790 886.31
9.	— — 13. — B. —	—	558 300.00	—	3 230 004.13
10.	— — 13. — C. —	—	1 229 400.00	—	1 361 607.52
11.	— — 13. — D. —	—	38 000.00	—	83 800.00
12.	— — 14. — A. —	—	463 100.00	—	890 392.36
13.	— — 14. — B. —	—	2 411 391.00	—	4 755 156.45
14.	— — 15. — —	—	374 710.00	—	790 837.28
15.	— — 16. — —	—	4 981 250.00	—	30 860 282.73
16.	— — 17. — —	—	3 099 250.00	—	4 529 019.66
17.	— — 18. — —	—	368 100.00	—	352 874.76
18.	— — 19. — —	—	1 900 000.00	—	11 050 523.57
19.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárl. ..	—	1 984 550.00	—	36 108 027.04
	Greiðslujöfnuður			—	7 885 968.31
		Kr.	26 033 146.00	Kr.	120 106 353.74

Nd. 500. Breytingartillaga

við frv. til l. um byggingu gistihúss í Reykjavík.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við 5. gr. Greinin falli burt.

Nd. 501. Nefndarálit

um frv. til l. um byggingu gistihúss í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

N. hefur rætt frv. þetta og orðið á eitt sátt um að mæla með samþykkt þess.
Meiri hl. n. (GÞ, JörB, GTh) vill fella niður 5. gr. frv., sem hann telur, að feli í sér of víðtæka eignarnámsheimild, og mun flytja um það sérstaka brtt.
ÞB mælir með frumvarpinu óbreyttu.

Alþingi, 1. marz 1946.

Garðar Þorsteinsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen, frsm.

Jörundur Brynjólfsson. Þórður Benediktsson.

Nd. 502. Breytingartillögur

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 5. gr. c-liður greinarinnar orðist svo:
   að ráða skólastjóra og kennara úr hópi umsækjenda. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning þeirra.
2. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Skólar þessir eru sjálfseignarstofnanir eða eign hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.

Sþ. 503. Þingsályktun

um vélar til raforkuvinnslu á sveitaheimilum.

(Afgreidd frá Sþ. 2. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:
1. að láta rannsaka hið allra fyrsta, hvernig fullnægt verði raforkuþörf þeirra sveitaheimila, sem hvorki hafa hentug skilyrði til vatnsvirkjunar né eiga kost á raforku úr almannarafveitum;
2. að athuga að lokinni þessari rannsókn, á hvern hátt þessum heimilum verði tryggð kaup á þeim tækjum, sem hentugust þættu til raforkuvinnslu handa þeim, með beztu fáanlegum kjörum, meðal annars með því að hlutast til um, að tollur af þessum tækjum verði ekki hærri en af landbúnaðarvélum;
3. að birta niðurstöður rannsóknarinnar og gefa út leiðarvísi um gerð, uppsetningu og alla meðferð þessara tækja handa notendum þeirra.

Sþ. 504. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Akureyrarkaupstað.

(Afgreidd frá Sþ. 2. marz.)

Samhljóða þskj. 409.

Sþ. 505. Þingsályktun

um athugun á því, hvernig bátaflota landsmanna verði tryggð aðstaða til viðlegu um vertíðir og vermönnum viðunandi aðbúnaður.

(Afgreidd frá Sþ. 2. marz.)

Samhlj. þskj. 198.

Sþ. 506. Tillaga til þingsályktunar

um ábyrgð og styrk handa mjólkursamlagi Suður-Þingeyinga.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til mjólkursamlags Suður-Þingeyinga á Húsavík, allt að 300 þús. kr., og að greiða til þessa mjólkurbús ¼ hluta stofnkostnaðar, allt að 150 þús. kr.

Greinargerð.

Suður-Þingeyingar hafa nú viðbúnað til að reisa á vori komanda nauðsynleg húsakynni með tilheyrandi vélum fyrir mjólkurbú á Húsavík. Mun það ná yfir nálega alla sýsluna austan Ljósavatnsskarðs, að frátöldum Bárðardal. Sveinn Tryggvason mjólkurfræðingur hefur undirbúið þetta mál með Þingeyingum, og hefur hann ritað mér um málið 23. febr. bréf það, sem hér fer á eftir:

„Samkvæmt símtali við yður í gær fer hér á eftir lausleg áætlun um stofnkostnað væntanlegs mjólkursamlags í Suður-Þingeyjarsýslu, er væntanlega verður hafizt handa við byggingu á á vori komanda.

Áætlað kostnaðarverð hússins er	kr.	450000.00
— —— vélanna er	—	123000.00
Stofnkostnaður alls	kr.	573000.00

Sveinn Tryggvason.“

Samkvæmt áætlun hr. Sveins Tryggvasonar verða mjólkurbú Austur-Húnvetninga og Suður-Þingeyinga svo að segja jafnstór og jafndýr. Í yfirstandandi fjárlögum er heimild í 22. gr. til að veita mjólkursamlagi Austur-Húnvetninga byggingarstyrk og ábyrgð fyrir byggingarláni, hliðstætt þeirri fyrirgreiðslu, sem hér er beðið um.

Nd. 507. Frumvarp til laga

um ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Einar Olgeirsson.

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir orðið sveitarstjórn bæði bæjarstjórn og hreppsnefnd. Sveitarfélag merkir bæjarfélag og hreppsfélag, og sveitarsjóður merkir bæjarsjóð og hreppssjóð.

II. KAFLI
Um áhrifasvæði laganna.

2. gr.

Lög þessi gilda um land þeirra jarða, sem kaupstaðir og kauptún eru byggð á, svo og um land þeirra þorpa, þar sem verzlun er rekin. Að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytisins geta þau einnig gilt um jarðir, þar sem upp hafa risið byggðahverfi, þótt engin verzlun sé þar, enda hafi íbúar þeirra sent ráðuneytinu beiðni um það.

Verði ágreiningur um áhrifasvæði laganna, sker ráðuneytið úr.

3. gr.

Nú telur sveitarstjórn nauðsynlegt, vegna landsþarfa fólksins á viðkomandi stað, að áhrifasvæði laganna verði stærra en heimilt er samkv. fyrirmælum 2. gr., og skal hún þá senda ráðuneytinu rökstudda beiðni um stækkun áhrifasvæðisins og taka greinilega fram takmörk þess lands, sem hún óskar eftir til viðbótar, enda hafi málið áður verið rætt við eiganda eða eigendur landsins. Að fengnu áliti skipulagsnefndar og Búnaðarfélags Íslands um málið er ráðuneytinu heimilt að samþykkja beiðnina, og breytist þá áhrifasvæði laganna samkvæmt því.

Heimild þessa má ráðuneytið eigi nota oftar á sama stað en á 10 ára fresti, nema sérstaklega standi á.

4. gr.

Nú biður sveitarstjórn um stækkun á áhrifasvæði laganna samkv. heimild 3. gr., og er landið, sem beðið er um, að einhverju eða öllu leyti í nágrannasveitarfélagi kaupstaðarins, kauptúnsins eða þorpsins, sem hlut á að máli, og gildir þá heimild 3. gr. einnig um slíkar beiðnir. Nú samþykkir ráðuneytið slíka stækkun, og skulu þá hreppamörkin breytast samkvæmt því, enda greiði þá sveitarfélagið, er landið hlýtur, viðkomandi sveitarsjóði fullar bætur fyrir þá skerðingu á gjaldstofni, sem tilfærsla hreppamarkanna bakar honum. Sama gildir um lönd, sem sveitarstjórnir hafa aflað sér í öðrum sveitarfélögum fyrir gildistöku laga þessara.

Náist ekki samkomulag um þetta milli þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, skulu tveir dómkvaddir menn meta bæturnar.

5. gr.

Þegar áhrifasvæði laganna á hverjum stað hefur verið ákveðið, skal landinu, svo fljótt sem kostur er, skipt í ræktunarsvæði og byggingarsvæði, sbr. 9. gr. og 23. gr. laga þessara.

Á áhrifasvæði laganna er óheimilt að selja land, leigja það eða ráðstafa því til langframa á annan hátt en fyrir er mælt í lögum þessum.

Eigi landeigandi sannanlega kost á að leigja landið eða hluta af því, áður en skipulagningu þess til ræktunar og bygginga er lokið, getur hann krafizt þess, að viðkomandi sveitarfélag kaupi landið eða þann hluta af því, sem hann á kost á að leigja, og gilda um þau kaup ákvæði 11. gr. laga þessara.

III. KAFLI
Um forkaupsrétt og bann gegn sölu lóða og landa.

6. gr.

Nú vilja landeigendur á áhrifasvæði laga þessara selja lönd sín og lóðir eða hluta af þeim, án þess að fyrir hendi séu þær ástæður fyrir sölunni, er um getur í 5., 11., og 24. gr. laga þessara, og skulu þeir þá skyldir að bjóða viðkomandi sveitarstjórn forkauppsrétt á landinu fyrir það verð og greiðsluskilmála, sem þeir eiga kost á að

fá hjá öðrum. Sveitarstjórn er þá skylt innan fjögurra vikna, frá því er henni berst bréf um forkaupsréttinn, að segja til um, hvort hún vill nota hann. Hafi landeiganda eigi borizt svar innan þess tíma, má hann líta svo á, að forkaupsréttinum hafi verið hafnað.

7. gr.

Nú fer fram sala á landi á áhrifasvæði laga þessara, án þess að sveitarstjórn hafi verið boðinn forkaupsréttur á landinu, og getur hún þá krafizt þess, að sölunni sé riftað. Jafnframt getur sveitarstjórn krafizt þess að fá að ganga inn í kaupin, enda sé lögsókn til þess hafin innan sex mánaða, frá því er sveitarstjórn varð kunnugt um misfelluna.

8. gr.

Óheimilt er þeim sveitarfélögum, sem lög þessi ná til, að selja án lagaheimildar óbyggðar lóðir, ræktunarlönd, þar með talin ræktunarmannvirki, jarðir og hvers konar lönd, sem þau eiga eða kunna að eignast.

IV. KAFLI

Um ræktunarlönd, not þeirra og leigu.

9. gr.

Ræktunarland telst í lögum þessum hvert það land innan áhrifasvæðis þeirra, sem samkvæmt ræktunarskipulagi á staðnum er ræktað eða á að notast til grasræktar, garðyrkju eða framleiðslu annars jarðargróðurs eða til hvers konar búfjárræktar, enda sé landið ekki ætlað til byggingarlóða samkvæmt byggingarskipulagi staðarins.

10. gr.

Ráðuneytið skal fela Búnaðarfélagi Íslands eða annarri stofnun, sem ræður yfir sérþekkingu í ræktunarmálum, að gera svo fljótt sem hægt er mælingar og uppdrætti af ræktunarskipulagi á öllum þeim stöðum, sem lög þessi ná til, og sé skipulagið gert í samráði við þær sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli. Uppdrættir sýni, hvernig haga skuli framræslukerfi landsins, jarðvinnslu, girðingum, vegum, skiptingu þess í skákir, hverjar byggingar megi reisa á landinu og hvort það skuli byggt á erfðaleigu eða ekki. Ræktunarskipulagið öðlast gildi, þegar ráðuneytið hefur staðfest það, enda sé það gert innan tveggja ára frá því tillaga um ræktunarskipulagið var lögð fram.

Nú vill sveitarstjórn gera breytingar á staðfestu ræktunarskipulagi, og skal hún þá senda ráðuneytinu breytingartillögur sínar. Fer þá um breytingartillögurnar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar.

11. gr.

Eigendum lands á ræktunarsvæði er óheimilt að ráðstafa því til annarra án samþykkis sveitarstjórnar, er hlut á að máli.

Þegar viðkomandi sveitarstjórn óskar eftir, skal hver sá, er óræktað land á innan ræktunarsvæðis, skyldur að leigja það til ræktunar íbúum í viðkomandi kaupstað, kauptúni eða þorpi, með þeim kjörum, sem lög þessi mæla fyrir, enda sé um notkun landsins, skiptingu og ræktun farið eftir gildandi ræktunarskipulagi. Fullræktað land, sem eigandi notar sjálfur, er hann þó ekki skyldur til að leigja, nema brýna nauðsyn beri til að dómi sveitarstjórnar, enda sé þá lokið ræktun á öllu ræktanlegu landi innan ræktunarskipulagsins. Óski landeigandi heldur að selja landið eða þann hluta af því, sem falazt er eftir, er sveitarfélaginu skylt að kaupa það ásamt mannvirkjum, er landeigandi hefur á því gert og hann vill selja með landinu.

Náist ekki samkomulag um kaupverð lands og mannvirkja, skal það ákveðið með mati. Matsmenn séu þrír. Seljandi útnefnir einn, kaupandi annan, en oddamaður sé dómkvaddur, og skal hann hafa sérþekkingu á ræktunarmálum.

Matsverð skal ákveðið með hliðsjón af eftirgreindum atriðum:

a. Hvað eignin gefur af sér.
b. Hvaða verð eigandi hefur greitt fyrir eignina.
c. Kostnaðarverð umbóta á eigninni, ef til eru.
d. Ástand mannvirkja og ræktunarhæfi landsins.
e. Gildandi fasteignamat.

Verðhækkun á landi og mannvirkjum, er stafar af öðrum orsökum en umbótunum sjálfum, má aldrei hafa áhrif á matsverðið.

Matsverð má aldrei fara fram úr tvöföldu fasteignamatsverði fasteignarinnar.

Nú verður seljandi fyrir röskun á atvinnurekstri vegna sölunnar, sem honum er tilfinnanleg að dómi matsmanna, og ber þeim þá að ákveða honum hæfilegar bætur fyrir það sérstaklega.

Nú er land það, sem falazt er eftir í leiguábúð eða á annan hátt, í notum eins eða fleiri manna, annarra en eigandans, en þau not eru ekki í samræmi við gildandi ræktunarskipulag, og er þá leigjanda eða leigjendum landsins skylt að láta af hendi leigurétt sinn eða hluta af honum, enda komi bætur fyrir eftir sömu reglum og til landseiganda.

Nú vill kaupandi eða seljandi lands, mannvirkja eða leiguréttinda ekki una matsverði á eignum, leiguréttindum eða bótum fyrir atvinnutruflun, og getur þá hver þeirra sem er krafizt yfirmats. Yfirmat skal framkvæmt af þremur dómkvöddum mönnum, og fer um kvaðningu þeirra og greiðslu matskostnaðar á sama hátt og segir í 6. gr. laga nr. 61 14. nóv. 1917. Yfirmatsmenn eru í starfi sínu háðir öllum sömu reglum um matið og áður er fyrir mælt í þessari grein.

12. gr.

Árlegt afgjald af ræktunarlöndum skal vera 5% af fasteignamatsverði landsins, eins og það er á hverjum tíma, þar með ekki talinn sá hluti matsverðsins, er myndazt hefur vegna umbóta, er leiguliði hefur gert á því og er hans eign.

Óheimilt er að innheimta leigu af ræktunarlandi fyrr en fasteignamat á því er fyrir hendi, en þá má krefja leigu frá þeim tíma, er landið varð afgjaldsskylt, þó eigi lengur en tvö ár aftur í tímann. Afgjaldsskylda ræktunarlands telst frá næstu áramótum eftir að útmæling fór fram, enda hafi þá mælingin verið gerð á síðari helmingi árs. Hafi landið verið útmælt fyrir 1. júlí, greiðist hálf leiga það ár.

Um ræktunarlönd gilda tvenns konar leiguform:

a. Leiga í tiltekinn árafjölda, þó eigi yfir 50 ár.
b. Erfðaleiga.

Um leið og ræktunarskipulag er fullgert samkv. 10. gr., skal Búnaðarfélag Íslands og viðkomandi sveitarstjórn ákveða leigutíma ræktunarlands innan skipulagsins á þeim grundvelli, er lög þessi mæla fyrir, og gilda þær samþykktir þar til þessir aðilar ákveða annað. Sú meginregla skal gilda við þessa flokkun að byggja á erfðaleigu aðeins þau ræktunarlönd, sem eru yfir 2000 m² að flatarmáli og eigi er líklegt, að nota þurfi í byggingarlóðir eða til annarra félagslegra afnota næstu 30 ár. Þó skal alltaf leigja félögum og stofnunum land um tiltekinn árafjölda.

13. gr.

Leiguréttur erfðaleigulanda gengur að erfðum til þess hjóna, er lengur lifir, síðan til barna, þar með talin kjörbörn. Foreldrar komi sér saman um, hvert af börnunum erfi leiguréttinn. Nú er engin ákvörðun tekin, og skal þá elzta barn erfa réttinn. Afsali það sér réttinum eftir að það er lögráða, erfist hann eftir aldri barnanna.

Hafi erfingi leiguréttar ekki náð lögaldri, og óski lögráðamaður hans ekki, að erfinginn noti réttinn, þegar hann fellur til hans, skal lögráðamaður leigja landið öðrum, nema landseigandi óski að gera það sjálfur, en aðeins um stundarsakir eða þar til erfingi nær lögaldri.

14. gr.

Nú vill leiguliði hætta afnotum af ræktunarlandi sínu, og ber honum þá að tilkynna það skriflega landseiganda eða umboðsmanni hans með sex mánaða fyrirvara. Skal þá landseigandi eða umboðsmaður hans auglýsa landið til leigu með minnst eins mánaðar fyrirvara. Beiðnir um leigu á ræktunarlöndum skulu gerðar í tveimur samritum. Annað eintakið sendist landseiganda, en hitt afhendist viðkomandi sveitarstjórn. Verði beiðnir um sama land fleiri en ein, skal sveitarstjórn ráða, hver landið hlýtur.

Þegar leiguliðaskipti verða, skal fara fram úttekt á landinu, sem er í því fólgin, að metnar eru til verðs þær umbætur, sem fráfarandi hefur gert á því, svo og hús, ef til eru, enda teljist þau nauðsynleg vegna notkunar landsins að dómi úttektarmanna. Hafi landið gengið úr sér frá því leiguliði tók við því, enda verði honum gefin sök á, skal honum gert að greiða hæfilegt álag. Við úttekt húsa ræður hliðsjón af kostnaði við bygginguna, aldur hennar og ásigkomulag, svo og hæfilegt matsverð sambærilegra fasteigna. Við úttekt á ræktunarmannvirkjum skal leggja til grundvallar ræktunarstig landsins, eins og það er þegar úttekt fer fram, og hafa einnig til hliðsjónar kostnað við ræktun þess. Verðhækkun á landi og mannvirkjum, sem stafar af öðrum orsökum en umbótunum sjálfum, má aldrei hafa áhrif á matsverðið.

Úttektarverð húsa og ræktunarmannvirkja má þó aldrei fara fram úr tvöföldu fasteignamatsverði þeirra eigna, sem úttektin er gerð á.

15. gr.

Landseigandi hefur forkaupsrétt að ræktunarmannvirkjum fyrir úttektarverð. Noti hann forkaupsrétt sinn, er hann skyldur að leigja hinum nýja viðtakanda ræktunarmannvirkin fyrir 5% á ári af fasteignamatsverði þeirra. Hafni landseigandi forkaupsrétti, er viðtakandi skyldur að kaupa fyrir úttektarverð þau hús, sem eru á ræktunarlandinu, enda séu þau nauðsynleg við hagnýtingu landsins að dómi úttektarmanna.

16. gr.

Úttekt ræktunarlanda á hverjum stað framkvæma matsmenn þeir, er um getur í 12. gr. laga nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat. Um kostnað við úttektir þessar og störf úttektarmanna gilda ákvæði IX. kafla ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, að því leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Úttektargerð ræktunarlands ásamt greinilegri lýsingu á landi og ræktunarmannvirkjum skulu úttektarmenn færa inn í sérstaka bók, sem sýslumaður löggildir sem úttektarbók ræktunarlanda. Sama gegnir um hús og aðrar umbætur á landinu, sem ekki teljast ræktunarmannvirki. Í bók þessa skulu einnig skráð öll fasteignamöt á ræktunarlöndum í viðkomandi sveitarfélagi.

Nú verða skemmdir á ræktunarlandi af náttúrunnar völdum, svo sem af skriðuföllum, sandfoki, eldgosum, vatnagangi, sjávarflóði eða öðrum slíkum orsökum, og getur þá leiguliði krafizt mats úttektarmanna á skemmdunum. Ber þeim þá að meta tjónið til verðs og ákveða afgjaldslækkun í hlutfalli við matið, en heimilt er þeim að ákveða, að afgjaldsbreytingin gildi aðeins takmarkaðan tíma.

17. gr.

Þegar ræktunarland losnar úr ábúð, er landseiganda skylt að leigja það á ný með þeim kjörum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir. Sé þess ekki kostur, skal landinu ráðstafað til eins árs í senn, þar til fært reynist að leigja það til lengri tíma. Óheimilt er að leigja ræktunarland til frambúðar þeim manni, sem hefur tvo hektara eða meira af ræktuðu eða ræktanlegu landi til afnota, eða félagi, sem hefur tvo hektara eða meira á hvern félagsmann.

Nú losnar ræktunarland úr ábúð, en enginn vill taka það á leigu, þótt rækilega hafi verið auglýst, og er þá landseigandi skyldur að kaupa ræktunarmannvirkin fyrir

úttektarverð, en öðrum mannvirkjum má fráfarandi ráðstafa sjálfur, ef landseigandi óskar ekki eftir kaupum á þeim fyrir úttektarverð.

18. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum, og varðar útbyggingu, ef hann:

a. Greiðir ekki samningsbundið afgjald af landinu innan tveggja mánaða frá gjalddaga.
b. Vanrækir að greiða af landinu opinbera skatta, er hann á að borga, eða vexti og afborganir af veðskuldum, er á því kunna að hvíla og honum ber að standa straum af, og gert er lögtak í landinu eða fjárnám af þeim ástæðum eða öðrum, og ef leiguliði verður gjaldþrota.
c. Nytjar ekki landið sjálfur.
d. Hirðir landið svo illa, að ræktunarmannvirki þess ganga úr sér að dómi úttektarmanna.
e. Vanrækir að rækta landið, svo sem leigusamningur hans kveður á um, eða brýtur samninginn að öðru leyti í verulegum atriðum.

19. gr.

Nú telur sveitarstjórn sig þurfa á ræktunarlandi að halda til bygginga eða annarra slíkra almenningsþarfa, og er leiguliða þeim, er hlut á að máli, þá skylt að láta af hendi leigurétt sinn, enda sé honum tilkynnt það með ½ árs fyrirvara. Skal leiguliði þá fá endurgjald fyrir ræktunarmannvirki sín og aðrar eignir á landinu, eftir mati úttektarmanna, er nema má allt að tvöföldu fasteignamatsverði eignanna, sem úttektin er gerð á. Enn fremur má ákveða leiguliða bætur fyrir atvinnutruflun, eftir sömu reglum og segir í 11. gr. laga þessara.

Verðhækkun á landi og mannvirkjum, sem orsakast af öðrum ástæðum en umbótunum sjálfum, má þó aldrei hafa áhrif á matsverðið. Ef bæjar- eða sveitarstjórn vill taka meira en ¼ hluta landsins, getur leiguliði krafizt þess, að landið sé allt tekið ásamt þeim mannvirkjum, er á því eru.

20. gr.

Heimilt er leiguliða á ræktunarlandi, sem er a. m. k. 0.3 ha að stærð, að taka lán með veði í ræktun og öðrum mannvirkjum, sem hann á í landinu. Lán þessi mega þó ekki nema hærri upphæð en 75% af fasteignamati hinna veðsettu eigna.

21. gr.

Leiguliða ber að greiða alla skatta og gjöld til hins opinbera, sem lagðir kunna að verða á ræktunarlandið sem gjaldstofn.

22. gr.

Skylt er að láta leiguliða fá leigusamning. Í samningnum séu tekin fram meginatriði laga þessara um réttindi og skyldur leiguliða. Enn fremur sé þar tilgreind stærð landsins, landamerki, afgjaldsupphæð og ræktunarskyldur. Þá sé og greint frá réttindum til húsabygginga á landinu o. s. frv. Heimilt er að setja í leigusamning ákvæði um greiðslu dráttarvaxta vegna vanskila á afgjaldi, eftir sömu reglum og gilda um útsvör, svo og að afgjaldið hvíli með lögveði á mannvirkjum þeim, sem á landinu eru á undan samningsbundnum veðum. Fjögur samrit skulu gerð af leigusamningnum, og rita landseigandi og leiguliði nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landseigandi einu eintakinu, leiguliði öðru, úttektarmenn geyma hið þriðja, en hið fjórða afhendist til þinglýsingar. Leiguliði greiðir kostnað við þinglýsingu og stimplun.

V. KAFLI

Um byggingarlóðir, not þeirra og leigu.

23. gr.

Byggingarsvæði telst í lögum þessum það land í kaupstað, kauptúni, þorpi eða byggðahverfi, sem notað er eða ætla má að notað verði samkvæmt gerðum eða væntanlegum skipulagsuppdrætti til þess að reisa á íbúðarhús, skólahús, sjúkrahús, geymsluhús, hafnarmannvirki, peningshús, götur, torg, hús vegna iðnaðar, flutninga, verzlunar eða gera á hvers konar framkvæmdir vegna menningarmála, viðskipta eða atvinnurekstrar, annars en landbúnaðar.

Nú hefur ekki verið gerður byggingarskipulagsuppdráttur af kauptúni, þorpi eða byggðahverfi, og þar af leiðandi er þar ekkert afmarkað byggingarsvæði, og skal þá sveitarstjórn tafarlaust gera tillögur til ráðuneytisins um stærð og takmörk byggingarsvæðis á staðnum. Ráðuneytið skal leita umsagnar skipulagsnefndar um tillögurnar, áður en það staðfestir þær. Þegar tillögur um byggingarsvæði hafa hlotið staðfestingu ráðuneytisins, fer um afnot og leigukjör landsins til bygginga og annarra framkvæmda eftir því, sem lög þessi mæla fyrir.

24. gr.

Allt óbyggt land innan byggingarsvæðis skal um afnot, annarra en eiganda landsins, vera háð samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, og er eiganda landsins óheimilt að leyfa eða synja um notkun þess án samþykkis hennar. Beiðnir um leigu á lóðum skulu gerðar í tveim samritum. Annað eintakið sendist landseiganda, en hitt afhendist sveitarstjórn. Verði beiðnir um sömu lóð fleiri en ein, ræður sveitarstjórn, hver umsækjandi fær lóðina. Skylt er eiganda byggingarsvæðis að leigja lóðir til bygginga, gatnagerðar, torga eða annarra álíkra afnota á óbyggðu byggingarsvæði, ef bæjarstjórn óskar eftir eða mælir með því, enda séu hús þau eða mannvirki, er reisa skal á lóðinni, í samræmi við byggingarskipulagsuppdrátt staðarins, ef til er. Vilji eigandi byggingarsvæðis heldur selja landið eða hluta af því, skal sveitarsjóður skyldur að kaupa það ásamt þeim mannvirkjum, er á því eru og landseigandi vill selja með landinu. Þó er landseigandi ávallt skyldur, ef sveitarstjórn óskar eftir, að selja land undir götur, torg og til annarra opinberra þarfa.

Um kaupverð landsins og aðrar bætur fer aftir sömu reglum og segir í 11. gr. laga þessara.

Nú er óbyggt byggingarsvæði, sem falazt er eftir, í leiguafnotum og notkun þess ekki í samræmi við skipulagsuppdrátt staðarins, og er þá leigjandi landsins skyldur að láta af hendi leigurétt sinn eða hluta af honum, ef sveitarstjórn óskar, og fer um bætur fyrir það eftir sömu reglum og segir í 11. grein.

25. gr.

Skylt er lóðarleigjanda að hefja byggingu á lóð innan árs frá því lóðarleyfi er veitt, og hafa lokið henni innan tveggja ára frá því er hún hófst, ella fellur niður réttur hans til lóðarinnar.

Lóðarsamningar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu og falla úr gildi, ef eigi er innan þriggja ára frá gildistöku laganna lokið byggingu á lóðunum samkvæmt gildandi byggingarskipulagi. Sveitarstjórnir geta þó framlengt þessa fresti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Framleiga á lóðum eða hvers konar ráðstöfun á þeim til þriðja manns er óheimil, nema í sambandi við sölu húsa eða meiri háttar mannvirkja, sem á lóðinni standa.

Ef hús eða mannvirki brennur, er rifið niður eða eyðilagt á einhvern hátt, er leigjanda lóðarinnar skylt að byggja það á ný innan tveggja ára, ella fyrirgerir hann réttindum sínum til lóðarinnar.

26. gr.

Byggingarlóðir skulu leigðar um ótakmarkaðan tíma. Árleg leiga eftir byggingarlóðir sé 5% af fasteignamati þeirra, eins og það er á hverjum tíma, þar í ekki taldar umbætur, er lóðareigandi hefur gert á lóðinni. Óheimilt er að innheimta leigu af lóð, fyrr en fasteignamat á lóðinni er fyrir hendi, en þá má krefja lóðargjald frá þeim tíma, er lóðin varð afgjaldsskyld, þó ekki lengur en tvö ár aftur í tímann. Afgjaldsskylda lóða telst frá næstu áramótum eftir að hún er útmæld, ef mælingin hefur farið fram á síðari helmingi árs. Hafi lóðin verið afhent fyrir 1. júlí, greiðist hálft lóðargjald það ár.

27. gr.

Leigutaka ber að greiða alla skatta og gjöld til hins opinbera, sem lögð kunna að verða á lóðina sem gjaldstofn.

28. gr.

Skylt er að láta leigutaka fá lóðarsamning, þar sem nánar eru fram tekin réttindi hans og skyldur. Heimilt er að setja í lóðarsamninga ákvæði um greiðslu dráttarvaxta vegna vanskila á lóðarleigum, eftir sömu reglum og gilda um útsvör. Enn fremur, að lóðarleiga hvíli með lögveði á mannvirkjum þeim, sem á lóðinni eru, á undan samningsbundnum veðum. Af lóðarsamningi séu gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og hið þriðja til þinglýsingar. Leiguliði greiðir þinglýsingar- og stimpilgjald.

VI. KAFLI

Um verðhækkunarskatt á lóðum og löndum.

29. gr.

Af öllum lóðum og löndum, sem lög þessi ná til og ekki eru opinber eign, skal greiða árlegan skatt af verðhækkun landsins, án húsa, mannvirkja og annarra umbóta, eftir því sem lög þessi mæla fyrir. Heitir skatturinn verðhækkunarskattur og rennur í viðkomandi sveitarsjóð. Skatturinn miðast ávallt við fasteignamatsverð landsins, þar með talið afgjaldskvaðaverðmæti þess, og skal hann vera 4% — fjórir af hundraði — af verðhækkun þeirri, er verður á landinu, án húsa, mannvirkja og annarra umbóta, miðað við fasteignamat árið 1940.

Nú verða eigendaskipti á landi eða lóðum, þannig að eigendum fjölgar, en ekki verður séð af fasteignamatinu frá 1940, hvert hafi verið matsverð á landi því, er kemur í hlut hvers hinna nýju eigenda, og skal þá yfirfasteignamatsnefnd skipta matsverðinu frá 1940, án húsa og mannvirkja, niður á hina nýju eigendur, og verður skipting þessi grundvöllur við álagningu verðhækkunarskattsins.

30. gr.

Gjalddagi verðhækkunarskatts er 1. júlí ár hvert. Skulu sveitarstjórnir þá hafa gert skrá um skattinn og skattgreiðendur, er liggi frammi almenningi til sýnis næstu fjórar vikur, og sé framlagning skrárinnar auglýst í blöðum eða á annan hátt. Rétt er gjaldanda skattsins að kæra yfir honum til sveitarstjórnar, ef hann telur skattinn ranglega lagðan á, enda sé kæran komin fram á þeim tíma, er skráin lá frammi. Kærur út af verðhækkunarskatti skulu úrskurðaðar eigi síðar en fjórtán dögum eftir kærufrest. Úrskurði þessum getur skattgreiðandi skotið til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, eftir sömu reglum og gilda um kæru yfir tekju- og eignarskatti.

31. gr.

Yfirfasteignamatsnefnd skal fyrir 1. júlí ár hvert senda sveitarstjórnum á áhrifasvæði laga þessara afrit af breytingum þeim, er kunna að hafa orðið á fasteignamatinu á hverjum stað frá því næsta ár á undan. Notast þau gögn ásamt fasteignamatinu 1940 sem grundvöllur undir álagningu skattsins.

32. gr.

Eigandi hinnar skattskyldu fasteignar skal greiða verðhækkunarskattinn. Er honum með öllu óheimilt að innheimta hann í nokkurri mynd hjá notendum landsins umfram það, sem heimilað er í 12. og 26. gr. laga þessara. Sveitarstjórnir innheimta skattinn. Fylgir honum lögtaksréttur og lögveð í lóð þeirri, er hann er lagður á, og skal hann í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir samningsveði og aðfararveði, er á eigninni hvíla.

VII. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

33. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skulu fasteignamatsnefndir hefjast handa um sundurliðun á fasteignamatinu frá 1940 í grunnverð og mannvirkjaverð, að því er snertir lönd og lóðir, er lög þessi taka til, og skal því verki lokið innan árs frá gildistöku laganna.

34. gr.

Eftir gildistöku laga þessara skulu allir gildandi samningar um lóðir og ræktunarlönd á áhrifasvæði þeirra endurnýjaðir, svo fljótt sem verða má, á þann hátt er lög þessi mæla fyrir.

35. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

36. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi l. nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, VII. kafli jarðræktarlaga, nr. 101 23. júní 1936, svo og önnur lagaákvæði, er ekki samræmast ákvæðum laga þessara.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af 4 manna nefnd, sem skipuð var af félagsmálaráðherra 19. apríl 1943. Nefndin var skipuð samkvæmt samþykkt Alþingis varðandi mál þau, er frumv. þetta fjallar um.

Frumvarpið var á sínum tíma sent félagsmálaráðherra. Hann hefur enn ekki orðið við beiðni um að flytja frumv. á Alþingi. Við flm. þessa frumv. teljum, að efni þess sé svo mikilsvert og lausn þeirra mála, sem það fjallar um, þ. e. um eignar- og umráðarétt kaupstaða og kauptúna yfir nauðsynlegum löndum og lóðum byggðarlaganna, svo aðkallandi, að nú á þessu þingi þurfi að setja lög, sem leysi þessi mál svo við verði unað.

Við höfum valið þá leið að leggja frv. fram óbreytt eins og nefndin gekk frá því, þótt við teljum heppilegt að gera á því nokkrar breytingar. Hér fylgir með greinargerð sú, er nefndin lét fylgja frumvarpinu:

Eigi verður hjá því komizt að gera nokkra grein fyrir aðdraganda og undirbúningi þessa frumvarps, áður en vikið er að því í heild og einstökum greinum þess.

Hinn 12. apríl 1943 afgreiddi sameinað Alþingi svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga með nefndarskipun eða á annan hátt, hvernig megi veita kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum eignar- eða umráðarétt yfir nauðsynlegum löndum og lóðum, með sanngjörnum kjörum, án þess gengið verði of nærri hagsmunum nágrannasveita þeirra, hvernig komið

verði í veg fyrir óréttmæta verðhækkun á þessum löndum og afnotarétti þeirra, og hvernig tryggja megi, að verðhækkun á löndum og lóðum, sem verða kann á fyrrnefndum stöðum vegna meiri háttar opinberra framkvæmda, verði almenningseign.

Athugun þessi fari fram í samráði við hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög, eftir því sem þurfa þykir, og sé henni lokið fyrir reglulegt Alþingi 1944."

Samkvæmt ofangreindri þingsályktun skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhann Sæmundsson, með bréfi dags. 19. apríl 1943, fjóra menn í nefnd til athugunar á þeim málum, sem þingsályktunin fjallar um. Þessir voru skipaðir í nefndina:

Kjartan Ólafsson bæjarfulltrúi, Hafnarfirði,

Sigurður Á. Björnsson frá Veðramóti, framfærslufulltrúi, Rvík,

Áki Jakobsson alþingismaður, Reykjavík,

Jens Hólmgeirsson skrifstofustjóri, Reykjavík, og var hann skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hóf störf sín 7. maí 1943 og hafði aðsetur sitt á skrifstofu framfærslumálanefndar í Alþýðuhúsinu. Nefndin hafði engan fastan starfsmann. Jens Hólmgeirsson leysti af hendi bréfaskriftir og aðra nauðsynlega vinnu milli funda.

Við athugun þessa máls hafði nefndin eftirgreinda starfshætti:

1. Send voru bréf til allra oddvita í kauptúnum og þorpum og bæjarstjóra í kaupstöðum, þar sem óskað var álits þeirra um málið. Voru í þessu skyni afgreidd 63 bréf, en um það bil 10 svarbréf bárust nefndinni til baka.
2. Athuguð var gildandi löggjöf, sem snerti rannsóknarefni nefndarinnar.
3. Athuguð voru frumvörp, sem fram hafa verið borin á Alþingi hin síðustu ár, varðandi lóða- og jarðeignamál kaupstaða og kauptúna.
4. Safnað var talsverðum upplýsingum um lóða- og jarðeignamálin í kaupstöðum og kauptúnum í því skyni að fá yfirlit um ástandið í þeim efnum.

Helztu niðurstöður framangreindra athugana voru sem hér segir:

Um 1. lið.

Í svarbréfum þeim, er nefndinni bárust, er það sameiginlegt álit, að nauðsynlegt sé, að bæir og hreppar eigi eða hafi fullkominn umráðarétt yfir því landi, sem kaupstaðir, kauptún eða þorp standa á, og auk þess hæfilegu svæði til viðbótar til stækkunar, ræktunar og annarra félagslegra afnota. Í flestum bréfunum er bent á nauðsyn þess, að reistar verði skorður við óhóflegri verðhækkun á lóðum og löndum, og er jafnvel minnzt á hámarksmerð í því sambandi.

Um 2. lið.

Í löggjöfinni er fátt eitt, sem snertir landsnotkun og landsleigu í kaupstöðum og kauptúnum. Þetta er helzt:

Lög um útmælingu lóða í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum o. fl., nr. 75 14. maí 1917.

Lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, nr. 55 27. júní 1921, ásamt viðaukum og breytingum, er síðar hafa verið gerð á þeim.

Lög um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., nr. 22 23. júní 1932.

Lög um bann gegn jarðraski við sjó í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, nr. 28 19. júní 1933.

Lög um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa, nr. 64 27. júní 1941.

Jarðræktarlög, nr. 54 4. júlí 1942, VII. kafli (um erfðaleigulönd).

Lög um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, nr. 86 22. nóv. 1943.

Auk þess, sem hér hefur verið talið, munu vera til allmargar reglugerðir um lóðarleigur og landsnotkun í einstökum kaupstöðum og kauptúnum. Eru þær eðlilega allólíkar að efni og formi, þar eð engin heildarlöggjöf er til um þessi mál.

Um 3. lið.

Nokkur viðleitni hefur komið fram hjá löggjafanum á undanförnum árum um að tryggja kaupstöðum og kauptúnum nauðsynlegt land og fyrirbyggja óeðlilega verðhækkun þess. Auk fyrrgreindra laga hafa komið fram á Alþingi nokkur frumvörp um það efni, sem ekki hafa náð samþykki. Þessi eru helzt:

Árið 1930 flytja þeir Haraldur Guðmundsson og Halldór Stefánsson frumvarp til laga um verðhækkunarskatt. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Árið 1931 flytur Haraldur Guðmundsson frumvarp til laga um fasteignaskatt. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Árið 1932 flytja þeir Jörundur Brynjólfsson og Bernharð Stefánsson frumvarp til laga um erfðaleigulönd í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Árið 1940 flytur allsherjarnefnd efri deildar samkv. beiðni félagsmálaráðherra frumvarp til laga um skipulagssjóði. Frumvarpið sömdu þeir Gunnl. Briem stjórnarráðsfulltrúi og próf. Ólafur Lárusson., að tilhlutun bæjarráðs Reykjavíkur og skipulagsnefndar. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Árið 1942 flytja þeir Bjarni Ásgeirsson og Steingrímur Steinþórsson frumvarp til laga um erfðaleigulönd. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Um öll þessi frumvörp sem heild má segja það, að tilgangurinn með þeim hafi verið sá að tryggja þéttbýlinu nauðsynlegt land til bygginga og ræktunar og hamla gegn óeðlilegri verðhækkun þess.

Um 4. lið.

Svo sem fyrr getur, er engin heildarlöggjöf til um landsverð og lóðarleigu í kaupstöðum og kauptúnum. Af því hefur leitt, að verðlag á landi og lóðum er sett mjög af handahófi. Virðist sín reglan gilda á hverjum stað, en vera það eitt sameiginlegt, að verðlagið hækkar eftir því sem fólkinu fjölgar og landsþörfin vex. Í litlum kauptúnum, þar sem land er nægilegt, er óvíða um verulega verðhækkun að ræða enn þá, einkum ef landið er opinber eign og vel hefur tekizt til um ýtarlega leiguskilmála. Í kaupstöðum og stærri kauptúnum er mjög víða farið að bera á mikilli verðhækkun á landi og lóðum. Enn fremur er það mjög algengt, sérstaklega þar, sem landið er einkaeign, að kaupstaðir, kauptún og þorp fá ekki land til umráða með viðunandi kjörum, og torveldar það mjög nauðsynlega þróun í byggingum, ræktun og öðrum félagslegum umbótum.

Hér skulu nefnd nokkur dæmi um ástandið í þessum efnum:

1. Í einum af stærri kaupstöðum landsins var mikill hluti byggingarlóðanna eign ríkisins þar til 1943, að bærinn keypti ríkislandið. Fyrir mörgum árum leigði umboðsmaður ríkisins á staðnum ýmsum borgurum stærri og smærri lóðir fyrir mjög sanngjarnt verð, og mun það hafa verið gert með samþykki þáverandi ráðuneytis. Engin ákvæði voru sett í leigusamningana um byggingarskyldu innan ákveðins tíma né heldur um bann gagn framleigu. Ýmsir af leigjendum þessara lóða hafa látið þær ónotaðar, en beðið eftir verðhækkun á þeim og selt síðan leigurétt sinn fyrir afarverð. Fyrir leiguréttinn á einni slíkri lóð, sem var að stærð um 1200 ferálnir, varð bæjarsjóður t. d. að greiða nú fyrir skömmu um 10 þúsund krónur, eða sem næst 8 krónum fyrir hverja feralin, og var sú greiðsla ákveðin með mati.
2. Í þessum sama kaupstað er verulegur hluti af hafnarsvæðinu einkaeign. Mikil vöntun er á hafnarsvæði fyrir útgerðina, og er það almenn skoðun, að auðveldast sé úr því að bæta með því að gera stórfelldar uppfyllingar á þeim hluta hafnarsvæðisins, sem er einkaeign að nokkru leyti, og nota til þess uppmokstur úr höfninni, sem er of grunn. Til þessa hafa framkvæmdir ekki hafizt, að því er ætla má, af þeim ástæðum, að bæjarsjóður hefur ekki fengið samkomulag við eigendur hafnarspildunnar um viðunandi endurgjald fyrir mannvirkin af hálfu þeirra, er landið eiga.

3. Í öðrum kaupstað, þar sem ríkissjóður er eigandi alls landsins, var fyrir nokkrum árum ýmsum bæjarbúum leigt talsvert af landi til ræktunar með mjög sanngjörnum kjörum. Í leigusamningana var ekkert ákvæði sett um ræktunarskyldu né bann gegn framleigu. Ýmsir af leigjendunum ræktuðu ekki lönd sín, en héldu þó leiguréttinum í mörg ár. Nú síðustu árin hafa þeir svo verið að selja leigurétt sinn fyrir hátt verð, eða allt að 2000 krónum pr. ha., enda þótt engar umbætur hafi verið gerðar á landinu. Sterkar líkur eru til, að afnotaréttur þessara ræktunarlanda eigi eftir að hækka meira í verði, eftir því sem fólkinu fjölgar á staðnum og þörfin fyrir landsafnot verður meiri.
4. Í smáþorpi úti á landi, þar sem svo er háttað um atvinnu, að fólkinu er lífsnauðsyn að stunda smábúskap samhliða stopulli sjósókn á smábátum, er helmingur landsins eign eins manns, er notar það til eigin búskapar. Maðurinn hefur ekki fjölskyldu og er kominn á elliár. Hefur hann oftast haft vafasaman hagnað af þessum búrekstri sínum, enda er allur bústofn hans talsvert innan við 100 fjár. Þrátt fyrir mjög ákveðin tilmæli hefur þessi landeigandi þverlega synjað um sölu eða leigu á landinu, enda þótt augljóst sé, að eina leiðin til þess að tryggja fólkinu í þorpinu sómasamleg lífskjör sé að gefa því kost á afnotum á öllu landinu, sem þarna er fyrir hendi.
5. Þorpið Hveragerði austan við Hellisheiði er byggt á heitum stað, eins og kunnugt er, og er landið einkaeign nokkurra manna. Lóðarleigur eru um 100 kr. á ári fyrir um 1000 m² lóðir. Þegar þess er gætt, að því nær allar félagslegar umbætur eru ógerðar þarna, ræktunarskilyrði erfið og kostnaðarsamt að virkja jarðhitann, verður að telja lóðarleigurnar mjög háar. Fyrir tveimur árum fór fram sala á tveggja hektara stórri landspildu í þorpinu, sem að mestu var óræktað, og var verðið 30 þúsund krónur. Mjög er orðið aðkallandi að byggja götur í Hveragerði, leggja vatnsveitu, skolpæðar og skipuleggja notkun jarðhitans. Af skiljanlegum ástæðum hafa þorpsbúar ekki séð fært að hefja þessi nauðsynjaverk, meðan ósamið er um eignarumráð landsins.

   Fyrir eindregna ósk þorpsbúa gerði ríkisstjórnin tilraun til að festa kaup á landinu, sem þorpið stendur á, ásamt nauðsynlegu svæði í grennd við það, eða alls um 260 ha. að flatarmáli. Eigi tókst að fá vilyrði fyrir kaupum nema á tæpum helmingi landsins. Verðið, sem eigendurnir settu upp, var frá 3 til 20 þúsund krónur pr. ha., eða alls um 659 þúsund krónur fyrir 122 ha. af landi. Að sjálfsögðu kom eigi til mála að binda þorpsbúum þá fjárhagsbagga, sem slík kaup hefðu af sér leitt. Mega þeir því enn um hríð bíða eftir þeim félagslegu umbótum, sem eru ómissandi grundvöllur fyrir heilsusamlegu lífi á staðnum.
6. Í einum kaupstaðanna, sem búinn er að fá sinn byggingarskipulagsuppdrátt, neita eigendur landsins að láta af hendi lóðir undir byggingar og torvelda með því nauðsynlega þróun í byggingarmálum á staðnum. Árekstrar af þessari tegund eru talsvert algengir, þar sem landið er einkaeign eða í skilyrðislausri leigu einstakra manna. Er augljóst, hve óheppileg áhrif þetta getur haft á byggingar, ræktun og aðrar félagslegar framkvæmdir.
7. Í kauptúni nokkru, þar sem svo hagar til um atvinnu, að íbúunum er ómissandi að stunda smábúskap til uppbótar stopulli sjósókn og eyrarvinnu, er allt landið einkaeign. Við jaðar kauptúnsins eru nokkrir tugir ha. af ágætu landi, sem gæti skapað íbúunum sæmilegt atvinnuöryggi, ef þeir fengju að rækta það og nytja. Samningar um kaup á þessu landi hafa ekki tekizt, þar eð eigendur þess hafa viljað selja það hærra verði en hreppsfélagið hefur talið fært að greiða.
8. Um lóða- og landsleigu í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum gilda engar allsherjarreglur, jafnvel ekki þótt landið sé opinber eign. Má segja, að sinn leigumálinn gildi á hverjum stað. Þar sem landið er einkaeign, er lóðarverðið hæst og heldur áfram að stíga með vaxandi landsþörf og auknum fólksfjölda. Almennt eru lóðarleigur kr. 0.04—1.50 pr. m² á ári og leiga fyrir ræktunarlönd kr. 5.00—50.00 pr. ha. af óræktuðu landi. Um þetta virðist gilda fullkomið handahóf, geð-

þótti og sanngirni þeirra, sem landið eiga. Þegar þess er gætt, að lóðir og ræktunarlönd eru yfirleitt afhent leigjendum í óræktuðu ástandi og að víða á þessum stöðum er vant flestra eða allra félagslegra umbóta, verður að telja hærri leigumálana, sem skýrt er frá, fram úr hófi háa. Dæmi eru til þess, að í samninga um ræktunarlönd hafa samhliða háu leigugjaldi, verið sett ákvæði um það, að ræktunarmannvirki, sem leigjandi gerir, falli endurgjaldslaust til landseiganda, þegar leigjandi deyr eða hættir að nota land sitt af einhverjum ástæðum.

Þá rannsakaði nefndin, hversu væri háttað um eignarrétt á lóðum og löndum í þeim ca. 70 kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, sem telja má, að nú séu á landinu. Niðurstaða þeirra athugana er þannig:

Landið er eingöngu einkaeign á	25 stöðum
— — sameign, skipt eða óskipt, einstaklinga og þess opinbera á	21 stað
— — eingöngu opinber eign (ríkis, hrepps eða bæjar) á	24 stöðum.

Í yfirliti þessu er fyrst og fremst átt við lóðirnar, sem húsin standa á, og auk þess sums staðar við ræktunarlönd, þar sem ræktun er hafin.

Framangreindar athuganir hafa leitt í ljós:

að engin heildarlöggjöf er til um verðlag og leigu landa og lóða í þéttbýlinu og að um verðlagið ríkir hið mesta ósamræmi og handahóf.

að söluverð og leiga lands og lóða í þéttbýlinu fer ört hækkandi, eftir því sem fólkinu fjölgar á hverjum stað og þörfin vex fyrir afnot landsins.

að hinn óskoraði einkaeignarréttur, sem nú er að einhverju eða öllu leyti á landi og lóðum í nálega 50 kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, torveldar stórkostlega nauðsynlega þróun í byggingum, ræktunarmálum og öðrum félagslegum framkvæmdum.

að leiguréttur á landi, jafnvel þótt það sé opinber eign, gengur allvíða kaupum og sölum og fylgir sömu verðhækkunarlögmálum, eins og landið væri einkaeign.

að verðhækkun lands og lóða vegna opinberra framkvæmda og af öðrum félagslegum ástæðum rennur næstum undantekningarlaust í vasa þeirra, sem landið eiga eða hafa óskoraðan umráðarétt yfir því.

Þegar þess er gætt, að afnot lands og lóða í einhverri mynd eru hverjum manni eigi minni lífsnauðsyn en fæði og klæði, er ljóst, hve þýðingarmikið er fyrir afkomu fólksins, að afnot landsins séu því föl eftir þörfum og fyrir sanngjarnt verð. Landverðið — hvort sem það er í formi söluverðs eða leigu — er í raun og veru aðgangseyrir að lífsgæðunum, sem sérhver þjóðfélagsborgari verður að greiða í einhverri mynd. Þeim mun hærri sem þessi aðgangseyrir er, því minna verður afgangs til uppfyllingar öðrum lífsþörfum. Hátt landverð og dýrar lóðarleigur valda dýrtíð, sem leggst eins og þung mara á fólkið og rænir það nauðsynlegum lífsskilyrðum, ekki aðeins á þeim stöðum, þar sem landverðið er hátt, heldur ná þessi lamandi áhrif oft og einatt til fjarlægra héraða.

Að öllu þessu athuguðu var nefndin sammála um, að nauðsynlegt væri að setja heildarlöggjöf um afnot og verðlag lands og lóða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, sem tryggði meðal annars eftirgreind atriði:

að kaupstaðir, kauptún og þorp geti ávallt fengið land og lóðir eftir þörfum til bygginga, ræktunar og annarra félagslegra afnota með sanngjörnum kjörum.

að landsverð og lóðarleigur verði ákveðnar eftir föstum, lögbundnum reglum og grundvallist á mati landsins á hverjum stað.

að í leigusamningum um land og lóðir séu skýr ákvæði, er fyrirbyggi, að leiguréttur á því geti gengið kaupum og sölum.

að verðhækkun á landi og lóðum, sem stafar af opinberum framkvæmdum og öðrum félagslegum ástæðum, renni til þess opinbera.

Nefndin ætlast til, að framanritað frumvarp tryggi fyrrgreind atriði, og er efni þess í stuttu máli þetta:

Afmarka skal hverjum kaupstað, kauptúni og þorpi tiltekið landsvæði til umráða og afnota. Skipta skal landinu í byggingarsvæði og ræktunarsvæði, og sé gerður skipulagsuppdráttur af hvoru tveggja. Þurfi landið á einhverjum stað að vera stærra en jörðin eða jarðirnar, sem kaupstaðurinn, kauptúnið eða þorpið er byggt á, skal ráðuneytið ákveða takmörkin, eftir að hafa fengið um það tillögur frá viðkomandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn og umsögn Búnaðarfélags Íslands og skipulagsnefndar.

Um afnot og umráð þessa afmarkaða lands, leigu og sölu á því gilda sérstök ákvæði, sem frumvarpið greinir nánar frá. Umráðaréttur á landinu færist að verulegu leyti úr höndum eigandans til viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Landseigandi er skyldur að leigja landið, ef umbeðin notkun er í samræmi við skipulag þess, og sé leigan fastbundin 5% árlega af fasteignamati landsins. Vilji landseigandi fremur selja landið en leigja, er viðkomandi hreppur eða kaupstaður skyldur að kaupa það eftir mati, sem þó aldrei fari fram úr tvöföldu fasteignamatsverði lands og mannvirkja, sem um er að ræða. Verði landseigandi fyrir verulegri atvinnutruflun vegna missis landsins að dómi matsmanna, má ákveða honum hæfilegar bætur fyrir það. Sams konar hámarksverð gildi einnig um mat á landi og mannvirkjum, ef það opinbera þarf á þessum eignum að halda, svo og, þegar mannvirkin ganga kaupum og sölum við leigjendaskipti. Í frumvarpinu eru ákvæði, sem eiga að útiloka, að afnotaréttur lóða og landa lendi í gróðabralli, jafnframt því sem eðlilegur réttur leigjandans er tryggður. Gert er ráð fyrir, að bæjarfélög og hreppsfélög hafi forkaupsrétt að landi og lóðum, hvert á sínum stað. Að lokum er ákvæði um, að eigandi landsins, annar en hið opinbera, skuli greiða árlegan verðhækkunarskatt af landi og lóðum á áhrifasvæði laganna, ef fasteignamat landsins án húsa og umbóta, þar með talin ræktunarmannvirki, hækkar frá núverandi fasteignamati, þ. e. matinu 1940. Skatturinn sé 4% af verðhækkuninni, og renni hann í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Með því að í frumvarpinu felast ýmis nýmæli, þykir nefndinni hlýða að rekja þau nokkuð nánar. Helztu nýmælin eru þessi:

1. Umráðaréttur landsins á áhrifasvæði laganna færist að verulegu leyti úr höndum eigenda þess til hreppsnefnda og bæjarstjórna.
2. Leiga landsins og söluverð ákveðst með hámarksbundnu mati á landinu.
3. Af verðhækkun landsins án umbóta greiðist árlegur skattur, verðhækkunarskattur.

Skulu nú þessi atriði athuguð.

1. Eitt af þeim félagslegu vandamálum, sem myndazt hafa við tilfærslu byggðarinnar í landinu á síðustu áratugum, er, hversu haga skuli afnotum lands og lóða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum. Meginhluti landsins á þessum stöðum var og er raunar enn þá eign einstakra manna, er ýmist nytja landið sjálfir eða leigja það á þann hátt og með því verði, er þeir geta samið um. Svo sem fyrr segir í þessari greinargerð, hefur þetta torveldað eðlilega byggðaþróun og valdið deilum og árekstrum milli eigenda landsins annars vegar og félagsheildarinnar, er hlut á að máli, hins vegar. Út frá þessum árekstrum hefur svo smátt og smátt skapazt skoðun um það, að réttmætt væri og raunar óhjákvæmilegt að ganga allnærri umráða- og eignarrétti á landi og í vissum tilfellum einnig öðrum fasteignum, þegar almenningsþörf krefst þass. Stjórnarskráin gerir einnig ráð fyrir, að skylda megi menn til að láta af hendi vissar tegundir eigna eða umráðarétt yfir þeim, þegar svo stendur á. Þessari skoðun hefur mjög aukizt fylgi á síðari árum, bæði í réttarmeðvitund almennings og einnig hjá löggjafanum. Af gildandi lögum um þau efni skulu hér nefnd: Lög um útmælingu lóða í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum, nr. 75 14. maí 1917. Þar er landeigandi skyldaður til, þegar tilgreind þörf er fyrir hendi, að þola, að mældar séu út lóðir í landi hans til leigu eða sölu og að leigan og söluverðið sé ákveðið með mati. Lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa gera ráð fyrir, að taka megi eignarnámi lóðir og hús, ef þess gerist þörf vegna skipulagsins.

Vegalög, símalög og vatnalög heimila lögnám á landi, þegar sérstaklega stendur á.

Gildandi húsaleigulög svipta húseigendur að mjög verulegu leyti umráðarétti yfir húsum sínum og binda jafnframt upphæð húsaleigunnar.

Lög um olíugeyma o. fl., frá haustþinginu 1943, heimila eignar- og leigunám á lóðum, olíugeymum og tilteknum fasteignum, ef ríkisstjórnin telur þess þörf. Jarðræktarlögin, VII. kafli, gera ráð fyrir, að taka megi eignarnámi lönd til ræktunar í námunda við kaupstaði, kauptún og þorp, ef íbúana skortir land til afnota og önnur tilgreind skilyrði eru fyrir hendi. Loks má nefna, að Alþingi hefur undanfarið, nær því árlega, afgreitt lög um eignarnám eða leigunám á sérstökum löndum eða fasteignum, þegar talið hefur verið, að almenningsþörf gerði það nauðsynlegt. Má í því sambandi minna á fjölmörg lög um hafnargerðir og lendingarbætur, þar sem landeigendur eru skyldaðir til að láta af hendi mannvirki, land og jarðefni, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðirnar hafa í för með sér.

Af framangreindu er ljóst, að löggjafinn telur réttmætt, þegar sérstaklega stendur á, að skilyrðislaus eignar- og umráðaréttur einstakra manna á landi, lóðum og í sérstökum tilfellum öðrum fasteignum þoki fyrir auðsærri afnotaþörf almennings. Sá þáttur í frumvarpi nefndarinnar, sem gerir ráð fyrir, að umráðaréttur lands og lóða á áhrifasvæði laganna færist úr höndum landseigenda til viðkomandi hreppsnefnda eða bæjarstjórna, er því í raun og veru í samræmi við þá stefnu, sem kemur fram í fyrrgreindri löggjöf, og á sér að ýmsu leyti hliðstæður í henni. Þá verður að telja, að þróunin í lands- og lóðamálum í þéttbýlinu sé nú komin á það stig, að eigi verði lengur hjá því komizt að stíga það spor, er frumvarpið gerir ráð fyrir, um yfirráð lands og lóða almennt. Sé hleypidómalaust litið á þetta mál, hlýtur niðurstaðan að verða sú, að landið á hverjum stað sé til vegna fólksins, er staðinn byggir, og að það sé siðferðislegur og þjóðfélagslegur réttur fólksins að fá afnot landsins með sanngjörnu verði og á þann hátt, er bezt samrýmist hagsmunum heildarinnar. Hægt er að færa söguleg rök að því, að tregða og skilningsleysi í þessum málum hefur oft og einatt haft hinar örlagaríkustu afleiðingar.

2. Það er viðurkennd þjóðfélagsleg nauðsyn, að sett sé hámarksverð á ýmsar vörutegundir til þess að fyrirbyggja okur og óhóflegt verðlag á þeim, enda þótt vitanlegt sé, að slíkt hámarksverð stórskaði oft seljanda vörunnar, sé við það miðað, að hann hagnýti hæsta verð, sem frjáls markaður hefur að bjóða. Þegar sýnt er, að frjáls verðmyndun á landi og lóðum skapar óhóflegt verð á þeim, eins og áður hefur verið sýnt fram á í þessari greinargerð, verður að telja, að verðlagseftirlit og hámarksverð eigi einnig að ná til lands og lóða. Eigi verða fundin rök fyrir því, að eigendur lands og lóða hafi rétt til, í skjóli hóflausrar eftirspurnar, að verðleggja þessa tegund eigna sinna óhæfilega hátt, á sama tíma sem aðrir þegnar þjóðfélagsins eru háðir verðlagseftirliti og hámarksverði á vörum sínum og ýmsum eignum. Sé þess enn fremur gætt, að verðlag á landi og lóðum hefur langtum örlagaríkari áhrif á afkomu fólksins og atvinnulífsins í landinu heldur en tímabundið verð á einstökum tegundum neyzluvöru, þá sýnast öll rök hníga að því, að stíga beri það skref að ákveða framvegis verðlag á landi og lóðum eftir föstum mælikvarða, svo sem nú er gert um ýmis önnur verðmæti í landinu.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að einfaldasta leiðin til þess að ákveða verðlag og leigu á landi og lóðum og fá í því efni samræmi yfir allt landið væri að nota fasteignamatið sem verðgrundvöll. Fyrirmyndin að þessari tilhögun er að miklu leyti frá Reykjavíkurbæ, en hann leigir, svo sem kunnugt er, allar byggingarlóðir, er hann á, fyrir 5% af fasteignamati þeirra. Líkri reglu fylgja fáeinir aðrir kaupstaðir og kauptún, sem eiga land og hafa komið á hjá sér fastri skipun

um þessi mál. Á það má og benda, að gildandi ábúðarlöggjöf byggir að nokkru leyti á þessari reglu, sbr. lög um erfðaábúð.

Sé það nú talið réttmætt, að lögbundið mat skuli lagt til grundvallar fyrir leiguhæð á landi, sem er opinber eign, verða vandfundin rök fyrir því, að önnur regla eigi að gilda um leigu á landi, sem er einkaeign. Það mundi verða talin einkennileg verðlagning á sams konar vörutegund, ef hámarksverð gilti um vöruna í sumum verzlunum, en í öðrum réði geðþótti seljandans verðinu. Slík verðlagning yrði ekki varin með neinum rökum. Verður því að telja rétt, að landið sé alls staðar verðlagt eftir sömu reglum, hvort sem það er opinber eign eða einkaeign, og virðist ekki vera fyrir hendi önnur heppilegri verðlagningaraðferð en miða leiguna og söluverðið við fasteignamat landsins.

Ýmsir bæir og kauptún, sem eiga lönd og leigja þau út til ræktunar, setja í leigusamningana sérstök ákvæði um endurkaupsverð á ræktunarmannvirkjum, ef þau þurfa að taka landið aftur til almenningsnota. Er þetta gert til þess að koma í veg fyrir, að viðkomandi bær eða kauptún þurfi að sæta okurkjörum á landinu, þegar á því þarf að halda. T. d. tilskilur Reykjavíkurbær í sínum leigusamningum, að hann geti tekið landið aftur hvenær sem bæjarstjórn telur þess þörf, gegn því að greiða leiguliða ræktunarmannvirkin með allt að 3000 kr. pr. ha. Er þetta um það bil tvöfalt fasteignamatsverð á fullræktuðu landi hér í Reykjavík, samkvæmt upplýsingum, sem yfirfasteignamatið hefur gefið nefndinni. Vitað er aftur á móti, að ræktað land gengur nú kaupum og sölum manna á milli fyrir tvöfalt endurkaupsverð bæjarins og jafnvel meira. Ákvæði Reykjavíkurbæjar og fleiri kaupstaða um fastákveðið endurkaupsverð eru í rauninni ákvæði um hámarksverð, sem þessir bæir setja á ræktunarmannvirkin, er gerð eru á landi þeirra. Er það staðfesting þess, að þeir telja sig eiga þá verðhækkun ræktunarmannvirkjanna, sem umfram er endurkaupsverðið, en ekki sá maður, er mannvirkin gerði. Þessi helgun bæjanna á vissum hluta af verðhækkun landsins getur ekki byggzt á öðru en því, að verðhækkunin sé af félagslegum rótum runnin. Þess vegna sé hún eign bæjarins, en ekki leigutakans.

Sé þetta atriði rakið nánar, verður ekki séð, að verulegu máli skipti, hver sé eigandi landsins. Ef bæirnir geta eignað sér ákveðinn hluta verðhækkunar á ræktunarmannvirkjum, sem gerð eru á þeirra eigin landi, þá hljóta þeir með sama rétti að eiga hliðstæða verðhækkun á ræktunarmannvirkjum, sem gerð eru á landi, sem aðrir en þeir eru eigendur að. Í framhaldi af þessu virðist enn fremur rökrétt að álykta, að eigi hið opinbera ákveðinn hluta í þeirri verðhækkun, sem verða kann á ræktunarmannvirkjum, þá sé það engu síður vel að því komið að helga sér verðhækkun, sem verður á landi, sem eigandinn hefur engar umbætur gert á.

Nefndin hefur eftir vandlega íhugun komizt að þeirri niðurstöðu, að eigi sé unnt að komast hjá því að setja einhvers konar lögbundið hámarksverð á landið á áhrifasvæði laganna, þegar það opinbera þarf að kaupa það. Sé það eigi gert, en verð landsins hér eftir sem hingað til látið ákveðast með frjálsri verðmyndun eða ákveðið með eignarnámsmati, sbr. lög nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms, má ganga að því vísu, að verðið verði í flestum tilfellum óhóflega hátt, sbr. það, sem fyrr er sagt í þessari greinargerð. Með því er fólkinu í bæjum og kauptúnum, er slíkum ókjörum þurfa að sæta um landakaup, bundnir þungir fjárhagsbaggar, sem ræna það lífsgæðum og torvelda því að lifa menningarlífi. Má þá segja, að lítið gagn sé að nýrri löggjöf um þetta mál, ef með henni tekst eigi að hindra óhóflega verðhækkun á landinu, sem á sumum stöðum er svo gífurleg, að nærri stappar, að þekja megi lóðirnar með kaupverði þeirra, ef það er greitt í smámynt.

Nefndin hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að hæfilegt muni vera að binda hámarksverðið á landinu við tvöfalt fasteignamat þess, en jafnframt sé heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að greiða nokkrar bætur fyrir þá atvinnutruflun,

sem missir landsins veldur þeim, er átt hefur. Þetta hámarksverð — tvöfalt fasteignamatsverð — er, svo sem fyrr greinir, mjög hliðstætt endurkaupsverðinu, sem Reykjavíkurbær hefur sett á ræktunarmannvirkin, sem gerð eru á bæjarlandinu.

3. Þegar frá er talin sú verðhækkun á landi og lóðum, sem leiðir af breyttu verðgildi peninga og endurbótum og mannvirkjum landeigendanna sjálfra, má telja, að verðhækkunin myndist vegna fólksfjölgunar og ýmissa opinberra framkvæmda á landinu, eða í sambandi við það, og er erfitt að greina, hvort veldur þar meira um. Þjóðfélagið leggur árlega fram stórfé til samgöngubóta, hafnar- og bryggjugerðar og annarra almennra umbóta. Samhliða þessum framkvæmdum og aukinni tækni í atvinnurekstri skapast svo bætt lífsskilyrði í bæjum, kauptúnum og þorpum, sem hefur þær afleiðingar, að fólkinu fjölgar stórkostlega á þessum stöðum og nytjalaust land breytist í arðgæfar byggingarlóðir. Þá verja bæir, kauptún og þorp milljónum króna árlega til gatnagerðar, til þess að leggja leiðslur fyrir vatn, skolp og rafmagn o. fl., auk alls þess, sem varið er til margs konar annarra mannvirkja og opinberra framkvæmda. Allar þessar framkvæmdir, ásamt fólksfjölguninni, eru meginorsök verðhækkunarinnar í landinu, ekki einungis á stöðunum sjálfum, heldur jafnvel í næsta nágrenni þeirra. Þessa verðhækkun hefur samfélagið skapað og er þar af leiðandi réttur eigandi hennar. Í hlut landeigandans getur því aðeins komið sú verðmætisaukning, er myndast í mannvirkjum og umbótum, sem hann gerir sjálfur.

Á það má benda, að þessa skilnings verður vart a. m. k. á tveim stöðum í löggjöfinni. Í lögum 61/1917, um framkvæmd eignarnáms, er svo fyrir mælt, (10. gr.), að við mat á lóðum og fasteignum í sambandi við framkvæmd skipulagsins skuli tekið tillit til þeirrar verðhækkunar, sem stafa kann af skipulaginu, og draga hana frá, þegar matsverðið er ákveðið. Sama hugsun kemur fram í lögum 55/1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa (25. gr.). Er þetta viðurkenning löggjafans á því, að landseigandi eigi ekki þá verðhækkun, sem leiðir af skipulagsaðgerðum. Í framhaldi af því virðist fyllilega rökrétt að draga þá ályktun, að öll verðhækkun á landi og lóðum, sem stafar frá opinberum framkvæmdum (ríkis, hreppa og bæja), hvort sem það eru skipulagsaðgerðir, hafnarmannvirki, samgöngubætur eða annað, sé réttilega eign samfélagsins, en ekki landseigandans.

Svo sem að framan greinir, byggir frv. á því, að samfélagið eigi þá verðhækkun á landi og lóðum, sem stafar af félagslegum ástæðum, þ. e. verðhækkun vegna beinna eða óbeinna opinberra framkvæmda og vegna fólksfjölgunar. Landseigendum beri hins vegar sú verðmætisaukning, er felst í mannvirkjum og framkvæmdum, er þeir gera sjálfir. Með því að lönd og lóðir í tveim þriðju hlutum af öllum bæjum, kauptúnum og þorpum í landinu eru að einhverju eða öllu leyti í einkaeign, og gera má ráð fyrir, að svo verði enn um hríð, virðist ekki önnur leið fyrir hendi en leggja verðhækkunarskatt á landið, til þess að hið opinbera fái réttmætar tekjur af eign sinni.

Framkvæmd verðhækkunarskattsins er hugsuð þannig: Fasteignamatið frá 1940 er lagt til grundvallar við álagningu skattsins, á þann hátt, að aðeins er skattlögð sú hækkun, sem verður á matsverði landsins án umbóta og mannvirkja, miðað við fasteignamatið 1940. Sennilega þarf allvíða að aðgreina fasteignamatið frá 1940 í grunnverð (verð landsins án umbóta) og mannvirkjaverð (umbæturnar sjálfar), og er þetta að sjálfsögðu verk fasteignamatsnefndanna. Hækki matið á lóðum og löndum án mannvirkja og umbóta, miðað við matið frá 1940, greiðir eigandi landsins 4% árlega af hækkuninni. Á þann hátt fær hið opinbera árlega tekjur af þessari eign sinni, svo sem réttmætt er.

Svo sem fyrr er greint, er í frv. gert ráð fyrir, að fasteignamatið sé grundvöllur fyrir landsleigu bæði til ræktunar og bygginga. Af þessu leiðir, að millimöt á einstökum lóðum og landsvæðum þurfa að fara fram jafnóðum og landið

er tekið í notkun. Auk þess fer svo aðalmatið fram með 10 ára millibili. Hækkun matsverðs — ef nokkur er — hýltur því ávallt að koma í ljós jafnóðum og landið er látið á leigu. Verður því að telja, að álagning verðhækkunarskattsins muni verða tiltölulega auðveld í framkvæmd.

Þessu næst skal vikið að einstökum greinum frumvarpsins:

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Þar sem lögin gilda ekki fyrir allt landið, er nauðsynlegt að skilgreina áhrifasvæði þeirra. Þykir rétt að takmarka það við land kaupstaða, kauptúna og þorpa, þar sem verzlun er rekin, en heimila ráðuneytinu jafnframt að láta lögin ná til byggðahverfa, ef íbúar þeirra óska eftir því.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Allvíða mun standa svo á, að vaxandi kauptún verða að fá land sitt stækkað á kostnað nágrannahrepps eða hreppa. Verður þá að telja eðlilegt, að hreppamörkin breytist samkvæmt því. Enn fremur að sá hreppur, sem missir land af þessum ástæðum, fái fullar bætur fyrir þá gjaldstofnsskerðingu, sem landmissirinn veldur honum. Um þetta, einkum þó bæturnar, hafa að vísu skapazt nokkuð fastar reglur, líkar því, er greinin felur í sér. Þó þykir réttara að lögfesta þær hér.

Um 5. gr.

Skipting landsins í byggingasvæði og ræktunarsvæði virðist sjálfsagður og nauðsynlegur undanfari frekari skipulagningar á landinu. Þar sem sú kvöð leggst á landið, að eigi má leigja það nema það hafi áður verið skipulagt, verður að telja réttmætt, að eigandi landsins eigi kost á að selja það, ef þessi ákvæði torvelda honum leigu á því.

Um 6. og 7. gr.

Almennt mun nú viðurkennt, að æskilegt sé, að kaupstaðir, kauptún og þorp eigi land sitt og rétt sé að stefna að því, að svo verði. Þykir því sjálfsagt, að þessir aðilar hafi forkaupsrétt að landinu. Hreppsnefndir hafa nú forkaupsrétt að jörðum í sveitum, næst á eftir ábúendum (lög 55/1926). Þá eru einnig til heimildarlög (22/1932) um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. Nefndar greinar frumvarpsins eru efnislega að mestu samhljóða þeim lögum, að því undanteknu, að forkaupsrétturinn er skilyrðislaus.

Um 8. gr.

Vitað er, að einstöku kaupstaðir og kauptún hafa selt lönd sín eða hluta af þeim. Er eigi nema skammt síðan hreppsnefnd í einu kauptúni auglýsti jörð til sölu, sem var eign hreppsins og lá áfast við kauptúnið. Þessar ráðstafanir verður að telja mjög óhyggilegar. Virðist því fullkomin ástæða til að óheimila slíkar sölur, nema um þær sé fengin sérstök lagaheimild í hvert skipti.

Um 9. og 10. gr.

Reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegt er, að land það, sem kaupstaðir, kauptún eða þorp hafa yfir að ráða, sé skipulagt til notkunar, hvort heldur það á að notast til ræktunar eða bygginga. Vöntun á skipulagningu hefur oft valdið miklum árekstrum og aukakostnaði og mjög torveldað nauðsynlegar framkvæmdir.

Hér er gert ráð fyrir, að ræktunarlandið sé skipulagt og að um það gildi líkar reglur og um byggingarskipulag, sbr. skipulagslögin.

Um 11. gr.

Skipulagslögin óheimila lóðareigendum notkun lóða til byggingar, nema hún sé í samræmi við skipulagið á staðnum og hljóti samþykki viðkomandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Hér er þessi kvöð einnig látin ná til ræktunarlanda, og jafnframt er landseigendum gert að skyldu að leigja landið, þegar tilgreind skilyrði eru fyrir hendi. Telja verður, að eigi sé hægt að komast hjá því að setja þessi ákvæði, þar eð aðgangur að landi til ræktunar er mjög víða litlu minni nauðsyn fyrir fólkið í kauptúnum og þorpum heldur en afnot lóða til húsabygginga, þar sem landseigandi er skyldaður til að leigja landið, þegar þess er löglega krafizt, verður að telja réttmætt, að hann eigi kost á að selja það, ef hann óskar eftir því. Um hámarksverð á landinu og efni greinarinnar að öðru leyti vísast til þess, sem áður er sagt í þessari greinargerð.

Um 12. gr.

Telja verður, að fasteignamatsverð landsins sé réttlátasti og eðlilegasti mælikvarðinn fyrir leigu þess, hvort sem er til ræktunar eða bygginga, enda hafa nokkrir bæir og kauptún aðhyllzt þá reglu, þar á meðal Reykjavík, sem leigir sínar byggingarlóðir fyrir 5% af fasteignamatsverði þeirra. Leigukjör þau, er frumv. tiltekur, — þ. e. 5% af fasteignamatsverði, — eru því búin að hljóta nokkra viðurkenningu.

Um það má deila, hvers konar leiguform skuli gilda um ræktunarlönd. Langur leigutími eða erfðaleiga skapar leiguliða aukið öryggi um framtíðarafnot landsins og jafngildir að ýmsu leyti eignarrétti á því. Hins vegar hefur oft reynzt erfitt og dýrt að ná leigulöndum úr notkun, ef leigutíminn hefur verið ótakmarkaður, og skýr ákvæði hefur vantað í leigusamningana um afhendingu landsns. Með því að það er jafnan álitamál, hvers konar form skuli hafa á leigu landsins, verður að telja eðlilegast, að viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn ákveði leiguformið í samráði við Búnaðarfélag Íslands, en jafnframt markar þó frumvarpsgreinin höfuðdrættina um það.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Leiguréttur ræktunarlands hefur mjög víða lent í gróðabralli, jafnvel þótt landið hafi verið opinber eign. Þess eru nokkur dæmi, að leiguréttur hefur verið seldur fyrir nokkur þúsund krónur pr. ha., þótt landið hafi með öllu verið óræktað. Hér er reynt að fyrirbyggja þetta með því að óheimila leiguliða framsal leiguréttarins og setja hámarksbundið mat á umbætur hans á landinu. Þessi ákvæði eru að ýmsu leyti hliðstæð þeim kafla ábúðarlaganna, sem fjallar um leiguliðaskipti á jörðum. Virðist og réttmætt, að svipaðar reglur gildi um hvort tveggja. Vegna fenginnar reynslu þykir ekki verða hjá því komizt að láta bæjar- og sveitarstjórnir hafa nokkurn íhlutunarrétt um ráðstöfun ræktunarlands við leiguliðaskipti, þótt löndin séu ekki opinber eign.

Um 15. gr.

Þar sem fráfarandi leiguliði verður að sæta hámarksbundnu mati um endurgjald fyrir ræktunarmannvirki sín og umbætur, verður að telja réttmætt, að honum sé tryggt þetta endurgjald með kaupskyldu landseiganda eða viðtakanda.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Reynslan hefur sýnt, að mikil hætta er á, að ræktunarlönd safnist á fáar hendur, einkum þar sem landþröngt er, og er nauðsynlegt að fyrirbyggja það. Að því lýtur ákvæði greinarinnar um tveggja ha. hámarksstærð til sama manns.

Um 18. gr.

Er efnislega samhljóða tilsvarandi kafla í ábúðarlögum og þeim erfðaleigusamningum, sem bezt eru úr garði gerðir.

Um 19. gr.

Oft hefur reynzt erfitt og dýrt að ná ræktunarlöndum úr leigu, af því að ekkert hefur verið tekið fram um það í samningum um landið. Ákvæði greinarinnar eiga að fyrirbyggja þau vandkvæði. Rétt þykir, að mat á mannvirkjum sé hámarksbundið.

Um 20.—22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Nákvæm skilgreining á orðinu byggingarsvæði er nauðsynleg vegna ákvæða síðari greina í þessum kafla frumvarpsins.

Samkvæmt skipulagslögunum eru öll kauptún og þorp, sem hafa 200 íbúa og þar yfir, skipulagsskyld, svo og mannfærri þorp, ef tiltekin skilyrði eru fyrir hendi. Vitað er, að enn þá er eftir að gera skipulag af meiri hluta þeirra kauptúna og þorpa, sem nú eru skipulagsskyld, og er líklegt, að það dragist enn um hríð, vegna þess hve skipulagsnefnd hefur yfir litlum starfskröftum að ráða, en verkefnið hins vegar geysimikið. Verður því að telja til bóta, að ákveðið sé tafarlaust byggingarsvæði á hverjum stað, þótt mælingar og fullnaðarskipulagsgerð dragist eitthvað.

Um 24. gr.

Skipulagslögin mæla svo fyrir, að óheimilt sé að byggja á lóðum, sem eru á skipulögðu svæði, nema byggingarnar séu reistar í samræmi við gildandi skipulag.

Hér er gengið nokkru lengra, þar sem lóðareigendur eru skyldaðir til að leigja lóðir til bygginga, ef bæjar- eða sveitarstjórn óskar þess eða mælir með því. Með hliðsjón af þeirri reynslu, sem skapazt hefur um þetta atriði (sjá fyrri hluta greinargerðar þessarar), verður tæpast talið unnt að komast hjá því að setja þetta ákvæði, enda ekki stórkostlegur munur á því og fyrrnefndu ákvæði skipulagslaganna. Ákvæði um íhlutunarrétt bæjar- og sveitarstjórna varðandi lóðarbeiðnir er sett til þess að fyrirbyggja baktjaldasamningu um leigu á lóðunum. Þar sem lóðareigandi er skyldaður til að leigja lóðir þegar krafizt er, verður að telja réttmætt, að hann geti selt þær, ef hann óskar frekar eftir því. Um hámarksbundið mat lands og lóða hefur áður verið rætt í þessari greinargerð, og vitnast hér með til þess.

Um 25. gr.

Í mörgum kaupstöðum og kauptúnum er það orðin föst venja að setja lóðarleigjanda tveggja ára frest til þess að byggja á lóðinni. Er þetta ágæt regla og virðist sjálfsagt að lögfesta hana. Ákvæði um að banna lóðarleigjendum framleigu á lóðum verður að telja mjög nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir, að afnotaréttur lóða lendi í gróðabralli.

Þar sem vitað er, að einstakir menn hafa sums staðar tekið lóðir og jafnvel lóðasvæði á leigu án þess að byggja á þeim, verður að telja mikla þörf á því að ógilda þá samninga með hæfilegum fyrirvara.

Um 26.—28. gr.

Um leigumála lóða vísast til þess, sem sagt er um sams konar efni fyrr í greinargerðinni. Að öðru leyti þurfa greinarnar ekki skýringa.

Um 29. gr.

Svo sem áður hefur komið fram í þessari greinargerð, byggist verðhækkunarskatturinn á þeirri kennisetningu, að þjóðfélagið eigi þá verðhækkun á landi og lóðum, sem skapast af félagslegum orsökum, og hafa áður verið leidd að því nokkur

rök. Að sjálfsögðu er undanskilin skattinum sú verðhækkun, sem skapast af umbótum og mannvirkjum, sem eigandi eða leigjandi landsins gerir á því. Skoða ber því verðhækkunarskattinn sem vexti af þeim hluta af lands- og lóðarverði, sem raunverulega er eign samfélagsins, þótt einstakir menn hafi það undir höndum. Með því að fasteignamat lands og lóða er yfirleitt notað sem verðgrundvöllur í frumvarpinu, — og ekki virðist hægt að finna annan réttlátari og einfaldari grundvöll eins og sakir standa, — verður að telja réttast að miða verðhækkunarskattinn við fasteignamatið og leggja hann á samkvæmt því. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að ekki megi innheimta leigu af landi og lóðum, nema sérstakt fasteignamat sé fyrir hendi á landinu, sem leigja á. Af þessu ákvæði leiðir það, að millimöt hljóta árlega að fara fram. Verða því ávallt fyrir hendi skilyrði til að reikna út skattinn, ef um verðhækkun er að ræða.

Gert er ráð fyrir, að skatturinn sé 4% árlega af verðhækkun lands og lóða á áhrifasvæði laganna. Fær þá landseigandi 1% af verðhækkuninni í sinn vasa, því telja má, að verðhækkun komi tæplega eða ekki fram í mati, nema landið gefi af sér auknar leigutekjur, en þær auknu tekjur ákvarðast á þann átt, eins og fyrr er greint, að landið er leigt út fyrir 5% á ári af fasteignamatsverði þess.

Hér skal sett upp dæmi til skýringar.

Tökum lítið kauptún, þar sem landið er eign eins manns. Samkvæmt fasteignamatinu 1940 er matsverð lands og lóða án mannvirkja og umbóta kr. 20000.00. Nú fjölgar fólki verulega í kauptúninu, og mörg ný hús eru reist. Við það breytist arðlítið eða arðlaust land í byggingarlóðir. Vegna aukinna leigutekna hækkar fasteignamatið á landinu án umbóta úr kr. 20000.00 í kr. 30000.00. Skattskyld verðhækkun er því kr. 10000.00. Landseigandi fær árlega 5% í tekjur af verðhækkuninni, eða alls $5 \times 10000 : 100 =$ kr. 500.00. Af verðhækkuninni greiðir hann árlega 4% sem verðhækkunarskatt í sveitarsjóð, eða alls $4 \times 10000 : 100 =$ kr. 400.00. Af þessum auknu leigutekjum fær því landseigandi árlega í sinn vasa kr. 100.00, sem skoða má sem innheimtulaun til hans og til að mæta hugsanlegu eignaútsvari og eignaskatti, ef hann á landið skuldlaust. Að öllum jafnaði munu bæir og kauptún standa á bak við meginhluta þeirra framkvæmda, sem orsaka verðhækkun landsins. Virðist því réttmætt, að verðhækkunarskatturinn renni í viðkomandi bæjar- og sveitarsjóð, en ekki til ríkisins.

Um 30. gr.

Rétt þykir að gefa gjaldendum verðhækkunarskatts kost á að kæra yfir skattinum og að um það gildi sömu reglur eins og um kærur út af tekju- og eignarskatti.

Um 31. og 32. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 33. gr.

Þar sem gera má ráð fyrir, að nokkuð vanti á, að fasteignamatið frá 1940 sé alls staðar sundurliðað í grunnverð og mannvirkjaverð, er óhjákvæmilegt, að úr því verði bætt.

Um 34.—37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 508. Lög

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Ed. 4. marz.)

Samhljóða þskj. 400.

Ed. 509. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og lög nr. 114 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 14. gr. l. nr. 98 1940 (áður 11. gr.) komi 6 nýjar greinar svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkv. því):

a. (15. gr.) Jarðboranir, er ná dýpra en 10 metra, má eigi framkvæma án leyfis ráðherra. Skal leyfi til þeirra eigi veitt, ef hætta þykir á því, að með því sé spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns, er þegar er hafin, eða hagnýtingu jarðhita þar síðar meir, enda sé þessi hagnýting jarðhitans að mun verðmeiri en sú hagnýting, sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun.
b. (16. gr.) Nú valda jarðboranir öðrum mönnum tjóni, svo sem því, að jarðhiti minnkar í fasteign annars manns, og er þá þeim, er framkvæma lætur jarðborunina, skylt að bæta það tjón. Ef ástæða þykir til að ætla, að tjón það, er jarðborun hefur í för með sér, sé mun meira en hagnaður sá, sem af henni verður, má krefjast þess, að hætt sé við borunina og öllu komið í samt lag og áður, eftir því sem unnt er.
c. (17. gr.) Við allar jarðboranir dýpri en 10 m skal halda dagbækur, er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna og hve mikið, svo og hvað annað, sem ráðherra fyrirskipar að færa í dagbók.
d. (18. gr.) Eigandi jarðhita, sem telur hættu á því, að jarðhiti hans hverfi eða minnki við jarðboranir hjá öðrum, getur krafizt þess, að honum sé tilkynnt, þegar er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu, svo að honum gefist kostur á að ganga úr skugga um, hvort breyting hafi orðið á jarðhita hans, enda tilkynni hann hinum þegar, ef svo er.
e. (19. gr.) Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 kr.
f. (20. gr.) Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra lögreglumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 510. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn hveraorku á Reykhólum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað um hana álits Rafmagnseftirlits ríkisins, sem hefur tjáð sig reiðubúið til að framkvæma þær rannsóknir, sem tillagan fer fram á.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 2. marz 1946.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Jón Sigurðsson, frsm.
Páll Zóphóníasson.	Ingólfur Jónsson.	Barði Guðmundsson.
	Sigurður Thoroddsen, með fyrirvara.	

Ed. 511. Nefndarálit

um frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur eigi orðið sammála um afgreiðslu máls þessa. Einn nefndarmanna (PHerm) leggur til, að frv. verði fellt, annar (ÞÞ) hefur eigi til fulls látið álit sitt í ljós um afgreiðslu frv., en hinsvegar gera undirritaðir tillögu um, að frumvarpið verði samþykkt með eftirskráðri

BREYTINGU.

Við 11. gr. Aftan við greinina bætist: en skulu endurskoðuð fyrir árslok 1946.

Alþingi, 4. marz 1946.

Eiríkur Einarsson, frsm. Kristinn Andrésson, fundaskr. H. Guðmundsson.

Nd. 512. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Síðari málsgr. 43. gr. laganna orðist svo:

Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar, hver í sínu umdæmi, gefa hagstofunni skýrslu í því formi, sem hún ákveður, um búnaðarástandið ár hvert, samkvæmt framtali búenda, sem nákvæmlega sé greint, einnig að því er þetta varðar, í landbúnaðarskýrslu þeirra til skattálagningar, enda verður þá eigi þörf þeirra skýrslna um þetta efni, sem lög nr. 29 8. nóv. 1895 um hagfræðiskýrslur gera ráð fyrir.

Ed. 513. Breytingartillögur

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og lög nr. 114 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 14. gr. laga nr. 98 1940 (áður 11. gr.) komi 7 nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

a. (15 gr.). Ríkisstjórnin ræður sérfræðing til að hafa eftirlit með allri virkjun jarðhita í landinu. Skal hann meðal annars mæla vatnsmagn og hita virkjananna og þeirra hvera og lauga, er hverri virkjun fylgja. Mælingarnar fari fram við mismunandi veðurskilyrði, þannig að úr verði skorið, hvert sé meðalhitamagn á hverju virkjunarsvæði.

b. (16. gr.). Jarðboranir, er ná dýpra en 10 metra og eru minna en í eins km fjarlægð frá jarðhitavirkjun eða hver eða laug, sem er 15 stiga heit eða þar yfir, má eigi framkvæma án samþykkis eftirlitsmanns (sambr. 15. gr.). Samþykki þetta

skal eigi veitt, ef jarðborunin hefur það í för með sér, að áliti eftirlitsmanns, að spillt verði hagnýtingu jarðhita á eign annars manns, er þegar er hafin, eða hagnýtingu jarðhita þar síðar meir, enda sé þessi hagnýting jarðhitans verðmeiri en hinnar fyrirhuguðu jarðborunar. Telji eftirlitsmaður hins vegar, að verðmæti jarðhitans í sambandi við hina fyrirhuguðu jarðborun sé meira en nemur því tjóni, er annar aðili kann að verða fyrir vegna hennar, skal hann veita samþykki sitt til jarðborunarinnar.

Tjón það, er annar aðili kann að bíða vegna samþykktar eða synjunar leyfis til jarðborunar samkv. grein þessari, skal gagnaðili bæta samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Samþykki eða synjun eftirlitsmanns um leyfi til jarðborunar má áfrýja til ráðherra, svo og leyfissviptingu samkv. 17. gr.

c. (17. gr.). Nú framkvæmir maður jarðborun, er veldur öðrum mönnum tjóni að dómi eftirlitsmanns, svo sem með því, að jarðhiti minnkar af hennar völdum í fasteign þeirra, og er þá þeim, er framkvæma lætur jarðborunina, skylt að bæta það tjón samkv. mati dómkvaddra manna. Ef tjón það, er jarðborun hefur í för með sér, verður mun meira að dómi eftirlitsmanns en hagnaður sá, sem af henni leiðir, má krefjast þess, að hætt sé við borunina og öllu komið í samt lag og áður, eftir því sem unnt er, en bæta skal tjón það, er leyfissvipting þessi hefur í för með sér, samkv. því, er segir í 16. gr.

d. (18. gr.). Við allar jarðboranir dýpri en 10 m skal halda dagbækur, er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna og hve mikið, svo og hvað annað, sem eftirlitsmaður fyrirskipar að færa í dagbók.

e. (19. gr.). Eigandi jarðhita, sem telur hættu á því, að jarðhiti hans hverfi eða minnki við jarðboranir hjá öðrum, getur krafizt þess, að eftirlitsmanni sé tilkynnt, þegar er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu og skal eftirlitsmaður þá ganga úr skugga um, hvort breyting hafi orðið á jarðhita í landi þess, er kröfuna gerði, og tilkynna hinum þegar, ef svo er.

f. (20. gr.). Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 kr.

g. (21. gr.). Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra lögreglumála.

Nd. 514. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Vegna verðhækkunar þeirrar til bátaútvegsins á nýjum þorski og ýsu, sem ákveðin var með auglýsingu 5. janúar 1946, heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast hraðfrystihúsum landsins allt að 5 aura á innvegið kg miðað við slægðan fisk með haus. Ábyrgð þessi kemur til greina að fullu, ef söluverð á hraðfrystum þorsk- og ýsuflökum reynist jafnt eða lægra en söluverð þeirra 1945. Nú reynist söluverð hraðfrystra þorsk- og ýsuflaka hærra en á árinu 1945, en þó ekki sem svarar verðhækkuninni á nýja fiskinum, og skal þá meta, að hve miklu leyti ábyrgð ríkissjóðs kemur til greina.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa til útflutnings eða ábyrgjast sölu á allt að 5000 tonnum af saltfiski fyrir bátaútveginn, er miðist við kr. 1.70 hvert kílógramm af fullsöltuðum og fullstöðnum stórfiski (þorski) I. flokks.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þeirra ráðstafana, er um getur í 1. og 2. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir beiðni atvinnumálaráðherra og hafa einstakir nefndarmenn óbundið atkvæði um málið. Frv. fylgdi svolátandi greinargerð:

Um síðastliðin áramót voru horfur á afkomu bátaútvegsins þannig, að vafasamt var, að útvegsmenn fengju sjómenn á bátana og treystust til að gera út báta sína með óbreyttu verði á fiskaflanum. Til þess að forða vandræðum var, að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, hækkað lágmarksverð á nýjum þorski og ýsu. Jafnframt þurfti að tryggja sölu á fiskinum fyrir hið hækkaða lágmarksverð. Á þessum tíma var ósamið um sölu á hraðfrysta fiskinum. Til þess að öruggt yrði, að hraðfrystihúsin hæfu rekstur, bar nauðsyn til að tryggja þau fyrir tapi, sem kynni að leiða af hækkun lágmarksverðsins. Enn fremur þurfti, þar sem útlit var fyrir, að skortur yrði á nægilega miklu skiprúmi til útflutnings á nýjum fiski, að tryggja útvegsmenn og sjómenn fyrir hugsanlegu tjóni af því að salta hluta aflans.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, er frumvarp þetta borið fram, til þess að ríkisstjórninni veitist lagaheimild til að takast á hendur fyrir hönd ríkissjóðs þær skuldbindingar, sem í frumvarpinu greinir.

Nd. 515. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur meðtekið umsögn vegamálastjóra um frv. og tillögur þær til breytinga á vegalögum, sem fram hafa komið á þessu þingi, og fylgir bréf hans prentað með þessu nál.

Með hliðsjón af þessu hefur nefndin eftir atvikum fallizt á að leggja til, að málið í heild (sbr. einnig frv. um vegalagabreyt. á þskj. 218) verði að þessu sinni afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að vegamálastjóri undirbúi fyrir næsta Alþingi þá endurskoðun á gildandi vegalögum, sem sanngjarnt og nauðsynlegt telst, að teknu tilliti til breytingartillagna, er fram eru komnar eða fram kunna að koma á yfirstandandi þingi, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. febr. 1946.

Gísli Sveinsson, form., frsm. Lúðvík Jósefsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson.

Sveinbjörn Högnason. Sigurður Bjarnason.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN
Reykjavík, 19. febrúar 1946.

Vegalög, breytingartillögur.

Háttvirtar samgöngumálanefndir Alþingis hafa sent mér til umsagnar framkomið frumvarp um breytingar á vegalögunum ásamt breytingartillögum.

Tillögur þessar allar nema ein eru um að bæta inn í 2. gr. vegalaganna nýjum vegaköflum, sem samtals eru að vegalengd um 758 km, sbr. viðfesta yfirlitsskrá. Vegakaflar þessir allflestir munu nú vera í tölu sýsluvega, en sumir eru til afnota fyrir örfáa bæi og eru hreppsvegir, en að minnsta kosti tveir eru í engum flokki, báðir í Mosfellssveit og gerðir af setuliðinu.

Á Alþingi því, er nú situr, var samþykkt breyting við lög um samþykktir um sýsluvegasjóði og þar hækkað allverulega framlag ríkissjóðs. Kom þá fram, að með þeirri breytingu væri jafnframt stefnt að því að draga úr framkomnum kröfum um nýja þjóðvegi.

Samkvæmt vegalögunum 1933 var lengd þjóðvega nær 3500 km. Síðan hefur verið bætt við 1936 um 994 km, 1940 um 511 km og 1943 um 500 km, og er því lengd þeirra nú samtals um 5500 km. Hér af eru bílfærir vegir nokkuð yfir 4000 km.

Af þeim 758 km, sem nú er lagt til að verði bætt við, telst mér, að tæplega helmingur sé bílfær. Í núgildandi fjárlögum er veitt fé til nýbygginga á 109 vegaköflum og víðast aðeins smáupphæðir. Með tilliti til þeirrar nauðsynjar að koma á sem allra víðast vélanotkun, er vitanlega mjög óheppilegt að dreifa vegafénu svo sem hér er gert. Yrði nú bætt við nýjum vegum, mundi væntanlega ætlazt til þess, að fjárveitingar fengjust til nýbygginga, þar sem ella mundi um afturkipp að ræða, er nú er veitt úr sýslunum móti tillagi ríkissjóðs árlega fé til þess að mjaka áfram endurbótum á mörgum þessara vegakafla. Kæmi þá fram enn meiri dreifing nýbyggingarfjárins en nú. Þá yrði og að gera ráð fyrir talsverðri upphæð úr ríkissjóði til árlegs viðhalds þessara nýju vegakafla, en til glöggvunar um legu þeirra hef ég dregið þá inn á landsuppdrætti, er hér með sendast. Eru þeir þar sýndir með bláum línum, fulldregnum, þar sem talið er bílfært, en slitnum þar, sem ekki er bílfært. Núverandi þjóðvegir eru sýndir með rauðum línum. Sýna uppdrættir þessir þannig glöggt þjóðvegakerfið eins og það er nú. Uppdrættir þessir þætti mér æskilegt, að yrðu endursendir.

Ef háttvirtar samgöngumálanefndir vilja fara inn á þá braut að taka inn nýja þjóðvegakafla á þessu þingi, gætu að mínu áliti nokkrir kaflar komið til greina, en ég vil þó mæla með því, að að þessu sinni verði ekki horfið að því ráði, og er þeirrar skoðunar, að frekar verði hækkað framlag ríkissjóðs til nýbygginga á akfærum sýsluvegum, þar sem ekki eru vegasjóðir, en nú er hámarkið jafnhátt og framlagið úr héraði nemur. Væri það hækkað upp í t. d. ⅔ kostnaðar, mundi það muna sýslurnar miklu um fé til framkvæmda, en vitanlega mundi þá ekki nægja fjárveitingin, 200 þús. kr., sem nú er í þessu skyni, og ákvæði 15. gr. vegalaganna hér um þyrfti að breyta.

Það er vitanlega réttmætt, að ríkissjóður leggi ríflega fram til innansveitarvega, til þess að örva þannig framkvæmdir til bættra framleiðsluhátta í sveitum. Þar sem um er að ræða vegaspotta með tiltölulega lítilli flutningaþörf, svo sem yfirleitt má segja að hér sé, þá virðist mér eðlilegra, að þeirri stefnu verði frekar fylgt en að taka slíka kafla í þjóðvegatölu.

Á þskj. 218 er breytingartillaga við ákvæði 18. gr. núgildandi vegalaga um hreppsvegagjaldið, sem vitanlega er nú allt of lágt. Í 14. gr. er hliðstætt ákvæði um sýsluvegagjaldið, sem þar er einnig sett allt of lágt, eins og nú er komið verðlagi. Væri réttmætt og æskilegt að breyta báðum þessum ákvæðum. Mundi ég þó vilja

gera smábreytingu á þskj. 218, þannig að síðari málsliður orðist svo: „Hreppsnefnd skal ákveða gjaldið fyrir eitt ár í senn, og má það vera allt að því jafnhátt 10 klukkustunda kaupi, eins og það er reiknað í hreppnum við opinbera vegavinnu það ár.“

Hliðstæð breyting á 14. gr. yrði þannig:

„Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði, en í hann greiði hvert hreppsfélag árlega gjald fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Skal sýslunefnd ákveða gjaldið fyrir eitt ár í senn, og má það vera allt að því jafnhátt 10 klukkustunda kaupi eins og það er reiknað hæst í sýslunni við vegavinnu í þjóðvegum það ár. Hreppstjórar“ o. s. frv. óbreytt.

Í 36. gr. vegalaganna segir m. a. svo: „.... Hús má ekki reisa nær vegjaðri en 4 metra.“ Það hefur komið í ljós, að oft getur verið óheppilegt vegna aðfennis, útsýnis fram eftir vegi, heimilisumferðar eða síðari breikkunar vegar að hafa hús svo nærri vegi, og þykir því rétt að hækka lágmarksfjarlægð þessa. Vil ég því, ef nokkur breyting verður gerð á vegalögunum á þessu þingi, leggja til, að í stað 4 m komi 10 m, og orðist málsgreinin svo: „Hús má ekki reisa nær vegjaðri en 10 metra.“

Virðingarfyllst

Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd Nd. Alþingis.

Framkomnar vegalagabreytingar á Alþingi 1945—1946.

Nd. þskj.		Lengd vegar km.
75	Vatnsnesvegur (frv.)	37,0
80	Árbæjarvegur	12,0
	Ásvegur	23,0
	Þórsmerkurvegur	3,0
81	Hríseyjarvegur	34,0
	Þórarinsstaðavegur	8,0
87	Ögurvegur	65,0
	Snæfjallastrandarvegur	27,0
	Staðarheiðarvegur	15,0
	Skorarheiðarvegur	23,0
96	Skriðdalsvegur	19,5
	Norðurdalsvegur	12,0
100	Skorradalsvegur	28,0
	Melasveitarvegur	14,0
	Leirársveitar- og Svínadalsvegur	19,0
106	Reynishverfisvegur	4,0
	Kirkjubæjarklaustursvegur	2,5
107	Reynishverfisvegur til Víkur	2,0
117	Úlfarsfellsvegur	9,0
	Reykjavegur	4,5
	Kleifavegur	22,0
	Stafholtstungnavegur	12,0
	Hraunhreppsvegur	7,0
131	Sauðárkróksbraut	18,5
	Hegranesvegur	10,0
145	Tunguvegur	4,0
147	Skagavegur kringum Skaga	47,0
148	Reykjabraut	13,0
154	Vetleifsholtsvegur	5,5
	Gunnarsholtsvegur	24,5

	Heiðarbraut	9,0
	Keldnavegur	11,5
	Bakkabæjavegur	18,0
168	Kiðjabergsvegur	9,0
	Reykjavegur	7,0
215	Hornsvegur	4,5
	Hvalnesvegur	7,0
218	Hreppsvegagjaldið, hækkun.	
240	Vattarnesvegur	6,0
247	Valþjófsstaðavegur	5,0
Ed. þskj.		
103	Haukadalsvegur	18,5
	Laugavegur	2,5
	Staðarhólsvegur	7,0
	Suðurfjarðavegur	25,0
	Rauðasandsvegur	8,0
	Örlygshafnarvegur	17,0
140	Fnjóskadalsvegur	17,0
	Laxárdalsvegur	27,0
	Mývatnssveitar- og Mývatnsöræfavegur + norðan Mývatns	16,0
152	Hörgárdalsvegur + út Hörgárdal	18,0
		758,0 km

Nd. 516. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur meðtekið umsögn vegamálastjóra um frv. og tillögur þær til breytinga á brúalögum, sem fram hafa komið á þessu þingi, og fylgir bréf hans prentað með þessu nál.

Með hliðsjón af þessu hefur nefndin eftir atvikum fallizt á að leggja til, að málið í heild verði að þessu sinni afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að vegamálastjóri undirbúi fyrir næsta Alþingi þá breyting á gildandi brúalögum, sem sanngjarnt og nauðsynlegt telst, að teknu tilliti til breytingartillagna, er fram eru komnar eða fram kunna að koma á yfirstandandi þingi, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. febr. 1946.

Gísli Sveinsson, form., frsm. Lúðvík Jósefsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson.

Sveinbjörn Högnason. Sigurður Bjarnason.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN
Reykjavík, 5. febrúar 1946.

Brúalög, breytingartillögur.

Háttvirtar samgöngumálanefndir Alþingis hafa sent mér til umsagnar framkomin frumvörp um breytingar á brúalögum ásamt breytingartillögum.

Tillögur þessar allar eru um að bæta inn í 1. gr. brúalaga nýjum brúm, og eru í neðri deild um 12 brýr, en í efri deild um 7 brýr, sem hér greinir:

Í neðri deild.

Þskj.		
85	1.	Múlaá í Ísafirði.
91	2.	Skaftá undan Heiði.
99	3.	Tjarnará á Vatnsnesi.
109	4.	Virkisá í Öræfum.
118	5.	Litla Þverá hjá Högnastöðum.
132	6.	Melsá hjá Mel í Hraunhreppi.
146	7.	Tungufljót hjá Króki.
„	8.	Litlu-Laxárós hjá Auðsholti.
150	9.	Norðurá í Skagafirði framan við Egilsá.
214	10.	Gjádalsá í Lóni.
246	11.	Grímsá hjá Oddsstöðum.
„	12.	Fitjaá í Skorradal.

Í efri deild.

Þskj.		
104	13.	Hvestuvaðall.
151	14.	Hofsá í Svarfaðardal.
„	15.	Öxnadalsá hjá Þverá.
„	16.	Eyjafjarðará hjá Hólum.
„	17.	Torfafellsá í Eyjafirði.
177	18.	Fagradalsá á Skarðsströnd.
„	19.	Haukadalsá í Dölum.

Í núgildandi fjárlögum er veitt fé til byggingar brúnna á Skaftá, Tjarnará og Hofsá (nr. 2, 3 og 14). Er Hofsárbrú á þjóðvegi, en önnur hinna á sýsluvegi og hin á hreppsvegi.

Auk Hofsárbrúar eru brýr á þessar ár á þjóðvegum: Múlaá (1), Virkisá (4), Gjádalsá (10), Hvestuvaðall (13) og Fagradalsá (18). Verða þær því kostaðar að öllu af fé úr ríkissjóði, þegar fjárveiting liggur fyrir. Brýr á Gjádalsá, Hvestuvaðal og Skarðsá verða undir 10 m á lengd og teljast því til smábrúa, sem ekki verða nafngreindar í brúalögum. Hinar 2, á Múlaá og Virkisá, eiga að réttu lagi að standa í brúalögum, enda þótt fjárveitingar til þeirra geti komið án þess eða áður en þær komast í brúalög, sbr. fjárv. til Hofsárbrúar í ár.

Allar aðrar brýr, sem tillögur eru um, eru á sýslu- eða hreppsvegum. Með því að koma þeim inn í brúalög fá hlutaðeigendur það áunnið, að ríkissjóður kostar þær að öllu leyti, í stað þess að hlutaðeigandi héruð leggja fram ¼—⅓ hluta kostnaðar. Allar eru brýr þessar litlar og ekki kostnaðarsamar, nema helzt á Tungufljót, Norðurá og Grímsá. Brúarstæði á sumar þeirra hafa enn ekki verið mæld, og ég efast um, að rétt sé að brúa 2 þeirra þar, sem tilgreint er í tillögunum, Litlu-Laxárós, fyrir aðeins 1 bæ, og Grímsá hjá Oddsstöðum, heppilegra brúarstæði neðar.

Brú á Melsá mun væntanlega verða undir 10 m á lengd og fellur þá undir smábrýr, sem ekki eru nafngreindar.

Í 1. gr. A. II. brúalaganna eru nú taldar 15 brýr á öðrum vegum en þjóðvegum og allar nokkuð, en sumar mjög kostnaðarsamar, enda var svo til ætlazt, að í þennan flokk væru aðeins teknar allkostnðarsamar brýr, sem héruðunum væri um megn að kosta að nokkru leyti eða ekki sanngjarnt að krefjast þess. En vitanlega eru margar brýr á sýslu- og hreppavegum, sem jafnréttmætt væri að setja í þennan flokk eins og flestar þær, sem nú eru frammi tillögur um. Af þessum 15 brúm hefur ein verið byggð (Laxá í Mývatnssveit), og fjárveiting er fyrir hendi til annarrar (Jökulsá í Dal). Vantar því enn fjárveitingar til 13 þessara brúa.

Meðan svo er og þar sem enn er ekki ákveðið, hvort hagkvæmt eða rétt er að gera sumar brýrnar þar, sem tilgreint er í tillögunum, og loks þar sem með svipuðum rétti mætti bæta við ýmsum fleiri brúm á sýslu- og hreppsvegum, þá vil ég leyfa mér að leggja til, að engar breytingar verði gerðar á brúalögunum að þessu sinni. Mætti þá hafa tilbúna, er Alþingi kemur saman í haust, skýrslu um helztu óbrúaðar ár á sýslu- og hreppavegum, sem grundvöll fyrir ákvörðun um, hvort og hverjar brýr skuli teknar til viðbótar í þennan flokk brúalaganna, ef ástæða þykir að bæta við fleirum, meðan flestar árnar í þessum flokki eru enn óbrúaðar.

Virðingarfyllst

Geir G. Zoëga.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 517. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 1. gr., staflið c. Liðurinn orðist svo:
Lög þessi taka ekki til leigu á húsnæði, sem einhleypt fólk býr í.

Ed. 518. Breytingartillögur

við frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Öll börn eru fræðsluskyld á aldrinum 7—14 ára.
2. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: eftir því, sem ákveðið verður í lögum um hina einstöku skóla.
3. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist: og fé er veitt til þess í fjárlögum.

Nd. 519. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Síðari málsgr. 43. gr. laganna orðist svo:
Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar, hver í sínu umdæmi, gefa hagstofunni skýrslu í því formi, sem hún ákveður, um búnaðarástandið ár hvert, þar á meðal um heyfeng o. fl., samkvæmt framtali búenda, sem nákvæmlega sé tilgreint, einnig að því er þetta varðar, í landbúnaðarskýrslu þeirra til skattálagningar, enda verður þá eigi þörf þeirra skýrslna um þetta efni, sem lög nr. 29 8. nóv. 1895, um hagfræðiskýrslur, gera ráð fyrir.
Ef framtali á því, er setja ber á landbúnaðarskýrslu, er ábótavant eða skortir með öllu, skal úr því bætt með áætlun skattanefndar.

Ed. 520. Nefndarálit

um frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin er þríklofin í máli þessu og skal til leiðréttingar frásögn í nefndaráliti meiri hl. á þskj. 511 birta hér orðréttan útdrátt úr fundargerð nefndarinnar, er málið var afgreitt þar 7. f. m.:
.... „Fyrir tekið:
1. Frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl. Nefndarmenn voru ósammála um afgreiðslu þess máls. E. E. lýsti yfir fylgi við frv., en áskilur sér þó rétt til að bera fram brtt. eða fylgja brtt. ef fram koma. P. H. vill að frv. verði fellt. Þ. Þ. vill að frv., ef að lögum verður, breytist á þann veg, að lögin falli úr gildi 1. sept. 1946 og mun flytja brtt. um það.“ ....
H. G. og Kr. A. voru ekki mættir á fundinum.
Með þessari yfirlýsingu á fundinum þykist ég til fulls hafa látið uppi álit mitt á málinu, en meiri hl. segir, að svo hafi ekki verið.
Á næsta hausti má vænta þess, að bændur hafi komið frambúðarskipulagi á öflugt stéttarfélag, sett því lög og reglur og samkvæmt þeim valið sér stjórn til þess að gæta hagsmuna stéttarinnar. Kemur þá ekki til mála að löggjafarvaldið leggi slíkan tálma á leið þeirra, að þeir hafi ekki atkvæðisrétt um val mannanna, er verðleggja eiga afurðir þær, er þeir sjálfir framleiða.
Nú þegar hafa verið gerðar ráðstafanir um sölu búnaðarafurða fram til næsta hausts og verður við það að hlýta. En fyrir 1. sept. n. k. tel ég sjálfsagt, að ráðstafanir verði gerðar til þess að félagssamtökum bænda gefist kostur á að taka söluframkvæmdir í sínar hendur.
Flyt því við frv. svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Aftan við 11. frvgr. bætist: og gildi til 1. september 1946.

Alþingi, 5. marz 1946.

Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 521. Lög

um eyðingu svartbaks.

(Afgreidd frá Nd. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 224.

Nd. 522. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Síðari málsgr. 43. gr. laganna orðist svo:

Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar, hver í sínu umdæmi, gefa hagstofunni skýrslu í því formi, sem hún ákveður, um búnaðarástandið ár hvert, þar á meðal um heyfeng o. fl., samkvæmt framtali búenda, sem nákvæmlega sé tilgreint, einnig að því er þetta varðar, í landbúnaðarskýrslu þeirra til skattálagningar, enda verður þá eigi þörf þeirra skýrslna um þetta efni, sem lög nr. 29 8. nóv. 1895, um hagfræðiskýrslur, gera ráð fyrir.

Ef framtali á því, er setja ber á landbúnaðarskýrslu, er ábótavant eða skortir með öllu, skal úr því bætt með áætlun skattanefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 523. Nefndarálit

um frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Bráðabirgðalög þau, sem gefa á framhaldslagagildi með samþykkt þessa frv., eru frá 20. ágúst f. á., og hafa því verið gerðar ráðstafanir samkvæmt þeim um verðlag og sölu landbúnaðarvara fram yfir mitt næsta sumar. Að þessu sinni verða bændur að búa við það, að ríkisvaldið velji þá menn, er ákveða verðið á framleiðsluvörum þeirra, þótt þeim sé það óljúft. Svo sem nú er komið skiptir það mestu máli, að breytt verði til og að fulltrúar, sem samtök bændanna sjálfra til þess velja, hafi fengið verðlagningarvaldið í sínar hendur, þá er að því kemur að ákveða verðið á þessa árs framleiðsluvöru. Það væri því mjög til bóta, ef inn í frv. yrði sett ákvæði um það, að lögin giltu um ákveðinn tíma, t. d. til 1. sept. þ. á., en féllu þá sjálfkrafa úr gildi. En þar sem mér þykir heildarblær þessa frv. þannig, að bændastéttin geti ekki unað við slík lög, legg ég til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 6. marz 1946.

Páll Hermannsson.

Nd. 524. Breytingartillögur

við frv. til l. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Selfossbyggð í Árnessýslu, sem vaxið hefur upp á mótum þriggja hreppsfélaga við Ölfusá, skal vera sérstakt sveitarfélag, er nefnist Selfosshreppur. Í hinum nýja hreppi eru þessar jarðir: Selfoss og Hagi ásamt Bjarkarspildu úr Sandvíkurhreppi og Hellir upp að þjóðveginum með Ingólfsfjalli ásamt Fossnesi. Að öðru leyti eru landamerki jarða þeirra, sem að ofan eru taldar, hreppamörk hins nýja Salfosshrepps.
2. Við 3. gr. 2. málsgr. orðist þannig:
   Ölfushreppi greiðir Selfosshreppur bætur eftir mati fyrir missi tekna af þeim landsvæðum, sem frá Ölfushreppi eru tekin og lögð til hins nýja Selfosshrepps.
3. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:
   Nú næst ekki samkomulag milli hreppsnefndar Selfosshrepps og hreppsnefndar Ölfushrepps um bætur þær, er í 3. gr. getur, eða önnur ákvæði, er skiptin varða, og skal þá leggja ágreininginn í gerð. Skulu 5 menn skipa gerðardóminn, og eru tveir tilnefndir af hreppsnefnd Selfosshrepps, en tveir af hreppsnefnd Ölfushrepps. Fimmta mann í gerðardóminn skipar sýslumaður Árnessýslu, og er sá forseti dómsins. Ágreiningsmálum milli Selfosshrepps og Sandvíkurhrepps, er skiptin varða, má og skjóta til gerðardóms þessa, en þá tilnefnir hreppsnefnd Sandvíkurhrepps tvo menn af sinni hálfu að taka sæti í dóminum.
   Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir þá aðila, sem að honum standa, og verður honum ekki áfrýjað.

Nd. 525. Nefndarálit

um frv. til l. um lögreglustjóra í Búðahreppi í Fáskrúðsfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. þetta verði samþykkt og flytur jafnframt breytingartill. við það í þá átt, að frv. nái einnig til Dalvíkur, þannig að skipaður sé þar lögreglustjóri, þegar skipting Svarfaðardalshrepps hefur farið fram.

Tveir nefndarmenn, GTh og StJSt, voru ekki á fundi, er frv. var afgreitt.

Alþingi, 2. marz 1946.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm.	Þórður Benediktsson.	Jör. Brynjólfsson.

Nd. 526. Breytingartillögur

við frv. til l. um lögreglustjóra í Búðahreppi í Fáskrúðsfirði.

Frá allsherjarnefnd.

1. Aftan við 1. gr. kemur ný málsgrein, svolátandi:
   Þegar skipting Svarfaðardalshrepps hefur farið fram, skipar ríkisstjórnin, að fengnum tillögum Dalvíkurhrepps, lögfræðing til þess að hafa á hendi þau störf í þeim hreppi, er um getur í fyrri málsgrein þessarar greinar, og nefnist hann lögreglustjóri.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrir „Lögreglustjóranum“ kemur: Lögreglustjórum þeim, er ræðir um í 1. gr.
   b. Á eftir „hreppsnefndaroddvita“ kemur: hvorum í sínum hreppi.
3. Við 3. gr.
   a. Fyrir „Lögreglustjóri fær“ kemur: Embættismenn þessir taka.
   b. Fyrir „Hafi hann“ kemur: Hafi þeir.
   c. Fyrir „fær hann“ kemur: fái þeir.
4. Við 4. gr.
   a. Fyrir „lögreglustjórans“ kemur: embættismanna þessara.
   b. Aftan við greinina bætist: að því er tekur til lögreglustjórans í Búðahreppi, en hreppsnefndar Dalvíkurhrepps og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu að því er varðar lögreglustjórann í Dalvík.
5. Við fyrirsögnina bætist: og á Dalvík.

Ed. 527. Breytingartillögur

við frv. til raforkulaga.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 18. gr. Í stað orðsins „takmarki“ í 2. málsgr. komi: svæði.
2. Við 22. gr. Í stað orðsins „héraðsrafveiturnar“ komi: raforkuver sveitarfélaga og héraðsrafveitur.
3. Við 50. gr. Greinin orðist svo:
   Til aðstoðar ríkisstjórninni í raforkumálum skal vera 5 manna ráð, er nefnist raforkuráð. Skulu 4 af þeim kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn, en sá fimmti skal skipaður af ráðherra til sama tíma, og er hann formaður ráðsins.

Nd. 528. Breytingartillögur

við frv. til l. um æskulýðshöll í Reykjavík.

Frá Páli Þorsteinssyni og Bjarna Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður greiðir allt að helmingi byggingarkostnaðar félagaheimila, sem bæjar- og sveitarfélög, ungmennafélög eða íþróttafélög reisa.
   Í Reykjavík reisa ríkissjóður og Reykjavíkurbær æskulýðshöll í félagi, og taka báðir aðilar jafnan þátt í kostnaði af byggingunni að öðru leyti en því,

er í 2. gr. segir. Ef bæjarbókasafn Reykjavíkur verður í höllinni, þá skal Reykjavík ein bera allan kostnað þar af, enda skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna, hversu mikill aukinn kostnaður af byggingu hallarinnar hafi orðið vegna bókasafnsins.

Nú leggja félög æskumanna í Reykjavík fram fé til byggingar æskulýðshallar eða aðrir, er málið vilja styðja, og lækkar þá framlag bæjarsjóðs sem því nemur.

2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, er verða 2. og 3. gr., svo hljóðandi (greinatala frv. breytist samkvæmt því):
   a. (2. gr.) Skylt er bæjar- og sveitarfélögum að láta í té endurgjaldslaust lóðir undir félagaheimili.

      Reykjavíkurbær leggur til ókeypis hæfilega lóð undir æskulýðshöll.
   b. (3. gr.) Þeir aðilar, er njóta vilja styrks úr ríkissjóði til byggingar félagaheimila, skulu senda umsóknir sínar til íþróttanefndar, er gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um fjárframlög til þeirra. Íþróttanefnd skal hafa samþykkt uppdrætti að félagaheimilum þeim, er styrks njóta, og hafa eftirlit með byggingu þeirra.
3. Við 3. gr. Síðasti málsliður greinarinnar falli burt.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

   Nánari fyrirmæli um allt, er varðar félagaheimili og æskulýðshöll, skulu sett með reglugerð.
5. Við 6. gr. Orðin „ríkisins .... Reykjavíkurborgar“ falli burt.
6. Við fyrirsögn frv. Fyrirsögn frv. orðist svo:

   Frumvarp til laga um félagaheimili og æskulýðshöll.

Ed. 529. Nefndarálit

um frv. til l. um vinnuskóla á Reykhólum.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Meiri hluti menntamálanefndar hefur að athuguðu máli ekki séð sér fært að mæla með samþykkt þessa frumvarps, jafnvel þótt því væri nokkuð breytt, eins og háttv. minni hl. nefndarinnar leggur til. Ástæður eru einkum þessar:

1. Fyrir þessu þingi liggja nú og eru að nokkru leyti afgreidd af háttv. neðri deild frumvörp um gagngera skipun skólamála og fræðslumála landsins. Frv. þessi eru undirbúin af milliþinganefnd og studd, að því er virðist, af menntamálaráðherra. Má því ætla, að þau verði samþykkt eða lögð til grundvallar við skipun þessara mála, hvort sem þau verða samþykkt nú eða síðar. Það virðist því varla geta komið til mála að samþykkja í sömu svifum frumvörp um skóla, er fara í bág við eða eru alveg utan við þetta skólakerfi og hlíta öðrum reglum.
2. Með lögum nr. 57 31. okt. 1944 er ákveðið að setja upp tilraunastöð í landbúnaði á Reykhólum. Til þess að koma þessu þarfa máli í framkvæmd vantar enn fé, og virðist naumast ástæða til að setja með lögum á stofn skóla á þessum sama stað, meðan ekki er fé veitt til þess að koma því af stað, sem þegar er ákveðið. Væri mjög æskilegt, að tilraunastöð þessari væri hrundið af stað, bæði vegna hins mikla höfuðbóls, sem nú er nálega húsalaust og í niðurlægingu, svo og vegna héraðsins, sem hér á hlut að máli. Er ekki fyrir það að synja, að tilraunastöðin gæti tekið upp nokkuð af því verkefni, sem vinnuskólanum er ætlað, ef hún fengi viðunandi húsakost og hefði Reykhóla til umráða fyrst um sinn.

3. Ef frumvarpinu verður breytt þannig, að hér verði í raun og veru um búnaðarskóla að ræða, virðist meiri hlutanum svo sem verið væri að bera í bakkafullan lækinn, því aðsókn virðist minni að þeim búnaðarskólum, sem fyrir eru, en flestum öðrum skólum, en fyrir dyrum stendur þó stofnun nýs búnaðarskóla í Skálholti. Hér er að vísu um allmikið annað fyrirkomulag að ræða en í búnaðarskólunum, og má vera, að það sé heppilegra. En sé svo að dómi þeirra, er bezt þekkja þau mál, væri nær að breyta tilhögun búnaðarskólanna, sem fyrir eru, en stofna nýjan skóla.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að nú er fyrir Alþingi almenn skólalöggjöf og réttara er að sjá, hvernig henni reiðir af, áður en ákveðið er um einstaka skóla, og með því að enn er ekki farið að framkvæma lög nr. 57 31. okt. 1944, um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, mælir deildin með því, að þau lög verði framkvæmd eins fljótt og unnt er, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. marz 1946.

Magnús Jónsson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. H. Guðmundsson.
Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 530. Frumvarp til laga

um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar til eins árs í senn nefnd 25 manna, er nefnist „búnaðarráð". Nefndin skal skipuð bændum eða mönnum, sem á einn eða annan hátt starfa í þágu landbúnaðarins. Heimilt er að tilnefna jafnmarga varamenn. Ráðherra tilnefnir formann ráðsins, og kallar hann það saman til fundar í síðasta lagi 5. september ár hvert. Það er borgaraleg skylda að taka sæti í búnaðarráði og mæta á fundum þess, nema lögleg forföll hamli.

2. gr.

Fundir búnaðarráðs eru því aðeins lögmætir, að allir nefndarmenn eða varamenn þeirra séu mættir. Nú stendur svo á, að hvorki aðalmaður né varamaður geta mætt á fundi, og skipar þá ráðherra mann í þeirra stað, meðan á forföllum stendur.

3. gr.

Á 1. eða 2. fundi sínum skal búnaðarráð kjósa 4 menn í nefnd, er nefnist „verðlagsnefnd landbúnaðarafurða". Nefndarmenn skulu að jafnaði valdir innan vébanda búnaðarráðs, en heimilt er þó að víkja frá því, ef heppilegra er talið. Verðlagsnefnd skal kosin meirihlutakosningu, og er enginn löglega kjörinn nema hann hafi hlotið atkvæði meiri hluta búnaðarráðsmanna. Ef ekki næst meiri hluti við endurtekna frjálsa kosningu, skal kosið bundinni kosningu milli þeirra, er flest hafa fengið atkvæði. Kjósa skal tvo menn til vara í nefndina, og taka þeir þar sæti í forföllum aðalmanna.

4. gr.

Búnaðarráð gegnir enn fremur þessum störfum:

1. Gerir tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um setning reglna um gæðaflokkun og verðflokkun landbúnaðarafurða.
2. Ákveður verðjöfnunarsvæði samkvæmt 1. gr. laga nr. 1 7. janúar 1935 og verðlagssvæði samkvæmt 9. gr. laga nr. 2 9. janúar 1935.
3. Ákveður verðjöfnunargjald á kindakjöt, mjólk og mjólkurafurðir.
4. Stuðlar að hagnýtri verkun og meðferð landbúnaðarafurða og hagkvæmri nýtingu markaða fyrir þær, jafnt innan lands sem utan.

5. gr.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal skipuð fimm mönnum, 4 kosnum samkvæmt ákvæðum 3. gr. laganna, en formaður búnaðarráðs er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Formaður kveður nefndina til funda og stjórnar störfum hennar.

6. gr.

Störf verðlagsnefndar eru:

1. Að ákveða verðlag á landbúnaðarafurðum á innanlandsmarkaði (kjöti alls konar, mjólk og mjólkurafurðum, garðávöxtum).
2. Að annast aðrar framkvæmdir, sem hingað til hafa verið í höndum mjólkursölunefndar, mjólkurverðlagsnefndar, kjötverðlagsnefndar og verðlagsnefndar garðávaxta, sbr. þó ákvæði 4. gr.

Verðlag á nýmjólk má ákveða mismunandi eftir því, hvort hún er seld frá mjólkurbúum eða beint frá framleiðendum til neytenda, enda verði þá verðmunurinn greiddur úr ríkissjóði.

7. gr.

Verðlagsnefnd ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri sér um daglega afgreiðslu mála og annast önnur störf, er verðlagsnefnd felur honum.

8. gr.

Á fundum verðlagsnefndar ræður afl atkvæða úrslitum.

9. gr.

Allur kostnaður, er leiðir af störfum búnaðarráðs og verðlagsnefndar, greiðist úr ríkissjóði, eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

10. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin:
4. gr. og 8. gr. laga nr. 1 7. janúar 1935.
1. gr. og 2. málsliður 4. gr. laga nr. 2 9. janúar 1935.
1. og 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 31 2. apríl 1943.
Loks eru úr gildi numin öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en skulu endurskoðuð fyrir árslok 1946.

Sþ. 531. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn hveraorku á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Finnur Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson, Barði Guðmundsson, Sigurður Thoroddsen.

Alþingi ályktar að skora á samgöngumálaráðherra að láta á næsta sumri fara fram rannsókn jarðhitasvæðanna á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, með það fyrir augum, að staðreynt verði, hvort unnt sé að framleiða þar rafmagn fyrir nærliggjandi kaupstaði, kauptún og sveitir.

Greinargerð.

Í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp eru ein mestu jarðhitasvæði á Íslandi. Hefur jarðhiti um langt skeið verið hagnýttur þar til íþróttastarfsemi, upphitunar skólahúsa, gróðurhúsa og fyrr á tímum til saltvinnslu.

Nauðsyn ber til þess, að ýtarleg rannsókn fari fram á þeim möguleikum, sem hinar heitu uppsprettur þessa staðar fela í sér til orkuframleiðslu. Sveitirnar við Ísafjarðardjúp, Ísafjarðarkaupstað og kauptúnin í Norður-Ísafjarðarsýslu og norðanverðri Vestur-Ísafjarðarsýslu vantar raforku. Enn þá hefur ekki fengizt endanlega úr því skorið, hvaða leiðir séu heppilegastar fyrir þessi byggðarlög til þess að fá nægilega raforku. Flm. þessarar tillögu telja því æskilegt og nauðsynlegt, að rannsakaðir séu, hvaða möguleikar kunni að vera fyrir hendi til framleiðslu rafmagns í Reykjanesi. Þess vegna er tillaga þessi fram komin.

Nd. 532. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins.

Frá Finni Jónssyni.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: þar á meðal um þau sönnunargögn, er hann telur þurfa, fyrir því, að hlutasjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt hið tilskilda lágmarksverð, sem ákveðið er af samninganefnd utanríkisviðskipta á hverjum tíma.

Ed. 533. Frumvarp til laga

um fyrningarsjóð ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Allar fasteignir ríkissjóðs skal telja til eignar á ríkisreikningi með fasteignamatsverði. Þeim ríkisstofnunum, sem ekki hafa sameiginlegan fjárhag við ríkissjóð, er þó heimilt að telja fasteignir sínar til eignar með kostnaðarverði.

2. gr.

Árlega ber að fyrna fasteignir ríkissjóðs þannig, að af húsverði þeirra afskrifast af steinhúsum 1% og af timburhúsum 2%.

3. gr.

Af fyrningum þessum skal mynda sérstakan sjóð, „Fyrningarsjóð ríkisins“, sem nota skal til endurbyggingar hinna afskrifuðu fasteigna.

4. gr.

Sjóður þessi skal vera í vörzlum fjármálaráðuneytisins, sem sér um ávöxtun hans, og fráskilinn ríkissjóði.

5. gr.

Nú hrekkur ekki fyrningarfé fasteignar fyrir endurbyggingu hennar, eða reisa þarf nýja byggingu, og er þá fjármálaráðherra heimilt að lána af sameiginlegu fé sjóðsins til þeirra framkvæmda, eftir því sem fé er fyrir hendi og þörf krefur. Slík lán skulu veitt til 40 ára með vöxtum, sem fjármálaráðherra ákveður í hvert skipti.

6. gr.

Í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, skal setja nánari reglur um bókhald fyrir sjóðinn og framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við samning ríkisreikningsins fyrir árið 1945.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra, en frumvarpið er samið af skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, aðalendurskoðanda ríkissjóðs og ríkisbókara. Einstakir nefndarmenn eru óbundnir um frumvarpið. Frv. fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Undanfarið hefur þeirri venju verið fylgt við afskrift fasteigna ríkissjóðs, að færa fyrningarupphæðina til gjalda á rekstrarreikningi viðkomandi stofnunar og lækka fasteignina í verði um sömu upphæð.

Með þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir, að fyrningarupphæðin færist áfram á rekstrarreikning, en verði greidd í sérstakan sjóð, er hafi það hlutverk að endurbyggja fasteignina.

Mundi það meðal annars hafa þessa kosti:

1. Á ríkisreikningi kemur fram verð allra fasteigna ríkissjóðs, eins og það er skv. fasteignamati á hverjum tíma. Mundi þannig koma fram bezt samræmi á milli hinna einstöku ríkiseigna.
2. Með því að leggja fyrningarupphæðina í sérstakan sjóð eru notendur eignarinnar smátt og smátt látnir greiða andvirði byggingarinnar, þannig að þegar um endurbyggingu verður að ræða, á að vera nægilegt eða a. m. k. allmikið fé fyrir hendi, sem þannig hefur safnazt saman og er í raun og veru ekki annað en lítil húsaleiga þeirrar stofnunar, sem byggingarinnar hefur notið.
3. Í frv. er gert ráð fyrir, að lána megi af sjóðnum til nýrra bygginga, annarra en þeirra, sem áður hafa greitt í hann. Þegar sjóðurinn er orðinn stór, gæti þetta verið mjög hagkvæmt og virðist að öllu leyti eðlilegra heldur en að taka lán hjá óskildum aðila eða leggja fram peninga af rekstrarfé ríkissjóðs.

Sþ. 534. Þingsályktun

um rannsókn hveraorku á Reykhólum.

(Afgreidd frá Sþ. 8. marz.)

Samhljóða þskj. 395.

Sþ. 535. Þingsályktun

um ábyrgð á láni fyrir Slysavarnafélag Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 8. marz.)

Samhljóða þskj. 496.

Nd. 536. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa til útflutnings eða ábyrgjast fyrir bátaútveginn sölu á því fiskmagni, sem saltað er til útflutnings á tímabilinu frá 1. jan. til 31. maí 1946, fyrir það verð, að kr. 1.70 fáist fyrir hvert kílógramm af fullsöltuðum og fullstöðnum stórfiski (þorski) I. flokks.

Ed. 537. Breytingartillögur

við frv. til raforkulaga.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Alls staðar þar, sem talað er um „rafveitur", „rafveitustjóra" o. þ. h., komi: rafmagnsveitur, rafmagnsveitustjóri og tilsvarandi orð.
2. 50. gr. orðist svo:
   Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 manna raforkuráð, er vera skal ríkisstjórninni til aðstoðar í raforkumálum. Ráðið skal kosið til fjögurra ára í senn, og skipar ráðherra formann úr hópi þeirra, sem Alþingi hefur kosið.

Ed. 538. Breytingartillögur

við frv. til raforkulaga.

Frá Páli Hermannssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „2000 hestöflum" í 3. málsgr. komi: 1000 hestöflum.
2. Við 35. gr. 3. töluliður orðist svo:
   Nú vilja einstakir bændur eða fleiri saman reisa vatnsorkustöðvar til rafmagnsframleiðslu til heimilisnota utan þeirra svæða, sem gera má ráð fyrir, að orkuveitutaugar frá héraðsrafveitum nái yfir, að dómi raforkumálastjóra, og veitir þá raforkusjóður lán til þeirra framkvæmda, allt að ⅔ kostnaðar, enda séu mannvirkin vel gerð að dómi rafmagnseftirlits ríkisins. Lánin má veita til 30 ára, og endurgreiðist þau með jöfnum afborgunum. Vextir séu 2%.

Nd. 539. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 536 (Afurðir bátaútvegsins).

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Í stað „31. maí 1946“ komi: 1. okt. 1946.
2. Aftan við till. bætist: og tilsvarandi verð fyrir annan fisk, að dómi ríkisstjórnarinnar.

Nd. 540. Breytingartillaga

við frv. til laga um byggingu gistihúss í Reykjavík.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Gistihúsið skal rekið fyrir reikning þeirra aðila, sem verða þátttakendur í því að reisa það. Ef hentara þykir, má þó leigja húsið út til gistihúshalds.

Ed. 541. Breytingartillaga

við frv. til raforkulaga.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Við 35. gr. Í stað orðanna „reisa raforkustöðvar til heimilisnota“ í 3. tölulið komi: reisa vatnsraforkustöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð.

Sþ. 542. Tillögur til þingsályktunar

um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að endurgreiða:

1. Tolla, sem innheimtir hafa verið af skipum, sem keypt hafa verið til landsins á árinu 1945 og keypt verða á árunum 1946—1947.
2. Aðflutningsgjöld af efni til skipabygginga og vélum og tækjum í skip, sem byggð hafa verið innanlands á árinu 1945 og byggð verða og fullbúin fyrir árslok 1947.

Greinargerð.

Á þessum árum er mjög kostað kapps um að auka skipaflota landsmanna. Hefur alveg sérstaklega verið lögð á það áherzla að auka fiskiskipaflotann. Framkvæmdir í þessu efni að því er tekur til bátaflotans byggjast á því hvoru tveggja að láta smíða báta bæði innanlands og erlendis, og í þriðja laga hefur, einkum á síð-

astliðnu ári, verið keypt nokkuð af gömlum fiskibátum frá útlöndum. Ýmiss konar stuðningur og fyrirgreiðsla hér að lútandi hefur verið og er í té látin af hálfu þess opinbera, enda er þess full þörf, þegar tillit er tekið til þess, að skipin eru byggð og keypt á hápunkti dýrtíðar þeirrar og verðbólgu, sem þróazt hefur á styrjaldarárunum. Það brýtur því mjög í bág við áðurgreint viðhorf þess opinbera til aukningar og endurnýjunar bátaflotans, að tolla- og skattalöggjöf landsins sé þannig beitt, að háir tollar séu teknir af innfluttum fiskibátum og öllu efni, sem inn er flutt til þess að byggja úr báta í landinu og til þess að fullgera búnað þeirra. Hér er því lagt til, að látin sé niður falla innheimta á fyrrgreindum tolli um þriggja ára skeið og að jafnframt verði tollur þessarar tegundar, sem innheimtur hefur verið, endurgreiddur.

Eins og eðlilegt er, leggja þeir á það áherzlu, sem klifa til þess þrítugan hamarinn, flestir við erfiðar aðstæður, að bátaflotinn verði stórum aukinn og bættur að allri gerð, að tollum þessum verði nú af létt.

Þess má geta, að það ósamræmi er á gildandi tolla- og skattalögum um þetta efni, að af bátum allt að 150 smálesta á að greiða innflutningstoll, sem nemur 2%, en stærri skip eru tollfrjáls.

Fylgir hér með útreikningur á því, hvað tollaniðurfelling sú, er hér um ræðir, muni skarða í tekjur ríkissjóðs á umræddum tíma. Er þar miðað við það, sem nú er vitað um aukningu fiskiskipaflotans þessi ár.

Áætlaður tekjumissir fyrir ríkissjóð, ef tillagan yrði samþykkt:

1.	Tollur af gömlum bátum frá Svíþjóð, sem keyptir hafa verið í ár, ca.	kr. 60 000
2.	Tollur af Svíabátum á vegum ríkisstjórnarinnar	— 520 000
3.	Tollur af bátum, sem vitað er um, að verið er að byggja í Danmörku	— 35 000
	Samtals af innfluttum bátum ca.	kr. 615 000

Byggt á árinu 1945 og í byggingu innanlands nú og það, sem vitað er um að áætlað er, m. a. bátar Nýbyggingarráðs, eru ca. 2000 rúml. Sé reiknað með, að allir tollar og aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til þessara báta sé kr. 250.00 á rúmlest, næmi það alls kr. 500 þús.

Alls næmi því tekjumissir ríkissjóðs rúmlega 1 milljón króna fyrir það tímabil, sem hér um ræðir, þ. e. 1945—1947 og þó aðallega árin 1946 og 1947. Hins vegar má gera ráð fyrir, að raunverulega verði þessi tala allmiklu lægri, bæði af því að tollur og aðflutningsgjöld séu nokkru lægri en hér er gert ráð fyrir og einnig af því að farmgjöld fara nú lækkandi, en tollar eru einnig reiknaðir af þeim, svo og að gera má ráð fyrir, að efni og tæki til skipa fari heldur lækkandi en hitt.

Nd. 543. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Við 2. gr. Í stað orðanna „á allt að 5000 tonnum af saltfiski fyrir bátaútveginn“ komi: á því fiskmagni bátaútvegsins, er saltað verður fram til októberloka 1946.

Nd. 544. Breytingartillaga

við frv. til l. um byggingu gistihúss í Reykjavík.

Frá samgöngumálaráðherra.

Við 5. gr. Aftan við 1. málslið gr. bætist: enda sé öll ríkisstjórnin og þeir aðilar, sem að byggingunni standa, sammála um, að eignarnámið fari fram.

Nd. 545. Breytingartillaga

við frv. til laga um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Flm.: Sigurður Thoroddsen.

Við 1. gr. Í stað orðanna „sneið af Laugardælalandi .... ferjuholti í Hellislandi“ komi: Laugardælir í Hraungerðishreppi.

Nd. 546. Breytingartillaga

við frv. til laga um byggingu gistihúss í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi undir gistihúsið og því til afnota lóðir, hús og mannvirki á landsvæði í krika þeim vestan tjarnarinnar í Reykjavík, er takmarkast af tjörninni, Tjarnargötu og Skothúsvegi, ef samkomulag næst ekki um kaup. Fer þá um eignarnámið eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Sþ. 547. Nefndarálit

um till. til þál. um fiskirannsóknir og fiskirækt í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þingsályktunartillögu þessa og fengið um hana umsögn Árna Friðrikssonar fiskifræðings. Birtist umsögn hans hér með.

Nefndarmenn eru allir meðmæltir því, að fiskirannsóknir þær, sem hér um ræðir, verði framkvæmdar hið fyrsta, en telja eðlilegast, að kostnaðurinn af þeim verði greiddur úr Fiskimálasjóði. Hafi Fiskimálasjóður ekki nú handbært fé til þessa, vegna annarra aðkallandi verkefna, mælir nefndin með því, að rannsóknirnar verði þó hafnar þegar á þessu ári, og verði kostnaðurinn þá greiddur úr ríkissjóði til bráðabirgða. Helgi Jónasson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur því til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Í stað orðsins „ríkissjóði“ í niðurlagi tillögunnar komi: Fiskimálasjóði.

Alþingi, 12. marz 1946.

Gísli Jónsson, form.	Steingr. Aðalsteinsson, frsm.	Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.
Pétur Ottesen.	B. Kristjánsson.	Þórður Benediktsson.
Sigurður Kristjánsson.	Guðm. Í. Guðmundsson.	

Fylgiskjal.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS

Reykjavík, 15. febr. 1946.

Fjárveitinganefnd Alþingis.

Fiskideildin hefur í dag fengið heiðrað bréf hæstvirtrar fjárveitinganefndar ásamt tillögu til þingsályktunar um fiskirannsóknir og fiskirækt í Hamarsfirði, Suður-Múlasýslu, þar sem beðið er um umsögn deildarinnar ásamt upplýsingum um það, hvort rannsókn geti farið fram, án þess að sérstök fjárveiting komi til.

Fiskideildinni er mjög ljúft að láta fara fram rannsókn á Hamarsfirði þegar á næsta sumri, og mun það verkefni verða fengið einum af sérfræðingum deildarinnar, líklega dr. Hermanni Einarssyni, og honum fenginn maður til aðstoðar frá deildinni. Að sjálfsögðu kosta störf þessara manna, efni það, sem til rannsóknanna þarf, sem og afnot áhalda ekki neitt, en á hinn bóginn mundi ekki verða komizt hjá að heimila ríkisstjórninni að greiða þann kostnað, sem þessar rannsóknir hefðu sérstaklega í för með sér, svo sem leiga á bát, mönnum, kostnað við flutninga o. s. frv.

Okkar vegna ætti, að öllu forfallalausu, ekkert að vera því til fyrirstöðu, að verkið gæti hafizt þegar á þessu ári, og yrði áframhald þess síðan einkum fólgið í því að fylgjast með ýmsum breytingum nokkra mánuði eða í nokkur ár eftir því, sem nauðsynlegt þætti að athuguðu máli.

Með sérstakri virðingu

Árni Friðriksson.

Sþ. 548. Breytingartillaga

um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að endurgreiða útgerðarmönnum aðflutningsgjöld, sem innheimt hafa verið af skipum, sem þeir hafa keypt til landsins á árinu 1945 eða kaupa á árunum 1946 og 1947, og af efni, vélum og tækjum í skip, sem handa þeim hafa verið byggð eða verða byggð innanlands á sama árabili.

Nd. 549. Frumvarp til laga

um húsmæðrafræðslu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI

Húsmæðraskólar, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Markmið húsmæðraskóla er það að veita konum nauðsynlegan undirbúning undir venjuleg heimilisstörf, heimilisstjórn og barnauppeldi.

2. gr.

Til stofnunar húsmæðraskóla þarf:

1. Tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs eða fræðsluráða, þar sem jafnframt sé bent á skólastað.
2. Umsögn hlutaðeigandi kvenfélagasambands eða sambanda.
3. Samþykki hlutaðeigandi kaupstaðar, sýslufélags eða sýslufélaga.
4. Samþykki fræðslumálastjórnar á skólastað og uppdrætti að skólahúsi.
5. Fjárveiting Alþingis til stofnunar skólans.

3. gr.

Hver skóli skal vera 1 ársdeild, er starfar 9 mánuði hið minnsta. Þó er heimilt að stytta námstímann um 1 mánuð í þeim kaupstaðarskólum, sem geta ekki komið við garðyrkjunámi né hirðingu húsdýra og búsafurða.

Skólanefnd getur með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að skóli starfi í 2 ársdeildum.

4. gr.

Hverjum skóla stjórnar skólanefnd, skipuð sem hér segir:

Þar, sem kaupstaður eða 1 sýsla stendur að skóla, kýs bæjarstjórn eða sýslunefnd 2 nefndarmenn hlutbundinni kosningu á 1. fundi eftir kosningar. Ef 2 eða fleiri sýslur standa að sama skóla, kýs hver sýslunefnd 1 nefndarmann.

Kvenfélagasamband hlutaðeigandi kaupstaðar eða sýslu, sem hefur húsmæðrafræðslu á stefnuskrá sinni, kýs jafnmarga menn til sama tíma.

Fræðslumálastjórn skipar formann nefndarinnar.

5. gr.

Skólanefnd hefur eftirlit með hverjum húsmæðraskóla, undir umsjón fræðslumálastjórnar. Verkefni hennar er einkum:

a. að sjá um, að fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi til skólahalds;
b. að láta auglýsa lausar kennara- og skólastjórastöður og leitast við, ásamt fræðslumálastjórn, að fá hæfa menn í þær;
c. að ráða skólastjóra og kennara úr hópi umsækjenda. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning þeirra;
d. að sjá um, að skólinn hafi fullnægjandi kennslutæki og að þeim og öðrum munum skólans og skólahúsi sé haldið við á fullnægjandi hátt;
e. að annast fjárreiður skólans og gera áætlun um kostnað við skólahaldið fyrir hvert reikningsár hlutaðeigandi sveitarfélags, og senda hana í tæka tíð hlutaðeigandi sveitarstjórn og fræðslumálastjórn.

Verði ágreiningur milli sveitarstjórnar og skólanefndar um fjárframlög til skólahalds, sker fræðslumálastjórn úr.

Hlutverk skólanefndar skal nánar ákveðið í reglugerð og erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

II. KAFLI

Fjármál.

6. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélag leggur skólanum til ókeypis nægilegt land til starfsemi hans að dómi fræðslumálastjórnar.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að ¾ stofnkostnaðar, en ¼ greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Ef 2 eða fleiri sveitarfélög — eða hlutar úr þeim — standa að byggingu húsmæðraskóla, skiptist stofnkostnaðurinn á milli þeirra í réttu hlutfalli

við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali 5 síðustu ára. Nauðsynlegur húsbúnaður og áhöld teljast til stofnkostnaðar.

Íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks teljast til skólahúsnæðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Búfjörð ásamt nauðsynlegum húsum til búskapar telst til stofnkostnaðar, ef bú er rekið í sambandi við skólann.

Skólar þessir eru sjálfseignarstofnanir eða eign hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.

8. gr.

Fastir kennarar við húsmæðraskóla eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stundakennslu samkv. 10. gr. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti, sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum helming þess, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður greiðir hinn helminginn.

9. gr.

Tölu fastra kennara í heimavistarskólum ber að miða við það, að 12—16 nemendur hið minnsta komi á hvern kennara, en 16—20 í heimangönguskólum.

Ríkissjóður greiðir styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum.

10. gr.

Kennsla er veitt ókeypis, en nemendur greiða húsaleigu, sem ákveðin skal af fræðslumálastjórn í samráði við skólastjóra og skólanefnd.

11. gr.

Skólanefndir og skólastjórar annast fjárreiður og reikningshald skólanna. Sveitarfélög greiða framlög sín til skólans samkvæmt fjárhagsáætlun í byrjun hvers skólaárs eða með hlutfallslegri upphæð í byrjun hvers mánaðar þann tíma, er skólinn starfar. Ef fleiri en eitt sveitarfélag á að greiða kostnað af sama skóla, skal skólanefnd jafna honum á sveitarfélögin samkvæmt 8. gr. Ef ágreiningur verður út af skiptingu kostnaðar eða greiðslu, sker fræðslumálastjórn úr. Vangreidd gjöld sveitarfélaga innheimtir hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga eða sýslufélaga, og sendir skulu þeir fræðslumálaskrifstofunni.

III. KAFLI

Kennarar.

12. gr.

Til þess að verða settur kennari við húsmæðraskóla þarf kennarapróf í hússtjórn eða handavinnu, en til skipunar auk þess tveggja ára húsmæðrakennslu og meðmæli skólastjóra. Skólastjóri skal þó hafa kennt 3 ár hið minnsta.

Heimilt er þó við gildistöku þessara laga að setja eða skipa skólastjóra og kennara þá, sem kennt hafa 2 ár hið minnsta í húsmæðraskóla með góðum árangri, enda þótt þeir fullnægi ekki framangreindum skilyrðum.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa skólastjóra- eða kennarastöðu, skal þá fræðslumálastjórn og skólanefnd leitast við að fá kennara, er hún treystir, og má að þremur árum liðnum skipa hann í stöðuna, ef hún telur hann starfinu vaxinn, enda komi meðmæli skólanefndar til.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er skipa fastar stöður við húsmæðraskóla, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

13. gr.

Skylt er kennara að kenna allt að 36 kennslustundir á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 30, er hann verður 55 ára, og í 24, er hann verður 60 ára. Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Kennsluskylda skólastjóra skal ákveðin í reglugerð.

14. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár við þá skóla, er í lögum þessum greinir, og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjórn beiðni um orlof, ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, á hann rétt á árs orlofi með fullum launum og síðan tíunda hvert ár á sama hátt og með sömu skilyrðum. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofsins. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

IV. KAFLI
Nemendur.

15. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði í húsmæðraskóla:

a. að nemandi sé fullra 17 ára fyrir næstu áramót
b. sé óspilltur að siðferði;
c. hafi engan næman sjúkdóm;
d. hafi lokið skyldunámi.

V. KAFLI
Um kennsluna.

16. gr.

Þessar greinar skulu kenndar í húsmæðraskólum:

A. Verklegar greinar: Matreiðsla, ræsting og þvottur, fatasaumur og handavinna, garðrækt, hirðing húsdýra og búsafurða, meðferð ungbarna.
B. Bóklegar greinar: Íslenzka, kristin fræði, uppeldisfræði og sálarfræði barna, manneldisfræði, efnis- og áhaldafræði, búreikningur, heilsufræði og þjóðfélagsfræði.

Heimilt er stjórnum skólanna að fjölga og fækka kennslugreinum að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar. Þá er og heimilt í húsmæðraskólum í kaupstöðum að sleppa hirðingu húsdýra og búsafurða, sé eigi annars kostur.

Nánari ákvæði um námsefni og próf skulu sett í reglugerð.

VI. KAFLI
Námsskeið.

17. gr.

Heimilt er með samþykki fræðslumálastjórnar að hafa sérstæða vefnaðardeild við húsmæðraskóla. Námstími þar skal vera 4 mánuðir hið minnsta. Námsskeið í öðrum verklegum greinum, er standa eigi skemur en 3 vikur, skulu styrkt á sama hátt og önnur kennsla í skólunum. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.

VII. KAFLI
Stjórn skólanna.

18. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirstjórn húsmæðrafræðslunnar. Heimilt er að ráða einn námsstjóra til leiðbeiningar og eftirlits með skólunum.

19. gr.

Skólastjóri og kennarafundur stýra starfi hvers skóla.

Fræðslumálastjórn setur skólastjórum erindisbréf og reglur um starfssvið kennarafundar.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

20. gr.

Skólanefnd getur með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að bú skuli rekið í sambandi við húsmæðraskóla. Skal búið rekið sem sjálfseignarstofnun með hagsmuni skólans fyrir augum. Bústjóri skal ráðinn af skólanefnd í samráði við skólastjóra.

21. gr.

Ákvæði um leyfi, reglu, aga og fleira, er skólann varðar, skal setja í reglugerð, er fræðslumálastjórn staðfestir.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, og lög nr. 65 27. júní 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, svo og önnur ákvæði, sem koma í bág við þau.

Nd. 550. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 24 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Orðið „(ingeniör)“ í 1. gr. laganna falli burt.

2. gr.

a. Í stað orðanna „stéttarfélag verkfræðinga hér á landi“ í fyrstu málsgr. 2. gr. laganna komi: Háskóli Íslands.

b. 2. mgr. sömu lagagreinar orðist svo:

Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu verkfræðistörf fyrir 13. júní 1937, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Í stað orðanna „stéttarfélag húsameistara hér á landi“ í fyrstu málsgrein 4. gr. laganna komi: Háskóli Íslands.

4. gr.

Í stað orðanna „stéttarfélagi iðnfræðinga þeirrar greinar“ o. s. frv. til enda fyrri málsgreinar 6. gr. laganna komi: Háskóla Íslands.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 551. Nefndarálit

um frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft málið til athugunar og rætt um það við vitamálastjóra og samgöngumálaráðherra. Hún hefur einnig athugað sérstaklega þær breytingar, sem hv. Ed. hefur gert á frv.

Nefndin er samþykk því, að frv. nái fram að ganga, en telur þó, að gera verði á því nokkrar breytingar. Þannig álítur nefndin, að réttmætt sé að bæta nokkrum stöðum við í lendingarbótaflokkinn, og er það í samræmi við tillögur og óskir frá einstökum þingmönnum.

Þá telur nefndin, að breytingar þær, er hv. Ed. hefur gert á 9. gr. frv., séu mjög vafasamar og sumpart á þá lund, að óhjákvæmilegt sé að breyta greininni á ný. Á þetta sérstaklega við þau ákvæði greinarinnar, sem takmarka rétt hafnar- og lendingarstjórna til þess að leggja gjöld á einstaklingsmannvirki í höfnunum.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. A. Liður 10 (Elliðaárvogur) falli niður.
2. Við 2. gr. B. Í greinina bætist nýir liðir sem hér segir:
   Hafnarnes,
   Alviðruvör,
   Brekka í Mjóafirði,
   Frambúðir á Snæfellsnesi,
   Haukadalur í Dýrafirði,
   Haganesvík,
   Hvalneskrókur við Eystrahorn,
   Hagi á Barðaströnd.
3. Við 9. gr.
   a. Á eftir 1. málslið greinarinnar komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Enn fremur gjöld fyrir afnot annarra tækja hafnarinnar, sbr. 1. gr.
   b. Síðari hluti 3. málsgr. frá orðunum „ef þau standa á lóðum“ .... o. s. frv., falli niður.
   c. Fjórða málsgr. greinarinnar falli niður.

d. Síðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:
Öll þessi gjöld má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt sem opinber gjöld.

4. Við 15. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Reglugerðir um hafnir samkv. lögum, sem numin eru úr gildi með ákvæðum 17. gr., skulu færðar til samræmis við þessi lög innan eins árs frá gildistöku þeirra.

5. Við 17. gr. Við 6. málsgr. bætist (Hafnarlög Siglufjarðar): þó skulu ákvæði 6. gr. laganna standa áfram í fullu gildi.

Alþingi, 12. marz 1946.

Sig. Kristjánsson, form. Lúðvík Jósefsson, fundaskr., frsm. Ásg. Ásgeirsson.
Jóhann Þ. Jósefsson. Eysteinn Jónsson.

Ed. 552. Frumvarp til laga

um ræktun lax og silungs í Austfirðingafjórðungi o. fl.

Flm.: Páll Hermannsson, Lárus Jóhannesson, H. Guðmundsson, Ásmundur Sigurðsson, Ingvar Pálmason.

1. gr.

Um næstu 10 ár skal ríkissjóður greiða Fiskiræktarfélagi Fljótsdalshéraðs 30 þús. kr. á ári, eða samtals 300 þús. kr. Fé þessu skal félagið verja til að standast kostnað við ræktun lax og silungs í ám og vötnum í Austfirðingafjórðungi samkv. nánari fyrirmælum í reglugerð.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra lætur taka leigunámi um 15 ára skeið veiðiréttindi í Hofsá, Vesturdalsá og Selá í Vopnafirði og þverám þeim, er í þær falla. Skal ríkisstjórnin láta framkvæma leigunámið á þessu ári og afhendir síðan Fiskiræktarfélagi Fljótsdalshéraðs leiguréttindin án endurgjalds. Um framkvæmd leigunámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 1917.

Ríkissjóður ber allan kostnað, er leiðir af leigunáminu, matskostnað og bætur til veiðieigenda.

3. gr.

Fiskiræktarfélagi Fljótsdalshéraðs er heimilt að útrýma sel við ós Lagarfljóts og Jökulsár og við ósa veiðiánna í Vopnafirði. Þá er í það verk verður ráðizt, skal ríkissjóður bera allan kostnað við það starf, svo og greiða allar bætur, er greiða þarf, fyrir missi selveiðinytja.

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið í samráði við fiskiræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, og hefur hann að mestu samið greinargerðina. Veiðimálanefnd hefur athugað frv., og mun hún senda álit um málið, þótt eigi hafi það borizt enn.

Af öllum héruðum landsins er Austfirðingafjórðungur einna verst á vegi staddur um lax- og göngusilungsveiði, og þó eru að mörgu leyti góð skilyrði til að framfleyta þar nytjafiskum. Að vísu hefur verið nokkur laxveiði í Vopnafjarðaránum og er enn. Í Lagarfljóti var fyrr meir nokkur laxveiði fyrir neðan foss, en sú veiði hefur lítil verið síðan um aldamót og er nú engin. Í Jökulsá hefur lítillega gengið bæði lax og göngusilungur, eins og nafnið á Laxá hjá Fossvöllum bendir til, enda veiðist þar enn þá einn—tveir laxar eða svo á ári.

Tvær eru meginástæður þess að hið mikla vatnahverfi Lagarfljóts er svo að segja fiskilaust, og þær eru: Selurinn við ósa þess og Lagarfossinn.

Árið 1925 ferðaðist austurrískur vatnafiskfræðingur, dr. Reinsch, um vatnahverfi Lagarfljóts. Leizt honum mjög vel á öll fiskiræktunarskilyrði þar og lagði til, að gerður væri fiskvegur í Lagarfoss. Eftir hans ráðum og teikningum var svo gerður fiskvegur í fossinn 1932.

Nokkru síðar stofnuðu Héraðsbúar með sér fiskræktunarfélag í þeim tilgangi að fylgja eftir byrjunarverkinu, sem hér var fiskvegurinn, svo sem að flytja laxseiði og gera annað það, er til framdráttar mætti verða fiskræktun í vatnahverfi Lagarfljóts. En hér komu miklir erfiðleikar fljótlega í ljós. Laxaseiðin var ekki annars staðar að fá en í klakstöðinni við Elliðaár hjá Reykjavík. Flutningur laxaseiða alla þessa leið er fyrst og fremst ákaflega dýr og svo hættulegur lífi seiðanna, að telja má frágangssök öðruvísi en í flugvél. Félagið gerði þó nokkrar tilraunir með flutning seiða þessa leið, en ýmist fórust þau flest eða þau lömuðust svo, að við litlum árangri var að búast.

Þó var önnur hindrun og ekki betri á vegi fiskræktunarstarfsemi félagsins, en það var selurinn við ósa Lagarfljóts og Jökulsár. Slík ógrynni af sel eru hvergi við árósa hér á landi. Til þess að ráðast á hann, skorti félagið bæði fé og heimild. En að klekja út laxi í kjaftinum á selnum er vægast sagt óþarfa fyrirhöfn.

Í þriðja lagi var svo fiskvegurinn upp yfir fossinum ekki góður. Að vísu er hann gengur fiskum, þegar vatn í fljótinu er meðallag og þar fyrir neðan, en hann er ekki fær fiski, þegar vatn er mikið í því. Þá er enn nokkur hætta á, að fiskurinn finni ekki veginn. En það er hið þýðingarmesta atriði við fiskvegagerð að finna þann stað neðan við fossinn, sem gera á fiskgengan, er mest af fiskinum muni safnast að; þar á fiskvegurinn að byrja.

Nú hefur Fiskiræktarfélagi Fljótsdalshéraðs borizt tilboð um ræktun vatna í Austfirðingafjórðungi frá nokkrum áhugasömum laxveiðamönnum í Reykjavík. Samkvæmt því tilboði bjóða þeir að gera stórfellda tilraun um fiskirækt á umræddu svæði. Áhugamenn þeir, er tilboðið gera, eru: Sigbjörn Ármann kaupmaður, Friðrik Þorsteinsson húsgagnasmíðameistari, Marteinn Einarsson kaupmaður, Kristján Sólmundsson stangaviðgerðarmaður, Guðmundur Einarsson frá Miðdal, Ósvaldur Knudsen málarameistari. Drög að fyrirætlunum þeirra og áætlunum eru prentuð hér á eftir sem fylgiskjal.

Aðalfundur Fiskiræktarfélags Fljótsdalshéraðs, sem haldinn var að Egilsstöðum á Völlum hinn 10. nóv. s. l., samþykkti að taka samningstilboði þessara manna, ef frá ríkinu fengjust fjárframlög og önnur aðstoð, er gerði félaginu kleift að standa við samninginn. Hefur fiskiræktarfélagið snúið sér til alþingismanna af Austurlandi og heitið á þá að beita sér fyrir lagasetningu, er að þessu miðaði.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þar er mælt svo fyrir, að ríkissjóður leggi fram 30 þúsund kr. á ári í næstu 10 ár, er varið verði til fiskiræktar á Austurlandi. Er ráðherra ætlað að gefa með reglugerð nánari fyrirmæli til tryggingar því, að fé þessu verði varið svo sem gert er ráð fyrir í greininni. Fljótt á litið kann það að sýnast ásælni við ríkissjóðinn, að íbúum heima er ekki ætlað að leggja fram fé á móti framlagi ríkisins. Tvennu er sérstaklega til þessa að svara:

1. Á þessu svæði er engin teljandi veiði nú, og eigendur ánna hafa þeirra engar nytjar í næstu 15 ár. Þarna er ekki verið að auka við veiði, sem fyrir er og gefur sérstakar tekjur. Þarna á að gerast nýsköpun, — skapa mikla veiði þar, sem engin veiði var áður.
2. Laxveiðimennirnir gera ráð fyrir því í áætlun sinni, að eftir 15 ár, þá er samningstími þeirra er á enda, hafi þeir tapað á samningnum 134500 kr., án þess að telja þar með vaxtatap. Þó telja kunnáttumenn, að útgjöldin séu lágt áætluð. Þarna er því veruleg upphæð á móti framlagi ríkisins. Gæti jafnvel svo farið, að þetta framlag yrði meira en gert er ráð fyrir.

Verði tapið hins vegar minna, stafar það varla af öðru en því, að tekjur af veiði í ánum síðustu árin verði meiri en veiðimennirnir áætla. Væri það hin ákjósanlegasta niðurstaða. Bezt væri því, að þeir græddu á samningnum. Því meiri og betri sem veiðin verður, þá er samningstíminn er á enda, því meira fæst fyrir framlag ríkissjóðsins, því öruggari verða umbæturnar á högum þeirra, er sérstaklega eiga að njóta veiðinnar, þá er fram líða stundir, og á þann hátt verður endurgreiðslan til ríkissjóðs vissust. Þá gerist það, sem þó er talið sjaldgæft, að þeir sem viðskipti eiga saman, græða allir.

Um 2. gr.

Undirstaðan undir fyrirhugaðar fiskiræktarframkvæmdir í Austfirðingafjórðungi er fyrst og fremst klak í stórum stíl. En til þess að það geti orðið, verða þeir, er framkvæma verkið, að hafa óbrigðul umráð yfir á eða ám, sem í er það mikill lax, að nægir til klakfiskveiði, án þess að gengið sé á stofn. Í þessu skyni er fyrirhugað að taka Vopnafjarðarárnar leigunámi, með því sjálfsagða ákvæði, að fiskstofn þeirra fari jafnt og stöðugt vaxandi. Þessar ár eru þær einu, sem liggja það nærri vatnahverfi Lagarfljóts og Austfjarðaánna, að hægt er að flytja laxaseiði þaðan á bílum. Allmargir veiðieigendur í Vopnafirði hafa tekið vel í málaleitun þessa, leignámi viðkomandi. Enda eiga þeir ekki að bíða neitt fjárhagstjón við það, og ánum á að skila fullum af fiski eftir 15 ár.

Um 3. gr.

Um eyðingu selsins þarf ekki margt að segja. Laxrækt og selveiði geta ekki þrifizt saman, fremur en lömb og refir í sömu girðingu.

Til frekari skýringa eru prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl:

I. Afrit af bréfi fiskiræktarráðunautar til veiðimálanefndar.
II. Meginskilyrði í sambandi við fiskiræktaráform í Héraði og í Vopnafirði, svo og lausleg áætlun um tekjur og gjöld þeirrar starfsemi.
III. Skýrsla um lax- og silungsveiði í Vopnafjarðaránum árin 1929—1942.
IV. Upplýsingar um selveiði í Vopnafjarðar- og Tunguhreppi í Norður-Múlasýslu árin 1924—1944.

Fylgiskjal I.

Afrit af bréfi fiskiræktarráðunautar.

Með símtali 2. júlí ákvað búnaðarmálastjóri eftir ósk veiðimálanefndar, að ég skyldi fara austur að Egilsstöðum og vera þar á fundi með stjórn fiskræktar- og veiðifélags Fljótsdalshéraðs ásamt félagi nokkurra laxveiðimanna úr Reykjavík. Fór ég því af stað daginn eftir. Hugmynd þessara aðila er, að félag laxveiðimanna geri stórfellda tilraun, er standi 15 ár, með ræktun fiskjar í vatnahverfi Lagarfljóts. Er þetta umfangsmikið verk, er byggist fyrst og fremst á flutningi laxaseiða í vatnahverfi í stórum stíl svo og eyðingu selsins og fiskvegagerð. Er þetta allt allglöggglega útfært og áætlað.

Að loknum fundi á Egilsstöðum varð það að ráði, að ég færi til Vopnafjarðar í þeim erindum að tala við bændur þar um leigu á ánum (því í þeim er nokkur lax-

reytingur), með það fyrir augum að hafa þær til stofnfiskiveiða og reisa þar klakhús fyrir allt að 2 millj. hrogna.

8. júlí fór ég til Vopnafjarðar og ferðaðist milli stærstu veiðieigenda og áhrifamanna til að leita hófanna um leigu á ánum í áður umtöluðum tilgangi.

Vopnafjarðarárnar 3, Hofsá, Vesturdalsá og Selá, eru allar með nokkrum laxreytingi, en fiskræktar- og veiðifélag hefur enn ekki tekizt að stofna þar.

Undirtektir veiðieigenda voru mjög góðar og skilningur á þeirri þýðingu, sem slík stórfelld fiskræktartilraun gæti haft fyrir Austfirðingafjórðung. En þar sem enginn félagsskapur er við árnar, og þeir töldu fremur litlar líkur fyrir, að hægt mundi að svo stöddu að koma slíkum félagsskap á, þá töldu þeir allir, sem ég talaði við, að einum undanskildum, langheppilegast og einfaldast, að árnar yrðu teknar leigunámi með lögum, og væri langt frá að slíkt væri móðgun við þá, heldur samkvæmt ósk þeirra og vilja.

Ef eitthvað skyldi verða af framkvæmdum í þessum efnum, þá athugaði ég í þessari ferð stað fyrir stórt klakhús, þar sem svo hagaði til, að hægt væri að hafa bæði lind og lækjarvatn í húsinu eftir vild. Þessi staður er skammt fyrir utan Ljótsstaði við Vesturdalsána, enda er hún bezta klakáin af Vopnafjarðaránum.

Ég tel að ýmsu leyti vel farið, að félag þessara laxveiðimanna hefjist handa um ræktun þessa mikla vatnahverfis. Það hefur dregizt í síðastliðin 10—12 ár að gera slíka stórfellda tilraun og hætt við, að það dragist nokkuð enn, ef ekki nýtur við hins vakandi áhuga veiðimanna.

Hellulandi, 15. júlí 1945.

Ólafur Sigurðsson.

Til veiðimálanefndar, c/o Búnaðarfélag Íslands, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Meginskilyrði í sambandi við fiskiræktunaráform á Héraði og í Vopnafirði.

1. Þegar á næsta sumri fari fram ýtarleg rannsókn á þverám Lagarfljóts á því, er máli skiptir með tilliti til uppeldisskilyrða seiða, sem í þessar ár yrðu sett.
2. Fullur umráðaréttur til ræktunar og veiði í fimmtán ár yfir Lagarfljóti og þverám þess, svo og Vopnafjarðaránum, Hofsá, Vesturdalsá og Selá, ásamt þeim ám, er í þær renna. — Afhentar okkur að kostnaðarlausu.
3. Réttur til mannvirkja (klakhúsa) og annarra framkvæmda í sambandi við ræktunarstarfið á landsvæðum, er þessum vatnasvæðum fylgja, eftir því sem nauðsyn krefur.
4. Ríki og sýsla (annaðhvort eða bæði) leggi fram árlega í tíu ár kr. 30000.00 til framdráttar þessu máli, og enn fremur hlutist til um og beri kostnað af útrýmingu á selum við ósa Lagarfljóts og jökulsár ásamt ósum Vopnafjarðaránna. Mest áherzla sé lögð á fyrstu sex árin um útrýmingu á selnum.
5. Þótt ekki sé sett sem skilyrði, teljum við æskilegt til öryggis þessu málefni, ef fært þætti með nútíma tækni að breyta útrennsli Lagarfljóts þannig, að það félli í sinn gamla farveg að nýju.

Sé framangreindum skilyrðum fullnægt, tökumst við á hendur að framkvæma og bera kostnað af:

1. Gera nýjan fiskveg í Lagarfoss.
   Gera fiskveg í Grímsárfoss.
   Gera fiskveg í Selárfoss.
   Lagfæra þar, sem þess gerist þörf, smærri fyrirstöður í þverám Lagarfljóts.

2. Leggja til 1500000 laxaseiði á ári í fimmtán ár:
   a. Með því að byggja klakhús við Vesturdalsá í Vopnafirði (og ef til vill víðar), sem rúmi að minnsta kosti framangreindan fjölda seiða, og klekja út, er fært þykir, því magni, er húsið eða húsin rúma.
   b. Með því að afla laxaseiða á annan hátt.
3. Enn fremur allan kostnað, er af starfi þessu leiðir, svo sem vörzlu, flutning laxa og seiða o. s. frv.
4. Að loknu framangreindu tímabili gangi klakhús og önnur verðmæti í sambandi við það til vatnasvæðanna.

Lausleg kostnaðaráætlun.

1000000 seiði árlega á 20 kr. þús. = kr. 20000.00 á ári. — Í 15 ár		kr. 300000.00
500000 seiði árlega á 10 kr. þús. = kr. 5000.00 á ári. — Í 15 ár		— 75000.00
Fiskvegir og aðrar umbætur		— 60000.00
Flutningur á seiðum	kr. 2000.00	
Varzla	— 6500.00	
Umsjón, ferðalög o. fl.	— 3000.00	
Kr. 11500 árlega. — Í 15 ár		— 172000.00
Kostnaður samtals		kr. 607500.00

Árlegar tekjur af Vopnafjarðaránum fyrstu 6 árin kr. 2500.00. — Í 6 ár	kr. 15000.00
— — — —— seinni 9 árin kr. 12000.00. Í 9 ár	— 108000.00
— — — þverám Lagarfljóts síðustu 5 árin kr. 10000.00. Í 5 ár	— 50000.00
Ríkis- og héraðsframlag í 10 ár, kr. 30000.00 á ári	— 300000.00
Tekjur samtals	kr. 473000.00
Mismunur	— 134500.00
	Kr. 607500.00

Á 6 menn á ári tæpar	kr. 9000.00
Á hvern mann á ári tæpar	— 1500.00

Fylgiskjal III.

Skýrsla um lax- og silungsveiði í Selá, Vesturdalsá og Hofsá í Vopnafjarðarhreppi árin 1929—1942, samkvæmt hreppaskilabók.

	LAXAR			Lax í ánum	SILUNGAR		
Ár	Selá	Vesturdalsá	Hofsá	samtals	Selá	Vesturdalsá	Hofsá
1929	20	158	74	252	0	1580	1450
1930	25	165	66	256	0	1600	1200
1931	6	65	21	92	200	500	530
1932	10	90	18	118	300	1040	670
1933	11	56	4	71	170	440	100
1934	14	92	0	106	110	440	0
1935	18	222	16	256	110	260	30
1936	104	257	0	361	0	385	0
1937	210	186	100	576	80	165	290
1938	0	170	108	278	0	0	160
1939	100	164	129	393	0	920	120
1940	45	22	113	180	0	220	370
1941	0	26	90	116	0	480	180
1942	0	48	50	98	0	280	90
Samtals	563	1721	789	3073	970	8310	5190

Fylgiskjal IV.

Samkvæmt hlunnindaskýrslum hefur tala fullorðinna sela og kópa, sem veiðzt hafa í Vopnafjarðar- og Tunguhreppi í N.-Múlasýslu 1924—44, verið sem hér greinir:

Ár	Vopnafjörður		Tunguhreppur	
	Fullorðnir	Kópar	Fullorðnir	Kópar
1924	4	25	20	140
1925	6	30	20	140
1926	8	50	—	—
1927	9	52	14	300
1928	2	35	30	300
1929	–	15	30	320
1930	–	30	10	196
1931	–	30	10	196
1932	11	20	8	160
1933	6	20	10	160
1934	6	16	15	170
1935	3	19	30	210
1936	2	24	40	200
1937	7	7	20	280
1938	3	26	40	220
1939	–	12	10	240
1940	–	9	20	190
1941	–	12	20	180
1942	–	24	36	160
1943	–	21	10	150
1944	3	9	—	180

Nd. 553. Frumvarp til laga

um dósentsembætti í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu í heimspekideild Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Við heimspekideild Háskóla Íslands skal vera dósentsembætti í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. ágúst 1941 var Björn Guðfinnsson dr. phil. settur lektor í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu við heimspekideild Háskóla Íslands. Í setningarbréfinu ákvað kennslumálaráðherra, að launakjör hans skyldu vera hin sömu og dósentar við háskólann hefðu. Starf þetta hefur ekki enn verið lögtekið. Frv. fer fram á, að svo verði.

Nd. 554. Frumvarp til laga

um lögreglustjóra í Búðahreppi í Fáskrúðsfirði og á Dalvík.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Búðahrepps, lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Búðahreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

Þegar skipting Svarfaðardalshrepps hefur farið fram, skipar ríkisstjórnin, að fengnum tillögum Dalvíkurhrepps, lögfræðing til þess að hafa á hendi þau störf í þeim hreppi, er um getur í fyrri málsgrein þessarar greinar, og nefnist hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjórum þeim, er ræðir um í 1. gr., er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita, hvorum í sínum hreppi, og þar með innheimtu allra hreppsgjalda.

3. gr.

Embættismenn þessir taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Hafi þeir á hendi oddvitastörf samkv. 2. gr., fá þeir að auk laun þau úr sveitarsjóði samkv. samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfssvið embættismanna þessara skulu settar með reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Búðahrepps og sýslumannsins í Suður-Múlasýslu að því er tekur til lögreglustjórans í Búðahreppi, en hreppsnefndar Dalvíkurhrepps og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu að því er varðar lögreglustjórann á Dalvík.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 555. Breytingartillaga

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 4. gr. Þriðja málsgrein orðist svo:
   Kvenfélagasamband hlutaðeigandi kaupstaðar eða sýslu eða kvenfélag, ef slíkt samband er ekki starfandi, sem hefur húsmæðrafræðslu á stefnuskrá sinni, kýs jafnmarga menn til sama tíma. Ef þessir aðilar nota ekki rétt sinn að kjósa í nefndina, kjósa hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir tvöfalt fleiri en gert er ráð fyrir í annarri málsgrein þessarar greinar.
2. Við 7. gr. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
   Við heimavistarskóla teljast íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks, sem í skólanum býr, til skólahúsnæðis ....
3. Við 10. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Kennsla er veitt ókeypis, en heimavistarnemendur greiða ...

Ed. 556. Nefndarálit

um frv. til l. um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta var upphaflega samið af milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum og var þá ætlað að ná aðeins yfir hafnarmannvirki í Njarðvíkurhreppi, en vegna þess að þegar hefur verið hafizt handa um byggingu hafnarmannvirkja í Keflavík, þótti rétt að sameina þessa tvo staði, sem liggja svo nærri hvor öðrum, í eina höfn. Miðast þær breytingar, sem neðri deild gerði á frv. milliþinganefndarinnar, einungis við það, að þessi sameining verði gerð. Að öðru leyti er frv. samið á svipaðan hátt og venjuleg hafnarlög, þar sem sveitar- eða bæjarfélag er eigandi hafnarmannvirkjanna, sem ríkissjóður þó styrkir, sumpart með beinu fjárframlagi og sumpart með ábyrgðum. En með því að hér er ætlazt til, að einn aðili, þ. e. ríkissjóður, komi upp og starfræki hafnarmannvirkin, lítur nefndin svo á, að nokkrar breytingar verði að gera á frv. frá því, sem það er nú. M. a. sé nauðsynlegt að taka fram í lögunum, að jafnframt sem ríkissjóði sé gert skylt að láta gera höfnina, skuli honum og skylt að starfrækja hana á sinn kostnað. Þá þykir nefndinni og rétt, að tekið sé fram í lögunum, að hafnarmannvirkin séu byggð innan ákveðinna takmarka, þó að takmörk hafnarinnar séu að öðru leyti ákveðin með reglugerð, svo og nánari skilgreining á því, hvað telst til hafnarmannvirkjanna, svo að ekki verði um deilt, til hvers verja megi því fé, sem ríkissjóði er heimilt til að gera höfnina fyrir. Þá þykir nefndinni eðlilegt, að ríkisstjórninni sé heimilað í lögunum að taka alla upphæðina, sem áætluð er til hafnargerðarinnar, að láni, en að endurgreiðslu sé hagað þannig, að ríkissjóður greiði ⅓ af láninu, en ⅔ verði greiddir úr hafnarsjóði, sem með lögunum eru tryggðar ákveðnar tekjur til að standast rekstrarkostnað og afborganir af stofnkostnaði. Þá þykir nefndinni rétt og sjálfsagt, að sett sé í lögin heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa þau hafnarmannvirki, sem fyrir eru á hafnarsvæðinu, og öll þau lönd, sem höfnin kann að þarfnast vegna bygginga og starfrækslu, svo og þau lönd, sem að dómi ráðherra og hafnarstjórnar má ætla, að hækki í verði vegna byggingar mannvirkjanna. Komu fram í nefndinni mjög ákveðnar óskir um það að ákveða í lögunum, að eigi mætti hefja byggingu mannvirkjanna, fyrr en samningar hefðu tekizt um kaup á landi og mannvirkjum, en réttara þótti þó að heimila ráðherra frestun framkvæmda að fullu eða einhverju leyti, þar til slíkir samningar hafi tekizt. Leggur nefndin ríka áherzlu á, að hafizt sé þegar handa um samningsumleitanir um kaup á landi og mannvirkjum, að framkvæmdum hafnarmannvirkja sé frestað að svo miklu leyti sem mögulegt er, þar til viðunandi samningar hafi náðst um kaup fasteigna á grundvelli laganna.

Nefndin taldi rétt, að hafnarstjórn væri skipuð 2 mönnum samkv. tilnefningu frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, í stað þess að kjósa þá á Alþingi, en að stjórnarskipunin væri að öðru leyti óbreytt frá því, sem er í frumvarpinu. Þó vildi einn nefndarmanna (StgrA), að annar þessara manna yrði tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, og mun hann e. t. v. bera fram um það brtt.

Nefndin taldi rétt að breyta 6. gr. þannig, að tekjur hafnarinnar væru háðar sömu ákvörðun um ráðstöfun sem eignirnar. Þá taldi nefndin, að 7. gr. frv. ætti að falla niður, þar sem Alþingi eitt hefur ákvörðunarrétt um sölu og kaup ríkiseigna á hverjum tíma.

Nefndin kvaddi til sín á fund samgöngumálaráðherra, vitamálastjóra, þingmann Gullbringu- og Kjósarsýslu, formenn hafnarnefnda beggja hreppanna og lögreglustjórann í Keflavík og ræddi sameiginlega við þá alla um þessar breytingar. Voru allir aðilar fyllilega sammála um, að rétt væri að breyta frv. í þá átt, sem að ofan greinir.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður lætur gera og starfrækja á sinn kostnað hafnarmannvirki í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum innan línu, sem dregin er stytztu leið milli Vatnsness og Hákotstanga; að öðru leyti skulu takmörk hafnarinnar ákveðin í reglugerð. Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra. Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar, sem notaðar eru við byggingu hafnarinnar eða til fermingar og affermingar í höfninni, lönd, sem höfninni eru nauðsynleg vegna byggingar mannvirkjanna, starfrækslu þeirra eða annars, er nauðsynlegt má teljast fyrir fjárhagsafkomu hafnarinnar, einnig allar nauðsynlegar leiðslur, svo sem vatns- og rafmagnsleiðslur, holræsi o. fl.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 10 millj. króna, er endurgreiðist að ⅓ úr ríkissjóði og að ⅔ úr hafnarsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir af ⅔ hlutum stofnkostnaðarins, auk árlegs rekstrarkostnaðar.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs, á verði, er hann telur sanngjarnt, núverandi hafnarmannvirki í Keflavík og Njarðvíkum, svo og allt það land, er liggur að hinu fyrirhugaða hafnarsvæði og svo langt út frá því, sem hann og hafnarstjórn telja nauðsynlegt vegna rekstrar hafnarinnar, byggingar mannvirkja, efnisöflunar og hækkandi verðlags, sem beinlínis má vænta, að verði á landinu vegna byggingar mannvirkjanna. Núverandi hafnarmannvirki má þó aldrei kaupa hærra verði en sem nemur byggingarkostnaði að frádregnu framlagi ríkissjóðs.
   Heimilt er ráðherra að fresta byggingu hafnarinnar að nokkru eða öllu leyti, þar til samningar hafa tekizt um kaupin.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra án tilnefningar, og 4 meðstjórnendur, tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar Landssambands ísl. útvegsmanna og tveir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórna Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppa, sinn úr hvorum hreppi.
   Laun hafnarstjóra og þóknun til meðstjórnenda skal ákveðin af ráðherra og greiðast úr hafnarsjóði.
5. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
   Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar, sbr. 1. og 2. gr. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.
6. Við 7. gr. Greinin falli niður.
7. Við 13. gr. Orðin „annar af sveitarstjórn, en hinn“ í 2. málslið falli niður.
8. Greinatölur breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 13. marz 1946.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Ingvar Pálmason.

Steingr. Aðalsteinsson. Eiríkur Einarsson.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 18. febrúar 1946.

Fiskihöfn í Ytri-Njarðvík.

Á meðfylgjandi uppdrætti eru sýndir með fulldregnum línum tveir hafnargarðar, sem báðir til samans umlykja hafnarsvæðið milli Ytri Njarðvíkurþorps og grynningar þeirrar, sem gengur út í víkina frá suðvestri. Þessir tveir hafnargarðar eru hugsaðir sem fyrsti liður í hafnargerð í Njarðvík sérstaklega með tilliti til fiskveiða. Hugsanlegt næsta áframhald er dregið með slitnum línum, en lega þeirra mannvirkja getur að sjálfsögðu breytzt, ef viðhorfin breytast.

Aðalhafnargarðurinn, sem er bryggja um leið, liggur í framlengingu núverandi aðalbátabryggju, en hefur stefnu nokkru innar í víkina en bátabryggjan stefnir. Við þessa legu stefnir hann meira en annars undan haföldunni, sem leggur inn í norðan- og norðvestanverðum. Sjálft garðstæðið liggur ekki á verulega meira dýpi en er á svæðinu innan við hann. Ef hann lægi utar, mundi hann lenda á hliðarhalla botnsins og verða því mun dýrari og erfiðari í byggingu án þess að aðlegudýpið við hann ykist sem því svaraði.

Ráðgert er, að innkantur garðsins verði hlaðinn úr steyptum steinum, og er það mjög mikið sparnaðaratriði miðað við að gera kantinn úr kössum, sem fleytt væri á staðinn. Að öðru leyti er garðurinn gerður úr grjótfyllingu, steyptum fláa, skjólvegg og steyptri þekju.

Suðurgarðurinn er, eins og áður er sagt, hugsaður að liggja eftir grynningunni, sem gengur út í víkina frá suðvestri. Hlutverk hans er að verja höfnina fyrir vindöldu í sunnan áttum og skapa kyrrð gegn ylgju, sem leggur inn í víkina í hafáttum. Þótt þessi garður sé langur, er hann ekki dýr, því að hann er ekki útsettur fyrir brimi, liggur nær allur á mjög grunnu vatni og ekki gerður til þess að leggjast upp að.

Svæðið innan þessara garða hefur ca. fjóra hektara með dýpi eins og er í Reykjavíkurhöfn og allt að 6 hektara með dýpi 2—5 m. Með stærri bátabryggjunni, sem dregin er með slitnum línum, mundu fjögur flutningaskip geta lagzt að hafnarbakka í einu, og með nægum löndunartækjum á öllum bryggjum má afgreiða það stóran fiskibátaflota, að með hliðsjón af þeirri stækkun á höfnum og fjölgun á bátum, sem verið er að gera annars staðar við Faxaflóa, þá getur þessi litla hafnarkví, fullútbyggð, rúmað og afgreitt það marga fiskibáta, að óvíst er, að nærtæk mið hafi gott af meiru. En hvernig sem kröfur til hafnar kunna að verða á þessum stað í framtíðinni, þá eru þarna að heita má þrotlaus vaxtarskilyrði með grunnu eða djúpu vatni eftir þörfum.

Kostnaðaráætlun.

Aðalhafnargarður með bryggju. Á fyrstu 315 m 15 m breiður, á næstu 100 m 8 m breiður		kr. 7400000.00
Suðurgarður 530 m langur með grjótfláa beggja megin		— 1300000.00
....	Alls	kr. 8700000.00

Axel Sveinsson.

Ed. 557. Nefndarálit

um frv. til laga um iðnskóla í sveitum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á fjórum fundum. Leitaði hún umsagnar Teiknistofu landbúnaðarins og stjórnar Landssambands iðnaðarmanna, og eru umsagnirnar birtar hér sem fylgiskjal I. og II.

Teiknistofan mælir eindregið með því, að frv. verði samþykkt, og telur það vera fram komið af ríkri nauðsyn. Stjórn Landssambandsins er og sammála flm. um það, að ástandið í byggingarmálum sveitanna sé óviðunandi og að sennilega sé opinber skóli eina ráðið, er að gagni megi verða til að bæta úr þeim skorti á kunnáttumönnum, sem hér eigi sér stað, og vill hún því fyrir sitt leyti mæla með þeirri grundvallarhugmynd, sem frv. byggist á, en gerir hins vegar nokkrar tillögur til breytinga á einstökum greinum frv. Bendir m. a. á, að skólinn yrði samkv. frv. mikið bákn, og leggur því til, að nemendafjöldinn sé færður niður um helming.

Þrátt fyrir meðmæli þessara aðila um að samþykkja frv. gat nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. (PHerm) vildi leggja til, að frv. yrði samþykkt með litlum breytingum, og skilar hann því séráliti. En þetta gat meiri hl. ekki fallizt á, af þeim ástæðum, er hér skal greina.

Grundvallarhugmyndin, sem frv. byggist á, er sú, að sveitum skuli séð fyrir lakari kunnáttumönnum í byggingarmálum en öðrum landshlutum, og að sú iðnfræðsla, sem þessum lægri iðnaðarmannaflokki er ætluð, skuli látin fara fram í ríkisskóla.

Þótt nú stjórn L. I. geti fellt sig við þessa tilhögun, sbr. bréf stjórnarinnar, þá lítur meiri hl. nefndarinnar svo á, að hér sé engan veginn stefnt að réttu marki. Meiri hl. n. telur, að stefna beri ótrautt að því, að sveitirnar verði engar hornrekur í byggingariðnaði eða þurfi að verða dæmdar til að nota hálflærða eða lítt lærða menn til byggingar mannvirkja. Húsakosturinn í sveitunum verður hvorki ódýrari né traustari á þann hátt að byggja hann undir stjórn vankunnáttumanna, eins og hér er stefnt að með þessu frv. Verði hins vegar húsabyggingum í sveitum beint inn á þá braut, sem gert er ráð fyrir í l. nr. 7 frá 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og til þess ber brýna nauðsyn, má vænta þess, að ekki einasta verði þessi verk falin fulllærðum iðnaðarmönnum, heldur verði þá og notaðar hraðvirkar og hentugar vélar við húsagerðirnar.

Hitt atriðið, hvort réttara sé að kenna iðnnemum verklegt nám í ríkisskólum eða eins og verið hefur, að láta þá nema hjá iðnmeisturum, vill meiri hl. n. ekki á þessu stigi taka afstöðu til, en hitt er ljóst, að þyki það rétt að breyta þannig nú til um kennsluaðferð, þá er tvennt nauðsynlegt, annað að rugla ekki saman alveg óskyldum iðngreinum, eins og gert er í frv., svo að enginn eða lítill árangur náist í nokkurri grein, og svo hitt, að ætla slíkum skóla stað, þar sem auðvelt er um alla flutninga á efni, sem notað yrði við kennslu, og jafnframt mestur markaður fyrir þá hluti, sem smíðaðir væru í slíkum skóla. Þarf slík gerbylting á fræðslukerfinu að fá miklu betri undirbúning en sjáanlegt er, að frv. hafi fengið. Það stingur líka nokkuð í stúf, að stjórn L. I. skuli mæla með slíkri byltingu á iðnfræðslu á sama tíma sem hún sækir mjög fast, að frv., sem hún hefur átt mestan þátt í að fá samið og fer alveg gagnstæðar leiðir í iðnfræðslu, verði sem fyrst að lögum.

Meðan eftirspurnin eftir vinnuafli og þá sérstaklega eftir byggingarfróðum mönnum er svo mikil í landinu sem raun ber vitni um, er alveg nauðsynlegt, að gerðar séu sérstakar ráðstafanir til úrbóta. Þær úrbætur, sem líklegastar væru til að koma að sem beztum og skjótustum notum, er að auka vélakostinn við allar framkvæmdir og einnig við húsagerðir og að skipuleggja framkvæmdirnar með vel menntuðum iðnfræðingum, alveg gagnstætt því, sem að er stefnt í frv. Mætti þá jafnt í sveitum sem kaupstöðum nota ákveðinn hluta manna við slíkar framkvæmdir, þótt þeir hafi ekki fengið fulla iðnfræðslu, ef þeir væru undir stjórn fulllærðra manna. Væri því mjög mikil bót að því, að sem flestir þeirra manna, sem í sveitum búa, ættu aðgang að stofnun, þar sem þeir gætu fengið tilsögn í verklegri iðnfræðslu, bæði til þess að verða almennt verklagnari menn og jafnframt til þess að fá tækifæri til að sannprófa iðnaðarhæfileika, sem með þeim kynnu að búa og ekki kæmu fram á annan hátt. Vísi að þessari starfsemi hefur verið komið upp í sveitum við héraðsskólana, m. a. á Laugum, og borið ágætan árangur, og í kaupstöðum við

gagnfræðaskóla, unglingaskóla og þó einkum handíðaskólann. Þarf hér fleira að koma til en húsagerð og húsgagna, svo sem véltækni, meðferð alls konar búvéla og viðhald þeirra. Samkv. l. nr. 51 19. maí 1930, um bændaskóla, ber að kenna í báðum deildum: Handavinnu (smíðar), steinsteypugerð, söng, leikfimi, íþróttir og dráttlist, — og virðast námsgreinar þessar vera mjög hliðstæðar því, er kenna á í iðnskóla sveitanna. Þykir því eðlilegra, að búnaðarskólarnir verði bættir svo, að þeir geti starfað svo sem lög mæla fyrir um, en að svo er ekki, stafar af ónógu framlagi til skólanna — heldur en að stofna til nýs skólabákns, sem mundi kosta miklu meira fé en að koma á sams konar kennslu í bændaskólunum, eins og gert er ráð fyrir í lögum um þá. Vill meiri hl. n. því eindregið mæla með því, að í stað þess að setja á stofn skóla þann, sem frv. þetta mælir fyrir um, verði horfið að því að endurbæta bændaskólana, svo að þeir geti veitt þá iðnfræðslu, sem þeim í upphafi var fyrirhuguð, og leggur því til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti nú þegar gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að tekin verði upp iðnfræðsla í bændaskólum landsins, svo sem fyrir er mælt í l. nr. 51 19. maí 1930, um bændaskóla, og verði sérstaklega lögð áherzla á, að hægt sé að kenna þar hirðingu og meðferð allra búvéla og viðhald þeirra, svo og húsa og húsgagnagerð, eftir því sem við verður komið, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. marz 1946.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson.

Fylgiskjal I.

TEIKNISTOFA LANDBÚNAÐARINS

Reykjavík, 19. des. 1945.

Ég undirritaður hef kynnt mér frumvarp til laga um iðnskóla í sveitum samkvæmt beiðni háttvirtrar iðnaðarnefndar. Ég álít, að frumvarp þetta sé komið fram af ríkri nauðsyn og sé mjög mikilsvert, að það verði að lögum sem allra fyrst. Í frv. virðist tekið fram allt það helzta, sem máli skiptir, og vil ég því eindregið mæla með því eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst

Þórir Baldvinsson.

Til iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

LANDSSAMBAND IÐNAÐARMANNA

Reykjavík, 7. febr. 1946.

Háttvirt iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis hefur óskað umsagnar Landssambands iðnaðarmanna um frumvarp til laga um iðnskóla í sveitum, og viljum vér þar um leyfa oss að taka eftirfarandi fram:

Stjórn Sambandsins er sammála flutningsmanni frumvarpsins um það, að það er langt frá því, að ástandið í byggingarmálum sveitanna sé viðunandi, og að því valdi að miklu leyti þekkingarleysi á þessu sviði og skortur kunnáttumanna til þess að sjá um smíði sæmilegra húsa. Rétt er þó í því sambandi að benda á, að löggjafinn hefur ekki hingað til viljað ætla sveitunum kunnáttumenn á þessu sviði, og að skortur kunnáttumanna stafar af því.

Ráðstafana til úrbóta í þessum efnum er því þörf, og sennilegt, að opinber skóli verði eina ráðið, er að gagni kemur, enda séu kennarar skólans fulllærðir iðnaðarmenn.

Stjórnin vill því fyrir sitt leyti mæla með þeirri grundvallarhugmynd, sem frumvarpið byggist á, en leyfir sér jafnframt að gera við frv. eftirfarandi athugasemdir:

1. Við 1. gr. og 5. gr. Rétt þykir að benda á, að verkstæði, sem rúmar 100 manns að vinnu við trésmíðar (glugga, hurðir, skápa og önnur húsgögn), ásamt geymslum fyrir efni og smíðisgripi, skólastofur, heimavistir og íbúðir kennara, er feiknamikið bákn, og virðist enda óþarflega stórt. Samkvæmt frv. virðist nemendum skólans ætlað að hafa smíðarnar að aðalatvinnu, og ætti þá að nægja til að byrja með, að skólinn rúmaði aðeins helming þess fjölda, sem í frv. er nefndur, enda viðráðanlegra að öllu leyti.
2. Við 3. gr. Í frv. er hvergi talað um, að skólinn veiti ákveðin réttindi, enda getur hann það ekki. Þar sem í 3. gr. er talað um að veita réttindi, mun því vera á misskilningi byggt. Hitt virðist sjálfsagt, að skólinn láti þeim, sem lokið hafa námi og hæfir teljast, í té burtfararskírteini, og mun það vera það, sem í greininni er nefnt réttindi.
3. Við 4. gr. Í frumvörpum milliþinganefndar í skólamálum er gert ráð fyrir, að tveggja ára framhaldsnám, miðskólapróf, veiti aðgang að iðnskólum og öðrum framhaldsskólum. Virðist rétt, að sömu kröfur verði gerðar við þennan skóla í byrjun.
4. Við 6. gr. Sú fræðigrein, sem smiðir og aðrir iðnaðarmenn reka sig oftast á að þá vanti kunnáttu í, er reikningur, en hann á alls ekki að kenna í skólanum. Kennsla í **iðnsögu** er hégómi, og vér teljum miklu meiri þörf á að kenna í skólanum reikning og undirstöðuatriði **efnafræði** sem undirbúning undir nám í **efnisfræði.**
5. Við 7. gr. Húsasmiðum er ætlað að læra húsasmíði, múrsmíði, rafmagnslagnir, pípulagningar, málningu og veggfóðrun á 2 árum og samt að vera eins færir í hverri grein og þeir, sem læra í kaupstöðum í 4 ár eina iðn (sbr. 7. lið í greinargerð). Hvað sem því líður, þá vildum vér benda á, að rafmagnslagnir eru svo veigamiklar og varasamar lagnir, að hæpið sé fyrir ríkisvaldið að kenna „fúsk“ í því, jafnvel þótt á sveitabýlum sé.

Um greinargerðina skulum vér láta nægja að benda á mótsagnirnar í 3., 6. og 7. lið, og að það er ekki rétt, að frumvarpið geri ráð fyrir meiri kunnáttukröfum til inngöngu í skólann en nú er til inngöngu í iðnskóla.

Virðingarfyllst

F. h. Landssambands iðnaðarmanna
Helgi H. Eiríksson.

Guðm. H. Þorlaksson.

Til iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

Sþ. 558. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1942.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur borið frumvarpið saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1942 og við athuganir og álit yfirskoðunarmanna á þeim reikningi. Leggur nefndin til, að

frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að leiðrétt verði prentvilla, er veldur 100 kr. skekkju í 6. gr. 8. a. 1.

Alþingi, 13. marz 1946.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Sig. Kristjánsson, frsm.
Steingr. Aðalsteinsson.	Þórður Benediktsson.	B. Kristjánsson.
Skúli Guðmundsson.	Pétur Ottesen.	Helgi Jónasson.

Ed. 559. Nefndarálit

um frv. til laga um lántökuheimild til handa Síldarverksmiðjum ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er flutt af sjávarútvegsnefnd neðri deildar, fyrir tilmæli atvinnumálaráðherra, og hefur náð samþykki neðri deildar án nokkurra breytinga.

Með því að hér er um að ræða eðlilega útþenslu ríkisfyrirtækis, sem er fjárhagslega öruggt, telur nefndin sjálfsagt, að umbeðin lántökuheimild og ríkisábyrgð verði veitt, og mælir því með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. marz 1946.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson, frsm.
	Ingvar Pálmason.	Eiríkur Einarsson.

Nd. 560. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1.	Nr. 20 í 15. kafla falli niður.			
2.	Nr. 21 í 27. kafla falli niður.			
3.	Nr. 30 í 28. kafla orðist svo:			
	30 — saltpétur (kalíumnítrat)	1 kg	2	8
4.	Nr. 60a í 28. kafla orðist svo:			
	60a Ester, etur og keton, sem notuð eru til upplausnar og mýkingar og talin eru í skrá, staðfestri af fjármálaráðherra, einnig cyclohexan	—	7	8
5.	Í stað nr. 12 í 30. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi:			
	Bronslitir, ót. a.:			
	12 — duft	—	7	8
	12a— aðrir	—	7	20
6.	Í stað nr. 7—11 í 39. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	Hjólbarðar og slöngur á ökutæki:			
	7 — á bifreiðar og bifhjól	—	7	10
	8 — á önnur farartæki	—	7	10

		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
7.	Nr. 4 í 40. kafla orðist svo:			
	4 — — þilfarsplankar ófasaðir og fasaðir úr oregonpine og pitchpine 3×5″ eða stærri .. tollfrjálsir.			
8.	Nr. 33 í 44. kafla falli niður.			
9.	Nr. 20a í 45. kafla falli niður.			
10.	Nr. 5 í 58. kafla orðist svo:			
	5 Granít- og marmaraplötur, sléttar eða slípaðar	—	7	30
	Aths. Ef þessar steintegundir eru einungis slípaðar á einni hlið og að öðru leyti aðeins sagaðar eða tilhöggnar, er heimilt að færa verðtollinn niður í 15%.			
11.	Nr. 17 í 60. kafla falli niður.			
12.	Nr. 19 í 60. kafla orðist svo:			
	19 — annað	—	7	10
13.	Nr. 20 í 77. kafla orðist svo:			
	20 — aðrir hitamælar, ót. a.	—	7	8
14.	Í stað nr. 8 og 9 í 82. kafla komi tveir nýir liðir, svo hljóðandi:			
	Tilbúin, mótanleg efni, búin til úr kaseini, gelatini, sterkju, fenólum, þvagefni, ftalsýru, efnum leiddum af sellulósa, og önnur þess konar mótanleg efni, ót. a.:			
	8 — í plötum og stöngum	—	7	15
	8a— fatnaður, nema skófatnaður	—	7	40
	9 — aðrar vörur, ót. a.	—	7	30

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrsta málsgrein falli niður.
2. Í stað orðanna „Enn fremur er fjármálaráðuneytinu heimilt“ í upphafi 2. málsgr. komi: Fjármálaráðuneytinu er heimilt.
3. h-liður 3. gr. orðist svo:
   h. Að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum hampgarn til veiðarfæragerðar.
4. Á eftir h-lið greinarinnar komi þrír nýir stafliðir, svo hljóðandi:
   i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar.
   j. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af umbúðum um innlendar framleiðsluvörur, sem sendar eru til útlanda til sölu þar, og af vörum, sem notaðar eru í vörur þessar til þess að gera þær söluhæfari eða til þess, að þær geymist betur. Nú eru búnar til hér á landi umbúðir þær og aðrar vörur, sem nefndar voru, og skal þá ekki lækka aðflutningsgjöldin af þeim meir en svo, að vörugerðir þær, sem búa hér til vörur þessar, hafi hæfilega tollvernd fyrir vörur sínar að dómi ráðuneytisins.
   k. Meðan heimilt er að hækka gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. nú lög nr. 99 12. des. 1945, að hækka tilsvarandi aðflutningsgjöld af sömu vörutegundum aðfluttum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi numin 3. gr. laga nr. 105 14. maí 1940, 3., 7. og 17. liður laga nr. 96 9. júlí 1941, það sem segir um nr. 60a í 17. lið laga nr. 56 4. júlí 1942, lög nr. 56 14. apríl 1943, og 20. og 21. liður og það, sem segir um nr. 17. og 19 í 28. lið laga nr. 6 12. jan. 1945, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt samkv. tilmælum fjármálaráðuneytisins, og hafa nefndarmenn óbundið atkvæði um málið. Frv. fylgdi svolátandi greinargerð:

Félag íslenzkra iðnrekenda hefur fyrir hönd meðlima sinna farið fram á nokkrar breytingar á tollskránni. Ráðuneytið hefur athugað þessar tillögur, og eru teknar upp í frumvarp þetta þær þeirra, sem ástæða þykir til að taka til greina. Þá eru teknar í frumvarpið nokkrar breytingabeiðnir, sem hafa borizt annars staðar að.

Um einstök atriði þykir ástæða til að taka það fram, sem fer hér á eftir.

Um 1. gr.

1. og 2. Olíufélögin hafa óskað eftir því, að ekki sé gerður munur í tolli á því, hvort olíur eru í stórum eða smáum umbúðum, eins og nú er gert eftir 15. og 27. kafla tollskrárinnar, og með tilliti til þess, að ekki virðist sérstök ástæða til þessarar sundurgreiningar á tolli á olíum eftir umbúðunum, enda oft örðugleikar á því við tollskoðun að ganga úr skugga um það, hversu mikið af olíum í tiltekinni sendingu er í smáum umbúðum og hversu mikið í stórum umbúðum, er lagt til, að nr. 20 í 15. kafla og nr. 21 í 27. kafla verði felld niður, en við það koma allar þær olíutegundir, sem teljast til þessara tollskrárnúmera, í sömu tolla án tillits til umbúða.
3. Það er oft heppilegra að flytja saltpétur í öðrum umbúðum en sekkjum og því ástæðulaust að tolla hann hærra, þegar það er gert. Er því lagt til, að sami tollur sé á saltpétri, hvernig sem hann er fluttur inn.
4. Málningarverksmiðjurnar hafa farið þess á leit, að lækkaður sé tollur á nokkrum upplausnar- og mýkingarefnum, sem notuð eru til framleiðslunnar. Með því að eðlilegt er, að þessi efni séu tolluð í samræmi við önnur upplausnarefni, er lagt til, að nr. 60 a í 28. kafla verði breytt eins og hér er gert ráð fyrir.
5. Tillaga þessi er einnig til komin vegna málningarverksmiðjanna. En með því að bronsduft getur talizt hráefni til iðnaðar og það er í samræmi við ýmsa aðra liði tollskrárinnar, að bronsduft sé í tiltölulega lágum tolli, en hins vegar lagaðir bronslitir í hærri tolli, er borin fram tillaga sú, sem hér um ræðir.
6. Hjólbarðar og slöngur á dráttarvélar og veghefla koma nú í 7 aura vörumagnstoll og 30% verðtoll. Með því að þetta er óeðlilega hár tollur á þessum vörum, miðað við tollana á sömu vörum á önnur farartæki, og til þess að sami tollur sé á hjólbörðum og slöngum á öll farartæki, er borin fram tillaga sú, sem hér um ræðir.
7. Er þilfarsplankar voru gerðir tollfrjálsir, var tilætlunin sú, að undanþágan tæki til 3×5 feta planka og stærri. Orðalagið er nú bundið við nákvæmlega 3×5 feta planka, en tillaga sú, sem hér um ræðir, er borin fram til þess að bæta úr þessu.
8. og 9. Vísast til þess, sem segir um 4 í 2. gr.
10. Allar granítplötur teljast nú til nr. 31 í 58. kafla með 7 aura vörumagnstolli og 30% verðtolli, en allar marmaraplötur til nr. 5 í þeim kafla með sömu tollum. Inn hafa verið fluttar hálfunnar granít- og marmaraplötur til legsteinagerðar, en þar eð ekki þykir eðlilegt, að sami tollur sé á þessum hálfunnu steinplötum og legsteinunum fullunnum, er borin fram tillaga um það, að heimilt sé að færa niður verðtollinn á steinplötunum hálfunnum. Þá er ætlazt til þess, að granít- og marmaraplötur komi í sama tollskrárnúmer.
11. og 12. Ástæðan til þess, að ákveðinn var lægri tollur á sívölum glösum en öðrum glösum, var sú, að sívöl glös voru talin „typisk“ lyfjaglös, og ástæða þótti til þess að tolla lyfjaglös lægra en önnur glös. Nú er það hins vegar svo, að annars konar glös en sívöl eru nú notuð jöfnum höndum undir lyf, enda talið, að undanfarið hafi verið erfitt að fá sívöl glös erlendis, og er því ekki lengur ástæða til að hafa sívöl glös í lægra tolli. Hér við bætist, að miklir örðugleikar eru á því við tollskoðun að skilja frá hin sívölu glös. Auk þess eru öll umbúðaglös nauð-

synjavara í alls konar iðnaði og því eðlilegt, að þau séu í lágum tolli, en beiðni um lækkun á tollinum er komin frá iðnrekendum. Lagt er því til, að nr. 17 í 60. kafla verði fellt niður og verðtollurinn eftir nr. 19 í sama kafla lækki úr 15% í 10%.

13. Langmest af þeim mælum, sem teljast nú til nr. 20 í 77. kafla, eru alls konar hitamælar á vélar, t. d. gufuvélar, bifvélar og hitunartæki, sem eru í mjög lágum tolli, og er því 30% verðtollur á þessum mælum óeðlilega hár tollur, og því er borin fram tillaga um lækkun þá, sem hér um ræðir, en beiðni um hana er komin víða að.
14. Hin tilbúnu mótanlegu efni („plastikefni") eru notuð á sama hátt og tré, málmar, gler o. fl., en þessi síðarnefndu efni eru eftir tollskránni í miklu lægri tollum. Þessi munur hefur þótt mjög óeðlilegur og verið þess valdandi, að hin mótanlegu efni og vörur úr þeim hafa ekki verið fluttar inn, þó að þær hafi verið heppilegri og endingarbetri. Til þess að bæta úr þessu misræmi, sem er á tollinum á þessum efnum og öðrum hliðstæðum, er borin fram tillaga sú, sem hér um ræðir. Þá er fyrirsögnin að umræddum númerum gerð skýrari en hún er nú.

Um 2. gr.

1. Allar þær vörur, sem um ræðir í 1. málsgr., teljast eftir breytinguna annaðhvort til i- eða j-liðs. En orðalagið á i- og j-lið er gert víðtækara en það er nú eftir 1. málsgr. 3. gr., en þar eru nú taldar upp ákveðnar vörur, og hefur alls sjö sinnum þurft að breyta tollskránni vegna útflutningsvara síðan hún var fyrst samin, en með hinu almenna orðalagi á i- og j-lið á að vera komið í veg fyrir þessar tíðu breytingar vegna útflutningsvaranna, varanna í þær og umbúðir um þær.
2. Sjálfsögð orðalagsbreyting vegna þess að 1. málsgr. er felld niður.
3. Rétt þykir, að efni í tunnur fylgi öðru efni um innlendar framleiðsluvörur. Lagt er því til, að ákvæðin um tunnuefnið verði felld úr h-lið, en eftir niðurfellinguna kemur þá tunnuefnið undir ákvæðin í i-lið, eins og annað efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur.
4. Kassagerðirnar búa nú til undir útflutningsvörur pappaumbúðir úr pappír, límí, og vaxi og fara því fram á það, að þessar vörur bætist við upptalninguna á síðasta málslið 3. gr., eins og hann varð með lögum nr. 56/1943. Í stað þess að bæta enn nýjum vörum við upptalninguna, er lagt til, að endurgreiðsluákvæðið í i-lið verði orðað svo almennt, að það taki yfir allar vörur, sem notaðar eru í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar. Með því er komizt hjá hinum tíðu breytingum, sem leiðir af tilbreytninni með þessar umbúðir.

   Þá fara kassagerðirnar fram á það, að við orðin „vaxbornar umbúðir" í nr. 33 í 44. kafla bætist: um útflutningsvörur. Halda þær því réttilega fram, að ekki þurfi annað en að bera pappaumbúðir vaxi til þess að þær komi undir hinn lága toll eftir nr. 33 í 44. kafla, en sé þessu ekki breytt aftur, séu þær sviptar verulegri tollvernd, sem þær hafi haft á framleiðslu á umbúðum fyrir innlenda markaðinn. Réttara þykir að fella alveg niður nr. 33 í 44. kafla og láta vaxbornar umbúðir fylgja öðrum umbúðum um útflutningsvörur eftir j-lið. Sama máli gegnir um nr. 20a í 45. kafla.

   Á þingi því, sem nú situr, er komið fram frv. á þingskj. nr. 272, sem gengur m. a. í þá átt, að skylt sé að endurgreiða aðflutningsgjöld af pappakössum utan um fisk til útflutnings. Yrði frv. þetta samþykkt, væru kassagerðirnar sviptar allri þeirri tollvernd, sem þær hafa haft við framleiðslu þessara umbúða, en umbúðir þessar eru langmestur hluti framleiðslu þeirra, og er við búið, að þær yrðu að hætta starfsemi sinni, ef þær væru sviptar þeirri tollvernd, sem þær hafa haft. Enda þótt sjálfsagt sé, að ekki sé hár tollur á umbúðum um innlendar framleiðsluvörur til útflutnings, er þó eðlilegt, að hinum innlendu kassagerðum sé veitt nokkur tollvernd. Eftir j-lið verður þá heimilt að lækka aðflutningsgjöldin

af umbúðum um innlendar framleiðsluvörur, sem eru fluttar út, þó ekki meira en það, að hinar innlendu umbúðaverksmiðjur hafi hæfilega tollvernd fyrir vöru sína að dómi ráðuneytisins.

Eins og kunnugt er, hefur innlent tollvörugjald verið hækkað um 50%. Út af því hafa framleiðendur þessara vara farið fram á það, að aðflutningsgjöldin af sömu vörutegundum verði hækkuð að sama skapi. Til þess að hægt sé að verða við beiðni þessari er borin fram tillaga sú, sem er í k-lið.

Ed. 561. Frumvarp til laga

um húsmæðrafræðslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Húsmæðraskólar, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Markmið húsmæðraskóla er það að veita konum nauðsynlegan undirbúning undir venjuleg heimilisstörf, heimilisstjórn og barnauppeldi.

2. gr.

Til stofnunar húsmæðraskóla þarf:

1. Tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs eða fræðsluráða, þar sem jafnframt sé bent á skólastað.
2. Umsögn hlutaðeigandi kvenfélagasambands eða sambanda.
3. Samþykki hlutaðeigandi kaupstaðar, sýslufélags eða sýslufélaga.
4. Samþykki fræðslumálastjórnar á skólastað og uppdrætti að skólahúsi.
5. Fjárveiting Alþingis til stofnunar skólans.

3. gr.

Hver skóli skal vera 1 ársdeild, er starfar 9 mánuði hið minnsta. Þó er heimilt að stytta námstímann um 1 mánuð í þeim kaupstaðarskólum, sem geta ekki komið við garðyrkjunámi né hirðingu húsdýra og búsafurða.

Skólanefnd getur með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að skóli starfi í 2 ársdeildum.

4. gr.

Hverjum skóla stjórnar skólanefnd, skipuð sem hér segir:

Þar, sem kaupstaður eða 1 sýsla stendur að skóla, kýs bæjarstjórn eða sýslunefnd 2 nefndarmenn hlutbundinni kosningu á 1. fundi eftir kosningar. Ef 2 eða fleiri sýslur standa að sama skóla, kýs hver sýslunefnd 1 nefndarmann.

Kvenfélagasamband hlutaðeigandi kaupstaðar eða sýslu eða kvenfélag, ef slíkt samband er ekki starfandi, sem hefur húsmæðrafræðslu á stefnuskrá sinni, kýs jafnmarga menn til sama tíma. Ef þessir aðilar nota ekki rétt sinn að kjósa í nefndina, kjósa hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir tvöfalt fleiri en gert er ráð fyrir í annarri málsgrein þessarar greinar.

Fræðslumálastjórn skipar formann nefndarinnar.

5. gr.

Skólanefnd hefur eftirlit með hverjum húsmæðraskóla, undir umsjón fræðslumálastjórnar. Verkefni hennar er einkum:

a. að sjá um, að fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi til skólahalds;
b. að láta auglýsa lausar kennara- og skólastjórastöður og leitast við, ásamt fræðslumálastjórn, að fá hæfa menn í þær;

c. að ráða skólastjóra og kennara úr hópi umsækjenda. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning þeirra;
d. að sjá um, að skólinn hafi fullnægjandi kennslutæki og að þeim og öðrum munum skólans og skólahúsi sé haldið við á fullnægjandi hátt;
e. að annast fjárreiður skólans og gera áætlun um kostnað við skólahaldið fyrir hvert reikningsár hlutaðeigandi sveitarfélags, og senda hana í tæka tíð hlutaðeigandi sveitarstjórn og fræðslumálastjórn.

Verði ágreiningur milli sveitarstjórnar og skólanefndar um fjárframlög til skólahalds, sker fræðslumálastjórn úr.

Hlutverk skólanefndar skal nánar ákveðið í reglugerð og erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

II. KAFLI
Fjármál.

6. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélag leggur skólanum til ókeypis nægilegt land til starfsemi hans að dómi fræðslumálastjórnar.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að ¾ stofnkostnaðar, en ¼ greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Ef 2 eða fleiri sveitarfélög — eða hlutar úr þeim — standa að byggingu húsmæðraskóla, skiptist stofnkostnaðurinn á milli þeirra í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali 5 síðustu ára. Nauðsynlegur húsbúnaður og áhöld teljast til stofnkostnaðar.

Við heimavistarskóla teljast íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks, sem í skólanum býr, til skólahúsnæðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Bújörð ásamt nauðsynlegum húsum til búskapar telst til stofnkostnaðar, ef bú er rekið í sambandi við skólann.

Skólar þessir eru sjálfseignarstofnanir eða eign hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.

8. gr.

Fastir kennarar við húsmæðraskóla eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stundakennslu samkv. 10. gr. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti, sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum helming þess, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður greiðir hinn helminginn.

9. gr.

Tölu fastra kennara í heimavistarskólum ber að miða við það, að 12—16 nemendur hið minnsta komi á hvern kennara, en 16—20 í heimangönguskólum.

Ríkissjóður greiðir styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum.

10. gr.

Kennsla er veitt ókeypis, en heimavistarnemendur greiða húsaleigu, sem ákveðin skal af fræðslumálastjórn í samráði við skólastjóra og skólanefnd.

11. gr.

Skólanefndir og skólastjórar annast fjárreiður og reikningshald skólanna. Sveitarfélög greiða framlög sín til skólans samkvæmt fjárhagsáætlun í byrjun hvers

skólaárs eða með hlutfallslegri upphæð í byrjun hvers mánaðar þann tíma, er skólinn starfar. Ef fleiri en eitt sveitarfélag á að greiða kostnað af sama skóla, skal skólanefnd jafna honum á sveitarfélögin samkvæmt 8. gr. Ef ágreiningur verður út af skiptingu kostnaðar eða greiðslu, sker fræðslumálastjórn úr. Vangreidd gjöld sveitarfélaga innheimtir hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga eða sýslufélaga, og sendir skulu þeir fræðslumálaskrifstofunni.

III. KAFLI
Kennarar.

12. gr.

Til þess að verða settur kennari við húsmæðraskóla þarf kennarapróf í hússtjórn eða handavinnu, en til skipunar auk þess tveggja ára húsmæðrakennslu og meðmæli skólastjóra. Skólastjóri skal þó hafa kennt 3 ár hið minnsta.

Heimilt er þó við gildistöku þessara laga að setja eða skipa skólastjóra og kennara þá, sem kennt hafa 2 ár hið minnsta í húsmæðraskóla með góðum árangri, enda þótt þeir fullnægi ekki framangreindum skilyrðum.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa skólastjóra- eða kennarastöðu, skal þá fræðslumálastjórn og skólanefnd leitast við að fá kennara, er hún treystir, og má að þremur árum liðnum skipa hann í stöðuna, ef hún telur hann starfinu vaxinn, enda komi meðmæli skólanefndar til.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er skipa fastar stöður við húsmæðraskóla, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

13. gr.

Skylt er kennara að kenna allt að 36 kennslustundir á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 30, er hann verður 55 ára, og í 24, er hann verður 60 ára. Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Kennsluskylda skólastjóra skal ákveðin í reglugerð.

14. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár við þá skóla, er í lögum þessum greinir, og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjórn beiðni um orlof, ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, á hann rétt á árs orlofi með fullum launum og síðan tíunda hvert ár á sama hátt og með sömu skilyrðum. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofsins. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

IV. KAFLI
Nemendur.

15. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði í húsmæðraskóla:

a. að nemandi sé fullra 17 ára fyrir næstu áramót;
b. sé óspilltur að siðferði;
c. hafi engan næman sjúkdóm;
d. hafi lokið skyldunámi.

V. KAFLI
Um kennsluna.

16. gr.

Þessar greinar skulu kenndar í húsmæðraskólum:

A. Verklegar greinar: Matreiðsla, ræsting og þvottur, fatasaumur og handavinna, garðrækt, hirðing húsdýra og búsafurða, meðferð ungbarna.

B. Bóklegar greinar: Íslenzka, kristin fræði, uppeldisfræði og sálarfræði barna, manneldisfræði, efnis- og áhaldafræði, búreikningur, heilsufræði og þjóðfélagsfræði.

Heimilt er stjórnum skólanna að fjölga og fækka kennslugreinum að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar. Þá er og heimilt í húsmæðraskólum í kaupstöðum að sleppa hirðingu húsdýra og búsafurða, sé eigi annars kostur.

Nánari ákvæði um námsefni og próf skulu sett í reglugerð.

VI. KAFLI
Námsskeið.

17. gr.

Heimilt er með samþykki fræðslumálastjórnar að hafa sérstæða vefnaðardeild við húsmæðraskóla. Námstími þar skal vera 4 mánuðir hið minnsta. Námsskeið í öðrum verklegum greinum, er standa eigi skemur en 3 vikur, skulu styrkt á sama hátt og önnur kennsla í skólunum. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.

VII. KAFLI
Stjórn skólanna.

18. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirstjórn húsmæðrafræðslunnar. Heimilt er að ráða einn námsstjóra til leiðbeiningar og eftirlits með skólunum.

19. gr.

Skólastjóri og kennarafundur stýra starfi hvers skóla.

Fræðslumálastjórn setur skólastjórum erindisbréf og reglur um starfssvið kennarafundar.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

20. gr.

Skólanefnd getur með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að bú skuli rekið í sambandi við húsmæðraskóla. Skal búið rekið sem sjálfseignarstofnun með hagsmuni skólans fyrir augum. Bústjóri skal ráðinn af skólanefnd í samráði við skólastjóra.

21. gr.

Ákvæði um leyfi, reglu, aga og fleira, er skólann varðar, skal setja í reglugerð, er fræðslumálastjórn staðfestir.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, og lög nr. 65 27. júní 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, svo og önnur ákvæði, sem koma í bág við þau.

Nd. 562. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 524 (Selfossbyggð).

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Við 2. Orðin „eftir mati“ falli burt.

Nd. 563. Frumvarp til raforkulaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Um vinnslu raforku.

1. gr.

Ríkinu einu er heimilt að reisa og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl.

Réttur sá, sem ríkinu er áskilinn samkv. 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til.

Við gildistöku þessara laga er þó þeim, sem eiga og reka eða eiga í smíðum raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, heimilt að reka þau áfram, og ráðherra er heimilt að leyfa aukningu á þessum raforkuverum, allt að fullri fyrirhugaðri virkjun, enda sendi eigendur þeirra uppdrætti og greinargerðir um framkvæmdirnar innan 6 mánaða frá gildistöku laganna, og setur ráðherra þau skilyrði fyrir slíkum leyfum, sem hann telur nauðsynleg, að fenginni umsögn raforkumálastjóra.

Enn fremur er ráðherra heimilt að fengnum tillögum raforkumálastjóra að veita sveitarfélagi, einstökum manni eða félagi leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 2000 hestöflum að stærð til að fullnægja rafaflsþörf sinni, ef rafmagnsveitur ríkisins eða héraðsveitur geta eigi eða óska eigi að láta rafaflið í té.

2. gr.

Nú hefur ráðherra veitt einkarétt til að koma upp og reka héraðsveitu á tilteknu orkuveitusvæði, sbr. 14. gr., og er þá engum öðrum en einkaréttarhafa heimilt að reisa og reka raforkuver, sem er 100 hestöfl eða minna að stærð, innan takmarka orkuveitusvæðisins, nema leyfi ráðherra komi til. Ráðherra leitar álits raforkumálastjóra og stjórnar hlutaðeigandi héraðsveitu, áður en hann veitir leyfið. Um orkuver, sem fyrir eru á orkuveitusvæðinu, fer eftir ákvæðum 18. gr. um orkuveitur, eins og við á.

II. KAFLI
Um rafmagnsveitur ríkisins.

3. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn og starfrækir rafmagnsveitur, er vera skulu eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi undir umsjón þess ráðherra, er fer með raforkumál. Stofnunin skal heita: rafmagnsveitur ríkisins.

4. gr.

Raforkumálastjóri hefur í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með rafmagnsveitum ríkisins, rekstri þeirra og framkvæmdum.

5. gr.

Ráðherra ræður að fengnum tillögum raforkumálastjóra framkvæmdastjóra til að annast um daglega stjórn rafmagnsveitna ríkisins og hafa umsjón með rekstri þeirra. Nefnist hann rafmagnsveitustjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Rafmagnsveitustjóri hefur prókúruumboð fyrir rafmagnsveitur ríkisins og skuldbindur þær samkvæmt reglum um prókúru að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið.

Um ráðningu og kjör annarra fastra starfsmanna fer eftir ákvæðum reglugerðar.

6. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins skulu hafa það verkefni að afla almenningi og atvinnuvegum landsins nægrar raforku á sem hagfelldastan og ódýrastan hátt með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá öðrum orkuverum eða orkuveitum, veita orkunni um landið og selja hana í heildsölu héraðsrafmagnsveitum, er stofnsettar eru til að taka við orkunni og veita henni til neytenda innan héraðs eða á orkuveitusvæði.

Rafmagnsveitur ríkisins geta einnig gerzt meðeigandi í orkuverum og orkuveitum annarra eða tekið þær á leigu og starfrækt þær eða tekið þátt í starfrækslu þeirra eftir sérstökum samningi.

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að selja raforku beint til neytenda á þeim stöðum, þar sem héraðsveita er ekki fyrir hendi, eða annars staðar með samþykki héraðsveitunnar.

7. gr.

Engum nema rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að selja raforku í heildsölu. Þó mega Reykjavíkurkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður og Andakílsárvirkjun selja héraðsrafmagnsveitum sínum og rafmagnsveitum ríkisins raforku í heildsölu frá orkuverum þeim, sem aðilar þessir eiga og reka eða eiga í smíðum samkv. 1. gr.

Réttur sá, sem rafmagnsveitum ríkisins er áskilinn samkvæmt 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til.

8. gr.

Áður en hafizt er handa um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu, skal raforkumálastjóri hafa látið fara fram rannsókn á því, á hvern hátt verði heppilegast fullnægt raforkuþörf þess héraðs eða landshluta, sem hinni fyrirhuguðu orkuveitu er ætlað að ná til, sbr. og 47. gr. Að lokinni þeirri rannsókn sendir raforkumálastjóri ráðherra tillögur sínar um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir. Tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar lætur raforkumálastjóri fylgja nauðsynlegar kostnaðaráætlanir, greinargerð um skilyrði fyrir orkuvinnslu eða orkukaupum og orkusölu og nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af virkjunum.

Kostnað allan við þessar rannsóknir svo og við annan undirbúning skal greiða úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í því skyni og að svo miklu leyti sem ekki er séð fyrir fé til þeirra á annan hátt, sbr. einnig 36. gr. Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra.

9. gr.

Nú telur ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjóra rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða auka við hin fyrri orkuver eða orkuveitur eða festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þessa samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ríkisstjórnin fylgja nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af þessum virkjum.

Þó getur raforkumálastjóri látið gera minni háttar aukningu á orkuveri og orkuveitum, er hann telur þess brýna þörf, áður en samþykki Alþingis er fengið, og tekið til þess bráðabirgðalán, sbr. 35. gr., 2. tölul., að fengnu samþykki ráðherra.

10. gr.

Nú er ákveðið að reisa raforkuver eða koma upp raforkuveitu, og annast þá rafmagnsveitur ríkisins um þær framkvæmdir allar.

11. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum raforkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra gjaldskrá um raforkusölu frá rafmagnsveitum ríkisins.

Tekjum rafmagnsveitna ríkisins skal varið til greiðslu rekstrarkostnaðar hinna einstöku raforkuvirkja, þar með talið stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur og hæfilegar afborganir lána miðað við fyrningu. Enn fremur skal árlega leggja hæfilega upphæð í varasjóð, allt að 10% af heildartekjum.

Tekjuafgangur sá, sem eftir verður, þegar fé hefur verið lagt í varasjóð, skal renna í raforkusjóð.

12. gr.

Raforkumálastjóri skal árlega senda ráðherra efnahags- og rekstrarreikning rafmagnsveitna ríkisins svo og kostnaðarreikning fyrir þau virki, sem eru í smíðum, enn fremur skýrslu um starfsemina. Hann skal og árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um lántökur og önnur fjárframlög svo og tillögur um ráðstöfun á fé úr raforkusjóði, sbr. 38. gr., 3. málsgr.

13. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga um rafmagnsveitur ríkisins, þar á meðal um:

1. stjórn og fjárreiður, reikningshald og fyrningu, um meðferð varasjóðs, svo og um skýrslugerðir;
2. starfsmannahald og verkaskiptingu starfsmanna;
3. skilyrði, sem rafmagnsveitur ríkisins mega setja héraðsrafmagnsveitum, er kaupa raforku frá þeim, um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja til tryggingar öruggum rekstri, svo og til að tryggja rafmagnsveitum ríkisins greiðslu fyrir orku þá, er þær selja, og til að stuðla að aukinni raforkunotkun og góðri hagnýtingu orkunnar.

III. KAFLI

Um héraðsrafmagnsveitur.

14. gr.

Héraðsrafmagnsveita veitir raforku um tiltekið orkuveitusvæði og selur hana neytendum innan takmarka þess.

Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, ákveður orkuveitusvæði hverrar héraðsrafmagnsveitu.

Ráðherra getur veitt einkarétt til að reka héraðsrafmagnsveitu á tilteknu orkuveitusvæði, veita raforku um orkuveitusvæðið og selja hana neytendum innan takmarka þess. Veitingu einkaréttar getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja til að tryggja jafnrétti notenda og hagkvæma og fullnægjandi dreifingu raforku um orkuveitusvæðið.

15. gr.

Nú tekur orkuveitusvæði, sem ráðherra hefur ákveðið, aðeins yfir einn kaupstað eða einn hrepp eða hluta úr hreppi eða íbúatala kaupstaðarins eða hreppsins

er ¾ af íbúatölu alls orkuveitusvæðisins a. m. k., og hefur þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn forgangsrétt til að reka héraðsveitu á því orkuveitusvæði og að hljóta til þess einkarétt samkv. 14. gr.

16. gr.

Alls staðar annars staðar en um getur í 15. gr. og þar sem bæjar- eða sveitarstjórn neyta eigi réttar síns samkv. þeirri grein, hafa héraðsrafmagnsveitur ríkisins forgangsrétt til að reka héraðsrafmagnsveitu og hljóta til þess einkarétt samkvæmt 14. gr.

17. gr.

Nú óskar einstakur maður eða félag að reka héraðsrafmagnsveitu á tilteknu orkuveitusvæði og hljóta til þess einkarétt samkv. 14. gr., og skal þá ráðherra tilkynna það hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn og héraðsrafmagnsveitum ríkisins, eins og við á, og veita þeim hæfilegan frest til að ákveða, hvort þær vilja nota rétt sinn samkv. 15. og 16. gr. Hafi þær eigi innan þess frests, sem þeim var settur, tilkynnt ráðherra, að þær ætli að nota rétt sinn samkv. 15. og 16. gr., getur ráðherra veitt umsækjanda einkaréttinn, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum laga og reglugerða þar að lútandi. Einkarétturinn veitist um tiltekið árabil.

18. gr.

Áður en einkaréttur er veittur, auglýsir ráðherra þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um veitingu einkaréttarins og um takmörk orkuveitusvæðisins.

Nú eiga einstakir menn, félög eða héruð raforkuveitur á því svæði, sem auglýsing samkv. 1. málsgrein nær til, og skulu þá eigendur þeirra skýra ráðherra frá því innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óska að halda starfrækslunni áfram, og ákveður hann þá staðartakmörk þess fyrirtækis, um leið og hann veitir því leyfi til að starfa áfram. Þetta leyfi veitir engan frekari rétt en þeir höfðu áður og er því ekki til fyrirstöðu, að einkaréttarhafi stofnsetji og starfræki orkuveitu innan takmarka fyrirtækisins.

19. gr.

Héraðsrafmagnsveitu, sem hlotið hefur einkarétt samkv. 14. gr., er skylt að selja raforku öllum, sem þess óska, innan takmarka orkuveitusvæðis hennar með þeim skilyrðum, sem nánar eru ákveðin í lögum þessum og í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

20. gr.

Um héraðsrafmagnsveitu, sem hlýtur einkarétt samkv. 14. gr., aðra en héraðsrafmagnsveitu ríkisins, skal setja reglugerð, sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir, og skal þar m. a. setja ákvæði um stjórn og rekstur rafmagnsveitunnar, orkuveitusvæði hennar, skilmála fyrir raforkusölunni, löggildingu rafvirkja og sektir, allt að 10000 krónum, fyrir brot á reglugerðinni.

21. gr.

Gjald fyrir raforku úr héraðsrafmagnsveitu, sem fellur undir ákvæði 20. gr., skal ákveða í gjaldskrá, sem stjórn rafmagnsveitunnar semur og ráðherra staðfestir. Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimtaugagjald, sem greiðist, þegar heimtaug er lögð. Gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 85% stofnkostnaðar fyrir raforkuver sveitarfélaga og héraðsrafmagnsveitur, enda liggi fyrir samþykki raforkumálastjóra á fyrirkomulagi, gerð og tilhögun verksins hverju sinni.

IV. KAFLI
Um héraðsrafmagnsveitur ríkisins.

23. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn og rekur héraðsrafmagnsveitur, þar sem ekki eru aðrar héraðsrafmagnsveitur fyrir hendi, með þeim skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

Rafmagnsveiturnar skulu vera eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi undir yfirumsjón þess ráðherra, sem fer með raforkumál.

Stofnunin heitir: héraðsrafmagnsveitur ríkisins.

24. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins annast rekstur héraðsrafmagnsveitna ríkisins, og hafa raforkumálastjóri og rafmagnsveitustjóri ríkisins á hendi umsjón og stjórn þeirra á sama hátt og gildir um rafmagnsveitur ríkisins.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins endurgreiða rafmagnsveitum ríkisins allan kostnað, sem þær hafa af stjórn og rekstri héraðsrafmagnsveitnanna, eftir reikningi, sem ráðherra samþykkir.

25. gr.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins vinna orku í eigin orkuverum eða kaupa hana frá öðrum orkuverum eða orkuveitum, veita henni um þau svæði, sem orkuveitutaugar þeirra ná yfir á hverjum tíma, og afhenda hana hverjum kaupanda við húsvegg hans eða á notkunarstað.

26. gr.

Til þess að koma upp mannvirkjum héraðsrafmagnsveitna ríkisins skal fjár aflað:

a. með lántökum;
b. með framlögum úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið kann að verða í fjárlögum;
c. með framlögum úr héraði, sbr. 27. gr., og
d. með tekjuafgangi héraðsrafmagnsveitna ríkisins, sbr. 30. gr.

27. gr.

Gegn óendurkræfu og vaxtalausu framlagi ríkissjóðs til héraðsrafmagnsveitu ríkisins skal ávallt koma óendurkræft og vaxtalaust framlag úr héraði, er að upphæð nemi minnst ⅓ af framlagi ríkissjóðs. Framlag úr héraði greiðist úr sýslusjóði, og má í reglugerð, sem hver sýslunefnd semur og ráðherra staðfestir, setja um það ákvæði, hvernig sýslusjóði skuli koma sérstakar tekjur fyrir þeim greiðslum, þar á meðal þau skilyrði, að rafmagnsneytandi hafi greitt ákveðið gjald, heimtaugagjald, áður en veitutaugar eru lagðar að húsi hans eða jarðeign. Framlag úr sýslusjóði til héraðsrafmagnsveitu ríkisins getur sýslunefnd bundið við tiltekið mannvirki.

28. gr.

Áður en ráðizt er í að koma upp orkuveitu eða reisa orkuver, skal að undangengnum rannsóknum gera nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af mannvirkjunum.

Nú sýna áætlanir, að tekjur af mannvirkjunum muni eigi nægja til að greiða vexti og afborganir af öllum stofnkostnaði auk annars rekstrarkostnaðar, þar með talið hæfilegt gjald í varasjóð, og má þá eigi gera mannvirkin, nema héraðsrafmagnsveitum ríkisins hafi komið óendurkræf og vaxtalaus framlög, sbr. 26. og 27. gr., sem nægi til að greiða þann hluta stofnkostnaðar, sem umfram er það, er tekjur af mannvirkjunum geta staðið undir.

29. gr.

Nú er í senn um að ræða að gera fleiri en eina nýja héraðsrafmagnsveitu ríkisins eða aukningar eldri veitna, og skal þá sú veita ganga fyrir um framkvæmd, sem áætlanir sýna, að ber sig betur fjárhagslega.

30. gr.

Bókhaldi héraðsrafmagnsveitna ríkisins skal, eftir því sem kostur er, hagað þannig, að það sýni stofnkostnað, tekjur og gjöld veitnanna innan hverrar sýslu um sig.

Nú verður tekjuafgangur af rekstri héraðsrafmagnsveitna ríkisins innan sýslunnar, og skal honum varið til aukningar og endurbóta á veitum í þeirri sýslu. Reiknast í því sambandi sem framlag úr héraði jafnhár hundraðshluti af þeim tekjuafgangi og framlag úr sýslunni þá er orðið af öllu framlagi til héraðsrafmagnsveitna ríkisins innan sýslunnar.

31. gr.

Gjald fyrir raforku frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins skal ákveða í gjaldskrá, sem stjórn þeirra semur og ráðherra staðfestir.

32. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd á ákvæðum þessara laga um héraðsrafmagnsveitur ríkisins.

V. KAFLI
Um raforkusjóð.

33. gr.

Raforkusjóður er eign ríkisins.

Stofnfé sjóðsins er raforkusjóður, eins og hann er orðinn við gildistöku þessara laga.

Aðrar tekjur sjóðsins eru:

a. tekjuafgangur rafmagnsveitna ríkisins, sbr. 11. gr.;
b. vextir af fé sjóðsins;
c. framlag úr ríkissjóði að upphæð 2 milljónir króna ár hvert, og
d. önnur framlög úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið kann að verða í fjárlögum.

34. gr.

Raforkumálastjóri annast stjórn raforkusjóðs og reikningshald undir yfirumsjón ráðherra.

Handbært fé raforkusjóðs á hverjum tíma skal geymt og ávaxtað í Landsbanka Íslands.

35. gr.

Úr raforkusjóði má veita rafmagnsveitum ríkisins:

1. lán, sem veitast til allt að 30 ára, til að koma upp tilteknum mannvirkjum;
2. rekstrarlán og bráðabirgðalán til skemmri tíma, þar á meðal til að greiða rekstrarhalla, sem verða kann af mannvirkjum hin fyrstu árin, eftir að þau eru gerð.
3. Ef einstakir bændur eða fleiri saman reisa vatnsraforkustöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, er heimilt að lána þeim úr raforkusjóði allt að ⅔ kostnaðar með 2% vöxtum og 30 ára afborgun, enda séu stöðvarnar vel gerðar að dómi rafmagnseftirlits ríkisins.

36. gr.

Úr raforkusjóði má greiða kostnað af rannsóknum og áætlunum til undirbúnings raforkuveituframkvæmda samkvæmt 8. og 47. gr.

Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra og endurgreiðast raforkusjóði með áföllnum vöxtum.

37. gr.

Úr raforkusjóði má greiða kostnað af almennum rannsóknum og tilraunum, sem raforkumálastjóri annast, til að stuðla að aukinni hagnýtingu raforku og hagfelldri notkun hennar svo og af leiðbeiningum til raforkunotenda um notkun orkunnar, sbr. 47. gr.

38. gr.

Lán þau, sem um getur í 35. gr., tölulið 1, veitast samkvæmt tillögum ráðherra og samþykki Alþingis samkvæmt 9. gr.

Lán þau, sem um getur í 35. gr., tölulið 2 og 3, ákveður ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjóra.

Um aðrar greiðslur úr raforkusjóði skal raforkumálastjóri árlega gera áætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis, sbr. 12. gr.

39. gr.

Ráðherra ákveður útlánsvexti raforkusjóðs, og mega þeir vera allt af 2½% lægri en víxilforvextir Landsbanka Íslands.

VI. KAFLI

Um rafmagnseftirlit ríkisins.

40. gr.

Ráðherra setur í reglugerð um raforkuvirki ákvæði til öryggis gegn hættu og tjóni af þeim og til varnar gegn truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru eða síðar kunna að koma.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

a. Gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja og annarra virkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón eða hætta getur stafað af.
b. Takmörkun á eða bann við innflutningi, sölu og notkun tækja og annarra hluta raforkuvirkja, sem fullnægja ekki þessum skilyrðum.
c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um raforkuvirki, sem fyrir hendi eru, og um ný virki og aukningu eldri virkja, svo og að hlíta fyrirmælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum.
d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með innflutningi og sölu raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innan lands. Má ákveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra og efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki frá rafmagnseftirliti ríkisins. Skal viðurkenningarmerkið vera staðfest af ráðherra og birtast í Stjórnartíðindum. Er engum heimilt að nota merkið nema með leyfi rafmagnseftirlits ríkisins og eftir þeim reglum, sem það setur um notkun þess.
e. Löggildingu á hæfum rafvirkjum.
f. Skyldu rafmagnsveitustjórna að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, sem notuð eru í sambandi við raforkuveitur þeirra, brjóti eigi í bága við ákvæði settra reglugerða, og um heimild handa rafmagnseftirliti ríkisins að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuveitna eða láta loka fyrir rafmagnsstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, er þverskallast við að hlíta settri reglugerð, svo og að taka löggildingu eða söluleyfi um skamman tíma eða langan tíma af þeim, sem hafa gerzt brotlegir við reglugerðina.
g. Sektir, allt að 10000 krónum, fyrir brot á reglugerðinni.

41. gr.

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sér hættu fyrir eignir annarra manna eða hættu við truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja, en þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana hefur í för með sér verulega hagsmuni fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður trygg en venja er til eða krafizt verður um ný virki á þeim tíma, þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Ráðherra sker úr öllum ágreiningi um það:

a. hvort raforkuvirki hafi í för með sér hættu við truflunum á starfrækslu eldri virkja;
b. hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum truflunum;
c. hver eigi að koma þeim ráðstöfunum í verk;
d. hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Ráðherra getur stöðvað notkun raforkuvirkja, unz öryggisráðstafanir þær, er hann áskilur, eru komnar í framkvæmd.

42. gr.

Raforkumálastjóri hefur í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með eftirliti ríkisins með raforkuvirkjum.

43. gr.

Ráðherra skipar að fengnum tillögum raforkumálastjóra framkvæmdastjóra til að stjórna framkvæmd eftirlits ríkisins með raforkuvirkjum. Nefnist hann rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Ráðherra skipar og ræður aðra fasta starfsmenn við rafmagnseftirlit ríkisins, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum rafmagnseftirlitsstjóra og raforkumálastjóra.

Laun rafmagnseftirlitsstjóra og annarra fastra starfsmanna og annar kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði að svo miklu leyti sem ekki er séð fyrir fé til þess á annan hátt, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum.

44. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera og raforkuveitna skuli árlega greiða til rafmagnseftirlits ríkisins gjald, sem miðast við heildartekjur þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og má nema allt að einum hundraðshluta af þeim, og að þeir, sem flytja inn til landsins raforkuvirki og hluta þeirra eða gera þau innan lands, greiði til eftirlitsins gjald, sem miðast við innkaupsverð virkjanna, en söluverð þeirra frá verksmiðju, ef þau eru gerð hér, og má nema allt að ¾% af því. Undanþegin því gjaldi skulu þó vera þau raforkuvirki, sem ekki falla undir rafmagnseftirlit ríkisins.

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, og má þá miða gjaldið við stærð rafla í orkuveri, og má það nema allt að 5 krónum á hvert kílówatt í málraun þeirra.

Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiðast kostnaður þess eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Ráðherra setur ákvæði um innheimtu gjaldanna. Hann getur heimilað stöðvun á rekstri virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjalddaga.

VII. KAFLI
Um stjórn raforkumála.

45. gr.

Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, skipar raforkumálastjóra til að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Hann skal vera rafmagnsverkfræðingur.

Ráðherra skipar og ræður fasta starfsmenn raforkumálastjóra til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum hans.

Laun raforkumálastjóra og annarra fastra starfsmanna og kostnaður af skrifstofu hans greiðist úr ríkissjóði, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum.

46. gr.

Raforkumálastjóri er ráðunautur ríkisstjórnarinnar í raforkumálum.

47. gr.

Raforkumálastjóri annast rannsóknir á skilyrðum til hagnýtingar á orkulindum landsins, svo sem fallvötnum og jarðhitasvæðum, til raforkuvinnslu. Hann rannsakar og gerir tillögur um heildartilhögun á raforkuveitum til almenningsþarfa, sbr. og 8. gr.

Raforkumálastjóri rannsakar enn fremur og gerir tilraunir um hagfellda notkun raforku og leiðbeinir raforkunotendum í þeim efnum. Hann getur haft um það samvinnu við héraðsrafmagnsveitur.

48. gr.

Raforkumálastjóri hefur umsjón með vatnsrennslismælingum í fallvötnum landsins.

49. gr.

Raforkumálastjóri hefur umsjón með fallvötnum, sem eru í eign ríkissjóðs, heldur skrá yfir þau og annast nauðsynlegt bókhald í sambandi við þau. Um alla veiði í slíkum fallvötnum skal hann leita tillagna veiðimálastjóra.

Raforkumálastjóri gerir tillögur til ríkisstjórnarinnar um kaup á vatnsréttindum og jarðhitasvæðum, sem hann telur nauðsynlegt eða hagkvæmt, að ríkið eignist. Um hagnýtingu jarðhitasvæða, sem eru í eign ríkisins, skal leita álits raforkumálastjóra.

50. gr.

Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 manna raforkuráð, er vera skal ríkisstjórninni til aðstoðar í raforkumálum. Ráðið skal kosið til fjögurra ára í senn, og skipar ráðherra formann úr hópi þeirra, sem Alþingi hefur kosið.

51. gr.

Þóknun til meðlima raforkuráðs greiðist úr ríkissjóði, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum.

52. gr.

Verkefni raforkuráðs er að fylgjast með stjórn og framkvæmdum í raforkumálum, gera tillögur í þeim efnum og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í öllum raforkumálum.

53. gr.

Raforkuráð skal eiga kost á að fylgjast með rannsóknum raforkumálastjóra og rekstri rafmagnsveitna ríkisins. Ráðinu skulu send til athugunar og umsagnar:

1. tillögur raforkumálastjóra um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu;
2. tillögur ríkisstjórnarinnar til Alþingis um að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða festa kaup á slíkum mannvirkjum;

3. frumvarp að gjaldskrám rafmagnsveitna ríkisins;
4. efnahags- og rekstrarreikningar rafmagnsveitna ríkisins og kostnaðarreikningar mannvirkja í smíðum svo og skýrslur raforkumálastjóra um rekstur rafmagnsveitna ríkisins;
5. fjárhagsáætlun rafmagnsveitna ríkisins og tillögur um lántökur, önnur fjárframlög og ráðstöfun fjár úr raforkusjóði;
6. frumvarp að reglugerð um rafmagnsveitur ríkisins;
7. erindisbréf, sem ráðherra gefur út handa starfsmönnum hjá raforkumálastjóra, rafmagnsveitum ríkisins og rafmagnseftirliti ríkisins;
8. tillögur um ákvörðun orkuveitusvæðis héraðsrafmagnsveitu;
9. frumvörp að reglugerðum og gjaldskrám héraðsrafmagnsveitna, ef ráðið óskar þess sérstaklega;
10. tillögur um nýjar héraðsrafmagnsveitur ríkisins ásamt kostnaðar- og rekstraráætlunum um þær;
11. frumvörp að reglugerð og gjaldskrám héraðsrafmagnsveitna ríkisins;
12. ársreikningar og fjárhagsáætlun héraðsrafmagnsveitna ríkisins;
13. frumvörp að reglugerð um raforkuvirki;
14. tillögur til breytinga á raforkulögum.

54. gr.

Ef raforkuráð verður eigi sammála um afgreiðslu máls til ríkisstjórnarinnar, skal það gera henni grein fyrir því, hvernig atkvæði féllu um málið í ráðinu, og er hverjum einstökum fulltrúa í ráðinu rétt að leggja fram sérálit í málinu, sem sendist með málsskjölum til ríkisstjórnarinnar.

55. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins, héraðsrafmagnsveitur ríkisins og raforkusjóður eru undanþegin tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

56. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins, héraðsrafmagnsveitur ríkisins og raforkusjóður eru undanþegin tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

57. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: lög um vatnsorkusérleyfi, nr. 46 1925, lög um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa, nr. 28 1932, lög um raforkuvirki, nr. 83 1932, lög um viðauka við og breytingar á lögum um raforkuvirki, nr. 38 1939, lög um rafveitur ríkisins, nr. 16 1942, og lög um raforkusjóð, nr. 91 1942; enn fremur öll önnur ákvæði eldri laga, sem koma í bága við ákvæði laga þessara.

58. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 564. Nefndarálit

um frv. til l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið ýtarlega á mörgum fundum. Flytur nefndin allmiklar breytingartillögur við það á sérstöku þingskjali.

Öll nefndin er sammála um það að mæla með samþykkt frumvarpsins, en verulegur ágreiningur er um sumar breytingartillögur nefndarinnar. Hafa nefndarmenn því óbundin atkvæði um breytingartillögur og áskilja sér einnig rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja annarra breytingartillögum.

Aðalágreiningur innan nefndarinnar felst í því, að einn nefndarmaður, Sigurður Guðnason, er því mótfallinn að taka nýbýlastjórn inn í frumvarpið, en vill hafa stjórn þessara mála á þá leið, sem í frumvarpinu er greint.

Alþingi, 15. marz 1946.

Jón Pálmason, form., frsm. Bjarni Ásgeirsson, fundaskr. Barði Guðmundsson.

Sigurður Guðnason. Jón Sigurðsson.

Nd. 565. Breytingartillögur

við frv. til laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Orðin „hafa með höndum“ falli burt.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Nýbýlastjórn er skipuð þremur mönnum, formanni, er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og tveimur meðstjórnendum, er landbúnaðarnefndir Alþingis kjósa hlutfallskosningu til sama tíma. Tveir varamenn skulu kosnir á sama hátt.
   Nýbýlastjórn ræður sér framkvæmdastjóra, er nefnist landnámsstjóri. Laun hans skulu vera söm og búnaðarmálastjóra.
3. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Landnámsstjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum eftir ákvörðun nýbýlastjórnar. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um framræktun lands til stofnunar einstakra nýbýla, byggðahverfa í sveitum og til nytja fyrir kauptún og kaupstaði. Einnig skal hann hafa yfirumsjón með þeim framkvæmdum, sem nýbýlastjórn hefur ákveðið að fengnu samþykki þeirra aðila, sem hlut eiga að máli.
   Búnaðarfélag Íslands, Nýbyggingarráð og Atvinnudeild háskólans skulu veita landnámsstjóra þá sérfræðilegu aðstoð, sem þeim er unnt.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin lætur eftir tillögum nýbýlastjórnar undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðahverfi í sveitum, einstök býli eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kauptún og kaupstaði.
   Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 2.5 millj. króna á ári næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1947.
5. Við 6. gr. Á eftir orðunum „til þessara nota“ orðist greinin svo: og einnig landspildur af einstökum jörðum, sem eru í sjálfsábúð og þær geta án verið. Eignar-

nám má þó því aðeins fara fram, að öll nýbýlastjórn sé því samþykk og fullreynt sé að dómi landbúnaðarráðherra, að samkomulag náist ekki um kaup á landinu.

6. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðinu „landnámsstjóri“ í fyrstu málsgr. komi: eftir tillögum nýbýlastjórnar.
   b. Á eftir orðunum „sem þar á að rísa“ komi: ef um byggðahverfi er að ræða.
   c. Síðasta málsgrein orðist svo:
      Áætlanir og rannsóknir landnámsstjóra skulu lagðar fyrir nýbýlastjórn til samþykktar, áður en framkvæmdir hefjast.
7. Við 8. gr.
   a. Orðið „fiskitúninu“ falli burt.
   b. Síðasta málsgrein orðist svo:
      Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, sker landbúnaðarráðherra úr.
8. Við 9. gr. Á eftir orðunum „til búskapar og afkomu“ orðist greinin svo: Nýbýlastjórn skal, ef óskir koma fram um það, semja við búnaðarsambönd eða bæjar- og sveitarfélög um að taka að sér frumræktun lands fyrir ákveðið gjald. Þau bæjar- og sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, skulu þó tryggja nægilegt fé til framkvæmdanna, að svo miklu leyti sem væntanlegur jarðræktarstyrkur hrekkur ekki til eftir áætlun Búnaðarfélags Íslands.
9. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Nýbýlastjórn er heimilt að semja við búnaðarsambönd eða ræktunarfélög, sem hafa sett sér jarðræktarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um að þau taki að sér að ræsa fram og undirbúa til ræktunar land þar, sem reisa á einstök býli. Þessi heimild skal þó aðallega notuð þar, sem hagkvæmt er að framkvæma verkið með fullkomnustu vélum.
10. Við 11. gr. Greinin orðist þannig:
    Nýbýlastjórn skipar þriggja manna nefnd í hverri sýslu. Skulu 2 þeirra tilnefndir af hlutaðeigandi búnaðarsambandi, en einn af nýbýlastjórn án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Skipun nefndarinnar gildir til 4 ára. Hlutverk hennar er að vera nýbýlastjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um val á landi til nýbýla og undirbúning að þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar eru samkvæmt lögum þessum. Einnig að hafa eftirlit með því, að fylgt sé ákvæðum og fyrirmælum laga og reglugerða, sem um þessi mál fjalla. Þá skal nefndin vera til aðstoðar og ráðuneytis þeim mönnum, er óska að reisa nýbýli eða ganga í byggðafélag, og þeim bændum, sem eigi fá aðstoð til bygginga samkvæmt ákvæðum laga þessara.
11. Við fyrirsögn III. kafla. Fyrirsögnin orðist svo: **Um byggingarsjóð.**
12. Við 12. gr. Framan við greinina bætist: Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður.
13. Við 14. gr.
    a. Fyrsta málsgrein orðist svo:
       Sjóðurinn veitir lán gegn veði í jörðum, lóðum, íbúðarhúsum og peningshúsum.
    b. Síðasta málsgrein orðist svo:
       Lánin mega vera það hæst, að samtals hvíli á jörðinni allt að 75% fasteignamatsverðs að viðbættu kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða. Reikninga um byggingarkostnað úrskurðar bankastjóri Búnaðarbankans.
14. Við 15. gr. Á milli orðanna „er“ og „heimilt“ í fyrsta málsl. bætist: henni.
15. Við 18. gr. Liður 2 falli burt. Liðatala breytist samkvæmt því.
16. Við 21. gr. Síðari málsgrein falli burt.
17. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
    Búnaðarbanki Íslands annast framkvæmdastjórn sjóðsins, og skal bankastjórinn ákveða allar lánveitingar hans. Um lánveitingar til nýbýla jafnt í byggða-

hverfum sem til einstakra býla skal hann fara eftir tillögum nýbýlastjórnar. Um lánveitingar til byggingar íbúðarhúsa á öðrum sveitabýlum skal bankastjóri hafa samráð við nýbýlastjórn eða framkvæmdastjóra hennar.

18. Við 23. gr. Upphaf 3. liðs greinarinnar orðist svo: Að nýbýlastjórn hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um, að býlið o. s. frv.
19. Við 24. gr. Fyrir orðin „sem algerlega nýja íbúð“ í endi greinarinnar komi: sé jafngilt nýrri íbúð.
20. Við 25. gr.
    a. Upphaf greinarinnar orðist svo: Ef nýbýlastjórn telur nauðsynlegt vegna skipulags byggðarinnar.
    b. Fyrir orðin „að tillögur hans séu teknar til greina“ komi: að það sé gert.
21. Við 26. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
    Þegar reist eru byggðahverfi á landi, sem ríkið hefur áður numið samkv. 4.—10. gr., skal landnámsstjóri í samráði við nýbýlastjórn gera áætlanir o. s. frv.
22. Við 27. gr. Fyrir „10 býli“ í upphafi greinarinnar komi: 5 býli.
23. Við 31. gr. Fyrir orðið „landnámsstjóra“ komi: nýbýlastjórnar.
24. Við 32. gr. Fyrir orðið „landnámsstjóri“ komi: nýbýlastjórn.
25. Við 35. gr.
    a. Fyrir „10 menn“ í upphafi greinarinnar komi: 5 menn.
    b. Fyrir orðið „landnámsstjóra“ komi: nýbýlastjórn.
26. Við 36. gr. Fyrir orðið „úrbyggt“ í síðasta málsl. komi: úrskipt.
27. Við 37. gr. Fyrir orðið „landnámsstjóra“ komi nýbýlastjórnar.
28. Við 38. gr. Fyrir orðið „Landnámsstjóri“ í upphafi síðari máls. komi: Nýbýlastjórn.
29. Við 39. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
    Heimilt er nýbýlastjórn að láta reisa nýbýli, eitt eða fleiri, á jörðum ríkisins, sem losna úr ábúð. Einnig er henni heimilt að kaupa lönd í sama skyni.
30. Við 41. gr. Fyrir orðið „landnámsstjóri“ á þrem stöðum í greininni komi: nýbýlastjórn.
31. Við 42. gr. Fyrir orðin „Trúnaðarmenn skipaðir af stjórn sjóðsins“ komi: Héraðsnefndir nýbýlastjórnar.
32. Við 43. gr. Aftan við greinina bætist: Sveitarstjórn hefur þó rétt til að ganga inn í forkaupsrétt Byggingarsjóðs, ef hún óskar þess. Um sölu óðalsjarða og ættarjarða fer samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943.
33. Inn í frumvarpið bætist nýr kafli, sem verður VIII. kafli, með sjö greinum (44.—50. gr.), svo hljóðandi (greina- og kaflatala á eftir breytist skv. atkvgr.):

VIII. KAFLI
Um teiknistofu.

a. (44. gr.). Stofnunin heitir Teiknistofa landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.
b. (45. gr.). Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán er veitt til úr Byggingarsjóði, Ræktunarsjóði eða öðrum opinberum sjóðum, sem til eru og stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins og veita lán til bygginga í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.
c. (46. gr.). Teiknistofan skal láta gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu til sveita og við sjó. Teiknistofan leitar aðstoðar íslenzkra listamanna og viðurkenndra hannyrðakvenna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til að fá þau sem smekklegust og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um

ræðir í 45. gr., svo og stjórnir byggingarfélaga verkamanna og samvinnubyggingarfélaga skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.

d. (47. gr.) Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðsskóla eða annars staðar til að annast smíði á húsgögnum og fleira, er að húsgagnagerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við húsgagnagerð.

e. (48. gr.). Teiknistofan skal veita bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndar uppdráttum af húsum og húsgögnum. Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.

f. (49. gr.). Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn. Forstöðumaður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

g. (50. gr.) Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán veita til húsbygginga í sveitum, sbr. 45. gr. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðirnir veita til byggingarinnar.

34. Við 44. gr. Greinin fellur niður.

35. Við 47. gr. (sem verður 53. gr.). Greinina skal orða svo:

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 58 frá 27. júní 1941, um landnám ríkisins, og lög nr. 108 frá 9. október 1941, um Byggingar- og landnámssjóð, ásamt breytingum á þeim lögum svo og öll önnur ákvæði eldri laga, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Ed. 566. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. marz 1946.

Bjarni Benediktsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.

Steingr. Aðalsteinsson. Lárus Jóhannesson.

Ed.

567. Nefndarálit

um frv. til laga um embættisbústaði héraðsdómara.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. marz 1946.

Bjarni Benediktsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson.
Steingr. Aðalsteinsson. Lárus Jóhannesson.

Nd.

568. Breytingartillögur

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Sigurði Bjarnasyni og Barða Guðmundssyni.

Við 2. gr. B.

1. Á eftir 7. lið komi nýr liður:
   Bæir á Snæfjallaströnd.
2. Á eftir 32. lið komi nýr liður:
   Reykjanes við Ísafjarðardjúp.

Sþ.

569. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð á láni til vatnsveitu Stykkishólms.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt till. á nokkrum fundum. Með því að neðri deild Alþingis hafði þ. 29. jan. f. á. samþykkt þál. um undirbúning löggjafar um vatnsveitur, þar sem ríkisstjórninni var falið að láta athuga og gera yfirlit um, hver af kauptúnum og kaupstöðum landsins búa við óviðunandi neyzluvatn og hvaða úrræði komi helzt til greina á hverjum stað, svo og að láta undirbúa fyrir yfirstandandi þing löggjöf um stuðning ríkisins við vatnsveitur fyrir þau kauptún og kaupstaði, sem eiga svo erfiða aðstöðu, að þeim er algerlega um megn að ráðast í slík fyrirætki af eigin rammleik, taldi nefndin rétt að bíða með afgreiðslu þáltill., þar til er einhverjar upplýsingar lægju fyrir um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þessum málum, t. d. hvort rannsóknum væri lokið og hvort þess væri að vænta, að slíkt frv., sem þál. frá f. á. gerir ráð fyrir, verði lagt fram svo snemma á þessu þingi, að vænta mætti, að það næði fram að ganga, áður en þingi yrði slitið. Einkum þótti n. þetta rétt, þar sem aðrar beiðnir um sams konar aðstoð einnig lágu fyrir þinginu, og vitað var, að fjöldi annarra kauptúna á landinu væri þurfandi fyrir slíka aðstoð.

Þegar sýnt var, að frv. um vatnsveitur mundi ekki verða lagt fram á þessu þingi og því síður fá þar afgreiðslu, reyndi n. að afla sér sem gleggstra upplýsinga í málinu, bæði að því er snertir væntanlega vatnsveitu Stykkishólms og annað, er snertir vatnsveitur almennt í kauptúnum landsins.

Samkvæmt upplýsingum frá vegamálastjóra, hefur hann, fyrir tilmæli ríkisstjórnarinnar, látið rannsaka þau atriði, sem þál. frá f. á. gerði ráð fyrir. Samkv. þeirri rannsókn er talið, að 11 kauptún með 4372 íbúum hafi fullnægjandi vatnsveitur, 15 kauptún með 8650 íbúum ófullnægjandi vatnsveitur, 6 kauptún með 1810 íbúum sérveitur í fleiri eða færri húsum og 11 kauptún með 3844 alls engar vatnsveitur, heldur aðeins brunna, og er Stykkishólmur eitt þeirra og einna verst statt um alla aðstöðu. Telur vegamálastjóri, að sumum kauptúnunum sé algerlega um megn að standa undir þessum kostnaði án aðstoðar ríkissjóðs, sérstaklega með ábyrgð á lánsfé eða jafnvel beinum styrkjum. Hann telur hins vegar rétt, að aðstoð ríkissjóðs sé eingöngu miðuð við stofnæðar, vatnsgeyma, rafmagnsdælur og djúpborun. Hann telur og, að athugun þessi leiði í ljós, að nauðsynlegt sé og réttmætt, að sett verði lög um aðstoð ríkissjóðs til þeirra kaupstaða og kauptúna, sem erfiðasta hafa aðstöðu. Vill n. leggja áherzlu á, að ríkisstjórnin láti hið allra fyrsta ljúka undirbúningi slíkrar löggjafar, svo mjög sem hennar er þörf.

Nefndin hefur einnig kynnt sér kostnaðaráætlun þá, sem vegamálastjóri gerði fyrir hreppsnefnd Stykkishólms í október 1944, yfir stofnæð vatnsveitunnar ásamt 100 smál. vatnsgeymi. Er þar gert ráð fyrir, að verkið allt kosti 650 þús. krónur, og af þeirri upphæð kostnaður á pípum, komnum á lagningarstað, 342 þús. krónur. Hefur hreppurinn þegar fest kaup á öllum pípunum, og liggja þær tilbúnar í Englandi til afhendingar. Samkv. gögnum, sem n. hefur einnig aflað sér, er kostnaður við pípurnar mjög í samræmi við áætlun vegamálastjóra. Þykir og líklegt, að heildarkostnaðurinn verði nálægt því, sem hann hefur áætlað, nema hvað nauðsynlegt þykir að stækka verulega vatnsgeyminn í þorpinu frá því, sem áætlað er, og eigi minna en upp í 3—400 smál., vegna vatnsnotkunar iðjuveranna. Hins vegar hefur engin áætlun verið gerð yfir kostnað við innanbæjarkerfið, en það mun kosta þó nokkuð mikið fé. Hafa þorpsbúar sjálfir safnað 70—80 þús. króna framlagi til þessa mannvirkis, sem þeim er svo mikil nauðsyn, að komið verði upp hið allra fyrsta.

Að fengnum þessum upplýsingum leit n. svo á, að nauðsynlegt væri að hækka ábyrgðarheimildina upp í 600 þús. og takmarka hana jafnframt við 85% af heildarkostnaði stofnæðarinnar til þorpsins ásamt inntaki og geymum. Þá þótti n. og rétt að leggja til, að sett yrði nokkur nánari skilyrði fyrir ábyrgðinni, og hefur það atriði verið rætt við fjármálaráðherra.

Þótt n. hefði kosið, að hægt hefði verið að geyma afgreiðslu þessa máls, þar til búið var að ganga frá heildarlöggjöf um vatnsveitur fyrir kauptún, fellst þún þó á, að málið sé svo aðkallandi, að því verði ekki slegið á frest, og leggur því til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast, gegn tryggingum, er hún metur gildar, allt að 600 þús. króna lán, er Stykkishólmshreppur tekur til þess að standast kostnað við vatnsveitu fyrir Stykkishólm, þó eigi yfir 85% af heildarkostnaði stofnæða, ásamt uppistöðu og vatnsgeymi, enda sé verkið framkvæmt undir eftirliti þess aðila, er ríkisstjórnin samþykkir.

Alþingi, 18. marz 1946.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Guðmundur Í. Guðmundsson, fundaskr.	Sig. Kristjánsson.
Skúli Guðmundsson.	Pétur Ottesen.	B. Kristjánsson.
Þórður Benediktsson.	Helgi Jónasson.	Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 570. Breytingartillaga

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 2. gr. 5. töluliður A. (Borgarnes) flytjist í B.-flokk og verði þar 6. töluliður. Röð töluliðanna breytist samkvæmt því.

Ed. 571. Frumvarp til laga

um Austurveg.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Nýjan veg skal leggja af Suðurlandsbraut hjá Lækjarbotnum um svo nefnd Þrengsli, um Lambafells- og Eldborgarhraun ofan við Hjalla, niður í Ölfus hjá Þurá um Ölfusmýrar að Selfossi.

Gagngerðar endurbætur skal gera á núverandi vegi frá Reykjavík að Lækjarbotnum.

2. gr.

Vegagerð alla samkvæmt 1. gr. skal miða við, að tryggðar verði sem hagkvæmast og með mestu öryggi samgöngur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Skal þess sérstaklega gætt um legu vegarins og gerð, að hann verjist sem bezt snjó.

3. gr.

Vegiņn skal fullgera með slitlagi úr steinsteypu.

4. gr.

Skal fyrst leggja kaflann frá vegamótum núverandi Suðurlandsbrautar í miðju Svínahrauni um Þrengsli að vegamótum Selvogsvegar hjá Þurá í Ölfusi.

Skal kafli þessi fyrst í stað gerður sem malarvegur.

5. gr.

Skal miða framkvæmdir við, að vegurinn verði allur fullgerður á næstu 6 árum, enda verði nægilegt vinnuafl fáanlegt svo og stórvirkar vinnuvélar.

6. gr.

Til framkvæmda samkvæmt lögum þessum heimilast ríkisstjórninni að taka lán allt að 20 millj. kr.

7. gr.

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og nefnast Austurvegur.

8. gr.

Núverandi þjóðvegur frá Svínahrauni neðanverðu og austur yfir Hellisheiði skal numinn úr tölu þjóðvega, þegar tilsvarandi kafli Austurvegar er fullger.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 25 23. júní 1932, um nýjan veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 572. Breytingartillögur

við frv. til l. um byggingu gistihúss í Reykjavík.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „gistihúsbyggingar í Reykjavík“ komi: gistihúsbygginga.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað „Gistihús það“ komi: Gistihús þau.
   b. Í stað „bæjarstjórn Reykjavíkur“ komi: bæjarstjórnir, hreppsnefndir.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað „gistihúsið“ á tveim stöðum í fyrri málsgrein, komi á báðum stöðunum: gistihúsin.
   b. Í stað „húsið“ í síðari málsgrein komi: húsin.
4. Við 4. gr.
   a. Í stað „gistihús þetta verður reist og rekið af hlutafélagi“ komi: gistihús þessi verða reist og rekin af hlutafélögum.
   b. Í stað „það hlutafélag“ komi: þau hlutafélög.
5. Við 5. gr. Greinin falli niður.
6. Við fyrirsögn frv. Fyrirsögnin verði:
   Frumvarp til laga um byggingu gistihúsa.

Nd. 573. Breytingartillögur

við frv. til laga um byggingu gistihúss í Reykjavík.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni heimilast að verja úr ríkissjóði allt að 10 — tíu — milljónum króna til gistihúsbygginga á landinu í samræmi við nánari fyrirmæli þessara laga. Fé þetta er ríkissjóði heimilt að taka að láni.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Nefnd fimm manna, kosin hlutfallskosningum í sameinuðu Alþingi, skal gera tillögur um staðsetningu og byggingu þessara gistihúsa og um fyrirkomulag á rekstri þeirra svo og um aðra starfsemi með tilliti til væntanlegs ferðamannastraums til landsins.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Tillögur nefndarinnar um byggingu gistihúsa og fyrirkomulag gistihúsarekstrar í landinu skal birta strax, er þær hafa hlotið samþykki ríkisstjórnar, og skal opinberlega gefa einstaklingum, félögum og stofnunum kost á að byggja samkvæmt þeim tillögum
   Nú fást slíkir aðilar ekki til þessa, og heimilast þá ríkisstjórninni að gangast fyrir stofnun hlutafélags eða hlutafélaga með öðrum aðilum til þess að reisa og reka gistihús samkvæmt tillögum þessum og að leggja framlag ríkisins samkv. 1. gr. fram sem hlutafé, þó ekki meira en þriðjung heildarupphæðar hlutafjárins í félaginu eða félögunum.
   Þó heimilast ríkisstjórninni að reisa ríkisgistihús á Þingvöllum, er verði eign ríkisins.

4. Við 4. gr. Fyrsti málsliður orðist svo:
   Verði gistihús þau, er hér um ræðir, reist og rekin af hlutafélagi eða hlutafélögum, skulu ákvæði hlutafjárlaga, nr. 77/1921, um stofnendur og takmörkun á atkvæðisrétti ekki gilda um þau hlutafélög.
5. Við 5. gr. Í stað orðanna „undir gistihúsið og því til afnota“ komi: undir gistihús þau, er hér um ræðir, og til afnota þeirra.
6. Fyrirsögn frv. skal orða svo:
   Frv. til laga um byggingu gistihúsa.

Ed. 574. Nefndarálit

um frumv. til l. um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 31. maí 1945. Allmikill dráttur hefur orðið á afgreiðslu málsins frá allsherjarnefnd, vegna þess að nefndin hefur ekki fengið upplýsingar, sem hún hafði óskað eftir, um það, hvort fullreynt hefði verið um samkomulag, áður en gripið var til að setja bráðabirgðalög um þetta efni. Nú vill nefndin ekki draga afgreiðslu málsins lengur, og þótt hún hafi ekki fengið fyrrnefndar upplýsingar, leggur hún til, að frumvarpið verði samþykkt. Einn nefndarmanna (BSt) er þó óbundinn af þessari afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. marz 1946.

Bjarni Benediktsson, formaður. Steingr. Aðalsteinsson, frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr.

Guðm. Í. Guðmundsson. Lárus Jóhannesson.

Ed. 575. Nefndarálit

um frumv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 29. júní 1945. Allmikill dráttur hefur orðið á afgreiðslu málsins frá allsherjarnefnd, vegna þess að nefndin hefur ekki fengið upplýsingar, sem hún hafði óskað eftir, um það, hvort fullreynt hefði verið um samkomulag, áður en gripið var til að setja bráðbirgðalög um þetta efni. Nú vill nefndin ekki draga afgreiðslu málsins lengur, og þótt hún hafi ekki fengið fyrrnefndar upplýsingar, leggur hún til, að frumvarpið verði samþykkt. Einn nefndarmanna (BSt) er þó óbundinn af þessari afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. marz 1946.

Bjarni Benediktsson, formaður. Steingr. Aðalsteinsson, frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr.

Guðm. Í. Guðmundsson. Lárus Jóhannesson.

Sþ. 576. Tillaga til þingsályktunar

um byggingarstyrk til flótabáts fyrir sunnanverðan Breiðafjörð, Hvammsfjörð og Gilsfjörð.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Þorsteinn Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði sem byggingarstyrk þriðjung kostnaðarverðs flóabáts, allt að 35 smál. að stærð, fyrir sunnanverðan Breiðafjörð, Hvammsfjörð og Gilsfjörð, enda samþykki samgöngumálaráðuneytið gerð bátsins og byggingarsamning.

Greinargerð.

Vélbáturinn „Baldur" hefur um alllangt skeið haldið uppi siglingum um sunnanverðan Breiðafjörð eftir áætlun og annazt póstferðir milli Stykkishólms, Flateyjar og Brjánslækjar. Báturinn, sem er 15 smálestir að stærð, er of lítill til þess að fullnægja þessum samgönguþörfum. Hyggjast eigendurnir því að láta smíða nýjan bát, er verði 35 smálestir.

Þegar fjárlög fyrir 1946 voru til meðferðar, sóttu eigendur Baldurs um 100 þús. kr. byggingarstyrk og enn fremur um hækkun á rekstrarstyrk upp í 70 þús., úr 28 þús., sem nú eru veittar í fjárlögum til Stykkishólmsbátsins. Rituðu þeir samgöngumálanefdum eftirfarandi greinargerð:

10. nóv. 45.

Um margra ára skeið hefur m/b „Baldur" annazt áætlunarferðir um sunnanverðan Breiðafjörð, Hvammsfjörð og Gilsfjörð. Bátur þessi er 15 smálestir, eign Kaupfélags Stykkishólms og Lárusar Guðmundssonar, sem jafnframt er skipstjóri á bátnum. Auk áætlunarferðanna hefur báturinn annazt póstferðir frá Stykkishólmi til Flateyjar og Brjánslækjar á Barðaströnd.

M/b Baldur er fyrir löngu orðinn of lítill til að fullnægja þörfinni — bæði um fólks- og vöruflutninga. Eigendur bátsins hafa því í hyggju að smíða nýjan bát á komandi vetri, er taki við áætlunar- og póstferðum. Er fyrirhugað, að bátur þessi verði 35 smálestir að stærð og með stórum betra farþegaplássi en bátur sá, er nú annast ferðirnar.

Vér verðum að játa, að aðbúnaður sá, er farþegar, sem nú fara 5 klst. sjóferð með m/b Baldur frá Stykkishólmi að Brjánslæk, er svo slæmur, að telja verður með öllu óviðunandi. Hér er því full þörf skjótra umbóta.

Stærð hins fyrirhugaða báts — 35 smálestir — er miðuð við það, að á flestum aðalviðkomustöðum bátsins eru bátabryggjur, sem bátur af þessari stærð getur lagzt að. Hins vegar geta stærri bátar ekki komizt upp að bryggjum þessum sökum grynninga. Mun þetta flýta mjög fyrir afgreiðslu bátsins og spara móttakendum varanna 60 til 70% af uppskipunarkostnaði. Er kostnaður þessi svo gífurlegur nú, þar sem skipa þarf upp á bátum, að hann nemur venjulega miklu hærri fjárhæð en farmgjöld varanna með strandferðaskipum.

Að sjálfsögðu getum vér ekki ráðizt í þessar framkvæmdir nema vér fáum mikla hækkun á árlegum styrk til flóabátsferða. Hins vegar teljum vér óvíst, að heildarframlag ríkissjóðs til sjósamgangna um Breiðafjörð þyrfti að hækka svo nokkru nemi. — Skulum vér leitast við að færa nokkur rök að því:

Á undanförnum stríðsárum hafa samgöngur á sjó til Breiðafjarðarhafna að mestu leyti verið reknar með 80—100 smálesta bátum. Hafa þá flestar þungavörur verið fluttar frá útlöndum til Reykjavíkur og umhlaðnar þar í báta þessa. Vissulega hafa bátar þessir verið Breiðfirðingum hjálparhella á undanförnum árum, en þeir eru þó á margan hátt óhentugir til flutninga, — enda upprunalega útbúnir sem fiskibátar, en ekki til vöru- eða farþegaflutninga.

Ríkissjóður hefur orðið að greiða mjög háa leigu fyrir umrædda báta. Samgöngur á sjó til Breiðafjarðar hafa þar af leiðandi kostað ríkissjóðinn mikið fé á síðustu árum.

Gera verður ráð fyrir, að viðskipti færist fljótlega í eðlilegt horf eftir stríðið, — þannig að flestar þungavörur verði fluttar beint frá útlöndum til Breiðafjarðar án þess þeim verði umskipað í Reykjavík. Mun þá hinn fyrirhugaði flóabátur vor flytja vörurnar frá Stykkishólmi til Gilsfjarðar- og Hvammsfjarðarhafna og víðar. Bátur þessi mun geta fullnægt algerlega flutningaþörfinni til Gilsfjarðar og að mestu leyti til Hvammsfjarðar. Einnig mun báturinn geta annazt vöruflutninga til ýmissa Snæfellsnesshafna að verulegu leyti.

Með þessu fyrirkomulagi má að mestu losna við leigubáta þá, sem gengið hafa til Breiðafjarðar að undanförnu. Hafa ferðir þeirra oft orðið mjög dýrar fyrir ríkissjóð og jafnframt óhentugar og kostnaðarsamar fyrir móttakendur varanna.

Bátur sá, er vér höfum í hyggju að láta smíða til áætlunarferða og póstferða, mun kosta 300 til 350 þúsund krónur. Rekstur slíks báts getur eigi borið sig nema verulegt framlag verði veitt úr ríkissjóði upp í stofnkostnað og að árlegur rekstrarstyrkur verði auk þess hækkaður mjög mikið.

Vér leyfum oss því að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það veiti oss byggingarstyrk til fyrirhugaðs flóabáts á fjárlögum ársins 1946, að upphæð kr. 100000.00, og enn fremur rekstrarstyrk á sömu fjárlögum, að upphæð kr. 70000.00.

Vér leyfum oss að vísa til álits hr. forstjóra Pálma Loftssonar um þörfina fyrir bát þennan. Munum vér senda honum teikningar og smíðalýsingar af bátnum mjög fljótlega.

Ef þess er óskað, þá getum vér útvegað umsagnir ýmissa manna, er veita verzlunum forstöðu umhverfis Breiðafjörð, um mál þetta.

Virðingarfyllst

pr. pr. Kaupfélag Stykkishólms
Sig. Steinþórsson
sign.

Lárus Guðmundsson
sign.

Til samgöngumálanefndar Alþingis, Reykjavík.

Samgöngumálanefndir töldu eigi fært að verða við þessari málaleitan að svo stöddu. Segir í nefndaráliti þeirra (þingskjal 270), að hugmyndinni sé of skammt á veg komið, en ætlazt til, að fullnaðarkönnun verði gerð um málið. Nú er lokið öllum nauðsynlegum undirbúningi. Nákvæmar teikningar og smíðalýsingar liggja fyrir. Til þess að þegar sé unnt að hefja framkvæmdir þessa nauðsynjamáls, er tillaga þessi flutt. Ef bíða ætti afgreiðslu næstu fjárlaga, mundi málið tefjast um eins árs bil.

Flm. hafa rætt mál þetta við hæstv. fjármálaráðherra og samgöngumálaráðherra. Enn fremur við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem mun láta þeirri nefnd, er fær málið í hendur, frekari upplýsingar í té. Eftir þessi viðtöl hafa flm. talið rétt, að tillagan ákveði þriðjungs framlag, en sé ekki bundin við tiltekna fjárhæð. Hækkun á rekstrarstyrk virðist hins vegar geta beðið næstu fjárlaga.

Nd. 577. Breytingartillaga

við frv. til laga um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

Frá Bjarna Ásgeirssyni, Jóni Sigurðssyni og Skúla Guðmundssyni.

Aftan við 1. tölul. 6. greinar bætist: Verðlagið skal ákveðið á hverjum tíma eftir vísitölu landbúnaðarvara, sem reiknuð er árlega af Hagstofu Íslands samkvæmt grundvelli sexmannanefndar, sbr. lög nr. 42 frá 14. apríl 1943.

Nd. 578. Frumvarp til laga

um orlofsheimili verklýðsfélaga.

Flm.: Sigurður Guðnason.

1. gr.

Þau verklýðsfélög, sem samþykkja að koma upp orlofsheimilum fyrir félagsmenn sína, skulu njóta þeirrar aðstoðar ríkissjóðs, er um getur í lögum þessum, enda uppfylli þau skilyrði laganna og þeirra reglugerða, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

2. gr.

Ríkissjóður skal árlega leggja fram 250000 kr. sem óendurkræfan styrk til byggingar orlofsheimila. Alþýðusamband Íslands skal ákveða, hvaða félög njóti styrks í hvert skipti.

Þó skal styrkur til hvers einstaks heimilis aldrei nema hærri upphæð en 25% stofnkostnaðar. Til stofnkostnaðar telst allur nauðsynlegur húsbúnaður.

3. gr.

Nú ákveður verklýðsfélag að byggja orlofsheimili samkvæmt lögum þessum, og skal það þá senda Alþýðusambandi Íslands uppdrátt af heimilinu ásamt kostnaðaráætlun. Að fengnum meðmælum Alþýðusambandsins skal ríkissjóður greiða styrk til byggingarinnar samkvæmt 2. gr. Jafnframt skal ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs ábyrgjast lán, sem viðkomandi verklýðsfélag tekur vegna byggingar orlofsheimilisins, allt að 50% stofnkostnaðar.

Þó skal samanlögð lánsupphæð, sem ríkissjóður ábyrgist, ekki vera hærri en 500000 kr. á ári.

4. gr.

Orlofsheimili, sem byggð eru samkvæmt lögum þessum, eru eign viðkomandi verklýðsfélaga. Skulu þau annast stjórn heimilanna og rekstur allan, þar með talið viðhald húsa og húsgagna.

5. gr.

Nánari fyrirmæli um gerð orlofsheimila og annað, er rekstur þeirra varðar, skulu sett í reglugerð, er stjórn Alþýðusambands Íslands setur að fengnum tillögum byggingarfróðs manns og birt skal í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur það mjög farið í vöxt, að bæjarbúar vilji nota þann frítíma, er þeir hafa frá störfum sínum, til að ferðast um sveitir landsins og dvelja um nokkurra daga skeið á heppilegum stöðum sér til hvíldar og hressingar. En skortur á viðeigandi gisti- og dvalarheimilum hefur mjög hindrað slík ferðalög alls þorra þess fólks, sem annars hefði viljað nota frítíma sinn á þennan hátt.

Heimavistarskólar sveitanna eru því nær einu stofnanirnar, sem hægt hefur verið að nota í þessum tilgangi, enda hefur aðsókn að þeim verið miklu meiri en móttökugeta.

Með gildistöku orlofslaganna 1943 jókst þörfin fyrir slík heimili um allan helming, þar sem ákveðið er, að hver verkamaður skuli hafa 12 daga orlof á ári. Það má segja, að nokkuð skiptist í tvö horn um það, hvernig orlofshafar vilja nota þennan frítíma. Margt af hinu yngra fólki vill ferðast um landið án þess að hafa

langar dvalir á sama stað. Aftur á móti vill fjöldi af hinum eldri verkamönnum dvelja mestallan leyfistímann á sama stað sér til hvíldar og hressingar.

Sum verklýðsfélög hafa þegar byrjað að skipuleggja slíkar orlofsferðir á hinn myndarlegasta hátt, en orðið að takmarka þá starfsemi mjög vegna skorts á gisti- og dvalarheimilum, og má þar með segja, að fjöldi orlofshafa sé því nær útilokaður frá því að geta notað frítíma sinn eins og æskilegast væri.

Þetta viðfangsefni verður án efa ekki leyst nema verklýðsfélögin sjálf taki forustuna. Enda hafa sum þeirra, t. d. Dagsbrún, byrjað starfsemi í þessa átt. Hins vegar stendur fjárskortur mjög í vegi fyrir framkvæmdum, og má því teljast fullkomlega eðlilegt, að hið opinbera ljái þessu máli stuðning, bæði með því að veita nokkurn styrk til slíkra heimila og ábyrgjast lán allt að helmingi stofnkostnaðar.

Til þess að slík orlofsheimili geti náð tilgangi sínum, þurfa þau að vera allvel útbúin. Í hverju heimili þyrftu að vera eldhús, borðsalur, lestrarsalur og svefnherbergi fyrir ákveðinn fjölda gesta. Gætu hin stærri verklýðsfélög skipulagt dvalir meðlima sinna þannig, að húsnæðið væri sífellt í notkun. Frá heimilunum mætti síðan skipuleggja stuttar skemmtiferðir um nágrennið ákveðna daga dvalartímans. Einnig mætti skipuleggja starfsemina þannig, að hópar, sem ferðast um landið, gætu dvalið um lengri eða skemmri tíma eftir atvikum á heimilum félaga í öðrum landshlutum.

Hér er um stórmikið menningarmál að ræða, að hjálpa því fólki, sem vinnur einhæfa vinnu svo að segja árið um kring, til að nota frítíma sinn þannig, að hann geti orðið því til sem mestrar andlegrar og líkamlegrar hressingar. Það má því teljast sanngjarnt, að ríkið veiti starfsemi sem þessari stuðning engu síður en byggingu íþróttahúsa og sundlauga, sem hvort tveggja fær stuðning frá íþróttasjóði. Hér er í raun og veru um hliðstæður að ræða, sem leggja má nokkuð að jöfnu.

Nd. 579. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

Við 4. tölulið 3. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú samþykkir stjórn Byggingarsjóðs að afla lánsfjár til byggingarframkvæmda með skuldabréfaútboði, og er Landsbankanum þá skylt að taka við bréfunum fyrir nafnverð, en síðan annast bankinn sölu þeirra. Ekki er bankanum þó skylt að kaupa samkvæmt þessu meira en svo af skuldabréfum byggingarsjóðs, að nemi 20 millj. króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um verkamannabústaði eru tvímælalaust þýðingarmesta löggjöf, sem Alþingi hefur sett til að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Skilningur almennings hefur farið hraðvaxandi á nytsemd þessarar löggjafar, og æ fleiri byggingarfélög hafa verið stofnuð á grundvelli hennar.

Byggingarsjóði verkamannabústaða hafa í samræmi við þetta borizt fleiri og stærri lánbeiðnir á þessu og síðasta ári en dæmi eru til áður, en aðstaða hans til lánsfjáröflunar hefur ekki batnað að sama skapi, og nú er svo komið, að heita má, að lögin um verkamannabústaði séu ekki framkvæmanleg, vegna þess að byggingar-

sjóðurinn getur ekki fengið þau lán, sem hann þarf og þar af leiðandi ekki veitt hinum einstöku félögum þau lán, sem þau þurfa til bráðnauðsynlegra framkvæmda.

Eins og nú standa sakir hefur byggingarsjóðurinn lofað einstökum byggingarfélögum lánum, sem næst 6 milljónum króna að upphæð. Hjá sjóðnum liggja óafgreiddar beiðnir sem hér segir:

til Neskaupstaðar	600000	kr.
— Hafnarfjarðar	1300000	—
— Sauðárkróks	770000	—
— Bolungavíkur	500000	—
— Siglufjarðar	2040000	—
Samtals	5210000	kr.

Kunnugt er, að stofnuð hafa verið byggingarfélög á Eskifirði, Eyrarbakka, Djúpavogi, Patreksfirði, Seyðisfirði, Bíldudal og í Búðahreppi, Frá öllum þessum félögum má búast við lánbeiðnum á hverri stundu, og ekki er hátt áætlað, að þær nemi samtals 5 milljónum króna.

Samkvæmt þessu má gera ráð fyrir, að innan skamms liggi fyrir hjá byggingarsjóðnum loforð um lán og lánbeiðnir, er nemi um 16 milljónum króna.

Til að mæta þessum þörfum, hefur byggingarsjóðurinn boðið út skuldabréfalán að upphæð 3.5 milljónir króna, en af þeim bréfum hefur til þessa ekki selzt nema sem svarar einni milljón. Við svo búið má ekki standa, það má ekki hindra framtak þeirra byggingarfélaga, sem eru reiðubúin að hefja byggingarframkvæmdir, en framtak þeirra verður hindrað, ef ekki verður undinn bráður bugur að því að tryggja byggingarsjóðnum nægileg lán. Beinasta og eðlilegasta leiðin er að leggja þjóðbankanum þá skyldu á herðar að innleysa skuldabréf sjóðsins, en að sjálfsögðu hefur bankinn aðstöðu til að selja þau aftur að meira eða minna leyti á frjálsum markaði.

Sjálfsagt er þó að takmarka þessa skyldu bankans, og þykir hæfilegt, að innlausnarskylda nái til allt að 20 milljóna kr.

Fyrir þinginu liggur nú frumvarp til laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Í þessu frumvarpi felst meðal annars endurskoðun á lögunum um verkamannabústaði. Frumvarp þetta var lagt fram í efri deild í desember s. l. og þá vísað til félagsmálanefndar. Nefndin hefur ekki skilað áliti um frumvarpið, og mun því enn verða nokkur dráttur á afgreiðslu þess. Í frumvarp þetta vantar ákvæði um lánsfjáröflun til handa byggingarsjóðum, en úr því mætti bæta í meðförum þingsins, en þó að það verði gert, er brýn og aðkallandi nauðsyn að gera ráðstafanir til að opna byggingarsjóðunum leiðir til fjáröflunar nú þegar, svo að ekki verði tafðar eða hindraðar þær byggingarframkvæmdir, sem byggingarfélögin hafa í hyggju að hefja á þessu vori. Það er því brýn þörf, að frumvarp þetta fái sem skjótasta afgreiðslu. Hver dagur er dýr þeim, sem á byggingarframkvæmdir hyggja í sumar, og húsnæðisvandræðin eru svo mikil, að Alþingi ber skylda til að greiða fyrir byggingu verkamannabústaða eftir því, sem mögulegt er.

Ed. 580. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 556 (Landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum).

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 4. Í stað orðanna „tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar Landssambands ísl. útvegsmanna“ komi: einn skipaður eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna.

Nd. 581. Nefndarálit

um frv. til l. um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frv. ýtarlega og haft samráð við fræðslumálastjóra, rektor Menntaskólans og Kristin yfirkennara Ármannsson. Leggur n. til, að frv. verði samþ. með breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. marz 1946.

Sigfús Sigurhjartarson, form. Gunnar Thoroddsen, fundaskr., frsm. Páll Þorsteinsson.

Sigurður Bjarnason. Barði Guðmundsson.

Nd. 582. Breytingartillögur

við frv. til l. um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Menntaskólar eru tveir, annar í Reykjavík, hinn á Akureyri. Stofna skal hinn þriðja í sveit, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.
   Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Í skólunum eru 4 ársbekkir. Greinast 3 efstu bekkirnir í 2 deildir: máladeild og stærðfræðideild. Heimilt er fræðslumálastjórn að stofna fleiri deildir við skólana samkvæmt tillögum hlutaðeigandi skólastjórnar.
3. Við 6. gr. Greinin falli niður.
4. Við 7. gr. 1. tölul. orðist svo:
   1. að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldursákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum.
5. Við 10. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Í skólunum skal kenna: íslenzku og íslenzk fræði, dönsku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sögu og félagsfræði, kristin fræði, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði og stjörnufræði, bókfærslu, íþróttir og söng.
6. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Í hverjum bekk skal að jafnaði halda próf í lok skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Árspróf veitir nemanda, er stenzt það, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan. Það getur verið lokapróf í einstökum greinum, eftir því sem fyrir verður mælt í reglugerð.
7. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.
   Menntaskólar einir hafa rétt til að brautskrá stúdenta.
   Ákvæði 2. málsgr. raskar ekki þeim réttindum, sem einstakir skólar hafa þegar fengið.
8. Við 13. gr. Í stað „samkvæmt tillögum“ komi: að fengnum tillögum.

9. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
Skólastjórar og fastir kennarar eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Leita skal áður umsagnar skólastjórnar.
Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn fastur kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild.
Skólastjórar ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna með samþykki fræðslumálastjórnar.
10. Við 17. gr. Greinin falli burt.
11. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjórn beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, á hann rétt á ársorlofi með fullum launum og síðan tíunda hvert starfsár á sama hátt og með sömu skilyrðum. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.
Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.
12. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
Fræðslumálastjórn er yfirstjórn skólanna.
Skólastjóri og fastir kennarar skipa skólastjórn, eftir því sem nánara er ákveðið í reglugerð.
13. Við 21. gr. Greinin falli burt.
14. Í stað VII., VIII. og IX. kafla komi svo hljóðandi

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Yfirstjórn skólanna skipar, í samráði við skólayfirlækni og skólastjóra, skólalækna til 5 ára í senn og ákveður þeim þóknun fyrir starfann.
Skólalæknar skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólunum.

20. gr.

Um skólatíma og leyfi, nemendur, reglu og aga skal ákveðið í reglugerð.
15. Greinatala og kafla breytist skv. atkvgr.

Nd. 583. Lög

um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 19. marz).

Samhljóða þskj. 530.

Nd. 584. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Einn nefndarmanna, Skúli Guðmundsson, taldi sig ekki samþykkan frumvarpinu. En aðrir nefndarmenn leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. marz 1946.

Stefán Jóh. Stefánsson, p. t. formaður. Ingólfur Jónsson, fundaskrifari, frsm. Einar Olgeirsson.

Hallgr. Benediktsson.

Ed. 585. Frumvarp til laga

um byggingu gistihúss í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að verja úr ríkissjóði allt að 5 — fimm — milljónum króna til gistihúsbyggingar í Reykjavík. Fé þetta er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

2. gr.

Gistihús það, sem um getur í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að reisa í félagi við bæjarstjórn Reykjavíkur, stofnanir, félög og einstaklinga.

3. gr.

Gistihúsið skal rekið fyrir reikning þeirra aðila, sem verða þátttakendur í því að reisa það. Ef hentara þykir, má þó leigja húsið út til gistihúshalds.

4. gr.

Ef gistihús þetta verður reist og rekið af hlutafélagi, skulu ákvæði hlutafélagalaga, nr. 77/1921, um stofnendur og takmörkun á atkvæðisrétti ekki gilda um það hlutafélag. Að öðru leyti gilda ákvæði téðra hlutafélagalaga nr. 77/1921, svo sem við verður komið.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi undir gistihúsið og því til afnota lóðir, hús og mannvirki á landsvæði í krika þeim vestan tjarnarinnar í Reykjavík, er takmarkast af tjörninni, Tjarnargötu og Skothúsvegi, ef samkomulag næst ekki um kaup. Fer þá um eignarnámið eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 586. Frumvarp til laga

um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkissjóður greiðir hluta af kostnaði við hafnargerðir og lendingarbætur á þeim stöðum, sem taldir eru í lögum þessum, og í þeim hlutföllum, sem þau ákveða, enda séu áætlanir um framkvæmdir allar samþykktar af samgöngumálaráðuneytinu, eignir og tekjur hafnar- eða lendingarbótasjóðs ekki fullnægjandi til þess að standa undir byggingu hafnarinnar eða lendingarbótanna og fé veitt til þess í fjárlögum.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til hafnargerða og lendingarbóta í þeim hlutföllum, sem segir í lögum þessum. Ef slík lán eru tekin erlendis, skal það gert í samráði við ráðuneytið, og er óheimilt að leita eftir slíku láni, nema samþykki ráðuneytisins komi til.

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar og innsiglingarmerki.

2. gr.

A. Ríkissjóður greiðir $^2/_5$ af kostnaði við hafnargerð eftirtalinna staða, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á $^3/_5$ af kostnaði við hafnargerðina, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.:

1. Akranes.
2. Akureyri.
3. Bíldudalur.
4. Bolungavík.
5. Borgarnes.
6. Búðareyri í Reyðarfirði.
7. Búðir í Fáskrúðsfirði.
8. Dalvík.
9. Djúpavík í Reykjarfirði.
10. Elliðaárvogur við Reykjavík.
11. Eskifjörður.
12. Flateyri í Önundarfirði.
13. Grafarnes í Grundarfirði.
14. Hafnarfjörður.
15. Hofsós.
16. Hrísey.
17. Hólmavík.
18. Húsavík.
19. Höfn í Hornafirði.
20. Ingólfsfjörður.
21. Ísafjörður.
22. Keflavík.
23. Neskaupstaður.
24. Ólafsfjörður.
25. Ólafsvík.
26. Patreksfjörður.
27. Raufarhöfn.
28. Reykjavík.
29. Sauðárkrókur.
30. Seyðisfjörður.
31. Siglufjörður.
32. Skagaströnd.
33. Stykkishólmur.
34. Suðureyri, Súgandafirði.
35. Vestmannaeyjar.
36. Þingeyri, Dýrafirði.
37. Þórshöfn.

B. Ríkissjóður greiðir helming kostnaðar við að gera lendingarbætur á eftirtöldum stöðum, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á hinum helmingnum af kostnaðinum við lendingarbæturnar, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.:

1. Alviðruvör.
2. Arnarstapi.
3. Árskógssandur.
4. Bakki í Arnarfirði.
5. Bönduós.
6. Borgarfjörður eystra.
7. Breiðdalsvík.
8. Brekka í Mjóafirði.
9. Búðardalur.
10. Bæir á Snæfjallaströnd.
11. Djúpivogur.
12. Drangsnes.
13. Eyrarbakki.
14. Flatey á Breiðafirði.
15. Flatey á Skjálfanda.
16. Fjörður í Múlahreppi.
17. Frambúðir á Snæfellsnesi.
18. Gerðar í Garði.
19. Gjögur í Reykjarfirði.
20. Grímsey.
21. Grunnavík.
22. Hafnarnes.
23. Hafnir.
24. Haganesvík.
25. Hagi á Barðaströnd.
26. Hauganes.
27. Haukadalur í Dýrafirði.
28. Hellissandur.
29. Hellnar á Snæfellsnesi.
30. Hnífsdalur.
31. Hvalneskrókur við Eystrahorn.
32. Hvalsker í Patreksfirði.
33. Hvammstangi.
34. Höfn í Bakkafirði.
35. Járngerðarstaðir.
36. Kaldrananes í Bjarnarfirði.
37. Kópasker.
38. Króksfjarðarnes.
39. Látrar í Aðalvík.
40. Látravík í Rauðasandshreppi.
41. Norðurfjörður.
42. Reykjanes við Ísafjarðardjúp.
43. Salthólmavík.
44. Sandgerði.
45. Selárdalur.
46. Selvogur.
47. Skálar á Langanesi.
48. Skarðsstöð.
49. Skipavík.
50. Stokkseyri.
51. Stöðvarfjörður.
52. Súðavík í Álftafirði.
53. Sæból í Aðalvík.
54. Tálknafjörður innan Sveinseyrar.
55. Vattarnes eystra.
56. Vogar.
57. Vopnafjörður.
58. Þorkötlustaðir í Grindavík.
59. Þorlákshöfn.
60. Örlygshöfn í Patreksfirði.

Fari heildarkostnaðaráætlun lendingarbóta, sem hér eftir verða gerðar á einhverjum stað, yfir 800 þúsund krónur, skal staðurinn teljast, að svo miklu leyti sem þar er umfram, til hafnar undir A-lið þessarar greinar og fá eftir það styrk og ábyrgð samkvæmt því.

3. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu og ábyrgð ríkissjóðs er, að hafnargerðin eða lendingarbæturnar séu framkvæmdar undir yfirumsjón vitamálastjóra eða annars manns, sem samgöngumálaráðherra samþykkir.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfnina eða lendingarbæturnar, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til þess að leyfa, að tekið verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin eða lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnar- eða lendingarbótasjóði, þeim er hlut á að máli. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en það skal gera innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmatið greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef mats-

upphæðinni verður ekki breytt meir en nemur 10 af hundraði af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hlutaðeigandi hafnar- eða lendingarbótasjóði.

5. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar eða þess svæðis, sem lendingarbæturnar ná til, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka nema samkvæmt tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar og með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Beiðni um að gera slík mannvirki skal senda hafnar- eða lendingarbótanefnd, er sendir hana áfram til hlutaðeigandi sveitarstjórnar með tillögum sínum.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Sé leyfið eigi notað innan 2 ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að framkvæma mannvirkið eftir þann tíma, nema nýtt leyfi komi til.

Heimilt er að nema í burtu án endurgjalds bryggju eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð í 5 ár eða lengur.

Brot gegn þessari grein varða sektum, allt að 10 þús. krónum, og getur stjórn hafnar- eða lendingarbótamála látið nema á burt á kostnað eiganda mannvirki, sem byggt er í óleyfi eða án þess að settum skilyrðum sé fylgt.

6. gr.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur á hendi stjórn málefna hafnarinnar eða lendingarbótanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, en skal fela framkvæmd þeirra mála þriggja eða fimm manna nefnd. Í reglugerð skal setja ákvæði um kosningu nefndarmanna, tölu þeirra og starfssvið.

7. gr.

Eignum hafnar- eða lendingarbótasjóðs má einungis verja í þarfir hafnarinnar eða lendingarbótanna. Hlutaðeigandi sveitarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

8. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnar- eða lendingarbótasjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjum ársins, sem í hönd fer, að endurnýja lán eða fresta greiðslu þeirra. Enn fremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að hefja framkvæmd mannvirkja við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar nægi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

9. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnargerðina eða lendingarbæturnar og til árlegs rekstrarkostnaðar er heimilt að leggja gjöld á skip þau og báta, er nota höfnina eða lendingarbæturnar, svo og á vörur þær, er þau flytja, þar með talinn afli, er þau leggja á land. Enn fremur gjöld fyrir afnot annarra tækja hafnarinnar, sbr. 1. gr. Gjöld þessi séu ákveðin í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar þeirrar, er hlut á að máli.

Herskip og skemmtiferðaskip eru undanþegin þessum gjöldum.

Enn fremur er heimilt að ákveða í reglugerðinni, að árlegt afgjald skuli greiða af bryggjum eða mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.

Heimilt er að innheimta gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs, þegar byrjað er á framkvæmdum hafnarmannvirkja.

Öll þessi gjöld má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt sem opinber gjöld.

10. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs og lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

11. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnar- eða lendingarbótanefnd að hafa samið og lagt fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnar- eða lendingarbótasjóðs á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

12. gr.

Nú eru í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðuneytisins þarf til, og skal þá hlutaðeigandi sveitarstjórn senda ráðuneytinu tillögu um það svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins verði fengið, áður en sveitarstjórn gengur endanlega frá fjárhagsáætlun hafnar- eða lendingarbótasjóðs.

13. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir utan fjárhagsáætlunar eða fara fram úr tilteknum fjárhæðum án samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar og samgöngumálaráðuneytisins.

14. gr.

Halda skal reikning yfir allar tekjur og öll gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal gera reikning yfir tekjur og gjöld og efnahagsreikning hafnar- og lendingarbótasjóðs á sérstök eyðublöð, er ráðuneytið lætur gera fyrir hafnar- og lendingarbótasjóði.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikning hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs, og skal jafnan senda ráðuneytinu afrit af reikningunum þannig.

15. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði, sem gilda fyrir hverja höfn eða lendingarbótasvæði fyrir sig. Skal í henni kveða á um stjórn hafnar- eða lendingarbótasjóðs, umferð og góða reglu, ákveða gjöld samkvæmt 9. gr. laga þessara, ákveða takmörk hafnarinnar eða þess svæðis, er lendingarbæturnar ná til, og annað, er þurfa þykir.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni allt að 10000 krónum, og renna þær sektir í þann hafnar- eða lendingarbótasjóð, er hlut á að máli.

Reglugerðir um hafnir samkv. lögum, sem numin eru úr gildi með ákvæðum 17. gr., skulu færðar til samræmis við þessi lög innan eins árs frá gildistöku þeirra.

16. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

17. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Hafnarlög fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915, ásamt lögum nr. 75 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 30 14. júní 1929, ásamt lögum nr. 12 13. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 34 19. júní 1922, ásamt lögum nr. 12 24. marz 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, ásamt lögum nr. 49 23. júní 1932, lögum nr. 36 19. júní 1933, og lögum nr. 11 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 10 24. marz 1944. Þó skulu ákvæði 6. gr. þeirra laga standa áfram í fullu gildi.

Hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóv. 1913, ásamt lögum nr. 63 3. nóv. 1915, lögum nr. 29 31. maí 1927, lögum nr. 39 7. maí 1928, lögum nr. 34 14. júní 1929, lögum nr. 58 19. maí 1930 og lögum nr. 36 23. júní 1932, um breytingar og viðauka við þau lög.

Hafnarlög fyrir Akranes, nr. 23 20. maí 1942, ásamt lögum nr. 2 12. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Bolungavík, nr. 11 24. marz 1944.

Lög nr. 66 8. sept. 1931, um hafnargerð á Dalvík, og lög nr. 79 7. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Grundarfjörð, nr. 88 15. sept. 1942.

Lög nr. 24 13. jan. 1938, um hafnargerð á Hofsósi.

Hafnarlög fyrir Hrísey, nr. 10 24. jan. 1945.

Lög nr. 38 19. júní 1933, um hafnargerð á Húsavík, ásamt lögum nr. 45 14. apríl 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Keflavík, nr. 23 25. des. 1943, ásamt lögum nr. 14 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942, ásamt lögum nr. 71 30. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ólafsfjörð, nr. 68 28. des. 1944.

Lög nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík, ásamt lögum nr. 55 28. jan. 1935 og lögum nr. 12 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Patreksfjörð, nr. 67 4. júlí 1942.

Lög nr. 68 11. júní 1938, um hafnargerð á Raufarhöfn, ásamt lögum nr. 97 14. maí 1940, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 65 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki, ásamt lögum nr. 11 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd, ásamt lögum nr. 49 28. jan. 1935 og lögum nr. 77 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 24 12. febr. 1940, um hafnargerð í Stykkishólmi.

Lög nr. 23 13. jan. 1938, um hafnargerð á Suðureyri.

Lög nr. 30 13. júní 1937, um hafnargerð á Þórshöfn.

Lög nr. 24 26. febr. 1943, um lendingarbætur í Bakkagerði í Borgarfirði.

Lög nr. 24 15. júní 1926, um bryggjugerð í Borgarnesi.

Lög nr. 13 24. marz 1944, um lendingarbætur í Breiðdalsvík.

Lög nr. 69 28. des. 1944, um lendingarbætur á Djúpavogi.

Lög nr. 45 8. sept. 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakka, ásamt lögum nr. 31 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 42 23. febr. 1945, um lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.

Lög nr. 37 15. febr. 1945, um lendingarbætur í Grunnavík.

Lög nr. 14 24. marz 1944, um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu.

Lög nr. 89 16. des. 1943, um lendingarbætur í Hnífsdal.

Lög nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð í Hornafirði, ásamt lögum nr. 22 26. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 50 10. okt. 1944, um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð.

Lög nr. 113 20. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík, ásamt lögum nr. 13 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 55 12. okt. 1944, um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík.

Lög nr. 70 28. des. 1944, um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi.

Lög nr. 90 25. sept. 1942, um lendingarbætur á Skálum.

Lög nr. 65 4. júlí 1942, um lendingarbætur í Skipavík.
Lög nr. 22 20. maí 1942, um lendingarbætur á Stokkseyri.
Lög nr. 88 16. des. 1943, um lendingarbætur í Stöðvarfirði.
Lög nr. 53 12. okt. 1944, um lendingarbætur við Sæból í Aðalvík.
Lög nr. 44 14. apríl 1943, um lendingarbætur á Vattarnesi við Reyðarfjörð.
Lög nr. 97 16. des. 1943, um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.
Lög nr. 53 14. júní 1929, um lendingarbætur í Þorlákshöfn.
Lög nr. 26 12. febr. 1945, um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík.
Lög nr. 51 10. okt. 1944, um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð.

Sþ. 587. Þingsályktun

um ávarpsheiti kvenna og karla.

(Afgreidd frá Sþ. 19. marz).

Samhljóða þskj. 408.

Nd. 588. Breytingartillögur

við frv. til l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá Sigurði Guðnasyni.

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo.:
   Landnám þetta skal fara fram á landi, sem er eign ríkis, bæjar-, sveitar- eða byggðarfélaga. Keypt skal land í þessu skyni, þar sem þess gerist þörf, og er heimilt að taka þær jarðir eða hluta úr jörðum, sem ekki næst samkomulag um kaup á, eignarnámi til þessara nota.
2. Við 28. gr. Síðari hluti greinarinnar orðist svo: Til bygginganna fær hann lán úr Byggingarsjóði handa hverju býli í hverfinu. Lánið skal vaxta- og afborgunarlaust þann tíma, sem það er á hendi landnámsstjóra. Þegar um kaup er að ræða, skal kaupandinn taka lán þetta að sér og skal við móttöku greiða lánið niður um minnst 25% af byggingarkostnaði. Sé um leigu að ræða, telst ábúandi eigandi þeirra bygginga og annarra framkvæmda, er hann sjálfur framkvæmir.

Nd. 589. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Enn fremur skulu jeppbifreiðar, sem aðallega eru notaðar við landbúnaðarstörf, undanþegnar þessum skatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir því, að til landsins verði fluttar svonefndar jeppbifreiðar, sem eingöngu eru ætlaðar bændum til heimilisnota og landbúnaðarstarfa. Bifreiðar þessar munu vera mjög hentugar við ýmiss konar landbúnaðarstörf. Eru því margar umsóknir komnar frá bændum víðsvegar um landið um þessar bifreiðar. Þótt bifreiðarnar séu mjög dýrar, sækjast bændur eftir þeim í von um að geta með því móti haldið framleiðslunni áfram þrátt fyrir fólkseklu og ýmsa fleiri erfiðleika. Rekstur bifreiðar yfirleitt er mjög dýr. Skattar eru miklir á þeim, og mun landbúnaðarframleiðslan tæplega þola slík útgjöld. Það er ekki heldur nein sanngirni í því að innheimta bifreiðaskatt af bifreið, sem aðallega er notuð við heimilið í þágu framleiðslunnar, svo sem jarðvinnslu, heyskap og annað snertandi landbúnaðinn. Það má ekki eiga sér stað að skattleggja þessar bifreiðar, og þess vegna er frumvarp þetta flutt.

Sþ. 590. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á láni til vatnsveitu Stykkishólms.

(Afgreidd frá Sþ. 19. marz.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast, gegn tryggingum, er hún metur gildar, allt að 600 þús. króna lán, er Stykkishólmshreppur tekur til þess að standast kostnað við vatnsveitu fyrir Stykkishólm, þó eigi yfir 85% af heildarkostnaði stofnæða, ásamt uppistöðu og vatnsgeymi, enda sé verkið framkvæmt undir eftirliti þess aðila, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nd. 591. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er lagt fyrir þingið til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 2. ágúst s. l. Með þeim brbl. var framlengd heimild ríkisstjórnarinnar til að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu um eins árs skeið, frá 15. sept. 1945 að telja, en heimild sú, sem stjórninni var veitt til slíkra ráðstafana með lögum nr. 58 frá 3. marz 1945, gilti ekki lengur en til 15. sept. 1945.

Í lögunum nr. 58 frá 3. marz 1945, um breyt. á l. um dýrtíðarráðstafanir, var lagt fyrir ríkisstjórnina að „kosta kapps um, að verðlagsvísitalan fari ekki yfir 272 stig". Þessi samþykkt Alþingis hefur ekki borið þann árangur, sem til var ætlazt, því að vísitalan er fyrir löngu komin í 285 stig, þrátt fyrir áframhaldandi fjárgreiðslur úr ríkissjóði og aðrar ráðstafanir, sem ágreiningi hafa valdið, en gerðar hafa verið í því skyni að halda vísitölunni niðri. Ein af þeim ráðstöfunum var sú, að skipa búnaðarráð, svipta bændastéttina þannig möguleikum til þess að verðleggja afurðir sínar og láta síðan ákvarða verðlag landbúnaðarafurða á s. l. hausti lægra en réttmætt var, miðað við tekjur annarra landsmanna, og fella jafnframt niður greiðslu útflutningsuppbóta.

Um síðustu áramót var svo komið, að fjárgreiðslurnar úr ríkissjóði og aðrar ráðstafanir, sem gerðar höfðu verið til að koma í veg fyrir enn frekari hækkun vísitölunnar, nægðu eigi til þess, að aðalatvinnuvegir landsmanna gætu haldið rekstri sínum áfram. Bátaútvegurinn var þá orðinn svo aðþrengdur vegna dýrtíðarinnar, að stöðvun hans vofði yfir, nema dregið væri úr tilkostnaði við reksturinn eða verðlag á afurðunum hækkað. Ríkisstjórnin tók þá þann kost að gefa eigendum hraðfrystihúsanna fyrirheit um verðuppbót úr ríkissjóði, ef ekki fengist hækkun á söluverði á hraðfrystum fiski, gegn því að þeir borguðu 5 aurum meira en áður fyrir hvert kg af nýjum fiski. Jafnframt lofaði stjórnin, að ríkissjóður skyldi kaupa 5000 tonn af saltfiski, eða ábyrgjast sölu á því magni, fyrir ákveðið verð.

Það skal ekki dregið í efa, að bátaútvegsmenn hafi um síðustu áramót haft fulla þörf fyrir þessar ráðstafanir, vegna síhækkandi útgerðarkostnaðar, en það er þegar séð, að þær hrökkva skammt. Hlutur bátaútgerðarmanna og fiskimanna er lakari en viðunandi getur talizt, enda hefur reynzt örðugt að fá sjómenn á bátaflotann og útgerð margra báta fallið niður af þeim sökum. Síðan þessar ráðstafanir voru gerðar, hefur líka enn orðið hækkun á kaupi landverkamanna í stærstu kaupstöðunum, sem leiðir af sér aukna dýrtíð. Kemur sú dýrtíðarhækkun nú þegar niður á útvegs- og fiskmönnum og öðrum framleiðendum og þó meira síðar.

Þegar svo er komið, að sjávarútvegurinn, sem leggur til meginhlutann af útflutningsvörum þjóðarinnar, þarf að fá fyrirheit um ríkisábyrgðir á verði útfluttra afurða til þess að framleiðslan stöðvist ekki, enda þótt stríðsverð sé enn á útflutningsvörunum, ætti mönnum að vera ljóst, að ekki verður lengur hjá því komizt að draga úr verðbólgunni og þar með kostaðinum við atvinnureksturinn. Þegar millilandaviðskiptin færast í eðlilegt og frjálst horf, er ómögulegt fyrir þá þjóð, sem býr við margfalt hærri framleiðslukostnað en aðrar, að standast samkeppni á heimsmarkaðinum. Nágrannaþjóðir okkar auka nú fiskveiðar af kappi og standa miklu betur að vígi vegna minni tilkostnaðar.

En dýrtíðin bitnar ekki eingöngu á sjávarútveginum, heldur lamar hún einnig aðrar atvinnugreinar landsmanna. Eins og áður er að vikið, hefur verðlagsnefnd landbúnaðarafurða, sem kosin er af hinu stjórnskipaða búnaðarráði, skammtað bændum lægra verð fyrir afurðirnar en þeim ber, samkvæmt vísitölu landbúnaðarvara, og stendur landbúnaðurinn því höllum fæti. Iðnaðurinn getur ekki þrifizt nema með innflutningshöftum eða verndartollum. Flutningsgjöld fyrir vörur með íslenzkum skipum eru margfalt hærri en hjá öðrum þjóðum, og verður það til að lækka verð á útflutningsvörum, en hækka verð á þeim aðfluttu.

Fleiri dæmi mætti nefna um óheillavænlegar afleiðingar verðbólgunnar. Fjárlög fyrir árið 1946 voru afgreidd með 18 millj. króna greiðsluhalla, og stöðugt er verið að samþykkja ályktanir og frumvörp á Alþingi, sem hafa í för með sér aukin útgjöld. Liggur því í augum uppi, að það er ríkissjóði um megn að halda áfram niðurgreiðslum á vöruverði, en þessi útgjöld þyngjast stöðugt, eftir því sem lengra líður, án þess að ráðstafanir séu gerðar til þess að þeim verði af létt. Jafnframt verður sífellt örðugra viðfangs að draga úr verðbólgunni, eftir því sem meira fé er fest í byggingum og öðrum framkvæmdum með hæsta styrjaldarverði.

Hér þarf því án tafar að taka nýja stefnu: Ráðast gegn verðbólgunni og tryggja þannig heilbrigðan atvinnurekstur í landinu og bæta afkomu ríkissjóðs.

Það er sameiginlegt hagsmunamál framleiðenda og launamanna, að ráðstafanir verði gerðar til að draga úr verðbólgunni, enda fjölgar þeim stöðugt, sem viðurkenna nauðsyn þess. Það er nú þegar játað af mörgum launamönnum og stéttarfélögum, að aukinn kaupmáttur peninganna sá þeim meira virði en kauphækkanir, sem svo að segja jafnóðum eyðast í flóði dýrtíðarinnar. Glöggt dæmi um skaðsemi verðbólgunnar eru áhrif hennar á kostnað við húsabyggingar og á húsaleiguna. Talið er, að verð tveggja herbergja íbúðar í nýjum húsum í Reykjavík sé nú 60—70 þúsund krónur, og leiga fyrir íbúðir af þeirri stærð er metin um 6000 kr. á ári. Þriggja herberga íbúðir munu kosta 90—100 þúsund krónur, og ársleiga fyrir slíka

íbúð í nýju húsi er metin 9—10 þús. kr. Verkamaður í Reykjavík, sem vinnur 8 klst. daglega alla virka daga ársins og tekur kaup samkvæmt þeim kaupgjaldssamningi, sem nýlega var gerður milli verkamanna og vinnuveitenda, þarf að borga rúmlega helming tekna sinna í húsaleigu, ef hann býr í þriggja herbergja leiguíbúð í nýju húsi. Og stöðugt fjölgar þeim, sem þurfa að búa við þessa háu húsaleigu, en hún er ekki nema að litlu leyti tekin til greina við útreikning á vísitölu framfærslukostnaðar.

Af öllu þessu má augljóst verða, að sívaxandi misrétti og öngþveiti leiðir af dýrtíðinni, og alltaf koma betur og betur í ljós hinar skaðlegu verkanir hennar fyrir aðalatvinnuvegina og almenning í landinu. Í skjóli verðbólgunnar dafnar margs konar brask og óholl fjármálastarfsemi, sem í aðalatriðum stefnir í þá átt að auðga þá ríku, en gera þá fátæku fátækari en áður.

Allar stéttir þjóðfélagsins þurfa að taka þátt í ráðstöfunum til að lækka dýrtíðina í sanngjörnum hlutföllum. Það eitt er ekki nóg að lækka vöruverð innanlands og kaupgjald að krónutölu, heldur þarf einnig jafnframt að taka til opinberra þarfa hæfilegan hluta af þeim stórgróða, sem myndazt hefur á stríðsárunum, en til þeirrar framkvæmdar er óhjákvæmilegt að gera yfirlit um alla fjármuni í landinu og eigendur þeirra. Slíkar ráðstafanir hafa verið gerðar annars staðar nú í stríðslokin.

Um leið og ráðstafanir verða gerðar til þess að minnka dýrtíðina í landinu, eftir því sem þörf krefur til þess að aðalatvinnuvegir landsmanna geti vel þrifizt, án þess að fé sé varið úr ríkissjóði til þess að halda niðri vöruverði innalands eða borga útflutningsuppbætur, þarf að koma launa- og kaupgjaldsmálunum á þann grundvöll, að laun og kaupgjald miðist við framleiðslutekjur þjóðarinnar á hverjum tíma. Þetta þarf að gera til þess að tryggja nauðsynlegt samræmi í tekjum launamanna og framleiðenda, eðlilegan jöfnuð og réttlæti í skiptingu þjóðarteknanna. Með því móti verður bezt tryggt heilbrigt atvinnulíf í landinu og komið í veg fyrir atvinnuleysi. Haustið 1944 var ríkisstjórninni falið, með ályktun Alþingis, að láta reikna út framleiðslutekjur þjóðarinnar ár hvert, og mun hagstofan nú vera að vinna að þeim útreikningum eftir fyrirlagi ríkisstjórnarinnar. En slíkar skýrslur um árlegar tekjur landsmanna af vöruframleiðslunni er nauðsynlegt að gera, til þess að unnt sé að miða laun og kaupgjald við framleiðslutekjurnar.

Þeir sjúkdómar í fjármála- og atvinnulífinu, sem verðbólgan veldur, verða því örðugri viðfangs sem lengur er frestað að grafa fyrir rætur þeirra. Þetta hefði þurft að gerast fyrr, en samkomulag hefur ekki orðið um nauðsynlegar aðgerðir. Eins og nú er komið, verða raunverulegar og varanlegar dýrtíðarráðstafanir ekki gerðar án þess að þær hafi verið rækilega undirbúnar, og tel ég því rétt, að enn sé gerð tilraun til að fá ákvörðun Alþingis um, að sá undirbúningur verði hafinn og hraðað eftir föngum. Legg ég til, að skipuð verði 5 manna nefnd til að athuga og gera tillögur um lækkun dýrtíðarinnar, og skili nefndin áliti sínu og tillögum eigi síðar en 1. ágúst næstk.

Ég ber því fram við frv. eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Á eftir 2. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

Skipa skal 5 manna nefnd á þann hátt, að hagstofustjóri er sjálfkjörinn, og er hann formaður nefndarinnar, en 4 nefndarmanna eru tilnefndir af þingflokkunum, einn frá hverjum.

Verkefni nefndar þessarar er að athuga og gera tillögur um lækkun dýrtíðar í landinu, með þátttöku allra þjóðfélagsstétta, meðal annars með lækkun á verði innlendra neyzluvara, lækkun kaupgjalds, verzlunarkostnaðar, farmgjalda, byggingarkostnaðar og iðnaðarvara. Jafnframt geri nefndin tillögur um framkvæmd þess að miða laun og kaupgjald við tekjur þjóðarinnar af vöru-

framleiðslu. Þá skal nefndin og gera tillögur um sérstakt allsherjarframtal eigna í landinu og álagningu skatta á stórgróða, sem orðið hefur hjá skattskyldum aðilum á stríðsárunum.

Nefndin getur ráðið sér sérfróða aðstoðarmenn eftir þörfum, og greiðist kostnaður af því svo og annar kostnaður við nefndina úr ríkissjóði.

Nefndin skili áliti sínu og tillögum fyrir 1. ágúst 1946.

2. Fyrirsögn frv. verði:
Frv. til laga um dýrtíðarráðstafanir.

Alþingi, 20. marz 1946.

Skúli Guðmundsson.

Ed. 592. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 2. gr. a-lið. Mgr. orðist svo:
Á eftir orðunum „stéttarfélag verkfræðinga hér á landi" í 1. mgr. 2. gr. laganna komi: og verkfræðideild Háskóla Íslands.
2. Við 2. gr. b-lið. Á eftir orðunum „verkfræðingar hér á landi" í meginmálsgreininni komi: og verkfræðideild Háskóla Íslands.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Á eftir orðunum „stéttarfélag húsameistara hér á landi" í 1. mgr. 4. gr. laganna komi: og verkfræðideild Háskóla Íslands.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Í stað orðanna „ef til er, en ef það félag er ekki til, þá af Verkfræðingafélagi Íslands" í niðurlagi 1. mgr. 6. gr. laganna komi: og verkfræðideild Háskóla Íslands.

Nd. 593. Breytingartillaga

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Við 2. gr. B. Nýir töluliðir:
1. Drangar á Skógarströnd.
2. Beruvík.

Sþ. 594. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð á láni til vatnsveitu og holræsagerðar í Keflavík.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa og leggur til, að hún verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 1500 þús. kr. lán til vatnsveituframkvæmda og hol-

ræsagerðar í Keflavík, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði við verkið, enda sé yfirumsjón þess falin aðila, er ríkisstjórnin samþykkir.

Alþingi, 19. marz 1946.

Gísli Jónsson, form.	Pétur Ottesen, frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.
Skúli Guðmundsson.	Sig. Kristjánsson.	B. Kristjánsson.
Helgi Jónasson.	Þórður Benediktsson.	Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 595. Frumvarp til laga

(Eftir 2. umr. í Ed.).

um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera og starfrækja á sinn kostnað hafnarmannvirki í Keflavíkur og Njarðvíkurhreppum innan línu, sem dregin er stytztu leið milli Vatnsness og Hákotstanga; að öðru leyti skulu takmörk hafnarinnar ákveðin í reglugerð. Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra. Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar, sem notaðar eru við byggingu hafnarinnar eða til fermingar og affermingar í höfninni, lönd, sem höfninni eru nauðsynleg vegna bygginga mannvirkjanna, starfrækslu þeirra eða annars, er nauðsynlegt má teljast fyrir fjárhagsafkomu hafnarinnar, einnig allar nauðsynlegar leiðslur, svo sem vatns- og rafmagnsleiðslur, holræsi o. fl.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 10 millj. króna, er endurgreiðist að ⅓ úr ríkissjóði og að ⅔ úr hafnarsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir að ⅔ hlutum stofnkostnaðarins, auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs, á verði, er hann telur sanngjarnt, núverandi hafnarmannvirki í Keflavík og Njarðvíkum, svo og allt það land, er liggur að hinu fyrirhugaða hafnarsvæði og svo langt út frá því, sem hann og hafnarstjórn telja nauðsynlegt vegna rekstrar hafnarinnar, byggingar mannvirkja, efnisöflunar og hækkandi verðlags, sem beinlínis má vænta, að verði á landinu vegna byggingar mannvirkjanna. Núverandi hafnarmannvirki má þó aldrei kaupa hærra verði en sem nemur byggingarkostnaði að frádregnu framlagi ríkissjóðs.

Heimilt er ráðherra að fresta byggingu hafnarinnar að nokkru eða öllu leyti, þar til samningar hafa tekizt um kaupin.

4. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra án tilnefningar, og 4 meðstjórnendur, tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar Landssambands ísl. útvegsmanna og tveir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórna Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppa, sinn úr hvorum hreppi.

Laun hafnarstjóra og þóknun til meðstjórnenda skal ákveðin af ráðherra og greiðast úr hafnarsjóði.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar, sbr. 1. og 2. gr. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
   a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
   b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
   e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
   f. Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2 a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

8. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

9. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

10. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

11. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að vikja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

12. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

13. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

14. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Skipun fyrstu hafnarstjórnar samkv. 4. gr. og kosning endurskoðenda samkv. 12. gr. gildir til ársloka 1949.

Sþ. 596. Nefndarálit

um till. til þál. um samgöngubætur í Barðastrandarsýslu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur leitað álits vegamálastjóra um málið, og fylgir bréf hans hér með.

Annars eru skiptar skoðanir innan nefndarinnar um þetta mál. Meiri hlutinn leggur samt til, að till. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Í stað orðanna í niðurlagi síðari málsgr. „skal nefndin“ o. s. frv. komi: skal nefndin leitast við að hafa lokið störfum og skilað áliti og tillögum á hausti komanda.

Alþingi, 20. marz 1946.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. — Sigurður Þórðarson, fundaskrifari. — Ingólfur Jónsson.

Jón Sigurðsson.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 18. marz 1946.

Þingsályktunartillaga um samgöngubætur í Barðastrandarsýslu.

Með bréfi dags. 8. þ. m. sendi háttvirt allsherjarnefnd mér til umsagnar ofangreinda þingsályktunartillögu.

Vegakerfið í Barðastrandarsýslu er mjög ófullkomið og sundurslitið. Þjóðvegir eru þar um 225 km að lengd. Þar af er um helmingur akfær. Svo sem tekið er fram í greinargerðinni, er aðalvandamálið að koma kauptúnunum tveim, Patreksfirði og Bíldudal, í samband við sveitirnar og í samband innbyrðis. Getur verið nokkurt vafamál, hverjar leiðir skuli velja. Sumar þeirra hafa verið kannaðar og lauslegar áætlanir gerðar um vegabætur. Aðrar hafa ekki verið rannsakaðar nema mjög lauslega. Er þó nokkuð vitanlegt, hverjar leiðir koma til greina, en það er allmikið verkefni að framkvæma það rækilega rannsókn og gera kostnaðaráætlanir, að gera megi heildaryfirlit yfir og áætlun um akvegakerfi í sýslunni.

Í Vestursýslunni er nú unnið að vegabótum á þessum þrem aðalleiðum, og fylgir hér með séruppdráttur til glöggvunar:

1. **Barðastrandarvegur** frá Patreksfirði um Kleifaheiði áleiðis til Barðastrandar, mikil vegagerð og kostnaðarsöm og aðeins komin nú skammt inn fyrir Patreksfjarðarbotn, nokkuð upp í vesturhlíðar Kleifaheiðar. Munu allir sammála um að vinna að því að gera þá leið akfæra til Brjánslækjar, en þar verði endastöð Breiðafjarðarbáts í sambandi við Stykkishólm.
2. **Rauðasandsvegur** er illfær akvegur frá Hvalskeri til Saurbæjar á Rauðasandi. Þarf mikilla endurbóta, svo og að verða akfær nokkuð vestur á Rauðasand. Mælt hefur verið fyrir og gerð áætlun um vegagerð frá Hvalskeri inn fyrir Patreksfjörð á þjóðveginn fyrir innan Botn. Ef sú leið yrði gerð akfær, legðust niður bátsferðir milli Patreksfjarðar og Hvalskers, og með umbótum á Rauðasandsvegi fengi Patreksfjörður öruggt samband við góða mjólkurframleiðslusveit, bæina á Rauðasandi.
3. **Sveinseyrarvegur** milli Patreksfjarðar og Sveinseyrar verður bráðlega fullgerður.

Um allar leiðir þessar er það sameiginlegt, að mjög er hæpið, að þær verði bílfærar á vetrum nema með mjög kostnaðarsamri vegagerð.

Enn hefur ekki verið ráðið, hvernig hagkvæmast mundi að koma Bíldudal í akvegasamband. Koma aðallega tvær leiðir til greina, önnur um Hálfdán til Tálknafjarðar, en hin inn með Suðurfjörðum og líklega yfir Lækjarheiði til Brjánslækjar, eða báðar þessar leiðir, er tímar líða. Verður hvor um sig mjög kostnaðarsöm. Þá er enn hvergi bílfært frá kauptúnunum út með fjörðunum, enda er þar nokkuð erfitt land og strjálbyggt.

Milli Brjánslækjar í Vestursýslunni og Gufudals í Austursýslunni er löng leið, og kemur þar naumast til greina fyrst um sinn að gera bílfært.

Frá Gufudal er fyrirhugað að gera bílfært á Vesturlandsveg í Þorskafjarðarbotni, en þaðan er nú aðalbílvegurinn inn fyrir Gilsfjarðarbotn, og frá Berufirði er langt komið að gera bílfært til Reykhóla og fyrirhugað að gera fært að Stað á Reykjanesi.

Hér hefur þá verið gerð grein fyrir aðalvegakerfi sýslunnar. Á komandi sumri hef ég gert ráð fyrir að koma í framkvæmd ákvörðun og mælingu vegstæða yfir Kleifaheiði, yfir Skersfjall til Rauðasands og Sveinseyrarvegar, en tel mjög hæpið, að unnt verði að koma í framkvæmd meiri mælingum, en fara mætti fyrstu rannsóknarför um leiðina frá Bíldudal til Brjánslækjar, en verkfróð aðstoð er ekki fyrir hendi til þess að gera mælingar eða áætlanir um aðrar leiðir en þær 3 fyrsttöldu, auk Gufudals- og Reykhólavegar.

Þar sem nokkur sérstakur vandi er í sambandi við þessi mál, hygg ég, að gott gæti leitt af nefndarskipun samkv. þingsályktunartillögunni, og mætti e. t. v. takast að fá grundvöll til skipulagningar vegagerðum í sýslunni á næstu árum. Jafnframt vil ég þó vekja athygli á, að ég tel ekki gerlegt að binda starfstíma nefndarinnar við að skila áliti 1. sept. n. k. og vil leggja til, að sú meginmálsgrein orðist þannig:

„Skal nefndin leitast við að hafa lokið störfum og skilað áliti og tillögum á hausti komanda."

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Nd. 597. Breytingartillögur

við frv. til l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

1. Við 12. gr. Í stað inn fyrir „10 millj. kr." í b-lið greinarinnar komi: 15 millj. kr.
2. Við 13. gr. Í stað inn fyrir „2,5 millj. kr." í 2. tölulið greinarinnar komi: 2 millj. kr.

Nd. 598. Breytingartillögur

við brtt. á þingskj. 565 (Landnám o. s. frv.).

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

1. Við 2. brtt. Meginmál till. orðist svo: Nýbýlastjórn er skipuð þrem mönnum, og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum varamönnum. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann stjórnarinnar.
2. Við 9. brtt. Aftan við meginmál tillögunnar bætist: Þar, sem því verður ekki við komið, skal þó heimilt að verja til undirbúnings hvers býlis ákveðinni fjárupphæð, er nemur meðal kostnaði við stofnun býlis í byggðahverfi, og skal nýbýlastjórn ákveða þá upphæð fyrirfram, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Fjárframlagi þessu skulu fylgja sömu kvaðir og á landnámi ríkisins.

Ed. 599. Nefndarálit

um frv. til l. um iðnskóla í sveitum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta á nokkrum fundum og leitað um það álits og umsagnar Teiknistofu landbúnaðarins og stjórnar Landssambands iðnaðarmanna. Eru svör þeirra prentuð með nál. meiri hl. iðnaðarnefndar (þskj. 557) sem fylgiskjöl.

Í báðum svörunum er mælt með stefnu frv. í aðalatriðum, en stjórn Landssambands iðnaðarmanna gerir þó ýmsar athugasemdir við frv. og bendir á sitthvað, sem hún telur réttara, að breytist.

Iðnaðarnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn (GJ og GÍG) vill afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, þar sem sérstaklega er

lögð á það áherzla, að fram verði látin fara iðnfræðsla við bændaskólana. Ég get ekki fallizt á þessa afgreiðslu. Ég tel nauðsynlegt að bæta sem allra fyrst úr þeim skorti á iðnlærðum mönnum, sem nú er í sveitunum. Það mun nú algengast, að illmögulegt sé að fá lærða iðnaðarmenn til að reisa hús í sveitum og smærri kauptúnum landsins. Alveg óvanalega miklar byggingaframkvæmdir eru nú í Reykjavík og sumum öðrum stærri kaupstöðum, og er ekki annað sjáanlegt en að svo muni verða um langt skeið. Margar stórbyggingar eru fyrirhugaðar, íbúðarhús vantar fyrir fólkið, sem þar er, og fólksfjölgunin öll er í kaupstöðunum. Útlit er því fyrir, að iðnaðarmenn, sem til eru og verða til næstu árin, eftir þeim námsleiðum, sem þessir menn fara nú, hafi um langt skeið nóg verkefni í kaupstöðunum.

Sveitirnar og smærri kauptún verða framvegis jafnsnauð að húsasmíðum og öðrum þess háttar iðnaðarmönnum og nú er. Þó vita allir, að allt of lítið hefur verið um byggingar í sveitum og kauptúnum á styrjaldarárunum. Er þar því þörf á miklum byggingarframkvæmdum á næstu árum og áratugum. Verði ekki gerðar sérstakar ráðstafanir til að mennta iðnaðarmenn, er annazt geta um þessar húsabyggingar, hljóta að verða áfram hin mestu vandræði í þessum málum öllum um langt árabil.

Í frv. þessu er svo fyrir mælt, að ríkið skuli setja á stofn skóla, er rekinn verði á þess ábyrgð. Skólanum er ætlað að taka við efnilegum nemendum, sem vitað er um, að hafi sérstaka náttúru til smíða og séu því ótvírætt smiðsefni og veita þeim iðnmenntun með góðum kennslukröftum og hagkvæmum og góðum námsskilyrðum að öðru leyti. Ætlast frv. til, að með því móti verði fært að ljúka námi á miklu skemmri tíma en nú er venja og jafnframt að kenna að nokkru fleiri en eina iðngrein, t. d. bæði trésmíði og múrsmíði, þótt aðeins önnur greinin sé aðalnámsgrein. Það á að verða takmark skólans að mennta einn og sama mann þannig, að nokkur trygging sé fyrir því, að hann geti annazt um og leyst af höndum flest eða öll þau störf, sem vinna þarf, þá er venjulegt — en þó gott — íbúðarhús er reist í sveit eða kauptúni. Ef þetta tækist — og mér þykir líklegt, að svo yrði —, væri það hin mesta umbót frá því ástandi, sem nú er. Þá ættu þeir, sem búa í sveitum og kauptúnum, þess kost að fá sæmilega menntaða menn til að veita byggingastarfinu forstöðu með viðráðanlegum tilkostnaði. Ég hafði jafnvel hugsað mér að bera fram brtt. við frv., en þar eð meiri hl. iðnaðarnefndar leggur til, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, hirði ég ekki að gera það, fyrr en séð er, hvort frv. kemst til 3. umræðu.

Ég legg það því til, að við 2. umræðu málsins verði frv. samþ. óbreytt.

Alþingi, 20. marz 1946.

Páll Hermannsson.

Nd. 600. Frumvarp til laga

um beitumál.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Skipa skal þriggja manna nefnd, og er verkefni hennar að sjá um, eftir því sem unnt er, að ávallt sé til í öllum verstöðvum landsins næg og góð beita við eðlilegu verði.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar beitunefnd til tveggja ára í senn. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands og Alþýðusambands Íslands en einn án tilnefningar, og er hann formaður.

3. gr.

Beitunefnd skal kappkosta að hafa sem nánast samband við félagssamtök sjómanna og útvegsmanna um störf þau, er nefndin hefur með höndum. Kostnaður af störfum beitunefndar, þar með talin laun nefndarmanna, sem ráðherra ákveður, skal greiðast úr ríkissjóði.

4. gr.

Beitunefnd skal áætla þörf landsmanna fyrir frysta beitu og kynna sér, hversu horfir um öflun hennar. Fiskifélag Íslands skal annast skýrslu- og upplýsingasöfnun fyrir nefndina. Öllum þeim, sem hafa með höndum sölu eða geymslu á beitusíld, og öllum útgerðarmönnum er skylt að láta Fiskifélagi Íslands í té upplýsingar um beitubirgðir, hve nær sem þess er óskað.

5. gr.

Ef athugun beitunefndar leiðir í ljós, að sérstök ástæða sé til að óttast beituskort, er henni heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að frysta eða láta frysta síld til beitu.

6. gr.

Beitunefnd er heimilt, með samþykki ráðherra, að leigja, kaupa eða byggja hús og tæki til síldarfrystingar og síldargeymslu í þeim tilgangi, sem um ræðir í 5. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 500 þús. króna lán til frystihúsa, er nefndin kaupir eða lætur byggja.

7. gr.

Nú lætur nefndin frysta síld til beitu, og skal hún þá seld svo vægu verði sem nefndin telur kleift. Útgerðarmenn og félög þeirra eiga forkaupsrétt að beitu frá nefndinni. Beitunefnd getur takmarkað sölu á beitu, ef henni þykir við þurfa vegna hættu á misskiptingu beituforðans.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita beitunefnd ríkisábyrgð fyrir allt að 200 þús. kr. rekstrarfé vegna síldarfrystingar samkv. 5. gr., ef til hennar kemur. Sérstakt bókhald skal haldið fyrir frystihúsastarfsemina og rekstrinum hagað þannig, að hann svari kostnaði. Í varasjóð skal að minnsta kosti leggja 5% af útsöluverði beitusíldar.

9. gr.

Ef beitunefnd telur nauðsynlegt, að tekinn verði upp fastur rekstur eins eða fleiri frystihúsa, til þess að tryggja næga, góða beitu við sanngjörnu verði, þá skal hún, ef hún telur það betur fara, beita sér fyrir almennum samtökum meðal útvegsmanna og hlutamanna, um að þeir myndi með sér félag, sem hafi rekstur slíkra húsa með höndum.

Nú er stofnað til slíkra félagssamtaka á samvinnugrundvelli og félagið opið fyrir alla fiskimenn og útvegsmenn, og skal því félagi þá afhent frystihús beitunefndar með kostnaðarverði, enda sé stofnsamningur þess og samþykktir staðfest af ráðherra.

10. gr.

Óheimilt er að selja frysta síld til beitu, nema hún hafi verið metin af beitumatsmanni og vottorð hans fylgi um, að beitan sé góð og óskemmd vara og að henni fylgi ekki meiri klaki en þörf krefur.

11. gr.

Lögreglustjóri skipar beitumatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað, eftir tillögum beitunefndar. Beitumatsmenn annast starf það, sem þeim er falið með lögum þessum, samkv. nánari reglum, er ráðherra setur, að fengnum tillögum beitunefndar.

Beitumatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji vinna störf sín vel og samvizkusamlega og fara eftir settum reglum um matið.

Kaup beitumatsmanna ákveður ráðherra að fengnum tillögum beitunefndar, en þeir greiða kaupið, sem síldina selja.

Beitumatsmenn mega ekki þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta fyrir, né vera þeim á þann hátt háðir, að ætla mætti þá hlutdræga í matinu.

12. gr.

Beitunefnd er heimilt að ákveða hámarksverð á frosinni beitu, enn fremur hámark frystigjalds á beitu, geymslugjalds á beitu og geymslugjalds á beittri línu.

Brot gegn verðlagsákvörðunum nefndarinnar varða sektum, allt að 50000 kr., auk þess sem allur óleyfilegur söluhagnaður skal gerður upptækur.

13. gr.

Rekstur sá, er beitunefnd annast samkvæmt lögum þessum, er undanþeginn útsvari og tekju- og eignarskatti.

14. gr.

Brot á lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkv. þeim, varða sektum allt að 10000 kr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk atvinnumálaráðherra, og hafa nefndarmenn áskilið sér rétt til að flytja við það breytingartillögur og að fylgja breytingartillögum, sem fram kynnu að koma. Þannig greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum og var sent atvinnumálaráðherra í tíð fyrrverandi stjórnar. Þáverandi atvinnumálaráðherra, Vilhjálmur Þór, sendi frumvarpið Kaupfélagi Eyfirðinga til umsagnar, sem gerði tillögur um það, að frumvarpinu yrði gerbreytt. Þessar breytingar voru einkum í því fólgnar að tryggja frystihúsaeigendur gegn skakkaföllum, en upphaflegur aðaltilgangur frumvarpsins frá hendi milliþinganefndarinnar var sá að tryggja útvegsmönnum og hlutarmönnum nægilegt magn góðrar beitu á sem lægstu verði. Í því formi, sem beitufrumvarpið var lagt fyrir þingið 1944, náði það raunar ekki tilgangi sínum. Í þinginu var frumvarpinu gerbreytt og var þá orðið mjög ólíkt því frumvarpi, er milliþinganefndin samdi.

Greinargerð milliþinganefndarinnar í sjávarútvegsmálum var svo hljóðandi:

Í janúarmánuði 1943 var samþ. á Alþingi þingsályktun, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumv. til laga um beitumál. Í októbermánuði sama ár óskaði atvinnumálaráðherra þess, að milliþinganefndin í sjávarútvegsmálum tæki að sér að semja frumvarp um beitumálin, enda hafði nefndin áður unnið að undirbúningi málsins, og er meðfylgjandi frumvarp árangurinn af störfum nefndarinnar í þessum efnum.

Það er kunnara en frá þurfi að skýra í löngu máli, hve beitumál útgerðararinnar hafa verið í miklu öngþveiti víða um land undanfarin ár. Iðulega hefur það komið fyrir, að útgerð hafi dregizt saman eða stöðvazt í heilum verstöðvum og jafnvel landsfjórðungum vegna beituskorts. Slíkt hefur auðvitað valdið miklu tjóni, bæði fyrir þá, sem veiðin hefur stöðvazt hjá, og eins fyrir þjóðarheildina. Veiðistöðvun vegna beituskorts ætti að vera óþekkt fyrirbæri þar, sem jafnmikið

veiðist til beitu og hér á landi, en að slíkt skuli þó koma fyrir, og það oft, sýnir bezt, hver þörf er umbóta í þessum efnum.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að skipuð verði sérstök 3 manna nefnd, sem hafi stjórn beitumálanna með höndum. Má telja víst, að starf það, sem nefndinni er falið, sé það þýðingarmikið og víðtækt, að ekki verði hjá því komizt að fela sérstakri nefnd það verk.

Í 4. til 9. gr. frumvarpsins er leitazt við að setja reglur, sem koma eiga í veg fyrir beituskort. Er fyrst og fremst ætlazt til, að beitunefndin fylgist nákvæmlega með beitubirgðum á hverjum tíma og að hún beiti sér fyrir, að nægilegt beitumagn sé til á hverjum stað. En auk þess þykir rétt, að hún hafi heimild til að efna til frystingar á beitu og jafnvel rekstrar beitufrystihúsa, ef sérstök hætta þykir á, að ekki verði tryggð næg, góð beita á annan hátt.

Í 10. og 11. gr. eru ákvæði um, að meta skuli alla frysta beitu, sem höfð er til sölu.

Reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegt er, að lög séu um slíkt, því æði oft hefur það komið fyrir, að seld sé ónothæf beita. Þá er og kunnugt, að beitukaupendur kvarta oft undan því, að beitu, sem seld er eftir vigt, fylgi óeðlilega mikill klaki. Verður varla komizt hjá því að fyrirskipa mat á alla frysta beitu, ef koma á í veg fyrir, að seld sé skemmd eða svikin vara.

Í 12. gr. frumv. er beitunefnd heimilað að setja hámarksverð á frosna beitu og annað það, sem nátengt er beituverði. Ákvæði þetta er nauðsynlgt til þess að koma í veg fyrir óeðlilegt verð, en reynslan sýnir, að verð á beitu er mjög mismunandi og í sumum tilfellum allt of hátt.

Þegar farið verður að skipuleggja beitumálin almennt, má telja víst, að það komi í ljós, að til þess að hægt sé að hafa nægar birgðir góðrar beitu í verstöðvum, muni þurfa að byggja allmörg ný beitugeymsluhús víða um land. Til þess að húsum þessum verði komið upp, þarf sennilega að veita samtökum fiskimanna nokkurn stuðning. Í þessu frumvarpi er þó ekki gert ráð fyrir þessum stuðningi, en það er ætlan milliþinganefndarinnar, að sett verði ákvæði um þess konar stuðning í öðrum lögum, sem almennt hafi að geyma reglur um styrki og lán til framkvæmda í þágu sjávarútvegsins.

Sigurður Kristjánsson lítur svo á, að einfaldari ráð en frv. gerir ráð fyrir til öryggis í beitumálunum muni finnanleg, og áskilur sér rétt til að fylgja tillögum í þá átt, ef fram koma.

Nd. 601. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnfnd.

Nefndin hefur haft þetta mál til athugunar, og liggja til þess þær ástæður, að í ljós kom við nánari athugun málsins og ástandsins yfirleitt, að þörf var talin miklu víðtækari breytinga á lögunum en gert er ráð fyrir í frv.

Frv. fer eins og kunnugt er fram á það, að mótorvélstjórar, er nú hafa réttindi til að stjórna allt að 150 ha. vélum, fái aukin réttindi til að stjórna allt að 250 ha. vélum, og er þá ekki gert ráð fyrir, að þeir bæti við sig skólamenntun né önnur skilyrði sett.

N. vill fallast á, að þau réttindi séu aukin, sem farið er fram á í frv., en þó þykir rétt að gera um leið kröfu til nokkurs aukins náms í sambandi við réttindaaukningu þessa, nema um sé að ræða vélstjóra, sem telja má, að hafi nægilega langan reynslutíma að baki sér sem vélstjórar við 150 ha. vélar. — Flytur n. brtt. varð-

andi þessi atriði, þ. á m. um sérstakt námskeið, sem getur komið þeim, er hér eiga hlut að máli, að gagni, og öðrum þeim vélstjórum, sem hafa réttindi samkv. núgildandi l. til að fara með mótorvélar allt að 400 ha. Sú aukning á réttindum, sem n. leggur til og varðar hina síðastnefndu, byggist á sömu forsendum og frv., sem sé þeim, að stækkun skipa og véla nú á síðari tímum geri það nauðsynlegt að auka réttindin eins og að framan segir, en þó telur n. aukið nám í sambandi við þessa aukningu réttindanna nauðsynlegt, með þeim undantekningum, sem áður segir, og gilda einungis fyrir þá, sem nú hafa réttindi samkv. hinu minna mótorvélstjóranámskeiði Fiskifélags Íslands. — Sú breyting hins vegar, sem snertir aukin réttindi þeirra vélstjóra við eimvélar, úr 800 hö. upp í 1200 og við mótorvélar úr 900 upp í 1300, er í rauninni ekkert annað en stækkun á fyrsta starfssviði þeirra vélstjóra, sem lokið hafa fullu prófi, og stundað hafa verklegt og bóklegt nám, svo sem krafizt er til þess að hafa vélstjóraréttindi við hvað stórar vélar sem er. Samkv. gildandi l. þarf vélstjóri, sem lokið hefur fullu námi, að sigla sem undirvélstjóri á eimskipi í 2 ár með undir 800 ha. vél og sem aðstoðarvélstjóri í 3 ár með yfir 800 ha. vél. Ef um mótorvélar er að ræða, þarf hann að hafa siglt sem undirvélstjóri í 2 ár með undir 900 ha. vél eða sem aðstoðarvélstjóri í 3 ár með yfir 900 ha. vél. — Breytingin samkv. tillögum n. fer í þá átt að stytta þennan siglingatíma, er hér ræðir um.

Þau takmörk, sem hér eru sett, eru til þess að fyrirbyggja, að vélstjórar, sem lokið hafa fullu námi, geti farið beint frá skólaborðinu sem undirvélstjórar við ótakmarkaðan ha-fjölda. Ákvæðin miða hins vegar að því, að ungir vélstjórar geti fengið verklega æfingu á minni vélum, áður en þeim eru veitt réttindi við ótakmarkaða stærð véla. — Það má að vísu um það deila, hvar takmarkið eigi að vera, og fer það nokkuð eftir staðháttum, en hér er gerð tilraun til að gera hvort tveggja, sem sé að sýna nokkra framsýni í þessum efnum og taka þó fullt tillit til þess, að nauðsynlegt öryggi sé ekki skert. Minna má einnig á það, að sökum þeirrar breytingar, sem er að verða á skipaflotanum hvað stærð skipanna snertir, er aðkallandi, að ákvæðum gildandi l. sé nokkuð breytt.

Þegar l. um atvinnu við siglingar voru sett árið 1936, var enginn togari hér með stærri vél en 800 ha., en þeir togarar, sem nú eru væntanlegir, verða með vélar allt að 1200 ha. — Það munu vera um 30 vélstjórar, sem nú sigla á gömlu togurunum, sem lokið hafa fullu prófi, en hafa ekki verið við stærri vélar en 600—800 ha., þótt þeir hafi 10—15 ára siglingartíma, og ef ákvæði gildandi l. ættu að standa óbreytt, myndi þessa menn samt sem áður vanta eins árs siglingatíma við vélar yfir 800—900 hö. til þess að fá full réttindi við stærri vélar. Af því myndi leiða það, að slíkir menn gætu ekki þegar í stað orðið 1. vélstjórar á hinum nýju togurum, en með þeim breytingum, sem hér er lagt til, að gerðar verði, má bæta úr þessu.

Í samræmi við aðrar tillögur og stefnu n. yfirleitt í þessu máli er lagt til, að hið minna vélstjórapróf við Vélstjóraskólann í Reykjavík skuli lengt um 2 mánuði, hið minna mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands um 3 vikur og hið meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands um 2 mánuði. Þetta gildir yfirleitt fyrir alla þá flokka vélstjóra, sem hér um ræðir, og er ætlazt til, að haldist sem föst regla framvegis.

Auk þess og einnig í samræmi við aðrar tillögur n. um réttindaaukningu leggur hún til, að með bráðabirgðaákvæði, sem gildir næstu 3 ár, sé þeim vélstjórum, er tilheyra þeim vélstjóraflokkum, sem hér um ræðir, gefinn kostur þess að ganga á sérstakt tveggja mánaða námskeið, sem efnt verði til í þessu skyni, og er þetta hliðstætt við bráðabirgðaákvæði það í l. um atvinnu við siglingar, sem nú gildir um skipstjóra, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv l. nr. 104 frá 1936 eða smáskipaprófi samkv. l. nr. 40 1922. — Lítur n. svo á, að nægilegt sé, að þetta bráðabirgðaákvæði haldist í 3 ár, en leggur að öðru leyti til almenna lengingu námstímans við hina reglulegu skóla eins og áður segir. Nefndin hefur haft sér til ráðu-

neytis þá Þorstein Loftsson vélfræðiráðunaut Fiskifélags Íslands og Þorstein Árnason formann vélstjórafélags Íslands og stuðzt við leiðbeiningar þeirra í flestum atriðum.

Samkv. framansögðu leggur n. til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á undan 1. gr. frv. komi 10 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) Fyrir „300“ í 20. gr. laganna kemur: 600.
   b. (2. gr.) Fyrir „300“ í 21. gr. laganna kemur: 600.
   c. (3. gr.) Fyrir „300“ í 22. gr. laganna kemur: 600.
   d. (4. gr.) Fyrir „300“ í 23. gr. laganna kemur: 600.
   e. (5. gr.) Fyrir „300“ í 24. gr. laganna kemur: 600, — og fyrir „800“ á tveim stöðum kemur: 1200.
   f. (6. gr.) Fyrir „300“ í 25. gr. laganna kemur: 600, — og fyrir „800“ á tveim stöðum kemur: 1200.
   g. (7. gr.) Fyrir „300“ í 26. gr. laganna kemur: 600 og fyrir „800“ á tveim stöðum kemur 1200.
   h. (8. gr.) Fyrir „300“ á þrem stöðum í 27. gr. laganna kemur 600, — og fyrir „800“ á þrem stöðum kemur: 1200.
   i. (9. gr.) Fyrir „800“ í 28. gr. laganna kemur: 1200.
   j. (10. gr.) Fyrir „800“ á þrem stöðum í 29. gr. laganna kemur: 1200, — og fyrir „300“ kemur: 600.
2. Við 5. gr. frv., sem verður 15. gr. Við greinina bætist: og fyrir „400“ kemur: 600.
3. Við 6. gr. frv., sem verður 16. gr. Við greinina bætist: og fyrir „400“ kemur: 600.
4. Við 7. gr. frv., sem verður 17. gr. Við greinina bætist: og fyrir „400“ kemur: 600.
5. Við 8. gr. frv., sem verður 18. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrir „150“ á tveim stöðum í 38. gr. laganna kemur: 250, — og fyrir „400“ kemur: 600.
6. Á eftir 8. gr. frv. koma 6 nýjar greinar, er verða 19., 20., 21., 22., 23., og 24. gr., svo hljóðandi:
   a. (19. gr.) Fyrir „400“ á tveim stöðum í 39. gr. laganna kemur: 600, — og fyrir „900“ kemur: 1300.
   b. (20. gr.) Fyrir „400“ á tveim stöðum í 40. gr. laganna kemur: 600. — og fyrir „900“ kemur: 1300.
   c. (21. gr.) Fyrir „400“ í 41. gr. laganna kemur: 600, — og fyrir „900“ á tveim stöðum kemur: 1300.
   d. (22. gr.) Fyrir „400“ á fjórum stöðum í 42. gr. laganna kemur: 600, og fyrir „900“ á þrem stöðum kemur 1300.
   e. (23. gr.) Fyrir „900“ í 43. gr. laganna kemur: 1300.
   f. (24. gr.) Fyrir „900“ á þrem stöðum í 44. gr. laganna kemur: 1300, — og fyrir „400“ kemur: 600.
7. Á undan 10. gr. frv. koma 2 nýjar greinar, er verða 26. og 27. gr., svo hljóðandi:
   a. (26. gr.) Á eftir 56. gr. laganna kemur ný grein, er verður 57. gr., svo hljóðandi:
      Ráðherra heimilast að ákveða með reglugerð, að hið minna vélstjóranám við vélstjóraskólann í Reykjavík skuli lengt um tvo mánuði, hið minna mótorvélstjóranám Fiskifélags Íslands um þrjár vikur og hið meira mótorvélstjóranám Fiskifélags Íslands um tvo mánuði. — Reglugerðin skal sett að fengnum tillögum skólastjóra Vélstjóraskólans, Fiskifélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Mótorvélstjórafélags Íslands.
   b. (27. gr.) Á eftir 3. málsgr. í ákvæðum til bráðabirgða (l. nr. 68 12. apríl 1945) komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Í næstu 3 ár eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, skulu þeir, er lokið hafa hinu minna vélstjóraprófi við Vélstjóraskólann í Reykjavík eða hinu minna mótorvélstjóraprófi Fiskifélags Íslands, og þeir, er lokið hafa hinu meira mótorvélstjóraprófi Fiskifélags Íslands, eiga þess kost að njóta hinna auknu réttinda, sem með þessum lögum eru veitt þeim þrem flokkum vélstjóra, er hér eiga hlut að máli, gegn því, að þeir sæki sérstakt tveggja mánaða námskeið, sem efnt skal til í þessu skyni, og ljúki þar prófi.

Ráðherra heimilast að ákveða reglur fyrir námskeið þetta að fengnum tillögum skólastjóra Vélstjóraskólans í Reykjavík, Fiskifélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Mótorvélstjórafélags Íslands. — Þó skulu þeir, sem hafa siglt sem vélstjórar í samtals 4 ár frá þeim tíma, er þeir öðluðust réttindi sem vélstjórar, og til þess er lög þessi ganga í gildi, verða aðnjótandi þeirra aukinna réttinda, sem með þessum lögum eru veitt þeim, er staðizt hafa hið minna mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands, án undangengins viðauka náms eða prófs.

8. Við 10. gr. frv., sem verður 28. gr. Greinin orðist þannig:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum og gefa þau út svo breytt.

Alþingi, 21. marz 1946.

Sig. Kristjánsson, form.	Lúðvík Jósefsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.
Eysteinn Jónsson.	Finnur Jónsson.	

Sþ. 602. Tillaga til þingsályktunar

um nefndarskipun til að gera tillögur um áfengisvarnir.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna nefnd ólaunaða. Skulu nefndarmenn valdir eftir meðmælum templarareglunnar, stjórnarnefnda Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands, kirkjuráðsins og félags lögreglumanna í Reykjavík. Nefndin leggur tillögur sínar fyrir ríkisstjórnina, en hún fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Sú var tíðin, að holdsveiki og tæring voru lítt viðráðanlegar þjóðarmeinsemdir. En góðhjartaðir erlendir menn og dugandi Íslendingar hófu baráttu gegn þessum meinsemdum. Nú má kalla, að búið sér að útrýma holdsveikinni og kreppa svo að brjóstveikinni, að heita má, að þar sjái í land.

En nú sækir áfengið á landsmenn með engu minni skaðsemd en hinir áðurnefndu voðasjúkdómar fyrr á tímum. Íslendingar hafa jafnan haft hneigð til vínnautnar, eins og við þykir brenna um fólk í löndum með köldu loftslagi og löngum vetrarnóttum. Eftir 1880 tókst templarareglunni að vinna afar mikið þjóðþrifaverk í áfengismálum. Drykkjuskapur hvarf að mestu í byggðum landsins og varð minna áberandi en áður í þéttbýli. Templurum tókst að mynda þá almannaskoðun, að það væri ekki samboðið sæmilegu fólki að láta sjá sig drukkinn á almannafæri. Prestastéttin hafði áður verið mjög hneigð til víndrykkju, en snerist

nú til mótstöðu gegn áfengisnautn og hefur yfirleitt staðið vel á verði í þeim efnum, eftir að drykkjuskapur tók af nýju að færast í aukana. Auk þess halda allmörg sveitahéruð enn góðum venjum í þessu efni. Ég hef t. d. á síðustu árum verið tveim sinnum á 3 þús. manna samkomu í Vaglaskógi, þar sem ekki sást svo mikið sem einn ölvaður maður. Á öðrum stöðum í landinu er drykkjuskapur óhæfilegur og óstjórnlegur á almennum mannamótum. Eitt sinn voru um 4 þús. manns á útisamkomu nærri höfuðstaðnum. Var talið, að helmingur gestanna hefði verið dauðadrukkinn, konur jafnt sem karlar. Á einum stað lá ungur maður í flagi og reyndi að bíta gras við hraunröndina. Hið mikla peningaflóð yfirstandandi ára hefur brotið flestar stíflur í þessu efni. Af veltu áfengisverzlunarinnar er sýnilegt, að á fjölmennum heimilum hljóta útgjöldin að vera meiri til áfengisþarfa heldur en til allra annarra „þarfa" fjölskyldunnar samanlagðra. Áfengiskaup landsmanna eru nú sem stendur einn allra stærsti liður í þjóðarbúskapnum.

Drykkjuskapurinn hefur ægileg áhrif á heimili og félagslíf í landinu. Í sveitum er víða nálega ómögulegt fyrir þá, sem þar búa, að halda skemmtisamkomur fyrir heimamenn fyrir yfirgangi drukkinna óaldarmanna úr kaupstöðum og kauptúnum. Um leið og akvegur kemur úr kaupstað í sveit, er friðurinn úti í þessu efni. Fyrir fáum árum var fólk í sveit norðanlands að halda skemmtisamkomu í sínu eigin fundahúsi. Þegar gleðin stóð sem hæst, bar þar að bíl með nokkrum ölvuðum mönnum úr næsta verzlunarstað. Þeir stigu út úr bílnum á fundarstað og hefja grjóthríð á samkomuhúsið. Eftir stutta stund höfðu þeir brotið flestar rúður í húsinu. Að því búnu gengu gestir í fundarsalinn. Réðust sumir á heimamenn, sem voru að dansa, og reyndu að draga þá úr leiknum, en aðrir réðust að kvenfólkinu og reyndu að sveifla því kringum sig á dansgólfinu. Eftir þessa árás æfðu karlmenn í þessu byggðarlagi lögregluíþróttir og hafa síðan varið sveit sína og sæmd fyrir aðkomugestum.

Víðast hvar er mótstaðan í byggðinni minni en vera skyldi. Einstakir menn leigja á sumrin fundahús byggðanna og hafa þar danssamkomur um helgar, oft bæði á laugardags- og sunnudagskvöldum. Þangað streymir drykkjufólkið úr umhverfinu, enda við því búizt. Til að forðast beinbrot og manntjón verður forstöðumaður samkomunnar að leigja lögregluþjóna úr næsta kaupstað til að hindra, að samkomugestum sé búið fjörtjón eða limlesting. Lögreglumönnum er alls ókleift að hafa nokkur áhrif í þá átt að hindra almennan drykkjuskap á þessum samkomum, enda ekki til þess ætlazt. Þessi varðgæzla er dýr, því að þeir, sem halda samkomuna, verða að gjalda lögreglumönnum hátt kaup og borga ferðakostnað þeirra. Ef gróði á að vera á slíkri samkomu, verða þeir, sem njóta þessa skemmtilífs, að greiða afar mikið fyrir að koma þar, enda er sparnaði lítt haldið á lofti á drykkjusamkomum Íslendinga.

En þó að allmikið sé um óskemmtilega vinnautn í sambandi við áðurnefndar samkomur í sumum sveitabyggðum, þá er áfengisnautnin þó stórfelldust í þéttbýlinu og ægilegust í sjálfum höfuðstaðnum. Þar er drykkjuskapur mikill og almennur í öllum stéttum, þó að þeir séu, enn sem komið er, fleiri, sem ekki brjóta af sér í þessum efnum. Drykkjuskapur æskumanna í Reykjavík hefur aldrei verið meiri en nú. Kvöld eftir kvöld eru almennar danssamkomur í bænum, þar sem verulegur hluti gestanna er meira og minna undir áhrifum áfengis og margir dauðadrukknir, konur engu síður en karlar. Verður dansinn að vonum ófagur og með litlum menningarblæ, þegar svo er komið. Drykkjuskapurinn í Reykjavík er því meiri, sem fólkið vinnur minni líkamlega vinnu, hefur meiri fjárráð og telur sig standa ofar í mannfélagsstiganum. Mér er hins vegar kunnugt um skóla, þar sem efnalítið fólk stundar nám og ekki verður vart við óreglu. Í öðrum skólum, þar sem nemendur komu úr heimilum, sem taka að jafnaði þátt í drykkjugildum, er vinnautn ungmenna óhófleg. Hafa gerzt í þeim efnum landsfrægir atburðir, þar sem hátíðlegir atburðir í nafnkenndum uppeldisstofnunum hafa gerzt með þeim hætti, að yfirmenn og undirgefnir, ungir og gamlir, hafa syndgað sameiginlega móti

velsæmi og umgengnisvenjum menntaðra manna undir þeim kringumstæðum, þar sem var sérstök ástæða til að sýna manndóm og þjóðlega alvöru.

Áfengismál Íslendinga er svo alvarleg þjóðarhætta, að óhjákvæmilegt er að snúast til varnar með ekki minni liðsafla og tilkostnaði en í baráttunni við berklaveikina. Allmikill hluti þjóðarinnar er styrkur og öruggur í því efni, en of margir einstaklingar eru í þessu efni lítið betur að manni en svertingjarnir í frumskógunum, þegar þeir kynnast „eldvatninu“ fyrst í höndum hvítra manna. Út frá reynslu heilbrigða hluta þjóðarinnar verður að freista að lækna þá menn og þær stéttir, þar sem áfengissýkin er að brjóta niður heilsu, líf og lán í heilum fjölskyldum.

Eitt af leiðinlegum skylduverkum lögreglumanna í þéttbýlinu er að koma á heimili til að skakka leikinn, þar sem húsfaðirinn eða uppkominn sonur eru óðir af víni, berja nánustu vandamenn sína til óbóta, en brjóta og spilla innanstokksmunum. Þetta kemur þráfaldlega fyrir. Lögreglan stendur varnarlaus um allar uppeldisaðgerðir. Reynir aðeins að verja konur og börn fyrir misþyrmingum, en hörmungar óreglunnar halda áfram svo að segja frá kyni til kyns. Má nærri geta, hve hörmulegan arf börn og unglingar bera með sér úr slíkum mannlífsrústum.

Þó að þjóðin hafi verið vínhneigð svo langt sem sagnir ná, og þó að ástandið sé nú eins og hér hefur verið lauslega drepið á, þá er engin ástæða til að örvænta um, að hér megi við koma lækningu, engu síður en við lungnafallssýki og brjóstveiki. Vil ég í því efni vekja eftirtekt á hinum óumdeilanlegu áhrifum góðtemplarareglunnar, einkum fyrstu þrjátíu starfsárin. Þar næst vil ég telja ungmennafélögin, einkum meðan þau höfðu bindindisheit. Í þriðja lagi ber að minnast bindindishreyfingar skólanna, sem Pálmi Hannesson rektor hefur efnt til. Auk þess eru, eins og áður er sagt, heil sýsluhéruð, þar sem sjaldan sést ölvaður heimamaður, og mjög mikill hluti manna í öðrum sveitum og öllum kaupstöðum og kauptúnum neyta annaðhvort alls ekki áfengis eða þá með fullkominni hófsemi. Auk þess vil ég telja mína persónulegu reynslu. Eftir fáein missiri hef ég kennt við tvo skóla, Kennara- og Samvinnuskólann, í 40 ár. Á þessum tíma hef ég í báðum þessum skólum þekkt vel ungt fólk svo að skipti hundruðum. Nálega enginn þessara manna hefur verið drykkfelldur í skóla, og mjög fáir þeirra hafa síðar orðið ofdrykkjunni að bráð. Þessi reglusemi nemendanna var ekki að sérstöku leyti að þakka kennurunum, þó að við yfirleitt værum samhentir um að vinna á móti ofdrykkju, heldur var hér um að ræða efnalítið, dugandi fólk, sem vildi vinna, og varð flest af því að spila upp á eigin spýtur. Þannig myndaðist í skólum þessum heilbrigt almenningsálit um áfengismálin. Sama hefur reynslan orðið á héraðsskólunum. Drykkjuskapurinn er þar gerður útlægur og reykingar sums staðar líka. Ekki ber á öðru en að nemendur sætti sig við að vera án áfengis, þar sem eldra fólkið gefur gott fordæmi.

Íslenzka þjóðin hefur nú öðlazt pólitískt sjálfstæði, fyrir eigin atorku og þegnskap Engilsaxa, gagnvart fáliðaðri smáþjóð. Íslendingar geta auk þess tryggt frelsi sitt móti innrás kúgunarþjóða og tryggt fjárhagslega framtíð sína, ef þeir vilja svo vera láta. En samhliða þessari margþættu frelsisbaráttu verður þjóðin að gæta vel manndóms og siðgæðis. Miklar og voldugar þjóðir hafa veslazt upp og úrkynjazt af því, að einstaklingarnir tömdu sér svall og iðjuleysi, unz þeir urðu óhæfir til að gegna skyldum sínum sem menn og borgarar í þjóðfélaginu. Þessi yfirsjón má ekki henda íslenzku þjóðina. Hún má ekki glata frelsi sínu og framtíð með því að spilla heilsu og þrótt þúsunda af sonum sínum og dætrum með skaðsamlegri neyzlu áfengra drykkja.

Það, sem fyrst þarf að gera í áfengismálunum, er að skapa heilbrigt almenningsálit. Templarar og bindindismenn hafa markað sér áhrifasvið og eiga skilið þakkir fyrir starfsemi sína. En utan við þann hring, sem þeir ná til, er mikill hluti þjóðarinnar, fólk, sem stundum notar vín hóflega, en oft á þann veg, sem sízt skyldi. Ef nokkur von á að vera um hæfilegar áfengisvarnir, verða samhliða starfi templara og bindindisfélaga að vera frjáls samtök dugandi manna úr öllum stéttum, sem vinna að því að innræta þjóðinni, að hver sá, sem hættir á að neyta áfengis, lendir

í miklum vanda og álitshnekki, ef hann lætur vínið hafa áhrif á orð sín og athafnir. Einn af merkustu læknum landsins hefur mælt með almennum félagsskap þjóðrækinna manna til að mynda sterkt og öruggt almenningsálit í áfengismálunum. Um leið og ég ber fram tillögu um ólaunaða nefnd manna, sem vegna áhuga og aðstöðu í mannfélaginu eiga að vera sérstaklega dómbærir um áfengisvarnir, vil ég benda á nokkur úrræði til athugunar fyrir alla þá, sem líta á ofdrykkjuna eins og þjóðhættulegan sjúkdóm. Vænti ég, að fleiri muni fara þá leið að benda á nýjar og heppilegar leiðir, þannig að úr miklu verði að velja, þegar kemur til ályktunar rannsóknarnefnda og stjórnarvalda. Verða þess vegna hér á eftir bornar fram nokkrar bendingar í lauslegu tillöguformi.

1) Að ríkið bjóði góðtemplarareglunni skipti á húseign hennar nr. 11 við Fríkirkjuveg og samkomuhúsi með þrem samkomusölum og nokkru skrifstofurúmi á hentugum stað í miðbænum. Ríkið notar nú mestallt húsið á Fríkirkjuvegi 11 fyrir skrifstofur, og lóðin er áframhald af lóðum landsins við Lækjargötu og þarf að vera í eigu ríkisins vegna framtíðarþarfa. Hins vegar er húseign þessi mjög óhentug fyrir templara og starfsemi þeirra. Reglan er fátæk stofnun, enda ekki ætluð til fé-fanga. Hún hefur mikinn sögulegan rétt. Hún er fyrsta varnarlínan í áfengismálunum. Ef reglan hefur þrjá samkomusali á góðum stað í Reykjavík, mun æskan leita þangað til funda og venjast samkvæmislífi við hollar kringumstæður. Víngróði ríkisins er svo mikill og hættulegur, að ekki þarf að sjá eftir, þótt byggt væri fyrir það fé samkomuhús til bjargar æsku landsins á þeim stað, þar sem hættan er mest.

2) Að lögreglan í Reykjavík og á öðrum stöðum, þar sem mikið ber á áfengisnautn, fái sem allra fyrst heppilegt húsnæði til varðhalds fyrir ölvaða menn, sem raska friði á almannafæri og í heimahúsum. Nú er svo hörmulega ástatt í þessu efni í höfuðstaðnum, að þegar lögreglan tekur úr umferð marga tugi manna sömu nótt, er oft ekki hægt að koma nema fáeinum í varðgæzlu fyrir húsleysi. Er þessi vanmáttur til mikils vanza fyrir þjóðfélagið. Á ýmsum fleiri stöðum þarf að koma upp húsnæði fyrir ölvaða menn, svo að þeir verði ekki sér og öðrum til minnkunar á almannafæri.

3) Að koma á fót sjálfboðalögregluliði í sveitum og kaupstöðum. Er nokkur byrjunarframkvæmd hafin í þessu efni, og hafa lögreglumenn úr Reykjavík æft þessa liðsflokka, en nokkru meira þarf að gera í þessu efni. Í öllum þeim byggðum, þar sem drykkjulýður safnast í samkomuhús sveitanna, er óhjákvæmilegt að hafa vel æfða sjálfboðalögreglu. Það er í fullkomnu ósamræmi við þær kröfur, sem gerðar eru til menntaðra þjóða, að félagssamkomur almennings geta orðið fyrir eins konar Tyrkjaárás frá hendi ölvaðra manna. Ef byggðir landsins geta ekki varið heimili sín og mannfundi fyrir drykkjuskríl, sem leitar þangað, oft úr mikilli fjarlægð, í hinum skjótfæru samgöngutækjum nútímans, er ekki lengur hægt að ræða um íslenzkt menningarlíf. Síðar verður vikið að heppilegum varnaraðgerðum fyrir þessa sjálfboðalögreglu.

4) Að setja löggjöf um, að menn, sem eru sífelldlega undir áhrifum áfengis á almannafæri eða gera óspektir á heimilum sínum, verði settir á þar til gert vinnuheimili og að þeir eigi ekki þaðan afturkvæmt, fyrr en reynslan sýnir, að þeir séu orðnir sjálfráðir gerða sinna um áfengisnautn. Byrjun að þessari starfsemi er hafin í Kaldaðarnesi, en ekki komin á nauðsynleg festa um skipulag og starfsháttu. Hafa vistmenn í Kaldaðarnesi bæði gert verkfall og strokið úr vistinni. Auk þess eru allt of fáir þangað komnir. Löggjöf um þetta efni verður að fyrirskipa, að drykkju-„rónar", hvar sem er á landinu, verði fluttir á vinnuheimili áfengissjúklinga og geymdir þar, þangað til þeir hafa yfirsigið drykkjuheigð sína. Vinnuheimilið í Kaldaðarnesi ætti að starfa á líkan hátt og vinnuhælið á Litla-Hrauni, þannig að vistmönnum væri sem allra mest haldið til starfa við heppileg vinnuskilyrði og fyrst og fremst undir beru lofti.

5) Að gera deild í væntanlegum spítala á Reykjum fyrir menn, sem þjást af áfengiseitrun, en má vænta, að megi lækna á stuttum tíma. Í tillögu um lækningastöð og hressingarheimili að Reykjum í Ölfusi er gerð nokkur grein fyrir þessari hugmynd. Ef litið er á ofdrykkjuhneigðina sem sjúkdóm, þá er auðvitað fyrsta boðorðið að reyna að lækna sjúkdóminn. Ef menn, sem von er um að lækna, eru settir á svokölluð „drykkjumannahæli", fylgir því í augum almennings sú vansæmd, sem eyðir fyrir fram allri von um bata. Áfengissjúklingur, sem von er um að lækna á skömmum tíma, þarf að vera þess fullviss, að það verði eins með hann farið og hvern annan sjúkling og að engin vansæmd fylgi veru á sjúkrahúsi, þó að um sé að ræða áfengiseitrun fremur en ef spítalaveran hefði verið ákveðin í sambandi við taugaveiki eða skarlatssótt. Sá munur, sem hér er ráðgerður á sjúkrahúsi og vinnuhæli, er í samræmi við eðli málsins. Allir þeir, sem nokkur von væri um að lækna fljótlega, fengju sjúkrahússdvöl, hinir vist við góða aðbúð á vinnuhæli.

6) Að lögreglan og aðstoðarmenn hennar beiti einfaldri kvikmyndagerð til að „skjalfesta", ef svo mætti segja, ástand og útlit ölvaðra manna, sem brjóta í bág við landslög og velsæmi með framkomu sinni. Að öllum líkindum getur notkun kvikmyndatækja í áfengismálum verið sambærileg við táragas, þar sem röstur eiga sér stað. Áður en lögreglulið nútímaþjóðanna fékk táragas til að dreifa æstum múg, varð oftar en skyldi að beita vopnum og kylfum. Táragasið gerði árásarseggina broslega og lítt skyggna um stund, en olli engum verulegum óþægindum. Kvikmyndavélin er milt, en áhrifamikið úrræði til að venja áfengishneigða menn af áfengisnautn á almannafæri. Samkvæmt þessari bendingu ætti lögreglan í Reykjavík að eiga nokkrar hentugar smávélar til kvikmyndatöku og beita þeim, þ. e. taka með þeim myndakafla, þar sem um ölæði væri að ræða bæði á heimilum einstakra manna, sem kalla á lögreglu til að skakka leikinn, og alveg sérstaklega á almennum samkomum, þar sem ber á ölæði. Mundi fyrst í stað þurfa að taka nokkrar myndir af fólki, sem slagar hálfmáttlaust og afmyndað í almannadanssölum í Reykjavík. Svipaða sögu mun lögreglan geta sagt í öðrum kaupstöðum og frá lélegum skemmtisamkomum í sveitum. Alveg sérstaklega þyrfti lögreglulið sveitanna að beita ljósmyndatöku við drykkjulýð þann, sem sækir að skemmtistöðum byggðanna. Síðan ætti lögreglan á hverjum stað að gefa þeim, sem brotlegir hafa orðið, tækifæri til að horfa á sjálfa sig á einkasýningum í lögreglustöðinni. Lögreglan, bæði í bæ og sveit, yrði að fara hóflega með þessa nýju tækni. Myndirnar eiga fyrst og fremst að vera til viðvörunar þeim, sem orðið hafa sér til minnkunar með ölæði. Ef lögreglan geymir drykkjumyndirnar, en sýnir þær ekki óviðkomandi mönnum, verður aðhald myndanna mjög sterkt. Það er sennilegt, að lögreglan í Reykjavík mundi með þessari aðferð geta þurrkað út nálega allan drykkjuskap á samkomum unga fólksins í bænum, ef hún hefði að baki sér stuðning þroskaðs almenningsálits. Og það, sem gert væri í þessum efnum í höfuðstaðnum, mundi verða fordæmi fyrir aðra landsmenn.

Ég hef í þessum bendingum ekki lagt áherzlu á, að beita skyldi sektum eða almennri fangavist fyrir ölæðisbrot. Fjársektir hafa engin áhrif á efnaða menn, sem brjóta lögin, og hafa væntanlega lítil uppeldisáhrif á allan þorra manna. Áfengismálunum mun hentast að hafa aðhaldið margþætt og í einu milt og öflugt. Ef framsýnir og góðviljaðir menn vilja taka höndum saman og reyna að finna úrræði til að ráða bót á áfengisbölinu, þá mun það takast engu síður en þegar baráttan var háð um marga eða hættulega sjúkdóma.

Sþ. **603. Nefndarálit**

um till. til þál. um samgöngubætur í Barðastrandarsýslu.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Tillagan fer fram á það, að skipuð sé sérstök þriggja manna milliþinganefnd til þess að athuga og gera tillögur um vegabætur í Barðastrandarsýslu.

Fyrir Alþingi 1943 var lögð tillaga um línurit yfir vegi, og var hún samþykkt 3. des. 1943. Með samþykkt þeirrar tillögu var ætlazt til þess, að glöggt yfirlit fengist um vegakerfið í hinum ýmsu sýslum og héruðum landsins. Ríkisstjórnin hefur ekki enn látið framkvæma þessa tillögu, væntanlega af sparnaðarástæðum, því fyrir liggja næg gögn til að gera það, ef vilji til þess er fyrir hendi.

Það er vitanlegt, að veganet landsins er misþétt og misgott í hinum ýmsu héruðum og sýslum, enda hafa héruðin sem stendur mismunandi brýna þörf fyrir vegi.

Sérstaka þýðingu hefur það allt af verið talið hafa, að höfuðstaður landsins væri í sem beztu vegasambandi við nærliggjandi landbúnaðarhéruð. Til þess að athuga, hvernig því yrði bezt komið fyrir, var skipuð sérstök milliþinganefnd í marz 1944. Hún starfaði til seint á árinu 1945 og skilaði þá áliti. Kostnaður var talinn á kostnaði við vegagerð ríkisins, og þó að deila megi um, hvort það hafi verið rétt, þá sér enginn eftir þeim þúsundum, sem nefndin kostaði, því að þörfin á því að sameina menn um hagkvæma lausn á samgöngum Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur var svo brýn og aðkallandi. En þegar þessi vegur — sem nú er kallaður Austurvegur — er undanskilinn, er mikill ágreiningur um, hvar sé mest þörf á að gera vegabætur í landinu. Flutningsmaður tillögunnar telur þessa mesta þörf í Barðastrandarsýslu og vill setja sérstaka milliþinganefnd til að rannsaka vegaþörfina þar, eins og gert var með Austurveg. Þessa telur minni hlutinn enga þörf. Hann viðurkennir, að íbúum Patreksfjarðar er brýn þörf að komast í sem bezt vegasamband við sveitir til þess að geta dregið að sér landbúnaðarvörur og þá sérstaklega mjólk, því að eins og kunnugt er, eru skilyrði til þess að hafa kýr á Patreksfirði mjög slæm. En svipað má segja um fleiri kauptún hér á landi, og má því segja, að Patreksfjörður hafi hér litla sérstöðu. Minni hluti allsherjarnefndar telur eðlilegt og sjálfsagt, að vegamálastjóri með sínum aðstoðarmönnum meti og geri áætlanir um vegi í Barðastrandarsýslu, eins og annars staðar í landinu, og að hann láti þá staði ganga fyrir rannsókn, þar sem veganna er mest þörf, eins og er þar, sem eftir er að tengja saman fjölmenn þorp, er vantar landbúnaðarvörur, og sveitir, sem geta selt vörurnar, ef vegasamband vantaði ekki.

Minni hluti allsherjarnefndar leggur því til, að Alþingi samþykki svo hljóðandi

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að vegamálastjóri láti sitja fyrir að mæla og gera kostnaðaráætlanir um vegagerðir þar, sem vegasamband vantar milli sveita, er hafa landbúnaðarvörur að selja, og þorpa, þar sem sömu landbúnaðarvörur vantar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. marz 1946.

Páll Zóphóníasson, frsm. Sigurður Thoroddsen. Barði Guðmundsson.

Ed.

604. Frumvarp til laga

um virkjun Sogsins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að reka orkuverið við Ljósafoss ásamt aðalorkuveitunni til Reykjavíkur, auka það og reisa og reka önnur orkuver við Sogið, til þess að vinna úr því raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja aðrar háspennutaugar þaðan til Reykjavíkur og gera afspennistöðvar og framkvæma þau mannvirki, sem þarf til að afhenda orkuna samkvæmt 6. gr.

2. gr.

Orkuverin, háspennutaugarnar og afspennistöðvarnar samkvæmt 1. gr. nefnast einu nafni Sogsvirkjunin. Skal hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er ráðherra staðfestir.

3. gr.

Áður en byrjað er á nýju verki, aukningu eða breytingu á mannvirkjum, sem fyrir eru, skal senda ráðherra uppdrætti að hinum fyrirhuguðu framkvæmdum ásamt lýsingu af þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin lætur í tæka tíð, að fenginni umsókn bæjarstjórnar Reykjavíkur í hvert sinn, gera nauðsynlegar umbætur á vegum, er nota þarf vegna flutninga og aðdrátta við virkjunina. Til þessara umbóta leggur Sogsvirkjunin fram helming kostnaðar, og telst hann með virkjunarkostnaði og greiðist jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Með virkjunarkostnaði má og telja allan undirbúningskostnað við mælingar, áætlanir og rannsóknir á virkjunartilhögunum.

Þegar orkuver verður reist við Efra Sogið, má enn fremur telja með kostnaði kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra Sogi, sem Reykjavíkurbær hefur keypt af eigendum Úlfljótsvatns, svo og vatnsréttindi þau, er ríkissjóður á fyrir Kaldárhöfðalandi, með sama verði, enda greiði Sogsvirkjunin andvirði þeirra jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Þurfi vegna þessarar virkjunar að gera brú á Efra Sogið og veg frá henni vestan árinnar, skulu þau mannvirki teljast til orkuversins.

Þegar orkuver verður reist við Neðri Sogsfossana, má á sama hátt telja með kostnaði andvirði vatnsréttinda þeirra fyrir löndum Úlfljótsvatns, Bildsfells, sem nú er í eigu Reykjavíkurbæjar, og Syðri Brúar, sem er í eigu ríkissjóðs. Skal verðið ákveðið hlutfallslega eftir mati því, sem framkvæmt var á vatnsréttindum Ljósafoss 1935, og greiðast af Sogsvirkjuninni jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Þurfi vegna þessarar virkjunar að gera brú eða brýr á Sogið við Neðri fossana svo og veg að orkuveri frá alfaravegum, skulu mannvirki þau teljast til orkuversins.

5. gr.

Auk þeirra ábyrgða, sem ríkissjóður er í við gildistöku þessara laga vegna orkuversins við Ljósafoss, ábyrgist ríkisstjórnin lán handa Reykjavíkurbæ til framkvæmda samkvæmt 1., 3. og 4. gr., að upphæð allt að 34 millj. króna, þó eigi yfir 85% af kostnaðarverði, eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

6. gr.

Sogsvirkjunin selur raforku til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Skylt er henni einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverum og við afspennistöðvar til almenn-

ingsnota utan Reykjavíkur við kostnaðarverði og að viðbættum allt að 5%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforkuna miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923.

Nú þykir nauðsynlegt, til þess að ákvæðum þessarar greinar verði fullnægt, að auka virkjun, og er Reykjavíkurbæ þá skylt að framkvæma aukninguna, allt upp í það, að Sogið sé að hálfu fullvirkjað, en ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til þess með sama skilyrði og segir í 5. gr. Skal aukningin framkvæmd, þegar er fé til hennar er fyrir hendi, nema gildar ástæður að dómi ráðherra hamli.

7. gr.

Þegar auka þarf virkjun fram yfir það, að Sogið sé virkjað til hálfs, enda er þá miðað við 86000 kw. orku í Soginu fullvirkjuðu, skal ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu, þannig að hann verði meðeigandi fyrirtækisins að sömu tiltölu og nemur aukningu vélaaflsins móts við það vélaafl, er fyrir var. Kaupverðið eða hluta þess má ríkisstjórnin inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta þeirra skulda, er á fyrirtækinu hvíla. Ef samkomulag um kaupverðið næst ekki, skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Á Reykjavíkurbær þaðan í frá rétt til þess, hvenær sem hann þarf, að fá sem svarar helmingi orkunnar úr Soginu fullvirkjuðu handa Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Nú óskar ríkisstjórnin, að ríkissjóður gerist meðeigandi að Sogsvirkjuninni fyrr en virkjunin er hálfnuð, og á hún þá rétt á eignartiltölu í henni með sömu skilmálum og tilhögun að öðru leyti sem greinir í næstu málsgrein hér á undan, enda haggist ekki við það tilkall Reykjavíkur til raforku samkvæmt niðurlagi sömu málsgr.

Nú hefur virkjuninni safnazt varasjóður, þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkvæmt þessari grein, og verður hann þá eign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs að réttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefur myndazt af, frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur annars vegar og notendum utan hennar hins vegar.

Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ríkisstjórnin framselt til þess eða þeirra fyrirtækja, er þá hafa með höndum orkuveitu til almenningsþarfa um taugakerfi frá Sogsvirkjuninni til héraða utan rafmagnsveitu Reykjavíkur.

8. gr.

Þegar ríkisstjórnin er orðin meðeigandi að Sogsvirkjuninni samkvæmt 7. gr., skal stjórn fyrirtækisins skipuð 5 mönnum: Tveim, er bæjarstjórn Reykjavíkur kýs, tveim, er tilnefndir verða af ríkisstjórninni, og hinum fimmta, er hæstiréttur tilnefnir. Skulu þeir allir skipaðir til þriggja ára í senn. Eftir að 1 ár er liðið frá skipun nefndarinnar, skulu árlega ganga úr nefndinni annaðhvort fulltrúar Reykjavíkur eða fulltrúar ríkisstjórnarinnar eða fulltrúi hæstaréttar. Skal varpað hlutkesti um, hverjir skuli fyrst ganga úr. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 82 19. júní 1933, um virkjun Sogsins.

Ed. 605. Breytingartillaga

við frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi taka gildi 1. febrúar 1947 og koma til framkvæmda á árunum 1947—1953, eftir því sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð.

Nd. 606. Raforkulög.

(Afgreidd frá Nd. 21. marz.)

Samhljóða þskj. 563.

Ed. 607. Lög

um lántökuheimild til handa síldarverksmiðjum ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 21. marz.)

Samhljóða þskj. 392.

Sþ. 608. Tillaga til þingsályktunar

um skipun nefndar til að rannsaka og gera tillögur um, hvernig lækka megi vátryggingargjöld íslenzkra vélbáta.

Flm.: Gísli Jónsson, Pétur Ottesen, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 3 manna nefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um, á hvern hátt lækka megi vátryggingariðgjöld fyrir íslenzka vélbáta frá því, sem nú er, og hvort ekki sé mögulegt að flytja þegar á þessu ári endurtryggingu þeirra að mestu eða öllu leyti á innlenda aðila.

Einn nefndarmanna sé skipaður eftir tilnefningu frá stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna, annar eftir tilnefningu frá stjórn Fiskifélags Íslands, en þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Tveir nefndarmanna skulu hafa víðtæka þekkingu á tryggingarmálum, en einn á útgerðarmálum.

Nefndin skal hafa lokið störfum fyrir 1. júlí n. k. og skilað áliti og tillögum til ríkisstjórnarinnar, og verði þá þegar gerðar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til hagkvæmrar lausnar á málinu.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Með lögum nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, er hverjum þeim, sem á vélbát með þilfari allt að 100 smálestir og ætlaður er til fiskveiða við

Ísland, gert skylt að vátryggja hann hjá félagi, sem starfar samkv. þeim lögum. Skal það félag síðan endurtryggja hjá Samábyrgðinni helming fjárins, og nemi upphæðin eigi meira en 80 þús. kr., en síðan alla þá upphæð, sem fram yfir er. Skal greiða Samábyrgðinni sama iðgjald og vátryggingarfélagið reiknar útgerðarmönnum á hverjum stað. Samkv. l. nr. 31 11. júní 1942 má þó Samábyrgðin eigi taka meiri áhættu á einu skipi en 35 þús. kr., og ber henni því að endurtryggja aftur frá sér að mjög verulegu leyti. Með ákvæðum til bráðabirgða í l. nr. 32 frá 11. júní 1942 er Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja undanskilið skyldum þeim, sem lagðar eru á aðra útgerðarmenn með 2. gr. téðra laga, til ársloka 1944. Þetta er síðar framlengt til ársloka 1946, og enn framlengt með l. 19. des. 1945 til ársloka 1948. Eina ástæðan fyrir þeirri sérstöðu, sem hér er veitt, er sú, að þetta félag hefur getað haldið iðgjöldum sínum niðri í allt að 3%, meðan önnur félög verða að hafa sín iðgjöld frá 5—8%.

Nú er það öllum ljóst, hver ofurþungi það er á bátaútveginum að þurfa að greiða allt að 8% í vátryggingargjöld. Einkum hlýtur þetta að verða mjög tilfinnanlegt fyrir þá bátaeigendur, sem hafa þegar keypt báta á núverandi verði eða eru í þann veginn að gera það, en eins og kunnugt er, mun ekki færri en 60 nýrra báta von á þessu ári, þar sem hver mun kosta um eða yfir 500 þús. krónur tilbúinn til veiða. Og með því að svo mun til ætlazt, að lánað verði allt að 75% af kostnaðarverði út á þessa báta, er augljóst, að engin fyrirhyggja er í því að vátryggja þá ekki fyrir fullu kostnaðarverði. Hitt er þá og jafnljóst, að þegar Alþingi fyrirskipar útgerðarmönnum með lögum að tryggja þessar eignir sínar í ákveðnum stofnunum, ber því skylda til að búa svo að þeim stofnunum, að ekkert tjón sé að því að skipta við þær. Nú hefur reynslan sýnt, að ábyrðarfélög þau, sem starfa samkvæmt fyrirmælum fyrr nefndra laga, hafa ekki getað komizt neitt í námunda við Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja með iðgjöld sín, og telja flm. því nauðsyn bera til þess, að rannsakað verði, hvort ekki sé unnt að fá úr þessu bætt, og reynist slíkt mögulegt, þá verði því komið í framkvæmd hið allra fyrsta.

Það er nú á þessu þingi verið að samþykkja breyt. á l. um stríðsslysatryggingu ísl. skipshafna en þessari stofnun er nú ætlað að annast viðtæka endurtryggingu fyrir útveginn. Hefur hún nú yfir að ráða meira en 6 millj. króna, og má vænta, að með aðstoð hennar megi gera hvort tveggja í senn, að lækka allverulega iðgjöldin og halda miklu af því fé innanlands, sem nú er greitt erlendum endurtryggjendum. En þótt á þennan hátt megi væntanlega lækka mjög verulega iðgjöldin, þá er hitt engu síður nauðsynlegt, að fá nákvæma rannsókn á því, hvað það er, sem veldur hinum háu og misjöfnu iðgjöldum, og hvort ekki sé mögulegt að gera jákvæðar ráðstafanir til þess bæði að draga úr tjónunum og minnka allan kostnað við bætur þeirra.

Mál þetta er svo mikið hagsmunamál fyrir útveginn, að það má ekki dragast, að allt sé gert til þess að fundin sé leið til hagkvæmari lausnar á málinu en útgerðarmenn almennt eiga nú við að búa.

Flm. þykir rétt að birta hér með sem fylgiskjal lista yfir iðgjöld hjá hinum ýmsu ábyrgðarfélögum á landinu, eins og þeim hefur verið gefið þetta upp af nefnd þeirri, er fiskiþingið skipaði til athugunar á málinu á s. á. Er þess vænzt, að mál þetta fái góðar undirtektir og skjóta afgreiðslu, svo mikilsvert sem það er fyrir útveginn.

Fylgiskjal.

Iðgjöld vélbátaábyrgðarfélaganna 1945.

Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga, Ísafirði	5 %
Vélbátaábyrgðarfélag Keflavíkur, Keflavík	6 —
Bátaábyrgðarfélagið Alda, Seyðisfirði	7 —
Bátatrygging Strandasýslu, Hólmavík	8 —

Vélbátaábyrgðarfélagið Stapi, Njarðvík	7 %
Vélbátaábyrgðarfélag Akurnesinga, Akranesi	7 —
Vélbátaábyrgðarfélag V.-Barðastrandarsýslu, Patreksfirði	7 —
Bátaábyrgðarfélag Eskifjarðar og nágrennis, Eskifirði	6 —
Vélbátasamtrygging N.-Þingeyinga, Þórshöfn	7 —
Vélbátaábyrgðarfélagið Skiphóll, Sandgerði	7 —
Bátatrygging Breiðafjarðar, Stykkishólmi	6 og 7 —
Bátatryggingarfélagið Festi, Grindavík	5½, 6 og 7 —
Vélbátaábyrgðarfélagið Hekla, Stokkseyri	7 —
Bátaábyrgðarfélag Norðfjarðar, Neskaupstað	5 —
Bátaábyrgðarfélag Fáskrúðsfjarðar, Fáskrúðsfirði	6 —
Vélbátatrygging Eyjafjarðar, Akureyri	7 —
Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum	3 —
Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta, Reykjavík	7 —
Vélbátaábyrgðarfélagið Hvítingur, Djúpavogi	5 og 6 —

Nd. 609. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 2. gr. 4. j. Síðari málsliður falli burt.

Sþ. 610. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu björgunarskútu Vestfjarða.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Barði Guðmundsson, Hermann Jónasson, Sigurður Thoroddsen, Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta byggja eða kaupa á þessu ári hentugt björgunar- og eftirlitsskip, er annist björgunar- og eftirlitsstörf fyrir Vestfjörðum. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að greiða nauðsynlegan kostnað í þessu skyni úr ríkissjóði, enda leggi Slysavarnafélagsdeildirnar á Vestfjörðum fram a. m. k. 200 þús. kr. á móti framlagi ríkissjóðs.

Greinargerð.

Heima á Vestfjörðum hefur um langt skeið verið unnið að undirbúningi þess, að byggt yrði sérstakt björgunar- og eftirlitsskip fyrir Vestfirði, Björgunarskúta Vestfjarða, eins og það hefur verið orðað.

Engum hefur verið það betur ljóst en Vestfirðingum sjálfum, hve brýna nauðsyn ber að í þessum efnum. Hvert einasta sjávarþorp í þessum landshluta á blómann úr æsku sinni, harðfengustu og duglegustu mennina, verulegan hluta árs hvers á sjónum. Og á Vestfjörðum hefur sjór jafnan verið sóttur af miklu harðfylgi, stundum jafnvel svo miklu, að við borð liggur, að segja megi, að um of hafi verið.

Það hefur einnig hent, að hörmuleg sjóslys hafa orðið og heil byggðarlög beðið mikið afhroð mannslífa og skipa.

Þegar á þetta er litið, sætir það engri furðu, þótt fólk á Vestfjörðum hafi snemma séð nauðsyn þess, að þar væri fyrir landi að staðaldri traust og vandað skip, er hefði það hlutverk eitt að annast eftirlits- og björgunarstörf. Og Vestfirðingar hafa sannarlega skilið þessa nauðsyn. Þess vegna hefur verið unnið mikið starf vestra til undirbúnings björgunarskútumálinu. Fjöldamargir einstaklingar og félagsheildir þar hafa lagt fram fé í þessu skyni. Var fjársöfnun til skútunnar það langt komin, að í stríðsbyrjun var að því komið, að bygging hennar yrði hafin í samvinnu við ríkissjóð. Úr framkvæmdum varð þó eigi þá, og mun dýrtíð og fleiri styrjaldarörðugleikar hafa valdið því.

Á s.l. sumri var björgunarskútumálið enn tekið upp. Var þá gerður samningur milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og Slysavarnafélags Íslands og slysavarnasamtakanna á Vestfjörðum hins vegar, um að ríkissjóður léti þá þegar hefjast handa um smíði eða kaup á eftirlits- og björgunarskipi, er ekki væri minna en 100 smálestir að stærð, með tveimur aðalgangvélum og búið öllum nýtízku björgunartækjum. Jafnframt var samið um, að ríkissjóður annaðist rekstur skipsins, og skyldi það vera að staðaldri fyrir Vestfjörðum.

Samningur þessi var undirritaður 1. ágúst s. l. sumar. Fylgir hann hér með sem fylgiskjal. En nokkru síðar gerðust þau tíðindi, að keypt voru hingað til lands 3 smáskip frá Englandi, sem notuð skyldu til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa. Var áformað, að Vestfirðingar fengju eitt þeirra. En þetta fór öðruvísi en ætlað var. Skipin reyndust að áliti sjómanna gersamlega óhæf til þessarar gæzlu. Og nú hefur hæstvirtur dómsmálaráðherra lýst því yfir á Alþingi, að þeim muni verða skilað aftur. Mál Vestfirðinga er því nú komið á sama rekspöl og 1. ágúst í sumar, er samningur var undirritaður um smíði björgunarskútunnar. Og þegar hinum ensku smáskipum hefur verið skilað aftur, á ríkissjóður andvirði þeirra til þess að leggja fram til byggingar björgunarskútu Vestfjarða, og á því samþykkt þessarar tillögu varla að íþyngja fjárhag ríkissjóðs um of.

Flm. tillögunnar leggja því áherzlu á, að bygging skútunnar verði hafin nú í sumar. En til þess að svo megi verða, þarf ríkisstjórnin að fá heimild til greiðslu nauðsynlegs kostnaðar. Slysavarnasveitirnar fyrir vestan hafa heitið að leggja fram a. m. k. 200 þús. kr., sem þær hafa safnað á undanförnum árum.

Vegna þess, að hér er á ferðinni eitt stærsta og mikilsverðasta öryggismál vestfirzkra sjómanna, raunar allra Vestfirðinga, hafa flm. tillögunnar talið sig knúða til þess að fá það leyst nú á þessu þingi. Vænta þeir þess, að málið fái skjóta og góða afgreiðslu.

Fylgiskjal.

SLYSAVARNAFÉLAG ÍSLANDS

Undirritaðir aðilar, annars vegar stjórn Slysavarnafélags Íslands og björgunarskútunefnd Vestfjarða f. h. slysavarnasveitanna á Vestfjörðum og hins vegar dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs, gera með sér svofelldan

Samning:

1. Ríkissjóður lætur smíða eða kaupa og rekur síðan strandgæzlu-, eftirlits- og björgunarskip, ekki minna en 100 rúmlestir að stærð, með tveimur aðalgangvélum og útbúið öllum nýtízku tækjum til björgunar, gegn því að Slysavarnafélag Íslands og björgunarskútunefnd Vestfjarða f. h. slysavarnafélagsdeildanna á Vestfjörðum leggi fram ekki minni fjárhæð en 200 — tvö hundruð — þúsund krónur til smíði og útbúnaðar skipsins eða kaupverðs.

2. Framlagið greiðist í tvennu lagi, þannig: 100 þúsund krónur, þegar smíði skipsins er hafin eða það keypt, og 100 þúsund krónur, þeðar það tekur til starfa.

3. Dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs tekur að sér að uppfylla eftirfarandi ákvæði um rekstur skipsins:

a. Að skipið sé að jafnaði við strandgæzlu og björgunarstörf við Vestfirði frá 1. okt. til maíloka ár hvert. Á því tímabili skulu björgunarstörf og aðstoð við fiskiflotann sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum störfum skipsins.

b. Stjórn Slysavarnafélags Íslands tilnefnir í samráði við stjórnir félagsdeildanna á Vestfjörðum fulltrúa, sem hefur þátttöku í stjórn skipsins hvað snertir björgunarstörf við Vestfirði, eftir nánara samkomulagi við framkvæmdastjóra þess. Þegar nauðsyn krefur, getur fulltrúinn fyrir hönd Slysavarnafélagsins haft beint samband við skipið og gefið skipstjóra fyrirskipanir um björgunarstörf. Skal um slíkt fara eftir því, sem framkvæmdastjóri skipsins og fulltrúi Slysavarnafélagsins verða ásáttir um í byrjun hvers gæzlu- og björgunartímabils við Vestfirði.

c. Áhöfn skipsins sé að helmingi skipuð mönnum búsettum á Vestfjörðum, ef völ er hæfra skipverja, og fari ráðning þeirra fram í samráði við fulltrúa Slysavarnafélagsins.

4. Höfuðaðsetursstaður skipsins skal vera á Ísafirði, eftir því sem við verður komið.

5. Smíði skipsins skal hafin svo fljótt sem unnt er eða leitað eftir kaupum, eftir að samningsaðilar hafa orðið ásáttir um gerð skipsins og fyrirkomulag, svo og útbúnað þess.

Leitað skal hagkvæms tilboðs um kaup á skipi eða um smíði skipsins og lögð áherzla á í smíðasamningum, að það verði sem fyrst fullgert.

6. Farist skipið, sé það selt eða hætti ríkissjóður að reka það, eins og að framan er ákveðið, endurgreiðist Slysavarnafélagi Íslands f. h. björgunarskútunefndar Vestfjarða framlag þess í sama hlutfalli við verðmæti skipsins eða vátryggingarupphæð þess, sem framangreint 200 þúsund kr. framlag verður af byggingarkostnaði skipsins nú eða kaupverði.

7. Rísi ágreiningur um samning þenna eða framkvæmd hans, skal hann lagður til úrskurðar fyrir gerðardóm, er sé þannig skipaður, að dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs tilnefnir mann af sinni hálfu og stjórn Slysavarnafélags Íslands annan, en oddamaður verði skipaður af hæstarétti, og sé hann formaður dómsins. Úrskurður dómsins er bindandi fyrir báða aðila.

8. Af samningi þessum eru gerð fjögur samhljóða eintök, eitt handa Skipaútgerð ríkisins f. h. ríkissjóðs, eitt handa Slysavarnafélagi Íslands, eitt handa slysavarnasveitum á Vestfjörðum og eitt til þinglesningar.

Í dómsmálaráðuneytinu, 1. ágúst 1945.

Finnur Jónsson.

F. h. Slysavarnasveitanna á Vestfjörðum

Ísafirði, 24. ágúst 1945.

Björgunarskútunefnd Vestfjarða

Arngrímur Fr. Bjarnason. Hannibal Valdimarsson.
Guðmundur Guðmundsson.

Reykjavík, 29. ágúst 1945.

F. h. Slysavarnafélags Íslands

Guðbjartur Ólafsson. Henry Hálfdansson.

Ed. 611. Breytingartillögur

við frv. til laga um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 4. gr. Á eftir 1. mgr. 4. gr. komi: allir til 4 ára í senn.
2. Við 12. gr. Á eftir orðunum „sameinuðu Alþingi“ í 2. málslið 1. mgr. komi: til 4 ára í senn.
3. Á eftir 15. gr. komi svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði: Skipun fyrstu hafnarstjórnar samkv. 4. gr. og kosning endurskoðenda samkv. 12. gr. gildir til ársloka 1949.

Nd. 612. Frumvarp til laga

(Eftir 3. umr. í Ed.)

um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera og starfrækja á sinn kostnað hafnarmannvirki í Keflavíkur og Njarðvíkurhreppum innan línu, sem dregin er styztu leið milli Vatnsness og Hákotstanga; að öðru leyti skulu takmörk hafnarinnar ákveðin í reglugerð. Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra. Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar, sem notaðar eru við byggingu hafnarinnar eða til fermingar og affermingar í höfninni, lönd, sem höfninni eru nauðsynleg vegna byggingar mannvirkjanna, starfrækslu þeirra eða annars, er nauðsynlegt má teljast fyrir fjárhagsafkomu hafnarinnar, einnig allar nauðsynlegar leiðslur, svo sem vatns- og rafmagnsleiðslur, holræsi o. fl.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 10 millj. króna, er endurgreiðist að ⅓ úr ríkissjóði og að ⅔ úr hafnarsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir að ⅔ hlutum stofnkostnaðarins, auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs, á verði, er hann telur sanngjarnt, núverandi hafnarmannvirki í Keflavík og Njarðvíkum, svo og allt það land, er liggur að hinu fyrirhugaða hafnarsvæði og svo langt út frá því, sem hann og hafnarstjórn telja nauðsynlegt vegna rekstrar hafnarinnar, byggingar mannvirkja, efnisöflunar og hækkandi verðlags, sem beinlínis má vænta, að verði á landinu vegna byggingar mannvirkjanna. Núverandi hafnarmannvirki má þó aldrei kaupa hærra verði en sem nemur byggingarkostnaði að frádregnu framlagi ríkissjóðs.

Heimilt er ráðherra að fresta byggingu hafnarinnar að nokkru eða öllu leyti, þar til samningar hafa tekizt um kaupin.

4. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra án tilnefningar, og 4 meðstjórnendur, tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar Landssambands ísl. útvegsmanna og tveir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórna Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppa, sinn úr hvorum hreppi, allir til 4 ára í senn.

Laun hafnarstjóra og þóknun til meðstjórnenda skal ákveðin af ráðherra og greiðast úr hafnarsjóði.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar, sbr. 1. og 2. gr. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
   a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
   b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
   e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
   f. Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2 a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

8. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

9. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

10. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

11. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

12. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

13. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

14. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Skipun fyrstu hafnarstjórnar samkv. 4. gr. og kosning endurskoðenda samkv. 12. gr. gildir til ársloka 1949.

Ed. 613. Lög

um embættisbústaði héraðsdómara.

(Afgreidd frá Ed. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 280.

Ed. 614. Lög

um breyting á lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi.

(Afgreidd frá Ed. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 444.

Ed. 615. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur eigi orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Tveir nefndarmanna (PHerm og ÞÞ) mæla gegn því, að það nái fram að ganga, en undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (HG) var fjarstaddur, er ákvörðun var tekin samkv. ofanskráðu.

Alþingi, 22. marz 1946.

Eiríkur Einarsson, frsm. Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 616. Frumvarp til laga

um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um stjórn landnámsmála.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

2. gr.

Nýbýlastjórn er skipuð þremur mönnum, formanni, er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og tveimur meðstjórnendum, er landbúnaðarnefndir Alþingis kjósa hlutfallskosningu til sama tíma. Tveir varamenn skulu kosnir á sama hátt.

Nýbýlastjórn ræður sér framkvæmdastjóra, er nefnist landnámsstjóri. Laun hans skulu vera söm og búnaðarmálastjóra.

3. gr.

Landnámsstjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum eftir ákvörðun nýbýlastjórnar. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um frumræktun lands til stofnunar einstakra nýbýla, byggðahverfa í sveitum og til nytja fyrir kauptún og kaupstaði. Einnig skal hann hafa yfirumsjón með þeim framkvæmdum, sem nýbýlastjórn hefur ákveðið að fengnu samþykki þeirra aðila, sem hlut eiga að máli.

Búnaðarfélag Íslands, Nýbyggingarráð og Atvinnudeild háskólans skulu veita landnámsstjóra þá sérfræðilegu aðstoð, sem þeim er unnt.

II. KAFLI
Um landnám ríkisins.

4. gr.

Ríkisstjórnin lætur eftir tillögum nýbýlastjórnar undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðahverfi í sveitum, einstök býli eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kauptún og kaupstaði.

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 2,5 millj. króna á ári næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1947.

5. gr.

Þessi undirbúningur landsins til ræktunar, sem ríkið framkvæmir og kallast landnám ríkisins, skal vera í því fólginn að ná á eina hönd samfelldu landi til ræktunar og nytja, ræsa fram það land, sem rækta skal, leggja um það vegi, sem tengdir eru aðalvegum nærliggjandi byggða, og ef reisa skal á því byggðarhverfi aðalæðar til vatnsleiðslu og skolpleiðslu, enn fremur skipuleggja á því byggð og skipta því sem sú byggð krefur.

6. gr.

Landnám þetta skal fara fram á landi, sem er eign ríkisins, bæjar-, sveitar- eða byggðarfélaga. Keypt skal land í þessu skyni, þar sem þess gerist þörf, og er heimilt að taka jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð, eignarnámi til þessara nota og einnig landspildur af einstökum jörðum, sem eru í sjálfsábúð og þær geta án verið. Eignarnám má þó því aðeins fara fram, að öll nýbýlastjórn sé því samþykk og fullreynt sé að dómi landbúnaðarráðherra, að samkomulag náist ekki um kaup á landinu.

7. gr.

Áður en framkvæmdir um landnámið eru hafnar á hverjum stað, skal landnámsstjóri, eftir tillögum nýbýlastjórnar, hafa látið fara fram rannsóknir um skilyrði til ræktunar, rafvirkjunar, afnota af jarðhita, samgangna, markaða o. fl. Jafnframt skal hann hafa látið gera skipulagsuppdrátt og kostnaðaráætlun um landnámið og þá byggð, sem þar á að rísa, ef um byggðahverfi er að ræða, og gera áætlanir og tillögur um það, hvers konar búskapur þar skuli rekinn.

Áætlanir og rannsóknir landnámsstjóra skulu lagðar fyrir nýbýlastjórn til samþykktar, áður en framkvæmdir hefjast.

8. gr.

Áður en landnám er hafið, skal sveitarstjórn, þar sem það á að fara fram, gefinn kostur á því að gera grein fyrir, hver áhrif hið fyrirhugaða landnám muni hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, kauptúninu eða kaupstaðnum og sveitar- eða bæjarfélaginu í heild.

Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, sker landbúnaðarráðherra úr.

9. gr.

Þegar lokið er undirbúningi landsins til ræktunar og byggðar, skal það leigt með erfðaleigu einstaklingum eða byggðarfélögum með skilmálum, sem nánar verða teknir fram í reglugerð. Leigan skal miðuð við þá kosti, sem landið býður til búskapar og afkomu. Nýbýlastjórn skal, ef óskir koma fram um það, semja við búnaðarsambönd eða bæjar- og sveitarfélög um að taka að sér frumræktun lands fyrir ákveðið gjald. Þau bæjar- og sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, skulu þó tryggja nægilegt fé til framkvæmdanna, að svo miklu leyti sem væntanlegur jarðræktarstyrkur hrekkur ekki til eftir áætlun Búnaðarfélags Íslands.

10. gr.

Nýbýlastjórn er heimilt að semja við búnaðarsamböndin eða ræktunarfélög, sem hafa sett sér jarðræktarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um að þau taki að sér að ræsa fram og undirbúa til ræktunar land þar, sem reisa á einstök býli. Þessi heimild skal þó aðallega notuð þar, sem hagkvæmt er að framkvæma verkið með fullkomnustu vélum.

11. gr.

Nýbýlastjórn skipar þriggja manna nefnd í hverri sýslu. Skulu 2 þeirra tilnefndir af hlutaðeigandi búnaðarsambandi, en einn af nýbýlastjórn án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Skipun nefndarinnar gildir til 4 ára. Hlutverk hennar er að vera nýbýlastjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um val á landi til nýbýla og undirbúning að þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar eru samkvæmt lögum þessum. Einnig að hafa eftirlit með því, að fylgt sé ákvæðum og fyrirmælum laga og reglugerða, sem um þessi mál fjalla. Þá skal nefndin vera til aðstoðar og ráðuneytis þeim mönnum, er óska að reisa nýbýli eða ganga í byggðafélag, og þeim bændum, sem eigi fá aðstoð til bygginga samkvæmt ákvæðum laga þessara.

III. KAFLI
Um byggingarsjóð.

12. gr.

Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður.
Stofnfé sjóðsins er:

a. Byggingarsjóður, Nýbýlasjóður og Smábýladeild Búnaðarbanka Íslands, eins og þessar stofnanir eru nú.
b. Lán, er ríkissjóður veitir eða útvegar vaxtalaust, þannig að stofnféð nemi alls 10 millj. kr. 1. júlí 1947, en síðan leggist árlegur tekjuafgangur sjóðsins við stofnféð.

13. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemur 2.5 millj. kr. næstu 10 ár, í fyrsta skipti árið 1947.

14. gr.

Sjóðurinn veitir lán gegn veði í jörðum, lóðum, íbúðarhúsum og peningshúsum:

a. Til endurbygginga íbúðarhúsa á sveitabýlum með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru í IV. kafla þessara laga.
b. Til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa í byggðarhverfum samkvæmt V. kafla þessara laga.
c. Til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa á nýbýlum, sem reist eru á ræktuðu landi við skiptingu jarða eða landi, sem er sérstaklega vel fallið til ræktunar og byggðar, og reist verða samkvæmt VI. kafla þessara laga.

Lánin mega vera allt að 75% af kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða fyrir þau, reiknuðu af teiknistofu landbúnaðarins með vísitölu byggingarkostnaðar í sveitum það ár, sem þær eru gerðar.

15. gr.

Þegar stjórn Byggingarsjóðs hefur gefið loforð um lánveitingu samkv. 14. gr., er henni heimilt að veita bráðabirgðalán meðan á framkvæmdum stendur, gegn persónulegum tryggingum og veði í framkvæmdinni, allt að 80% af hinu áætlaða endanlega láni, en slík bráðabirgðalán skulu greidd að fullu um leið og hin föstu lán eru afgreidd. Skal lánið veitt jafnóðum og verkinu miðar áfram. Vextir af bráðabirgðalánum þessum skulu vera 5%.

16. gr.

Byggingarsjóði skal heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til fyrir þeim lánum, sem álitin eru æskileg, að taka lán eða gefa út handhafavaxtabréf, allt að þreföldum stofnsjóði sínum.

Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

17. gr.

Lán þau, er sjóðurinn veitir, skulu greidd með jöfnum árlegum greiðslum, og skulu þær árlegu greiðslur við það miðast, að vextir af lánsfénu séu 2%. Skal stjórn sjóðsins ákveða um hvert lán, til hve langs tíma það er veitt, og skal þá meðal annars á það litið, hve vandaðar byggingar þær eru, sem fyrir lánsfé eru reistar. Lánin skulu þó aldrei veitt til lengri tíma en 42 ára.

18. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
3. Ef lántakandi hættir landbúnaðarframleiðslu eða störfum fyrir landbúnað.

19. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Byggingarsjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð eða fara með það á annan hátt eins og venja er um veð fyrir lánum, sem í gjalddaga eru komin.

20. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Byggingarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

21. gr.

Byggingarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

22. gr.

Búnaðarbanki Íslands annast framkvæmdastjórn sjóðsins, og skal bankastjórinn ákveða allar lánveitingar hans. Um lánveitingar til nýbýla jafnt í byggðahverfum sem til einstakra býla skal hann fara eftir tillögum nýbýlastjórnar. Um lánveitingar til byggingar íbúðarhúsa á öðrum sveitabýlum skal bankastjóri hafa samráð við nýbýlastjórn eða framkvæmdastjóra hennar.

IV. KAFLI

Um endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum.

23. gr.

Lán úr Byggingarsjóði til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum skulu veitt með þessum skilyrðum:

1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum, og sé gerð hússins utan og innan samþykkt af stjórn sjóðsins.
2. Að lögð hafi verið fram stutt lýsing af bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af trúnaðarmönnum Brunabótafélags Íslands, og beri sú lýsing því vitni, að endurbyggingar sé þörf á íbúð hans.

3. Að nýbýlastjórn hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um, að býlið sé til frambúðar og íbúðarhús það, sem reisa á, sé við hæfi þess og að það verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, síma, rafleiðslur og annað það, er tryggir framtíðargildi þess.

24. gr.

Lán úr Byggingarsjóði skulu enn fremur því aðeins veitt til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum, að húsið sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endurbyggt þannig, að skoða megi það jafngilt nýrri íbúð.

25. gr.

Ef nýbýlastjórn telur nauðsynlegt vegna skipulags byggingarinnar, að bæjarhús séu færð, getur Byggingarsjóður sett það að skilyrði fyrir láni til endurbyggingarinnar, að það sé gert. Hins vegar á þá býlið rétt til láns úr Byggingarsjóði til endurbyggingar peningshúsa, ef staðfærsla íbúðarhúss hefur í för með sér, að peningshús séu líka færð úr stað.

V. KAFLI
Um byggðarhverfi.

26. gr.

Þegar reist eru byggðarhverfi á landi, sem ríkið hefur áður numið samkvæmt 4.—10. gr., skal landnámsstjóri í samráði við nýbýlastjórn gera áætlanir um stofnun byggðarhverfanna, og sér hann síðan um framkvæmdir þeirra samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

27. gr.

Byggðarhverfi nefnast í lögum þessum minnst 5 býli, þar sem framkvæmdir allar við ræktun og byggingar eru gerðar eftir fyrir fram ákveðnu skipulagi. Hverju býli skulu ætlaðir minnst 12 ha til túnræktar auk nauðsynlegs beitilands, eða jafngildi þess í skilyrðum til garðræktar, vermiræktar eða annars þess, sem tryggt getur þrif býlisins. Enn njóta sama réttar í hverju byggðarhverfi býli, sem minna land hafa, ef ábúendur þeirra hafa sem aðalatvinnuveg handverk eða önnur störf, sem að dómi nýbýlastjórnar eru nauðsynleg fyrir byggðarhverfið.

28. gr.

Þegar ákveðið hefur verið, að byggðarhverfi skuli reist á landi, sem ríkið hefur áður numið, skal landnámsstjóri láta rækta 5 ha túns og reisa íbúðarhús og nauðsynlegustu peningshús, hlöður og verkfæraskemmur þeirra býla, sem þar eiga að rísa. Til byggingana fær hann lán úr Byggingarsjóði handa hverju býli í hverfinu, allt að 75% kostnaðar. Tekur síðan ábúandi, er flyzt á býlið, lán þetta að sér, en lánið skal vaxta- og afborgunarlaust þann tíma, sem það er á hendi landnámsstjóra. Við móttöku býlisins skal ábúandi, ef um kaup er að ræða, greiða 25% af byggingarkostnaði býlisins, enda telst hann þar á eftir eigandi þeirra bygginga, sem á býlinu eru, og þeirrar ræktunar, er hann hefur sjálfur framkvæmt.

29. gr.

Um leið og framkvæmd er hafin til að reisa byggðarhverfi, skulu býli þau, sem þar eiga að rísa, auglýst til kaups og ábúðar eða til leigu og ábúðar, sem einnig skal heimilt. Forkaupsrétt til kaups eða leigu skulu hafa bændur og bændasynir á þeim jörðum, er á hverfislandinu hafa verið, og þar næst ábúendur á jörðum, sem ekki geta fengið lán úr Byggingarsjóði, vegna þess að þær dæmast ekki hæfar til framtíðarábúðar.

30. gr.

Ef eigandi og ábúandi býlis í byggðarhverfi vill selja býli sitt, hefur Byggingarsjóður forkaupsrétt að því gegn kostnaðarverði að frádreginni fyrningu.

31. gr.

Allir þeir, sem gerast ábúendur í byggðarhverfi, skulu stofna með sér byggðarfélag. Félag þetta skal setja sér samþykktir í samræmi við lög þessi, og skulu þær til þess að öðlast gildi staðfestar af landbúnaðarráðherra eftir tillögum landnámsstjóra. Í samþykktum byggðarfélaga skal ákveða, hvort rekinn skuli samvinnubúrekstur í byggðinni eða að hve miklu leyti, hvaða stofnanir, byggingar, vélar o. s. frv. skuli vera félagseign og hvernig með félagseignir skuli farið o. fl. þ. h. Nánari fyrirmæli um undirbúning og setning samþykkta byggðarfélaga skulu sett með reglugerð.

32. gr.

Hver bóndi í byggðarhverfi — eða byggðarfélagið, ef um samvinnubúrekstur er að ræða, — skal hafa fullræktað land það, sem til ræktunar er ætlað, á eigi skemmri tíma en 10 árum frá því, er hann tók við býlinu nýbyggðu, enda ber honum skylda til að rækta á ári hverju a. m. k. 1/10 hluta þess lands, sem hann tók við óræktuðu, nema hann hafi næstu ár á undan lokið meiri ræktun en honum ber skylda til samkvæmt þessum ákvæðum. Vanræki hann þetta, hefur hann fyrirgert rétti sínum til eignar eða leigu og ábúðar á býlinu. Skal nýbýlastjórn skylt að hafa eftirlit með því, að jarðirnar séu vel setnar og svo sem lög þessi og reglugerðir, sem settar verða eftir þeim, mæla fyrir, og er heimilt að víkja af býlunum bændum þeim, sem uppfylla ekki þau fyrirmæli, sem sett eru um ábúð þeirra.

33. gr.

Ef eigandi eða leigjandi og ábúandi hverfisbýlis missir rétt sinn til eignar eða leigu og ábúðar á býlinu samkv. 32. gr., skal Byggingarsjóður taka við því og greiða fráfarandi það, sem hann hefur í býlið lagt, samkvæmt mati.

Í samþykktum byggðarfélaga skal ákveðið, hvernig fara skuli að, ef byggðarfélög uppfylla ekki skilyrði 32. gr.

34. gr.

Byggðarfélögum og einstökum eigendum og ábúendum hverfisbýla veitist fjárhagsleg aðstoð til umbóta á býlum sínum sem hér segir:

1. Styrkur til jarðræktarframkvæmda samkv. 2. kafla jarðræktarlaganna.
2. Viðbótarlán úr Byggingarsjóði með sömu kjörum og stofnlánið til stækkunar íbúðarhúss og aukningar peningshúss, að því er slík stækkun og aukning er nauðsynleg að dómi landnámsstjóra.

35. gr.

Ef 5 menn eða fleiri stofna með sér félag, er hefur að markmiði að reisa byggðarhverfi á ákveðnu landsvæði, skulu þeir senda nýbýlastjórn tillögur sínar um það, en hún lætur fara fram rannsókn á landinu. Um ákvörðun, hvort byggðarhverfið skuli reist, og framkvæmdir allar fer síðan eins og áður er fyrir mælt í lögum þessum. Þeir, sem bundizt hafa félagssamtökum um stofnun byggðarhverfisins, skulu eiga kost á að undirbúa landið til ræktunar og byggðar samkv. lögum þessum að jöfnum kostnaði og hægt er að fá slíkt gert á annan hátt eða fá atvinnu við landnámið, eins og því verður bezt við komið. Þegar þeim undirbúningi er lokið, skal þeim fengið landið í hendur til byggðar.

VI. KAFLI
Um nýbýli.

36. gr.

Nýbýli, sem verða aðnjótandi lána úr Byggingarsjóði, má jafnt reisa á ræktuðu landi með skiptingu jarða sem á landi, sem er sérstaklega vel fallið til ræktunar og búskapar, en eigi áður ræktað. Skal nýbýlið hafa minnst 12 ha lands, sem er vel fallið til túnræktar, auk nægilegs beitilands, eða önnur landgæði, sem að dómi nýbýlastjórnar eru ígildi þessa. Nýbýlið skal fá úrskipt land með ákveðnum landamerkjum, hvarvetna þar, sem því verður við komið.

37. gr.

Þegar jörð er skipt í tvö eða fleiri býli, skal þess gætt, að hvert býli hafi svo mikið landrými að dómi nýbýlastjórnar, að hægt sé að stunda þar hagfelldan landbúnað og notfæra sér nútíma tækni. Lágmark ræktaðs túns á býli sé 4 ha, þegar skipting fer fram, eða önnur landgæði, sem eru ígildi þeirrar ræktunar, og auk þess a. m. k. 8 ha lands vel til túnræktar fallið, auk nægilegs beitilands, eða önnur landgæði, sem eru ígildi þessarar ræktunar, ræktunarlands eða beitilands.

38. gr.

Sá, sem reisa vill nýbýli og hefur tryggt sér til þess umráðarétt á landi, sendi landnámsstjóra umsókn um, að hann fái heimild til að reisa býli, er njóti þeirra hlunninda, er lög þessi veita. Nýbýlastjórn lætur þá athuga alla aðstöðu til stofnunar nýbýlisins og úrskurðar, hvort hún sé nægilega góð til þess að stutt skuli að því, að býlið skuli reist.

39. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að láta reisa nýbýli, eitt eða fleiri, á jörðum ríkisins, sem losna úr ábúð. Einnig er henni heimilt að kaupa lönd í sama skyni. Skal þá undirbúningur undir stofnun býlanna vera með sama hætti og stofnun nýbýla í byggðarhverfum og forkaupsréttur að býlunum með sama hætti.

40. gr.

Ef eigandi nýbýlis vill selja það eða verði að láta það af hendi, gilda um það sömu reglur og um sölu og afhendingu býla í byggðarhverfum.

VII. KAFLI
Um viðhaldsskyldu o. fl.

41. gr.

Nýbýlastjórn skal halda skýrslur um öll þau býli, sem reist eða endurbyggð eru samkv. lögum þessum. Skal nákvæmlega frá því skýrt, hvenær hvert býli er reist eða endurbyggt, hver hefur orðið kostnaður við landnám það, sem fallið hefur í hlut býlisins, við ræktun þess og byggingu, hver lánskjörin hafa verið, hvernig lánin hafa greiðzt, hve mikið eigendur þess og ábúendur hafa lagt fram til þess að koma því upp, auk annars, sem nauðsynlegt þykir að skýra frá. Þá skal nýbýlastjórn afla sér skýrslna um rekstrarafkomu hvers býlis svo sem við verður komið. Getur hún lagt þá kvöð á ábúanda hvers býlis, er lán fær úr Byggingarsjóði að halda búreikninga, er gerðir séu eftir fyrirsögn Búreikningaskrifstofu ríkisins, enda sé þá greitt fyrir slíkt reikningshald eins og Búreikningaskrifstofan telur hæfilegt. Yfirlitsskýrslur um býli þau, sem reist eru með lánum úr sjóðnum, svo og afkomu búrekstrarins á býlunum skal nýbýlastjórn birta svo oft sem ástæða þykir til og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

42. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Byggingarsjóði, að halda vel við byggingum þeim, sem hann hefur fengið lán til. Héraðsnefndir nýbýlastjórnar skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins þegar, ef því er að einhverju leyti ábótavant. Skal þá stjórn sjóðsins veita hlutaðeigandi ábúanda áminningu, og er útbyggingar- og eignarnámssök, ef áminningin er ekki tekin til greina.

43. gr.

Ef ábúenda- og eigendaskipti verða við sölu á fasteign, sem veðbundin er Byggingarsjóði, skal sjóðurinn, nema um erfðaskipti sé að ræða, hafa forkaupsrétt að eigninni, og ef um nýbýli er að ræða, gegn kostnaðarverði að frádregnu metnu álagi vegna fyrningar og skemmda, enda er enginn kaupsamningur um eignina gildur nema með árituðu samþykki sjóðsstjórnarinnar eða þess fulltrúa hennar, sem umboð hefur til slíkrar áritunar. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, hafa erfingjar forkaupsrétt umfram Byggingarsjóð, en að öðru leyti skal mat á þeim og staðfesting eigendaskiptanna háð sömu reglum og þegar um venjulega sölu er að ræða. Sveitarstjórn hefur þó rétt til að ganga inn í forkaupsrétt Byggingarsjóðs, ef hún óskar þess. Um sölu óðalsjarða og ættarjarða fer samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943.

VIII. KAFLI
Um teiknistofu.

44. gr.

Stofnunin heitir Teiknistofa landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.

45. gr.

Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán er veitt til úr Byggingarsjóði, Ræktunarsjóði eða öðrum opinberum sjóðum, sem til eru og stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins og veita lán til bygginga í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.

46. gr.

Teiknistofan skal láta gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu til sveita og við sjó. Teiknistofan leitar aðstoðar íslenzkra listamanna og viðurkenndra hannyrðakvenna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til að fá þau sem smekklegust og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 45. gr., svo og stjórnir byggingarfélaga verkamanna og samvinnubyggingarfélaga skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.

47. gr.

Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðsskóla eða annars staðar til að annast smíði á húsgögnum og fleira, er að húsgagnagerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við húsgagnagerð.

48. gr.

Teiknistofan skal veita bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndar uppdráttum af húsum og húsgögnum.

Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.

49. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn. Forstöðumaður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

50. gr.

Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán veita til húsbygginga í sveitum, sbr. 45. gr. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðirnir veita til byggingarinna.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

51. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd þessara laga.

52. gr.

Um endurskoðun Byggingarsjóðs, starfsskýrslu o. fl., fer eins og mælt er fyrir í lögum nr. 115 frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

53. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 58 frá 27. júní 1941, um landnám ríkisins, og lög nr. 108 frá 9. október 1941, um Byggingar- og landnámssjóð, ásamt breytingum á þeim lögum, svo og öll önnur ákvæði eldri laga, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

54. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 617. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Við 1. gr. lið 11. Liðurinn falli niður.

Nd. # 618. Frumvarp til laga

um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI
Skólarnir, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Menntaskólar eru tveir, annar í Reykjavík, hinn á Akureyri. Stofna skal hinn þriðja í sveit, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Það er markmið skólanna að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

3. gr.

Í skólanum eru 4 ársbekkir. Greinast 3 efstu bekkirnir í 2 deildir: máladeild og stærðfræðideild. Heimilt er fræðslumálastjórn að stofna fleiri deildir við skólana samkvæmt tillögum hlutaðeigandi skólastjórnar.

4. gr.

Skólarnir eru jafnt fyrir pilta og stúlkur.

II. KAFLI
Um inntöku nemenda í skólana.

5. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skóla.

6. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldursákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum.
2. að hann hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti að meini orðið;
3. að hann sé óspilltur að siðferði;
4. að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

7. gr.

Rétt til inngöngu í 1. bekk skólanna veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.

8. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki skólanna, verður nemandi að hafa staðizt miðskólapróf í bóknámsdeild með ákveðinni lágmarkseinkunn og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, er hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, er skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið það, sem kennt er í þeim bekkjum, er hann kann að hafa hlaupið yfir.

III. KAFLI
Um kennsluna.

9. gr.

Í skólunum skal kenna: íslenzku og íslenzk fræði, dönsku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sögu og félagsfræði, kristin fræði, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði og stjörnufræði, bókfærslu, íþróttir og söng.

Heimilt er stjórnum skólanna að fjölga kennslugreinum eða fækka að fengnu samþykki yfirstjórnar þeirra.

IV. KAFLI
Um próf og einkunnir.

10. gr.

Í hverjum bekk skal að jafnaði halda próf í lok skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Árspróf veitir nemanda, er stenzt það, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan. Það getur verið lokapróf í einstökum greinum, eftir því sem fyrir verður mælt í reglugerð.

11. gr.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

Menntaskólar einir hafa rétt til að brautskrá stúdenta.

Ákvæði 2. málsgr. raskar ekki þeim réttindum, sem einstakir skólar hafa þegar fengið.

12. gr.

Við árspróf dæma kennarar skólanna um úrlausnir hver hjá öðrum. Við stúdentspróf og próf í þeim greinum, sem fyrr er lokið og til þess teljast, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómendur, skipaðir af yfirstjórn skólanna að fengnum tillögum háskólaráðs og forstöðumanna skólanna.

13. gr.

Um próf að öðru leyti og um einkunnir segir í reglugerð.

V. KAFLI
Um kennara skólanna.

14. gr.

Skólastjórar og fastir kennarar eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Leita skal áður umsagnar skólastjórnar.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn fastur kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild.

Skólastjórar ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna með samþykki fræðslumálastjórnar.

15. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar.

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna.

Undanþágur frá þessum ákvæðum má enn fremur veita, er sérstaklega stendur á og þörf krefur, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

16. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, á hann rétt á ársorlofi með fullum launum og síðan tíunda hvert starfsár á sama hátt og með sömu skilyrðum. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

17. gr.

Nánari ákvæði um réttindi kennara og skyldur standa í reglugerð.

VI. KAFLI
Um stjórn skólanna og yfirstjórn.

18. gr.

Fræðslumálastjórn er yfirstjórn skólanna.

Skólastjóri og fastir kennarar skipa skólastjórn, eftir því sem nánara er ákveðið í reglugerð.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Yfirstjórn skólanna skipar, í samráði við skólayfirlækni og skólastjóra, skólalækna til 5 ára í senn og ákveður þeim þóknun fyrir starfann.

Skólalæknar skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólunum.

20. gr.

Um skólatíma og leyfi, nemendur, reglu og aga skal ákveðið í reglugerð.

VIII. KAFLI
Um gildistöku laganna.

21. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 32 19. maí 1930, um menntaskóla á Akureyri, lög um breyting á þeim lögum, nr. 89 19. júní 1933, og lög nr. 19 24. marz 1944, og önnur ákvæði, er fara í bág við þessi lög. Þó skulu gilda ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstilhögun fyrir þá nemendur, er þegar hafa gengið inn í skólana.

Ed. 619. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er borið fram til staðfestingar á bráðabirgðalögum, útgefnum 12. apríl 1945, og hefur verið afgreitt óbreytt af neðri deild. Mælir nefndin með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. marz 1946.

Magnús Jónsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
H. Guðmundsson. Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 620. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 28. nóv. 1919, um breyt. á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júní 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta var flutt af fjárhagsnefnd Nd. eftir tilmælum fjármálaráðherra og afgreitt óbreytt. Nefndin mælir með samþykkt þess. En með því að nú er komið fram yfir þann tíma, sem gildistakan var miðuð við, verður að breyta því ákvæði. Ber nefndin því fram svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 2. gr. Síðari málsgr. skal orða svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 22. marz 1946.

Magnús Jónsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
H. Guðmundsson. Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 621. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til símaframkvæmda.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. marz 1946.

Magnús Jónsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr. H. Guðmundsson, frsm.
Ásmundur Sigurðsson. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 622. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1942.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. marz 1946.

Magnús Jónsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr. H. Guðmundsson.
Ásmundur Sigurðsson. Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 623. Nefndarálit

um frv. til laga um Fiskveiðasjóðs Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. það, er hér liggur fyrir, til athugunar um lengri tíma, og er það meðfram af því, að fyrst var unnið að endurskoðun og breytingum á frv. með það fyrir augum, að Fiskveiðasjóður færi með lán þau, er um ræðir.

Um þetta virðist ekki hafa getað náðst samkomulag meðal þeirra, er með fjár- og bankamál landsins fara, og fór svo, að nefndin fékk aðrar tillögur um fyrirkomulag þessara mála, sem meiri hluti hennar hefur eftir atvikum fallizt á. Aðalbreytingin og því nær sú eina frá því, sem áður var, er sú, að í stað Fiskveiðasjóðs kemur deild við Landsbankann, er fer með þá lánastarfsemi, sem hér er fyrirhugað.

Nýbyggingarráð hafði samið hið upphaflega frv. vegna þeirrar miklu nauðsynjar, sem á því er að bæta og efla stofnlán til sjávarútvegsins í sambandi við hinar fjárfreku framkvæmdir, sem landsmenn eru nú að ráðast í með nýja og bætta skipun framleiðslunnar við sjávarsíðuna fyrir augum. Ýmsum þótti tillögur ráðsins of djarfar og enn fremur ganga of nærri sjálfsforræði þjóðbankans.

Hafa deilur nokkrar staðið milli bankans og Nýbyggingarráðs út af þessu máli, og hafa alþingismenn allir átt kost á að kynna sér þau rök, sem hvor aðili fyrir sig hefur talið fram sínum málstað til gildis.

Sjávarútvegsnefnd sem heild leiðir hjá sér að leggja úrskurð á deilur þessar. Nefndarmenn hefðu yfirleitt kosið, að till. Nýbyggingarráðs hefðu náð fram að ganga (sbr. þó fyrirvara EystJ um skyldulánin). En þar sem eigi var kostur á að fá samkomulag um það, hefur meiri hluta nefndarinnar þótt nauðsyn til bera að fallast á hina breyttu tilhögun og flytja brtt. samkvæmt því, svo að ekki beri málið svo af leið sem orðið gæti, ef ekkert samkomulag yrði í þessu efni, heldur sé að því stefnt að ná aðalmarkmiði hins upphaflega frv.: nægum og ódýrum lánum til framdráttar útveginum með fjölgun veiðiskipastólsins og til iðnaðar í beinu sambandi við þennan annan höfuðatvinnuveg landsmanna.

Fyrir þessu aðalatriði þykir meiri hl. nefndarmanna rétt, að önnur atriði þýðingarminni hljóti að víkja. Fyrst og fremst verður fyrir því að sjá, að lánastarfsemi þessari verði á fót komið án frekari tafa en þegar eru á orðnar.

Þó að þessi niðurstaða sé fyrir hendi hjá meiri hl. nefndarinnar, hafa einstakir nefndarmenn áskilið sér rétt til fyrirvara um einstök atriði, eins og nál. þetta ber með sér.

Finnur Jónsson áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum um nokkur atriði. Eysteinn Jónsson hefur fyrirvara um nál. þetta og gerir grein fyrir honum þannig:

Ég tel ekki fært að fara inn á þá braut að skylda þjóðbankann með lögum til þess að veita löng lán, án þess að ráðstafanir séu gerðar til þess að festa tilsvarandi fjárhæðir af lausu fjármagni. Tel slíka ráðstöfun geta orðið undirrót nýrrar verðbólgu og vera í ósamræmi við þær meginreglur, sem fara verður eftir, ef eigi á að raska því fjárhagskerfi, sem á er byggt. Ég tel réttast að efla Fiskveiðasjóðinn til stofnlánaveitinga sjávarútveginum til handa, fella úr frumvarpinu samkv. framansögðu ákvæði um skyldulán seðladeildar þjóðbankans, en setja í þess stað ákvæði um, að ríkisstjórnin afli sjóðnum fjármagns með lánsútboðum og samningum við lánsstofnanir, enda yrði sá vaxtahalli að greiðast af ríkissjóði, sem fram kynni að koma vegna þess, að greiða þyrfti hærri vexti af lánum þessum en nemur útlánsvöxtum Fiskveiðasjóðs. Í nefndinni fékkst ekki fylgi fyrir þessum breytingum, og eru fjórir nefndarmenn þeim mótfallnir. Meiri hluti nefndarinnar vill halda ákvæðunum um skyldulánin og stofna nýja lánadeild við Landsbankann. Fengist lánsskylda seðlabankans numin úr frumvarpinu, tel ég réttara að efla Fiskveiðasjóðinn og láta hann annast hinar nýju stofnlánaveitingar, en sé því ákvæði haldið að skylda þjóðbankann til þess að lána 100 millj. kr., þá tel ég ekki fært annað en fylgja því, að sérstök deild í þeim banka hafi útlánin með höndum. Í samræmi við þetta áskil ég mér rétt til þess að taka afstöðu til breytingartillagnanna frá nefndinni og sömuleiðis til þess að flytja breytingartillögur við brtt. hennar og frumvarpið sjálft. Enn fremur nær fyrirvari minn til 3. gr. frv. og breytingartilagna við hana, m. a. vegna þess, að ég vil ekki lána af fé stofnlánadeildarinnar út á skipasmíðastöðvar, vélsmiðjur og þess háttar fyrirtæki nema félögum útvegsmanna, og loks mun ég flytja breytingartillögur til þess að tryggja það, að nýbyggingarsjóðir verði lagðir fram til tækjakaupa.

Lúðvík Jósefsson hefur ekki talið sig geta fylgt meiri hl. við afgreiðslu málsins, og mun hann skila sérstöku nál.

Með tilvísun til þess, er segir hér að ofan, leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

   Stofnuð skal ný deild við Landsbanka Íslands, er nefnist stofnlánadeild sjávarútvegsins. Skal hlutverk hennar vera það að styðja sjávarútveg Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum.

   Fjárreiðum stofnlánadeildarinnar skal haldið algerlega aðgreindum frá fjárreiðum annarra deilda bankans.

2. Við 2 gr. Greinin orðist þannig:

   Stofnlánadeildinni skal aflað fjár til útlána:

   a. Með lántökum hjá seðlabankanum samkv. 4. gr.
   b. Með skylduinnlánum eigenda nýbyggingarsjóðs samkvæmt 5. gr.
   c. Með útgáfu vaxtabréfa samkv. 7. gr.

3. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

   Stofnlánadeildin veitir lán gegn 1. veðrétti í fiskiskipum og öðrum veiðiskipum. Enn fremur fiskverkunarstöðvum, þar með töldum síldarverkunarstöðvum, hraðfrystihúsum og beitugeymsluhúsum, niðursuðuverksmiðjum, verksmiðjum til vinnslu úr fiskúrgangi, lifrarbræðslum, skipasmíðastöðvum og dráttarbrautum, vélsmiðjum, verbúðum í viðleguhöfnum og öðrum fyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti í þágu sjávarútvegsins.

   Forgangsrétt til lána samkvæmt 2. málslið 1. málsgr. skulu hafa félög útvegsmanna og fiskimanna, sem stofnuð eru til að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og fiskimönnum, og félög, sem meginþorri útvegs-

manna á hverjum stað er þátttakandi í í þeim tilgangi, er að framan greinir, enda skipti félögin arði af rekstri í hlutfalli við viðskipti félagsmanna.

Lán má eigi veita úr stofnlánadeild til annarra framkvæmda en þeirra, sem gerðar eru eftir 1. janúar 1944.

Lánin eru tvenns konar:

A-lán, er eingöngu má verja til greiðslu á atvinnutækjum smíðuðum erlendis og til kaupa erlendis á efni og vélum til skipasmíða eða annarra framkvæmda innanlands.

B-lán, er verja má til innlendra framkvæmda að því leyti, sem þær krefjast ekki erlends gjaldeyris

Á skuldabréf lánþega skal skrá, hve mikill hluti lánsins er veittur sem A-lán og hve mikill hundraðshluti afborgana skoðist sem afborgun á A-láninu, en að öðru leyti skal fara með lánið sem væri það eitt.

Lánveitingar úr sjóðnum eru bundnar því skilyrði, að Nýbyggingarráð hafi samþykkt þær framkvæmdir, sem um er að ræða, sem lið í heildaráætlun þess um þjóðarbúskap Íslendinga.

4. Við 4. gr.
   a. Í stað „fiskveiðasjóðs“ í 1. málsgr. komi: framkvæmdarstjórnar Landsbankans.
   b. Í stað orðanna „sem fiskveiðasjóður“ í sömu málsgr. komi: sem stofnlánadeildin.
   c. Í stað orðanna „stærri umbyggingar“ í sömu málsgr. komi: meiri háttar endurbætur.
   d. Í stað orðanna „seðladeild Landsbankans“ í 2. málsgr. komi: seðlabankinn, — og í stað „fiskveiðasjóður Íslands“ komi stofnlánadeildinni.
   e. Í stað orðanna „Seðladeild Landsbankans veitir fiskveiðasjóði“ í 3. málsgr. komi: Seðlabankinn veitir stofnlánadeildinni.
   f. Í stað orðanna „skuld fiskveiðasjóðs“ í sömu málsgr. komi: skuld stofnlánadeildarinnar.
   g. Í stað „skuldbindingar fiskveiðasjóðs“ í 4. málsgr. komi: skuldbindingar stofnlánadeildarinnar.
   h. Í stað „gagnvart seðladeild Landsbankans“ í lok sömu málsgr. komi: gagnvart seðlabankanum.
5. Á undan 5. gr. kemur ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:

   Útgerðarfélög og útgerðarmenn, sem eiga fé í Nýbyggingarsjóði, sbr. lög nr. 20 1942, skulu leggja fé þetta á vaxtalausan innlánsreikning í stofnlánadeildinni, og skal féð geymt þar, unz því er ráðstafað i samræmi við ákvæði gildandi laga.

   Framangreindum ákvæðum skal fullnægja innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara.
6. Við 5. gr., er verður 6. gr.
   a. Í stað „Fiskveiðasjóður“ komi Stofnlánadeildin.
   b. Í stað „seðladeild Landsbankans“ komi: seðlabankanum.
   c. Í stað „fiskveiðasjóðs“ komi: deildarinnar.
7. Við 6. gr., er verður 7. gr. Greinin orðist þannig:

   Stofnlánadeildinni er heimilt, að svo miklu leyti sem skylduinnlán samkvæmt 5. gr. hrökkva ekki fyrir þeim B-lánum, sem talin eru æskileg, að gefa út vaxtabréf, sem hún selur á opnum markaði. Fjármálaráðherra setur reglugerð um tilhögun vaxtabréfaútgáfunnar.

   Vaxtabréf stofnlánadeildarinnar eru tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.
8. Við 7. gr., er verður 8. gr. Greinin orðist þannig:

   Út á ný skip má lána allt að ⅔ (tveim þriðju) af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra, og út á aðrar eignir allt að ⅗ (þrem fimmtu) af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra.

Þó má lána allt að ¾ (þrem fjórðu) út á ný skip og ⅔ (tveim þriðju) út á aðrar eignir, ef bæjar- eða sveitarfélög eru lántakandi eða ganga í ábyrgð fyrir skilvísri greiðslu afborgana og vaxta.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Hafi sjóðurinn ekki nægilegt fé til að fullnægja lánsþörfinni, skulu lán til skipa- og bátakaupa sitja fyrir öðrum lánveitingum.

9. Við 8. gr., er verður 9. gr. Í stað „fiskveiðasjóði“ á þrem stöðum í gr. komi: stofnlánadeildinni.
10. Við 9. gr., er verður 10. gr. Í stað „Fiskveiðasjóði“ í upphafi greinarinnar komi: Stofnlánadeildinni.
11. Við 10. gr., er verður 11. gr. Í stað „fiskveiðasjóði“ í 1. málslið komi: stofnlánadeildinni.
12. Við 11. gr., er verður 12. gr.
    a. Í stað „fiskveiðasjóðs“ í 1. málsl. komi: stofnlánadeildarinnar.
    b. Í stað „fiskveiðasjóður“ í 2. málsl. komi: stofnlánadeildin.
13. Við 12. gr., er verður 13. gr.
    a. Í stað „fiskveiðasjóður“ í 1. málsl. komi: stofnlánadeildin.
    b. Í stað „stjórn fiskveiðasjóðsins“ í 2. málsl. komi: framkvæmdastjórn Landsbankans.
    c. Í stað „stjórn sjóðsins getur“ í síðasta málsl. komi: framkvæmdastjórn Landsbankans getur.
14. Við 13. gr., er verður 14. gr.
    a. Í stað „Fiskveiðasjóður Íslands“ í 1. málsl. komi: stofnlánadeildarinnar.
    b. Í stað „í fiskveiðasjóðnum“ undir staflið b. komi: í stofnlánadeildinni.
15. Við 14. gr., er verður 15. gr. Í stað „úr fiskveiðasjóði“ komi: úr stofnlánadeildinni.
16. Við 15. gr., er verður 16. gr.
    a. Í stað „fiskveiðasjóður“ á 4 stöðum komi: stofnlánadeildin.
    b. Í stað „fiskveiðasjóðnum“ á einum stað komi: stofnlánadeildinni.
17. Við 16. gr., er verður 17. gr.
    a. Í stað „í fiskveiðasjóði“ í 1. málsl. komi: í stofnlánadeildinni.
    b. Í stað „stjórn sjóðsins“ í 2. málsl. komi: framkvæmdastjórn Landsbankans.
18. Við 17. gr., er verður 18. gr.
    a. Í stað „Fiskveiðasjóður“ í upphafi greinarinnar komi: Stofnlánadeildin.
    b. Í stað orðanna „er sjóðurinn veitir“ komi: sem deildin veitir.
    c. Í stað orðanna „láta sjóðnum“ komi: láta deildinni.
19. Við 18. gr. Greinin fellur niður.
20. Við 19. gr. Greinin fellur niður.
21. Við 20. gr. Greinin fellur niður.
22. Við 21. gr., sem verður 19. gr.
    a. Í stað „Framkvæmdastjórn sjóðsins“ í upphafi greinarinnar komi: Framkvæmdastjórn Landsbankans.
    b. Í stað „sjóðsins“ í lok 1. málsgr. komi: deildarinnar.
    c. Í stað „sjóðsins“ í næstsíðasta málsl. komi: deildarinnar.
23. Við 22 gr., er verður 20. gr.
    a. Í stað „fiskveiðasjóðs Íslands“ komi: stofnlánadeildarinnar.
    b. Í stað „stjórn sjóðsins“ komi: stjórn deildarinnar.
24. Við 23. gr., er verður 21. gr. Í stað orðanna „að njóta vilyrða“ komi: að njóta hlunninda.
25. Við 24. gr., er verður 22. gr. Greinin orðist þannig:

    Lán, sem veitt hafa verið úr fiskveiðasjóði Íslands til framkvæmda á vegum Nýbyggingarráðs frá ársbyrjun 1945 til gildistöku þessara laga, skulu flutt

í stofnlánadeild Landsbankans, og skal litið á þau sem bráðabirgðalán samkvæmt 10. gr. þessara laga.

26. Við 25. gr. Greinin fellur niður.

27. Fyrirsögn frv. verði:

Frumvarp til laga um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Alþingi, 21. marz 1946.

Sigurður Kristjánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Eysteinn Jónsson, með fyrirvara.
	Finnur Jónsson.	

Ed. 624. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og lögum nr. 94 14. maí 1940, um breytingar á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað 1. gr. l. nr. 94 1940 komi ný grein, svo hljóðandi:

4. gr. l. nr. 38 1937 orðist svo:

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkvæmt lögum þessum.

Ríkisráðunautur í loðdýrarækt hefur í umboði landbúnaðarráðherra og í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands yfirumsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu vera trúnaðarmenn ráðunautar í málum varðandi loðdýraræktina, hver í sínu umdæmi, og framkvæma eða láta framkvæma í sínu umboði eftirlit með loðdýraræktinni eftir því, sem ráðunauturinn leggur fyrir, og ganga ríkt eftir, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Nú þykir ráðunaut áfátt vera um eftirlit trúnaðarmanna sinna, og getur þá ráðherra skipað aðra trúnaðarmenn að fengnum tillögum ráðunautar.

Hafi trúnaðarmaður sjálfur loðdýr undir höndum, þá skal ráðunauturinn hafa eftirlit með búi hans, eða skipa til þess annan mann, ef honum þykir ástæða til.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. l. nr. 94 1940 orðist svo:

Leyfi til loðdýraræktar skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðherra gefur út í samráði við Loðdýraræktarfélag Íslands.

3. gr.

4. gr. l. nr. 94 1940 orðist þannig:

7. gr. laganna orðist svo:

Öll loðdýr skulu geymd í fulltryggum loðdýragirðingum og búrum. Skal ávallt setja dýrheldan ytri girðingu um minka- og refabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim. Nánari ákvæði um gerð búra og girðinga setur landbúnaðarráðherra með reglugerð.

Öll loðdýr skulu flutt á milli garða í öruggu búri. Ef loðdýrin eru geymd í aðhaldi, er skylt að flytja þau í örugga vörzlu (sbr. 5. gr.) eða lóga þeim, hvenær sem hætta þykir á, að dómi trúnaðarmanns, að þau kunni að sleppa úr haldi, svo sem vegna ísalaga milli lands og eyja.

Vanræki sá, er leyfi hefur fengið til loðdýraræktar, að hafa vörzlu loðdýra nægilega trygga og lögum samkvæma, þrátt fyrir áminningar trúnaðarmanns eða ráðunautar, getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn, að fengnu samþykki ráðunautar, afturkallað fyrirvaralaust hið áður veitta leyfi og krafizt þess, að dýrunum verði strax lógað, nema eigandi komi þeim í örugga vörzlu á öðru loðdýrabúi.

Loðdýraeigandi, sem uppvís verður að illri og ómannúðlegri meðferð á loðdýrum sínum, skal missa leyfi sitt til loðdýraræktar á sama hátt og segir í 2. mgr.

4. gr.

Á eftir 7. gr. l. nr. 38 1937 komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Hver sá félagi eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi til loðdýraræktar og tekið hefur dýr í vörzlu, svo og þeir loðdýraeigendur, sem koma dýrum sínum í fóður hjá öðrum, en hafa ekki sjálfir leyfi til loðdýraræktar, skulu, án sérstakrar inntökubeiðni eða inntökuskírteinis, verða meðlimir í loðdýraræktarfélagi Íslands eða öðru félagi loðdýraeigenda, er komi í þess stað, með þeim skyldum og réttindum, er lög félagsins ákveða, enda hafi landbúnaðarráðherra staðfest lög þess.

Gjöldum loðdýraeigenda, sem ákveðin eru í félagslögum, fylgir lögtaksréttur.

5. gr.

Í stað 7. gr. l. nr. 94 1940 komi ný gr., svo hljóðandi:

11. gr. laga nr. 38 1937 orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt, er hafi umsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Ráðherra gefur út erindisbréf handa ráðunaut, og skal þar m. a. svo ákveðið, að ráðunauturinn skuli einnig vera í þjónustu Loðdýraræktarfélags Íslands og hlíta fyrirmælum þess um þau störf, er um ræðir í 12. gr. laga nr. 38 1937, og vera félaginu að öðru leyti til aðstoðar og ráðuneytis um þau félagsstörf eða málefni, er stjórn félagsins óskar eftir og samrýmzt geta störfum hans í umboði ráðherra.

Laun ráðunautar, skrifstofufé og ferðakostnaður greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

12. gr. laga nr. 38 1937 orðist svo:

Loðdýraræktarráðunauturinn hefur með höndum án endurgjalds frá loðdýraeigendum almenna fræðslu og leiðbeiningarstarfsemi í loðdýrarækt, bæði munnlega og í rituðu máli.

Hann skal ferðast á milli loðdýrabúa í samráði við Loðdýraræktarfélag Íslands til eftirlits og leiðbeininga, og skal hann þá einnig framkvæma merkingar loðdýra, eftir því sem við verður komið og óskað er.

Hann skal mæta á fundum Loðdýraræktarfélags Íslands og félagsdeilda þess, þegar óskað er og ástæður leyfa.

Ráðunauturinn skal vera dómari á loðdýrasýningum, eða skipa annan færan mann í sinn stað, ef hann er hindraður í að mæta. Hann skal og hafa yfirumsjón og eftirlit með því, að merking loðdýra sé lögmæt og framkvæmd árlega. Ráðunauturinn skal færa ættbók yfir öll fyrstu verðlauna dýr. Heimilt er ráðunaut að taka með í ættbókina veruleg úrvalsdýr, þó þau hafi ekki verið á sýningu.

Ráðunauturinn hefur yfirumsjón með eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

7. gr.

Á eftir 9. gr. laga nr. 94 1940 komi ný gr., svo hljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fengnum tillögum yfirdýralæknis að láta flytja inn loðdýr og reka loðdýrabú á kostnað ríkisins, til þess að ala upp fyrsta

flokks loðdýr, sem síðan megi selja loðdýraeigendum til undaneldis og kynbóta. Einnig er ráðherra heimilt að veita Loðdýraræktarfélagi Íslands leyfi til að flytja inn úrvalsloðdýr til kynbóta hér á landi, ef það óskar þess fyrir hönd loðdýraeigenda.

Ráðunautur ríkisins í loðdýrarækt hefur umsjón með þeim innflutningi, sem hér um ræðir, í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands, að því leyti sem innflutningur lifandi dýra er ekki háður ákvæðum annarra laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 94 1940 inn í lög nr. 38 1937 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Á Alþingi 1944 var lagt fram stjórnarfrumvarp samnefnt frv. því, er hér liggur fyrir. Því frv. var vísað til landbn. Ed., en hún leitaði um það umsagnar Loðdýraræktarfélags Íslands, sem mælti gegn samþykkt þess í verulegum atriðum og benti á, hverjar breytingar á frv. því þættu æskilegar. Þá var frv., ásamt erindi L. R. Í., sent Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar, og það mælti einnig gegn lögfestingu frv. Að svo komnu máli lagði nefndin til 18. des. 1944, að frv. yrði afgreitt með svo látandi rökstuddri dagskrá.

„Þar sem búnaðarþing kemur saman til fundar í febrúarmánuði næstkomandi og ætla má, að loðdýraræktarmálin verði tekin þar til endurskoðunar, telur deildin rétt að bíða eftir þeim tillögum, sem þaðan kunna að koma, áður en afgreiddar verði breytingar á loðdýraræktarlögunum, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Dagskráin var samþykkt.

Athugasemdir L. R. Í. hnigu aðallega að því:

a. Að slakað væri á kröfum til ráðunautar um ferðalög til eftirlits með vörzlu og meðferð og hirðingu loðdýra á loðdýrabúunum og um leiðbeiningar „á staðnum" til loðdýraeigenda.
b. Að óeðlilegt væri að gera ráð fyrir því, að B. Í. hefði loðdýraræktarráðunaut í sinni þjónustu, þegar til væri í landinu annað félag, þ. e. L. R. Í., sem eingöngu vinnur fyrir loðdýraræktina.
c. Að sett verði í lögin skýrari ákvæði — og sjálfvirk — um skyldu loðdýraeigenda til að vera meðlimir í L. R. Í. með skyldum og réttindum samkvæmt lögum þess, staðfestum af landbúnaðarráðherra, — og að gjöldum loðdýraeigenda til félagsins fylgi lögtaksréttur.

Um afstöðu B. Í. til frv. nægir að geta þess, að það taldi sér afhendis að hafa loðdýraræktarráðunaut í sinni þjónustu.

Nú hefur landbúnaðarnefnd tekið að sér að flytja frv. um þetta efni og lagt til grundvallar frv., er L. R. Í. sendi henni og óskaði að hún flytti. Bar nefndin frv. L. R. Í. undir loðdýraræktarráðunautinn og breytti því í einstökum atriðum eftir ábendingum hans.

Einstakir nefndarmenn eru óbundnir með atkvæði sitt við frv. og áskilja sér rétt til að koma fram með breytingartillögur við það eða fylgja breytingartill., sem fram við það kunna að koma.

Nd. 625. Nefndarálit

um frv. til l. um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft frumv. þetta til athugunar og rætt það á mörgum fundum. Nefndarmenn hafa ekki getað orðið á eitt sáttir um afgreiðslu málsins, og mun meiri hl. n., eða allir aðrir nefndarmenn en ég, skila öðru nefndaráliti.

Frumvarpið um fiskveiðasjóð var flutt af sjávarútvegsnefnd samkvæmt beiðni atvinnumálaráðherra. Frumvarpinu fylgdi annað frumv. um breyt. á l. um nýbyggingarráð, og voru bæði þessi frumvörp efnislega sem ein heild og miðuðu að því að leysa stofnlánaþörf útgerðarinnar á hagkvæman hátt.

Þegar frumvörp þessi voru lögð fram á Alþingi, fylgdi þeim svo hljóðandi athugasemd frá hálfu ríkisstjórnarinnar.

„Ríkisstjórnin er sammála um, að tryggja beri sjávarútveginum stofnlán með hagkvæmum vaxtakjörum. Hins vegar er ágreiningur innan stjórnarinnar um það, á hvern hátt afla skuli lánsfjár í þessu skyni. Mun verða reynt að ná samkomulagi um það, meðan þingið fjallar um málið."

Samkvæmt þessari athugasemd virðist ágreiningurinn innan ríkisstjórnarinnar um afgreiðslu málsins hafa verið einvörðungu um öflun lánsfjárins, en öll önnur meginatriði í tillögum nýbyggingarráðs hins vegar samkomulagsatriði.

Sá mikli dráttur, sem orðið hefur á afgreiðslu þessa máls, hefur fyrst og fremst stafað af óvissu um afstöðu einstakra ráðherra til þessa atriðis málsins. Sjávarútvegsnefnd hefði ábyggilega verið búin að afgreiða málið frá sér fyrir löngu, ef ekki hefði sífellt verið von á tillögum í tilefni af áðurgreindum fyrirvara, sem fylgdi frá ríkisstjórninni. Loks koma svo tillögur um breytingar á frumv. og eru þær fluttar nefndinni af hæstv. fjármálaráðherra.

Tillögur þessar miða að þeirri meginbreytingu á frumvarpinu, að öðrum aðila er falin framkvæmd málanna, en hins vegar engin teljandi breyting gerð á fjáröflunarleiðum þeim, sem ráð hafði verið fyrir gert. Meiri hluti sjávarútvegsn. hefur fallizt á að taka upp í tillögur sínar til breytinga á frumvarpinu þessi ákvæði og setja því upp sérstaka stofnlánadeild við Landsbankann, algerlega undir hans stjórn, í stað þess, að fiskveiðasjóður, sem verið hefur stofnlánasjóður sjávarútvegsins, hafi með lánin að gera.

Þessari meginbreytingu er ég andvígur og gat því ekki átt samleið með meiri hl. n. um afgreiðslu málsins. Ég skal nú gera nokkra frekari grein fyrir því, hvers vegna ég tel leið þá að leggja mál þessi undir Landsbankann óeðlilega og órétta.

Fiskveiðasjóður Íslands er ákveðinn sem stofnlánasjóður sjávarútvegsins. Hann hefur verið fjárhagslega efldur talsvert hin síðari ár, en þó ekki nægilega til þess að geta mætt allri stofnlánaþörf útvegsins. Það hefur verið einróma ósk allra hlutaðeigenda, að fiskveiðasjóðurinn yrði enn efldur og yrði áfram stofnlánasjóður útgerðarinnar. Frumvarp nýbyggingarráðs um fiskveiðasjóð hlaut eindregin meðmæli útgerðar- og sjómannasamtakanna í landinu, auk þess sem fjöldi bæjar- og sveitarfélaga samþykkti stuðning við frumv. Í frumv. nýbyggingarráðs um fiskveiðasjóð er gert ráð fyrir, að sjóðir, sem Alþingi hefur ákveðið að verja til stofnlána útvegsins, skuli sameinaðir og renna í fiskveiðasjóð og öll stofnlán útgerðarinnar því sameinuð á einum stað. Þetta ákvæði er í fullu samræmi við óskir og vilja útgerðarmanna.

Sú tillaga, sem miðar að því að stofna annan stofnlánasjóð fyrir útgerðina við hliðina á fiskveiðasjóði Íslands og halda enn aðgreindum ýmsum öðrum stofnlánasjóðum útgerðarinnar, er því að mínum dómi alröng og í fyllsta máta óeðlileg. Hið eðlilega er, að stofnlánasjóður útgerðarinnar, Fiskveiðasjóður Íslands, sem þegar er til, verði efldur og gerður fær um að anna stofnlánaþörf útvegsins.

Í þessu efni er rétt að benda á, að verði sú leið farin að stofna sérstaka stofnlánadeild á vegum Landsbankans til þess að veita 1. veðréttar stofnlán til útvegsins, þá hlýtur óhjákvæmilega svo að fara, að Fiskveiðasjóðnum, sem aðeins má lána 1. veðréttar lán, er um leið gert ókleift að halda áfram lánveitingastarfsemi sinni, þar sem hann vitanlega getur ekki veitt jafnhagkvæm lán og ráðgert er, að stofnlánadeildin við Landsbankann muni gera

Þegar nýbyggingarráð birti tillögur sínar um eflingu fiskveiðasjóðs og ný og hagkvæm stofnlán til sjávarútvegsins, þá tóku, eins og áður er hér sagt, allir útvegsmenn og flestir landsmenn þessum tillögum tveim höndum. Einn aðili brást þó illa við tillögum þessum og taldi þær í alla staði varhugaverðar og sumpart þjóðhættulegar. Þessi eini aðili var Landsbanki Íslands. Það virðist því í meira lagi undarlegt, að fram skuli koma tillaga um að fela einmitt þessum eina andstæðingi þessara lánveitingatillagna framkvæmd þeirra og það á sama tíma, sem ganga verður fram hjá þeim aðila þessara mála, fiskveiðasjóði Íslands, sem áður hefur verið ákveðinn af löggjafans hálfu sem eini stofnlánasjóður útvegsins.

Landsbankinn hefur með bréfi dags. 17. okt. s. l., sem sent hefur verið sjávarútvegsnefnd, gert grein fyrir skoðunum sínum á lánveitingafrumvarpi nýbyggingarráðs. Mér þykir í þessu sambandi full ástæða til að tilfæra hér nokkur atriði úr bréfi þessu, en þau ættu glöggt að sýna, hvaða afstöðu bankinn hefur til málsins og hversu æskilegt það er fyrir þá, sem annars vilja framgang lánveitingatillagnanna, að fela Landsbankanum framkvæmd þeirra. Um eitt aðalatriði málsins, útlánsvextina, en frumv. ákveður að þeir megi ekki vera hærri en 2.5%, segir Landsbankinn:

„Það er álit vort, að það sé mjög varhugavert og geti jafnvel haft hættulegar afleiðingar fyrir þjóðarbúskapinn í heild, ef það kemur til framkvæmda."

Vextir, sem seðladeild Landsbankans eru ætlaðir samkvæmt frumv. nýbyggingarráðs, 1½%, „eru allt of lágir", segir í bréfinu, og bendir bankinn á, að hægt muni að fá hærri vexti erlendis, ef fé væri lánað út til margra ára.

Þá heldur bankinn því fram, að tillögur nýbyggingarráðs miði að því „að gera að engu eðlilegan og sjálfsagðan rétt bankans til að ráða yfir starfsfé sínu" og „að framkvæmd vissra ákvæða í frumvörpunum hljóti að leiða til þess, að starfsemi bankans lamist um ófyrirsjáanlegan tíma og að honum verði gert ókleift að rækja hlutverk sitt sem þjóðbanki."

Frumvarpið um fiskveiðasjóð, eins og það var lagt fyrir Alþingi, felur í sér mjög þýðingarmiklar tillögur til bóta fyrir sjávarútveginn, en það er þó augljóst mál, að framkvæmd frumvarpsins, ef að lögum yrði, mundi þó skipta afgerandi máli í mörgum tilfellum.

Mér sýnist því með öllu óviðunandi, að Landsbankanum, eina aðilanum, sem hefur fjandskapazt gegn málinu frá upphafi, sé falin framkvæmd þess.

Ég get ekki gengið inn á þá skoðun, að óhjákvæmilegt sé að verða við kröfum bankans og fela honum framkvæmd málsins. Alþingi eitt hefur valdið í þessum efnum, og þjóðbankinn á að beygja sig fyrir ákvörðunum þess, en getur ekki sett því neina úrslitakosti. Telji Alþingi rétt að byggja upp atvinnuvegi landsmanna og beina fjármagni þjóðarinnar til ákveðinna framkvæmda, þá hlýtur það að gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni, jafnvel þó að Landsbankinn sé því andvígur og telji slíkt glæfraspil. Lánafrumvarpið um fiskveiðasjóð er undirstaða að nýsköpunarstefnu ríkisstjórnarinnar. Án hliðstæðra aðgerða í fjármálunum og frumv. felur í sér er nýsköpun atvinnulífsins óframkvæmanleg. Það er því vægast sagt teflt á tæpasta vaðið að fela Landsbankanum framkvæmd undirstöðuatriða þeirra miklu mála, sem hann hefur þó enga dul dregið á, að hann væri andvígur.

Ég tel frumv. um fiskveiðasjóð í öllum aðalatriðum óhjákvæmilegan grundvöll til tryggingar á framkvæmd þeirrar atvinnumálastefnu, sem ríkisstjórnin hefur lofað að beita sér fyrir.

Ég mæli því með samþykkt frumvarpsins, en tel þó rétt að gera á því nokkrar breytingar, sem allar eru í fullu samræmi við megintilgang frumvarpsins. Þannig tel ég rétt, að ákvæði 3. greinar um, út á hvaða eignir lána skuli og hvaða lánveitingar skuli ganga fyrir öðrum, verði breytt nokkuð.

Þá vil ég einnig breyta ákvæðum 7. greinar í þá átt, að lántakendur, sem fé eiga í nýbyggingarsjóðum, verði fyrst að nota það fé sitt, áður en þeir geta fengið lán úr fiskveiðasjóði.

Tillögur í framangreinda átt mun ég flytja á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. marz 1946.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 626. Breytingartillögur

við frv. til l. um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá Eysteini Jónssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 3. gr. Í stað 1. málsgr. komi nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Stofnlánadeildin veitir lán gegn 1. veðrétti í:

a. fiskiskipum og öðrum veiðiskipum.
b. fiskverkunarstöðvum, þar með töldum síldarverkunarstöðvum, frystihúsum, beitugeymslum, niðursuðuverksmiðjum, niðurlagningarstöðvum, verksmiðjum til vinnslu úr fiskúrgangi og lifrarbræðslum.
c. verbúðum á viðleguhöfnum.

Forgangsrétt til lána samkvæmt b-lið hér að framan hafa félög útvegsmanna og fiskimanna, sem stofnuð eru til þess að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og fiskimönnum, og félög, sem þorri útvegsmanna á hverjum stað er þátttakandi í, í þeim tilgangi, er að framan greinir, enda skipti félögin arði af rekstri í hlutfalli við viðskipti félagsmanna.

Heimilt er að lána félögum þeim, sem um getur í næstu málsgrein hér á undan, til byggingar skipasmíðastöðva, dráttarbrauta, vélsmiðja og annarra fyrirtækja, sem þau reka eingöngu eða að langmestu leyti í þágu sjávarútvegsins.

Lán má eigi veita úr stofnlánadeildinni til annarra framkvæmda en þeirra, sem gerðar eru eftir 1. jan. 1944.

Til vara: Ef till. meiri hl. n. um að fela stofnlánadeildinni framkvæmd lánveitingastarfseminnar verður felld, kemur í stað stofnlánadeildar (á tveimur stöðum): fiskveiðasjóður.

Nd. 627. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 623 (Fiskveiðasjóður).

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Við 2. till. (við 2. gr.). Tillagan orðist þannig:

Greinin orðist þannig:

Stofnlánadeildinni skal aflað fjár til útlána:

a. Með skylduinnlánum eigenda nýbyggingarsjóða skv. 5. gr.
b. Með útgáfu vaxtabréfa, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs. Skulu þau gefin

út í flokkum og innleyst eftir reglum, sem fjármálaráðherra samþykkir. Nánari tilhögun vaxtabréfaútgáfunnar skal fjármálaráðherra ákveða með reglugerð.

c. Með sérstökum lántökum gegn ríkisábyrgð hjá öðrum lánsstofnunum, enda annist fjármálaráðuneytið um þær lántökur.

Lán skv. b- og c-lið mega ekki fara yfir 140 milljónir króna.

2. Við 4. till. (við 4. gr.). Tillagan orðist svo:
Greinin orðist þannig:
Ríkissjóður greiði stofnlánadeildinni árlega fjárhæð, sem nemur vaxtahalla deildarinnar.
3. Við 6. till. (við 5. gr.). Tillagan orðist þannig:
Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.
4. Við 7. till. (við 6. gr.) Tillagan orðist þannig:
Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

Nd. 628. Breytingartillögur

við frv. til l. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

1. Við 1. gr. Orðin „Árbær og“ í fjórðu línu falli niður.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er hljóði svo:
Flóagaflstorfan í Sandvíkurhreppi skal leggjast til Eyrarbakkahrepps.
3. Við 3. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
Ölfushreppi og Hraungerðishreppi greiðir Selfosshreppur og fullar bætur fyrir missi tekna af þeim landsvæðum, sem frá þeim hreppum eru tekin og lögð til hins nýja Selfosshrepps.
Á sama hátt greiðir Eyrarbakkahreppur Sandvíkurhreppi (hinum nýja) fullar bætur fyrir missi tekna af því landsvæði, sem frá Sandvíkurhreppi er tekið og lagt til Eyrarbakkahrepps.
4. Við 4. grein.
a. Fyrsta málsgrein orðist svo:
Nú næst ekki samkomulag milli hreppsnefndar Selfosshrepps og hreppsnefndanna í Ölfushreppi og Hraungerðishreppi, eða milli hreppsnefndarinnar í Sandvíkurhreppi hinum nýja og hreppsnefndarinnar í Eyrarbakkahreppi um bætur þær, er í 3. gr. getur, eða önnur ákvæði, er skiptin varða, og skal þá leggja ágreininginn í gerð.
Skulu 5 menn skipa gerðardóminn. Þrjá þeirra kveður hæstiréttur og skipar einn þeirra formann dómsins, hreppsnefnd Selfosshrepps tilnefnir einn og hreppsnefndir hinna hreppanna, Ölfushrepps og Hraungerðishrepps, sinn manninn hvor, eftir því sem þeir hreppar eiga hlut að gerðinni. Á sama hátt tilnefnir hreppsnefnd Sandvíkurhrepps og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps sinn manninn hvor í dóminn, að því er gerðin tekur til skipta þessara hreppa.
b. Fyrir „tvo menn“ í 2. málsgr. kemur: mann.
c. Aftan við greinina kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
Kostnað af gerðardóminum, að því er tekur til stækkunar Selfossbyggðar, greiðir Selfosshreppur eftir ákvörðun dómsins, þar með talin þóknun til fyrirsvarsmanna málsaðila.
Á sama hátt greiðir Eyrarbakkahreppur kostnað af gerðardóminum að því er varðar skiptin milli Eyrarbakkahrepps og Sandvíkurhrepps hins nýja.
5. Við 5. gr. Fyrir „1946“ á tveim stöðum í greininni komi: 1947.

Nd. 629. Breytingartillaga

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við 2. gr. A. Liður 10 (Elliðaárvogur) falli burt.

Ed. 630. Nefndarálit

um frv. til l. um fræðslu barna.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn (MJ, EE, ÁS og HG) vill láta samþykkja frumvarpið með smávægilegum breytingartill., sem prentaðar eru hér á eftir.

Minni hlutinn (JJ) hefur lýst sig andvígan frumvarpinu.

Þó eru nefndarmenn ekki fullkomlega sammála um einstök atriði frumv. og áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur eða fylgja öðrum.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 51. gr. Á eftir „laun ráðskonu“ komi: svo og við heimangönguskóla borgun til bifreiðarstjóra skólabifreiðar, meðan skóli starfar eftir úrskurði fræðslumálastjórnar.

Alþingi, 24. marz 1946.

Magnús Jónsson, form., með fyrirv.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	Ásmundur Sigurðsson, frsm.
	H. Guðmundsson.	

Nd. 631. Breytingartillaga

við frv. til l. um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá Eysteini Jónssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 7. gr. Á undan síðustu málsgr. greinarinnar komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Lán má þó ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar virðingar- eða kostnaðarverði eignar, sem lánað er út á, að frádreginni eign lántakanda í nýbyggingarsjóði. Hafi lántakandi sannanlega gert ráðstafanir til kaupa á fleiri en einu framleiðslutæki, má skipta nýbyggingarsjóði hans til kaupa á þessum framleiðslutækjum, enda takist þau í notkun innan tveggja ára, frá því sótt er um lánið.

Nd. 632. Breytingartillögur

við frv. til l. um menntaskóla.

Flm.: Sigurður Thoroddsen, Einar Olgeirsson.

Við 9. gr.

a. Á undan orðinu „dönsku“‘ komi: esperanto.

b. Orðin „kristin fræði“ falli niður.

Til vara: Á eftir orðunum „kristin fræði“ komi: þau séu þó ekki skyldunámsgrein.

Nd. **633. Breytingartillögur**

við frv. til laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Fyrri hluti greinarinnar orðist þannig: Nýbýlastjórn er skipuð 5 mönnum, er kosnir séu hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Landbúnaðarráðherra skipar formann nýbýlastjórnar úr hópi þeirra, sem kosnir eru.
2. Við 14. gr.
   a. Síðasta málsgr. orðist svo:
      Lánin mega vera það hæst, að samtals hvíli á jörðinni allt að 75% fasteignamatsverðs, að viðbættu kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða. Þó má aldrei veita hærra lán en 75% kostnaðarverðs til nokkurrar einstakrar byggingar. Reikninga um byggingarkostnað úrskurðar bankastjóri Búnaðarbankans.
   b. Aftan við greinina bætist: Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943 má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.
3. Við 36. gr. Aftan við greinina bætist: Þar, sem félagsræktun verður ekki við komið eða fljótvirkustu jarðvinnsluvélum, sbr. 10. gr., skal nýbýlastjórn heimilt að verja ákveðinni fjárupphæð til undirbúnings hvers býlis. Sé slík greiðsla miðuð við meðalkostnað við stofnun býlis í byggðarhverfi og ákveðin á hverjum stað, áður en til einstakra býla er stofnað samkvæmt þessu ákvæði.
4. Við 43. gr. Aftan við greinina bætist: Ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 55 5. júní 1926 um forkaupsrétt á jörðum skulu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem nauðsyn krefur. Ef byggingarsjóður eða sveitarstjórn kaupa jörð samkvæmt heimildum þessara laga, er þeim skylt að selja eða leigja jörðina gegn verði eða leigukjörum, er samsvarar kaupverðinu.
5. Við 53. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947, og eru þá úr gildi felld lög nr. 58 o. s. frv.
6. Við 54. gr. Greinin falli burt, en aftan við 53. gr. bætist svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði.

Þeir bændur, sem rétt hafa til byggingarstyrks samkvæmt lögum nr. 108 frá 9. okt. 1941 og byrjað hafa byggingu á jörðum sínum fyrir árslok 1946, en hafa ekki fengið neinn byggingarstyrk, svo og nýbýlastofnendur, sem eins stendur á um, geta valið um það, hvort þeir taka endurbyggingarstyrk eða nýbýlastyrk og sæta þeim lánskjörum, er verið hafa, eða koma undir ákvæði þessara laga um lánskjör án styrks.

Nú hefur maður fengið nokkurn hluta byggingarstyrks, og getur hann þá því aðeins fengið lán samkvæmt lögum þessum, að hann endurgreiði styrkinn.

Heimilt er og stjórn byggingarsjóðs, ef nýbýlastjórn mælir með því, að veita bændum viðbótarlán úr sjóðnum til íbúðarhúsa, sem byggð hafa verið á árunum 1943—1946.

Allar ákvarðanir samkvæmt þessum bráðabirgðaákvæðum skulu afgreiddar fyrir 1. júlí 1947.

Sþ. **634. Tillaga til þingsályktunar**

um herstöðvamálið.

Flm.: Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að gefa nú þegar nákvæma skýrslu á opnum þingfundi um hvað líður hinu svonefnda herstöðvamáli. Skal ríkisstjórnin jafnframt leggja fyrir Alþingi öll símskeyti og bréf, sem farið hafa milli hennar og fulltrúa erlendra ríkja um mál þetta, og einnig þau símskeyti og bréf um sama mál, sem farið hafa milli hennar og fulltrúa Íslands erlendis.

Greinargerð.

Sú leynd, er ríkisstjórnin heldur yfir svonefndu herstöðvamáli, er með öllu ósæmandi og óþolandi fyrir lýðræðisþjóð. Hvað leynd þessari veldur, er landsmönnum ráðgáta, þar sem vitað er og yfir lýst af ríkisstjórninni, að stjórn Bandaríkjanna hefur fallizt á fyrir löngu síðan, að birt verði opinber tilkynning um málið hér á landi og í Bandaríkjunum samtímis. — Það, sem íslenzka þjóðin fær að vita um mál þetta, eru margvíslegar lausasögur og fregnir birtar í útvarpi og blöðum í ýmsum löndum, austur í Rússlandi, á Norðurlöndum, í Bandaríkjunum og víðar. Fréttir þessar eru, eins og oft vill verða, æði mótsagnakenndar og því útilokað, að þjóðin geti af þeim myndað sér rökstudda skoðun á því, hversu málinu er háttað. Ýmsir íslenzkir þingmenn hafa flutt ræður og fyrirlestra um herstöðvamálið, og flest íslenzk blöð hafa og talsvert um það ritað. Í þeim frásögnum gætir og hinna sömu mótsagna og flest á huldu um það, hvað satt er og hvað gert hefur verið í málinu og hvar því er nú komið.

Sú yfirborðsvitneskja, sem þjóðin fær á þennan hátt, er því alls kostar ófullnægjandi. — Það verður að teljast alveg ósæmandi, að þjóðin þurfi með þessu móti að tína saman mismunandi áreiðanlega fréttamola viðsvegar að um stærsta og þýðingarmesta mál hennar, sem nú er á döfinni. Hún á réttlætiskröfu á því, meðan hér ríkir lýðræði, að fá nákvæma skýrslu um atburðina frá ríkisstjórninni sjálfri. Þörfin á því, að leyndin, sem hvílt hefur yfir málinu, sé rofin, er og knýjandi af enn öðrum ástæðum. Vegna hulunnar, sem yfir það hefur verið dregin, hafa margs konar hviksögur og getgátur farið dagvaxandi. Sum dagblöðin hafa meira að segja hvað eftir annað gefið í skyn, — og meira en það —, að leynilegir samningar hafi þegar verið undirbúnir eða jafnvel gerðir um suma þætti máls þessa.

Tækifærið hefur og verið notað, vegna leyndarinnar, til þess að bera menn og heila flokka getsökum og gera þeim upp stefnu og skoðanir í herstöðvamálinu eftir eigin geðþótta. Hins vegar er mönnum varnað að ræða það og halda uppi vörnum gegn þessum árásum, sökum þess að það, sem landsmenn vita um málið af réttum heimildum, er takmarkað enn sem komið er og óvíst, hvað leyfilegt er að segja um það, þar sem ríkisstjórnin hefur enn aldrei fengizt til að ræða það nema sem trúnaðarmál.

Ég tel, að þessi rök ættu að nægja til þess að sanna mönnum það, að eftir þessa málsmeðferð er það eitt viðunandi, að ríkisstjórnin gefi Alþingi opinbera og ýtarlega skýrslu, er upplýsi allt í þessu efni fyrir þjóðinni.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir því, að öll símskeyti og bréf snertandi herstöðvamálið verði birt. — Ég fæ ekki séð, að þetta feli í sér neina hættu, enda virðist það eitt geta afstýrt því, sem er enn alvarlegra og hættulegra, að því fari fram sem nú er. Sennilega verða og tvær umræður um tillögu þessa, og getur þá ríkisstjórnin skýrt málið fyrir nefnd þeirri, er um málið fjallar. Verður að sjálfsögðu tekið fullt tillit til allrar rökstuddrar varfærni um afgreiðslu þess.

Verður þessi þingsályktunartillaga að öðru leyti nánar rökstudd í framsögu.

Ed. 635. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laga nr. 29 28. nóv. 1919 orðist svo:

Fyrir hvert skip, sem er 5 smálestir brúttó eða stærra og tekur höfn á Íslandi eða er haldið úti frá landinu, skal greiða vitagjald, 1 kr. af hverri nettó-smálest af rúmmáli skipins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti sleppt. Skemmtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 20 aura í vitagjald af hverri smálest.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um vitagjald.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 636. Nefndarálit

um till. til þál. um endurskoðun á löggjöf um sölu lyfja.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með tillögunni með þessari

BREYTINGU:

Á eftir orðunum „stjórn læknafélags Íslands, þriðja“ í annarri málsgr. komi: og skal hann vera héraðslæknir með lyfsalaréttindum.

Einn nefndarmanna (JS) var fjarstaddur.

Alþingi, 26. marz 1946.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.
Sigurður Thoroddsen.	Barði Guðmundsson.	Ingólfur Jónsson.

Sþ. 637. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn hveraorku á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna, og eru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt hennar eins og hún liggur fyrir.

Einn nefndarmanna (JS) var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. marz 1946.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Sigurður Thoroddsen, frsm.
Páll Zóphóníasson.	Barði Guðmundsson.	Ingólfur Jónsson.

Nd. 638. Breytingartillögur

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Við 3. málsgr. greinarinnar bætist: og enn fremur verbúðir í viðleguhöfnum.
2. Við 2. gr. B. Á eftir tölulið 45 komi nýr liður:
   Selvík í Skefilsstaðahreppi.

Ed. 639. Frumvarp til laga

um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkissjóður greiðir hluta af kostnaði við hafnargerðir og lendingarbætur á þeim stöðum, sem taldir eru í lögum þessum, og í þeim hlutföllum, sem þau ákveða, enda séu áætlanir um framkvæmdir allar samþykktar af samgöngumálaráðuneytinu, eignir og tekjur hafnar- eða lendingarbótasjóðs ekki fullnægjandi til þess að standa undir byggingu hafnarinnar eða lendingarbótanna og fé veitt til þess í fjárlögum.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til hafnargerða og lendingarbóta í þeim hlutföllum, sem segir í lögum þessum. Ef slík lán eru tekin erlendis, skal það gert í samráði við ráðuneytið, og er óheimilt að leita eftir slíku láni, nema samþykki ráðuneytisins komi til.

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkunar, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar og innsiglingarmerki og enn fremur verbúðir í viðleguhöfnum.

2. gr.

A. Ríkissjóður greiðir $^2/_5$ af kostnaði við hafnargerð eftirtalinna staða, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á $^3/_5$ af kostnaði við hafnargerðina, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.:

1. Akranes.
2. Akureyri.
3. Bíldudalur.
4. Bolungavík.
5. Búðareyri í Reyðarfirði.
6. Búðir í Fáskrúðsfirði.
7. Dalvík.
8. Djúpavík í Reykjarfirði.
9. Eskifjörður.
10. Flateyri í Önundarfirði.
11. Grafarnes í Grundarfirði.
12. Hafnarfjörður.
13. Hofsós.
14. Hrísey.
15. Hólmavík.
16. Húsavík.
17. Höfn í Hornafirði.
18. Ingólfsfjörður.
19. Ísafjörður.
20. Keflavík.
21. Neskaupstaður.
22. Ólafsfjörður.
23. Ólafsvík.
24. Patreksfjörður.
25. Raufarhöfn.
26. Reykjavík.
27. Sauðárkrókur.
28. Seyðisfjörður.
29. Siglufjörður.
30. Skagaströnd.
31. Stykkishólmur.
32. Suðureyri, Súgandafirði.
33. Vestmannaeyjar.
34. Þingeyri, Dýrafirði.
35. Þórshöfn.

B. Ríkissjóður greiðir helming kostnaðar við að gera lendingarbætur á eftirtöldum stöðum, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á hinum helmingnum af kostnaðinum við lendingarbæturnar, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.:

1. Alviðruvör.
2. Arnarstapi.
3. Árskógssandur.
4. Bakki í Arnarfirði.
5. Beruvík.
6. Bíönduós.
7. Borgarfjörður eystra.
8. Borgarnes.
9. Breiðdalsvík.
10. Brekka í Mjóafirði.
11. Búðardalur.
12. Bæir á Snæfjallaströnd.
13. Djúpivogur.
14. Drangar á Skógarströnd.
15. Drangsnes.
16. Eyrarbakki.
17. Flatey á Breiðafirði.
18. Flatey á Skjálfanda.
19. Fjörður í Múlahreppi.
20. Frambúðir á Snæfellsnesi.
21. Gerðar í Garði.
22. Gjögur í Reykjarfirði.
23. Grímsey.
24. Grunnavík.
25. Hafnarnes.
26. Hafnir.
27. Haganesvík.
28. Hagi á Barðaströnd.
29. Hauganes.
30. Haukadalur í Dýrafirði.
31. Hellissandur.
32. Hellnar á Snæfellsnesi.
33. Hnífsdalur.
34. Hvalneskrókur við Eystrahorn.
35. Hvalsker í Patreksfirði.
36. Hvammstangi.
37. Höfn í Bakkafirði.
38. Járngerðarstaðir.
39. Kaldrananes í Bjarnarfirði.
40. Kópasker.
41. Króksfjarðarnes.
42. Látrar í Aðalvík.
43. Látravík í Rauðasandshreppi.
44. Norðurfjörður.
45. Reykjanes við Ísafjarðardjúp.
46. Salthólmavík.
47. Sandgerði.
48. Selárdalur.
49. Selvík í Skefilsstaðahreppi.
50. Selvogur.
51. Skálar á Langanesi.
52. Skarðsstöð.
53. Skipavík.
54. Stokkseyri.
55. Stöðvarfjörður.
56. Súðavík í Álftafirði.
57. Sæból í Aðalvík.
58. Tálknafjörður innan Sveinseyrar.
59. Vattarnes eystra.
60. Vogar.
61. Vopnafjörður.
62. Þorkötlustaðir í Grindavík.
63. Þorlákshöfn.
64. Örlygshöfn í Patreksfirði.

Fari heildarkostnaðaráætlun lendingarbóta, sem hér eftir verða gerðar á einhverjum stað, yfir 800 þúsund krónur, skal staðurinn teljast, að svo miklu leyti sem þar er umfram, til hafnar undir A-lið þessarar greinar og fá eftir það styrk og ábyrgð samkvæmt því.

3. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu og ábyrgð ríkissjóðs er, að hafnargerðin eða lendingarbæturnar séu framkvæmdar undir yfirumsjón vitamálastjóra eða annars manns, sem samgöngumálaráðherra samþykkir.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfnina eða lendingarbæturnar, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til þess að leyfa, að tekið verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin eða lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi

fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnar- eða lendingarbótasjóði, þeim er hlut á að máli. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en það skal gera innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmatið greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemur 10 af hundraði af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hlutaðeigandi hafnar- eða lendingarbótasjóði.

5. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar eða þess svæðis, sem lendingarbæturnar ná til, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka nema samkvæmt tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar og með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Beiðni um að gera slík mannvirki skal senda hafnar- eða lendingarbótanefnd, er sendir hana áfram til hlutaðeigandi sveitarstjórnar með tillögum sínum.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Sé leyfið eigi notað innan 2 ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að framkvæma mannvirkið eftir þann tíma, nema nýtt leyfi komi til.

Heimilt er að nema í burtu án endurgjalds bryggju eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð í 5 ár eða lengur.

Brot gegn þessari grein varða sektum, allt að 10 þús. krónum, og getur stjórn hafnar- eða lendingarbótamála látið nema á burt á kostnað eiganda mannvirki, sem byggt er í óleyfi eða án þess að settum skilyrðum sé fylgt.

6. gr.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur á hendi stjórn málefna hafnarinnar eða lendingarbótanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, en skal fela framkvæmd þeirra mála þriggja eða fimm manna nefnd. Í reglugerð skal setja ákvæði um kosningu nefndarmanna, tölu þeirra og starfssvið.

7. gr.

Eignum hafnar- eða lendingarbótasjóðs má einungis verja í þarfir hafnarinnar eða lendingarbótanna. Hlutaðeigandi sveitarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

8. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnar- eða lendingarbótasjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjum ársins, sem í hönd fer, að endurnýja lán eða fresta greiðslu þeirra. Enn fremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að hefja framkvæmd mannvirkja við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar nægi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

9. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnargerðina eða lendingarbæturnar og til árlegs rekstrarkostnaðar er heimilt að leggja gjöld á skip þau og báta, er nota höfnina eða lendingarbæturnar, svo og á vörur þær, er þau flytja, þar með talinn afli, er þau leggja á land. Enn fremur gjöld fyrir afnot annarra tækja hafnarinnar, sbr. 1. gr. Gjöld þessi séu ákveðin í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar þeirrar, er hlut á að máli.

Herskip og skemmtiferðaskip eru undanþegin þessum gjöldum.

Enn fremur er heimilt að ákveða í reglugerðinni, að árlegt afgjald skuli greiða af bryggjum eða mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.

Heimilt er að innheimta gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs, þegar byrjað er á framkvæmdum hafnarmannvirkja.

Öll þessi gjöld má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt sem opinber gjöld.

10. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs og lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

11. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnar- eða lendingarbótanefnd að hafa samið og lagt fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnar- eða lendingarbótasjóðs á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

12. gr.

Nú eru í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðuneytisins þarf til, og skal þá hlutaðeigandi sveitarstjórn senda ráðuneytinu tillögu um það svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins verði fengið, áður en sveitarstjórn gengur endanlega frá fjárhagsáætlun hafnar- eða lendingarbótasjóðs.

13. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir utan fjárhagsáætlunar eða fara fram úr tilteknum fjárhæðum án samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar og samgöngumálaráðuneytisins.

14. gr.

Halda skal reikning yfir allar tekjur og öll gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal gera reikning yfir tekjur og gjöld og efnahagsreikning hafnar- og lendingarbótasjóðs á sérstök eyðublöð, er ráðuneytið lætur gera fyrir hafnar- og lendingarbótasjóði.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikning hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs, og skal jafnan senda ráðuneytinu afrit af reikningunum þannig.

15. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði, sem gilda fyrir hverja höfn eða lendingarbótasvæði fyrir sig. Skal í henni kveða á um stjórn hafnar- eða lendingarbótasjóðs, umferð og góða reglu, ákveða gjöld samkvæmt 9. gr. laga þessara, ákveða takmörk hafnarinnar eða þess svæðis, er lendingarbæturnar ná til, og annað, er þurfa þykir.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni allt að 10000 krónum, og renna þær sektir í þann hafnar- eða lendingarbótasjóð, er hlut á að máli.

Reglugerðir um hafnir samkv. lögum, sem numin eru úr gildi með ákvæðum 17. gr., skulu færðar til samræmis við þessi lög innan eins árs frá gildistöku þeirra.

16. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

17. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Hafnarlög fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915, ásamt lögum nr. 75 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 30 14. júní 1929, ásamt lögum nr. 12 13. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 34 19. júní 1922, ásamt lögum nr. 12 24. marz 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, ásamt lögum nr. 49 23. júní 1932, lögum nr. 36 19. júní 1933, og lögum nr. 11 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 10 24. marz 1944. Þó skulu ákvæði 6. gr. þeirra laga standa áfram í fullu gildi.

Hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóv. 1913, ásamt lögum nr. 63 3. nóv. 1915, lögum nr. 29 31. maí 1927, lögum nr. 39 7. maí 1928, lögum nr. 34 14. júní 1929, lögum nr. 58 19. maí 1930 og lögum nr. 36 23. júní 1932, um breytingar og viðauka við þau lög.

Hafnarlög fyrir Akranes, nr. 23 20. maí 1942, ásamt lögum nr. 2 12. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Bolungavík, nr. 11 24. marz 1944.

Lög nr. 66 8. sept. 1931, um hafnargerð á Dalvík, og lög nr. 79 7. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Grundarfjörð, nr. 88 15. sept. 1942.

Lög nr. 24 13. jan. 1938, um hafnargerð á Hofsósi.

Hafnarlög fyrir Hrísey, nr. 10 24. jan. 1945.

Lög nr. 38 19. júní 1933, um hafnargerð á Húsavík, ásamt lögum nr. 45 14. apríl 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Keflavík, nr. 23 25. des. 1943, ásamt lögum nr. 14 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942, ásamt lögum nr. 71 30. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ólafsfjörð, nr. 68 28. des. 1944.

Lög nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík, ásamt lögum nr. 55 28. jan. 1935 og lögum nr. 12 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Patreksfjörð, nr. 67 4. júlí 1942.

Lög nr. 68 11. júní 1938, um hafnargerð á Raufarhöfn, ásamt lögum nr. 97 14. maí 1940, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 65 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki, ásamt lögum nr. 11 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd, ásamt lögum nr. 49 28. jan. 1935 og lögum nr. 77 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 24 12. febr. 1940, um hafnargerð í Stykkishólmi.

Lög nr. 23 13. jan. 1938, um hafnargerð á Suðureyri.

Lög nr. 30 13. júní 1937, um hafnargerð á Þórshöfn.

Lög nr. 24 26. febr. 1943, um lendingarbætur í Bakkagerði í Borgarfirði.

Lög nr. 24 15. júní 1926, um bryggjugerð í Borgarnesi.

Lög nr. 13 24. marz 1944, um lendingarbætur í Breiðdalsvík.

Lög nr. 69 28. des. 1944, um lendingarbætur á Djúpavogi.

Lög nr. 45 8. sept. 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakka, ásamt lögum nr. 31 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 42 23. febr. 1945, um lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.

Lög nr. 37 15. febr. 1945, um lendingarbætur í Grunnavík.

Lög nr. 14 24. marz 1944, um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu.

Lög nr. 89 16. des. 1943, um lendingarbætur í Hnífsdal.

Lög nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð í Hornafirði, ásamt lögum nr. 22 26. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 50 10. okt. 1944, um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð.

Lög nr. 113 20. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík, ásamt lögum nr. 13 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 55 12. okt. 1944, um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík.

Lög nr. 70 28. des. 1944, um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi.
Lög nr. 90 25. sept. 1942, um lendingarbætur á Skálum.
Lög nr. 65 4. júlí 1942, um lendingarbætur í Skipavík.
Lög nr. 22 20. maí 1942, um lendingarbætur á Stokkseyri.
Lög nr. 88 16. des. 1943, um lendingarbætur í Stöðvarfirði.
Lög nr. 53 12. okt. 1944, um lendingarbætur við Sæból í Aðalvík.
Lög nr. 44 14. apríl 1943, um lendingarbætur á Vattarnesi við Reyðarfjörð.
Lög nr. 97 16. des. 1943, um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.
Lög nr. 53 14. júní 1929, um lendingarbætur í Þorlákshöfn.
Lög nr. 26 12. febr. 1945, um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík.
Lög nr. 51 10. okt. 1944, um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð.

Ed. 640. Frumvarp til laga

um þjóðargrafreit á Þingvöllum.

Flm.: Jónas Jónsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Ríkið heldur við og verndar sérstaklega grafreit á Þingvöllum fyrir íslenzka afburðamenn, konur og karla.

2. gr.

Engan má jarðsetja í þjóðargrafreitinn, nema liðin séu 25 ár frá andláti hans og a. m. k. 5 ár frá því að síðast var jarðsett í grafreitnum.

3. gr.

Tilmæli um, að maður verði jarðsettur í þjóðargrafreitnum, skulu fyrst borin fram við ríkisstjórn, sem leitar álits Þingvallanefndar um þau. Ef nefndin mælir með tilmælunum eða ríkisstjórnin ákveður að styðja þau, skal tillaga þess efnis send forseta sameinaðs Alþingis ásamt skriflegri greinargerð. Forseti leggur tillöguna undir úrskurð Alþingis án umræðu. Heimild Alþingis er veitt, ef ¾ hlutar þingmanna eða fleiri eru á fundi og ¾ þeirra samþykkja tillöguna.

4. gr.

Þingvallanefnd sér um framkvæmd greftrana í þjóðargrafreitnum, en ríkissjóður greiðir kostnaðinn.

5. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1947.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin skal gera ráðstafanir til þess, að leifar Jónasar Hallgrímssonar verði fluttar til Íslands og jarðsettar í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum þegar á þessu ári.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum lét ríkisstjórnin í samráði við Þingvallanefnd gera sérstakan grafreit á Þingvöllum, er ætlaður var sem legstaður íslenzkra afburðamanna. Var skáldið Einar Benediktsson jarðsettur þar fyrstur, árið 1940.

Engar reglur hafa til þessa verið settar um, hversu haga skuli ákvörðunum um, hverjir þar skuli jarðsettir.

Þingvallanefnd telur eðlilegt, að um það verði settar ákveðnar reglur með lögum, og flytja því þeir nefndarmenn, sem sæti eiga í efri deild, frumvarp þetta.
Nánar í framsögu.

Nd. 641. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 628 (Selfossbyggð).

Frá Sigurði Thoroddsen og Páli Zóphóníassyni.

Við 4. lið c. Hin nýja grein orðist svo:
Kostnaður af gerðardómum þessum greiðist úr ríkissjóði eftir úrskurði ráðherra.

Nd. 642. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 628 (Selfossbyggð).

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. b-liður 4. tölul. orðist svo:
   Eftir „hreppsnefnd Sandvíkurhrepps“ komi: og Selfosshrepps sinn manninn hvor af sinni hálfu til að taka sæti í dómnum.
2. Við 5. tölul. Liðurinn orðist svo:
   Í staðinn fyrir „1. jan. 1946“ á tveim stöðum í greininni komi: 1. júní 1946.

Ed. 643. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 28. nóv. 1919, um breyt. á 1. gr. l. um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 2. gr. Síðari málsgr. verði sérstök grein (3. gr.).

Nd. 644. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrir „300“ í 20. gr. laganna kemur: 600.

2. gr.

Fyrir „300“ í 21. gr. laganna kemur: 600.

3. gr.

Fyrir „300“ í 22. gr. laganna kemur: 600.

4. gr.
Fyrir „300“ í 23. gr. laganna kemur: 600.

5. gr.
Fyrir „300“ í 24. gr. laganna kemur: 600, — og fyrir „800“ á tveim stöðum kemur: 1200.

6. gr.
Fyrir „300“ í 25. gr. laganna kemur: 600, — og fyrir „800“ á tveim stöðum kemur: 1200.

7. gr.
Fyrir „300“ í 26. gr. laganna kemur: 600, — og fyrir „800“ á tveim stöðum kemur: 1200.

8. gr.
Fyrir „300“ á þrem stöðum í 27. gr. laganna kemur: 600, — og fyrir „800“ á þrem stöðum kemur: 1200.

9. gr.
Fyrir „800“ í 28. gr. laganna kemur: 1200.

10. gr.
Fyrir „800“ á þrem stöðum í 29. gr. laganna kemur: 1200, — og fyrir „300“ kemur: 600.

11. gr.
Fyrir „150“ í 31. gr. laganna kemur: 250.

12. gr.
Fyrir „150“ í 32. gr. laganna kemur: 250.

13. gr.
Fyrir orðin „150 hestafla“ í 33. gr. laganna kemur: 250 hestafla.

14. gr.
Fyrir orðin „150 hestafla“ í 34. gr. laganna kemur: 250 hestafla.

15. gr.
Fyrir „150“ í 35. gr. laganna kemur: 250, — og fyrir „400“ kemur: 600.

16. gr.
Fyrir „150“ í 36. gr. laganna kemur: 250, — og fyrir „400“ kemur: 600.

17. gr.
Fyrir „150“ í 37. gr. laganna kemur: 250, — og fyrir „400“ kemur: 600.

18. gr.
Fyrir „150“ á tveim stöðum í 38. gr. laganna kemur: 250, — og fyrir „400“ kemur: 600.

19. gr.
Fyrir „400“ á tveim stöðum í 39. gr. laganna kemur: 600, — og fyrir „900“ kemur: 1300.

20. gr.
Fyrir „400“ á tveim stöðum í 40. gr. laganna kemur: 600, — og fyrir „900“ kemur: 1300.

21. gr.

Fyrir „400“ í 41. gr. laganna kemur: 600, — og fyrir „900“ á tveim stöðum kemur: 1300.

22. gr.

Fyrir „400“ á fjórum stöðum í 42. gr. laganna kemur: 600, — og fyrir „900“ á þrem stöðum kemur: 1300.

23. gr.

Fyrir „900“ í 43. gr. laganna kemur: 1300.

24. gr.

Fyrir „900“ á þrem stöðum í 44. gr. laganna kemur: 1300, — og fyrir „400“ kemur: 600.

25. gr.

a. Fyrir „150“ í c-lið 48. gr. laganna kemur: 250.
b. Fyrir „150“ í d-lið sömu lagagreinar kemur: 250.

26. gr.

Á eftir 56. gr. laganna kemur ný grein, er verður 57. gr., svo hljóðandi:

Ráðherra heimilast að ákveða með reglugerð, að hið minna vélstjóranám við vélstjóraskólann í Reykjavík skuli lengt um tvo mánuði, hið minna mótorvélstjóranám Fiskifélags Íslands um þrjár vikur og hið meira mótorvélstjóranám Fiskifélags Íslands um tvo mánuði. — Reglugerðin skal sett að fengnum tillögum skólastjóra Vélstjóraskólans, Fiskifélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Mótorvélstjórafélags Íslands.

27. gr.

Á eftir 3. málsgr. í ákvæðum til bráðabirgða (l. nr. 68 12. apríl 1945) komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Í næstu 3 ár eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, skulu þeir, er lokið hafa hinu minna vélstjóraprófi við Vélstjóraskólann í Reykjavík eða hinu minna mótorvélstjóraprófi Fiskifélags Íslands, og þeir, er lokið hafa hinu meira mótorvélstjóraprófi Fiskifélags Íslands, eiga þess kost að njóta hinna auknu réttinda, sem með þessum lögum eru veitt þeim þrem flokkum vélstjóra, er hér eiga hlut að máli, gegn því, að þeir sæki sérstakt tveggja mánaða námskeið, sem efnt skal til í þessu skyni, og ljúki þar prófi.

Ráðherra heimilast að ákveða reglur fyrir námskeið þetta að fengnum tillögum skólastjóra Vélstjóraskólans í Reykjavík, Fiskifélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Mótorvélstjórafélags Íslands. — Þó skulu þeir, sem hafa siglt sem vélstjórar í samtals 4 ár frá þeim tíma, er þeir öðluðust réttindi sem vélstjórar, og til þess er lög þessi ganga í gildi, verða aðnjótandi þeirra aukinna réttinda, sem með þessum lögum eru veitt þeim, er staðizt hafa hið minna mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands án undangengins viðauka náms eða prófs.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 645. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. ÁS og EE vilja samþykkja frv. eins og það nú liggur fyrir óbreytt. Við undirritaðir viljum vísa því frá með rökstuddri dagskrá eða fella það að öðrum kosti. HG hefur ekki látið uppi álit sitt um málið í nefndinni.

Við undirritaðir nefndarmenn teljum, að frv. það, sem hér liggur fyrir, sé síður en svo til bóta frá þeim lögum, er nú gilda um búnaðarmálasjóð. Virðist okkur það bæði eðlilegt og sjálfsagt, að fé það, sem framleiðendur landbúnaðarvara greiða í sameiginlegan sjóð í þarfir landbúnaðarins, verði falið til ráðstöfunar þeirri æðstu stofnun, er þeir sjálfir hafa valið sér, — búnaðarþingi. Þar eiga öll búnaðarsambönd landsins fleiri eða færri fulltrúa, og einmitt nú, þegar deila er risin um skiptingu fjárins, vill svo til, að áður en næst kemur til útdeilingar því, fara fram kosningar til búnaðarþings, og gefst þá búnaðarsamböndum eða framleiðendum kostur á að kynna sér allan hug tilvonandi búnaðarþingsfulltrúa í þessu máli og haga vali sínu samkvæmt því. Getur þá enginn dregið í efa, að næsta skipting á fé búnaðarmálasjóðs fari fram í anda og eftir vilja meiri hluta þeirra manna, er að sjóðnum standa, og teljum við það fyrirkomulag hið ákjósanlegasta.

Þeir, sem stóðu að því að undirbúa lögin um búnaðarmálasjóð og fá þau samþykkt á Alþingi, unnu að því máli í trausti þess, að bændur og fulltrúar þeirra á búnaðarþingi yrðu fjárráða þessa síns eigin fjár, þótt leitað væri löggjafans, að hann setti reglur um innheimtu þess, og upphæð þess væri lögbundin. Það var því ekki að kynja, þótt kurr nokkur heyrðist í liði búandmanna, er þeim var á síðustu stundu settur tilsjónarmaður. Ákvæði var smeygt inn í lögin í neðri deild, er frv. var endursent henni vegna smávægilegrar breytingar, sem gerð var í efri deild. Fluttu þá þeir sömu menn og nú eru flutningsmenn að breytingum þeim, er hér liggja fyrir í frv., brtt. um, að leita skyldi samþykkis landbúnaðarráðherra, ef greiðslur færu fram úr búnaðarmálasjóði.

Þar sem núverandi landbúnaðarráðherra hefur samþykkt gerðir búnaðarþings, um skiptingu sjóðfjárins, hefur ekki komið til árekstra milli þessara aðila enn um það efni og kemur væntanlega ekki meðan þessa landbúnaðarráðherra nýtur við í því embætti. Þótt núverandi landbúnaðarráðherra sé fullkomlega treyst í þessum málum, á enginn víst, hvernig næsti landbúnaðarráðherra snýst við þeim.

Það var því öll von þess, að bændur vildu tryggja sér óskoruð umráð yfir sjóði þessum, sem einvörðungu er stofnaður af tillögum framleiðenda landbúnaðarvara og því stéttarsjóður þeirra. En þegar gerð var tilraun til að fá leiðréttingu í þessu efni, var borin fram breytingartill. og samþykkt í neðri deild þess efnis að svipta búnaðarþing að fullu og öllu ráðstöfunarrétti sjóðsins, og úthlutun hans lögð undir Alþingi. Þannig er að farið. Bændur sameinast um að stofna sjóðinn í því trausti, að hann verði þeirra og þeir ráði yfir honum. Þeir fá aðstoð löggjafarvaldsins til að skipuleggja hann og verða um leið háðir því. Nú þegar þessi sjóður er kominn á laggirnar, er allt í einu snúið við blaðinu og umráðarétturinn tekinn af stofnendunum.

Raddir eru uppi um það allvíða, að heldur skuli kjósa lögin úr gildi felld en una við það ofríki, sem ýmsir telja, að sé haft í frammi, ef breyting sú, er nú er orðin á frv., nær fram að ganga. Væri slíkt hið mesta neyðarúrræði.

Í sambandi við frv. þetta hefur mjög verið rætt um svokallað hótel, sem ýmsir telja, að búnaðarþing sé að stofna til með búnaðarmálasjóðnum, og skal því ekki fjölyrt hér um það. En það skal tekið fram, að búnaðarþing hefur enn ekki gengið frá þeim málum, og fer um það, eins og ályktun síðasta aðalbúnaðarþings ber með

sér, allt eftir því, hvort fé safnast nægilegt til gistiheimilisins annars staðar að. En fáir munu lá það, er séð hafa, hver er húsakostur Búnaðarfélagsins nú, þótt veitt hafi verið úr búnaðarmálasjóði fé til húsagerðar fyrir starfsemi þess.

Hins má hér geta, að annar flutningsmaður þeirrar breytingar á frv. eins og það var samþ. í neðri deild, hefur nú flutt frv. um sumarhótelbyggingar í stórum stíl fyrir stéttarfélag sitt, hin svokölluðu orlofsheimili, þar sem ríkissjóði er gert auk stórkostlegrar ábyrgðar (allt að hálfri milljón á ári) að veita til þeirra árlega um aldur og ævi 250 þúsund króna styrk, sem aldrei skal afturkræfur. Mun þó margur mæla, að sveitafólki, sem til Reykjavíkur fer að leita sér heilsubótar eða til annarra nauðsynjaerinda, sé ekki síður þörf að eiga sér þar athvarfsstað en hinum úti um sveitir landsins, er þeir fara skemmtileiðangra blíðustu sumarmánuðina.

Við leggjum því til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Ákvæði frv. þessa, ef að lögum verður, nú fyrst til ráðstöfunar á fé búnaðarmálasjóðs árið 1947. Þar sem raddir eru uppi um það, að ef lögum um búnaðarmálasjóð verði breytt svo sem frv. gerir ráð fyrir, þá beri að gera fleiri eða aðrar veigamiklar breytingar á lögunum, og þar sem Alþingi það, er kemur saman á næsta hausti, hefur, ef það verður þá talið nauðsynlegt, nógan tíma til að setja fyrir árslok ný lög um búnaðarmálasjóð, þá óskar deildin þess, að ríkisstjórnin láti í samráði við Búnaðarfélag Íslands fara fram athugun á því, hverra breytinga sé þörf á téðum lögum, svo fljótt, að niðurstöður þeirra athugana megi leggja fram í frumvarpsformi á næsta Alþingi, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. marz 1946.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Páll Hermannsson.

Ed. 646. Nefndarálit

um frv. til laga um lögreglustjóra í Búðahreppi í Fáskrúðsfirði og á Dalvík.

Frá allsherjarnefnd.

Fyrir alllöngu var borið fram frv. í Ed. um lögreglustjóra á Dalvík, og var því vísað til allsherjarnefndar. Lagði meiri hluti hennar til, að það frv. yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá, þar sem látin væri í ljós sú ósk, að ný löggjöf yrði sett um stjórn kauptúna. Eftir að nefndin afgreiddi málið, var borið fram frv. í Nd. um lögreglustjóra í Búðahreppi, og hefur sú deild samþ. það og bætt inn í það efni frv. um lögreglustjóra á Dalvík. Að svo vöxnu máli þykir nefndinni ekki ástæða til að halda fast við, að þetta frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, og leggur því til, að það verði samþykkt.

Tveir nm. (GÍG og LJóh) tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. marz 1946.

Bjarni Benediktsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 647. Breytingartillögur

við frv. til laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 6. gr. Á eftir orðinu „sjálfsábúð“ á tveim stöðum í greininni komi: eða erfðaábúð.
2. Við 17. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Heimilt er nýbýlastjórn að veita lántakanda óafturkræft framlag úr sjóðnum, er samsvari þeim stuðningi, er hann yrði aðnjótandi með vaxtalækkun á láni því, sem hann gæti fengið samkv. 14. gr., miðað við venjulegan lánstíma og að lækkun ársvaxtanna nemi 2%. Þegar slíkt framlag er veitt, skal lántakandi greiða 4% ársvexti af því láni, er hann fær hjá sjóðnum, og má þá lánveiting til hans eigi nema meiru en 50% af kostnaðarverði þeirra bygginga, sem lánið er veitt til.
3. Við 30. gr. Við greinina bætist: Þetta gildir þó ekki, ef eigandi býlis selur það foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni, kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, enda sé söluverðið eigi hærra en kostnaðarverð að frádreginni fyrningu og kaupandi gerist þar sjálfur ábúandi.
4. Við 43. gr. Á eftir orðunum „nema um erfðaskipti sé að ræða“ komi: eða sölu til einhvers þess aðila, sem nefndur er í 2. málsl. 30. gr.
   Til vara. (Ef 3. brtt. verður felld).
   Á eftir orðunum „nema um erfðaskipti sé að ræða“ komi: eða eigandi selji fasteignina foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni, kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, .

Ed. 648. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um fræðslu barna.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Við 11. gr. Greinin falli niður.
2. Við 15. gr. Aftan við gr. bætist:
   Umráð skólahúsnæðis eru í höndum sveitarstjórna, en eigi er heimilt að leyfa notkun skólahúsnæðis, nema samþykki skólanefndar komi til. Umráð húsgagna og annarra muna í þágu skólastarfsins eru í höndum skólastjóra, en eigi má hann ráðstafa þeim til notkunar utan skólans, nema samþykki skólanefndar og sveitarstjórnar komi til.
3. Við 21. gr.
   a. 3. mgr. falli niður.
   b. Orðin „og starfsfólk“ í 5. mgr. falli niður.
4. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
   Ef sveitarstjórn óskar, getur hún skipað einn af kennurum skóla sem yfirkennara. Skal hann vera skólastjóra til aðstoðar í starfi hans. Allan kostnað við skipun yfirkennara skal greiða úr sveitarsjóði.
5. Við 25. gr. 4. málsl. orðist svo: Í kaupstöðum á borgarstjóri eða bæjarstjóri sæti í fræðsluráði og er formaður þess. Utan kaupstaða er oddviti sýslunefnda formaður fræðsluráðs.
6. Við 31. gr. Upphaf gr. orðist svo:
   Skólanefnd skal líta eftir, að o. s. frv.

7. Við 32. gr. 2. málsl. falli niður.
8. Við 34. gr. Greinina skal orða svo:
   Ef fræðslumálastjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur verða ásátt um það, skal í Reykjavík skipa fræðslufulltrúa, sem skal hafa með höndum þau störf, er þessir aðilar semja um að fela honum, þ. á m. framkvæmd á ákvörðunum skólanefnda eftir því sem við getur átt. Kostnaður af starfi fræðslufulltrúa greiðist að hálfu af hvorum, ríkissjóði og bæjarsjóði.
9. Við 51. gr. Aftan við gr. bætist:
   Sveitarstjórn ræður annað starfsfólk en kennara og ráðskonu heimavistarskóla, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.
10. Við 54. gr. Upphaf gr. orðist svo:
    Heimilt er sveitarfélögum að hlutast til um, að settur sé á stofn skóli o. s. frv.
11. Við 55. gr. 2. og 3. málsl. falli niður.

Nd. 649. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laga nr. 29 28. nóv. 1919 orðist svo:

Fyrir hvert skip, sem er 5 smálestir brúttó eða stærra og tekur höfn á Íslandi eða er haldið úti frá landinu, skal greiða vitagjald, 1 kr. af hverri nettó-smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti sleppt. Skemmtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 20 aura í vitagjald af hverri smálest.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um vitagjald.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 650. Lög

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 1.

Sþ. 651. Fjáraukalög

fyrir árið 1942.

(Afgreidd frá Sþ. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 382 með þeim leiðréttingum, sem ekki orkar á niðurstöðutölur, að fjárveitingin í 6. gr. A. 8. a. 1. á að vera: 74449.16 (í stað 74549.16).

Sþ. 652. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á láni til vatnsveitu og holræsagerðar í Keflavík.

(Afgreidd frá Sþ. 28. marz.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 1500 þús. kr. lán til vatnsveitufram kvæmda og holræsagerðar í Keflavík, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði við verkið, enda sé yfirumsjón þess falin aðila, er ríkisstjórnin samþykkir.

Sþ. 653. Þingsályktun

um fiskirannsóknir og fiskirækt í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu.

(Afgreidd frá Sþ. 28. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera ýtarlegar fiskirannsóknir í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu með sérstöku tilliti til þess, að komið verði upp fiskirækt í firðinum, teljist skilyrði til þess álitleg að dómi fiskifræðinga.

Rannsóknir þessar séu gerðar af fiskideild atvinnudeildar háskólans og kostaðar af Fiskimálasjóði.

Sþ. 654. Breytingartillaga

við till. til þál. um landsvistarleyfi nokkurra útlendinga.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Upphaf tillgr. orðist svo:
Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra o. s. frv.

Nd. 655. Frumvarp til laga

um breyting á ljósmæðralögum nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjarsjóði, og fer um upphæð þeirra eftir því, sem bæjarstjórn ákveður í samræmi við launakjör annarra starfsmanna kaupstaðarins.

Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði.

Launin skal greiða á manntalsþingi, og miðast upphæð þeirra við manntal umdæmis við síðustu áramót þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 300 krónur.

2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaunin vera 300 krónur að viðbættum 10 krónum fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í umdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúatölu jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir 1000 krónur í byrjunarlaun.

Launin skulu hækka eftir 5 ár um 50 kr. og eftir önnur 5 ár um 50 kr.

Ef tveimur eða fleiri ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fást ekki skipuð hvort í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er nema mega allt að samanlögðum launum hinna fyrri umdæma.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðilum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það hálf byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans, hver þau skuli vera.

2. gr.

8. gr. laganna falli burt.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Landlæknir skal í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans semja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skyldur ljósmæðra og gjöld fyrir ljósmóðurstörf þau, er þær inna af hendi.

Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimting á, að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

4. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 63 1. des. 1944, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Áður en hæstvirt ríkisstjórn gaf alþingismönnum jóla- og kosningafrí, hafði heilbrigðis- og félagsmálanefnd borizt bréf frá stjórn Ljósmæðrafélags Íslands ásamt frumvarpi um breyting á lögum um laun ljósmæðra.

Frumvarpinu fylgdi þessi greinargerð frá ljósmæðrunum:

„Breyting sú, sem í frv. þessu er lagt til að gerð verði á núgildandi ljósmæðralögum, er aðallega í því fólgin, að í stað þess, að Alþingi ákveði laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum landsins, ákveði bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar laun þeirra í samræmi við launakjör annarra starfsmanna kaupstaðarins. Er frv. þetta samið vegna eindreginna tilmæla lögskipaðra ljósmæðra í kaupstöðum, en þær óska sjálfar að fá aðstöðu til að semja um launakjör sín við hlutaðeigandi bæjarstjórnir. Var stjórn Ljósmæðrafélags Íslands falið á síðasta aðalfundi félagsins að gera allt, sem í hennar valdi stæði, til að fá breytingu þessari til vegar komið, og mælir hún fastlega með því, að hún nái fram að ganga.“

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd sendi frumvarpið til umsagnar landlæknis, og hefur nú nýlega borizt svar hans, svo hljóðandi:

Fylgiskjal.

„LANDLÆKNIRINN

Reykjavík, 16. marz 1946.

Hér með aftur erindi Ljósmæðrafélags Íslands ásamt frumvarpi til laga um breyting á ljósmæðralögunum, sem félagið æskir, að flutt verði á Alþingi. Í frumvarpinu felast aðeins tvær breytingar:

1) Að laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum séu ekki ákveðin í ljósmæðralögum, heldur af hlutaðeigandi bæjarstjórn í samræmi við launakjör annarra starfsmanna kaupstaðarins.

2) Að ákvæðin um gjöld fyrir störf ljósmæðra verði tekin út úr ljósmæðralögunum, en um þau látið fara eftir gjaldskrá, er landlæknir semur með ráði aðalkennara ljósmæðraskólans og ráðherra staðfestir.

Um fyrra atriðið er það að segja, að úr því að laun skipaðra ljósmæðra eru að öllu leyti greidd úr bæjarsjóðum, virðist eðlilegt, að hlutaðeigandi bæjarstjórnir hafi veg og vanda af að ákveða þau. Munu ljósmæður líta svo til almennra launakjara starfsfólks kaupstaðanna, að hlutur kaupstaðaljósmæðranna yrði betri, ef bæjarstjórnir skömmtuðu þeim samsvarandi laun. Ef til vill gera þær ráð fyrir því, að horft kynni að verða fram hjá tekjum þeirra af „praxis", þegar launin yrðu ákveðin. Því mundi að vísu varlega treystandi, enda tæplega sanngjarnt, en hins vegar eiga kaupstaðirnir sjálfir mest undir því að launa ljósmæðrastöður sínar svo, að þær verði jafnan góðum ljósmæðrum keppikefli.

Varðandi síðara atriðið, gjaldskráratriðið, vek ég athygli á því, að núverandi ákvæði ljósmæðralaganna þar að lútandi (8. gr.) kveður, rétt athugað, ekki ríkara að en svo, að ljósmæðrum beri „sanngjörn þóknun" fyrir störf sín. Hinar tilteknu upphæðir greinarinnar eru lágmark þess, sem að áliti löggjafans taldist sanngjörn þóknun fyrir ófriðinn. Miðað við það, að hinir tilgreindu lágmarksdagpeningar ljósmæðra voru þá a. m. k. þreföld vinnukvennalaun, gætu þær nú, samkvæmt þessum ákvæðum, krafizt sómasamlegrar þóknunar fyrir störf sín, og ættu þess vegna að geta vel við unað. Hins vegar mun allmikið hafa borið á þeim kotungshætti, einkum til sveita, að vilja binda ljósmæður við að vinna fyrir hina tilgreindu lágmarksþóknun ljósmæðralaganna óbreytta, og mun jafnvel mega finna dæmi þess, að leitað hafi verið lags að vitja ljósmæðra sem tímanlegast og halda þeim sem lengst til að spara sér kaup dýrara þjónustufólks. Þetta eitt mundi réttlæta breytingu á núverandi gjaldskrárákvæðum ljósmæðralaganna. Gjaldskrár annarra opinberra starfsmanna eru ákveðnar í reglugerðum, sem auðgert er að endurskoða svo oft sem breyttar aðstæður krefja. Virðist krafa ljósmæðranna um hliðstæða skipun gjaldskrármála sinna að öllu leyti sanngjörn.

Ég leyfi mér að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Vilm. Jónsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis."

Að fenginni umsögn landlæknis var frumvarpið borið saman við núgildandi lög og nokkuð breytt í samráði við varaformann Ljósmæðrafélags Íslands.

Breytingar þær á núgildandi lögum um laun ljósmæðra koma greinilega fram í umsögn landlæknis um frumvarpið, og skal því einu við bætt, að rétt þótti að fella breyting þá, er gerð var á lögunum 1944, inn í 1. gr. frumvarpsins, fyrst 4. gr. laganna er orðuð um nú.

Þegar ákveðið var að flytja málið, vantaði tvo nefndarmenn á fund, þá GÞ og StJSt.

Sþ. 656. Tillaga til þingsályktunar

um landhelgisgæzlu og björgunarstörf.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að selja varðskipin Njörð, Baldur og Braga eða skipta á þeim og öðrum hentugri skipum, enda sé þá lokið athugun á því, hvaða tegund skipa henti bezt til landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi hér við við land. Jafnframt verði fullnægt samningi milli ríkisstjórnarinnar og slysavarnasveita á Vestfjörðum, dags. 1. ágúst 1945, um byggingu eða kaup á skipi, er henti til þeirra starfa. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að leita sams konar samninga við slysavarnasveitir annarra landshluta og að halda áfram tilraunum um notkun flugvéla til landhelgisgæzlu.

Til framangreindra ráðstafana heimilast ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði eða til að taka fé að láni, ef með þarf, allt að 2 milljónum króna, auk andvirðis varðskipa þeirra, er seld kunna að verða.

Greinargerð.

Dómsmálaráðherra hefur farið fram á það við fjárveitinganefnd, að hún flytti tillögu þessa. Hefur meiri hl. nefndarinnar orðið við þeim tilmælum.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur um breytingartillögur og afstöðu til tillögunnar sjálfrar.

Tillögunni fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Meðan ófriðurinn stóð, breyttist skipan landhelgisgæzlunnar, þannig að föst gæzla allt árið lagðist svo að segja niður. Ægir var að mestu notaður til fólksflutninga og olíuflutninga, en Þór var leigður til fiskflutninga. Óðinn og Sæbjörg önnuðust eftirlits- og björgunarstarfsemi, ásamt öðrum vélskipum, sem leigð voru til skamms tíma í senn. Komst þannig á sú venja að hafa 4 skip við staðbundna gæzlu yfir vertíðina, hið fyrsta á miðunum við Hornafjörð, annað við Vestmannaeyjar, þriðja í Faxaflóa og hið fjórða fyrir Vestfjörðum.

Að ófriðnum loknum var sýnt, að ágangur af völdum togara mundi aukast að miklum mun, þannig að brýna nauðsyn bæri til að fjölga varðskipunum. Þór þykir of dýr í rekstri, Ægir þurfti mikillar viðgerðar, sem nú er að verða lokið, og Sæbjörg, er alltaf hefur verið mjög ganglítil, hafði vegna bilunar um skeið verið starfrækt með undanþágu, þannig að Slysavarnafélaginu þótti réttara að gerbreyta skipinu og setja í það sterkari vél jafnframt og viðgerð fór fram á því.

Á fjárlögum ársins 1945 voru veittar kr. 500 þús. til byggingar nýs varðskips, en aðra fjárveiting hafði ríkisstjórnin ekki til framkvæmda.

Á s. l. sumri var hafinn undirbúningur til þess að auka og bæta skipakostinn, á þann hátt að gerður var samningur við Slysavarnafélag Íslands um, að ríkið ábyrgðist lán til stækkunar, viðgerðar og nýrrar vélar í Sæbjörgu, gegn því að taka skipið á leigu í 15 ár. Enn fremur var gerður samningur við slysavarnasveitir á Vestfjörðum, dags. 1. ágúst 1945, um að þær legðu fram allt að kr. 200000.00 til byggingar eða kaupa á skipi, er hefði með höndum gæzlu og björgunarstarf fyrir Vestfjörðum. Þá var forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, Pálma Loftssyni, falið í utanför sinni í júlímánuði s. l. að athuga í Bretlandi um kaup á hentugum skipum til landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, þar sem vitað var, að byggingarkostnaður hérlendis á skipi á stærð við Óðin mundi nema a. m. k. um kr. 1200000.00 og auk þess taka langan tíma.

Að ráði forstjóra Skipaútgerðar ríkisins voru síðan keypt 3 varðskip, svo sem kunnugt er, mjög hraðskreið, og þótti vel rætast úr með landhelgisgæzluna, þar eð talið var, að með þessum skipakaupum væri séð fyrir henni með tiltölulega litlum

kostnaði, til viðbótar við þann skipakost, sem fyrir var, þó Þór yrði þá seldur, sem lengi hefur verið ráð fyrir gert.

Vonir hafa þó brugðizt um þetta, þar eð álitið er, að skip þessi séu eigi hæf til vetrarferða hér við land og eigi nothæf sem björgunarskip, þó þau geti notazt til staðbundinnar gæzlu vissa tíma árs.

Fylgir um þetta skoðunargerð, dags. ½ 1946 (fskj. 1), svar Skipaútgerðar ríkisins, dags. ⅓ 1946 (fskj. 2), og skýrsla E. Thomas, dags. ⅔ 1946 (fskj. 3).

Auk þeirra ráðstafana, er að framan greinir, lét dómsmálaráðuneytið gera nokkrar athuganir á s. l. sumri um nothæfni flugvéla til landhelgisgæzlu, og fylgir hluti úr skýrslu Þórarins Björnssonar, sem flaug í sumar 7200 km með síldarflugvélum, um þessar athuganir í afriti (fskj. 4).

Samkvæmt skýrslum frá Skipaútgerð ríkisins kostar útgerð Ægis um kr. 2 milljónir á ári, útgerð hinna nýju varðskipa um kr. 900 þús. hvers og útgerð Óðins um kr. 600 þús., en Sæbjargar um 700 þús. eftir breytinguna. Er af því augljóst, að jafnframt því að auka landhelgisgæzlu og björgunarstarf, svo sem full þörf er á, og búa vel að skipverjum þarf að gæta fullrar hagsýni um val skipa, þannig að ríkinu verði eigi um megn að halda þeim út, því varðskip bundin í höfn eru verri en engin skip.

Þarf því að ljúka athugun þeirri, sem hafin hefur verið um fyrirkomulag gæzlunnar, jafnframt og skipt verður á hinum nýju varðskipum eða þau seld. Hefur dómsmálaráðuneytið þegar gert ráðstafanir til þessa. Þar eð skoðun flestra mun nú orðið vera sú, að sameina beri landhelgisgæzlu, björgunarstarf og veiðarfæraeftirlit, hefur þótt rétt að æskja heimildar til þess að leita samninga við Slysavarnasveitir um framlag til hentugra skipa, jafnframt og fullnægt verður samningi við Slysavarnasveitir á Vestfjörðum, dags. 1. ágúst. Enn fremur er gert ráð fyrir, að haldið verði áfram athugunum um notkun flugvéla til gæzlu, og þarf einkum í því sambandi að leita upplýsinga um ný tæki, miklu fullkomnari en áður þekktust, sem nota má til staðarákvarðana. Loks er leitað heimildar til fjárframlags úr ríkissjóði til þessara framkvæmda eða lántöku allt að kr. 2 millj. auk andvirðis skipa þeirra, er seld kunna að verða.

Fylgiskjal 1.

Álitsgerð.

Við undirritaðir, er skipaðir vorum af hæstvirtum dómsmálaráðherra, Finni Jónssyni, þann 23. jan. 1946 til þess að athuga og gera tilraunir um hæfni hinna nýju skipa, er keypt hafa verið frá Bretlandi, til þess að nota þau til landhelgisgæzlu og björgunarstarfs hér við land, höfum orðið sammála um eftirfarandi:

Skip þessi eru bæði hvað gerð og efni snertir mjög frábrugðin því, er við höfum átt að venjast, svo að jafnvel í reglugerðum um eftirlit með skipum er fátt, sem hægt er að heimfæra upp á þau.

Þar sem hér er um nýjung að ræða í skipasmíði, að minnsta kosti hvað okkur snertir, þá er erfitt að dæma um styrkleika skipanna.

Mahogny byrðingurinn sjálfur virðist vera hið veikasta í skipunum, og þolir hann illa allt hnjask, sérstaklega alla harða og oddhvassa hluti, er rekast í hann, og verður því að hafa sérstaka aðgæzlu með alla snertingu skipanna við önnur skip, bólverk eða þess háttar, einnig viljum við geta þess, að vélstjórar sögðu okkur, að alltaf yrði vart við talsverðan leka á skipi því, er við fórum út með, í hvert skipti og það væri hreyft, þótt varla yrði vart við leka, þegar skipið lægi kyrrt.

Skipin eru 118 fet á lengd og 17 fet á breidd. Í hverju skipi eru þrjár aðalvélar og þrjár skrúfur. Eru þetta um 1000 h. a. dieselvélar, sem geta knúð skipið allt að 24 sjóm. á klukkust., þegar allar vélar eru notaðar í einu, en hver vél út af fyrir sig getur knúð skipið um 15 sjómílur. Vélstjórarnir hafa skýrt okkur frá því, að ekki væri hægt að keyra hverja einstaka vél minna en 800 snúninga, en sá snúnings-

hraði knýr skipið áfram um 6—7 mílur, og getur skipið því ekki hægara farið þegar vél er í gangi.

Þessi mikli hraði gerir það mjög erfitt að athafna sig til aðstoðar öðrum skipum, mjög erfitt að aðhafast nokkra vinnu á þilfari skipsins, sérstaklega þegar allar vélar eru stöðvaðar, því þá velta skipin svo mikið, þótt veðrið sé sæmilegt, að lítt mögulegt er að aðhafast nokkra vinnu á þilfari þess.

Að þessu öllu athuguðu verðum við að telja, að skip þessi séu ekki nothæf til björgunarstarfa.

Hvað snertir vistarverur skipanna, þá eru þær mjög kaldar og ófullnægjandi eins og þær nú eru með kolaofnum og súðin óþiljuð að innan, en úr þessu virðist auðvelt að bæta, þar sem plássið er nóg.

Yfirbyggingar skipanna eru úr þumlungsþykkum krossviði klæddum stálplötum sums staðar. Yfirbyggingin virðist boltuð niður í stálskilrúm, að minnsta kosti að framan og aftan. Útbúnaður þessi virðist mjög veigalítill á okkar mælikvarða, og stjórnpallurinn að ofan er alveg opinn, og teljum við það ómögulegan umbúnað í íslenzku veðurfari. Dæluútbúnaði skipanna er þannig háttað, að sérstök handdæla er fyrir hvert vatnsþétt rúm í skipinu út af fyrir sig, en þar að auki er svo ein véldæla, er á að geta dælt úr öllum rúmunum.

Til að reyna stöðugleika skipsins, sem við fórum með, létum við taka 2½ smálest af sandkjölfestu skipsins stjórnborðsmegin og hlaða upp á öldustokkinn bakborðsmegin. Hallaðist skipið við þetta ekki meira en 7 gráður, og bendir það á, að skipið hafi næga kjölfestu.

Þótt við teljum hinn mikla hraða skipanna mjög mikinn ávinning og þess vegna möguleika á að nota þau til staðbundinnar landhelgisgæzlu og þau jafnvel heppileg til síldarleitar og eftirlits að sumri til, þá álítum við þau engin vetrar ferðaskip.

Reykjavík, 8. febrúar 1946.

Hafsteinn Bergþórsson. Ólafur Sigurðsson. Henry Hálfdanarson.

Fylgiskjal 2.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 1. marz 1946.

Með bréfi dags. 23. þ. m. hefur hið háa ráðuneyti sent mér til umsagnar álitsgerð nefndar þeirrar, sem falið var að dæma um hæfni hinna nýkeyptu varðbáta.

Álitsgerð þessi hrekur ekki að neinu leyti það, sem vitað er um nefnda varðbáta eða báta af svipaðri gerð, en það er í stuttu máli þetta:

1. Bátarnir voru í ferðum milli Bretlands og Svíþjóðar á stríðsárunum og sigldu þá helzt í því veðri, sem flugvélar gátu ekki athafnað sig í. Reyndust bátarnir vel í þessum ferðum að sögn kunnugra.
2. Bretar og Ameríkumenn höfðu báta af sömu gerð hér við land, meðan á stríðinu stóð, og notuðu þá til ýmiss konar hernaðaraðgerða meðfram ströndum landsins. Voru þeir bátar þó um 50 lestum minni en þeir, er hér um ræðir.
3. Það er vitað, að sams konar bátar eru notaðir til landhelgisgæzlu við Spán, Portúgal, Írland, Frakklandi, England og víðar.
4. Tryggingaiðgjald af bátunum er nálega helmingi minna en t. d. af Ægi, hvort tveggja hjá vátryggingafélaginu Lloyds í London.
5. Fyrir 1930 var farið að byggja björgunarbáta við England úr sama efni og af svipaðri gerð og hinir umræddu varðbátar. Má lesa um slíkt í International Comferentie Van Redningdiensten, útgefið í Amsterdam 1932. Er þar talað um björgunarbáta 60 feta byggða úr sama efni og af sömu gerð og varðbátarnir. Höfðu þeir tvær skrúfur og gengu 17 mílur.

Þetta eru staðreyndir, sem ættu að sanna að fullu, að varðbátarnir eru hæfir til síns starfs sem landhelgisgæzlubátar hér við strendur landsins. Hitt er svo annað mál, hvort íslenzku sjómennirnir geta fellt sig við þessa tegund skipa eða hraðskreið skip yfirleitt. Sjómennirnir hafa nú haft nefnda varðbáta í rúma þrjá mánuði og farið á þeim margar gæzluferðir. Ætti því brátt að fást úr því skorið, hvort sjómennirnir geta fellt sig við bátana. Geti þeir það ekki, hefur brezki sjóherinn tjáð sig fúsan til að skipta þeim fyrir önnur hæggengari skip af annarri gerð.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að vekja alvarlega athygli á því, að landhelgin verður ekki varin, svo að viðunandi geti talizt, nema því aðeins, að eitthvað sé til af litlum hraðskreiðum skipum, sem togarar geta búizt við að komi þeim að óvörum þegar verst gegnir. Er leitt til þess að vita, að stéttarfélög sjómanna skuli hafa tekið afstöðu á móti þessum varðbátum nú, þegar búast má við, að mörg hundruð útlendir togarar fari að stunda veiðar á fiskimiðum hér við land.

Ég leyfi mér að leggja hér með greinargerð um þessi varðbátamál, er ég hef reynt að fá birt í sjómannablaðinu Víkingi, sem þó hefur enn ekki tekizt.

Virðingarfyllst,
Pálmi Loftsson.

Til dómsmálaráðuneytisins, Reykjavík.

Fylgiskjal 3.

Camper & Nicholson 110 feta hraðbyssubátar.

Á því getur ekki leikið nokkur vafi, að afkastamesta og fjölhæfasta tegund smáherskipa úr síðasta ófriði er Fairmile B-flokks mótorbáturinn. Af þessari skipategund voru byggð mörg hundruð skipa á ýmsum skipastöðvum í Bretlandi, Kanada, Ástralíu og víðar. Skipin voru notuð til ýmislegra hernaðarstarfa, svo sem til að fylgja skipalestum, bjarga flugvélum úr sjó, slæða tundurdufl og til almennrar landhelgisgæzlu umhverfis Bretlandseyjar, í Miðjarðarhafi, Atlantshafi og Indlandshafi. Eftir stærð þeirra voru engin skip þeim fremri um sjóhæfni og afköst. Þau hafa siglt þúsundir mílna um opinn sjó, oft í sjógangi, sem var svo mikill, að stærri skip urðu að draga úr hraða til öryggis. Þess eru fá dæmi eða engin, að nokkurt slíkra skipa hafi týnzt af völdum veðurs eins saman, en auðvitað hafa mörg farizt af völdum óvinaárása. Þessi skip hafa verið notuð við öll meiri háttar strandhögg og innrásir á strandsvæði í óvinahöndum. Í upphafi ófriðarins voru þau aðalvarnarvopnið gegn E-bátunum þýzku og kafbátunum, en það fór ekki á milli mála, að bátarnir voru talsvert hægfara (15 knots á siglingu) og ákaflega viðkvæmir fyrir skotum, því þeir nota mjög eldfimt benzín í hraðmótora þá, sem þeir eru knúðir með, og olli þetta því, að þeir urðu hraðskreiðari skipum óvinanna of auðfengin bráð. Mörg þeirra skipa voru búin dieselvélum, og olli það miklu minni hættu af völdum skotárása.

Með hliðsjón af reynslu þeirri, sem aflað var með notkun Fairmile B skipanna, var sköpuð sú tegund skipa, sem hér um ræðir. Camper & Nicholson díselmótor fallbyssubáturinn. Skipasmíðastöð Camper & Nicholson er sennilega einhver þekktasta skipasmíðastöð heimsins. Hún byggði og teiknaði allmörg kappsiglingaskip. Meðal þeirra má nefna „Endeavour" og „Shamrock" og einnig „Philante", sem var mesta kappsiglingaskip, er Bretar höfðu byggt til 1939. Varð um það samkomulag við flotamálaráðuneytið að hafa í skipunum samsetta stálgrind og tvöfalt dekk og tvöfaldan byrðing úr mahony-plötum lagðan í kross. Einnig var ákveðið að sameina það að hafa skipin styrk og létt, enda reyndist það nauðsyn, svo að hægt væri að hafa sterkt byssustæði á slíkum bátum, sem fyrst og fremst var ætlað að fást við þýzka E-báta.

Snemma á árinu 1943 var hinn fyrsti þessara nýju báta tekinn til flotaþjónustu, eftir að farin hafði verið reynsluferð, sem tókst með afbrigðum vel, en þá komst

hámarkshraðinn upp í 27,4 mílur. Eftir að skipin höfðu verið tekin til þjónustu, var enn haldið áfram miklum tilraunum með þau. Var þá ráðin bót á ýmsum barnasjúkdómum í vélasamstæðunni, en hún var af nýrri gerð og með öllu óreynd. Var svo lokið við fyrstu samstæðuna, átta skip, en þegar hér var komið sögu, hafði flotamálaráðuneytið ákveðið skipunum ákaflega þýðingarmikið verkefni, en það var að smjúga fram hjá flotagæzlu Þjóðverja í Skagerak og sækja sænskar kúlulegur til Svíþjóðar. Það var ljóst, að ekki gætu nema beztu skip haldið uppi stöðugum ferðum um Norðursjó að vetrarlagi. En tilraunina varð að gera að vetrarlagi, til að njóta sem lengstrar nætur og myrkurs í síðasta sprettinn, um 200 mílna vegalengd, gegnum flotakví Þjóðverja.

Fimm hinna nýju skipa voru því tekin úr flotaþjónustu í júlí 1943, grímubúin í skyndi sem kaupför og mönnuð áhöfn úr kaupskipaflotanum. Fyrsta tilraunin var gerð seint á árinu 1943, og komst þá aðeins eitt skipanna heilu og höldnu í gegn, eitt lenti því miður í klóm Þjóðverja, en hin þrjú sneru aftur til Englands. Önnur tilraun var gerð snemma á árinu 1944, og tókst hún vel. Öll fjögur skipin komust heilu og höldnu leiðar sinnar og sneru aftur til Englands, fullhlaðin kúlulegum. Frá þeim tíma var haldið uppi reglulegum ferðum fram í marzlok 1944, en þá var næturdimman orðin svo stutt, að of hættulegt taldist að freista þessa frekar að sinni. Farnar höfðu verið ellefu ferðir, sem allar tókust með ágætum vel. Margar tilraunir höfðu mistekizt, enda þótt bátunum yrði ekki um kennt, þótt við þyrfti að snúa. Til dæmis var til þess vitað, að Þjóðverjar voru að tundurduflalagningum, oft var verið að fylgja þýzku orustuskipi eða beitiskipi um Skagerak, og voru þá margir tundurspillar og loftvarnaskip á þeim slóðum, er um þurfti að fara.

Það má fá nokkra hugmynd um styrkleika þessara byssubáta með því að athuga sveigjuprófun, sem fram fór á þeim um það leyti, sem verið var að breyta þeim í kaupskip. Bátur var hlaðinn fimmtíu smálestum af brotajárni, og voru settar fimm í hvora lest í einu, fyrst í fram- og síðan í afturlest. Ekki varð vart neinnar sveigju upp að fimmtíu smálestum í framlest og tíu í afturlest (sem er hámarksmagn í þeirri lest. En öll sveigjan nam ekki nema $^5/_8$", þegar fjörutíu smálestir voru komnar í framlest og tíu í afturlest.

Enn frekar skýrist styrkleikurinn, þegar þess er gætt, að einu sinni þegar einn þessara báta var að koma frá Svíþjóð og sigldi inn á Humberfljót í svartaþoku, þá tókst svo illa til, að hann rakst á 1000 smálesta stálskip í strandferð. Byssubáturinn missti talsvert af stefni sínu, allt frá sjólínu og aftur að vatnsþétta skilrúminu nr. 1. Ekki varð neitt manntjón á bátnum, en einn maður kastaðist fyrir borð af strandferðaskipinu og drukknaði. Strandferðaskipið þurfti að snúa við og fara í þurrkví í níu vikur, en báturinn var kominn aftur til Svíþjóðar innan mánaðar. Þetta kanna að þykja ótrúlegt, en á þessu ætti að vera auðvelt að fá staðfestingu hjá eftirlitsnefnd Humberfljóts. Báturinn hét „Gay Viking".

Sjálfur get ég sagt eftirtektarverða sögu um sjóhæfni þessara skipa. Meðan verið var að gera við skipin, milli skottúranna til Svíþjóðar 1944 og 1945, reyndist það nauðsynlegt að fara í 2 sólarhringa reynsluför út á Norðursjó. Í lok þeirrar ferðar kom ákaflega óhagstæð veðurspá, en þá vorum við komnir í stefnu heimleiðis og förinni nálega lokið. Var því ákveðið að halda áfram fremur en að sigla upp að landi í hlé. Þegar við vorum komnir á móts við Tynefljót, var vindurinn kominn upp í 8 vindstig á NA að við ætluðum. Sást þá mikill brotsjór koma upp aftan við skipið, og rórmaðurinn, gamall flotamaður, sem verið hafði meir en tuttugu ár í brezka flotanum, sagði dálítið aumingjalega: „Drottinn minn, ég vildi, að ég væri ekki hér." Ekki braut samt yfir skipið, og við héldum áfram til Humber. Mikið brotnaði af leirtaui, og skipverjar urðu að lifa á súpu, því að kolaeldavélina, sem þá var höfð í kabyssunni, var ekki hægt að nota. En engar skemmdir urðu á skipinu, utan hvað kartöflukista slitnaði upp af afturdekkinu og skolaðist fyrir borð.

Það gefur nokkra hugmynd um álit þeirra sjómanna úr kaupskipaflotanum,

sem störfuðu á þeim meðan á Svíþjóðarferðunum stóð, að af meir en áttatíu manns, sem störfuðu á skipunum á ferðunum 1943—44, voru ekki nema sex, sem ekki gáfu sig fram af fúsum vilja til ferðanna 1944—45. Það var almennt sáran harmað, að skipin voru að lokum afhent flotanum aftur í apríl 1945.

Þó að þessi litlu skip hefðu reynzt svo vel í Svíþjóðartúrunum, þá var ákveðið að útbúa þau algerlega að nýju, áður en þau yrðu send til Kyrrahafsins til viðureignar við Japani. Var með réttu litið svo á, að upprunalega hjálparvélin væri of lítil til að annast hið aukna álag, sem leiddi af rafsjánni (radar) og hinum mörgu vindsnældum, sem nauðsyn var á í hitabeltishöfum. Voru því settar í skipin tvær stærri vélar. Aðalvélarnar höfðu gengið í mörg hundruð klukkustundir, og voru þær því teknar úr og sendar í verksmiðjuna til viðgerðar. Sama gilti um aðalgírkassana. Öll þessi vinna tók miklu lengri tíma en upprunalega var áætlað, og skipin komust ekki á stað áður en monsúnarnir hófust 1945. Svo sem vitað er, lauk ófriðnum við Japani miklu fyrr en áður hafði verið gert ráð fyrir. Bátarnir fóru því aldrei til Kyrrahafsins, heldur voru seldir til Íslands.

Af þeim átta bátum, sem byggðir voru í upphafi, var tveim sökkt af óvina völdum, einn hertekinn, einn strandaði í þoku, þegar hann var að fara inn í höfn, einum var haldið eftir sem sýnishorni tegundar sinnar, en hinir þrír fóru til Íslands.

6. marz 1946.

E. Thomas.

Fylgiskjal 4.

Tillögur.

Þá vil ég leyfa mér að bera fram eftirfarandi tillögur.

Að fengnir verði tveir 4 manna flugbátar, sem gætu einnig lent á landi, og hefur mér þá helzt dottið í hug Grummanflugbátar, en það má vel vera, að einhver önnur tegund væri heppilegri, og læt ég sérfræðinga um það.

Á vertíðinni verði önnur flugvélin höfð á Hornafirði, og hafi hún vörzlu Austfjarða til Portlands. Hin flugvélin verði höfð í Reykjavík, og hafi hún gæzlu á svæðinu Vestfirðir til Portlands.

Yfir síldveiðitímabilið mundu þessar flugvélar vera í síldarleit jafnframt sem þær hefðu landhelgisgæzluna, og sé ég ekki annað en það færi ágætlega saman.

Hefði þá önnur svæðin Vestfirðir til Gjögurs og hefði stöð t. d. einhvers staðar við Húnaflóa, en hin hefði vörzlu á svæðinu Gjögur, Austfirðir og hefði t. d. bækistöð á Raufarhöfn.

Á flugvélar þessar þarf áhöfnin að vera flugmaður, vélamaður, sem einnig getur tekið að sér stjórn flugvélarinnar, skipstjóri og einn stýrimaður. Nauðsynlegt er að hafa tvo siglingafróða menn til þess að þeir geti tekið tvö lárétt horn samtímis til staðarákvarðana.

Þá þyrftu flugmaður og vélamaður að kunna að fara með byssu, því að sjálfsögðu yrðu flugvélar þessar að hafa að minnsta kosti eina fallbyssu.

Á flugvélum þessum þarf að vera hægt að draga upp stöðvunarmerki með merkjaflaggi, og er það mjög auðvelt, en eins og kunnugt er, má elta skip út fyrir landhelgi, ef stöðvunarmerki hefur verið gefið meðan það enn var í landhelgi.

Að mínu áliti verður landhelgisgæzlunni bezt borgið með samvinnu flugvéla og hraðskreiðra varðskipa, og ég vil bæta því við, að að öllum líkindum mundu landhelgisveiðar svo að segja hverfa úr sögunni að mestu leyti.

v/s Sæbjörg, 31. ágúst 1945.

Virðingarfyllst,

Þ. Björnsson.

Til forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, Reykjavík.

Nd. 657. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 1. febr. 1936, um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur sent frv. þetta til umsagnar hreppsnefnd Grindavíkurhrepps, og hefur hún með bréfi, dags. 20. þ. m., sent umsögn sína, þar sem meðal annars segir:

„samþykkir hreppsnefndin, að hið ummrædda Krísuvíkurland í Grindavíkurhreppi verði lagt undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, þó að því tilskildu, að Grindavíkurhreppur fái fullar bætur fyrir skv. því, sem venjulegt mun vera."

Í 2. gr. laga nr. 11 1. febr. 1936, er gert ráð fyrir greiðslu skaðabóta vegna stækkunar lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar. Verður því að ganga út frá, að Grindavíkurhreppur fái skaðabætur greiddar frá Hafnarfjarðarbæ, annaðhvort eftir samkomulagi eða mati.

Með tilvísun til framanritaðs og þess, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, mun sýslunefnd Gullbringusýslu ekki andmæla frv., þá leggur nefndin til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. marz 1946.

Stefán Jóh. Stefánsson, fundskr., frsm. Gunnar Thoroddsen. Þórður Benediktsson.

Jörundur Brynjólfsson.

Ed. 658. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Mismun á útsöluverði og vísitöluverði kjöts þess, er um ræðir í 1. gr., skulu menn, með undantekningum þeim, er í 3. gr. segir, fá endurgreiddan árlega úr ríkissjóði frá 20. sept. 1945. Niðurgreiðslan skal þó eigi nema meiru en sem svarar verðmismun á 40 kg á nýju kjöti á ári fyrir hvern mann og hvern þann, er hann hefur á framfæri sínu.
2. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:
   Skattanefndir eða skattstjóri í hverju umdæmi skulu um leið og samin er skrá um tekju- og eignarskatt, semja skrá um alla þá, sem rétt eiga á niðurgreiðslu á tímabilinu frá 20. sept. næst á undan til jafnlengdar, og skal skráin miðast við síðasta manntal. Um framlenging kjötskrár, kærur, fresti og úrskurði fer eftir ákvæðum þeim, er gilda um skattskrár, eftir því sem við á, þó þannig, að úrskurður yfirskattanefndar um rétt til niðurgreiðslu er fullnaðarúrskurður.
   Gjalddagi niðurgreiðslna er á manntalsþingum, og er heimilt að nota þær til skuldajafnaðar við ógreidd þinggjöld hlutaðeigandi.
3. Við 5. gr. Orðin „ákvæði .... kjötmagn" falli niður.
4. Við 6. gr. Greinin falli niður.
5. 7. gr. verður 6. gr.

6. Aftan við frv. koma Ákvæði til bráðabirgða:
Um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu á tímabilinu frá 20. sept. til 20. des. 1945 fer samkv. ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 81 frá 29. sept. 1945. Niðurgreiðslur fyrir tímabliið frá 20. des. 1945 til 20. sept. 1946 falla í gjalddaga á manntalsþingum 1946.

Ed. 659. Breytingartillaga

við frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 5. gr. Við 1. málsgr. bætist: Réttindi Verzlunarskóla Íslands til þess að útskrifa stúdenta haldast óbreytt þrátt fyrir þetta ákvæði.

Nd. 660. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ólöglegar fiskveiðar eða fiskverkun á íslenzkum höfnum á landi eða í landhelgi varða sektum, 10 þús. til 20 þús. krónum.

Ef fleiri eru útlendir sjómenn á íslenzku fiskiskipi en lög þessi heimila, varðar það sektum frá 500 til 5000 krónum. Brot gegn 4. gr. laganna varða sektum 500—2500 krónum.

Brot gegn 5. og 10. gr. laganna varða sektum 1000 til 10000 krónum.

Að öðru leyti varða ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, aðrar en botnvörpuveiðar, 10 þús. til 20 þús. króna sektum. Auk þess skulu upptæk öll veiðarfæri og afli, sem í skipinu er, svo og umbúðir, ef um síld er að ræða, sem söltuð er í tunnur. Skal andvirðið renna í ríkissjóð.

Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför.

Mál eftir lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og frv. þetta ber með sér, er þar lagt til, að sektarákvæði laganna verði hækkuð allverulega frá því, sem nú er. Er hér svo stillt til, að hæstu sektir verði jafnháar og ákveðið er í lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi. Má eigi skemmra ganga um sektarákvæðin, eins og nú er komið, en gert er í þessu frv. Væri án efa einnig ástæða til að breyta nú nokkuð sektarákvæðunum í lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og er það einnig til athugunar.

Gera má ráð fyrir, að mikill grúi erlendra veiðiskipa verði á fiskimiðunum hér við land á næstu árum, bæði við þorskveiðar og síldveiðar. Eigi þarf heldur að efa, að margir hinna erlendu fiskimanna muni hafa í frammi ágengni um veiðar í landhelgi. Höfum við í því efni dæmin fyrir okkur. Veitir okkur í þeirri veiðureign ekki

af að brynja okkur sem bezt má verða til varnar gegn því, að landhelgin verði fótaskinn þessara manna og annarra, er þar stofna til lögbrota. Einn þáttur í því er, að sektirnar séu það háar, að þeir, sem lögbrotin fremja, stefni einnig með þeim fjárhag þeirra, er þar eiga hlut að máli, í nokkra tvísýnu. Er slíkt aðhald í alla staði réttmætt og nauðsynlegt.

Sþ. 661. Tillaga til þingsályktunar

um eftirlit með framkvæmd laga um fiskveiðar í landhelgi.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að brýna fyrir löggæzlumönnum að gæta þess, að lögum um rétt til fiskveiða í landhelgi verði stranglega framfylgt.

Greinargerð.

Undanfarin styrjaldarár hafa Íslendingar að mestu setið einir að fiskveiðum við strendur landsins. Hvað síldveiðarnar snertir, hefur ekki á þessum árum verið um að ræða neina þátttöku í þeim af hálfu útlendinga. En það var vitað mál, að strax og stríðinu linnti, mundu þær nágrannaþjóðir okkar, sem áður hafa stundað síldveiðar hér við land, leita aftur á miðin. Á síðastliðnu sumri voru allmörg síldveiðiskip hér við land frá Noregi og Svíþjóð. Allar líkur benda til, að tala erlendra síldveiðiskipa hér við land, svo sem og annarra veiðiskipa, fari hraðvaxandi á næstu árum. Það þótti mjög við brenna á síðastl. sumri, að eftirlitið með veiðum og athöfnum þessara erlendu skipa í landhelginni hafi verið mjög sljótt og andvaralaust. Er engu líkara en að hlé það, sem varð á þátttöku erlendra skipa í þessum veiðum hér á styrjaldarárunum, hafi stungið löggæzlumönnum ríkisins svefnþorn. Útgerðarmenn og fiskimenn staðhæfa, að hin erlendu fiskiskip hafi stundað veiðar innan landhelginnar og unnið þar að verkun aflans, og að svo rammt hafi hér kveðið að lögbrotum og yfirtroðslum í þessu efni, að þess hafi verið dæmi, að afli þeirra hafi verið verkaður í höfnum inni fyrir augum löggæzlunnar, án þess að þar væri nokkuð aðhafzt. Er slíkt virðingar- og skeytingarleysi af hálfu þeirra manna, sem trúað er fyrir að halda í heiðri lögum landsins, með öllu óviðhlítandi og ekki að undra, þó sjómönnum og öðrum, sem eiga afkomu sína undir þessum atvinnuvegi, sé ekki rótt, er þeim er með slíkum hætti storkað af hálfu valdhafanna. Landhelgin og nytjar allar innan hennar er eign Íslendinga einna, eins og landið sjálft og nytjar þess. Einn meginþáttur í baráttu okkar fyrir tilveru og sjálfstæði þjóðarinnar er að gæta þess, að landsmenn einir sitji að þeim gæðum, sem þar eru á boðstólum. Íslendingum er mjög tilfinnanlega þröngur stakkur skorinn vegna þess, hversu að þeim er kreppt um landhelgina. Verða þeir því að kosta kapps um það hvort tveggja samtímis að haga þannig gæzlu hennar, að ekki eins þumlungs afnot af henni falli öðrum í skaut en Íslendingum sjálfum, og að haldið sé uppi harðri sókn og baráttu fyrir því, að landhelgin verði stækkuð að verulegum mun frá því, sem nú er.

Löggæzla á sviði þessara mála má ekki stundinni lengur vera í höndum þeirra manna, sem hafa sljóan hug og loppnar hendur. Þar verður að grípa í taumana. Öll hálfvelgja og hlédrægni verður þar að þoka fyrir röggsamlegri og strangri framkvæmd þeirrar löggjafar, sem sett er til að vernda einkarétt okkar í þessu efni.

Í frv. um breytingu á lögum um rétt til fiskveiða í landhelgi, sem ég flyt jafnhliða þessari tillögu, er lagt til, að sektir fyrir brot á lögunum verði hækkaðar verulega.

Um bæði þessi atriði, stranga framkvæmd laganna og hækkun á sektarákvæðunum, gerði síðasta fiskiþing samþykktir og lagði á það ríka áherzlu, að mál þetta yrði tekið föstum tökum.

Ed. 662. Breytingartillaga

við frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 5. gr. Aftan við fyrri mgr. bætist: Ákvæði laga þessara hagga ekki rétti Verzlunarskóla Íslands til að brautskrá stúdenta.

Sþ. 663. Nefndarálit

um till. til þál. um styrk handa mjólkursamlagi Suður-Þingeyinga.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og er sammála um að mæla með því, að ríkisstjórninni verði heimilað að ábyrgjast hálfan stofnkostnað stöðvarinnar, eins og tillagan fer fram á.

En þar sem afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár er lokið, telur nefndin sér ekki fært að mæla með því, að venjulegur stofnstyrkur verði greiddur til samlagsins á þessu ári, og leggur því til, að sú heimild verði niður felld úr tillögunni. Hins vegar lítur nefndin svo á, að sjálfsagt sé, að þetta mjólkursamlag fái sams konar stofnstyrk eins og önnur mjólkursamlög, sem slíka styrki hafa fengið á undanförnum árum, og telur rétt, að ríkisstjórnin ætli til þess fé í væntanlegu frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1947.

Í samræmi við það, sem hér er sagt, leggur nefndin til, að till. verði samþ. með þessari

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til mjólkursamlags Suður-Þingeyinga á Húsavík, allt að 300 þús. kr., þó ekki yfir 50% af stofnkostnaði, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.

Einn nefndarmanna, Steingr. Aðalsteinsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 29. marz 1946.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	B. Kristjánsson, frsm.
Pétur Ottesen.	Þórður Benediktsson.	Helgi Jónasson.
Skúli Guðmundsson.	Sigurður Kristjánsson.	

Ed. 664. Nefndarálit

um frv. til l. um dósentsembætti í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu í heimspekideild Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta er borið fram af menntamálanefnd neðri deildar og mun hafa verið afgreitt þaðan án ágreinings, enda er hér ekki um annað að ræða en lögfesta

stöðu þessa kennara, sem nú starfar í heimspekideild Háskólans með sömu kjörum sem frv. gerir ráð fyrir. Mælir nefndin því með frumvarpinu óbreyttu. Einn nefndarm. (HG) var ekki á fundi.

Alþingi, 1. apríl 1946.

Magnús Jónsson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. Jónas Jónsson.
Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 665. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til símaframkvæmda.

(Afgreidd frá Ed. 1. apríl).

Samhljóða þskj. 431.

Nd. 666. Lög

um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

(Afgreidd frá Nd. 1. apríl).

Samhljóða þskj. 649.

Ed. 667. Lög

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1942.

(Afgreidd frá Ed. 1. apríl).

Samhljóða þskj. 499.

Ed. 668. Breytingartillögur

við frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Við 8. gr. Síðasti málsl. 1. mgr. orðist svo: Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, enda er einni deild sjóðsins óheimilt að lána annarri.
2. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
   Nú býr fólk í heilsuspillandi íbúðum, svo sem hermannaskálum, útihúsum, háaloftum og kjöllurum, hvort heldur í sveit eða kaupstað, þar sem fólksfjölgun síðustu þrjú ár hefur verið meiri en meðalfólksfjölgun í landinu, og skal þá ríki og sveitarfélag leysa vandræðin á þann veg, sem í þessum kafla segir, svo fremi önnur úrræði laganna hrökkva eigi til.
3. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
   Nú telur annaðhvort félagsmálaráðherra eða sveitarstjórn, að eigi verði bætt úr húsnæðisvandræðunum án atbeina ríkis og sveitarfélags, og skal þá á kostnað sveitarsjóðs safnað skýrslum um þá, sem búa í heilsuspillandi íbúðum.

Skal þar getið um fjölskylduhagi þeirra, efnahag og atvinnu, svo og um fyrirætlanir þeirra um öflun húsnæðis.

4. Við 31. gr. Greinin orðist svo:
   Að skýrslugerð þeirri lokinni, sem um segir í 30. gr., skal samin áætlun um, hversu margar góðar íbúðir þurfi að gera á kostnað ríkis og sveitarfélags til að bæta úr þörfum þeirra, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, og hversu langan tíma sú framkvæmd skuli taka. Áætlun þessi skal gerð af mönnum, sem til þess eru valdir af félagsmálaráðherra og sveitarstjórn, jafnmörgum af hvors hálfu. Nú greinir menn þessa á eða félagsmálaráðherra telur, að áætlunin sé röng um íbúðafjölda eða framkvæmdahraða, og sker þá ríkisstjórnin úr.
5. Við 32. gr. Greinin orðist svo:
   Nú hefur áætlun samkvæmt framansögðu verið gerð, og er þá ríkisstjórn og sveitarstjórn skylt að byggja samkvæmt henni, og stendur ríkissjóður og sveitarsjóður undir kostnaðinum að hálfu hvor. Ef sveitarsjóður vanrækir byggingarskyldu sína, getur félagsmálaráðherra ákveðið, að allt verkið skuli gert á hans kostnað, og gert þær ráðstafanir, sem hann telur við eiga, til innheimtu kostnaðarins. Húsin skulu gerð eftir teikningum, sem félagsmálaráðherra lætur gera, nema sveitarstjórn vilji sjálf kosta þær, en þá þarf einnig samþykki ráðherra á teikningu. Íbúð í húsum þessum má eigi vera stærri en í lögunum um verkamannabústaði segir. Leigulóðir lætur sveitarsjóður í té með sömu kjörum og um verkamannabústaði gilda.
6. Við 33. gr. Greinin orðist svo:
   Hús þau, sem reist eru samkvæmt þessum lögum, verða sameign ríkis og bæjar, eða séreign hvors að sínum hluta, ef annar hvor aðili óskar þess.
7. Við 34. gr. Greinin orðist svo:
   Þeim, er í heilsuspillandi íbúðum búa, skal jafnóðum og hinar nýju íbúðir verða til fengið húsnæði í hinum nýju íbúðum. Skal um það leitað álits heilbrigðisnefndar, ef til er, ella héraðslæknis, í hverri röð íbúðunum verði úthlutað. Hinar heilsuspillandi íbúðir skal rífa eða með öðrum hætti leggja niður, jafnskjótt og úr þeim er flutt.
8. Við 35. gr. Greinin orðist svo:
   Hús þau, sem reist eru samkv. lögum þessum, skal leigja þeim, er þau eru fengin til íbúðar, fyrir leigu, sem eigi má vera hærri en sambærileg leiga í húsum einstakra manna. Aldrei mega ríki eða sveitarfélag þó reikna sjálfum sér meira en 2% á ári í vexti af því fé, sem þau hafa sjálf lagt fram til bygginganna.
9. Við 36. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni heimilast að taka lán til þessara framkvæmda.
10. Við 37. gr. Greinin orðist svo:
    Félagsmálaráðherra kveður með reglugerð nánar á um þau efni, sem í kafla þessum greinir.
11. 38. og 39. gr. falli niður, og breytist greinatala samkv. því.

Ed. 669. Nefndarálit

um frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta bar nefndin fram fyrir þinghlé að beiðni félagsmálaráðherra, en nefndarmenn létu þess þá jafnframt getið, að þeir hefðu óbundnar hendur um einstök atriði þessi

Nefndin hefur rætt frv. og athugað það á mörgum fundum. Einstakir nefndarmenn (BBen og StgrA) lögðu fram veigamiklar breytingartillögur við frv., og hefur nefndin tekið nokkrar þeirra upp í tillögur sínar, en báðir munu þeir bera fram breytingartillögur í deildinni. Enn fremur bárust nefndinni breytingartillögur við frv. frá stjórnum 9 byggingarsamvinnufélaga hér í bænum. Einn nefndarmanna (HermJ) óskar þess, að frv. á þskj. 71 (um byggingarlánasjóð) yrði lagt til grundvallar við umræður og afgreiðslu málsins, en féllst þó á að taka þátt í afgreiðslu nefndarinnar á þessu frv.

Nefndin hefur samþykkt allmargar breytingartillögur við frv., en einstakir nefndarmenn hafa þó óbundnar hendur um nokkrar þeirra og áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Einn nefndarmanna (HermJ) mun bera fram sérstakar breytingartillögur í deildinni og lætur þess getið, að fylgi hans við frv. geti oltið á því, hverja afgreiðslu þær fá. Hinir fjórir nefndarmennirnir mæla með því, að frv. verði samþykkt með breytingum þeim, er á þskj. 670 greinir.

Alþingi, 31. marz 1946.

H. Guðmundsson, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskrifari.	Hermann Jónasson, með fyrirvara.
Bjarni Benediktsson.	Steingr. Aðalsteinsson.	

Ed. 670. Breytingartillögur

við frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Byggingarsjóður lánar til byggingar samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi sveitarstjórn fært félagsmálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað „1. og 3. tölulið“ í næstsíðustu málsgrein komi: 1. og 2. tölulið.
   b. Síðasta málsgrein orðist svo:
      Heimilt er stjórn byggingarfélags að stofna innlánsdeild í sambandi við byggingarsjóð, sem tekur við innlögum frá mönnum á félagssvæðinu, sem vilja tryggja sér húsnæði hjá félaginu. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi innlánsdeilda þessara að fengnum tillögum stjórnar byggingarsjóðs, þ. á m. um það, hvenær þeim, sem slíkum innlögum hafa safnað, skuli fengin íbúð.
3. Við 4. gr. Næstsíðasta málsgrein orðist svo:
   Stjórn byggingarsjóðs ákveður, að fengnum tillögum sveitarstjórnar og stjórnar byggingarfélags, hvers konar lánskjör eru hverju sinni veitt.
4. Við 6. gr.
   a. 1. málsl. 1. málsgr. 6. tölul. orðist svo: Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, og með þeim láns- og vaxtakjörum, sem ákveðin eru samkv. 4. gr.
   b. Í stað 2. málsl. 8. tölul. komi 2 málsl. (2—3) svo hljóðandi: Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun, sem samkv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta

kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna.

c. Upphaf 9. tölul. orðist svo: Að ákveðið sé með reglugerð .....

d. 10. tölul. orðist svo: Að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og ráðuneytið staðfest þær.

5. Við 7. gr. Við fyrri málsl. greinarinnar bætist (á eftir orðinu „verzlun“): dagheimili, leikskóla fyrir börn og mötuneyti.

6. Við 8. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 5 menn, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi, til fjögurra ára í senn. Félagsmálaráðherra skipar einn þeirra formann sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkv. reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, en sjóðsstjórninni er heimilt að lána fé sjóðsins til bráðabirgða milli deilda, ef það þykir henta.

7. Við 9. gr. Við 1. málsgr. bætist:

Ef stjórn byggingarsjóðs hefur eigi borizt í hendur reikningur byggingarfélags yfir síðasta ár fyrir 1. sept. ár hvert, er óheimilt að halda áfram lánveitingum til félagsins fyrr en reikningurinn berst sjóðsstjórninni í hendur.

8. Við 12. gr. Greinin falli niður.

9. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri á stöðum með færri en 1000 íbúa, 30 á stöðum með 1000 íbúa eða fleiri utan Reykjavíkur og 50 í Reykjavík koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

10. Við 15. gr.

a. Orðin „fyrir þá, sem ekki eru eigendur íbúðarhúsnæðis“ í fyrsta málslið falli niður.

b. Orðin „sem eigi eru íbúðareigendur“ í þriðja málslið falli niður.

11. Við 16. gr.

a. Í stað orðanna „situr félagsmaður fyrir um byggingu húss“ í 2. málsl. 1. málsgr. A. komi: fer um rétt félagsmanns til byggingar húss eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félags.

b. Orðin „samkv. 17. gr.“ í fyrri málsgr. c-liðar falli niður.

12. Við 17. gr. Greinin falli niður.

13. Við 20. gr. Í stað „atvinnumálaráðuneytinu“ í niðurlagi A-liðar komi: félagsmálaráðuneytinu. (Prentvilla í upphafi B-liðar leiðréttist.)

14. Við 22. gr.

a. 3. málsl. 1. málsgr. orðist svo:

Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættri verðhækkun samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna.

b. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:

Ákvæði þessi taka þó ekki til húsa o. s. frv.

15. Við 23. gr. 2. málsliður orðist svo: Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, nema því aðeins, að hann sanni, að þegar kaupin fóru fram, hafi honum verið ókunnugt

um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins.

16. Við 30. gr. 2. málsliður falli niður.
17. Við 31. gr. Greinin orðist svo:
    Að skýrslugerð þessari lokinni skal sveitarstjórn semja áætlun um, hversu margar íbúðir þurfi að gera til þess að bæta úr þörfum þeirra, sem búa í heilsuspillandi íbúðum og ekki fá á annan veg tryggt sér viðunandi húsnæði, svo og kostnaðaráætlun og áætlun um, hversu langan tíma sú framkvæmd muni taka, og skal stefnt að því, að henni verði lokið á fjórum árum.
18. Við 32. gr. Greinin orðist svo:
    Skýrslur þær, og áætlanir, sem um getur í 31. gr., skal senda ríkisstjórninni ásamt rökstuðningi sveitarstjórnar fyrir því, að ekki verði bætt úr húsnæðisþörfinni á nægilega skömmum tíma með þeim aðgerðum, sem í I. og II. kafla þessara laga segir.
19. Við 33. gr. Greinin orðist svo:
    Nú færir sveitarstjórn félagsmálaráðuneytinu sönnur á, sbr. 32. gr., að nauðsyn sé slíkra íbúðabygginga, sem hér um ræðir, og skal þá ríkissjóður lána þeim sveitarfélögum, sem reisa slíkar íbúðir, 75% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, en þar skal ekki lóð með talin. Lán þessi skulu vera til 50 ára með 3% ársvöxtum, og greiðast vextir og afborganir með jöfnu, árlegu gjaldi. Ríkissjóður leggur enn fremur fram 10% og sveitarsjóður 15% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaust lán til 50 ára. Lán þessi eru afborgunarlaus fyrstu 15 árin, en greiðast síðan með jöfnum árlegum greiðslum en án vaxta á 35 árum. Sveitarstjórnum er heimilt að taka lán til þessa framlags, ef fé er ekki fyrir hendi í sveitarsjóði. Ríkisstjórninni er heimilt að fella afborganir þær niður af 10% framlagi ríkissjóðs, er að ofan getur, ef sveitarstjórn ákveður að gera það að sínum hluta (15%).
20. Við 34. gr. Í stað „80%“ komi: 75%.
21. Við 35. gr. 2. málsliður falli niður.
22. Við 36. gr. 2. málsgrein orðist svo:
    Íbúðir þær, sem byggðar eru samkv. III. kafla þessara laga, skulu leigðar þeim, er í heilsuspillandi íbúðum búa, og skulu þeir ganga fyrir, sem búa við lakast húsnæði og erfiðastar heimilisástæður. Skal leitað álits heilbrigðisnefndar, ef til er, ella héraðslæknis, um það í hverri röð menn fái íbúðirnar.
23. Við 40.–44. gr. Greinarnar falli niður, en í staðinn komi ein grein, sem orðist svo:
    Á meðan skortur er á íbúðarhúsnæði í landinu og erfiðleikar eru á innflutningi nægilegs byggingarefnis, að dómi ríkisstjórnarinnar, skal viðskiptaráð, á meðan það starfar, ella sú stofnun, sem ríkisstjórnin ákveður, kveða á um, til hverra nota fari það byggingarefni, sem flutt er til landsins. Kveða skal á um það með reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum þess aðila, er að framan getur, hverjar byggingar og framkvæmdir skuli ganga fyrir um byggingarefni, og skal þá einkum miðað við þörf íbúðarhúsnæðis og nauðsyn atvinnulífs og almenningsstofnana. Þá skal og í reglugerð mæla fyrir um önnur þau atriði, sem þörf er á, til að lög þessi nái tilgangi sínum.
24. Við 45. gr.
    a. Í stað orðanna „er eftirlitsnefndinni skylt að taka til bráðabirgða í sínar hendur“ í 1. málsl. komi: og tekur þá ríkisstjórnin í sínar hendur.
    b. 2. og 3. málsl. falli niður.
25. Við 46. gr. Í stað orðanna „rekin að hætti opinberra mála“ komi: sæta meðferð almennra lögreglumála.
26. Við 47. gr. Greinin orðist svo:
    Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal ef byggingarefni er í heim-

ildarleysi varið til annarra þarfa en lög þessi ákveða, varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

27. Við 40. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

28. Bráðabirgðaákvæðið falli niður.

29. Fyrirsögn IV. kafla verði:
Um innflutning og skiptingu byggingarefnis o. fl.

30. Greinatala breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

Ed. 671. Frumvarp til laga

um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Selfossbyggð í Árnessýslu, sem vaxið hefur upp á mótum þriggja hreppsfélaga við Ölfusá, skal verða sérstakt sveitarfélag, er nefnist Selfosshreppur. Í hinum nýja hreppi eru þessar jarðir: Selfoss og Hagi ásamt Bjarkarspildu úr Sandvíkurhreppi. Hellir ásamt Fossnesi úr Ölfushreppi og sneið af Laugardælalandi í Hraungerðishreppi, er markast af beinni línu frá Virkisvörðu til hæsta klettsins á nyrzta ferjuholti í Hellislandi. Að öðru leyti eru landamerki jarða þeirra, sem að ofan eru taldar, hreppamörk hins nýja Selfosshrepps.

2. gr.

Flóagaflstorfan í Sandvíkurhreppi skal leggjast til Eyrarbakkahrepps.

3. gr.

Selfosshreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er öðlazt hafa eða öðlast kunna framfærslurétt á svæði því, er hreppurinn tekur yfir.

4. gr.

Skipti milli Selfosshrepps og Sandvíkurhrepps á sameiginlegum eignum og skuldum núverandi Sandvíkurhrepps skal fara fram samkvæmt því, sem fyrir er mælt í sveitarstjórnarlögum.

Ölfushreppi og Hraungerðishreppi greiðir Selfosshreppur og fullar bætur fyrir missi tekna af þeim landsvæðum, sem frá þeim hreppum eru tekin og lögð til hins nýja Selfosshrepps.

Á sama hátt greiðir Eyrarbakkahreppur Sandvíkurhreppi (hinum nýja) fullar bætur fyrir missi tekna af því landsvæði, sem frá Sandvíkurhreppi er tekið og lagt til Eyrarbakkahrepps.

5. gr.

Nú næst ekki samkomulag milli hreppsnefndar Selfosshrepps og hreppsnefndanna í Ölfushreppi og Hraungerðishreppi, eða milli hreppsnefndarinnar í Sandvíkurhreppi hinum nýja og hreppsnefndarinnar í Eyrarbakkahreppi um bætur þær, er í 3. gr. getur, eða önnur ákvæði, er skiptin varða, og skal þá leggja ágreininginn í gerð. Skulu 5 menn skipa gerðardóminn. Þrjá þeirra kveður hæstiréttur og skipar einn þeirra formann dómsins, hreppsnefnd Selfosshrepps tilnefnir einn og hreppsnefndir hinna hreppanna, Ölfushrepps og Hraungerðishrepps, sinn manninn hvor, eftir því sem þeir hreppar eiga hlut að gerðinni. Á sama hátt tilnefnir hreppsnefnd Sandvíkurhrepps og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps sinn manninn hvor í dóminn, að því er gerðin tekur til skipta þessara hreppa.

Ágreiningsmálum milli Selfosshrepps og Sandvíkurhrepps, er skiptin varða, má og skjóta til gerðardóms þessa, en þá tilnefnir hreppsnefnd Sandvíkurhrepps og hreppsnefnd Selfosshrepps sinn manninn hvor af sinni hálfu til að taka sæti í dómnum.

Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir þá aðila, sem að honum standa, og verður honum ekki áfrýjað.

Kostnað af gerðardóminum, að því er tekur til stækkunar Selfossbyggðar, greiðir Selfosshreppur eftir ákvörðun dómsins, þar með talin þóknun til fyrirsvarsmanna málsaðila.

Á sama hátt greiðir Eyrarbakkahreppur kostnað af gerðardóminum að því er varðar skiptin villi Eyrarbakkahrepps og Sandvíkurhrepps hins nýja.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1946, og skal skipti öll og skaðabætur miða við þann tíma. Allir, sem búsettir eru 1. júní 1946 á svæði því, sem hinn nýi Selfosshreppur tekur yfir, öðlast þar samtímis kosningarrétt í sveitarstjórnarmálum, enda tekur Selfosshreppur á sig allar skyldur gagnvart þeim mönnum, sem lögmætu heimilisfangi fylgja.

Nd. 672. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

(Afgreidd frá Nd. 1. apríl).

Samhljóða þskj. 343.

Ed. 673. Frumvarp til laga

um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um stjórn landnámsmála.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

2. gr.

Nýbýlastjórn er skipuð 5 mönnum, er kosnir séu hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Landbúnaðarráðherra skipar formann nýbýlastjórnar úr hópi þeirra, sem kosnir eru.

Nýbýlastjórn ræður sér framkvæmdastjóra, er nefnist landnámsstjóri. Laun hans skulu vera söm og búnaðarmálastjóra.

3. gr.

Landnámsstjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum eftir ákvörðun nýbýlastjórnar. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um frumræktun lands til stofnunar einstakra nýbýla, byggðahverfa í sveitum og til nytja fyrir kaup-

tún og kaupstaði. Einnig skal hann hafa yfirumsjón með þeim framkvæmdum, sem nýbýlastjórn hefur ákveðið að fengnu samþykki þeirra aðila, sem hlut eiga að máli.

Búnaðarfélag Íslands, Nýbyggingarráð og Atvinnudeild háskólans skulu veita landnámsstjóra þá sérfræðilegu aðstoð, sem þeim er unnt.

II. KAFLI
Um landnám ríkisins.

4. gr.

Ríkisstjórnin lætur eftir tillögum nýbýlastjórnar undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðahverfi í sveitum, einstök býli eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kauptún og kaupstaði.

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 2,5 millj. króna á ári næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1947.

5. gr.

Þessi undirbúningur landsins til ræktunar, sem ríkið framkvæmir og kallast landnám ríkisins, skal vera í því fólginn að ná á eina hönd samfelldu landi til ræktunar og nytja, ræsa fram það land, sem rækta skal, leggja um það vegi, sem tengdir eru aðalvegum nærliggjandi byggða, og ef reisa skal á því byggðarhverfi aðalæðar til vatnsleiðslu og skolpleiðslu, enn fremur skipuleggja á því byggð og skipta því sem sú byggð krefur.

6. gr.

Landnám þetta skal fara fram á landi, sem er eign ríkisins, bæjar-, sveitar- eða byggðarfélaga. Keypt skal land í þessu skyni, þar sem þess gerist þörf, og er heimilt að taka jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð, eignarnámi til þessara nota og einnig landspildur af einstökum jörðum, sem eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð og þær geta án verið. Eignarnám má þó því aðeins fara fram, að öll nýbýlastjórn sé því samþykk og fullreynt sé að dómi landbúnaðarráðherra, að samkomulag náist ekki um kaup á landinu.

7. gr.

Áður en framkvæmdir um landnámið eru hafnar á hverjum stað, skal landnámsstjóri, eftir tillögum nýbýlastjórnar, hafa látið fara fram rannsóknir um skilyrði til ræktunar, rafvirkjunar, afnota af jarðhita, samgangna, markaða o. fl. Jafnframt skal hann hafa látið gera skipulagsuppdrátt og kostnaðaráætlun um landnámið og þá byggð, sem þar á að rísa, ef um byggðahverfi er að ræða, og gera áætlanir og tillögur um það, hvers konar búskapur þar skuli rekinn.

Áætlanir og rannsóknir landnámsstjóra skulu lagðar fyrir nýbýlastjórn til samþykktar, áður en framkvæmdir hefjast.

8. gr.

Áður en landnám er hafið, skal sveitarstjórn, þar sem það á að fara fram, gefinn kostur á því að gera grein fyrir, hver áhrif hið fyrirhugaða landnám muni hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, kauptúninu eða kaupstaðnum og sveitar- eða bæjarfélaginu í heild.

Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, sker landbúnaðarráðherra úr.

9. gr.

Þegar lokið er undirbúningi landsins til ræktunar og byggðar, skal það leigt með erfðaleigu einstaklingum eða byggðarfélögum með skilmálum, sem nánar verða

teknir fram í reglugerð. Leigan skal miðuð við þá kosti, sem landið býður til búskapar og afkomu. Nýbýlastjórn skal, ef óskir koma fram um það, semja við búnaðarsambönd eða bæjar- og sveitarfélög um að taka að sér frumræktun lands fyrir ákveðið gjald. Þau bæjar- og sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, skulu þó tryggja nægilegt fé til framkvæmdanna, að svo miklu leyti sem væntanlegur jarðræktarstyrkur hrekkur ekki til eftir áætlun Búnaðarfélags Íslands.

10. gr.

Nýbýlastjórn er heimilt að semja við búnaðarsamböndin eða ræktunarfélög, sem hafa sett sér jarðræktarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um að þau taki að sér að ræsa fram og undirbúa til ræktunar land þar, sem reisa á einstök býli. Þessi heimild skal þó aðallega notuð þar, sem hagkvæmt er að framkvæma verkið með fullkomnustu vélum.

11. gr.

Nýbýlastjórn skipar þriggja manna nefnd í hverri sýslu. Skulu 2 þeirra tilnefndir af hlutaðeigandi búnaðarsambandi, en einn af nýbýlastjórn án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Skipun nefndarinnar gildir til 4 ára. Hlutverk hennar er að vera nýbýlastjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um val á landi til nýbýla og undirbúning að þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar eru samkvæmt lögum þessum. Einnig að hafa eftirlit með því, að fylgt sé ákvæðum og fyrirmælum laga og reglugerða, sem um þessi mál fjalla. Þá skal nefndin vera til aðstoðar og ráðuneytis þeim mönnum, er óska að reisa nýbýli eða ganga í byggðafélag, og þeim bændum, sem eigi fá aðstoð til bygginga samkvæmt ákvæðum laga þessara.

III. KAFLI
Um byggingarsjóð.

12. gr.

Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður.

Stofnfé sjóðsins er:

a. Byggingarsjóður, Nýbýlasjóður og Smábýladeild Búnaðarbanka Íslands, eins og þessar stofnanir eru nú.
b. Lán, er ríkissjóður veitir eða útvegar vaxtalaust, þannig að stofnféð nemi alls 10 millj. kr. 1. júlí 1947, en síðan leggist árlegur tekjuafgangur sjóðsins við stofnféð.

13. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemur 2.5 millj. kr. næstu 10 ár, í fyrsta skipti árið 1947.

14. gr.

Sjóðurinn veitir lán gegn veði í jörðum, lóðum, íbúðarhúsum og peningshúsum:

a. Til endurbygginga íbúðarhúsa á sveitabýlum með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru í IV. kafla þessara laga.
b. Til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa í byggðarhverfum samkvæmt V. kafla þessara laga.
c. Til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa á nýbýlum, sem reist eru á ræktuðu landi við skiptingu jarða eða landi, sem er sérstaklega vel fallið til ræktunar og byggðar, og reist verða samkvæmt VI. kafla þessara laga.

Lánin mega vera það hæst, að samtals hvíli á jörðinni allt að 75% fasteignamatsverðs, að viðbættu kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða. Þó má aldrei veita hærra lán en 75% kostnaðarverðs til nokkurrar einstakrar byggingar. Reikninga um byggingarkostnað úrskurðar bankastjóri Búnaðarbankans.

Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943 má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

15. gr.

Þegar stjórn Byggingarsjóðs hefur gefið loforð um lánveitingu samkv. 14. gr., er henni heimilt að veita bráðabirgðalán meðan á framkvæmdum stendur, gegn persónulegum tryggingum og veði í framkvæmdinni, allt að 80% af hinu áætlaða endanlega láni, en slík bráðabirgðalán skulu greidd að fullu um leið og hin föstu lán eru afgreidd. Skal lánið veitt jafnóðum og verkinu miðar áfram. Vextir af bráðabirgðalánum þessum skulu vera 5%.

16. gr.

Byggingarsjóði skal heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til fyrir þeim lánum, sem álitin eru æskileg, að taka lán eða gefa út handhafavaxtabréf, allt að þreföldum stofnsjóði sínum.

Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

17. gr.

Lán þau, er sjóðurinn veitir, skulu greidd með jöfnum árlegum greiðslum, og skulu þær árlegu greiðslur við það miðast, að vextir af lánsfénu séu 2%. Skal stjórn sjóðsins ákveða um hvert lán, til hve langs tíma það er veitt, og skal þá meðal annars á það litið, hve vandaðar byggingar þær eru, sem fyrir lánsféð eru reistar. Lánin skulu þó aldrei veitt til lengri tíma en 42 ára.

Heimilt er nýbýlastjórn að veita lántakanda óafturkræft framlag úr sjóðnum, er samsvari þeim stuðningi, er hann yrði aðnjótandi, með vaxtalækkun á láni því, sem hann gæti fengið samkv. 14. gr., miðað við venjulegan lánstíma og að lækkun ársvaxtanna nemi 2%. Þegar slíkt framlag er veitt, skal lántakandi greiða 4% ársvexti af því láni, er hann fær hjá sjóðnum, og má þá lánveiting til hans eigi nema meiru en 50% af kostnaðarverði þeirra bygginga, sem lánið er veitt til.

18. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
3. Ef lántakandi hættir landbúnaðarframleiðslu eða störfum fyrir landbúnað.

19. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Byggingarsjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð eða fara með það á annan hátt eins og venja er um veð fyrir lánum, sem í gjalddaga eru komin.

20. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Byggingarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

21. gr.

Byggingarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

22. gr.

Búnaðarbanki Íslands annast framkvæmdastjórn sjóðsins, og skal bankastjórinn ákveða allar lánveitingar hans. Um lánveitingar til nýbýla jafnt í byggðahverfum sem til einstakra býla skal hann fara eftir tillögum nýbýlastjórnar. Um lánveitingar til byggingar íbúðarhúsa á öðrum sveitabýlum skal bankastjóri hafa samráð við nýbýlastjórn eða framkvæmdastjóra hennar.

IV. KAFLI

Um endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum.

23. gr.

Lán úr Byggingarsjóði til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum skulu veitt með þessum skilyrðum:

1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum, og sé gerð hússins utan og innan samþykkt af stjórn sjóðsins.
2. Að lögð hafi verið fram stutt lýsing af bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af trúnaðarmönnum Brunabótafélags Íslands, og beri sú lýsing því vitni, að endurbyggingar sé þörf á íbúð hans.
3. Að nýbýlastjórn hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um, að býlið sé til frambúðar og íbúðarhús það, sem reisa á, sé við hæfi þess og að það verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, síma, rafleiðslur og annað það, er tryggir framtíðargildi þess.

24. gr.

Lán úr Byggingarsjóði skulu enn fremur því aðeins veitt til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum, að húsið sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endurbyggt þannig, að skoða megi það jafngilt nýrri íbúð.

25. gr.

Ef nýbýlastjórn telur nauðsynlegt vegna skipulags byggingarinnar, að bæjarhús séu færð, getur Byggingarsjóður sett það að skilyrði fyrir láni til endurbyggingarinnar, að það sé gert. Hins vegar á þá býlið rétt til láns úr Byggingarsjóði til endurbyggingar peningshúsa, ef staðfærsla íbúðarhúss hefur í för með sér, að peningshús séu líka færð úr stað.

V. KAFLI

Um byggðarhverfi.

26. gr.

Þegar reist eru byggðarhverfi á landi, sem ríkið hefur áður numið samkvæmt 4.—10. gr., skal landnámsstjóri í samráði við nýbýlastjórn gera áætlanir um stofnun byggðarhverfanna, og sér hann síðan um framkvæmdir þeirra samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

27. gr.

Byggðarhverfi nefnast í lögum þessum minnst 5 býli, þar sem framkvæmdir allar við ræktun og byggingar eru gerðar eftir fyrir fram ákveðnu skipulagi. Hverju býli skulu ætlaðir minnst 12 ha til túnræktar auk nauðsynlegs beitilands, eða jafngildi þess í skilyrðum til garðræktar, vermiræktar eða annars þess, sem tryggt

getur þrif býlisins. Enn njóta sama réttar í hverju byggðarhverfi býli, sem minna land hafa, ef ábúendur þeirra hafa sem aðalatvinnuveg handverk eða önnur störf, sem að dómi nýbýlastjórnar eru nauðsynleg fyrir byggðarhverfið.

28. gr.

Þegar ákveðið hefur verið, að byggðarhverfi skuli reist á landi, sem ríkið hefur áður numið, skal landnámsstjóri láta rækta 5 ha túns og reisa íbúðarhús og nauðsynlegustu peningshús, hlöður og verkfæraskemmur þeirra býla, sem þar eiga að rísa. Til byggingarinnar fær hann lán úr Byggingarsjóði handa hverju býli í hverfinu, allt að 75% kostnaðar. Tekur síðan ábúandi, er flyzt á býlið, lán þetta að sér, en lánið skal vaxta- og afborgunarlaust þann tíma, sem það er á hendi landnámsstjóra. Við móttöku býlisins skal ábúandi, ef um kaup er að ræða, greiða 25% af byggingarkostnaði býlisins, enda telst hann þar á eftir eigandi þeirra bygginga, sem á býlinu eru, og þeirrar ræktunar, er hann hefur sjálfur framkvæmt.

29. gr.

Um leið og framkvæmd er hafin til að reisa byggðarhverfi, skulu býli þau, sem þar eiga að rísa, auglýst til kaups og ábúðar eða til leigu og ábúðar, sem einnig skal heimilt. Forkaupsrétt til kaups eða leigu skulu hafa bændur og bændasynir á þeim jörðum, er á hverfislandinu hafa verið, og þar næst ábúendur á jörðum, sem ekki geta fengið lán úr Byggingarsjóði, vegna þess að þær dæmast ekki hæfar til framtíðarábúðar.

30. gr.

Ef eigandi og ábúandi býlis í byggðarhverfi vill selja býli sitt, hefur Byggingarsjóður forkaupsrétt að því gegn kostnaðarverði að frádreginni fyrningu. Þetta gildir þó ekki, ef eigandi býlis selur það foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni, kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, enda sé söluverðið eigi hærra en kostnaðarverð að frádreginni fyrningu og kaupandi gerist þar sjálfur ábúandi.

31. gr.

Allir þeir, sem gerast ábúendur í byggðarhverfi, skulu stofna með sér byggðarfélag. Félag þetta skal setja sér samþykktir í samræmi við lög þessi, og skulu þær til þess að öðlast gildi staðfestar af landbúnaðarráðherra eftir tillögum landnámsstjóra. Í samþykktum byggðarfélaga skal ákveða, hvort rekinn skuli samvinnubúrekstur í byggðinni eða að hve miklu leyti, hvaða stofnanir, byggingar, vélar o. s. frv. skuli vera félagseign og hvernig með félagseignir skuli farið o. fl. þ. h. Nánari fyrirmæli um undirbúning og setning samþykkta byggðarfélaga skulu sett með reglugerð.

32. gr.

Hver bóndi í byggðarhverfi — eða byggðarfélagið, ef um samvinnubúrekstur er að ræða, — skal hafa fullræktað land það, sem til ræktunar er ætlað, á eigi skemmri tíma en 10 árum frá því, er hann tók við býlinu nýbyggðu, enda ber honum skylda til að rækta á ári hverju a. m. k. 1/10 hluta þess lands, sem hann tók við óræktuðu, nema hann hafi næstu ár á undan lokið meiri ræktun en honum ber skylda til samkvæmt þessum ákvæðum. Vanræki hann þetta, hefur hann fyrirgert rétti sínum til eignar eða leigu og ábúðar á býlinu. Skal nýbýlastjórn skylt að hafa eftirlit með því, að jarðirnar séu vel setnar og svo sem lög þessi og reglugerðir, sem settar verða eftir þeim, mæla fyrir, og er heimilt að víkja af býlunum bændum þeim, sem uppfylla ekki þau fyrirmæli, sem sett eru um ábúð þeirra.

33. gr.

Ef eigandi eða leigjandi og ábúandi hverfisbýlis missir rétt sinn til eignar eða leigu og ábúðar á býlinu samkv. 32. gr., skal Byggingarsjóður taka við því og greiða fráfarandi það, sem hann hefur í býlið lagt, samkvæmt mati.

Í samþykktum byggðarfélaga skal ákveðið, hvernig fara skuli að, ef byggðarfélög uppfylla ekki skilyrði 32. gr.

34. gr.

Byggðarfélögum og einstökum eigendum og ábúendum hverfisbýla veitist fjárhagsleg aðstoð til umbóta á býlum sínum sem hér segir:

1. Styrkur til jarðræktarframkvæmda samkv. 2. kafla jarðræktarlaganna.
2. Viðbótarlán úr Byggingarsjóði með sömu kjörum og stofnlánið til stækkunar íbúðarhúss og aukningar peningshúss, að því er slík stækkun og aukning er nauðsynleg að dómi landnámsstjóra.

35. gr.

Ef 5 menn eða fleiri stofna með sér félag, er hefur að markmiði að reisa byggðarhverfi á ákveðnu landsvæði, skulu þeir senda nýbýlastjórn tillögur sínar um það, en hún lætur fara fram rannsókn á landinu. Um ákvörðun, hvort byggðarhverfið skuli reist, og framkvæmdir allar fer síðan eins og áður er fyrir mælt í lögum þessum. Þeir, sem bundizt hafa félagssamtökum um stofnun byggðarhverfisins, skulu eiga kost á að undirbúa landið til ræktunar og byggðar samkv. lögum þessum að jöfnum kostnaði og hægt er að fá slíkt gert á annan hátt eða fá atvinnu við landnámið, eins og því verður bezt við komið. Þegar þeim undirbúningi er lokið, skal þeim fengið landið í hendur til byggðar.

VI. KAFLI
Um nýbýli.

36. gr.

Nýbýli, sem verða aðnjótandi lána úr Byggingarsjóði, má jafnt reisa á ræktuðu landi með skiptingu jarða sem á landi, sem er sérstaklega vel fallið til ræktunar og búskapar, en eigi áður ræktað. Skal nýbýlið hafa minnst 12 ha lands, sem er vel fallið til túnræktar, auk nægilegs beitilands, eða önnur landgæði, sem að dómi nýbýlastjórnar eru ígildi þessa. Nýbýlið skal fá úrskipt land með ákveðnum landamerkjum, hvarvetna þar, sem því verður við komið. Þar, sem félagsræktun verður ekki við komið eða fljótvirkustu jarðvinnsluvélum, sbr. 10. gr., skal nýbýlastjórn heimilt að verja ákveðinni fjárhæð til undirbúnings hvers býlis. Sé slík greiðsla miðuð við meðalkostnað við stofnun býlis í byggðarhverfi og ákveðin á hverjum stað, áður en til einstakra býla er stofnað samkvæmt þessu ákvæði.

37. gr.

Þegar jörð er skipt í tvö eða fleiri býli, skal þess gætt, að hvert býli hafi svo mikið landrými að dómi nýbýlastjórnar, að hægt sé að stunda þar hagfelldan landbúnað og notfæra sér nútíma tækni. Lágmark ræktaðs túns á býli sé 4 ha, þegar skipting fer fram, eða önnur landgæði, sem eru ígildi þeirrar ræktunar, og auk þess a. m. k. 8 ha lands vel til túnræktar fallið, auk nægilegs beitilands, eða önnur landgæði, sem eru ígildi þessarar ræktunar, ræktunarlands eða beitilands.

38. gr.

Sá, sem reisa vill nýbýli og hefur tryggt sér til þess umráðarétt á landi, sendi landnámsstjóra umsókn um, að hann fái heimild til að reisa býli, er njóti þeirra hlunninda, er lög þessi veita. Nýbýlastjórn lætur þá athuga alla aðstöðu til stofnunar nýbýlisins og úrskurðar, hvort hún sé nægilega góð til þess að stutt skuli að því, að býlið skuli reist.

39. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að láta reisa nýbýli, eitt eða fleiri, á jörðum ríkisins, sem losna úr ábúð. Einnig er henni heimilt að kaupa lönd í sama skyni. Skal þá

undirbúningur undir stofnun býlanna vera með sama hætti og stofnun nýbýla í byggðarhverfum og forkaupsréttur að býlunum með sama hætti.

40. gr.

Ef eigandi nýbýlis vill selja það eða verður að láta það af hendi, gilda um það sömu reglur og um sölu og afhendingu býla í byggðarhverfum.

VII. KAFLI
Um viðhaldsskyldu o. fl.

41. gr.

Nýbýlastjórn skal halda skýrslur um öll þau býli, sem reist eða endurbyggð eru samkv. lögum þessum. Skal nákvæmlega frá því skýrt, hvenær hvert býli er reist eða endurbyggt, hver hefur orðið kostnaður við landnám það, sem fallið hefur í hlut býlisins, við ræktun þess og byggingu, hver lánskjörin hafa verið, hvernig lánin hafa greiðzt, hve mikið eigendur þess og ábúendur hafa lagt fram til þess að koma því upp, auk annars, sem nauðsynlegt þykir að skýra frá. Þá skal nýbýlastjórn afla sér skýrslna um rekstrarafkomu hvers býlis svo sem við verður komið. Getur hún lagt þá kvöð á ábúanda hvers býlis, er lán fær úr Byggingarsjóði að halda búreikninga, er gerðir séu eftir fyrirsögn Búreikningaskrifstofu ríkisins, enda sé þá greitt fyrir slíkt reikningshald eins og Búreikningaskrifstofan telur hæfilegt. Yfirlitsskýrslur um býli þau, sem reist eru með lánum úr sjóðnum, svo og afkomu búrekstrarins á býlunum skal nýbýlastjórn birta svo oft sem ástæða þykir til og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

42. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Byggingarsjóði, að halda vel við byggingum þeim, sem hann hefur fengið lán til. Héraðsnefndir nýbýlastjórnar skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins þegar, ef því er að einhverju leyti ábótavant. Skal þá stjórn sjóðsins veita hlutaðeigandi ábúanda áminningu, og er útbyggingar- og eignarnámssök, ef áminningin er ekki tekin til greina.

43. gr.

Ef ábúenda- og eigendaskipti verða við sölu á fasteign, sem veðbundin er Byggingarsjóði, skal sjóðurinn, nema um erfðaskipti sé að ræða eða sölu til einhvers þess aðila, sem nefndur er í 2. málsl. 30. gr., hafa forkaupsrétt að eigninni, og ef um nýbýli er að ræða, gegn kostnaðarverði að frádregnu metnu álagi vegna fyrningar og skemmda, enda er enginn kaupsamningur um eignina gildur nema með árituðu samþykki sjóðsstjórnarinnar eða þess fulltrúa hennar, sem umboð hefur til slíkrar áritunar. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, hafa erfingjar forkaupsrétt umfram Byggingarsjóð, en að öðru leyti skal mat á þeim og staðfesting eigendaskiptanna háð sömu reglum og þegar um venjulega sölu er að ræða. Sveitarstjórn hefur þó rétt til að ganga inn í forkaupsrétt Byggingarsjóðs, ef hún óskar þess. Um sölu óðalsjarða og ættarjarða fer samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943. Ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 55 5. júní 1926, um forkaupsrétt á jörðum, skulu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem nauðsyn krefur. Ef byggingarsjóður eða sveitarstjórn kaupa jörð samkvæmt heimildum þessara laga, er þeim skylt að selja eða leigja jörðina gegn verði eða leigukjörum, er samsvarar kaupverðinu.

VIII. KAFLI
Um teiknistofu.

44. gr.

Stofnunin heitir Teiknistofa landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.

45. gr.

Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán er veitt til úr Byggingarsjóði, Ræktunarsjóði eða öðrum opinberum sjóðum, sem til eru og stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins og veita lán til bygginga í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.

46. gr.

Teiknistofan skal láta gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu til sveita og við sjó. Teiknistofan leitar aðstoðar íslenzkra listamanna og viðurkenndra hannyrðakvenna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til að fá þau sem smekklegust og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 45. gr., svo og stjórnir byggingarfélaga verkamanna og samvinnubyggingarfélaga skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.

47. gr.

Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðsskóla eða annars staðar til að annast smíði á húsgögnum og fleira, er að húsgagnagerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við húsgagnagerð.

48. gr.

Teiknistofan skal veita bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndar uppdráttum af húsum og húsgögnum. Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.

49. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn. Forstöðumaður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

50. gr.

Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán veita til húsbygginga í sveitum, sbr. 45. gr. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðirnir veita til byggingarinna.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

51. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd þessara laga.

52. gr.

Um endurskoðun Byggingarsjóðs, starfsskýrslu o. fl., fer eins og mælt er fyrir í lögum nr. 115 frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

53. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi felld lög nr. 58 frá 27. júní 1941, um landnám ríkisins, og lög nr. 108 frá 9. október 1941, um Byggingar- og landnámssjóð, ásamt breytingum á þeim lögum, svo og öll önnur ákvæði eldri laga, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Bráðabirgðaákvæði.

Þeir bændur, sem rétt hafa til byggingarstyrks samkvæmt lögum nr. 108 frá 9. okt. 1941 og byrjað hafa byggingu á jörðum sínum fyrir árslok 1946, en hafa ekki fengið neinn byggingarstyrk, svo og nýbýlastofnendur, sem eins stendur á um, geta valið um það, hvort þeir taka endurbyggingarstyrk eða nýbýlastyrk og sæta þeim lánskjörum, er verið hafa, eða koma undir ákvæði þessara laga um lánskjör án styrks.

Nú hefur maður fengið nokkurn hluta byggingarstyrks, og getur hann þá því aðeins fengið lán samkvæmt lögum þessum, að hann endurgreiði styrkinn.

Heimilt er og stjórn byggingarsjóðs, ef nýbýlastjórn mælir með því, að veita bændum viðbótarlán úr sjóðnum til íbúðarhúsa, sem byggð hafa verið á árunum 1943—1946.

Allar ákvarðanir samkvæmt þessum bráðabirgðaákvæðum skulu afgreiddar fyrir 1. júlí 1947.

Ed. 674. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 648 [Fræðsla barna].

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

Við 2. Tillagan orðist svo:

Í kaupstöðum eru umráð skólahúsnæðis í höndum bæjarstjórna, en eigi er heimilt að leyfa notkun skólahúsnæðis nema samþykki skólanefndar komi til. Utan kaupstaða eru umráð skólahúsnæðis í höndum skólanefnda. Umráð húsgagna og annarra muna í þágu skólastarfsins eru í höndum skólastjóra, en eigi má hann ráðstafa þeim til notkunar utan skólans, nema samþykki skólanefndar komi til.

Ed. 675. Breytingartillögur

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

1. Við 22. gr. Í staðinn fyrir síðasta málslið („Laun yfirkennara ..... í launalögum") komi: Yfirkennarar skulu vera einum launaflokki lægri en skólastjórar hlutaðeigandi skóla.
2. Við 34. gr. Síðasti málsliður orðist þannig: Laun hans skulu greidd úr ríkissjóði samkvæmt 6. launaflokki, en bæjarsjóður greiðir skrifstofukostnað hans.

Nd. # 676. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 12 9. janúar 1935 og nr. 40 27. júní 1941, um iðnlánasjóð.

Flm.: Pétur Ottesen, Stefán Jóh. Stefánsson, Bjarni Ásgeirsson, Sigurður Thoroddsen.

1. gr.

Í stað „65000 kr.“ í 1. gr. laga nr. 40/1941 komi: 300000 kr.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laga nr. 12/1935 bætist ný grein, er orðist svo:

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán, með útgáfu handhafavaxtabréfa eða á annan hátt, með samþykki ráðherra, og má hann jafnan skulda samtals allt að þreföldum höfuðstól þeim, er hann hefur á hverjum tíma. Lánin skulu tryggð með eignum sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

3. gr.

Síðari málsliður 4. gr. sömu laga („Lánin má ekki“ o. s. frv.) falli burt.

4. gr.

5. gr. sömu laga orðist þannig:

Beiðnir um lán úr iðnlánasjóði skulu vera skriflegar, og fylgi þeim:

a. Ýtarleg umsögn um það, hvernig verja eigi lánsupphæðinni, hvaða vélar á að kaupa og kaupverð þeirra, hvar þær eigi að setja niður og til hvers þær skuli nota.
b. Efnahagsreikningur lánbeiðanda og enn fremur rekstrarreikningur síðasta árs, ef um eldra fyrirtæki er að ræða.
c. Upplýsingar um aldur, menntun, iðnréttindi og iðnstarfsaldur lánbeiðanda.
d. Aðrar upplýsingar, sem lánbeiðandi telur máli skipta eða sjóðurinn kann að óska eftir.

5. gr.

2.—3. málsl. 6. gr. sömu laga orðist svo: Ekkert lán má þó vera hærra en sem nemur $\frac{1}{5}$ — einum fimmta hluta — þess fjármagns, sem sjóðurinn getur haft til umráða til útlána á árinu, þegar lántökuheimild hans er meðtalin.

6. gr.

8. gr. sömu laga orðist svo:

Lánstíminn er allt að 15 árum. Lánin má veita afborgunarlaust 2 fyrstu árin, en eftir það afborgist þau með jöfnum afborgunum. Atvinnumálaráðherra ákveður vaxtafót lánanna.

7. gr.

9. gr. sömu laga breytist þannig, að á eftir orðinu „stjórn“ í síðasta málslið komi: og rekstur.

8. gr.

11. gr. sömu laga falli burt, röð síðari greina breytist samkvæmt því.

9. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi 2., 5. og 6. gr. l. nr. 40 27. júní 1941.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli laga nr. 40 27. júní 1941 inn í lög nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk iðnaðarmanna. Fé það, sem sjóðurinn hefur yfir að ráða, svarar engan veginn til þess verkefnis, sem honum er ætlað að inna af hendi. Auk þess eru önnur ákvæði í lögunum, sem nauðsynlegt er að breyta.

Skýringar á breytingunum í aðalatriðum fara hér á eftir.

Um 1. gr.

Með því að framlag ríkisins til sjóðsins hefur haldizt óbreytt síðan 1942, þrátt fyrir hinar gífurlegu verðlagsbreytingar síðustu ára, ætti ekki að þykja óeðlilegt, að farið væri fram á, að framlagið hækkaði nú úr 65000 kr. í 300 þús. krónur.

Um 2. gr.

Sjóðurinn hefur sem stendur heimild til þess að gefa út vaxtabréf, sem nemi tvöföldum höfuðstól. Heimild þessa hefur ekki þurft að nota, af því að lán sjóðsins eru svo lág, að þau koma fáum að gagni. Með breytingu þeirri, sem ráðgerð er í 5. gr. þessa frv., breytist þetta allverulega, og má þá búast við aukinni eftirspurn eftir lánum. Til þess að mæta henni, er lagt til, að vaxtabréfaútgáfan megi nema allt að þreföldum höfuðstól sjóðsins.

Ábyrgð ríkisins ætti ekki að verða hættuleg þrátt fyrir þessa hækkun, þar sem fjórði hluti útlánanna er jafnan eigið fé sjóðsins.

Um 3. gr.

Ef sjóðurinn verður efldur svo sem hér er ráðgert, verður að telja ákvæði það, sem hér er fellt niður, óþarft, enda naumast viðeigandi í lögum sjálfstæðrar lánsstofnunar. Sjóðnum er ætlað að veita iðnaðinum hagkvæmari lán en hann á aðgang að annars staðar, og hafi sjóðurinn yfir nægu fé að ráða, er ekki ástæða til þess að meina mönnum að breyta óhagstæðum lánum í hagstæðari.

Um 4. gr.

Ekki verulegar breytingar, aðeins einfaldara form.

Um 5. gr.

Í lögum sjóðsins er ákvæði um, að einstakt lán megi ekki vera hærra en 1/5 nettótekna hans. Hefur því ekki verið unnt að veita hærri lán en 15000 kr., en eins og verðlagi er nú háttað, má telja, að sú lánsupphæð komi fáum að gagni.

Rétt þykir að breyta þessu ákvæði þannig, að lána megi mest í einn stað 1/5 af handbæru fé sjóðsins undanfarið ár.

Um 6. gr.

Eðlilegast er, að ráðherra ákveði útlánsvexti sjóðsins, og verður það að sjálfsögðu gert með hliðsjón af vöxtum þeim, sem sjóðurinn þarf á hverjum tíma að greiða af vaxtabréfum sínum. Að þessu lýtur breyting sú, sem greinin fjallar um.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Það kemur sér afar illa, að sjóðnum skuli bannað að lána nýjum fyrirtækjum. Oftast er lánaþörfin mest í byrjun, og verður að telja það mikið vantraust á þá,

sem ráða lánveitingunum, að treysta þeim ekki til þess að gera sér grein fyrir, hvað sé heilbrigður rekstur. Ákvæðið mun og vera a. m. k. mjög sjaldgæft í lögum lánsstofnana. Er því lagt til, að það sé fellt niður.

Nd. 677. Frumvarp til laga

um mótorvélar í fiskiskip og varahlutabirgðir.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Lög þessi taka til allra fiskiskipa og báta, stórra og smárra, sem sigla undir íslenzkum fána og merkt eru sem fiskiskip.

2. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins, selja eða smíða innanlands mótorvélar til notkunar í fiskiskip, nema þær uppfylli þau skilyrði, sem atvinnumálaráðherra setur um gerð og smíði vélanna og annað, er lýtur að sölu þeirra. Sama gildir um mótorvélar í fiskiskip, sem keypt eru til landsins, ný eða notuð, eða settar eru í íslenzk fiskiskip erlendis.

3. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem flytur inn eða selur mótorvélar í fiskiskip, að hafa ávallt fyrirliggjandi í landinu nægar birgðir af varahlutum í þær vélar, er hann flytur inn eða selur eftir gildistöku laga þessara.

4. gr.

Í reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur, skal ákveða, hverjar gerðir mótorvéla sé heimilt að nota í fiskiskip, svo og um magn og tegundir varahlutabirgða og annað, er lýtur að framkvæmd þessara laga. Reglugerðin skal samin eftir tillögum Fiskifélags Íslands og skipaskoðunar ríkisins.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 20000 kr., og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá því fyrst er tekið var að nota mótorvélar í fiskiskip hér á landi, hefur það verið eitt af meginvandamálum vélskipaútgerðarinnar, hvernig unnt væri að fá heppilegar vélar í skipin.

Innanlands hafa engar mótorvélar verið framleiddar, og hefur því orðið að flytja allar slíkar vélar inn frá öðrum löndum.

Hefur þetta óhjákvæmilega valdið því, að val á vélunum hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið og eigi ávallt tekizt svo vel sem skyldi.

Þetta hefur aftur leitt til þess, að fjöldi vélategunda hefur orðið óeðlilega mikill. Hafa skapazt af því oft og löngum hin mestu vandræði, með því að mjög hefur skort á, að nægar birgðir varahluta væru ávallt fyrirliggjandi í allan þann fjölda vélategunda, sem í notkun hafa verið á hverjum tíma.

Í lok síðasta árs mun tala vélategundanna í þiljuðum fiskibátum einum saman hafa verið 54, en ef teknir væru með allir opnir bátar, mundi talan hækka verulega, en um það eru ekki til tæmandi upplýsingar. Er öllum þeim, sem þessi mál þekkja,

kunnugt um, hversu mikil vandræði geta hlotizt af því og fjárhagslegt tjón, er vélar bila og engir varahlutir eru til í landinu. Er óþarfi að fara nánar inn á það hér.

Það, sem þarf að tryggja, er í fyrsta lagi, að einungis hinar hentugustu vélar séu keyptar til landsins til notkunar í fiskiskip; í öðru lagi, að fjöldi vélategundanna sé takmarkaður sem mest má verða og í þriðja lagi, að nægar varahlutabirgðir séu ávallt fyrirliggjandi í landinu fyrir þær tegundir véla, sem í notkun eru á hverjum tíma. Er hér um að ræða stórkostlegt fjárhags- og öryggismál fyrir alla vélskipaútgerðina.

Fyrirkomulag það, sem verið hefur á þessum málum fram til þessa, hefur ekki getað tryggt það þrennt, sem hér hefur verið nefnt, og ber því nauðsyn til, að gerðar verði einhverjar þær ráðstafanir, er að haldi megi koma.

Á fiskiþingi 1944 var þetta mál m. a. rætt og samþykkt tillaga í þá átt að fela stjórn Fiskifélagsins í samráði við vélfræðiráðunaut félagsins að gera tillögur til lausnar þessu máli. Það, er hér liggur fyrir, er árangur af athugunum þessara aðila.

Er það álit vélfræðiráðunauts félagsins, að með því að setja reglur um skilyrði þau, er mótorvélar verða að uppfylla svo að heimilt sé að nota þær í fiskibáta, svo og um varahlutabirgðir, mundi það þegar leiða til mikillar fækkunar á vélategundum þeim, sem notaðar yrðu í fiskibáta, og auk þess mætti þannig tryggja það, að einungis hinar beztu og hentugustu vélar yrðu notaðar.

Stjórn Fiskifélags Íslands sendi atvinnumálaráðherra frv. þetta með bréfi, dags. 9. nóvember 1944, þar sem þess var óskað, að ráðherrann tæki málið til athugunar og kæmi því á framfæri við Alþingi. Af þessu hefur ekki orðið. Með bréfi, dags. 16. febr. s. l., sendi stjórn félagsins frv. þetta til sjávarútvegsnefndar neðri deildar með tilmælum um, að nefndin flytti frv. Af því hefur ekki heldur orðið. Þar sem óðum líður á þingtímann, en málið hins vegar vissulega þess vert, að því sé gaumur gefinn, hef ég tekið að mér flutning þess.

Sþ. 678. Tillaga til þingsályktunar

um réttindi Íslendinga á Grænlandi.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar gangskör að því, að viðurkenndur verði réttur Íslendinga til atvinnurekstrar á Grænlandi og við strendur þess.

Greinargerð.

Það má allt til síðustu ára virða Íslendingum það til vorkunnar, þótt þeir hafi ekki gert gangskör að því að krefjast óskoraðs réttar til atvinnurekstrar á Grænlandi og við strendur þess. Stöðu Íslands var svo háttað til ársins 1918, að vér höfum fyrst þurft að leita réttar sjálfra vor og fullra yfirráða í landi voru. Viðurkenning sú, sem Íslendingar fengu fyrir fullveldi sínu 1918, gerði oss í þessu efni hægra um vik til að ná nokkru færi á að leita annars réttar vors, er oss var áður með öllu fyrirmunað og í salti hefur legið um ár og aldir. Eftir lýðveldisstofnunina 1944 höfum vér að fullu öðlazt aðstöðu til þess að krefjast hér réttar vors og fá úr málinu skorið að alþjóðalögum, ef lyktir á því takast ekki með öðrum hætti. Þegar svo er komið, er það Íslendingum engan veginn vansalaust að láta aðra þjóð þegjandi og átölulaust sitja yfir rétti vorum til hagnýtingar á auðlindum Grænlands á landi og í sjó.

Engan veginn er því þannig varið, að eigi hafi áður verið um það uppi raddir á Íslandi, að Íslendingar ættu ríkan rétt til atvinnurekstrar á Grænlandi og yfirráða þar. Skáldið og hugsjónamaðurinn Einar Benediktsson ritaði fjölda þróttmik-

illa og rökfastra blaðagreina um rétt vorn á Grænlandi. Á síðustu árum hefur kunnur mennta- og fræðimaður, Jón Dúason, dr. phil., varið til þess drjúgum hluta af ævistarfi sínu að viða að heimildum, sem hann hefur notað sem efnivið í merkar bækur um þetta mál, þar sem réttur vor til Grænlands, þessarar fornu íslenzku nýlendu, er studdur sterkum rökum. Hefur Alþingi viðurkennt þetta merka starf Jóns Dúasonar með því að veita nú um nokkurt árabil fé úr ríkissjóði á fjárlögum til útgáfu þessara rita.

Í fornritum vorum og samtímaritum annarra Norðurlandaþjóða fyrirfinnst fjöldamargt, sem skýtur sterkum stoðum undir réttarkröfu vora til Grænlands.

Grænland liggur næst Íslandi allra Norðurálfulanda. Þá leikur það eigi á tveim tungum, að Grænland fannst og byggðist frá Íslandi af íslenzkum þegnum eingöngu. Íslenzk nýlenda stóð þar um 500 ár. Þótt torsótt væri löngum sigling milli Grænlands og Íslands í þann tíma, var óslitið viðskiptasamband milli landanna um langan aldur. Þingið í Görðum í Einarsfirði samsvaraði að sumu leyti vorþingum hér á landi, og á Grænlandi gengu íslenzk lög. Þessu til sönnunar eru ýmsir staðir í Grágás, þar sem ákvæði eru um þá menn, sem eru „hér í landi eða í órum löndum". „Ef maðr verðr sekr á Grænlandi ok er hverr þeira manna sekr hér, er þar er sekr. En svá skal hér sækja um björg ens sekja manns, er út þar varð sekr fullri sekd, sem hann yrði hér sekr á várþingi, þar til sagt er til sekdar hans á alþingi" o. s. frv.

Grænland hefur verið talin nýlenda Íslands að fornu og er almennt nefnt svo í ritum útlendum sem innlendum fram á síðustu tíma. Nú er það alkunnugt, að nýlendusamband getur verið með mismunandi hætti, og þótt það geti lauslegt talizt, getur það eigi að síður verið traust og haldgott. Má vísa til skilnings mestu nýlenduþjóðar heims, Englendinga, í þeim efnum.

Bókmenntir Íslendinga bera þess ljós vitni, hversu þeir töldu landið nákomið sér. Ari Þorgilsson hinn fróði ritar heilan kapítula um fund og bygging Grænlands í hið örstutta ágrip Íslandssögu, Íslendingabók, sem alls eru 10 kapítular. Eins telja Landnámabækur Íslands ágrip landnáma í Grænlandi. Íslendingar færðu og í letur sögu Eiríks rauða og aðra merka atburði í byggðum Grænlands á þeim tíma, rituðu fornsagnir um siglingaleið þangað, kirknaskrá, bæjatölu o. s. frv. Segja má að vísu, að í þessu felist ekki sönnun um stjórnskipulegt samband landanna, en það sýnir ótvírætt, hvað Íslendingar töldu sér landið nákomið og sögu þess hluta af sögu síns heimalands. Annálar segja, að Grænlendingar hafi gengið á hönd Hákoni gamla Noregskonungi 1261. Hafa sumir talið það vitni um fullveldi Grænlands, en þetta sannar ekkert um stjórnarlegt fullveldi þess. Goðorðin íslenzku komu sama konungi í hendur á ýmsum árum þessa tímabils, en á þeim árum er „gamli sáttmáli" var ger, hafðist hér við Ólafur Grænlendingabiskup (1262—64) og kom hingað utan af Grænlandi. Það verða engin rök fundin gegn því, að Grænland hafi verið nýlenda frá Íslandi á þessu tímabili.

Þeir atburðir, sem gerast í sögu Grænlands á næstu öldum, eru engan veginn þess eðlis, að þeir rýri eða geri að engu hinn forna rétt Íslands til þessarar nýlendu. Nýlendan týndist og eyddist fyrir samningsrof konunga, siglingabann þeirra til annarra manna og fullkomið skilningsleysi af sjálfra þeirra hálfu. Hver vill halda því fram, að þessar ráðstafanir konunganna hafi svipt Ísland fornum rétti sínum til Grænlands?

Eða mundi stjórn Dana á Grænlandi og allar aðgerðir þar á síðari tímum, lokun landsins, verzlunareinokun og aðrar hliðstæðar leifar frá einveldistímanum, sem alls staðar annars staðar á norðurhveli jarðar hafa fyrir löngu verið brotnar á bak aftur og kveðnar niður, hafa frekar en hið fyrrnefnda svipt Ísland rétti til þessarar fornu nýlendu sinnar? Ég hygg, að það beri hiklaust að svara þeirri spurningu neitandi.

Þessi stjórnartilhögun Dana á Grænlandi á enga stoð í siðgæðishugsjón menningarþjóða og kemur ekki heim við alþjóðarétt. Um það geta tæplega verið skiptar skoðanir.

Undir röklegan rétt Íslands til Grænlands hníga styrkar stoðir, bæði sögulega, réttarfarslega og landfræðilega. Því verður ekki í móti mælt. Það orkar ekki tvímælis, að það getur skipt miklu máli fyrir framtíð Íslendinga, að þeir fái viðurkenndan rétt sinn til Grænlands.

Enginn vafi er á því, að veiðiskapur er mikill við Grænland. Fiskveiðaþjóðum, sem leitað hafa á Grænlandsmið, ber saman um, að fiskgengd sé þar ærin og meiri á stundum en þeir hafa annars staðar kynnzt. Nýjustu rannsóknir fiskifræðinga í norðurhöfum hafa leitt í ljós með merkingu fiska og á annan hátt, að sami fiskstofninn sé við Grænlandsstrendur og strendur Íslands og að miklar og tíðar fiskgöngur séu á milli landanna. Enn fremur leiða fiskifræðingar rök að því, að aðalklakstöðvar þess nytjafisks, sem veiðist við strendur beggja landanna, séu við strendur Íslands. Fiskigrunnið við strendur Íslands er samkvæmt þessu uppeldisstöð og fóstra þess fiskstofns, sem gengur í þéttum torfum upp að Grænlandsströndum. Fiskiflota Íslands mundi bíða mikið verkefni á Grænlandsmiðum að sumarlagi.

Nokkuð leikur á tveim tungum um aðra landkosti á Grænlandi. Þó er það alkunnugt nú orðið, að þar eru málmar í jörðu og námugröftur þar nokkur rekinn. Kol eru þar á sumum stöðum. Landbúnaður var þar allmikill meðan Íslendingar byggðu landið. Útigangur var mikill og góður, Hefur þróazt þar ágætlega fé það, sem þangað var flutt frá Íslandi fyrir nokkrum árum og lifað hefur að miklu leyti á útigangi. Þá er þar og loðdýraveiði mikil og gagnsamleg. Gnægð er þar sela og rostunga á ísnum við strendur landsins. Hreindýr og sauðnaut þrífast þar vel.

Á Grænlandi eru margháttuð framtíðarskilyrði fyrir hrausta og harðfenga menn.

Eins og fyrr greinir, má engan veginn slá því lengur á frest, að Íslendingar krefjist réttar síns á Grænlandi, hinni fornu nýlendu vorri, og láti þar til skarar skríða. Rétturinn er vor, hvort sem litið er á fornstöðu eða nýstöðu landsins í sambandi við ríkjandi réttarhugmyndir nútímans.

Ed. 679. Breytingartillögur

við frv. til laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

1. Við 3. gr.
   a. 1. töluliður orðist svo:
      Sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., leggja árlega í sjóðinn upphæð, sem nemur 4 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins samkv. manntali næsta ár á undan.
   b. 2. töluliður orðist svo:
      Ríkissjóður greiðir árlega upphæð í byggingarsjóð, sem nemur tvöföldu framlagi sveitarsjóðanna.
2. Við 4. gr. Við 1. málsgr. bætist: Í Reykjavík mega þó vera tvö byggingarfélög verkamanna, og skulu félög þau, sem nú starfa þar, öðlast viðurkenningu og njóta réttinda samkv. lögum þessum.
3. Við 6. gr. 1. töluliður orðist svo:
   Að stjórn byggingarfélags sé skipuð 5 mönnum, sem kosnir séu hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. töluliðar þessarar greinar. Stjórnin skipti sjálf með sér verkum.
4. Við 16. gr. C-liður orðist svo:
   Með lántöku félagsins til lánastarfsemi sinnar.

Til fyrirgreiðslu slíkum lánum handa byggingarsamvinnufélögum skal:

1. heimila veðdeild Landsbanka Íslands að lána byggingarsamvinnufélögum, sem fullnægja skilyrðum þessara laga, allt að 50% af byggingarkostnaði gegn 1. veðrétti, og gefi veðdeildin út nýjan flokk bankavaxtabréfa, allt að 100 millj. kr. í þessum tilgangi.
2. stofna sjóð byggingarsamvinnufélaga, er sé heimilt að veita lán gegn 2. veðrétti.

Nú geta veðdeild Landsbankans skv. 1. lið og sjóður byggingarsamvinnufélaga skv. 2. lið ekki fullnægt eðlilegri eftirspurn eftir lánum þessum að dómi nýbyggingarráðs, og er þá fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán fyrir byggingarsamvinnufélög, og mega þau nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, er félögin reisa fyrir þau lán. Skal gefa út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Lán þessi skulu tryggð með 1. veðrétti í húsum og lóðaréttindum.

5. Á eftir 16. gr. komi 6 nýjar greinar, sem verði 17.—22. gr., svo hljóðandi:
   a. (17. gr.). Stofna skal sjóð til þess að veita byggingarsamvinnufélögum í kaupstöðum og kauptúnum hagkvæm lán til íbúðarhúsabygginga. Sjóðurinn skal vera undir stjórn nýbyggingarráðs.
   b. (18. gr.). Ríkissjóður leggur sjóði byggingarsamvinnufélaga stofnfé, er nemi 15 millj. kr., og skal ríkisstjórninni heimilt að taka lán innanlands í því skyni. Ef þetta stofngjald hrekkur ekki fyrir þeim lánum, sem sjóðsstjórnin telur nauðsynleg, er sjóðnum heimilt að gefa út handhafavaxtabréf allt að þreföldum stofnsjóði sínum. Bréfin skulu tryggð með stofnfé sjóðsins og með ábyrgð ríkissjóðs. Í reglugerð, sem sjóðsstjórnin semur og félagsmálaráðherra staðfestir, skal ákveða, hve háa vexti skuli greiða af bréfunum.
   c. (19. gr.). Lán þau, er sjóður byggingarsamvinnufélaga veitir félögunum, skulu tryggð með öðrum veðrétti í húsum, lóðum og lóðaréttindum. Hlutaðeigandi kaupstaður og kauptún stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarsamvinnufélögum. Um öll lán, er sjóðurinn veitir, gildir, að samanlagður 1. og 2. veðréttur nemi aldrei meira en 80% af kostnaðarverði húsanna. Lánin skulu veitt til allt að 35 ára til vel gerðra steinhúsa, en 25 ára til góðra timburhúsa, og skulu vextir af þeim vera 2%.
   d. (20. gr.). Kostnaðurinn við starfsemi byggingarsjóðs greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem vextir af stofnfé hrökkva ekki til.
   e. (21. gr.). Sjóður byggingarsamvinnufélaga er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Sjóðurinn á rétt til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálfan sig.
   f. (22. gr.). Sjóðsstjórnin ákveður með reglugerð, sem félagsmálaráðherra staðfestir, nánar um starfsemi sjóðsins.
6. Í stað IV. kafla komi eftirfarandi

IV. KAFLI

Um Byggingarstofnun ríkisins.

   a. (40. gr.). Setja skal á fót stofnun, er nefnist Byggingarstofnun ríkisins. Skal hún hafa með höndum þau hlutverk, er um getur í lögum þessum.
   b. (41. gr.). Byggingarstofnun ríkisins skal starfrækja teiknistofu, er taki að sér að gera fullnaðaruppdrætti að íbúðabyggingum byggingarfélaga, byggingarsamvinnufélaga, bæjar- og sveitarfélaga og einstaklinga.
   c. (42. gr.). Lán úr byggingarsjóði samkvæmt I. kafla þessara laga, ríkisábyrgð fyrir lánum til byggingarsamvinnufélaga samkv. II. kafla og opinber aðstoð til íbúðabygginga sveitarfélaga samkvæmt III. kafla skal því aðeins veitt, að Byggingarstofnun ríkisins hafi samþykkt uppdrætti að byggingunum.

Skal Byggingarstofnuninni skylt að hafa strangt eftirlit með því, að fyrirmælum uppdráttanna sé fylgt, er til framkvæmda kemur.

d. (43. gr.). Byggingarstofnun ríkisins skal kynna sér svo sem kostur er á tæknilegar nýjungar á sviði húsagerðar og húsaskipunar utanlands og innan og gera tilraunir um gildi þeirra við íslenzka staðhætti.

e. (44. gr.). Byggingarstofnun ríkisins skal veita hvers konar leiðbeiningar um byggingaraðferðir, efnisval, byggingarkostnað og annað, er við kemur húsagerð. Skal Byggingarstofnunin einnig beita sér fyrir fræðslustarfsemi í þeim efnum, er við kemur byggingarmálum, með útgáfu bæklinga um þau efni eða með öðrum hætti, er henta þykir. Um þessi efni og þau, er 43. gr. fjallar um, skal Byggingarstofnunin hafa nána samvinnu við Atvinnudeild Háskóla Íslands.

f. (45. gr.). Byggingarstofnun ríkisins skal, eftir því sem unnt er, taka að sér byggingar íbúðarhúsa fyrir byggingarfélög, byggingarsamvinnufélög, bæjar- og sveitarfélög, sem veitt hefur verið lán eða ríkisábyrgð samkvæmt lögum þessum. Ef ástæður leyfa, skal Byggingarstofnuninni einnig heimilt að taka að sér aðrar byggingar fyrir ríki, bæjar- og sveitarfélög, félög og einstaklinga.

g. (46. gr.). Byggingarframkvæmdir þær, er Byggingarstofnunin tekur að sér, skal hlutaðeigandi aðili greiða við kostnaðarverði. Uppdrætti, eftirlit og ráðleggingar samkvæmt 42. og 44. gr. skal Byggingarstofnunin inna af hendi endurgjaldslaust. Fyrir aðra uppdrætti en um getur í 42. gr. skal greiða við verði, sem nánar skal tiltekið í reglugerð, en liggi sem næst kostnaðarverði. Allan kostnað af byggingarstofnuninni, sem umfram er það, sem greitt er fyrir samkvæmt þessari grein, greiðir ríkissjóður.

h. (47. gr.). Meðan skortur er vinnuafls eða nægilegt byggingarefni fæst ekki flutt til landsins til þess að fullnægja byggingarframkvæmdum þeim, sem árlega eru fyrirhugaðar í landinu, getur ríkisstjórnin falið nýbyggingarráði og Byggingarstofnun ríkisins að annast úthlutun innflutningsleyfa á byggingarefni og veitt þessum aðilum heimild til að ákveða, til hvaða bygginga því skuli varið, svo sem nánar er fyrirmælt í lögum þessum.

i. (48. gr.). Nýbyggingarráð skal fyrir hver áramót afla sér glöggra upplýsinga um það, hvaða byggingarframkvæmdir aðrar en íbúðabyggingar eru fyrirhugaðar í landinu á næsta ári. Á sama hátt skal Byggingarstofnun ríkisins afla sér upplýsinga um fyrirhugaðar íbúðabyggingar. Ber öllum þeim, sem til bygginga ætla að stofna á því ári, að láta þessum aðilum, eftir því hvort um íbúðabyggingar eða aðrar byggingar er að ræða, í té upplýsingar um væntanlega byggingarefnisþörf sína og enn fremur um stærð bygginganna og til hvers þær eru ætlaðar. Þeim, sem vanrækja að láta slíkar áætlanir í té, skal ekki ætla nein innflutningsleyfi á byggingarefni.

j. (49. gr.). Nú þykir sýnt, að ekki fáist innflutt nægilegt byggingarefni til allra þeirra byggingarframkvæmda, sem fyrirhugaðar eru í landinu á næsta ári, eða ekki þýðir að veita slíkt leyfi, vegna þess að vinnuafl muni skorta til byggingarframkvæmdanna, og getur þá ríkisstjórnin ákveðið að fengnum tillögum nýbyggingarráðs og Byggingarstofnunar ríkisins, að stöðva skuli stórbyggingar, sem hvorki eru ætlaðar í þágu framleiðslunnar né til íbúðar, og því byggingarefni, sem til slíkra bygginga hafði verið áætlað, skuli varið til íbúðabygginga.

Þá er ríkisstjórninni einnig heimilt að fengnum tillögum nýbyggingarráðs og Byggingarstofnunar ríkisins að banna um eins árs skeið í senn byggingar íbúða, sem séu stærri en 400 teningsmetrar.

k. (50. gr.). Að fengnum þeim upplýsingum, sem um getur í 48. gr., ákveður nýbyggingarráð, hve miklum hluta af því byggingarefni, sem áætlað er, að flutt verði til landsins á komandi ári, skuli verja til íbúðabygginga og hve

miklu til annarra bygginga. Skiptingu á byggingarefni milli íbúðabygginga af ýmsu tagi og til ýmissa aðila ákveður Byggingastofnun ríkisins eftir reglum, sem hún semur, en félagsmálaráðherra staðfestir. Sú takmörkun á innflutningi og notkun byggingarefnis, sem hér að framan er nefnd, nær þó ekki til byggingarefnis í þær íbúðir, sem sveitarstjórnir reisa samkvæmt ákvæðum III. kafla laga þessara, meðan útrýming hinna heilsuspillandi íbúða stendur yfir.

l. (51. gr.). Heimilt er Byggingarstofnun ríkisins að taka að sér efnisútvegun og efniskaup til þeirra bygginga, er hún sér um framkvæmdir á, eða til annarra byggingarframkvæmda byggingarfélaga, byggingarsamvinnufélaga, ríkis og ríkisstofnana, bæjar- og sveitarfélaga og einstaklinga.

m. (52. gr.). Nú kemst sveitarfélag, sem lán hefur fengið til húsbygginga samkvæmt III. kafla laga þessara, í greiðsluþrot eða er sett undir eftirlit samkvæmt lögum um eftirlit með sveitarfélögum eða það vanrækir um tveggja ára tíma skuldbindingar sínar vegna byggingarlána gagnvart ríkissjóði, er Byggingarstofnun ríkisins skylt að taka til bráðabirgða í sínar hendur framkvæmd alla og sjórn á húseignum þess sveitarfélags, sem í hlut á og reistar hafa verið samkvæmt III. kafla laga þessara. Byggingarstofnunin getur falið trúnaðarmanni sínum þar á staðnum að annast þetta. Skal þá húseignunum ráðstafað á þann hátt, sem Byggingarstofnuninni þykir bezt henta og ríkissjóður bíður minnst tjón af, að þar til fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

n. (53. gr.). Mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skulu rekin að hætti opinberra mála.

o. (54. gr.). Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

p. (55. gr.). Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 3 frá 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, lög nr. 71 frá 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur þau lagaákvæði, sem fara í bág við lög þessi.

q. (56. gr.). Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Ed. 680. Frumvarp til laga

um fræðslu barna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Hlutverk barnaskóla.

1. gr.

Barnaskólar skulu leitast við að haga störfum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda sinna, hjálpa þeim að öðlast heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur, vera á verði um líkamshreysti þeirra og veita þeim tilsögn í lögskipuðum námsgreinum, hverjum eftir sínum þroska.

II. KAFLI
Skólaskylda.

2. gr.

Skylt er að halda barnaskóla í öllum skólahverfum landsins fyrir börn á aldrinum 7—13 ára, sbr. þó 3. gr., og er öllum börnum á þessum aldri skylt að sækja skóla, nema undanþága hafi verið veitt samkv. 3. og 5. gr.

Þegar tilgreindur er aldur barna í lögum þessum, miðast hann ávallt við það almanaksár, er þau ná nefndum aldri.

3. gr.

Nú sækir skólanefnd í skólahverfi í sveit um, að skólaskylda hefjist ekki í skólahverfi hennar fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur, og getur fræðsluráð þá veitt undanþágu að fengnum meðmælum námsstjóra.

Þar, sem þessi ráðstöfun hefur verið gerð, skulu heimilin annast og kosta fræðsluna frá sjö ára aldri barnanna, unz skólaskylda hefst í hverfinu, en hlíta um hana eftirliti kennara skólahverfisins.

Nú er vanrækt fræðsla yngri barna í skólahverfi, þar sem undanþága hefur verið veitt, og eigi um bætt þrátt fyrir áminningu fræðslumálastjórnar, og nemur hún þá undanþáguna úr gildi.

4. gr.

Heimilisfaðir skólaskylds barns ber ábyrgð á, að það hljóti lögmælta fræðslu og sæki lögskipuð próf.

5. gr.

Undanþegin frá að sækja almenna barnaskóla eru:

a. börn, sem sækja viðurkennda einkaskóla;
b. börn, sem hafa fengið leyfi skólanefndar og skólastjóra til að stunda nám utan skólans, en skylt er þeim að koma til viðtals eða prófs í skólann, þegar skólastjóri óskar þess;
c. börn, sem að dómi hlutaðeigandi kennara, skólastjóra og skólalæknis skortir hæfileika til þess að stunda nám í almennum barnaskóla;
d. börn, sem að dómi sömu aðila spilla góðri reglu í skólanum og eru miður heppilegt fordæmi öðrum börnum;
e. börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt barnaskólanám.

6. gr.

Þeim börnum, sem um getur í c-, d- og e-liðum 5. gr., skal séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi.

Heimilt er fræðslumálastjórn að ákveða þessum börnum námstíma einu eða tveimur árum lengri en öðrum börnum.

7. gr.

Nú kemur barn að ástæðulausu ekki til innritunar, þegar því er skylt, og skal þá skólanefnd áminna forráðamann þess, svo fljótt sem auðið er. Láti hann eigi skipast við þá áminningu, varðar það dagsektum, er nemi 5—10 kr. á dag eftir úrskurði valdsmanns (í Reykjavík sakadómara), talið frá þeim degi, er áminningin var gerð.

Nú vanrækir barn, sem innritað er í skóla, skólasókn til muna, þrátt fyrir umvöndun skólastjóra bæði við það og forráðamann þess, og skal þá skólanefnd áminna forráðamann barnsins. Leggist vanrækslan eigi af að heldur, varðar hún dagsektum, er nemi 5—10 kr. eftir úrskurði valdsmanns fyrir hvern vanræksludag, talið frá áminningu skólanefndar.

Ef heimilið á sannanlega sök á vanrækslunni, má barnaverndarnefnd taka barnið af heimilinu og ráðstafa því utan þess, en sannist það, að heimilið fái eigi ráðið við vanrækslunna, er henni skylt að vista barnið í stofnun eða á öðru heimili, er nefndin ber traust til.

III. KAFLI
Skólaskipan og skólahúsnæði.

8. gr.

Hver sýsla og hver kaupstaður er fræðsluhérað. Þó skal sameina tvær sýslur í eitt fræðsluhérað svo og hrepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarrar sýslu, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi fræðsluráð samþykkja. Hvert fræðsluhérað er eitt eða fleiri skólahverfi, og er einn barnaskóli í hverju skólahverfi.

9. gr.

Fræðslumálastjórn mælir fyrir um, hvernig fræðsluhéraði skuli skipt í skólahverfi, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð skiptinguna. Fræðsluráði er skylt að leita álits hlutaðeigandi skólanefnda um skiptingu fræðsluhéraðs í skólahverfi.

10. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahús á hentugum stað, og fullnægi það þörfum fyrir barnaskólahald í hverfinu. Fræðslumálastjórn setur reglur um lágmarkskröfur til skólahúsnæðis.

11. gr.

Heimangönguskólar skulu vera þar, sem staðhættir leyfa, en þar, sem heimangöngu verður ekki við komið sökum mikilla vegalengda, skal reisa heimavistarskóla og keppa að því, að skólahverfi þeirra verði svo fjölmenn, að fullkomið starf verði við þá fyrir tvo fasta kennara eða fleiri.

12. gr.

Öll skólahús skulu gerð samkvæmt uppdrætti, er fræðslumálastjórn samþykkir. Enn fremur verður samþykki hennar að koma til um skólastað og skólalóð.

13. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að helmingi stofnkostnaðar heimangönguskóla, en þrjá fjórðu hluta stofnkostnaðar heimavistarskóla. Hlutaðeigandi sveitarfélög greiða hinn hlutann. Séu tveir eða fleiri hreppar eða hluti úr hreppi um sama skóla, greiða þeir stofnkostnaðinn í hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali fimm síðustu ára. Ríkisstyrkurinn er bundinn því skilyrði, að skólalóðin sé eign skólahverfisins eða afnotarétturinn tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi.

Hverju skólahúsi skal fylgja íbúð fyrir skólastjóra, 3 herbergi og eldhús að minnsta kosti. Heimavistarskólum skal einnig fylgja íbúð eða íbúðir fyrir kennara. Íbúðir skólastjóra og kennara teljast með í stofnkostnaði skóla svo og nauðsynlegustu skólahúsgögn.

Í skólahverfum, þar sem svo hagar til, að börn geti ekki sótt heimangönguskóla, nema þeim sé ekið til og frá skólastað, er heimilt að greiða styrk til kaupa á skólabíl, er nemi allt að þremur fjórðu hlutum kostnaðarverðs.

14. gr.

Viðhald skólahúsa og skólahúsgagna er sveitarfélögum skylt að annast samkvæmt reglum, er fræðslumálastjórn setur. Umráð skólahúsnæðis eru í höndum sveitarstjórna, en eigi er heimilt að leyfa notkun skólahúsnæðis, nema samþykki skólanefndar komi til. Umráð húsgagna og annarra muna í þágu skólastarfsins eru í höndum skólastjóra, en eigi má hann ráðstafa þeim til notkunar utan skólans, nema samþykki skólanefndar og sveitarstjórnar komi til.

IV. KAFLI
Kennarar.

15. gr.

Fastir kennarar við barnaskóla eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum.

16. gr.

Engan má setja eða skipa kennara við barnaskóla, nema hann hafi lokið viðurkenndu kennaraprófi, sé eigi haldinn næmum sjúkdómi og hafi óflekkað mannorð.

Skólastjórar og kennarar heimavistarskóla skulu ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslutíma í heimavistarskóla.

17. gr.

Kennara er skylt að kenna að jafnaði 36 kennslustundir á viku, en á því skólaári, sem kennari verður 55 ára, má fræðslumálastjórn fækka skyldustundum hans um 6 á viku og um aðrar 6, er hann verður sextugur.

Kennslustundafjöldi skólastjóra skal ákveðinn í erindisbréfi. Eigi verður skólastjóri leystur frá þeirri kennsluskyldu, nema samþykki fræðslumálastjórnar komi til.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætið átt við 40 mín. kennslustund.

18. gr.

Kennari, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við barnaskóla, skal gegna því samkvæmt erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

19. gr.

Geti kennari ekki stundað starf sitt við skóla sakir veikinda, skal greiða forfallavinnu fyrir hann samkv. reglum, er fræðslumálastjórn setur.

20. gr.

Skólastjóri fer í skóla sínum með umboð fræðslumálastjórnar og skólanefndar gagnvart kennurum skólans, nemendum og forráðamönnum þeirra.

Hann stjórnar öllu starfi skólans eftir gildandi lögum og reglum og ber ábyrgð á því gagnvart fræðslumálastjórn og skólanefnd.

Skólastjóri á sæti á fundum skólanefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar.

21. gr.

Ef sveitarstjórn óskar, getur hún skipað einn af kennurum skóla sem yfirkennara. Skal hann vera skólastjóra til aðstoðar í starfi hans. Allan kostnað við skipun yfirkennara skal greiða úr sveitarsjóði.

22. gr.

Í skóla með 20 kennurum eða fleiri getur skólastjóri í samráði við skólanefnd ákveðið, að skyldustundir kennara skuli vera færri en 36 á viku gegn öðru starfi í þágu skólans.

23. gr.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að 40 börn komi á hvern kennara, sem kennir fulla kennslu í 9 mánuði, en 5 börnum færra fyrir hvern mánuð, er hann kennir skemur. Eftir reglum, er fræðslumálastjórn setur, skal þó ætla nokkru færri börn á kennara í skólum með færri en 150 nemendum. Sérkennurum í sundi og handavinnu skal ætla sem næst helmingi færri börn en öðrum kennurum.

Nú eru fastir kennarar við skóla færri en barnafjöldinn segir til um, en barnafjöldinn þó minni en svo, að skólinn eigi kröfu á kennara til viðbótar, og má þá

greiða styrk vegna stundakennslu í hlutfalli við þann barnafjölda, sem umfram er. — Ef nefnd umframtala nær helmingi þess barnafjölda, sem föstum kennurum er ætluð, er fræðslumálastjórn heimilt að setja fastan kennara.

V. KAFLI
Fræðsluráð og skólanefndir.

24. gr.

Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðsluráð skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu 4 þeirra kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd. Séu 2 sýslur í fræðsluhéraði, kýs hvor sýslunefnd tvo fræðsluráðsmenn. Í kaupstöðum á borgarstjóri eða bæjarstjóri sæti í fræðsluráði og er formaður þess. Utan kaupstaða er oddviti sýslunefndar formaður fræðsluráðs. Hlutverk fræðsluráðs er að hafa á hendi stjórn sameiginlegra skólamála fræðsluhéraðsins. Fræðslumálastjórn setur fræðsluráði erindisbréf.

25. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd, skipuð þremur mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir af nýkosinni sveitarstjórn, en fræðslumálastjórn skipar einn, og skal hann vera formaður. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef krafa kemur fram um það. Ef tveir eða fleiri hreppar eru í skólahverfi, setur fræðslumálastjórn reglur um kosningu skólanefndar, sem má þá vera skipuð 5 mönnum. Varamenn skulu kosnir samtímis aðalmönnum. Kjörtímabil skólanefnda og fræðsluráða skal vera hið sama og sveitarstjórna, og um kjörgengi skulu sömu reglur gilda.

Í kaupstöðum er heimilt að fela fræðsluráði störf skólanefndar, ef fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi bæjarstjórn samþykkir.

26. gr.

Formaður kallar skólanefnd til funda, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja nefndina saman, ef einn nefndarmanna eða skólastjóri óskar þess. Skólastjóri skal ávallt boðaður á fundi skólanefndar. Skólanefnd getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn skólanefndarmanna hefur atkvæðisrétt um þau mál, er varða hann sjálfan.

27. gr.

Skólanefnd skal sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún semur samkvæmt fyrirmælum fræðslumálastjórnar skýrslu um þau börn í skólahverfinu, sem sækja ekki hinn almenna barnaskóla.

28. gr.

Þegar kennarastaða losnar í skólahverfinu, skal skólanefnd tafarlaust tilkynna það fræðslumálastjórn, sem auglýsir stöðuna, ef fyrirvari er nægur. Þurfi hins vegar að setja kennara fyrirvaralítið, getur fræðslumálastjórn sett hann í samráði við skólanefnd án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal þá stöðuna á næsta ári.

29. gr.

Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um kennarastöður og skal, er fjöldi umsókna leyfir, tilnefna eigi færri en tvo umsækjendur um hverja stöðu, er hún telur helzt koma til greina. Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en námsstjóra, ef velja á skólastjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur innan skólanefndar eða milli skólanefndar annars vegar og skólastjóra eða námsstjóra hins vegar, getur hver aðili um sig gert tillögur til fræðslumála-

stjórnar. Rökstudd greinargerð skal ávallt fylgja tillögum skólanefndar, skólastjóra og námsstjóra um val manna í kennarastöður.

30. gr.

Skólanefnd skal líta eftir, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um viðhald alls þessa og aukningu eftir þörfum.

31. gr.

Skólanefnd gerir tillögur til sveitarstjórnar um fjárframlög til skólahalds. Skólanefnd annast um samningu skýrslna og reikninga samkvæmt fyrirmælum fræðslumálastjórnar. Erindisbréf fyrir skólanefndir skal gefið út af fræðslumálastjórn.

32. gr.

Kostnaður við störf skólanefnda greiðist úr sveitarsjóði.

33. gr.

Ef fræðslumálastjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur verða ásátt um það, skal í Reykjavík skipa fræðslufulltrúa, sem skal hafa með höndum þau störf, er þessir aðilar semja um að fela honum, þ. á m. framkvæmd á ákvörðunum skólanefnda eftir því sem við getur átt. Kostnaður af starfi fræðslufulltrúa greiðist að hálfu af hvorum, ríkissjóði og bæjarsjóði.

VI. KAFLI

Kennsluskipan og starfstími skóla.

34. gr.

Hver barnaskóli skiptist í tvær deildir, yngri deild og eldri deild. Til yngri deildar teljast skólaskyld börn innan 10 ára aldurs, en til eldri deildar 10 ára börn og eldri.

35. gr.

Í yngri deild skal kenna eftirtaldar námsgreinar: íslenzku, skrift, reikning, átthagafræði, handavinnu, leikfimi og söng.

Í eldri deild skal kenna: íslenzku, skrift, reikning, kristin fræði, Íslandssögu, landafræði, náttúrufræði, teiknun, handavinnu, söng, leikfimi og sund.

Auk þessa er heimilt að kenna eitt erlent mál hinn síðasta vetur eldri deildar þeim börnum, sem bezt eru að sér í móðurmáli. Nánari ákvæði um skiptingu námsefnis og niðurröðun þess skulu sett í námsskrá, er fræðslumálastjórn gefur út.

36. gr.

Í yngri deild skal ætla börnum að jafnaði 21 kennslustund á viku, en í eldri deild 33.

37. gr.

Skólar í kaupstöðum og þorpum með 1000 íbúa eða fleiri skulu starfa sem næst 9 mánuði á ári. Aðrir heimangönguskólar og heimavistarskólar skulu starfa eigi skemur en 7 mánuði á ári, svo fremi að barnafjöldi leyfi það. Nánari ákvæði um starfstíma skóla og skólagöngu barna skal setja í reglugerð hvers skóla.

38. gr.

Í heimavistarskólum og heimangönguskólum í sveitum er heimilt að skipta námstímanum í tvennt milli deilda þannig, að hvert barn fái a. m. k. 3½ mánaða kennslu, enda fylgist kennarinn með heimanámi barnanna þann tíma, sem þau

sækja ekki skólann að vetrinum. Þar sem þörf krefur og þess er óskað af skólanefnd, má hafa allt að tveggja mánaða námsskeið við heimavistarskóla haust og vor fyrir 7—9 ára börn.

39. gr.

Leyfi í barnaskólum skulu ákveðin í reglugerð.

VII. KAFLI
Próf.

40. gr.

Próf í kunnáttu og leikni allra prófskyldra barna skal halda að vorinu ár hvert. Prófskyld eru öll börn á aldrinum 8—13 ára, nema gildar ástæður hamli. Skulu slíkar ástæður skilgreindar nánar í prófreglugerð, er fræðslumálastjórn gefur út.

41. gr.

Öll próf nema lokapróf yngri og eldri deildar (próf yngri barna og barnapróf) skal hver skóli um sig annast að öllu leyti. Skylt er ávallt að hafa próf í íslenzku, skrift og reikningi, en í öðrum greinum eftir því, sem ákveðið verður í prófreglugerð.

Próf 10 og 13 ára barna, þ. e. lokapróf beggja deilda, skulu fara fram undir eftirliti prófdómenda, skipaðra af fræðslumálastjórn til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum námsstjóra. Skulu þetta vera landspróf að minnsta kosti í íslenzku og reikningi, og annist fræðslumálastjórn val og útsendingu verkefna.

42. gr.

Barn, sem flyzt úr yngri deild í eldri deild, skal vera sæmilega læst, geta skrifað einföld orð skýrt og hreinlega, hafa náð nokkurri leikni í meðferð einskonartalna og kunna skil á algengustu fyrirbrigðum, sem koma fyrir í nánasta umhverfi þess. Í prófreglugerð skal tekið fram, hvernig þessar lágmarkskröfur skulu metnar í einkunnum.

43. gr.

Til barnaprófs er krafizt: 1) Að geta lesið móðurmálið skýrt og áheyrilega með gallalitlum framburði og sagt munnlega frá því, sem lesið er. Að geta gert skriflega, nokkurn veginn ritvillu- og mállýtalausa grein fyrir kunnugu efni. Að geta leyst sæmilega úr réttritunarverkefni, þar sem fyrir koma dæmi um helztu undirstöðureglur íslenzkrar réttritunar. Að kunna utan bókar nokkur íslenzk kvæði, einkum ættjarðarljóð og söngljóð, geta greint frá efni þeirra með eigin orðum og vita nokkur deili á höfundum þeirra. 2) Að skrifa læsilega og hreinlega rithönd. 3) Að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og höfuðatriði almennra brota, tugabrota og prósentureiknings og að sýna nokkura leikni í því að beita þeirri kunnáttu til úrlausnar einföldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, m. a. til að reikna út óbrotið flatarmál. Um prófkröfur í öðrum lögboðnum námsgreinum skulu sett ákvæði í prófreglugerð jafnframt ákvæðum um, hvernig meta skuli í einkunnum lágmarkskröfur til að standast próf.

44. gr.

Heimilt er skólanefnd að fengnum meðmælum skólastjóra og kennara að leyfa 12 ára barni að ganga undir barnapróf. Sett skal í prófreglugerð, hvaða einkunn barn, er slíkt leyfi fær, skal ná í höfuðgreinum, svo og aðaleinkunn til þess að standast prófið. Skulu þessar einkunnir vera miklum mun hærri en lágmarkseinkunnir 13 ára barna.

45. gr.

Einkunnastigi í barnaskólum skal vera 0—10, og má skipta hverjum heilum í 10 hluta

46. gr.

Nú kemur prófskylt barn að ástæðulausu ekki til prófs, og má þá prófa það á heimili þess á kostnað heimilisföður eða leita aðstoðar lögreglustjóra, til þess að barnið verði prófað.

47. gr.

Börn, sem standast ekki tilskilin próf um 10 og 13 ára aldur, skulu að jafnaði sitja ári lengur í hvorri deild, sem um er að ræða, og þreyta prófið ári síðar (sbr. þó 5. gr. c-lið). Standist þau það ekki þá, skulu gilda um þau sérstök reglugerðarákvæði, er fræðslumálastjórn setur.

48. gr.

Kostnaður við próf greiðist úr sveitarsjóði. Prófdómendum skal greitt sama kaup og stundakennurum.

VIII. KAFLI
Kennslueftirlit.

49. gr.

Landinu er skipt í 6 eftirlitssvæði, og skal vera einn námsstjóri fyrir hvert þeirra. Skulu námsstjórar hafa eftirlit með kennsluskipan, kennsluaðferðum og árangri kennslunnar. Enn fremur skulu þeir annast leiðbeiningar um skóla- og uppeldismál hver í sínu umdæmi. Skal hlutverk námsstjóra nánar tiltekið í erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

IX. KAFLI
Kostnaður við skólahald.

50. gr.

Hin lögskipaða fræðsla skólaskyldra barna í opinberum skólum veitist ókeypis. Laun fastra kennara greiðast samkvæmt launalögum og styrkur til stundakennslu samkvæmt síðari málsgr. 23. gr. Við heimavistarskóla greiðir ríkissjóður einnig laun ráðskonu svo og við heimangönguskóla borgun til bifreiðarstjóra skólabifreiðar, meðan skóli starfar eftir úrskurði fræðslumálastjórnar. Annan kostnað við skólahaldið greiðir sveitarsjóður, en ríkissjóður endurgreiðir fjórða hluta hans að fengnum skýrslum um fullnægjandi skólahald samkvæmt settum reglum og fyrirmælum. Sveitarstjórn ræður annað starfsfólk en kennara og ráðskonu heimavistarskóla, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.

51. gr.

Nú getur framfærandi barns á lögskipuðum skólaldri fyrir fátæktar sakir að dómi skólanefndar ekki staðizt kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólavist þess, og skal þá sá kostnaður greiðast að einhverju eða öllu leyti úr sveitarsjóði eftir ákvörðun sveitarstjórnar sem önnur gjöld til skólahalds.

X. KAFLI
Einkaskólar og smábarnaskólar.

52. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórn að löggilda barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún sam-

þykkir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar. Kennarar við skóla þessa verða að fullnægja öllum settum skilyrðum um rétt til kennslu í barnaskólum. Fyrir börn, sem þessa einkaskóla sækja, þarf ekki undanþágu samkv. 5. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá yfir skólabörnin og tilkynna henni allar breytingar, jafnóðum og þær verða. Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

53. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að hlutast til um, að settur sé á stofn skóli fyrir 5 og 6 ára börn innan sveitarfélagsins, enda samþykki fræðslumálastjórn námsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Kennarar skólans skulu hafa lokið viðurkenndu kennaraprófi, og skulu þeir ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar barnaskóla. Að öðru leyti ber ríkissjóður engan kostnað af þessu skólahaldi.

XI. KAFLI
Heilbrigðiseftirlit.

54. gr.

Lækniseftirlit með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir reglum, er heilbrigðismálastjórn setur í samráði við fræðslumálastjórn.

55. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 94 23. júní 1936 og lög um breyting á þeim, nr. 44 12. febr. 1940, svo og önnur ákvæði og fyrirmæli, sem fara í bág við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar, sem ekki eru komnir fullnægjandi heimangöngu- eða heimavistarskólar, skal fræðslumálastjórn í samráði við námsstjóra skipa málum í eins nánu samræmi við þessi lög sem kostur er.

Nd. 681. Frumvarp til laga
um skólakerfi og fræðsluskyldu.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Allir skólar, þeir sem kostaðir eru eða styrktir af almannafé, mynda samfellt skólakerfi.

2. gr.

Skólakerfið skiptist í þessi fjögur stig: 1. barnafræðslustig, 2. gagnfræðastig, 3. menntaskóla- og sérskólastig, 4. háskólastig.

Á barnafræðslustiginu eru barnskólar. Á gagnfræðastiginu eru unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar. Á menntaskóla- og sérskólastiginu eru menntaskólar og sérskólar. Á háskólastiginu er háskóli.

3. gr.

Barnaskólar eru fyrir börn á aldrinum 7—13 ára. Barnafræðslunni lýkur með barnaprófi.

4. gr.

Unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar taka þegar við að loknu barnaprófi. Þeir greinast í tvenns konar deildir, bóknámsdeild og verknámsdeild, eftir því, á hvort námið er lögð meiri áherzla.

Unglingaskólarnir eru tveggja ára skólar. Nám í þeim jafngildir námi í tveimur neðstu bekkjum gagnfræðaskóla. Því lýkur með unglingaprófi, og veitir það rétt til framhaldsnáms í miðskólum og gagnfræðaskólum.

Miðskólarnir eru þriggja ára skólar. Nám í þeim jafngildir námi í þremur neðstu bekkjum gagnfræðaskóla. Því lýkur með landsprófi, miðskólaprófi. Það veitir rétt til inngöngu í sérskóla og menntaskóla með þeim takmörkunum, er kunna að verða settar í lögum þeirra eða reglugerðum.

Gagnfræðaskólar í kaupstöðum eru fjögurra ára skólar. Gagnfræðaskólar í sveitum veita aðeins tveggja ára fræðslu að loknu unglingaprófi. Þó er fræðslumálastjórn heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef forráðamenn gagnfræðaskóla óska þess. Nemendur gagnfræðaskóla ganga eftir 2 eða 3 ár undir sama próf, sem nemendur unglingaskóla og miðskóla. Burtfararpróf úr gagnfræðaskóla, gagnfræðapróf, veitir rétt til náms í þeim sérskólum, er þess prófs krefjast, og til starfs við opinberar stofnanir, eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.

5. gr.

Menntaskólar skulu vera samfelldir fjögurra ára skólar og greinast í deildir eftir því, sem þörf krefur. Burtfararpróf þaðan, stúdentspróf, veitir rétt til háskólanáms. Ákvæði laga þessara hagga ekki rétti Verzlunarskóla Íslands til að brautskrá stúdenta.

Um sérskóla segir í lögum þeirra og reglugerðum hvers um sig.

6. gr.

Til inngöngu í háskóla þarf stúdentspróf. Þó getur háskóladeild krafizt viðbótarprófa, ef þörf gerist. Háskólinn greinist í eins margar deildir og þurfa þykir, eftir því sem ákveðið verður í lögum hans og reglugerð.

7. gr.

Kennsla er veitt ókeypis í öllum skólum, sem kostaðir eru að meiri hluta af almannafé.

8. gr.

Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára. Þó getur fræðsluráð ákveðið að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, að fræðsluskylda í einu eða fleiri skólahverfum innan fræðsluhéraðsins skuli aðeins ná til 14 ára aldurs, ef hlutaðeigandi skólanefnd óskar þess. Heimilt er sveitarfélögum með samþykki fræðslumálastjórnar að hækka fræðsluskyldualdur til 16 ára.

9. gr.

Nú getur nemandi ekki stundað skyldunám sökum fjárskorts, og skal þá veita styrk til þess af almannafé.

10. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd á fræðslu, skipan skóla hvers stigs og fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til skólahaldsins skulu sett í lögum og reglugerðum fyrir skóla hvers stigs.

11. gr.

Lög þessi taka gildi 1. febrúar 1947 og koma til framkvæmda á árunum 1947—1953, eftir því sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð.

Sþ. 682. Þingsályktun

um rannsókn hveraorku á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

(Afgreidd frá Sþ. 2. apríl).

Samhljóða þskj. 531.

Sþ. 683. Þingsályktun

um landsvistarleyfi nokkurra útlendinga.

(Afgreidd frá Sþ. 2. apríl).

Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra að veita þeim Þjóðverjum, sem kvæntir eru íslenzkum konum og búsettir voru hér á landi árið 1939, landsvistarleyfi á Íslandi nú þegar, enda hafi þeir ekki orðið uppvísir að því að hafa rekið hér starfsemi í þágu erlendra ríkja, sem hættuleg geti talizt hagsmunum Íslendinga, eða framið aðra verknaði, sem ósæmilegir séu að almenningsáliti.

Nd. 684. Frumvarp til laga

um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að reisa og reka á Siglufirði verksmiðju til þess að sjóða niður og leggja síld í dósir.

Til þess að standast kostnað af byggingu verksmiðjunnar heimilast ríkisstjórninni að taka allt að 3 millj. kr. lán.

2. gr.

Tilgangur verksmiðjunnar er að hafa forustu um niðursuðu og niðurlagningu síldar í dósir með það fyrir augum að miðla reynslu og þekkingu á þessu sviði til annarra slíkra verksmiðja, sem reistar kunna að verða á landinu.

3. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir verksmiðjuna til þriggja ára í senn. Önnur ákvæði um rekstur verksmiðjunnar svo og annað, er þurfa þykir í sambandi við byggingu hennar, skal ákveða í reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 685. Frumvarp til laga

um breyting á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

1. gr.

Upphaf annarrar málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 300 krónur. Í hreppi með 101—150 íbúa eru launin 320 krónur. Í hreppi með 151—200 íbúa eru launin 340 krónur og svo framvegis, þannig að launin hækka um 20 krónur fyrir hverja 50 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal greiða samkvæmt þeim hreppstjóralaun þau, er í gjalddaga falla á næstu manntalsþingum 1946.

Greinargerð.

Nú þegar laun starfsmanna ríkisins nær allra hafa verið stórhækkuð, þá er það einn flokkur manna, er laun taka úr ríkissjóði, hreppstjórar, sem enga launahækkun hefur fengið, og eru þó störf þeirra margra umsvifamikil og allmargbrotin. Í frv. þessu er lagt til, að laun hvers hreppstjóra hækki aðeins um kr. 200.00 á ári, og munu fáir telja, að hér sé lengra farið í kröfum en nauðsyn er til.

Ed. 686. Nefndarálit

um frv. til l. um virkjun Sogsins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur lesið frv., kynnt sér efni þess og borið saman við lög um virkjun Sogsins, svo sem þau eru nú. Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 1946.

Gísli Jónsson, form.	Páll Hermannsson, fundaskr., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 687. Frumvarp til laga

um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Við útreikning vísitölunnar 1. október 1945, og þar á eftir, skal aðeins reiknað með því verði á nýju og söltuðu dilkakjöti, hangikjöti og vinnsluvörum úr kjöti, sem talið var í vísitölunni 1. september 1945.

2. gr.

Mismun á útsöluverði og vísitöluverði kjöts þess, er um ræðir í 1. gr., skulu menn, með undantekningum þeim, er í 3. gr. segir, má endurgreiddan árlega úr ríkissjóði

frá 20. sept. 1945. Niðurgreiðslan skal þó eigi nema meiru en sem svarar verðmismun á 40 kg á nýju kjöti á ári fyrir hvern mann og hvern þann, er hann hefur á framfæri sínu.

3. gr.

Rétt til niðurgreiðslu samkvæmt 2. gr. hafa þó ekki:

1. Þeir, sem hafa sauðfjárrækt að atvinnu að meira eða minna leyti.
2. Atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni.
3. Þeir, sem fá laun sín greidd að nokkru eða öllu leyti með fæði.

4. gr.

Skattanefndir eða skattstjóri í hverju umdæmi skulu um leið og samin er skrá um tekju- og eignarskatt, semja skrá um alla þá, sem rétt eiga á niðurgreiðslu á tímabilinu frá 20. sept, næst á undan til jafnlengdar, og skal skráin miðast við síðasta manntal. Um framlenging kjötskrár, kærur, fresti og úrskurði fer eftir ákvæðum þeim, er gilda um skattskrár, eftir því sem við á, þó þannig, að úrskurður yfirskattanefndar um rétt til niðurgreiðslu er fullnaðarúrskurður.

Gjalddagi niðurgreiðslna er á manntalsþingum, og er heimilt að nota þær til skuldajafnaðar við ógreidd þinggjöld hlutaðeigandi.

5. gr.

Ákveða má með reglugerð um alla framkvæmd laga þessara, þar á meðal um fyrirkomulag niðurgreiðslna og um fyrning á niðurgreiðslukröfu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en ríkisstjórnin skal láta fram fara endurskoðun á þeim og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu á tímabilinu frá 20. sept. til 20. des. 1945 fer samkv. ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 81 frá 29. sept. 1945. Niðurgreiðslur fyrir tímabilið frá 20. des. 1945 til 20. sept. 1946 falla í gjalddaga á manntalsþingum 1946.

Sþ. 688. Nefndarálit

um till. til þál. um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu þessarar tillögu í fjárveitinganefnd. Með skírskotun til ástæðna þeirra, sem færðar eru fram fyrir tillögunni í greinargerð þeirri, er henni fylgir, leggur meiri hl. fjárveitinganefndar til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Á eftir orðinu endurgreiða komi: útvegsmönnum.

Steingr. Aðalsteinsson óskar að taka fram, að hann telur, að öruggara hefði verið um framkvæmd málsins, ef efni tillögunnar hefði verið samþ. sem breyting á lögum um tollskrá, en vill eftir atvikum fallast á, að þessi leið sé farin.

Alþingi, 3. apríl 1946.

Pétur Ottesen, frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson.	Skúli Guðmundsson.
Helgi Jónasson.	Steingr. Aðalsteinsson.	B. Kristjánsson.
	Þórður Benediktsson.	

Nd. 689. Nefndarálit

um frv. til l. um nýbyggingar í Höfðakaupstað.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarpið var athugað og rætt, og ákvað nefndin að mæla með frumvarpinu í heild, en nefndarmenn hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum við það.

Alþingi, 3. apríl 1946.

Stefán Jóh. Stefánsson, form. Ingólfur Jónsson, fundaskr. Einar Olgeirsson, frsm.
Hallgr. Benediktsson. Skúli Guðmundsson.

Nd. 690. Breytingartillögur

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá Hermanni Jónassyni.

1. Við 25. gr. Greinin orðist svo: Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðsluráð, skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu þeir kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd. Séu 2 sýslur í fræðsluhéraði, skal sú sýslan, sem fjölmennari er, kjósa 3 fræðsluráðsmenn, en hin tvo. Fræðslumálastjórn skipar formann úr hópi fræðsluráðsmanna. Hlutverk fræðsluráðs er að hafa á hendi stjórn sameiginlegra skólamála fræðsluhéraðsins. Fræðslumálastjórn setur fræðsluráði erindisbréf.
2. Við 26. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd skipuð 3 mönnum. Skulu þeir kosnir af nýkosinni sveitarstjórn, en fræðslumálastjórn skipar formann úr þeirra hópi. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef krafa kemur fram um það. Ef tveir eða fleiri hreppar eru í skólahverfi, skal skólanefnd kosin á sameiginlegum fundi hlutaðeigandi hreppsnefnda og má þá vera skipuð 5 mönnum. Varamenn skulu kosnir samtímis aðalmönnum. Kjörtímabil skólanefnda og fræðsluráða skal vera hið sama og sveitarstjórna, og um kjörgengi skulu sömu reglur gilda.

Ed. 691. Breytingartillögur

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 13. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Heimavistarskólum skulu fylgja íbúðir fyrir skólastjóra og kennara, eftir því sem viðkomandi skólanefndir og fræðslumálastjórn telja nauðsynlegt. Telst sá kostnaður, sem af því leiðir, með í stofnkostnaði þessara skóla. Nauðsynleg skólahúsgögn barnaskólanna teljast og með í stofnkostnaði.
2. Við 16. gr. Á eftir orðinu „kennaraprófi“ í fyrri málsgrein komi: eða hafi aðra sambærilega menntun að dómi fræðslumálastjóra.

3. Við 17. gr. Greinin fellur niður.
4. Við 24. gr. Aftan við greina bætist nýr málsliður, er orðist svo: Ráðherra ákveður þóknun til fræðsluráðsfulltrúa, og greiðist hún úr ríkissjóði.
5. Við 29. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., er orðist svo:
   Eigi er heimilt að veita manni skólastjórastöðu eða kennarastöðu gegn einróma mótmælum viðkomandi skólanefndar.

Ed. 692. Breytingartillögur

við frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Hermanni Jónassyni.

1. Við I.—III. kafla (1.—39. gr.). Kaflarnir falli niður, en í stað þeirra komi tveir nýir kaflar með 9. greinum, er orðist svo:

I. KAFLI
Um byggingarlánasjóð.

1. gr.

Stofna skal byggingarlánasjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf í kaupstöðum og kauptúnum. Sjóðurinn heitir byggingarlánasjóður.

2. gr.

Byggingarlánasjóður lánar fé til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum og kauptúnum með þeim skilyrðum og kjörum, er í lögum þessum segir. Kauptún telst í þessum lögum þorp eða byggðahverfi með minnst 10 fjölskyldum, enda hafi engin þeirra svo mikið jarðnæði, að talizt geti lögbýli. Verði ágreiningur um þetta atriði, sker félagsmálaráðuneytið úr.

3. gr.

Í stjórn byggingarlánasjóðs skulu vera fimm menn og jafnmargir varamenn, valdir til fjögurra ára í senn. Kýs Alþingi fjóra þeirra með hlutfallskosningu, en félagsmálaráðherra skipar einn, og er hann formaður. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkvæmt reglugerð, sem ráðuneytið setur. Skal hvert byggingarfélag, sbr. 6. gr., vera sérstök deild í sjóðnum með aðgreindu reikningshaldi. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að lána fé sjóðsins milli deilda, ef hún telur það fært og nauðsynlegt.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með, að byggingarfélög sjóðsins gæti skyldna sinna, sbr. 7. gr., má stjórnin setja trúnaðarmann, einn eða fleiri, á hverju byggingarfélagssvæði.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðast úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi byggingarfélag.

Sveitarstjórnir sveitarfélaga þeirra, er byggingarfélög starfa í, hafa rétt til, hver á sínu svæði, að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi byggingarfélags og allri starfsemi þess, svo og að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það telur, að félagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra til úrskurðar.

Ráðuneytið úrskurðar reikninga byggingarlánasjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Tekjur byggingarlánasjóðs eru:

a. Sveitarsjóðir, sbr. 6. gr., greiða árlegt tillag í sjóðinn, sem nemur 4 krónum fyrir hvern heimilisfastan íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins samkv. manntali næsta ár á undan. Sé kauptún aðeins hluti úr hreppi, skal tillagi þessu jafnað niður á þá íbúa kauptúnsins, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

b. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð í byggingarlánasjóð, sem nemur tvöföldu tillagi sveitarsjóðanna.

Umrædd árgjöld samkvæmt a- og b-liðum þessarar greinar greiðast með verðlagsuppbót, sem ákveðst af verðlagsvísitölu kauplagsnefndar, eins og hún er 1. okt. það ár, sem gjöldin eiga að greiðast.

c. Innlánsfé, sem fengið er með þeim hætti, að stofnuð er innlánsdeild byggingarlánasjóðs, þar sem félagsmönnum hinna ýmsu byggingarfélaga er gefinn kostur á að leggja inn sparifé sitt gegn því, að þeir geti fengið íbúðarhús hjá félaginu, þegar innlánsféð hefur náð tiltekinni upphæð. Byggingarfélögin veiti innlánsfé móttöku og skrásetji það, en sendi síðan byggingarlánasjóði. Stjórn byggingarlánasjóðs getur falið sparisjóðum og bönkum að annast þessa starfsemi, enda sjái stjórn byggingarlánasjóðs um, að þar séu til innlánsbækur, sem sérstaklega eru auðkenndar sem innlánsbækur byggingarlánasjóðs og í séu skráðar helztu reglur um þetta innlánsfé.

Ráðuneytið gefur út reglugerð um innlánsstarfsemi byggingarlánasjóðs, þar sem nánar er ákveðið um starfsemi þessa.

d. Lánsfé, sem aflað er með sölu vaxtabréfa, er ríkissjóður ábyrgist, eða fengið að láni á annan hátt með ábyrgð ríkissjóðs.

Tekjur byggingarlánasjóðs samkvæmt a- og b-liðum þessarar greinar eru séreign viðkomandi byggingarfélags.

Byggingarlánasjóður skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkisábyrgð að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

5. gr.

Byggingarlánasjóður lánar viðurkenndum byggingarfélögum fé til íbúðarhúsabygginga, ef þau fullnægja settum skilyrðum, sbr. 7. gr.

A-flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði húsanna, lánstími 42 ár, ársvextir og afborganir 3½%.

B-flokkur. Lánshæð allt að 85% af byggingarkostnaði, lánstími 42 ár, ársvextir og afborganir 5%.

Öll lán, sem byggingarlánasjóður veitir, skulu vera tryggð með 1. veðrétti í íbúðum þeim, sem lánin eru veitt til að byggja. Enn fremur séu þau tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi sveitarsjóðs. Lánin séu jafnan affallalaus.

Stjórnir byggingarfélaga á hverjum stað gera tillögur um lánskjörin til stjórnar byggingarlánasjóðs með hliðsjón af óskum, efnahag og ástæðum lántakenda, en stjórn byggingarlánasjóðs úrskurðar endanlega um þau. Að jafnaði skal miða lánveitingar til einstakra byggingarfélaga við það, að árlegar tekjur þeirra samkvæmt a- og b-liðum 4. gr. nægi til að greiða vaxtamismuninn, sem lánveitingarnar hafa í för með sér.

II. KAFLI
Um byggingarfélög.

6. gr.

Stofna skal byggingarfélag í hverjum kaupstað og kauptúni, sbr. 2. gr., ef minnst 10 menn innan sveitarfélagsins koma sér saman um það og setja sér samþykktir, sem stjórn byggingarlánasjóðs samþykkir. Þegar slíkt félag er löglega stofnað og

viðurkennt af stjórn byggingarlánasjóðs, er hlutaðeigandi sveitarfélag orðið gjaldskylt til byggingarlánasjóðs, sbr. 4. gr., a-lið, og byggingarfélagið jafnframt orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, er lög þessi veita.

Gjaldskylda sveitarsjóðs samkv. 1. mgr. þessarar greinar fellur niður, ef hlutaðeigandi byggingarfélag hefur ekki hafið byggingarframkvæmdir innan 10 ára frá stofnun eða á í sérsjóði sínum handbært fé, sem nemur 10 ára tillagi, samkv. a- og b-liðum 4. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarfélaga fer eftir ákvæðum samþykkta þeirra, er stjórn byggingarlánasjóðs staðfestir.

Í hverju sveitarfélagi skal vera eitt byggingarfélag. Heimilt er þó að skipta byggingarfélagi í deildir, er hafa sérsamþykktir, þegar 15 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn byggingarlánasjóðs. Fjárhagur deilda innan sama byggingarfélags er þó alltaf sameiginlegur.

7. gr.

Byggingarfélög eiga rétt til að fá lán úr byggingarlánasjóði, enda séu þau löglega stofnuð, sbr. 6. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn byggingarfélags sé skipuð fimm mönnum, og skal formaður skipaður af félagsmálaráðherra. Hina stjórnarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af félagsmönnum.
2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína eða þar, sem það hentar betur, leggi þeim til faglega aðstoð við byggingarnar eða hafi eftirlit með, að þær séu gerðar samkvæmt uppdráttum og áætlunum þar um.
3. Að húsin séu vönduð, með venjulegum nútímaþægindum og falli inn í ramma byggingarskipulags á staðnum, ef til er. Rúmtak hverrar íbúðar má ekki fara fram úr 350 m^3, þegar lán er veitt í A-flokki, og ekki yfir 500 m^3, ef lán er veitt í B-flokki.
4. Að félagsmenn séu fjárráða og heimilisfastir innan þess svæðis, er byggingarfélag nær yfir.
5. Að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarlánasjóðs ákveður.
6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir kostnaðarverð.
7. Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir, sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleiga metin reglulega á 5—10 ára fresti, eða á eignarlóð íbúðarkaupanda. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi kaupstaður, sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal kaupstað eða sveitarfélagi skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkvæmt l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.
8. Að sett sé reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innan húss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
9. Að félagið hafi forkaupsrétt að íbúðum, sem félagið hefur byggt og félagsmenn vilja selja, sbr. 9. gr.
10. Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að aðeins þeir félagsmenn njóti lánskjara samkvæmt a-lið 4. gr., sem eigi hafa haft yfir 7000 króna árstekjur miðað við meðaltal síðustu þriggja ára samkv. skattaframtali, að viðbættum 500 krónum fyrir hvern ómaga, þó eigi samtals yfir 9000 króna tekjur, né eigi yfir 10000 króna eignir. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við þessar upphæðir umreiknaðar til hækkunar meðalvísitölu ársins á undan.

11. Að stjórn byggingarlánasjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem félagsmálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra félaga.

8. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlanir. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 7. gr., 8. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

9. gr.

Um forkaupsrétt félagsins að húseignum þeim, er það hefur byggt eða veitt lán til að byggja, fer sem hér segir:

a. Félagsmenn, sem notið hafa lánskjara samkv. a-lið 5. gr., mega ekki selja íbúð þá, er félagið hefur reist fyrir þá, nema stjórn félagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja íbúðina nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar, eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkv. mati af íbúðinni eða þann hluta hennar, sem leigður er, að viðbættri vísitölu þeirri, sem gildir um húsaleigu á hverjum tíma.

   Börn látins félagsmanns eða ekkja hans hafa þó ávallt forkaupsrétt að íbúðinni á undan félaginu, enda gerist þau þá löglegir meðlimir þess.

b. Félagsmenn, sem notið hafa lánskjara samkvæmt b-lið 5. gr., eru skyldir að bjóða félaginu forkaupsrétt að húsum þeim, er þeir hafa reist með aðstoð félagsins.

   Verði ekki samkomulag um söluverð, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna, og hlíti seljandi mati þessu, ef hann þá kýs að selja og félagið vill kaupa. Næst á eftir félaginu hafa félagsmenn, sem ekki eiga íbúð, forkaupsrétt við sama verði, enda hafi þeir ekki byggt íbúð með aðstoð félagsins samkvæmt þessum lögum. Ekki er eiganda íbúðar heimilt að framleigja nema nokkurn hluta íbúðarinnar. Þó getur hann leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og félagsstjórnin leyfir og samþykkir leigumálann.

   Nú sannast, að félagsmaður hafi selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

   Neyti stjórn byggingarfélags eigi forkaupsréttar, er eiganda heimilt að selja hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir, enda gerist hann þá löglegur félagi í byggingarfélaginu.

2. Við 40.—45. gr. Greinarnar falli niður, en í staðinn komi ein grein, er orðist svo:

10. gr.

Á meðan skortur er á íbúðarhúsnæði í landinu og erfiðleikar eru á innflutningi nægilegs byggingarefnis, að dómi ríkisstjórnarinnar, skal viðskiptaráð, á meðan það starfar, ella sú stofnun, sem ríkisstjórnin ákveður, kveða á um, til

hverra nota fari það byggingarefni, sem flutt er til landsins. Kveða skal á um það með reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum þess aðila, er að framan getur, hverjar byggingar og framkvæmdir skuli ganga fyrir um byggingarefni, og skal þá einkum miðað við þörf íbúðarhúsnæðis og nauðsyn atvinnulífs og almenningsstofnana.

3. Við fyrirsögn IV. kafla. Orðin „og eftirlitsnefnd ríkisins með íbúðarbyggingum“ falli niður.

4. Við 46.—47. gr. Greinarnar falli niður, en í staðinn komi 10 nýjar greinar og kaflafyrirsögn þannig:

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

11. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag í kaupstað eða kauptúni eða það fullnægir ekki húsnæðisþörfinni, er sveitar- eða bæjarstjórn heimilt að ákveða, að sveitar- eða bæjarfélagið komi upp íbúðarbyggingum og hefur það þá sömu réttindi og skyldur, sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Einstaklingar í þorpum og byggðahverfum, sem eru minni en svo, að þau eigi rétt til að stofna byggingarfélög, sbr. 2. gr. laga þessara, eiga kost á að fá byggingarlán úr byggingarlánasjóði. Slíkum lánsbeiðnum skal fylgja umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar um byggingarþörf og ástæður lánbeiðenda. Vaxtamunur, sem byggingarlánasjóður verður að borga vegna slíkra lánveitinga, skal endurgreiddur úr ríkissjóði.

Um lánveitingar samkvæmt þessari grein gilda hliðstæðar reglur, eftir því sem við getur átt, eins og um lán til byggingarfélaga, og skal um það nánar ákveðið í reglugerð.

13. gr.

Stjórn byggingarlánasjóðs skal svo fljótt sem verða má koma upp og reka sérstaka teiknistofu, er geri uppdrætti að íbúðarbyggingum fyrir byggingarfélögin, og séu þeir ókeypis til afnota fyrir félögin. Skal teiknistofan og höfð í ráðum um allar þær byggingar, sem byggingarlánasjóður veitir lán til, enda verða slík lán ekki veitt, nema teiknistofan hafi áður samþykkt uppdrætti að byggingunum.

Teiknistofan skal veita byggingarfélögum hvers konar leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, sem við kemur húsagerð. Ber henni að fylgjast með innlendum og erlendum nýjungum í húsagerð og sjá til þess, að gerðar séu tilraunir um gildi þeirra, eftir því sem við verður komið.

Kostnaður við teiknistofuna greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Ríkisstjórninni er skylt að láta gera ókeypis fyrirmyndauppdrætti til afnota fyrir byggingarfélögin, þar til er teiknistofa byggingarlánasjóðs, sbr. 11. gr., tekur til starfa.

15. gr.

Byggingarfélög skulu fyrir 1. des., árið áður en þau ætla að hefja byggingar, senda stjórn byggingarlánasjóðs umsóknir um lán ásamt upplýsingum um fjölda, gerð, stærð og tilhögun þeirra íbúða, er þau ætla að byggja, ásamt upplýsingum um fjárhag væntanlegra íbúðarkaupenda.

16. gr.

Séu í gildi í landinu ákvæði um innflutning byggingarefnis, ber byggingarfélögum, sem starfa samkv. lögum þessum, réttur til innflutningsleyfa og gjaldeyris vegna kaupa á efni til byggingar íbúðarhúsa hlutfallslega á við aðrar hliðstæðar stofnanir eða einstaklinga.

17. gr.

Þau byggingarfélög, sem starfandi eru samkv. lögum nr. 3 frá 1935 og nr. 71 frá 1938, skulu, þegar lög þessi öðlast gildi, verða deildir í byggingarlánasjóði og öðlast þar þau réttindi, er lög þessi veita, enda geri þau þá nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum, að því leyti sem það getur samrýmzt áður gerðum skuldbindingum þeirra.

18. gr.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

20. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal ef byggingarefni er í heimildarleysi varið til annarra þarfa en lög þessi ákveða, varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

5. Við 49. gr. Greinin orðist svo:

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. Númer kafla og greinatala breytist samkvæmt þessu.

Sþ. 693. Tillaga til þingsályktunar

um síldveiðitilraunir.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að haldið verði áfram tilraunum með síldveiðar í botnvörpu. Verði í því skyni fenginn frá Svíþjóð kunnáttumaður í þessari veiðiaðferð. Þá verði og á allan hátt vandað til veiðitækja við þessar tilraunir og í því efni stuðzt við nýjustu endurbætur á þessari veiðiaðferð erlendis.

Kostnaður við tilraunir þessar greiðist úr fiskimálasjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur verið mikil þróun og ör vöxtur í síldveiðum hér við land. Er þegar búið að koma á fót mörgum verksmiðjum til vinnslu á síldinni, og er þess full þörf, að þar sé enn aukið við. Síldveiðarnar eru nú orðnar mikilvægur þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar og meginstyrkur að því er snertir gjaldeyri í viðskiptum við aðrar þjóðir. Í engum atvinnurekstri, sem enn er þekktur hér á landi, eru jafnmikil uppgrip á skömmum tíma og við síldveiðar í snurpunót, þegar vel viðrar og mikil mergð síldar er á miðunum, eins og algengt er um miðsumarsleytið við landið norðanvert. Hér við land eru síldveiðarnar einskorðaðar við tvenns konar

veiðiaðferðir, þ. e. með snurpunót og reknetum. En sá galli er á, að snurpunótin kemur ekki að liði við veiðarnar nema til ferða síldarinnar sjáist í sjóskorpunni. En talið er, að það fari nokkuð eftir hitastigi sjávarins, hvort síldin „veður", eins og það er kallað, eða ekki. Þá er slík veiðiaðferð mjög háð veðráttufarinu.

Erlendis, þar sem síldveiðar eru stundaðar, hefur botnvarpa á síðari árum verið notuð með góðum árangri við þessar veiðar. Munu Þjóðverjar hafa fyrstir manna reynt þessa veiðiaðferð. Englendingar hafa einnig upp á síðkastið stundað síldveiðar með botnvörpu. Þá hafa Svíar tekið upp þessa veiðiaðferð, og hefur hún gefið þar svo góða raun, að þeir kosta nú mjög kapps um síldveiðar með þessum hætti, og eykur þetta mjög hjá þeim heildarafköstin við veiðarnar. Nú hafa Norðmenn byrjað síldveiðar með botnvörpu. Nota þeir sams konar vörpur og Svíar og hafa fengið æfða síldveiðimenn frá Svíþjóð til þess að gefa um það leiðbeiningar og fræðslu, hversu öllu skuli hagað við veiðarnar.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar hér á landi með þessa veiðiaðferð. Árin 1935 og 1936 gerði Árni Friðriksson fiskifræðingur tilraun með þessar veiðar á varðskipinu Þór. Var það á svæðinu frá Eystrahorni meðfram suðurströndinni alla leið vestur í Jökuldjúp. Báru þessar tilraunir ekki árangur svo teljandi sé.

Haustið 1943 lét Fiskimálanefnd gera tilraun með síldveiði í botnvörpu í Faxaflóa. Var svo um búið, að einnig var hægt að draga botnvörpuna miðsævis eða ofar. Var tilraun þessi gerð að haustlagi og bar ekki árangur, enda var á þeim tíma engin veiði í reknet í flóanum og allir bátar hættir þeim veiðum.

Haustið 1945 var enn á vegum Fiskimálanefndar gerð sams konar tilraun í Faxaflóa og þá notuð varpa af sænskri gerð. Tíðarfar var mjög óhagstætt, meðan á tilraununum stóð, og ekki unnt að vera á veiðum nema stuttan tíma í hvert sinn, svo að ekki er hægt að segja, að um kerfisbundnar tilraunir hafi verið að ræða, enda varð enginn árangur.

Tilraunir þær, sem hér um ræðir, hafa allar verið gerðar á takmörkuðu svæði. Engar slíkar tilraunir hafa verið gerðar fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi eða Austfjörðum. Er þó á þessum slóðum mest síldargengd að jafnaði.

Það getur ekki orkað tvímælis, að sjálfsagt er að halda þessum tilraunum áfram og það þegar á þessu ári. Reynsla sú, sem fengin er af þessum veiðum annars staðar og um getur hér að framan, ætti að vera okkur ærin hvöt til þess að reyna til þrautar þessa veiðiaðferð. Það er ekki áhorfsmál fyrir Íslendinga að fara að dæmi Norðmanna og fá hingað til lands kunnáttumann á þessu sviði til þess að gefa leiðbeiningar um alla tilhögun við þessa veiðiaðferð. Það má engan veginn dragast lengur, að að því sé undið. Það er vitað mál, að stórum mætti auka hin árlegu afköst við síldveiðar hér, ef Íslendingum tækist að feta í fótspor nágrannaþjóða sinna um hagnýtingu botnvörpunnar í þessu skyni. Eitt af höfuðverkefnum Fiskimálanefndar er að gera tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og leita nýrra aflamiða. Því er hér lagt til, að kostnaður við þessar tilraunir verði greiddur úr fiskimálasjóði.

Fiskiþing það, sem háð var á öndverðum þessum vetri, samþykkti um mál þetta ályktun þess efnis, að tilraununum yrði haldið áfram með þeim hætti, er í tillögunni greinir.

Ed. 694. Breytingartillaga

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Á eftir 22. gr. komi ný grein, svo hljóðandi (Greinatala frv. breytist samkv. því.):

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu.

Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum barnakennara skal þó veita slíkt orlof nema tíunda hvert ár. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjóra með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

Ed. 695. Breytingartillögur

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „getur fræðsluráð þá veitt“ í 1. mgr. komi: skal fræðsluráð þá veita.
2. Við 9. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð og skólanefndir skiptinguna.
3. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Nú reisir kaupstaður eða kauptún sumarheimili í sveit, þar sem börn úr hlutaðeigandi verzlunarstöðum dveljast sumarlangt við ýmiss konar útistörf undir stjórn kennara sinna, og skal ríkið þá greiða hálfan stofnkostnaðinn, enda samþykki fræðslumálastjórn teikningu af sumarheimilinu og framkvæmd verksins.
4. Við 16. gr.
   a. Á eftir orðunum „viðurkenndu kennaraprófi“ í fyrri málsgr. komi: eða guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands.
   b. Í stað orðanna „tveggja ára“ í síðari málsgr. komi: fjögurra ára.
5. Við 17. gr.
   a. Í stað „36 kennslustundir“ í 1. mgr. komi: 32 kennslustundir.
   b. Í stað „40 mín.“ í 3. gr. komi: 50 mínútna.
6. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
   Skólanefnd veitir móttöku umsóknum um kennarastöður. Skal hún leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en námsstjóra, ef velja á skólastjóra. Ef meiri hluti skólanefndar og fræðsluráðs mælir með umsækjanda, veitir fræðslumálastjórn honum stöðuna. En verði ágreiningur milli skólanefndar og fræðsluráðs, sker fræðslumálastjórn úr og veitir einhverjum af umsækjendum stöðuna.
7. Við 35. gr.
   a. Orðið „átthagafræði“ í 1. mgr. falli burt.
   b. Á eftir orðinu „Íslandssögu“ í 2. mgr. kemur: mannkynssögu.
   c. Í stað orðanna „eitt erlent mál“ í 3. mgr. komi: ensku.
8. Við 36. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Börn innan 12 ára aldurs má ekki senda í skóla í skammdeginu fyrr en ratljóst er orðið. Ákveða skal í reglugerð eftir tillögum heilbrigðisstjórnar, hve margar stundir skólabörn í hverjum aldursflokki mega sitja dag hvern á skólabekk við bóklegt nám.
9. Við 37. gr. Greinin orðist svo:
   Skólar í kaupstöðum og kauptúnum, sem reistir verða með styrk úr ríkissjóði samkvæmt lögum þessum, skulu vera gerðir fyrir 300 börn í mesta lagi, Leitazt skal við að kenna tilteknar bóklegar greinar, svo sem landafræði, nátt-

úrufræði og sögu, í kvikmyndahúsum, með skuggamyndum, kvikmyndum og leiksýningum, eftir því sem aðstaða leyfir. Ekkert barn má stunda nám í barnaskóla meira en 7 mánuði ár hvert. Önnur ákvæði um skólagöngu barna skal setja með reglugerð.

10. Við 38. gr.
a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Í heimavistar- og heimangönguskólum í sveitum skal skipta námstímanum á þann veg að ekkert barn fái meira en 3½ mánaðar skólagöngu o. s. frv.
b. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
Þar sem bæjarfélag reisir samkvæmt lögum þessum dvalarheimili í sveit fyrir börn, sem ekki eiga aðgang að sumardvöl á sveitaheimilum, skulu þau börn, sem skólanefnd útvegar þar sumarvist, teljast skólaskyld og hlýða skólaaga. Á þessum dvalarheimilum skal hafa öll þau húsdýr, sem tamin eru á Íslandi, og auk þess báta til notkunar undir eftirliti kennara, ef þess er kostur. Skulu börnin venjast við sem fjölbreyttasta útileiki og störf við framleiðsluna til lands og sjávar, sem eru við þeirra hæfi. Um rekstur dvalarheimila skólabarna úr kaupstöðum og kauptúnum skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð.

11. Ákvæði til bráðabirgða skal orða svo:
Þar, sem ekki eru komnir fullnægjandi heimangöngu- eða heimavistarskólar, skal fræðslumálastjórn í samráði við fræðsluráð, skólanefndir og námsstjóra skipa þeim málum eftir því, sem bezt hentar hagsmunum viðkomandi aðila. Leggja skal áherzlu á að fá presta til að taka að sér kennslu og kennslueftirlit barna í dreifbýli, eftir því sem tími þeirra og kringumstæður leyfa.

Ed. 696. Breytingartillaga

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 13. gr. Á eftir orðunum „en þrjá fjórðu hluta stofnkostnaðar heimavistarskóla“ í fyrstu málsgrein komi: og skólastjórabústaða í heimangönguskólum.

Ed. 697. Nefndarálit

um frv. til laga um iðnfræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur alls haldið 10 fundi um þetta mál og rætt það mjög ýtarlega. Hún hefur kynnt sér öll gögn, sem Alþingi hafa verið send í sambandi við afgreiðslu þess, rætt málið við samgöngumálaráðherra og við þá nefnd frá Landssambandi iðnaðarmanna, sem kjörin var til þess að fylgjast með öllum breytingartillögum, sem fram kynnu að koma.

Að þessu athuguðu hefur nefndin fallizt á, að nauðsynlegt sé að gera nokkrar breytingar á frv. Hefur hún rætt þessar brtt. við landssambandsnefndina, sem fallizt hefur einróma á þær. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 manna iðnfræðsluráð til 4 ára í senn. Ráðherra skipar síðan einn hinna kjörnu manna sem formann ráðsins til sama tíma. Allir fulltrúar iðnráðsins skulu vera úr hópi iðnaðarmanna.

2. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðunum „út frá því sjónarmiði“ í 1. mgr. komi: einu.
   b. Við 2. mgr. bætist: Úrskurði iðnfræðsluráðs samkv. þessari mgr. má þó áfrýja til dómstólanna, enda sé það gert innan 30 daga frá því að úrskurðurinn er birtur viðkomandi aðila.
3. Við 11. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Námstími telst hafinn frá dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hefur hlotið, enda hafi nemandinn þá byrjað nám sitt.
4. Við 12. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Hafi nemandi áður stundað nám hjá meistara eða iðnfyrirtæki, en slitið námssamningi sínum, skal iðnráð úrskurða, að hve miklu leyti sá tími, er hann vann þar, skuli dragast frá fullum námstíma hjá öðrum, er hann kynni að ráðast hjá til áframhaldandi náms í sömu iðn.
5. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist ný mgr., er orðist svo:
   Nú hefur nemandi ekki staðizt próf það, sem um ræðir í 1. mgr., og skal hann þá eiga rétt á því að ganga undir það á ný, þegar það næst er haldið í iðngreininni, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram. Enginn nemandi getur þó átt rétt til að ganga undir próf í sömu iðngrein oftar en þrisvar sinnum.
6. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Skylt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína til lögboðinna trygginga. Falla kaupgreiðslur til nemandans niður þann tíma, sem hann tekur bætur frá slíkum tryggingastofnunum.
7. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Nú hefur nemandi verið það mikið frá vinnu á námstímanum, að samanlagðar vinnustundir hans verða færri en 1800 á ári að meðaltali yfir námstímann, og getur iðnfræðsluráð ákveðið, að námstíminn skuli framlengjast, þannig að fyrrnefndur vinnustundafjöldi sé uppfylltur.
8. Við 22. gr.
   a. Aftan við 1. mgr. bætist: Á meðan nemandi er frá verki vegna vinnustöðvunar, ber honum eigi kaup.
   b. Í stað orðanna „og getur þá iðnfræðsluráð“ og til enda 2. mgr. komi: að dómi iðnfræðsluráðs, getur hver aðili fyrir sig slitið námssamningum án frekari fyrirvara, og er nemanda þá heimilt óátalið að ráða sig til annarra aðila.
9. Við 23. gr. Í stað orðsins „Meistari“ í upphafi greinarinnar komi: Meistarar.
10. Við 25. gr. 3. lið a. Liðurinn falli í burtu.
11. Við 26. gr. Í stað orðanna „25. gr. a—c“ í 1. mgr. komi: 25. gr. tölulið 3 a og b.
12. Við 27. gr. Greinin falli niður.
13. Við 28. gr. 4. töluliður falli niður.
14. Við 31. gr. Í stað orðanna „þegar lokið er öllum“ komi: enda raski það í engu þeim.
15. Við 32. gr. Greinin falli niður.
16. Á eftir 33. gr. komi Bráðabirgðaákvæði, er orðist svo:
   Þar til komið hefur verið upp sérstökum iðnaðardómi, skal setja í gerðardóm ágreining milli nemenda og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi, nema aðilar komi sér saman um annað.
   Í gerðardómi skal sitja lögreglustjóri, þar sem námið fer fram, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, sinn tilnefndur af hvorum málsaðila.
   Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja fullnaðarúrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftar en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi gerðarmaður tjáð honum lögleg forföll eða oddvita þykir

nauðsyn bera til, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annar hvor gerðarmanna ekki fund og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið.

Gerðardómur á úrskurð um slit námssamninga og dæmir skaðabætur.

Úrskurður gerðardómsins skal vera aðfararhæfur.

Úrskurði gerðardómsins má þó áfrýja til dómstólanna, og skal áfrýjunarfrestur til héraðsdómara vera 30 dagar frá birtingu úrskurðarins.

Alþingi, 4. apríl 1946.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Páll Hermannsson, fundaskrifari.	Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 698. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga

um viðauka við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands frá 17. júní 1944.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Kveðja skal saman sérstakt stjórnlagaþing til þess að setja hinu íslenzka lýðveldi nýja stjórnarskrá.

2. gr.

Alþingi setur með sérstökum lögum reglur um kosningu stjórnlagaþingsfulltrúa, tölu þeirra, kjördæmaskipun við þá kosningu og hvenær hún skuli fram fara. Kosningaaldur og kjörgengis skal vera hinn sami og nú við alþingiskosningar.

3. gr.

Stjórnlagaþing skal koma saman á næsta ári eftir að stjórnarskrárbreyting þessi hefur verið samþykkt.

4. gr.

Forseti skal setja stjórnlagaþingið, sem haldið skal í Reykjavík eða á Þingvöllum. Stjórnlagaþingið skal starfa í einni málstofu samkvæmt fundarsköpum sameinaðs Alþingis.

Nú hlýtur stjórnarskrárfrumvarp meiri hluta greiddra atkvæða á stjórnlagaþingi, og telst það þá samþykkt.

5. gr.

Stjórnlagaþingið skal ljúka störfum fyrir lok marzmánaðar 1948. Skal bera hina nýju stjórnarskrá undir atkvæði kosningarbærra manna í landinu í júnímánuði það ár, að viðhafðri leynilegri atkvæðagreiðslu, og telst stjórnarskráin samþykkt, ef meiri hluti greiddra atkvæða geldur henni jákvæði, og öðlast þá gildi 1. ágúst s. á. sem stjórnarskrá lýðveldisins. Nú næst ekki meiri hluti við þjóðaratkvæðagreiðslu, og er þá hin nýja stjórnarskrá fallin og núgildandi stjórnarskrá gildir áfram óbreytt.

6. gr.

Stjórnlagaþing má ekki fjalla um nein önnur mál en sjálfa stjórnarskrána, og ekki er því heimilt að samþykkja eða gefa út neins konar ávörp né áskoranir til þjóðarinnar.

7. gr.

Eftir að ákveðið hefur verið með stjórnarskrárbreytingu þessari að efna til sérstaks stjórnlagaþings og þar til stjórnarskrá sú, sem stjórnlagaþingið samþykkir, hefur verið lögð undir þjóðaratkvæði, má Alþingi ekki samþykkja neina breytingu á núgildandi stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Greinargerð.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, varð opinbert samkomulag um það innan stuðningsflokka hennar, að stjórnarskráin yrði endurskoðuð og breyting samþykkt fyrir næstu alþingiskosningar. Nú er orðið fullséð, að þetta ákvæði stjórnarsamningsins nær ekki fram, þar sem ekkert stjórnarskrárfrumvarp hefur verið samið. Nefndir þær, sem skipaðar hafa verið í þessu máli, hafa litlum störfum lokið, enda bráðum hálft ár síðan formaður annarrar andaðist og enginn skipaður í hans stað. Ráðunautur nefndarinnar, Gunnar Thoroddsen prófessor, fór utan vegna þessa máls og fór víða um lönd til að safna gögnum, sem hafa mætti til hliðsjónar við störf nefndanna. Skýrsla prófessorsins liggur enn ekki fyrir, rúmum sex mánuðum eftir heimkomu hans, og hefur því ekkert verið á henni byggt. Sú málsmeðferð og afgreiðsla, sem ríkisstjórnin ákvað, hefur því farizt fyrir.

Sú málsmeðferð, sem hér er lagt til, að upp verði tekin, hefur fyrst og fremst þann kost, að samkvæmt henni á að kjósa menn til þess eingöngu og sérsaklega að afgreiða stjórnarskrármálið. Þannig yrði málið tekið út úr almennum flokkadeilum, sem einkum eru háðar um önnur efni, óskyld sjálfu stjórnskipulaginu. Alþingismenn verða ekki kosnir fyrst og fremst eftir afstöðu þeirra til þessa máls. Eina ráðið til þess, að stjórnarskrármálið sjálft verði lagt til grundvallar við kosningu þeirra manna, sem stjórnarskrána eiga að semja, er það, að sérstakt stjórnlagaþing, en ekki Alþingi, vinni verkið. Ástæðulaust er að halda, að slíkar kosningar hljóti að fara eftir flokkslínum.

Kosningar til sérstaks stjórnlagaþings mundu vekja almenna umhugsun og umræður um stjórnskipun landsins, og er það mikil nauðsyn.

Þá er það til bóta, að með þessu móti er stjórnarskrármálið tekið út úr daglegri málefnabaráttu á Alþingi.

Nd. 699. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 623 (Fiskveiðasjóður).

Flm.: Sigurður Kristjánsson og Jóhann Jósefsson.

Aftan við 2. málsgr. í tölulið 8 bætist: eða aukatrygging í fasteignum er sett.

Nd. 700. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 623 (Fiskveiðasjóður).

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Við 5. till. (5. gr.). Tillagan orðist þannig:

Á undan 5. gr. kemur ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:

Útgerðarfélög og útgerðarmenn, sem eiga fé í Nýbyggingarsjóði, sbr. lög nr. 20 1942, og ekki gera ráðstafanir til þess að verja því til kaupa á nýjum skipum eða öðrum framleiðslutækjum, skulu leggja fé þetta á vaxtalausan innlánsreikning í stofnlánadeildinni, og skal féð geymt þar, unz því er ráðstafað í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Framangreindum ákvæðum skal fullnægja innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara.

Nd. 701. Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingar á l. nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og l. nr. 94 14. maí 1940, um breytingar á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Upphaf annarrar málsgr. orðist þannig:
   Þegar loðdýr eru flutt, skal ávallt flytja þau í öruggu búri. Ef loðdýrin o. s. frv.
2. Við 6. gr. Á eftir orðunum „og framkvæmd árlega“ í 4. málsgr. bætist: Heimilt er í reglugerð að ákveða merkingargjald fyrir þau dýr, er ráðunautur merkir sjálfur, og greiðist gjaldið í ríkissjóð.

Nd. 702. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 623 (Fiskveiðasjóður).

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 5. till. Tillagan orðist svo:

Útgerðarfélög og útgerðarmenn, sem eiga fé í Nýbyggingarsjóði, sbr. lög nr. 20 1942, skulu leggja fé þetta á vaxtalausan innlánsreikning í stofnlánadeildinni innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara, og skal féð geymt þar, unz því er ráðstafað í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Sþ. 703. Nefndarálit

um till. til þál. um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Þegar leitað var atkvæða um þáltill. í nefndinni, greiddu aðeins tveir nefndarmenn (PO og SkG) atkvæði með till., en fjórir (StgrA, ÞB, GÍG og BK) vildu ekki þá taka afstöðu til málsins. Einn nefndarmanna (HelgJ) var fjarstaddur. Hafa þeir nú allir myndað sameiginlegan meiri hl. og gefið út nefndarálit, þar sem lagt er til, að þáltill. verði samþykkt með litlum breytingum. Minni hl. (GJ ok SK) gat ekki fallizt á þessa afgreiðslu, af þeim ástæðum, er hér skal greina.

Tillaga sú, sem hér um ræðir, heimilar ríkisstjórninni, ef samþykkt verður:

1. að endurgreiða alla tolla, sem innheimtir hafa verið af skipum, sem keypt hafa verið til landsins 1945.
2. að endurgreiða alla tolla af skipum, sem keypt verða á árunum 1946 og 1947.
3. að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni til skipabygginga og vélum og tækjum í skip, sem byggð hafa verið innanlands 1945.
4. að endurgreiða aðflutningsgjöld af sömu vörum til skipa, sem lokið er byggingu á innanlands fyrir árslok 1947.

Hvað viðvíkur 1. og 3. lið má segja, að það sé ekki óeðlilegt, að ríkisstjórn sé gefin slík heimild til endurgreiðslu með þál., ef til þess bæri brýn nauðsyn, þótt hinu verði ekki neitað, að miklu eðlilegra hefði verið að gefa þessa heimild á 22. gr.

fjárlaga á þessu sama þingi, en þá þótti engin ástæða til slíkra ráðstafana. Hitt verður að teljast alveg óviðeigandi ráðstöfun á ríkistekjunum að heimila endurgreiðslur á svo stórum fjárfúlgum úr ríkissjóðnum sem til er ætlazt samkv. liðum 2 og 4, fyrir komandi ár, með einfaldri þál., vitandi annars vegar, að fjárlög þ. á. voru afgreidd með nærri 5 millj. kr. rekstrarhalla og 18 millj. kr. greiðsluhalla, samfara því, að ekki þótti gerlegt að hækka tekjuliði til að mæta þessum halla, heldur kosin sú leið að heimila ríkisstjórninni stórkostlegan niðurskurð á verklegum framkvæmdum, ef nauðsyn krefði. Er þessi háttur því fremur áfellisverður, að önnur og miklu þinglegri leið er opin þeim, er gjöldin vilja afnema, en hún er sú að bera fram þá breytingu á tollalöggjöfinni, sem nú er til umræðu í þinginu, að fella þessi gjöld niður og taka þá jafnframt upp önnur réttlátari gjöld til að vega upp á móti tekjurýrnuninni.

Þá verður því ekki neitað, að nákvæm endurgreiðsla á aðflutningsgjöldunum verður tæplega framkvæmd, heldur yrði það allt meira og minna af handahófi, auk þess sem það er bæði óviðkunnanlegt og ranglátt að reikna toll af vöru, ef hún er notuð í aðrar þarfir, en gefa hann eftir af sömu vöru, sem notuð er til þessarar sérstöku framkvæmdar.

Þá verður því ekki heldur mótmælt, að ríkissjóður hefur á margvíslegan hátt létt undir með þessum sömu aðilum, bæði með beinum styrkjum, hagkvæmum lánum og ýmsum öðrum fyrirgreiðslum, svo að miklu síður er ástæða til eftirgjafarinnar af þeim ástæðum. Þá er og ljóst, að ríkissjóði mun ekki veita af þeim tekjustofnum, sem hann nú hefur, nema þá að séð verði fyrir nýjum tekjustofni til að mæta því, sem hér væri afnumið.

Minni hlutinn leggur því til, að þáltill. verði felld.

Alþingi, 5. apríl 1946.

Gísli Jónsson, form., frsm. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 704. Breytingartillögur

við frv. til laga um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar mannvirki, er þarf til að gera höfnina, og svo víðáttumikið land, sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til þess að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

Ráðherra er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs núverandi hafnarmannvirki í Keflavík og Njarðvíkum, þó ekki hærra verði en sem nemur byggingarkostnaði að frádregnu framlagi ríkissjóðs til mannvirkjanna.

Heimilt er ráðherra að fresta byggingu hafnarinnar að nokkru eða öllu leyti, þar til samningar hafa tekizt um kaupin.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, er fer með hafnarmál, og fjórir meðstjórnendur, þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, og einn kosinn af sveitarstjórnum Keflavíkurhrepps og Njarðvíkurhrepps. Hafnarstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn.

3. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

4. Við bráðabirgðaákvæði:

Fyrir „kosning endurskoðenda“ kemur: kosning fyrstu endurskoðenda.

Nd. 705. Lög

um skólakerfi og fræðsluskyldu.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl).

Samhljóða þskj. 681.

Nd. 706. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og lögum nr. 94 14. maí 1940, um breytingar á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 1. gr. l. nr. 94 1940 komi ný grein, svo hljóðandi:

4. gr. l. nr. 38 1937 orðist svo:

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkvæmt lögum þessum.

Ríkisráðunautur í loðdýrarækt hefur í umboði landbúnaðarráðherra og í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands yfirumsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu vera trúnaðarmenn ráðunautar í málum varðandi loðdýraræktina, hver í sínu umdæmi, og framkvæma eða láta framkvæma í sínu umboði eftirlit með loðdýraræktinni eftir því, sem ráðunauturinn leggur fyrir, og ganga ríkt eftir, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Nú þykir ráðunaut áfátt vera um eftirlit trúnaðarmanna sinna, og getur þá ráðherra skipað aðra trúnaðarmenn að fengnum tillögum ráðunautar.

Hafi trúnaðarmaður sjálfur loðdýr undir höndum, þá skal ráðunauturinn hafa eftirlit með búi hans, eða skipa til þess annan mann, ef honum þykir ástæða til.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. l. nr. 94 1940 orðist svo:

Leyfi til loðdýraræktar skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðherra gefur út í samráði við Loðdýraræktarfélag Íslands.

3. gr.

4. gr. l. nr. 94 1940 orðist þannig:

7. gr. laganna orðist svo:

Öll loðdýr skulu geymd í fulltryggum loðdýragirðingum og búrum. Skal ávallt setja dýrhelda ytri girðingu um minka- og refabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim. Nánari ákvæði um gerð búra og girðinga setur landbúnaðarráðherra með reglugerð.

Þegar loðdýr eru flutt, skal ávallt flytja þau í öruggu búri. Ef loðdýrin eru geymd í aðhaldi, er skylt að flytja þau í örugga vörzlu (sbr. 5. gr.) eða lóga þeim, hvenær sem hætta þykir á, að dómi trúnaðarmanns, að þau kunni að sleppa úr haldi, svo sem vegna ísalaga milli lands og eyja.

Vanræki sá, er leyfi hefur fengið til loðdýraræktar, að hafa vörzlu loðdýra nægilega trygga og lögum samkvæma, þrátt fyrir áminningar trúnaðarmanns eða ráðunautar, getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn, að fengnu samþykki ráðunautar, afturkallað fyrirvaralaust hið áður veitta leyfi og krafizt þess, að dýrunum verði strax lógað, nema eigandi komi þeim í örugga vörzlu á öðru loðdýrabúi.

Loðdýraeigandi, sem uppvís verður að illri og ómannúðlegri meðferð á loðdýrum sínum, skal missa leyfi sitt til loðdýraræktar á sama hátt og segir í 2. mgr.

4. gr.

Á eftir 7. gr. l. nr. 38 1937 komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Hver sá félagi eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi til loðdýraræktar og tekið hefur dýr í vörzlu, svo og þeir loðdýraeigendur, sem koma dýrum sínum í fóður hjá öðrum, en hafa ekki sjálfir leyfi til loðdýraræktar, skulu, án sérstakrar inntökubeiðni eða inntökuskírteinis, verða meðlimir í loðdýraræktarfélagi Íslands eða öðru félagi loðdýraeigenda, er komi í þess stað, með þeim skyldum og réttindum, er lög félagsins ákveða, enda hafi landbúnaðarráðherra staðfest lög þess.

Gjöldum loðdýraeigenda, sem ákveðin eru í félagslögum, fylgir lögtaksréttur.

5. gr.

Í stað 7. gr. l. nr. 94 1940 komi ný gr., svo hljóðandi:

11. gr. laga nr. 38 1937 orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt, er hafi umsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Ráðherra gefur út erindisbréf handa ráðunaut, og skal þar m. a. svo ákveðið, að ráðunauturinn skuli einnig vera í þjónustu Loðdýraræktarfélags Íslands og hlíta fyrirmælum þess um þau störf, er um ræðir í 12. gr. laga nr. 38 1937, og vera félaginu að öðru leyti til aðstoðar og ráðuneytis um þau félagsstörf eða málefni, er stjórn félagsins óskar eftir og samrýmzt geta störfum hans í umboði ráðherra.

Laun ráðunautar, skrifstofufé og ferðakostnaður greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

12. gr. laga nr. 38 1937 orðist svo:

Loðdýraræktarráðunauturinn hefur með höndum án endurgjalds frá loðdýraeigendum almenna fræðslu og leiðbeiningarstarfsemi í loðdýrarækt, bæði munnlega og í rituðu máli.

Hann skal ferðast á milli loðdýrabúa í samráði við Loðdýraræktarfélag Íslands til eftirlits og leiðbeininga, og skal hann þá einnig framkvæma merkingar loðdýra, eftir því sem við verður komið og óskað er.

Hann skal mæta á fundum Loðdýraræktarfélags Íslands og félagsdeilda þess, þegar óskað er og ástæður leyfa.

Ráðunauturinn skal vera dómari á loðdýrasýningum, eða skipa annan færan mann í sinn stað, ef hann er hindraður í að mæta. Hann skal og hafa yfirumsjón og eftirlit með því, að merking loðdýra sé lögmæt og framkvæmd árlega. Heimilt er í reglugerð að ákveða merkingargjald fyrir þau dýr, er ráðunautur merkir sjálfur, og greiðist gjaldið í ríkissjóð. Ráðunauturinn skal færa ættbók yfir öll fyrstu verðlauna dýr. Heimilt er ráðunaut að taka með í ættbókina veruleg úrvalsdýr, þó að þau hafi ekki verið á sýningu.

Ráðunauturinn hefur yfirumsjón með eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

7. gr.

Á eftir 9. gr. laga nr. 94 1940 komi ný gr., svo hljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fengnum tillögum yfirdýralæknis að láta flytja inn loðdýr og reka loðdýrabú á kostnað ríkisins, til þess að ala upp fyrsta flokks loðdýr, sem síðan megi selja loðdýraeigendum til undaneldis og kynbóta. Einnig er ráðherra heimilt að veita Loðdýraræktarfélagi Íslands leyfi til að flytja inn úrvalsloðdýr til kynbóta hér á landi, ef það óskar þess fyrir hönd loðdýraeigenda.

Ráðunautur ríkisins í loðdýrarækt hefur umsjón með þeim innflutningi, sem hér um ræðir, í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands, að því leyti sem innflutningur lifandi dýra er ekki háður ákvæðum annarra laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 94 1940 inn í lög nr. 38 1937 og gefa þau út svo breytt.

Sþ.

707. Nefndarálit

um till. til þál. um byggingu björgunarskútu Vestfjarða.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin ræddi mál þetta á tveim fundum, og mætti 1. flm. á síðari fundinum og gerði grein fyrir því. Nefndin gat þó ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Einn nefndarmanna (GJ) greiddi atkvæði á móti samþykkt hennar, tveir (PO og GÍG) voru ekki við því búnir að greiða atkvæði. En við, sem undir þetta nefndarálit ritum, leggjum til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. apríl 1946.

Sig. Kristjánsson, frsm.	B. Kristjánsson.	Þórður Benediktsson.
Steingr. Aðalsteinsson.	Helgi Jónasson,	Skúli Guðmundsson.

Nd. 708. Frumvarp til laga

um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofnuð skal ný deild við Landsbanka Íslands, er nefnist stofnlánadeild sjávarútvegsins. Skal hlutverk hennar vera það að styðja sjávarútveg Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum.

Fjárreiðum stofnlánadeildarinnar skal haldið algerlega aðgreindum frá fjárreiðum annarra deilda bankans.

2. gr.

Stofnlánadeildinni skal aflað fjár til útlána:

a. Með lántökum hjá seðlabankanum samkv. 4. gr.
b. Með skylduinnlánum eigenda nýbyggingarsjóðs samkvæmt 5. gr.
c. Með útgáfu vaxtabréfa samkv. 7. gr.

3. gr.

Stofnlánadeildin veitir lán gegn 1. veðrétti í fiskiskipum og öðrum veiðiskipum. Enn fremur fiskverkunarstöðvum, þar með töldum síldarverkunarstöðvum, hraðfrystihúsum og beitugeymsluhúsum, niðursuðuverksmiðjum, verksmiðjum til vinnslu úr fiskúrgangi, lifrarbræðslum, skipasmíðastöðvum og dráttarbrautum, vélsmiðjum, verbúðum í viðleguhöfnum og öðrum fyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti í þágu sjávarútvegsins.

Forgangsrétt til lána samkvæmt 2. málslið 1. málsgr. skulu hafa félög útvegsmanna og fiskimanna, sem stofnuð eru til að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og fiskimönnum, og félög, sem meginþorri útvegsmanna á hverjum stað er þátttakandi í, í þeim tilgangi, er að framan greinir, enda skipti félögin arði af rekstri í hlutfalli við viðskipti félagsmanna.

Lán má eigi veita úr stofnlánadeild til annarra framkvæmda en þeirra, sem gerðar eru eftir 1. janúar 1944.

Lánin eru tvenns konar:

A-lán, er eingöngu má verja til greiðslu á atvinnutækjum smíðuðum erlendis og til kaupa erlendis á efni og vélum til skipasmíða eða annarra framkvæmda innanlands.

B-lán, er verja má til innlendra framkvæmda að því leyti, sem þær krefjast ekki erlends gjaldeyris.

Á skuldabréf lánþega skal skrá, hve mikill hluti lánsins er veittur sem A-lán og hve mikill hundraðshluti afborgana skoðist sem afborgun á A-láninu, en að öðru leyti skal fara með lánið sem væri það eitt.

Lánveitingar úr sjóðnum eru bundnar því skilyrði, að Nýbyggingarráð hafi samþykkt þær framkvæmdir, sem um er að ræða, sem lið í heildaráætlun þess um þjóðarbúskap Íslendinga.

4. gr.

Nýbyggingarráð úrskurðar hverju sinni, samkvæmt beiðni framkvæmdastjórnar Landsbankans, hve miklum erlendum gjaldeyri hafi verið varið til fyrirtækis, sem stofnlánadeildin lánar út á, hvort heldur er um innflutning, nýsmíði, meiri háttar endurbætur eða viðgerðir að ræða, og gildir þetta jafnt um skip sem aðrar eignir.

Samkvæmt slíkum úrskurði nýbyggingarráðs skal seðlabankanum skylt að lána stofnlánadeildinni upphæð í íslenzkum krónum, er samsvari A-lánum sjóðsins.

Seðlabankinn veitir stofnlánadeildinni lánin jafnóðum í opnum reikningi, en við hver árslok skal sameina lánveitingar þess árs í eitt lán, og má samanlögð skuld stofnlánadeildarinnar aldrei fara yfir 100 millj. kr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar stofnlánadeildarinnar gagnvart seðlabankanum.

5. gr.

Útgerðarfélög og útgerðarmenn, sem eiga fé í Nýbyggingarsjóði, sbr. lög nr. 20 1942, skulu leggja fé þetta á vaxtalausan innlánsreikning í stofnlánadeildinni, og skal féð geymt þar, unz því er ráðstafað í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Framangreindum ákvæðum skal fullnægja innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara.

6. gr.

Stofnlánadeildin skal endurgreiða seðlabankanum á hverju ári jafnháa upphæð og þau A-lán nema, er falla í gjalddaga á því ári, án tillits til þess, hvort skuldunautar deildarinnar greiða á tilteknum tíma.

7. gr.

Stofnlánadeildinni er heimilt, að svo miklu leyti sem skylduinnlán samkvæmt 5. gr. hrökkva ekki fyrir þeim B-lánum, sem talin eru æskileg, að gefa út vaxtabréf, sem hún selur á opnum markaði. Fjármálaráðherra setur reglugerð um tilhögun vaxtabréfaútgáfunnar.

Vaxtabréf stofnlánadeildarinnar eru tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.

8. gr.

Út á ný skip má lána allt að ⅔ (tveim þriðju) af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra, og út á aðrar eignir allt að ⅗ (þrem fimmtu) af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra.

Þó má lána allt að ¾ (þrem fjórðu) út á ný skip og ⅔ (tveim þriðju) út á aðrar eignir, ef bæjar- eða sveitarfélög eru lántakandi eða ganga í ábyrgð fyrir skilvísri greiðslu afborgana og vaxta.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Hafi sjóðurinn ekki nægilegt fé til að fullnægja lánsþörfinni, skulu lán til skipa- og bátakaupa sitja fyrir öðrum lánveitingum.

9. gr.

Lengsti lánstími er 20 ár fyrir ný skip, en annars 15 ár. Sé lánstími 10 ár eða lengri, skal haga afborgunum lána þannig, að helmingur lánsins eða því sem næst sé endurgreiddur, þegar liðnir eru ⅗ (tveir fimmtu) af lánstímanum. Félagi, sem fengið hefur lán úr stofnlánadeildinni og nýtur hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 3. gr. laga nr. 20 20. maí 1942, skal skylt að verja 50% af því fé, er það leggur í varasjóð til aukalegra afborgana af lánum úr stofnlánadeildinni, enda falla þá niður ákvæði 14. gr. b. í sömu lögum um framlag í nýbyggingarsjóð.

Einstaklingar og sameignarfélög, er lán hafa vengið úr stofnlánadeildinni, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum þær fjárupphæðir, er þau verja til aukalegra afborgana af lánum hjá deildinni, þó eigi hærri fjárhæð en sem nemur 20% af hreinum tekjum þeirra af útgerð á árinu, enda falla þá niður ákvæði 14. gr. í lögum nr. 20 20. maí 1942 um framlög í nýbyggingarsjóð.

10. gr.

Stofnlánadeildinni er heimilt að veita bráðabirgðalán, meðan stendur á byggingu skipa eða mannvirkja, en jafnan skulu slík bráðabirgðalán endurgreidd að fullu, þegar hin föstu stofnlán eru afgreidd.

11. gr.

Vextir af lánum úr stofnlánadeildinni skulu ákveðnir af ráðherra, en skulu þó ekki vera hærri en 2.5%. Vextir og afborganir greiðast fyrir fram fyrir eitt ár í senn eða hluta úr ári, miðað við gjalddaga, sem vera skal 1. nóvember ár hvert. Ef tilskilið ársgjald er ekki greitt að fullu á gjalddaga, má reikna 0.5% dráttarvexti af hinni vangoldnu upphæð fyrir hvern hálfan mánuð, sem greiðsla dregst.

12. gr.

Skylt er lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt vátryggðar, að vel nægi fyrir áhvílandi lánum, og tekur veðréttur stofnlánadeildarinnar jafnan einnig til vátryggingarfjárins.

Ef til útborgunar vátryggingarfjár kemur, getur stofnlánadeildin krafizt, að henni sé greidd beint upphæð, sem svarar áhvílandi láni eða lánum í deildinni.

13. gr.

Eignir þær, er stofnlánadeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð deildarinnar. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að framkvæmdastjórn Landsbankans megi tilnefna þá menn, er skulu framkvæma virðingarnar. Framkvæmdastjórn Landsbankans getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

14. gr.

Öllum skuldunautum stofnlánadeildarinnar er skylt:

a. Að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrarreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.
b. Að bjóða hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélagi forkaupsrétt eða ráðstöfun á forkaupsrétti að þeim eignum, sem lán hvílir á í stofnlánadeildinni, ef til sölu kemur, og eigandi sjálfur hefur ekki innansveitarkaupanda að.

15. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr stofnlánadeildinni komnar í gjalddaga án uppsagnar:

a. Þegar tilskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
b. Við eigandaskipti að veði fyrir láni, eða ef veðið ferst, er selt eða sett á uppboð.
c. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að lánið er eigi svo tryggt sem æskilegt er að dómi lánveitanda.
d. Ef veðsettu skipi er ekki haldið úti til fiskveiða eða fiskflutninga sex mánuði ár hvert, eða fyrirtæki hættir störfum eða breytir svo rekstri sínum, að það fullnægir ekki ákvæðum 3. gr. þessara laga.

16. gr

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur stofnlánadeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febrúar 1847, 10. gr., eða láta leggja það stofnlánadeildinni út til eignar, ef þörf er á.

Stofnlánadeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Stofnlánadeildin ber hins vegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Stofnlánadeildin getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboðið á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

17. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett í stofnlánadeildinni, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal framkvæmdastjórn Landsbankans gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

18. gr.

Stofnlánadeildin er undanþegin opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem deildin veitir eða tekur, eru undanþegin stimpilgjöldum.

Eignar- og veðbókarvottorð ber að láta deildinni í té án endurgjalds.

19. gr.

Framkvæmdastjórn Landsbankans skal á hverju miðju reikningsári, og oftar ef þörf gerist, gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag deildarinnar. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag deildarinnar.

Eftir hver áramót gefur framkvæmdastjórn ráðherra fullkominn endurskoðaðan reikning og skýrslu um hag og starfsemi deildarinnar á árinu. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

20. gr.

Í reglugerðinni fyrir stofnlánadeildina má setja þau ákvæði um stjórn hennar og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

21. gr.

Þeim einstaklingum og félögum, er gefið hefur verið vilyrði fyrir styrktarlánum úr styrktar- og lánasjóði fiskiskipa, skal gefinn kostur á að njóta hlunninda þessara laga gegn því að afsala sér rétti sínum til styrktarlánanna, eða að njóta þeirra og þá um leið þeirra vaxta og lánakjara, er gildandi voru hjá fiskveiðasjóði Íslands fyrir gildistöku þessara laga.

22. gr.

Lán, sem veitt hafa verið úr fiskveiðasjóði Íslands til framkvæmda á vegum Nýbyggingarráðs frá ársbyrjun 1945 til gildistöku þessara laga, skulu flutt í stofnlánadeild Landsbankans, og skal litið á þau sem bráðabirgðalán samkvæmt 10. gr. þessara laga.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá 1. janúar 1946 til ársloka 1949 skal gjald það, er um ræðir í lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, renna til þess að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsókna og fiskifræðirannsókna, sem reist verður á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans.

Við árslok 1949 skulu lög nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, falla úr gildi.

Ed. # 709. Frumvarp til laga

(Eftir eina umr. í Nd.)

um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera og starfrækja á sinn kostnað hafnarmannvirki í Keflavíkur og Njarðvíkurhreppum innan línu, sem dregin er stytztu leið milli Vatnsness og Hákotstanga; að öðru leyti skulu takmörk hafnarinnar ákveðin í reglugerð. Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra. Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar, sem notaðar eru við byggingu hafnarinnar eða til fermingar og affermingar í höfninni, lönd, sem höfninni eru nauðsynleg vegna bygginga mannvirkjanna, starfrækslu þeirra eða annars, er nauðsynlegt má teljast fyrir fjárhagsafkomu hafnarinnar, einnig allar nauðsynlegar leiðslur, svo sem vatns- og rafmagnsleiðslur, holræsi o. fl.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 10 millj. króna, er endurgreiðist að ⅓ úr ríkissjóði og að ⅔ úr hafnarsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir að ⅔ hlutum stofnkostnaðarins, auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar mannvirki, er þarf til að gera höfnina, og svo viðáttumikið land, sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til þess að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

Ráðherra er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs núverandi hafnarmannvirki í Keflavík og Njarðvíkum, þó ekki hærra verði en sem nemur byggingarkostnaði að frádregnu framlagi ríkissjóðs til mannvirkjanna.

Heimilt er ráðherra að fresta byggingu hafnarinnar að nokkru eða öllu leyti, þar til samningar hafa tekizt um kaupin.

4. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, er fer með hafnarmál, og fjórir meðstjórnendur, þrír kosnir af sameinuðu Alþingi og einn kosinn af sveitarstjórnum Keflavíkurhrepps og Njarðvíkurhrepps. Hafnarstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema samkvæmt leyfi stjórnar

landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar, sbr. 1. og 2. gr. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán, eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
   a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
   b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
   e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
   f. Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2 a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

11. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf

til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Skipun fyrstu hafnarstjórnar samkv. 4. gr. og kosning fyrstu endurskoðenda samkv. 13. gr. gildir til ársloka 1949.

Ed. 710. Breytingartillögur

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (GJ og IngP).

1. Við 2. gr. B. Á eftir tölulið 39 kemur nýr liður:
   Kollafjörður í Gufudalssveit.
2. Við 9. gr.
   a. Aftan við 3. mgr. komi: ef þau njóta hlunninda af hafnargerðinni.
   b. Á eftir 3. mgr. komi ný mgr., er orðist svo:
      Nú eiga einstaklingar eða félög hafskipabryggju innan hafnarsvæðis, og má þá ekki taka í hafnarsjóð bryggjugjöld né gjöld af vörum, sem um þær bryggjur fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp sambærilegu mannvirki til afgreiðslu skipa, enda er eigendum slíkra mannvirkja óheimilt að taka gjöld af vörum, sem fara um bryggjur þeirra, nema samþykki hafnarstjórnar komi til.
   c. Upphaf 4. mgr. orðist svo:
   Heimilt er að innheimta gjöld til hafnar o. s. frv.

3. Við 17. gr.
   a. Úr 5. mgr. falli niður orðin: „og lögum nr. 11 30. des." til enda greinarinnar.
   b. Aftan við greinina bætist: Lög nr. 76 14. nóvember 1917, um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna o. fl.

Sþ. 711. Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmd á lögum nr. 85 1941, um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi.

Frá Gísla Jónssyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar koma til framkvæmda ákvæði laga nr. 85 1941 um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi.

Greinargerð.

Með l. nr. 85 1941 er ríkisstjórninni heimilað að flytja prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi frá Stað á Reykjanesi að Reykhólum í Reykhólahreppi. Heimild þessi hefur þó enn ekki verið notuð. Nú er húsakostur þannig á Stað, að óhjákvæmilegt er að byggja þar nýtt hús yfir prestinn eða að kosta svo miklu fé til viðgerðar á núverandi íbúðarhúsi, að nema mundi heilu húsverði, auk þess sem kirkja staðarins er í því ásigkomulagi, að ógerlegt er að messa í henni, ef nokkuð er að veðri. Vegna þess, hve Staður er illa í sveit settur, en hins vegar fyrirhugað, að á Reykhólum verði komið upp menningarmiðstöð, ekki einasta fyrir hreppinn, heldur og fyrir alla Austur-Barðastrandarsýslu, væri það hið mesta óráð að verja miklu fé í húsabætur fyrir prestinn að Stað, og því eðlilegt, að horfið sé þegar að því að flytja prestssetrið og reisa nýjan prestsbústað á Reykhólum. Er þá og til athugunar, hvort ekki væri rétt að selja Stað og nota söluverð jarðarinnar upp í byggingarkostnað prestsbústaðarins.

Íbúar Reykhólahrepps mundu mjög fagna því, að þessi skipun gæti komizt á sem fyrst, enda hefur nú of langur tími liðið, án þess að þessu höfuðbóli hafi verið sýndur sá sómi, sem til var ætlazt, er ríkissjóður festi kaup á því.

Nd. 712. Nefndarálit

um frv. til laga um Austurveg.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað málið og rætt á nokkrum fundum. Mælir hún með því, að frv. nái fram að ganga, en tveir nefndarmenn (EmJ og SB) áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartill. við frv. eða ljá fylgi slíkum till., ef fram koma, og skrifa þeir því undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 6. apríl 1946.

Gísli Sveinsson, form., frsm.
Lúðvík Jósefsson, fundaskr.
Sveinbjörn Högnason.
Sigurður Bjarnason, með fyrirvara.
Emil Jónsson, með fyrirvara.

Nd. 713. Breytingartillaga

við frv. til l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Útgerðarfélög og útgerðarmenn, sem eiga fé í Nýbyggingarsjóði, sbr. lög nr. 20 1942, skulu leggja fé þetta á vaxtalausan innlánsreikning í stofnlánadeildinni innan 12 mánaða frá gildistöku laga þessara, og skal féð geymt þar, unz því er ráðstafað í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Sþ. 714. Viðaukatillaga

við till. til þál. um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við tillöguna bætist nýr liður:
3. Aðflutningsgjöld af pípuorgelum í kirkjur.

Sþ. 715. Tillaga til þingsályktunar

um samgöngur Norðurlands.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar, Garðar Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að samgöngum á sjó við Norðurland verði nú þegar komið í viðunandi horf.

Greinargerð.

Það hefur vakið almenna óánægju á Norðurlandi, hve skipaferðir hafa verið stopular og strjálar til hafna norðanlands seinni part líðandi vetrar. Á það má benda, að ekkert skip hefur komið til Akureyrar allan marzmánuð, og Eimskipafélag Íslands lætur líða 27 daga milli skipaferða þangað, og svipað mun ástatt um aðrar hafnir nyrðra. Í tvo mánuði hefur ein ferð fallið frá Akureyri til Austfjarða. Vörur, sem koma frá útlöndum og eiga að fara til Akureyrar og annarra hafna norðan- og austanlands, eru því nær undantekningarlaust settar á land í Reykjavík og liggja þar oft vikum saman. Þetta ófremdarástand hefur að vonum vakið almenna óánægju og gremju nyrðra, og deila blöðin „Íslendingur og „Dagur" harðlega á skipaútgerðirnar fyrir samgönguvandræðin. Verzlunarfélag Akureyrar hefur, samkvæmt kröfu almenns fundar, sent Skipaútgerð ríkisins, Eimskipafélagi Íslands og samgöngumálaráðuneytinu kvartanir yfir þessu óbærilega ástandi.

Nd. 716. Breytingartillögur

við frv. til laga um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Stofnlánadeildinni skal aflað fjár til útlána:
   a. Með skylduinnlánum eigenda nýbyggingarsjóða skv. 5. gr.
   b. Með útgáfu vaxtabréfa, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs. Skulu þau gefin út í flokkum og innleyst eftir reglum, sem fjármálaráðherra samþykkir. Nánari tilhögun vaxtabréfaútgáfunnar skal fjármálaráðherra ákveða með reglugerð.
   c. Með sérstökum lántökum gegn ríkisábyrgð hjá öðrum lánsstofnunum, enda annist fjármálaráðuneytið um þær lántökur.
   Lán skv. b- og c-lið mega ekki fara yfir 140 milljónir króna.
2. Við 3. gr. Fimm síðustu málsgreinir greinarinnar falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkissjóður greiði stofnlánadeildinni árlega fjárhæð, sem nemur vaxtahalla deildarinnar.
4. Við 6. gr. Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.
5. Við 7. gr. greinin falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.

Nd. 717. Breytingartillögur

við frv. til l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Eysteini Jónssyni og Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 3. gr. Í stað þriggja fyrstu málsgreinanna komi nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
   Stofnlánadeildin veitir lán gegn 1. veðrétti í:
   a. fiskiskipum og öðrum veiðiskipum.
   b. fiskverkunarstöðvum, þar með töldum síldarverkunarstöðvum, frystihúsum, beitugeymslum, niðursuðuverksmiðjum, niðurlagningarstöðvum, verksmiðjum til vinnslu úr fiskúrgangi og lifrarbræðslum.
   c. verbúðum á viðleguhöfnum.
   Forgangsrétt til lána samkvæmt b-lið hér að framan hafa félög útvegsmanna og fiskimanna, sem stofnuð eru til þess að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og fiskimönnum, og félög, sem þorri útvegsmanna á hverjum stað er þátttakandi í, í þeim tilgangi, er að framan greinir, enda skipti félögin arði af rekstri í hlutfalli við viðskipti félagsmanna.
   Heimilt er að lána félögum þeim, sem um getur í næstu málsgrein hér á undan, til byggingar skipasmíðastöðva, dráttarbrauta, vélsmiðja og annarra fyrirtækja, sem þau reka eingöngu eða að langmestu leyti í þágu sjávarútvegsins.
   Lán má eigi veiða úr stofnlánadeildinni til annarra framkvæmda en þeirra, sem gerðar eru eftir 1. jan. 1944.
2. Við 8. gr. Á undan síðustu málsgr. greinarinnar komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Lán má þó ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar virðingar- eða kostnaðarverði eignar, sem lánað er út á, að frádreginni eign lántakanda í nýbyggingarsjóði. Hafi lántakandi sannanlega gert ráðstafanir til kaupa á fleiri en einu framleiðslutæki, má skipta nýbyggingarsjóði hans til kaupa á þessum framleiðslutækjum, enda takist þau í notkun innan tveggja ára, frá því sótt er um lánið.

Ed. 718. Breytingartillaga

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 35. gr. Við 2. málsgr. bætist: Enn fremur skal kenna börnum rétt rím í sambandi við helztu íslenzka bragarhætti.

Nd. 719. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 126 30. des. 1943, um viðauka við og breyt. á l. nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur sent málið til umsagnar vegamálastjóra, og fylgir hér með álit hans. Nefndin mælir með samþykkt frumv. óbreytts. Þó áskilur SB sér rétt til að flytja breytingartillögur við 1. og 2. gr., og er fyrirvari hans bundinn við það.

Einn nefndarmanna, EmJ, var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. apríl 1946.

Gísli Sveinsson, form.	Lúðvík Jósefsson, fundskr., frsm.	Sveinbjörn Högnason.
	Sigurður Bjarnason, með fyrirvara.	

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 27. febrúar 1946.

Frv. til laga um breyting á lögum um benzínskatt.

Lög nr. 84 1932 um bifreiðaskatt o. fl. þurfa að mínu áliti nokkurra breytinga, sömuleiðis lög nr. 126 1943.

Samkvæmt lögunum er benzínskatturinn 4+5 aurar af hverjum lítra. Þegar þau voru fyrst sett, var benzínverðið meir en helmingi lægra en það er nú. Tilgangurinn með benzín- og bifreiðaskattinum yfirleitt var að afla álitlegra tekna til þess að standast aukinn kostnað til vegabóta. Síðan hefur allur vegabótakostnaður hækkað stórkostlega. Þannig viðhaldskostnaður þjóðvega einn meir en tífaldazt. Ég hygg, að það sé almennt viðurkennt, að benzínskattur sé réttlátur og eðlilegur tekjustofn, og hér mun hann nú miklu lægri en í öðrum löndum. Mér þætti mjög eðlilegt, að skatturinn yrði að minnsta kosti tvöfaldaður. Þessi skattur nam samtals 1944 um 1.75 millj. kr., þar af fór í brúasjóð kr. 372059.15. Þá væri og réttmætt að hækka innflutningsgjald af bifreiðagúmmí úr kr. 1.00 af hverju kg.

Ég hef þó orðið þess var, að á Alþingi muni, eins og sakir standa, ekki vera áhugi fyrir hækkun þessara skatta.

Í 8. gr. laganna frá 1932 eru ákvæði um, hvernig verja skuli tekjum samkvæmt lögunum. Þessi ákvæði hafa nú um mörg ár verið dauður bókstafur og lítið sem ekkert eftir þeim farið.

Í 1. gr. laganna frá 1943 er ákvæði um 5 aura viðaukagjaldið af benzíni, og hefur það verið framlengt fyrir eitt ár í senn. Eðlilegt virðist, eins og komið er, að benzínskatturinn verði sameinaður í eitt gjald.

Í 2. gr. sömu laga er ákvæði um að verja nokkrum hluta viðaukaskattsins til brúagerða og þá fyrst til brúar á Jökulsá á Fjöllum. Hefur sú brúargerð nú verið ákveðin og var fyrir hendi í brúarsjóði um síðastliðin áramót um 1.45 millj. kr., en brúin er áætluð að kosta um 1.4 millj. kr.

Í sömu grein er ákvæði um að verja allt að 100 þús. kr. á ári 1945 og 1946 til Krísuvíkurvegar.

Teldi ég fyllstu þörf að endurskoða þessa löggjöf og koma í fastara form og nokkuð til frambúðar, svo ekki þurfi að fitja upp á nýjum breytingum að heita má á hverju þingi. Þyrfti það að gerast áður en Alþingi kemur næst saman.

Hins vegar er nauðsynlegt að gera á þessu þingi nokkrar breytingar á lögunum frá 1943.

Þar sem fyrirsjáanlegt er, að innflutningsgjaldsviðaukinn, 5 aurar á hvern lítra benzíns, er orðinn fastur skattstofn, virðist ekki ástæða til þess að hafa hann tímabundinn, og vil ég því mæla með breytingu á þskj., 69 um að fella burt tímatakmörkin.

Í 2. gr. þarf að fella burt ákvæðið um Jökulsárbrú, og þar sem sennilega verður ekki í sjóði um næstkomandi áramót nema tæplega ½ millj. kr., þykir mér ekki ástæða til þess að setja inn ákvæði um byggingu neinnar ákveðinnar brúar. Ég vil þó láta í ljós það álit mitt, að, að frágengnum brúm á Hvítá hjá Iðu og nýrri brú á Þjórsá, þá tel ég, að af stórbrúm eigi brú á Jökulsá í Lóni að sitja fyrir.

Virðist mér heppilegast með tilliti til væntanlegrar endurskoðunar laganna, að 2. gr. orðist svo:

„Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal verið að ⅗ hlutum til að greiða kostnað við nýlagningar þjóðvega, en að ⅖ hlutum til brúagerða."

Virðingarfyllst,
Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis.

Ed. 720. Frumvarp til laga

um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI
Um verkamannabústaði.

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna og annarra þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem hafa ekki tekjur né eiga eignir yfir það hámark, er greinir í 4. lið 6. gr. laga þessara, og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna.

2. gr.

Byggingarsjóður lánar til byggingar samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi sveitarstjórn fært félagsmálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar.

3. gr.

Byggingarsjóður skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefur verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem nemur ekki minna en 4 krónum og ekki meira en 6 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt.
2. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til þess krónufjölda á íbúa kaupstaðar eða kauptúns, er sveitarstjórn þar hefur ákveðið með samþykkt þeirri, er í 1. lið segir, að leggja fram til sjóðsins, þegar sýnt er, að þörf er fyrir starfsemi byggingarsjóðs. Sbr. 2. gr.
3. Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn kr. 150000.00, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkv. 14. gr. l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.
4. Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður. En hlutaðeigandi sveitarsjóður, sbr. 2. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu. Gefa skal út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

Meðan visitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og sveitarsjóðs til byggingarsjóðs samkv. 1. og 2. tölulið hækka til samræmis við visitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.

Heimilt er stjórn byggingarfélags að stofna innlánsdeild í sambandi við byggingarsjóð, sem tekur við innlögum frá mönnum á félagssvæðinu, sem vilja tryggja sér húsnæði hjá félaginu. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi innlánsdeilda þessara að fengnum tillögum stjórnar byggingarsjóðs þ. á m. um það, hvenær þeim, sem slíkum innlögum hafa safnað, skuli fengin íbúð.

4. gr.

Byggingarsjóður veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni, og skal félagið reist á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

Heimilt er að stofna deildir, sem hafa sérsamþykktir, innan byggingarfélags, þegar 50 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn félagsins.

Lán þessi skulu vera tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, og mega þau nema allt að 90% af kostnaðarverði eignarinnar. Lánin séu affallalaus. Þau endurborgast með jöfnum árlegum greiðslum á 42—75 árum.

Úr byggingarsjóði má veita lán með eftirgreindum kjörum:

A. flokkur. Lánshæð allt að 90% af kostnaðarverði hússins; lánstími 75 ár.
B. flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 60 ár.
C. flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 42 ár.

Vextir í öllum lánaflokkum skulu vera 2% — tveir af hundraði —.

Stjórn byggingarsjóðs ákveður, að fengnum tillögum sveitarstjórnar og stjórnar byggingarfélags, hvers konar lánskjör eru hverju sinni veitt.

Heimilt er lántakendum að greiða byggingarlán að fullu, hvenær sem þeir óska þess.

5. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkissjóðsábyrgð að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

6. gr.

Byggingarfélög hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 4. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð fimm mönnum, og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórn-

arnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. töluliðar þessarar greinar.

2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
3. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni með eins til fjögurra herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag byggingarinnar samþykkt af félagsmálaráðuneytinu.
4. Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 7000 króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 1000 krónum fyrir hvern ómaga, né yfir 10000 króna eignir. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.
5. Að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarsjóðsins ákveður.
6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, og með þeim láns- og vaxtakjörum, sem ákveðin eru samkv. 4. gr. Skal gerður sérstakur kaupsamningur um hverja íbúð við þann, er íbúðina fær, og eru þeir samningar undanþegnir stimpilgjaldi.

   Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að íbúðinni, enda gerist þau þá löglegir félagar byggingarfélagsins.
7. Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleiga metin reglulega á 10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal sveitarfélaginu skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.
8. Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefur íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun, sem samkv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkv. mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.
9. Að ákveðið sé með reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innan húss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
10. Að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og ráðuneytið staðfest þær.

7. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlun, dagheimili, leiksóla fyrir börn og mötuneyti. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 6. gr. 9. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

8. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 5 menn, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi, til fjögurra ára í senn. Félagsmálaráðherra skipar einn þeirra formann sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkv. reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, en sjóðsstjórninni er heimilt að lána fé sjóðsins til bráðabirgða milli deilda, ef það þykir henta.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með, að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinna samkv. 6. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn, einn eða fleiri, í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi sveitarfélag hefur rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og allri starfsemi byggingarfélagsins og hefur rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álítur, að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

9. gr.

Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefur verið til bygginganna. Ef stjórn byggingarsjóðs hefur eigi borizt í hendur reikningur byggingarfélags yfir síðasta ár fyrir 1. sept. ár hvert, er óheimilt að halda áfram lánveitingum til félagsins fyrr en reikningurinn berst sjóðsstjórninni í hendur.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

10. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða, að sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefur það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndauppdrætti af húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún í samráði við stjórn byggingarsjóðs og hlutaðeigandi sveitarstjórnir öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI

Um byggingarsamvinnufélög.

12. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eignarframlögum félagsmanna (sjá 15. gr.) og reka lánastarfsemi.

13. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og

atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri á stöðum með færri en 1000 íbúa, 30 á stöðum með 1000 íbúa eða fleiri utan Reykjavíkur og 50 í Reykjavík koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

14. gr.

Nú vill sveitarstjórn beita sér fyrir og taka þátt í stofnun byggingarsamvinnufélags til byggingar fjölbýlishúsa með hæfilega stórum, heilsusamlegum íbúðum og sameiginlegum þægindum. Skal sveitarstjórn þá hlutast til um, að almennur fundur sé haldinn á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri og kjörnir fulltrúar bæjar- eða sveitarfélagsins koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við þessi lög, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

15. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félagsmanns til byggingar húss eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félags, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands.

   Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu, verði félagsmaður fátækrastyrksþurfi, og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán, og mega þau nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, er félagið reisir. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán í þeim flokki.

   Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar.

16. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 15. gr. A. hér að framan. Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 80% af kostnaðarverði eignarinnar. Heimilt er þó félagsstjórn að veita lán gegn 2. veðrétti, þó þannig, að samanlagður 1. og 2. veðréttur nemi eigi hærri upphæð en 80% af kostnaðarverði. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

17. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða

aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937.

18. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði, auk þess sem um ræðir í 15. gr. A.:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefur ákveðið og samþykktar hafa verið af félagsmálaráðuneytinu.

B. Að húsin séu reist á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af félagsmálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.

C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent félagsmanni gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.

Heimilt er þó félagsstjórn að leyfa, að félagsmenn reisi hús sín sjálfir, ef það er undir umsjón og eftirliti byggingarfulltrúa félagsins eða annars byggingarfróðs manns, sem félagsstjórnin telur gildan.

D. Að félagsmaður sé fjárráða og heimilisfastur innan þess svæðis, sem félagið nær yfir.

19. gr.

Byggingarsamvinnufélag, sem stofnað er að tilhlutun sveitarstjórnar samkv. 14. gr., skal í starfsemi sinni bundið við ákvæði 2., 3., 6., 7. og 9. töluliðar 6. gr. svo og ákvæði 7. gr. I. kafla laga þessara að því leyti, sem við getur átt, þó með þeirri undantekningu, að íbúðir þær, sem félagið reisir, megi vera allt að 500 rúmmetrum að stærð.

20. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutun félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættri verðhækkun samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkvæmt mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Ákvæði þessi taka þó ekki til húsa þeirra, er byggingarsamvinnufélög hafa reist fyrir 1. janúar 1946, og fer um sölu þeirra og leigu eftir ákvæðum laga nr. 43 frá 1942, um breyting á lögum um byggingarsamvinnufélög.

21. gr.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt 20. gr., og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, nema því aðeins, að hann sanni, að þegar kaupin fóru fram, hafi honum verið ókunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

22. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau þá löglegir meðlimir félagsins.

23. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að verða á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

24. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

25. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndauppdrætti bæði af sérbyggingum og sambyggingum til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög og lætur þær í té án endurgjalds.

Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

26. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 1937.

III. KAFLI

Um íbúðabyggingar sveitarfélaga.

27. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fólk býr í heilsuspillandi íbúðum (bröggum, útihúsum, háaloftum, kjöllurum o. s. frv.) og ekki verður úr bætt á nægilega skömmum tíma að dómi sveitarstjórnarinnar með þeirri aðstoð ríkisins og sveitarfélaganna, sem um getur í I. og II. kafla þessara laga, ber sveitarstjórn kaupstaðarins eða kauptúnsins að ráða bót á húsnæðisvandræðunum, og nýtur hún til þess þeirrar aðstoðar ríkisins, sem í þessum kafla segir.

28. gr.

Sveitarstjórn lætur safna skýrslum um fjölskyldur þær í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, og kynnir sér efnahag þeirra og atvinnu svo og fyrirætlanir þeirra um útvegun húsnæðis.

29. gr.

Að skýrslugerð þessari lokinni skal sveitarstjórn semja áætlun um, hversu margar íbúðir þurfi að gera til þess að bæta úr þörfum þeirra, sem búa í heilsuspillandi íbúðum og ekki fá á annan veg tryggt sér viðunandi húsnæði, svo og kostnaðaráætlun og áætlun um, hversu langan tíma sú framkvæmd muni taka, og skal stefnt að því, að henni verði lokið á fjórum árum.

30. gr.

Skýrslur þær, og áætlanir, sem um getur í 29. gr., skal senda ríkisstjórninni ásamt rökstuðningi sveitarstjórnar fyrir því, að ekki verði bætt úr húsnæðisþörfinni á nægilega skömmum tíma með þeim aðgerðum, sem í I. og II. kafla þessara laga segir.

31. gr.

Nú færir sveitarstjórn félagsmálaráðuneytinu sönnur á, sbr. 29. gr., að nauðsyn sé slíkra íbúðarbygginga, sem hér um ræðir, og skal þá ríkissjóður lána þeim sveitarfélögum, sem reisa slíkar íbúðir, 75% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, en þar skal ekki lóð með talin. Lán þessi skulu vera til 50 ára með 3% ársvöxtum, og greiðast vextir og afborganir með jöfnu, árlegu gjaldi. Ríkissjóður leggur enn fremur fram 10% og sveitarsjóður 15% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaust lán til 50 ára. Lán þessi eru afborgunarlaus fyrstu 15 árin, en greiðast síðan með jöfnum árlegum greiðslum en án vaxta á 35 árum. Sveitarstjórnum er heimilt að taka lán til þessa framlags, ef fé er ekki fyrir hendi í sveitarsjóði. Ríkisstjórninni er heimilt að fella afborganir þær niður af 10% framlagi ríkissjóðs, er að ofan getur, ef sveitarstjórn ákveður að gera það að sínum hluta (15%).

32. gr.

Til tryggingar 75% láni ríkissjóðs skal vera 1. veðréttur í húseignum þeim, sem reistar eru, þar til er lánin eru að fullu greidd.

33. gr.

Fé það, sem ríkissjóður lánar sveitarfélögunum til íbúðabygginga samkvæmt þessum kafla, getur ríkisstjórnin tekið að láni. Vaxtamismun, sem verða kann á lánastarfsemi þessari, greiðir ríkissjóður.

34. gr.

Sveitarstjórn byggir íbúðir þessar og ræður gerð þeirra og stærð, allt í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar staðarins og skipulagsuppdráttar, ef til er.

Íbúðir þær, sem byggðar eru samkv. III. kafla þessara laga, skulu leigðar þeim, er í heilsuspillandi íbúðum búa, og skulu þeir ganga fyrir, sem búa við lakast húsnæði og erfiðastar heimilisástæður. Skal leitað álits heilbrigðisnefndar, ef til er, ella héraðslæknis, um það í hverri röð menn fái íbúðirnar.

35. gr.

Íbúðir þær, sem reistar eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, eru eign sveitarfélagsins og leigjast þeim, sem þær eru byggðar fyrir, við leigu, sem eigi má hærri vera en sambærileg leiga í leiguhúsum af sambærilegri gerð, sem einstaklingar eiga. Heimilt er þó sveitarstjórn að selja íbúðirnar þeim, sem þær hafa fengið til íbúðar, á kostnaðarverði og með hagkvæmum greiðsluskilmálum.

36. gr.

Sveitarfélög, sem íbúðir reisa með þeirri ríkisaðstoð, sem í þessum kafla segir, skulu hafa sérstakt reikningshald fyrir húsbyggingar þessar og starfrækslu þeirra. Skal leggja mánaðarlega leigu og afborganir, ef íbúðir eru seldar, í sérstakan reikning, og geymist fé þetta þar, unz að gjalddögum kemur á lánum ríkissjóðs, en þá skal því varið til afborgana og vaxtagreiðslna af þeim. Nú hrökkva tekjur af húseignunum ekki eitthvert ár til fullrar greiðslu, og skal þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði.

37. gr.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra staðfestir, skal sveitarstjórn kveða nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd á byggingum íbúðarhúsa sveitar-

félaganna svo og leigukjör, söluskilmála, viðhald og hvað eina, sem nauðsynlegt verður talið að ákveða þar sérstaklega, þ. á m., hvernig fara skal að um sölu slíkra íbúða, ef eigendaskipti verða eða eigandi vill losna við íbúð sína. Skal reynt að haga svo til, að greiðslur einstaklinga fyrir húsnæði sveitarfélaganna verði í sem mestu samræmi við greiðslur þeirra, sem hjá byggingarfélögum fá íbúðir. Í reglugerð skal og ákveða þau viðurlög, sem ástæða þykir að setja.

IV. KAFLI

Um innflutning og skiptingu byggingarefnis o. fl.

38. gr.

Á meðan skortur er á íbúðarhúsnæði í landinu og erfiðleikar eru á innflutningi nægilegs byggingarefnis, að dómi ríkisstjórnarinnar, skal viðskiptaráð, á meðan það starfar, ella sú stofnun, sem ríkisstjórnin ákveður, kveða á um, til hverra nota fari það byggingarefni, sem flutt er til landsins. Kveða skal á um það með reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum þess aðila, er að framan getur, hverjar byggingar og framkvæmdir skuli ganga fyrir um byggingarefni, og skal þá einkum miðað við þörf íbúðarhúsnæðis og nauðsyn atvinnulífs og almenningsstofnana. Þá skal og í reglugerð mæla fyrir um önnur þau atriði, sem þörf er á, til að lög þessi nái tilgangi sínum.

39. gr.

Nú kemst sveitarfélag, sem lán hefur fengið til húsbygginga samkvæmt III. kafla laga þessara, í greiðsluþrot eða er sett undir eftirlit samkvæmt lögum um eftirlit með sveitarfélögum eða það vanrækir um tveggja ára tíma skuldbindingar sínar vegna byggingarlána gagnvart ríkissjóði, og tekur þá ríkisstjórnin í sínar hendur framkvæmd alla og stjórn á húseignum þess sveitarfélags, sem í hlut á og reistar hafa verið samkvæmt III. kafla laga þessara.

40. gr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

41. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal ef byggingarefni er í heimildarleysi varið til annarra þarfa en lög þessi ákveða, varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

42. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 3 frá 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, lög nr. 71 frá 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur þau lagaákvæði, sem fara í bág við lög þessi.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 721. Breytingartillaga

við frv. til l. um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal annast um byggingu verksmiðjunnar og stjórn hennar. Nánari ákvæði um rekstur verksmiðjunnar skal setja með reglugerð.

Nd. 722. Breytingartillögur

við frv. til l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Pétri Ottesen.

1. Við 3. gr. Aftan við 1. mgr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Loks veitir stofnlánadeildin bæjar- og sveitarfélögum lán til hafnarmannvirkja og lendingarbóta gegn ríkisábyrgð.
2. Við 4. gr. Fyrir „100 millj. kr." í 3. mgr. kemur: 120 millj. kr.
3. Við 8. gr. Í stað 1. og 2. mgr. kemur:
   Út á ný skip má lána allt að ¾ (þrem fjórðu) af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra, og út á aðrar eignir allt að ⅔ (tveim þriðju) af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra. Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta skal lánsfjárhæð þó aldrei hærri vera en ríkisábyrgð er fyrir samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur.
4. Við 12. gr. Við fyrri mgr. bætist: Ákvæði þetta tekur þó ekki til lána til hafnarmannvirkja og lendingarbóta.
5. Við 14. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til lánþega vegna hafnarmannvirkja og lendingarbóta.

Nd. 723. Nefndarálit

um frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á nokkrum fundum og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Flytur hún breytingartillögur sínar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. apríl 1946.

Jón Pálmason, form., frsm. Bjarni Ásgeirsson, fundaskrifari. Jón Sigurðsson.
Barði Guðmundsson. Sigurður Guðnason.

Nd. 724. Breytingartillögur

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 4. gr. Endir greinarinnar frá orðunum: „Koma ekki til álits" orðist svo: Nýbýlastjórnar samkvæmt lögum um landnám o. fl.
2. Við 5. gr. Á undan síðustu málsgrein komi ný málsgrein þannig:
   Við ákvörðun lánanna skal stjórn sjóðsins taka tillit til þess, hvað mikil önnur veðlán hvíla á eigninni.

3. Við 8. gr.
   a. Á eftir orðunum „lánið er veitt til“ í 2. lið bætist: ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum.
   b. Á undan síðustu málsgrein komi ný málsgrein þannig:
      Ábyrgð hrepps eða sýslufélags kemur því aðeins til greina, að um verksmiðjur eða vinnustöðvar sé að ræða, sem félag stendur að, enda komi þá til heimild æðri stjórnarvalda.
4. Við 16. gr. Síðari málsliður falli burt.
5. Við 20. gr. Fyrir orðin „þegar gildi“ komi: gildi 1. janúar 1947.

Nd. 725. Breytingartillaga

við frv. til laga um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 4. gr. Fyrir „100 millj. kr.“ í 3. mgr. komi: 150 millj. kr.

Ed. 726. Breytingartillaga

við frumv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 2. gr. B. Á eftir 43. lið komi nýr liður:
Loftsstaðasandur í Árnessýslu.

Nd. 727. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Veðdeild Landsbankans skal gefa út bankavaxtabréf allt að 60 millj. króna, og nefnist sá flokkur vaxtabréfanna 16. flokkur veðdeildarinnar.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:
Auk veðskuldabréfa, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum þessa flokks vera:
1. Varasjóður flokksins.
2. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan er greint.

3. gr.

Fyrri málsgrein 4. gr. orðist svo:

Vextir af bankavaxtabréfum 16. flokks skulu vera 4%, og skal með reglugerð, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, ákveðið, hvar vextirnir skulu greiðast og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Síðari málsgrein skal óbreytt standa.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Fé 16. veðdeildarflokks má lána bæjar- og sveitarfélögum og byggingarsamvinnufélögum í kaupstöðum og kauptúnum gegn veði í húseignum með lóðum og lóðarréttindum. Enn fremur má lána fé 16. veðdeildarflokks einstaklingum, einum eða fleirum saman, er sjálfir hafa að íbúð húseign þá, er sett er að veði fyrir láninu. Ef lántakandi er einstaklingur og selur eða leigir húseignina eða hluta af henni, telst lánið fallið í gjalddaga án uppsagnar. Húseignir þær, sem settar eru að veði, skulu vátryggðar í vátryggingarstofnunum, er bankastjórnin tekur gildar.

Hvert lán skal vera 75% lóðarverðs, miðað við fasteignamat, og 50% kostnaðarverðs hinna veðsettu húseigna, sé um ný hús að ræða. Sé um hús eldri en eins árs að ræða, skal miða við hið upprunalega kostnaðarverð að frádreginni hæfilegri fyrningu. Kostnaðarverð húsanna sé reiknað eftir vísitölu byggingarkostnaðar þess árs, sem þau eru reist.

5. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Úttekt á eignum þeim, sem veðdeildarflokkurinn tekur að veði, skal á kostnað lánþega fara fram á þann hátt, sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð. Skal stjórn Landsbankans heimilt að nefna til menn, er um skulu dæma, hvort veðin séu þess virði, sem lántakandi hefur upp gefið, en bæjar- eða sveitarstjórn sú, er hlut á að máli, getur áfrýjað úttektinni til fjármálaráðherra. Stjórn Landsbankans er enn fremur heimilt að krefjast skírteinis virðingarmanna á fimm ára fresta um það, að veðinu sé vel við haldið.

6. gr.

8. gr. laganna falli burtu, en í stað hennar komi sem 8. gr.:

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

7. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Lánstíminn má vera allt að 35 árum, ef veðið er vandað steinhús með góðri lóð eða lóðarréttindum, og allt að 25 árum, ef veðið er vandað timburhús.

8. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Lán þau, sem veðdeildin veitir úr 16. flokki, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma þeim í gjaldgenga peninga affallalaust.

9. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

10. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Þá er lokið er skuldbindingum veðdeildarflokks þess, sem stofnaður er með lögum þessum, rennur varasjóður hans til næstu flokka, sem stofnaðir verða til að halda áfram veðlánastarfsemi bankans. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

11. gr.

2. gr. laganna, 5. gr., 12.—23. gr., svo og 25. og 26. gr. laganna haldist óbreyttar að öðru en því, að þar sem stendur „þessir flokkar", „veðdeildarflokkar" eða „hlutaðeigandi veðdeildarflokkar" komi: flokkurinn eða veðdeildarflokkurinn.

Greinargerð.

Það mun ekki vera of fast að orði kveðið, ef sagt er, að lánastarfsemi til húsabygginga hér á landi sé í fullkomnum ólestri. Með stofnun veðdeildarinnar hefur löggjafinn viljað tryggja það, að þeir, er réðust í slíkar framkvæmdir, gætu átt öruggan aðgang að hagkvæmum lánum gegn fyrsta veðrétti, er svaraði til allt að ¾ virðingarverðs fasteignarinnar, og er þá vitaskuld búizt við, að virðingarverð og kostnaðarverð nýrra húsbygginga sé mjög nálægt hvort öðru. Þegar fasteignaverð og byggingarkostnaður stórhækkar hér á landi á stríðsárunum, er þessi löggjöf gerð einskis nýt með því, að stjórn veðdeildarinnar setur virðingarverð svo lágt, að það er ekki nema örlítill hluti af raunverulegu kostnaðarverði. Sem stendur mun þetta virðingarverð liggja nálægt 28% af kostnaðarverði, svo að lán veðdeildarinnar munu hæst nema 14% af kostnaðarverði, þar sem aðeins mun lánaður helmingur virðingarverðs. Með þessu er almenningi gert ókleift að notfæra sér lánsskilmála veðdeildarinnar, og honum kastað í arma braskara á þessu sviði, er veita lán gegn miklu óhagstæðari kjörum. Reyndin hefur einnig orðið sú, að veðdeildin hefur á þessum árum verið dauð stofnun. Hún hefur á árunum 1940—44 veitt lán að upphæð aðeins um 18 millj. kr., á sama tíma, sem talið er, að í Reykjavík einni hafi verið byggt fyrir að minnsta kosti 160 millj. kr. Kjör þau, sem hægt hefur verið að fá á brasklánamarkaðinum utan bankanna, munu undanfarið hafa verið lánsupphæð um það bil 28% af kostnaðarverði, vextir 6% og þóknun 2%. Nú orðið mun einnig vera farið að þrengjast mjög um lán, einnig með slíkum óhagstæðum kjörum. Með þessu móti hefur allri lánastarfsemi til bygginga verið skipað niður á það villimannlega frumstig, er ríkjandi var fyrir daga reglulegrar bankastarfsemi, og í því skjóli hefur ýmislegt óheilnæmt brask og okur getað þróazt.

Með breytingum þeim á lánaskilmálum 16. veðdeildarflokks, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, er ætlunin að ráða bót á þessu ófremdarástandi og gera veðdeildina aftur að stofnun, er vinni það hlutverk, sem henni upprunalega var ætlað, að tryggja almenningi hagkvæm fyrsta veðréttar lán að verulegri upphæð af kostnaðarverði húsbygginga. Aðalbreytingin er í því fólgin, að lán séu miðuð við 75% af fasteignamatsverði lóðar og 50% af kostnaðarverði, í stað þess, að áður var aðeins miðað við virðingarverð, er bankastjórnin gat ákveðið af eigin geðþótta með þeim afleiðingum, er áður er lýst. Kostnaðarverð skal miðað við visitölu byggingarkostnaðar þess árs, sem húsin eru reist. Þar sem vísitala byggingarkostnaðar liggur nokkuð fyrir neðan raunverulegt kostnaðarverð, mun hér ekki vera um að ræða meira en um það bil 45% af núverandi kostnaðarverði. Verða þessi lán því að teljast vel tryggð í húseignum þeim, sem þau eru lánuð út á, jafnvel þótt um mikið verðfall yrði að ræða á fasteignum, sem þó virðist ekki mikið útlit fyrir í bráð. Vegna þess eftirlitsleysis, er nú er ríkjandi af hálfu þess opinbera, hvað snertir húsaleiguokur, hefur þótt nauðsyn bera til að setja ákvæði til tryggingar því, að húsabraskarar gætu ekki notið góðs af þessum hagkvæmu lánum, en leigj-

endur þeirra ekki orðið þeirra aðnjótandi í lægri húsaleigu. Er því fyrst og fremst ætlazt til, að bæjar- og sveitarfélög og byggingarsamvinnufélög hafi aðgang að þessum lánum, og enn fremur einstaklingar þeir, er byggja fyrir sjálfa sig, en ekki til að selja eða leigja öðrum. Það ákvæði hefur því verið sett, að lán, er veitt hafa verið einstaklingum, skuli teljast fallin í gjalddaga, þegar er selt er eða leigt öðrum. Með því verður að vera strangt eftirlit frá veðdeildarinnar hálfu, að ekki sé farið í kringum þessi ákvæði og lánin þannig misnotuð. Um þetta atriði er ætlazt til, að nánari ákvæði verði sett í reglugerð.

Önnur breyting, sem gert er ráð fyrir, er sú, að vextir af bankavaxtabréfum 16. flokks séu ákveðnir 4%, en um hæð vaxta hefur ekki verið neitt ákveðið hingað til. Þar sem árlegt tillag til að borga kostnað og til varasjóðs er ½%, verða vextir til lántakanda 4½%. Það verður að teljast mjög óeðlilegt og tiðkast nú orðið hvergi, að vextir af ríkistryggðum lánum sem þessum séu hærri en 4%, og verður þjóðbankinn með kaupum slíkra skuldabréfa að sjá til þess, að vextir hækki ekki yfir það mark. Raunverulega hafa vextir af bréfum veðdeildarinnar ekki verið hærri en sem þessu nemur, svo að ekki er hægt að telja, að hér sé nein óeðlileg kvöð lögð á bankann.

Með tillögum þessa frumvarps er ætlunin að ráða nokkra bót á einni hlið þess vandræðaástands, sem nú er ríkjandi í byggingarmálunum. Til nokkurn veginn sæmilegrar lausnar þeirra mála þarf vitaskuld miklu róttækari aðgerðir, en þessar breytingar á lánastarfsemi veðdeildarinnar mundu þó nokkru fá áorkað, ef þær næðu fram að ganga.

Sþ. 728. Tillaga til þingsályktunar

um samgöngur á sjó.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að samgöngum með ströndum fram verði án tafar komið í viðunandi horf og að samgöngum við önnur lönd verði hagað þannig að sem mestir vöruflutningar geti átt sér stað án umhleðslu.

Greinargerð.

Í strandferðamálum hefur nú undanfarið ríkt slíkt öngþveiti, að furðulegt má teljast. Þarf að leita langt aftur í tímann til þess að finna fordæmi fyrir því, sem gerzt hefur undanfarna mánuði um lestaflutning á fólki, strjálar ferðir o. fl. Þetta er afsakað með því, að Esja er í viðgerð. Ekki er sú afsökun nægileg, þegar þess er gætt m. a., hvílíka aðstöðu ríkisstjórnin hefur gagnvart Eimskipafélaginu vegna samstarfs um erlend leiguskip o. fl.

Flutningsmaður þessarar tillögu hefur búizt við því sífellt undanfarið, að bætt yrði úr þessu ástandi, en þar sem ekki bólar á slíku, en langt komið setu Alþingis, þykir rétt, að Alþingi segi skoðun sína um málið.

Þá er annað atriði þýðingarmikið. Ekki hefur þess enn þá orðið vart, að breytt hafi verið um stefnu um vöruflutninga frá öðrum löndum, þótt styrjöldinni sé lokið og meiri skipakostur til umráða en áður. Umhleðslustefnunni er haldið enn þá, til stórtjóns fyrir mikinn þorra landsmanna. Ríkisstjórnin hefur tvímælalaust möguleika til þess að hafa mikil áhrif á framkvæmd þessara mála, m. a. vegna leiguskipanna, sem Eimskipafélagið fær fyrir milligöngu stjórnarinnar. Þess vegna þykir flm. rétt og nauðsynlegt, að Alþingi geri ályktun um það, hverja stefnu það aðhyllist í þessu máli.

Nánar í framsögu.

Ed. 729. Lög

um dósentsembætti í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu í heimspekideild Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 553.

Nd. 730. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur rætt þetta frv. á fundum, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Tveir nefndarmenn (ÞB og StJSt) vilja afgreiða málið með rökstuddri dagskrá. Aðrir tveir nefndarmenn (GTh og GÞ) vilja samþykkja frumvarpið óbreytt, en einn nefndarm. (JörB) mun skila sérstöku nefndaráliti.

Nefndin leitaði umsagnar bæjarráðs og húsaleigunefndar um frumvarpið, og er umsögn þeirra prentuð með þessu nefndaráliti.

Við, sem viljum samþykkja frumvarpið óbreytt, teljum, að stefna beri að því að afnema húsaleigulögin og að í þessu frumvarpi felist ekki annað en eðlilegar breytingar, sem hægt sé að gera nú þegar og séu til verulegra bóta, þó að áfram séu veruleg höft á umráðarétti húseigna. Við teljum, að álit húsaleigunefndar sé villandi, og niðurstöður þær, sem nefndin hefur komizt að, því ekki réttar, og mun það nánar rakið í framsögu.

Þær breytingar, sem í frumvarpinu felast frá gildandi löggjöf, eru þessar:

1. Heimilt sé að láta rýma húsnæði fyrir systkini sín, ef þeim er að dómi húsaleigunefndar brýn þörf húsnæðisins. Virðist sanngjarnt, að nánustu ættingjar eins og systkini hafi meiri rétt til húsnæðisins en algerlega óviðkomandi aðilar.

2. Í húsaleigulögunum 1943 er heimildin til að láta rýma húsnæði fyrir sjálfan sig og nánustu skyldmenni bundin við það, að viðkomandi hafi eignazt íbúðina fyrir 9. sept. 1941, en hér er gert ráð fyrir, að nægilegt sé, að hann hafi eignazt hana fyrir 1. jan. 1946.

3. Leigusala sé sömuleiðis heimilt að segja upp húsnæði, sem hann eignast 1. jan. 1946 eða síðar, ef honum að dómi húsaleigunefndar er þess brýn þörf fyrir sjálfan sig. Hér er heimildin til að fá íbúð rýmda bundin við leigusala persónulega, en nær ekki til nánustu skyldmenna hans.

4. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að heimilt sé að segja upp húsnæði, ef það er nauðsynlegt vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda. Það eru nokkur dæmi þess, að örlítið húsnæði í leigu hefur tafið fyrir byggingarframkvæmdum um lengri tíma, en slíkt er að sjálfsögðu óeðlilegt, þar sem hin fyrirhugaða byggingarframkvæmd hefur verulega aukningu á húsnæði í för með sér.

5. Í b-lið fyrstu greinar er gert ráð fyrir, að heimilt sé að segja upp húsnæði, sem notað er til atvinnurekstrar. Þetta ákvæði í húsaleigulögunum var sett inn vegna þess ástands, sem skapaðist hér í bæ af veru hersins, en þá voru settar á stofn fjölmargar smáverzlanir, sem aðallega seldu hermönnum alls konar veitingar, og þá var aðallega fyrir tilmæli mjólkursamsölunnar sett inn í lögin þetta ákvæði, en mörgum mjólkurbúðum mun þá hafa verið sagt upp. Nú er herinn að mestu farinn, og er því ekki lengur nauðsyn að hafa þetta ákvæði í lögunum.

6. Loks er í c-lið ákvæði um, að húsaleigulögin nái ekki til einstakra herbergja, sem leigð eru út frá íbúð. Við teljum, að ekki sé lengur nauðsynlegt að heimila

ekki umráðamanni íbúðar rétt til ráðstöfunar einstakra herbergja án íhlutunar húsaleigunefndar.

Með tilvísun til framanritaðs og með hliðsjón af þeirri viðurkenndu nauðsyn, að húsaleigulögunum verði smátt og smátt aflétt, leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1946.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Gunnar Thoroddsen.

Fylgiskjal I.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. marz 1946.

Á fundi bæjarráðs Reykjavíkur í gær var gerð eftirfarandi bókun:

„Lagt fram bréf frá allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis, dags. 19. þ. m., þar sem beiðzt er umsagnar um frv. til laga um breytingar á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu, þskj. 486.

Bæjarráð telur eðlilegt, að ákvæði húsaleigulaganna séu rýmkuð jafnskjótt og Alþingi telur fært."

Þetta tilkynnist hér með.

Bjarni Benediktsson.

Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

26. marz 1946.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Með bréfi, dags. 19. þ. m., hefur hin heiðraða allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis óskað umsagnar húsaleigunefndar Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Eftir að hafa rætt málið á fundum sínum hefur húsaleigunefndin komið sér saman um eftirfarandi umsögn: Frumvarp þetta nær bæði til íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis.

Að því er íbúðarhúsnæði snertir er gert ráð fyrir, að einstök herbergi verði undanþegin ákvæðum húsaleigulaga og því frjálst að segja þeim öllum upp. En um íbúðir eru ákvæðin rýmkuð að mun frá því, sem nú er.

Þannig má segja upp húsnæði vegna eigin þarfa og handa sömu vandamönnum og gilt hefur til þessa, ef leigusali hefur eignazt hús það, er íbúðin er í, fyrir 1. janúar 1946, en samkv. núgaldandi ákvæðum þarf viðkomandi að hafa eignazt húsnæðið fyrir 9. sept. 1941. — Þá má einnig samkv. frumvarpinu segja upp vegna þarfa systkina, en slíkt er ekki heimilt nú.

Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur fengið frá skrifstofu borgarfógeta, hafa hrein afsöl fyrir húsum og íbúðum árin 1942—1945, að báðum meðtöldum, verið 1888. Í þeirri tölu eru ekki taldar með eignarheimildir, er stofnazt hafa fyrir skipti, né leigusamningar þeir, er Reykjavíkurbær hefur látið fyrir lóðum eða húsin á þeim lóðum, nema þau hafi verið seld seinna.

En höfuðbreytingin samkv. frumvarpinu frá því, sem nú er, virðist í því fólgin, að segja má upp leigu á húsnæði vegna eigin þarfa, þótt leigusali hafi ekki eignazt húsið fyrr en deginum áður en uppsögnin er dagsett.

Ef þessi breyting næði fram að ganga, gæti húseigandi alltaf losað hverja þá íbúð í húsi sínu, er hann óskaði, með því einu að skrifa afsal, raunverulegt eða til

málamynda, handa þeim manni, er hann óskaði að láta fá íbúðina. Mundi þetta að sjálfsögðu hafa þær afleiðingar, að þúsundum fjölskyldna og einstaklinga yrði sagt upp húsnæði sínu strax frá næsta flutningsdegi.

Mikið af þessu fólki fengi að vísu að búa áfram í íbúðum sínum gegn margfaldri leigu miðað við það, sem það nú greiðir. En ekki verður séð, að komizt yrði hjá því, eftir að svo væri komið, að láta hina hækkuðu leigu hafa áhrif til hækkunar á framfærsluvísitöluna. Má hér og benda á þá staðreynd, að nær allir, sem nú missa húsnæði sitt, verða að greiða margfalda leigu, miðað við það sem áður var, fyrir hvert það húsnæði, sem þeir fá til afnota í staðinn.

Einnig mundi áreiðanlega koma til þess, ef breytingar þær, er frumvarpið gerir ráð fyrir, yrðu að lögum, að bera þyrfti hundruð eða jafnvel þúsundir manna út á götuna. Mikill fjöldi húseiganda óskar að bæta við sig húsnæði, en það er ein meginorsök húsnæðisvandræðanna, hve fólk vill nú, sakir bættrar afkomu, hafa rýmra húsnæði en fyrir stríð. En samkvæmt ákvæðum frumvarpsins mundu húseigendur geta á ýmsan hátt aukið við sig húsnæði.

Slíkir útburðir gætu orðið nokkuð erfiðir í framkvæmd, þegar ekkert húnæði er til, sem fólkið gæti farið í, eða þá húsnæðið er svo dýrt, að það er öllum þorra manna ofvaxið að kaupa það eða taka það á leigu. Má í því sambandi benda á, að matsleiga Húsaleigunefndar nú eftir 3 herbergi og eldhús í nýju húsi er um 9 þúsund krónur á ári, en um 6 þúsund krónur eftir 2 herbergi og eldhús, að sjálfsögðu með breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir stærð og ásigkomulagi íbúðarinnar.

Að því er snertir atvinnuhúsnæðið gerir frumvarpið ráð fyrir, að uppsagnir á því verði algerlega frjálsar. Um það atriði má að miklu leyti vísa til þess, sem að framan segir um íbúðarhúsnæðið, að því er uppsagnir, útburð og húsaleiguhækkun snertir. En einnig má á það benda, að fyrir marga mun það enn tilfinnanlegra að missa atvinnuhúsnæði og þar með ef til vill alla atvinnumöguleika, en jafnvel íbúðarhúsnæði sitt, auk þess sem fjöldauppsagnir þær, er af þessu mundu leiða, hefðu mikla röskun og glundroða í för með sér, er til tjóns gæti orðið fyrir atvinnu- og viðskiptalífið, eins og ástandið er nú í málum þessum.

Með hliðsjón af framangreindu getur húsaleigunefndin ekki annað en mælt eindregið gegn því, að frumvarp þetta verði samþykkt, og vill jafnframt benda á, að eftir fyrri heimsstyrjöldina voru húsaleigulög þau, er þá giltu, ekki afnumin fyrr en frá 14. maí 1927, sbr. lög nr. 25 frá 1926, og voru húsnæðisvandræðin þó ekki mikil þá í samanburði við það, sem þau nú eru.

Húsaleigunefndin í Reykjavík.

Egill Sigurgeirsson.	Ragnar Bjarkan	Ragnar Þórarinsson.
Einar Erlendsson.	Stþ. Guðmundsson.	Guðm. R. Oddsson.

Ed. 731. Breytingartillaga

við frumv. til laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Steingr. Aðalsteinssyni.

Við 38. gr. Í stað orðsins „viðskiptaráð“ í 1. málsl. komi: Nýbyggingarráð.

Ed. 732. Breytingartillaga

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 2. gr. B. Á eftir tölulið 53 kemur nýr liður:
Staðarfell.

Nd. 733. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 34 2. apríl 1943 um fiskveiðasjóð Íslands, og lögum nr. 107 30. des. 1943.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Stafl. b. í 4. gr. laga nr. 34/1943 orðist svo:
Stofnunar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskveiðar, frystihúsa, lifrarbræðslustöðva, fiskimjölsverksmiðja og annarra iðjufyrirtækja, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu sjávarafurða.

2. gr.

5. gr. sömu laga orðist svo:
Fiskveiðasjóður má lána gegn fyrsta veðrétti allt að helmingi virðingarverðs, þó ekki hærra lán en fimm hundruð þúsund kr. Lengsti lánstími er 20 ár.

3. gr.

6. gr. sömu laga og 2. gr. laga nr. 107 30. des. 1943 falli burt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögunum um fiskveiðasjóð Íslands er í 6. gr. svo fyrir mælt, að út á aðrar eignir en skip megi ekki lána hærri fjárhæð en kr. 75 þús. og ekki til lengri tíma en 15 ára. Ákvæði þetta er orðið úrelt, og hefur stjórn fiskveiðasjóðs óskað þeirrar breytingar á lögunum, sem í frv. þessu felst.

Sþ. 734. Breytingartillögur

við till. til þál. um landhelgisgæzlu og björgunarstörf.

Flm.: Pétur Ottesen, Gísli Jónsson.

1. Tillgr. orðist svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að halda áfram rannsóknum á því, hvernig landhelgisgæzlu og björgunarstarfseminni verði bezt og haganlegast fyrir komið. Skal í því efni einnig samtímis taka til athugunar, hvort samrýma megi landhelgis- og björgunarstarfi fiskirannsóknir og leit nýrra fiskimiða.
Þá skal og þessari rannsókn beint að því, hvernig bezt og heppilegast verði fullnægt samningi milli ríkisstjórnarinnar og slysavarnasveita á Vestfjörðum um

byggingu eða kaup á skipi til þeirra starfa. En þangað til samningnum verður fullnægt að undangenginni rannsókn, er ríkisstjórninni heimilt að leigja skip í þessu skyni.

Þá skal það og haft í huga við greinda rannsókn, að samningar takist um hliðstætt efni við slysavarnasveitir annarra landshluta.

Enn fremur taki ríkisstjórnin til athugunar, hvort eigi sé unnt að komast af með færri menn á varðskipunum en nú er.

Heimilt er stjórninni að selja varðskipin Njörð, Baldur og Braga eða skipta á þeim og öðrum skipum, er hér henta við landhelgisgæzlu og björgunarstörf, ef rannsókn sú, er hér um ræðir, leiðir í ljós, að takast megi að koma á hagkvæmum skiptum.

Ríkisstjórnin má verja fé úr ríkissjóði vegna ráðstafana þeirra, er hér um ræðir, þar með talin þóknun til þeirra kunnáttumanna á þessu sviði, sem hún kveður sér til ráðuneytis um þessi mál.

2. Aftan við fyrirsögnina bætist: o. fl.

Nd. 735. Breytingartillögur

við frv. til l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 8. gr.

1. Við 2. málsgr. greinarinnar bætist: þar til lánið er greitt niður um helming.
2. Á eftir 2. málsgr. kemur ný málsgr.:
   Enn fremur má lána félögum þeim, sem um ræðir í 2. málsgr. 3. gr. laga þessara, allt að ⅔ (tveim þriðju) út á framkvæmdir þær, sem um ræðir í 2. málslið 1. málsgr. þeirrar greinar.
3. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Óheimilt er að lána einum aðila meira en 4 millj. af fé stofnlánadeildarinnar. Þetta ákvæði nær þó eigi til bæjarfélaga og hreppsfélaga né þeirra félaga útvegsmanna, sem um getur í 2. málsgr. 3. gr. laga þessara.

Nd. 736. Breytingartillaga

við frv. til laga um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Við 3. gr. Á eftir „niðursuðuverksmiðjum“ í 1. mgr. gr. komi: síldarverksmiðjum.

Nd. 737. Nefndarálit

um frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Á fyrri hluta yfirstandandi þings sendi samgöngumálaráðherra nefndinni frumvarp til laga um eftirlit með skipum. Mæltist ráðherrann til, að nefndin flytti frumvarpið. Skömmu síðar fékk nefndin í hendur fjölda breytingartillagna, er skipaskoðunarstjóri hafði gert við það. Nefndin vann lengi að athugunum á frumvarpinu, hélt

um það marga fundi og bar það vandlega saman við gildandi lög um þetta efni og tillögur skipaskoðunarstjóra. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að nauðsyn bæri til, að sérfróðir menn endurskoðuðu frumvarpið. Endursendi hún það ráðherranum og skýrði honum frá þessu áliti sínu.

Endurskoðun sú, er nefndin taldi æskilega, fór síðan fram, og lagði ráðherrann frumvarpið að því loknu fyrir Alþingi.

Nú hefur nefndin enn rannsakað mál þetta vandlega og varið til þess miklum tíma. Þó er ekki enn lokið athugun á kaflanum um siglingadóm. Verður sú athugun gerð milli 2. og 3. umræðu. En nefndin leggur til, að frv. verði að öðru leyti samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Fyrir orðin „íslenzkum skipverjum“ í niðurlagi 2. málsgr. komi: íslenzkri skipshöfn.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin falli niður.
4. Við 7. gr. Orðin „hvers konar“ í 1. málsgr. falli niður.
5. Við 9. gr.
   a. Upphaf 2. málsgr. skal hljóða svo:
      Hann skal hafa starfið sem aðalstarf, vera skipaverkfræðingur eða vélfræðingur eða sérfræðingur o. s. frv.
   b. Aftan við greinina bætist: Við samningu reglugerðarinnar skal leita álits Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands.
6. Við 10. gr. Orðin „Sérfræðingur um smíði tréskipa og fjórði“ falli burt.
7. Við 15. gr. Á eftir orðunum „tillögum eftirlitsmanna“ í fyrri málsgr. bætist inn orðin: og sjómannasamtaka á hverjum stað.
8. Við 18. gr. Niðurlag 1. málsgreinar frá orðunum „um öryggi skipa“ falli niður.
9. Við 20. gr. Á eftir orðunum „lög þessi séu brotin eða“ bætist inn orðin: að brotnar séu.
10. Við 21. gr. Orðin „íslenzkt eða útlent“ í fyrstu málsgrein falli burt.
11. Við 24. gr. Síðasta málsgreinin orðist svo: Skoðun á opnum bát, hvort sem hann er með vél eða án vélar, skal framkvæmd af sérfróðum manni.
12. Við 35. gr. B. Í stað orðanna „eigi minna“ í 2. málsgr. komi: a. m. k.
13. Við 36. gr.
   a. Síðari málsgr. 3. tölul. falli burt.
   b. Tölul. 4 falli burt.
14. Við 39. gr. D. Síðari málsliður 3. málsgreinar orðist svo: Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips, að styrkleiki þess og búnaður jafnist í aðalatriðum við það, sem krafizt er í lögum þessum, og það sé eigi eldra en 12 ára.
15. Við 43. gr. Aftan við gr. bætist: Reglugerðin skal samin að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.
16. Við 64. gr. Greinin orðist svo:
    Skipaskoðunarstjóri, sérfróðir fulltrúar skipaskoðunarstjóra (sbr. 10. gr.) og eftirlitsmenn (sbr. 12. gr.) skulu launaðir samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins.
17. Við 65. gr. Greinin fellur burt.
18. Við 66. gr. Greinin fellur burt.

Alþingi, 9. apríl 1946.

Sigurður Kristjánsson, form., frsm. | Lúðvík Jósefsson, fundaskr. | Eysteinn Jónsson.

Finnur Jónsson, með fyrirvara um einst. brtt. | Jóhann Þ. Jósefsson.

Sþ. 738. Tillaga til þingsályktunar

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að bæta tjón vegna svínapestar.

Flutningsmenn: Sigurður Kristjánsson, Einar Olgeirsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Sigfús Sigurhjartarson, Hallgrímur Benediktsson, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórn að bæta Högna bónda Halldórssyni, Reykjavík, allt að helmingi þess tjóns, er hann varð fyrir á árinu 1945 við að missa úr pest megnið af bústofni sínum, sökum þess að eigi var til bóluefni til bólusetningar á bústofninum, enda láti ríkisstjórnin áður rannsaka, hve mikið tjónið er.

Greinargerð.

Högni bóndi Halldórsson, Vík Langholtsvegi, Reykjavík, missti árið 1945 139 svín (grísi og fullorðið) úr svínapest, vegna þess að eigi var til efni til bólusetningar á svínunum, en ríkið hefur innflutning þess. Er tjón þetta mjög tilfinnanlegt og nemur tugum þúsunda króna fyrir bónda þennan. Og þar sem ríkið á hér hlut að máli, virðist rétt, að það bæti að nokkru tjón þetta, enda láti ríkisstjórnin áður rannsaka til fullnustu tildrög þess og hve miklu tjónið nemur.

Ed. 739. Breytingartillaga

við frv. til l. um gagnfræðanám.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 38. gr. Í stað orðanna „allt að 30 kennslustundum“ komi allt að 27 kennslustundum.

Nd. 740. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 1. gr.

a. Við 1. tölulið. Í stað „300 krónur“ komi: 500 krónur.
b. Við 2. tölulið. Í stað „300 krónur“ komi: 500 krónur, — og í stað „10 krónur“ komi: 16 krónur.
c. Við 3. tölulið. Í stað „1000 krónur“ komi: 1600 krónur.
d. Við 7. málsgr. Í stað „50 krónur“ á tveim stöðum komi: 85 krónur.

Nd. 741. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 9. jan. 1935 og nr. 40 27. júní 1941, um iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt. Tveir nefndarmanna (IngJ og SÞ) tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 1946.

Sigurður E. Hlíðar, form.	Sigurður Thoroddsen, fundaskr.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.

Nd. 742. Breytingartillögur

við frv. til l. um nýbyggingar í Höfðakaupstað.

Frá Skúla Guðmundssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni og Hallgrími Benediktssyni.

Við 3. gr.

a. Á eftir orðinu „Nýbyggingarráð“ í 1. og 2. tölul. komi á báðum stöðum: hreppsnefnd Höfðahrepps.

b. 3. tölul. b. orðist svo:

að reisa sjálf íbúðarhús í samráði við Nýbyggingarráð, hreppsnefnd Höfðahrepps og ríkisstjórnina, til þess að selja þau einstaklingum, byggingarfélögum eða byggingarsamvinnufélögum, enda sé það aðalreglan, að húsin séu byggð eftir fyrir fram gerðum pöntunum og seld, þegar þau eru að nokkru eða öllu leyti smíðuð, eftir vali kaupenda.

Ed. 743. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 690 [Fræðsla barna].

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. Í stað orðanna „Fræðslumálastjórn skipar formann úr hópi fræðsluráðsmanna“ kemur: Fræðsluráð kýs sér formann úr sínum hópi.

Ed. 744. Lög

um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 709.

Sþ. 745. Nefndarálit

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um veiting héraðsdómaraembætta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og orðið ásátt um að mæla með því, að hún verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Á eftir orðinu „héraðsdómara“ komi: og um veitingu héraðslæknaembætta, ef Læknafélag Íslands telur þess þörf, og leggja fyrir næsta þing frumvarp um það efni.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:

Tillaga til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um veitingu héraðsdómaraembætta og héraðslækna.

Einn nefndarm., BG, var fjarstaddur er málið var afgreitt.

Alþingi, 9. apríl 1946.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Sigurður Þórðarson, fundaskr.	Jón Sigurðsson, framsögum.
Páll Zóphóníasson.	Sigurður Thoroddsen.	Ingólfur Jónsson.

Ed. 746. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 694 [Fræðsla barna].

Frá Bernharð Stefánssyni.

Í stað orðanna „tíunda hvert ár“ komi: einu sinni.

Nd. 747. Breytingartillaga

við frv. til l. um Austurveg.

Frá Emil Jónssyni og Sigurði Bjarnasyni.

Við 5. gr. Í stað „6 árum“ komi: 8 árum.

Ed. 748. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 710 (Hafnargerðir).

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Við 3. a. Liðurinn orðist svo:
5. mgr. orðist svo:
Hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, ásamt lögum nr. 49 23. júní 1932 og lögum nr. 36 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum.

Ed. 749. Breytingartillaga

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 2. gr. B 22. Nýr liður:
Grenivík.

Sþ. 750. Tillaga til þingsályktunar

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Hermann Jónasson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Nd. 751. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá öðrum minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur á fundum sínum og utan funda athugað frumvarp þetta gaumgæfilega. Nefndin gat þó eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Tveir nefndarm. (GTh og GÞ) vilja samþ. frumvarpið óbreytt, einn (JörB) mun skila sérstöku áliti, en undirritaðir leggja til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Alþingi það, er nú situr, hefur með þingsályktun falið ríkisstjórninni að láta tafarlaust fara fram rannsókn á áhrifum húsaleigulaganna, framkvæma endurskoðun á þeim og leggja niðurstöðurnar fyrir næsta reglulegt Alþ.

Deildin treystir ríkisstjórninni til að framkvæma þessi fyrirmæli samvizkusamlega og telur því, að frekari aðgerðir í máli þessu séu hvorki æskilegar né viturlegar, eins og nú standa sakir, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. apríl 1946.

Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. Þórður Benediktsson, frsm.

Nd. 752. Nefndarálit

um frumv. til laga um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, sem komið er frá Ed. Ákvæði þess eru samhljóða bráðabirgðalögum frá 29. júní 1945, en þau eru þegar komin til framkvæmda.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 10. apríl 1946.

Garðar Þorsteinsson, form., með fyrirvara. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. Þórður Benediktsson, frsm.

Gunnar Thoroddsen, með fyrirvara. Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 753. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, sem komið er frá Ed. Ákvæði þess eru samhljóða bráðabirgðal. frá 29. júní 1945, en þau eru þegar komin til framkvæmda.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 10. apríl 1946.

Garðar Þorsteinsson, form., með fyrirvara. Stefán Jóh. Stefánsson fundaskr. Þórður Benediktsson, frsm.

Gunnar Thoroddsen, með fyrirvara. Jörundur Brynjólfsson.

Ed. 754. Breytingartillögur

við frv. til laga um virkjun Sogsins.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 7. gr.

1. Aftan við 1. málsl. 1. mgr. bætist: nema samkomulag verði við Reykjavíkurbæ um aðra tilhögun.
2. Aftan við 2. málsl. 1. mgr. bætist: og eigandi að helmingi, þegar vatnið er fullvirkjað.

Sþ. 755. Tillaga til þingsályktunar

um skipun milliþinganefndar til þess að athuga og gera tillögur um verzlunar-, viðskipta-, verðlags- og gjaldeyrismál.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Barði Guðmundsson, Guðmundur Í. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um:

a. Hversu haga skuli innflutningsverzlun landsins til þess að kostnaður við innkaup, flutninga og dreifingu vörunnar verði sem minnstur og vörurnar sem ódýrastar til neytenda.
b. Hversu bezt verði tryggður nægur innflutningur nauðsynja til neyzlu og framleiðslustarfa og byggingarefnis auk nýsköpunarvara.
c. Hversu bezt verði komið fyrir innflutningi á nauðsynjavörum með hliðsjón af markaðsöflun erlendis fyrir útflutningsvörur landsmanna.
d. Hverjar ráðstafanir séu líklegastar til að koma í veg fyrir, að fé sé flutt úr landi.

Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum, en þann fimmta skipar ríkisstjórnin án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skal hafa lokið störfum og skilað tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. september 1946.

Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í samningum flokka þeirra, er standa að núverandi ríkisstjórn, og móta átti stefnu stjórnarinnar, er komizt svo að orði um verðlags- og verzlunarmál, eins og segir í ræðu forsætisráðherra, er hann flutti í sameinuðu Alþingi 21. okt. 1944:

„Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að hafa sem öruggastan hemil á verðlagi og mun vinna að því, að sem minnstur kostnaður falli á vörurnar við sölu þeirra og dreifingu. Verður tekið til ýtarlegrar athugunar, á hvern hátt þessu marki verði bezt náð.“

Ekki hefur þó fengizt nokkuð verulegt aðgert í þessum málum, sem að gagni hefur komið, en hins vegar er í flestum atriðum fullnægt eða verið að fullnægja framkvæmd hinna annarra stefnumála ríkisstjórnarinnar. Sýnist því full ástæða til að hefja nú undirbúning til aðgerða í verzlunar-, viðskipta-, verðlags- og gjaldeyrismálunum, og er tillaga þessi flutt í því skyni. Þykir rétt að fara nokkrum almennum orðum um þessi mikilsverðu málefni, sem rökstuðning fyrir því, að hefjast þurfi handa með nýjum röggsamlegum aðgerðum.

Utanríkisverzlunin er einn af merkustu og þýðingarmestu þáttum í íslenzku athafna- og fjármálalífi og hefur meðal annars mikil áhrif á framleiðsluhættina í landinu, og getur, ef vel og skynsamlega á er haldið, stutt að bættum framleiðslu- og útflutningsskilyrðum landsmanna. Hagur og líðan almennings er og ekki lítið undir því komin, að inn til landsins séu fluttar haganlega innkeyptar nauðsynjavörur, bæði til daglegra afnota fyrir almenning og eins til stofnunar og reksturs atvinnuvegum landsmanna. Vegna íslenzkra atvinnuhátta og lífskjara er það næsta nauðsynlegt að auka og bæta utanríkisverzlunina og reka hana í þágu alþjóðar.

Af þessu leiðir vissulega, að eftirlit og afskipti samfélagsins er næsta nauðsynlegt. Það má alveg ganga út frá því, að millirikjaverzlunin verði, í nánustu framtíð að minnsta kosti, háð samningum milli ríkja. Til þess að geta rekið skelegga og þróttmikla verzlunarpólitík innan vébanda millirikjaviðskiptanna og auka útflutningsmagn íslenzkra afurða og innflutning á nauðsynjavörum verður ríkið að hafa öfluga hönd í bagga. Ríkið verður að hafa vald til þess að gera verzlunarsamninga við önnur ríki og hafa í sínum höndum nauðsynlegan mátt til þess að öryggja góða og öfluga framkvæmd þeirra. Það verður að leggja kapp á það, að útflutningsvörur landsmanna fari, að minnsta kosti að öðru jöfnu, til þeirra landa, þar sem við getum fengið hagkvæmar og sem ódýrastar innflutningsvörur. En til þess að svo megi verða, þarf þjóðfélagið að hafa ríkt vald ekki síður yfir innflutnings- en útflutningsverzluninni.

Eins og sakir standa nú, hafa Íslendingar yfir að ráða verulegum forða af erlendum gjaldeyri, þó að mestur hluti hans sé að vísu ekki gjaldgengur nema meðal nokkurra ríkja, en sá hluti hins erlenda gjaldeyris, sem við ráðum yfir, er nota má til kaupa hvar sem vera skal, er þegar verulega genginn til þurrðar. Ekki verður heldur með vissu sagt, hvað mikið af íslenzkum afurðum tekst að selja fyrir gjaldeyri, sem nota má alls staðar. Það er því réttara að gera ráð fyrir, að varlega verði að fara með gjaldeyri okkar, og því er það hin mesta fásinna að láta einstaklinga eftirlitslítið fara með og eyða nytsamasta erlendum gjaldeyri okkar og verja honum til innkaupa á vörum, sem ekki eru ýkja nauðsynlegar. Það mundi geta leitt til hins gamla ömurlega öngþveitis, sem fyrir nokkrum árum þekktist í gjaldeyrismálum okkar. Þegar ekki er yfirfljótanlegur erlendur gjaldeyrir, verður að gæta hans vel. Innflutningseftirlit ríkisins verður fyrst og fremst að tryggja nægan innflutning nauðsynjavara almennings og til stofnunar og rekstrar framleiðslutækja. Það ber því vissulega brýna nauðsyn til, að ríkið hafi öflugt vald yfir innflutningnum og þar undir að sjálfsögðu talin umráð erlends gjaldeyris, til þess að hindra, að einkabrask og fjárplógsstarfsemi verði þar ráðandi.

Umráð eða eftirlit þjóðfélagsheildarinnar yfir innflutningsverzluninni er vissulega studd þeim ríku rökum, að hagur einstaklinga verði að víkja fyrir heill fjöldans, og að mesta kapp verði að leggja á það í þessum málefnum að öryggja öllum atvinnu og aðgang að nægum nauðsynjum. Sérstaklega ber ríka nauðsyn til, að öflugt vald sé í höndum ríkisins í þessum málum á tímabili því, er nú fer í hönd, eftir að beinu stríðsástandi er aflétt og áður en komið er jafnvægi á millirikjaskipti í verzlunarmálum.

Það er engum vafa bundið, að sameiginleg heildarinnkaup á miklu vörumagni nauðsynja frá útlöndum eru oft miklu hagkvæmari og hafa í för með sér minni kostnað, meðal annars á umbúðum, farmgjöldum og vátryggingu. En það sem mest er um vert í því efni, er eftirlit með verðlaginu og þá einnig dreifingu varanna. Það er augljóst mál, að með heildarkaupum fyrir forgöngu eða undir eftirliti ríkisvaldsins er hægt að beita verðlagseftirlitinu með beztum árangri. Til stuðnings þessu má nefna dæmi. Sama vara er keypt frá fleiri en einu landi og með mismunandi verðlagi. Við hvaða innflutningsverð á að miða söluverðið til neytenda? Það er engum vafa bundið, að ef um skort á vörunni væri að ræða, mundi hæsta innkaupsverðið verða lagt til grundvallar. Með heildarinnkaupum og ákveðnu verðlagseftirliti yrði meðalverðið lagt til grundvallar.

Það er alls ekki nóg að tryggja það, að erlendum gjaldeyri sé fyrst og fremst varið til innkaupa á nauðsynjavörum. Það verður að gera meira. Það verður að tryggja, að vörunum sé varið til þess, sem mest er í samræmi við alþjóðarhag, og eins hitt, að vörurnar séu seldar við sem vægustu verði. En til þess að svo megi vera, þarf eftirlitið ekki einungis að ná til gjaldeyrisnotkunarinnar og innkaupanna. Eftirlitið verður að fylgja vörunni alla leið að dyrum neytenda eða notenda. En til þess þarf vald þjóðfélagsins í þessu efni að vera öflugt og notað í þágu heildarhagsmuna. Og einn liðurinn í því er að víkja til hliðar óþörfum milliliðum og ágóða þeirra og miða innkaup og dreifingu varanna við heildarhag.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að sumar vörur eru fluttar til landsins án þess að einkaframtakið hafi þar verulega íhlutun. Góðir og færir menn þurfa að leggja fram krafta sína í þjónustu við þjóðfélagið og á þann hátt vinna, gegn góðum launum, að því, að innflutningsverzlunin sé rekin með hag alþjóðar fyrir augum, en ekki til óhófságóða fyrir fámenna stétt manna.

Fyrir allar þessar sakir sýnist flutningsmönnum þessarar tillögu, að hefjast verði handa um undirbúning að nýjum og öflugum aðgerðum til úrlausnar þessu vandamáli, og er tillaga þessi flutt í því skyni.

Nd. 756. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Mál þetta var borið fram í efri deild á öndverðu þessu þingi. Eftir 5 mánaða dvöl í þeirri virðulegu málstofu var það svo sent neðri deild til fyrirgreiðslu með samhljóða atkvæðum háttvirtra deildarmanna. Nú hefur landbúnaðarn. Nd. haft málið í fórum sínum um þriggja vikna skeið, en þó hefur ekki náðst samkomulag innan nefndarinnar um afgreiðslu þess.

Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, teljum, að svo búið megi ekki lengur standa, þar sem nú dregur óðum að þinglokum, og viljum gera það, sem í okkar valdi stendur, til þess að málið geti fengið fullnaðar afgreiðslu á þessu þingi. Leggjum við eindregið til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 10. apríl 1946.

Bjarni Ásgeirsson, fundaskr., frsm. Jón Sigurðsson.

Sþ. 757. Tillaga til þingsályktunar

um framlag ríkisins til byggingar áburðarverksmiðju.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja til hliðar af tekjum ársins 1945 og 1946 fé það, er henni hefur verið heimilað að taka af tekjum þessara ára til stofnunar áburðarverksmiðju samkvæmt 22. gr. XXXIII í fjárlögum fyrir árið 1945 og 22. gr. XXVII í fjárlögum fyrir árið 1946.

Greinargerð.

Í 22. gr. fjárlaga fyrir árin 1945 og 1946 er ríkisstjórninni heimilað að verja af tekjum ríkisins þessi ár 2 millj. króna hvort árið til stofnunar áburðarverksmiðju.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1945 eins og það var lagt fyrir Alþingi af þáverandi ríkisstjórn var tekin upp greiðsla til stofnunar áburðarverksmiðju. Við meðferð fjárlaganna í þinginu var þessi greiðsla felld niður, en ríkisstjórninni í þess stað veitt framanskráð heimild. Frumvarpi því, er fyrrv. stjórn hafði lagt fyrir Alþingi, var einnig vísað frá, til Nýbyggingarráðs. Nú fyrir skömmu hefur Nýbyggingarráð skipað sérstaka nefnd til áframhaldandi undirbúnings málsins, og mun hún sennilega skila áliti sínu og tillögum áður en langur tími líður. Þó að svo kunni að fara, að nokkur dráttur verði á því, að framkvæmdir verði hafnar í málinu, er nauðsynlegt að hefja þegar hinn fjárhagslega undirbúning þessa mikla nauðsynjamáls landbúnaðarins, og er því hér fram á það farið, að fjármunir þeir, sem Alþingi hefur heimilað í þessu skyni, verði nú þegar lagðir til hliðar, svo að þeir verði þar með tryggðir þessu fyrirtæki, þegar tími þykir til þess kominn, að í það verði ráðizt.

Nd. 758. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni.

I. Við 1. grein:

	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. 6. tölul. orðist svo:			
Í stað nr. 7—11 í 39. kafla komi þrjú nr., svo hljóðandi:			
Hjólbarðar og slöngur á ökutæki:			
7. — á bifreiðar og bifhjól	1 kg	7	10
8. — á dráttarvélar og veghefla ..... tollfrjáls.			
9. — á önnur farartæki	—	7	10
2. Á eftir 6. tölul. komi nýir töluliðir, þannig:			
a. Nr. 13 í 39. kafla orðist svo:			
13. — gólfmottur og kátsjúksetur	—	7	10
b. Nr. 1—3 í 40. kafla orðist svo:			
1. — — plankar og bitar, ót. a.	1 fet³	10	2
2. — — borð óunnin	—	10	2
3. — — borð hefluð og plægð	—	10	2
3. Á eftir 7. tölul. komi nýir töluliðir, þannig:			
a. Nr. 5—7 í 40. kafla orðist svo:			
5. — — símastaurar og raflagnastaurar	—	10	2
6. — — girðingastaurar	—	10	
7. — — staurar, tré og spírur, ót. a.	—	10	2
b. Nr. 9—11a í 40. kafla orðist svo:			
9. — beyki	—	10	2
10. — birki og hlynur	—	10	2
11. — askur	—	10	2
11a — lindiviður	—	10	2
c. Nr. 12—19 í 40. kafla orðist svo:			
12. — rauðviður (mahogni)	—	10	8
13. — satinviður	—	10	8
14. — teakviður	—	10	8
15. — krossviður og aðrar límdar plötur („gabon“)	—	10	8
16. — hnotutré	—	10	8
17. — spónn	—	10	8
18. — brúnspónn í stykkjum	—	10	2
19. — annar	—	10	8

	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
d. Nr. 31—32 í 40. kafla orðist svo:			
31. Tilhöggvin hús eða önnur mannvirki og hlutar til þeirra, ót. a.	1 kg	1	2
32. Gluggar, hurðir og glugga- og hurðakarmar ..	1 fet³	10	8
e. Nr. 49 í 40. kafla orðist svo:			
49. — húsgagnagrindur og húsgagnahlutar, ósamsett	1 kg	7	15
f. Nr. 50—52 í 40. kafla (húsgögn) orðist svo:			
50. — bólstruð og fóðruð með silki eða gerfisilki	—	7	30
51. — bólstruð og fóðruð með öðrum efnum en silki eða gerfisilki	—	7	30
52. — önnur	—	7	30
g. Nr. 58 í 40. kafla orðist svo:			
58. Búsáhöld	1 kg	7	10
h. Nr. 7—9 í 42. kafla orðist svo:			
Húsgögn og innanstokksmunir:			
7. — bólstruð og fóðruð með silki eða gerfisilki	—	7	30
8. — bólstruð og fóðruð með öðrum efnum en silki eða gerfisilki	—	7	30
9. — önnur	—	7	30
4. 8. töluliður falli niður.			
5. 9. töluliður falli niður.			
6. 11. tölul. orðist svo:			
Orðið „(sívöl)“ í nr. 17 í 60. kafla falli niður.			
7. Á eftir 12. tölul. komi nýir tölul., þannig:			
a. Nr. 20—21 í 60. kafla orðist svo:			
20. Hitaflöskur	—	7	10
21. Búsáhöld úr gleri, ót. a.	—	7	10
b. Nr. 63—66 í 63. kafla orðist svo:			
Húsgögn og húsgagnahlutar úr járni og stáli:			
63. — ósamsett	—	7	15
64. — bólstruð og fóðruð með silki eða gerfisilki	—	7	30
65. — bólstruð og fóðruð með öðrum efnum en silki eða gerfisilki	—	7	30
66. — önnur	—	7	30
c. Nr. 83 í 63. kafla orðist svo:			
83. Búsáhöld, ót. a.	—	7	10
d. Nr. 23 í 64. kafla orðist svo:			
23. Búsáhöld, ót. a.	—	7	10
e. Nr. 5 í 65. kafla orðist svo:			
5. Búsáhöld, ót. a.	—	7	10
f. Nr. 3 í 66. kafla orðist svo:			
3. Plötur	—	2	
g. Nr. 9 í 66. kafla orðist svo:			
9. Búsáhöld, ót. a.	—	7	10
h. Nr. 6 í 68. kafla orðist svo:			
6. Búsáhöld úr zinki, ót. a.	—	7	10
i. Nr. 6 í 69. kafla orðist svo:			
6. Búsáhöld úr tini, ót. a.	—	7	10
j. Nr. 2—2a í 71. kafla orðist svo:			
Borðhnífar, gaflar og alls konar skeiðar úr ódýrum málmum:			
2. — með góðmálmshúð	—	7	10
2a — annað	—	7	10

k. Nr. 12 í 72. kafla orðist svo:
12. — dráttarvélar (traktorar) ..... tollfrjálsar.

II. Við 2. grein:
1. 1. tölul. orðist svo:
Fyrsta málsgrein orðist þannig:
Skylt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni í umbúðir og umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar, og af vörum, sem notaðar eru í vörur þessar til þess að gera þær söluhæfari eða til þess, að þær geymist betur.
2. 2. tölul. falli niður.
3. Á undan 3. tölul. komi tveir nýir töluliðir, þannig:
a. Í stað „áburðarsala ríkisins" í c-lið greinarinnar komi: Búnaðarfélag Íslands.
b. d-liður greinarinnar orðist svo:
Meðan heimilt er að hækka gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. nú lög nr. 99 12. des. 1945, að hækka tilsvarandi aðflutningsgjöld af sömu vörutegundum aðfluttum.
4. i- og j-liðir 4. tölul. falli niður.
5. k-liður 4. tölul. falli niður.
6. Við greinina bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
Við greinina bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kynbótadýrum, sem Loðdýraræktarfélag Íslands flytur til landsins.

Nd. 759. Nefndarálit

um frv. til l. um framleiðsluráð landbúnaðarins og verðskráning og verðmiðlun á landbúnaðarvörum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta var flutt á öndverðu yfirstandandi Alþingi og vísað til landbúnaðarnefndar. Þegar óskað var eftir, að nefndin afgreiddi frv., lýsti meiri hl. nefndarinnar því yfir, að ekki kæmi til mála, að þetta frv. næði fram að ganga á yfirstandandi Alþingi, þar eð fyrir lægi stjórnarfrv., er fjallaði að nokkru um sama efni, þó á annan veg væri. En það var frv. um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl. Það frv. er nú orðið að lögum og að okkar dómi með öllu óviðunandi fyrir bændur, enda í þeim lögum gert ráð fyrir endurskoðun þeirra hið allra bráðasta.

Að okkar áliti er frv. um verðlagsráð landbúnaðarins eina eðlilega lausnin á þessum málum, enda áður undirbúið af milliþinganefnd, síðan sent öllum búnaðarsamböndunum til umsagnar og loks að fengnum tillögum þeirra gengið endanlega frá því á síðasta aukabúnaðarþingi. Frv. hefur því fengið svo góðan undirbúning og nýtur svo almenns stuðnings bændastéttarinnar, að ekki kemur annað til mála en að bændur fylgi því til hins ýtrasta.

Við leggjum því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. apríl 1946.

Bjarni Ásgeirsson, fundaskrifari.
Jón Sigurðsson, framsögum.

Nd. 760. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, sem orðinn er fullra 15 ára um nýár næst á undan gjalddaga, skal greiða kirkjugjald kr. 3.00 á ári. Undanþegnir gjaldi þessu eru þeir, sem teljast til utanþjóðkirkjusafnaðar, er hefur löggiltan prest eða forstöðumann, enda nemi gjald þeirra hverju sinni eigi lægri upphæð en þeim hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar, að meðtöldu niðurjöfnuðu hundraðsgjaldi samkvæmt þriðju málsgrein.

Kirkjugjald skal innheimta að viðbættu álagi, er nemur meðaltali gildandi vísitölu fyrir það almanaksár, sem þá er liðið, er gjaldi er niður jafnað. Af kirkjugjaldi þessu ganga $\frac{5}{6}$ hlutar til sóknarkirkjunnar, en $\frac{1}{6}$ hluti rennur í sameiginlegan kirkjusjóð, sem er í umsjá biskups og kirkjuráðs og varið skal kirkju og kristindómi landsins til eflingar og styrktar, samkvæmt reglugerð, er setja skal um sjóðinn.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkju fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar, og er henni þá rétt, að fengnu leyfi safnaðarfundar, að jafna því, sem á vantar, niður á kirkjugjaldsskylda útsvarsgreiðendur í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hv. kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð.

Frumvarp þetta, sem er samið af biskupi landsins og samþykkt af kirkjuráði, er fram komið vegna þess, að ýmsar kirkjur í landinu hafa þegar lent í fjárhagsþröng vegna sívaxandi dýrtíðar, og því óhjákvæmilegt að sjá kirkjunum nú þegar fyrir tekjuauka í samræmi við dýrtíðina.

Breytingar þær frá gildandi lögum, sem frv. þetta felur í sér, eru aðallega þrjár:

1. Að kirkjugjaldið verði framvegis, og í fyrsta sinn árið 1947, innheimt með viðauka samkvæmt meðalvísitölu ársins næst á undan gjalddaga.
2. Að kirkjugjaldið verði framvegis kr. 3.00. Er það aðeins kr. 0.25 hækkun frá heildargjaldi því, sem undanfarið hefur verið greitt til prests og kirkju. Loks er sóknarnefndum gefin heimild til, þar sem tekjur kirkju hrökkva eigi fyrir gjöldum, að jafna niður því, sem á vantar, sem hundraðshluta af útsvörum kirkjugjaldskyldra útsvarsgreiðenda í sókninni, enda komi samþykki safnaðarfundar til í hvert skipti. Þykir þetta einfaldari leið og hentugri en sú, sem ákveðin er í gildandi lögum.
3. Að $\frac{1}{6}$ hluti kirkjugjaldsins, eða kr. 0.50 á mann, að viðbættri verðlagsuppbót, renni í sameiginlegan kirkjusjóð, er sé í umsjá biskups og kirkjuráðs og varið verði kirkju og kristni landsins til styrktar og eflingar. Þetta er svo lítið gjald, að engan dregur, en gæti þó orðið kirkjunni í heild verulegur styrkur, enda hin mesta nauðsyn á því, að kirkjan hafi árlega nokkurt fé til umráða til eflingar kristilegu starfi í landinu.

Nd. 761. Frumvarp til laga

um skipulag og hýsingu prestssetra.

Frá menntamálanefnd.

I. KAFLI
Um byggingu íbúðarhúsa.

1. gr.

Á næstu fimm árum skal fara fram rækileg athugun á öllum prestssetrum landsins, og skal þar sérstaklega koma til álita:

1. Hver af núverandi prestssetrum séu vel til þess fallin að vera aðsetur prests í framtíðinni.
2. Hvar æskilegt geti talizt, vegna breyttra aðstæðna, að færa prestssetur og þá hvert.
3. Hver prestssetur eru sérstaklega fallin til skiptingar í fleiri jarðir og hvernig þeirri skiptingu yrði bezt fyrir komið.
4. Að gera skipulagsuppdrætti af þeim prestssetrum, sem líkleg eru til að vera aðsetur prests til frambúðar, hversu þar skuli í aðaldráttum hagað húsaskipun allri og mannvirkjum.

2. gr.

Þegar kirkjumálaráðherra að fengnu áliti biskups hefur staðfest skipulagsuppdrátt að prestssetri, er óheimilt að reisa á prestssetrinu hús eða mannvirki, sem sett eru niður í bága við uppdrátt þennan, nema sérstakt leyfi kirkjumálaráðherra komi til í hvert skipti, enda mæli bæði biskup og húsameistari ríkisins með undanþágunni.

3. gr.

Íbúðarhús á prestssetrum skal reisa úr varanlegu efni og á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

4. gr.

Ríkissjóður kostar byggingu íbúðarhúsa á prestssetrum, að svo miklu leyti sem andvirði niðurlagðra bæjarhúsa ásamt hæfilegu álagi á þau og innstæða fyrningarsjóðs prestakallsins í Söfnunarsjóði hrekkur eigi til, og skal Söfnunarsjóður inna það fé af hendi áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því, er greiðslu var krafizt.

5. gr.

Á fjárlögum skal árlega veitt nægilegt fé til byggingar 4 prestsseturshúsa að minnsta kosti, þar til loki ber að byggja upp sómasamlega öll prestssetur landsins. Áætlar húsameistari ríkisins byggingarkostnaðinn hverju sinni.

6. gr.

Umsókn um byggingu íbúðarhúss skal prestur senda til kirkjumálaráðuneytisins um hendur biskups, er lætur uppi álit sitt á nauðsyn byggingarinnar. Umsókninni skal fylgja álitsgerð hlutaðeigandi prófasts og enn fremur lýsing úttektarmanna á ástandi bæjarhúsa og mat á verðgildi þeirra til niðurrifs, svo og á hæfilegu álagi á bæjarhúsin.

7. gr.

Kirkjumálaráðherra ákveður eftir tillögum biskups, hvaða umsóknum skuli sinnt árlega, og skal viðkomandi presti tilkynnt eigi síðar en 15. marz það ár, sem bygging á setri hans er ákveðin. Jafnframt lætur ráðherra byggingarfróðan mann

athuga aðstöðu alla, en húsameistara ríkisins gera uppdrátt að byggingunni og kostnaðaráætlun. Viðkomandi presti skal jafnan gefinn kostur á að gera athugasemdir við uppdrátt húsameistara. Stærð húss skal miðast við aðstöðu á hverjum stað. Nú verður ekki samkomulag milli þeirra um stærð húss, eða prestur leggur sérstaka áherzlu á breytingu á húsinu, og má þá á það fallast með því móti, að prestur greiði sjálfur helming þess, er húsið fer fram úr áætlun vegna breytinganna. Má kirkjujarðasjóður veita honum til þessa embættislán, er afborgast með 6% á ári, og eru af því 4% vextir, en 2% afborgun.

8. gr.

Þegar ákveðið hefur verið að reisa íbúðarhús á prestssetri, felur kirkjumálaráðherra trúnaðarmanni sínum að hafa eftirlit með byggingunni. Prestur annast framkvæmd verksins, nema ráðherra feli öðrum, og er húsameistara ríkisins skylt að aðstoða hann um kaup útlends efnis og annað, er við verður komið. Val yfirsmiðs skal trúnaðarmaður og húsameistari samþykkja.

9. gr.

Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá bæjarfélagi eða sveitar skylt að leggja til ókeypis hentuga lóð undir íbúðarhús hans. Nú verður eigi samkomulag milli trúnaðarmanns kirkjumálaráðherra og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar um stærð og legu slíkrar lóðar, og skal þá ágreiningi skotið til skipulagsnefndar bæja og kauptúna til fullnaðarúrskurðar.

10. gr.

Heimilt er ríkisstjórn að kaupa íbúðarhús handa presti, þar sem slíkt þykir hagkvæmara, enda mæli biskup með kaupunum. Gilda um slík hús sömu ákvæði, eftir því sem við á, og um hús reist samkvæmt þessum lögum.

11. gr.

Ef íbúðarhús eða bæjarhús prestsseturs brennur eða eyðist af náttúruvöldum, eftir að ráðstafað hefur verið fjárveitingu til byggingar prestssetra, er ráðuneytinu heimilt að leggja fram fé til að endurbyggja prestssetrið samkvæmt lögum þessum, að því leyti, sem brunabótafé og fyrningarsjóður prestssetursins hrekkur eigi til endurbyggingar.

12. gr.

Prestur skal á eigin kostnað annast árlegt viðhald íbúðarhúss samkvæmt reglum, sem ráðuneytið setur, og greiða við burtför hæfilegt álag samkvæmt mati úttektarmanna. Prófastur og biskup skulu líta eftir því á eftirlitsferðum sínum, hvort reglum þessum sé fylgt. Nú kemur í ljós, að viðhaldi er áfátt hjá presti, og skal þá prófastur setja honum hæfilegan frest úr að bæta. Ef prestur lætur samt sem áður hjá líða að framkvæma aðgerðir, skal ráðuneytinu tilkynnt, og er því þá rétt að láta nauðsynlega aðgerð á húsinu fram fara á kostnað prests og taka greiðsluna af launum hans.

13. gr.

Nú verða prestaskipti eða prestur fær veitingu og tekur við prestssetri úr höndum annars ábúanda. Skal þá fram fara nákvæm úttekt á prestsseturshúsinu, þar sem lýst sé, hverjar séu nauðsynlegar aðgerðir á húsinu, svo að það geti talizt í forsvaranlegu og íbúðarhæfu ástandi. Komi þá í ljós, að álag fráfaranda á húsið nægi ekki til greiðslu aðgerða þessara, greiðir ríkissjóður það, sem á vantar. Í slíkum tilfellum er ráðuneytinu rétt að senda trúnaðarmann sinn á staðinn til þess að ganga úr skugga um nauðsyn þeirra aðgerða, er úttektarmenn hafa lagt til, að gerðar verði á húsinu.

14. gr.

Íbúðarhús á prestssetrum skulu vátryggð gegn eldi í Brunabótafélagi Íslands eða hjá öðru því tryggingarfélagi, er ráðuneytið samþykkir. Iðgjaldið greiðir prestur, og má halda því eftir af launum hans. Biskup gætir þess, að húsin séu jafnan vátryggð fyrir hæfilegri fjárhæð.

15. gr.

Nú telur húsameistari ríkisins ekki rétt að reisa hús á prestssetri, heldur sé endurbót eða viðbygging nauðsynleg og fjárhagslega réttmæt, svo og ef rétt þykir að koma upp raflögn eða vatnsleiðslu á prestssetri, þá skulu um það gilda öll hin sömu fyrirmæli og um byggingu prestsseturshúsa samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Árgjald prests af prestsseturshúsi, reistu samkvæmt lögum þessum, svo og af viðbótarbyggingum eða endurbótum samkvæmt 15. gr. reiknast þannig:

1. Kvaðalaust framlag ríkissjóðs er ⅗ hlutar byggingarkostnaðar, að frádregnu andvirði niðurlagðra húsa og innstæðu fyrningarsjóðs samkv. 4. gr.
2. Hinum ⅖ hlutum kostnaðar skal deilt með byggingarvísitölu þess árs, er bygging eða endurbót samkv. 15. gr. fór fram, svo að í ljós komi byggingarkostnaður þessara ⅖ hluta, eins og hann hefði orðið áður en verðhækkun styrjaldarinnar skall yfir.
3. Af þeirri upphæð, sem þá kemur út, taldri í heilum þúsundum, greiðir prestur árlega 3⅓% ásamt verðlagsvísitöluálagi því, er hann fær greitt á laun sín. Gjaldi þessu skal haldið eftir af launum með ½₂ á mánuði.

Nú hefur prestsseturshús verið byggt eða keypt á tímabilinu frá 1. jan. 1940 og fram til þess að lög þessi taka gildi, eða farið hefur fram meiri háttar aðgerð á eldra húsi, þá skal árgjald prests ákveðið á sama hátt og húsið hefði byggt verið eða endurbætt eftir þessum lögum.

Af íbúðarhúsum þeim á prestssetrum, sem reist hafa verið eða endurbætt fyrir 1. jan. 1940, greiðir prestur 4% af ⅖ byggingar- og endurbótakostnaðar, þó ekki hærri upphæð en kr. 320 á ári að viðbættri verðlagsvísitölu, og skal gjaldinu haldið eftir af launum hans með ½₂ mánaðarlega.

17. gr.

Auk árgjalds þess af prestsseturshúsum, sem getið er í 16. gr., greiðir prestur í fyrningarsjóð ½% af þeirri upphæð, er honum ber að greiða árgjald af til ríkissjóðs. Gjald þetta tekst af launum prests með ½₂ hluta mánaðarlega með vísitöluálagi.

Fyrningarsjóður er séreign hvers prestakalls. Skal hann ávaxtaður í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands undir umsjón biskups. Nú er prestakall prestslaust um hríð, og sér þá ríkissjóður um greiðslu fyrningarsjóðsgjalds á prestsseturshúsinu.

Ríkissjóður leggur árlega til fyrningarsjóðanna jafnháa upphæð og fyrningarsjóðsgjald nemur samkvæmt ákvæðum fyrri hluta þessarar greinar.

II. KAFLI

Um byggingu peningshúsa o. fl.

18. gr.

Peningshús, hlöður, áburðarhús, safnþrær og önnur nauðsynleg útihús á prestssetrum, er styrks njóta samkvæmt lögum þessum, má aðeins byggja úr varanlegu efni, steinsteypu, timbri og járni eða öðru því byggingarefni, er trúnaðarmaður ráðuneytisins telur heppilegt, enda sé byggingunum valinn staður samkvæmt því, sem skipulagsuppdráttur staðarins gerir ráð fyrir, nema undanþága frá því sé veitt samkvæmt 2. gr.

19. gr.

Nú óskar prestur að reisa á prestssetri eitthvert þeirra húsa, er talin eru í 18. gr., og sendir hann þá um það skriflega rökstudda beiðni til ráðuneytisins. Fallist ráðuneytið á nauðsyn prests, lætur það hæfan mann rannsaka aðstöðu alla og gera uppdrátt og kostnaðaráætlun að byggingunni, og skal prestur síðan reisa húsið eftir þeim uppdrætti eða öðrum, sem ráðuneytið samþykkir.

20. gr.

Ríkissjóður leggur fram allt aðkeypt efni til byggingarinnar, en prestur kostar alla aðflutninga efnis og vinnu við bygginguna.

21. gr.

Þegar húsið er fullgert, skal það tekið út af trúnaðarmanni ráðuneytisins, og er meðmæli trúnaðarmanns liggja fyrir um að húsið sé vandað og byggt samkvæmt hinum samþykkta uppdrætti, tekur ráðuneytið við því fyrir hönd jarðarinnar.

22. gr.

Framlag prests til endurbyggingar útihúsa á prestssetri samkvæmt 20. gr. skal presti endurgreitt svo sem hér segir:

1. Með andvirði niðurlagðra húsa, er vegna hinnar nýju byggingar teljast eigi lengur nauðsynleg jarðarhús að dómi úttektarmanna. Skulu úttektarmenn meta þau til niðurrifs, en prestur kaupir húsin samkvæmt því mati eða á því verði, er samkomulag verður um milli hans og ráðuneytisins.
2. Með álagi því, er prestur hefur tekið á hin niðurlögðu hús, að viðbættu hæfilegu álagi á húsin eftir mati úttektarmanna, eða að frádregnu hæfilegu endurgjaldi, ef húsið hefur endurbætt verið síðan prestur tók við því.
3. Með styrk, sem prestur kann að fá til byggingarinnar, samkvæmt jarðræktarlögum eða öðrum lögum.
4. Með innstæðu endurbyggingarsjóðs útihúsa prestssetursins.

23. gr.

Nú hrekkur endurgreiðsla samkvæmt 22. gr. ekki til fyrir framlagi prests, og lánar þá ráðuneytið fé úr kirkjujarðasjóði fyrir því, sem á vantar. Lán þessi skulu vera embættislán með veði í tekjum embættisins og greiðast með 4% á ári. Af því eru vextir 3%, en 1% afborgun. Um eftirlit, viðhald og álag slíkra húsa fer eftir ákvæðum 12. gr.

24. gr.

Þegar útihús á prestssetri eru niður lögð, er presti skylt að rífa þau innan þriggja ára, frá því að hann hefur við þeim tekið samkv. 22. gr., og slétta á sinn kostnað yfir rústirnar. Vanræki prestur þetta, má láta framkvæma verkið á hans kostnað.

25. gr.

Nú kemur það í ljós við burtför prests af prestssetri eða andlát hans, að hann eða dánarbú hans á útihús, girðingar eða önnur þau mannvirki á prestssetrinu, er að dómi úttektarmanna teljast nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni, og skal þá ríkið kaupa þau samkv. mati úttektarmanna, ef fráfarandi óskar. Geti fráfarandi eigi selt ríki eða viðtakanda hús sín eða mannvirki, er honum heimilt að rífa þau eða selja öðrum til niðurrifs.

26. gr.

Nú kaupir ríkissjóður hús eða mannvirki á prestssetri samkvæmt 25. gr., og er þá rétt að hækka afgjald jarðarinnar sem nemur allt að 2% af kaupverðinu.

27. gr.

Af framlagi ríkissjóðs til byggingar útihúsa á prestssetrum samkvæmt lögum þessum, svo og af framlagi því til peningshúsa, er ríkið hefur innt af hendi samkvæmt lögum nr. 63 8. sept. 1931, skal prestur greiða árlega 1% í endurbyggingarsjóð útihúsa. Gjald þetta tekst af launum prests með 1/12 mánaðarlega. Sé prestssetur prestslaust, greiðist endurbyggingarsjóðsgjaldið úr ríkissjóði. Ríkissjóður leggur endurbyggingarsjóðnum árlega jafnháa upphæð og endurbyggingarsjóðsgjaldinu nemur.

28. gr.

Endurbyggingarsjóðir útihúsa eru séreign hvers prestakalls undir umsjón biskups. Þá skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Gilda um þá og greiðslur úr þeim öll hin sömu ákvæði og um fyrningarsjóði prestssetra, eftir því sem við á. Núverand „fyrningarsjóðir peningshúsa" samkv. lögum nr. 63 1931 skulu afhentir biskupi þegar er lög þessi koma til framkvæmda, og renna þeir inn í endurbyggingarsjóði útihúsa prestssetranna.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 8. sept. 1931, um hýsingu prestssetra, svo og önnur þau ákvæði, er koma kunna í bága við þessi lög.

30. gr.

Lög þessi skulu koma til framkvæmda 1. júní 1946.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt að beiðni hv. kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frumvarpinu fyldi svo hljóðandi greinargerð:

Lögin um hýsingu prestssetra frá 8. sept 1931 eru nú orðin úrelt og ekki lengur framkvæmanleg, ekki sízt vegna þeirra miklu verðbreytinga, er orðið hafa á síðari tímum.

Ber því brýna nauðsyn til að breyta lögunum í verulegum atriðum og samræma þau breyttum tímum. Þótti eftir atvikum hagkvæmara að semja frumvarp að heildarlögum um þessi efni en að breyta einstökum greinum hinna eldri laga og fella þær síðan inn í þau.

Um einstakar greinar frv. þykir rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Þar er gert ráð fyrir því, að á næstu 5 árum fari fram athugun á öllum prestssetrum landsins, og verði þar sérstaklega rannsakað:

a. Hver af prestssetrum landsins séu þannig sett, að líklegt megi telja, að þau verði aðsetur prests í framtíðinni.
b. Hvar hentugast megi teljast að færa prestssetur og þá hvert.
c. Hvaða prestssetur séu sérstaklega fallin til skiptingar í nýbýli.
d. Hvernig haga skuli skipulagi hinna ýmsu bygginga á prestssetrum svo bezt megi fara.

Hefur nefnd, skipuð af fyrrv. kirkjumálaráðherra dr. Birni Þórðarsyni, þegar hafið athugun á þessum málum.

Má það vera augljóst mál, að til þess að það fé, sem ríkið leggur til endurbyggingar prestssetranna, komi að fullum notum, verður að hafa farið fram rækileg athugun á öllum þessum atriðum. Lítil skynsemd eða hagsýni er í því að reisa dýr prestssetrshús á þeim jörðum, sem gera mætti ráð fyrir, að lagðar yrðu niður sem prestssetur í náinni framtíð. Hitt er og augljóst, að sníða verður stærð prestsseturs og peningshúsa eftir því, hvað hæfilegt er, að jörðin beri mikla áhöfn, og þarf því,

áður en slíkar byggingar eru reistar, að athugast, hvort jörðinni ætti að skipta í nýbýli eða ekki. Loks er það mikið atriði, er um varanlegar og dýrar framtíðarbyggingar er að ræða, að þeim sé skipulega og snoturlega fyrir komið og skipað þannig niður, að vel fari á. Hefur á þessu víða orðið allmikill misbrestur, og mætti slíkt ekki endurtakast í framtíðinni.

Um 2., 3. og 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Í hinum eldri lögum er aðeins gert ráð fyrir árlegri fjárveitingu til tveggja prestsseturshúsa. Reynslan hefur sýnt, að þetta er engan veginn nægilegt, og í fjárlögum síðustu ára hefur þessu verið breytt í það horf að veita fé til 4—5 húsa á ári.

Eins og nú standa sakir eru raunverulega 114 prestssetur á landinu, ef með eru taldir prestar þjóðkirkjunnar hér í Reykjavík. Skiptast þau eftir byggingu þannig:

Steinhús	63
Timburhús	36
Torfbæir	8
Engin bygging	7

Eru hér meðtalin þau hús, sem nú eru í smíðum. Af steinhúsunum eru að minnsta kosti 3 svo léleg og gömul, að þau þarf fljótlega að endurbyggja. Og af timburhúsunum mun vart mega telja fleiri en 11 í svo sæmilegu ástandi, að eigi þurfi þar endurbyggingu eða stórfelldar aðgerðir á næstu árum. Alls eru því a. m. k. 29 prestssetur, sem óhjákvæmilegt er að byggja á allra næstu árum. Þrátt fyrir það, þótti ekki rétt að fara lengra en að leggja til, að 4 hús yrðu árlega reist. Í þessu sambandi má geta þess, að það eru prestaköllin með hinum lélegu byggingum, sem prestslaus eru ár eftir ár, og horfir það til stórra vandræða. Enn fremur má og telja víst, að ein meginástæðan fyrir því, hve fáir stunda nú nám í guðfræðideild sé sú, að ungir menn telja ekki fýsilegt að setjast að sem prestar að námi loknu í köldum og gisnum timburhúsahjöllum eða í torfbæjum margra sveitaprestssetranna.

Um 6., 7., 8., 9., 10., 11. og 12. gr.

Þessar greinar eru að meginefni samhljóða lögunum frá 1931 um hýsingu prestssetra, en ýmis ákvæði gerð fyllri og greinilegri.

Um 13. gr.

Þar er gert ráð fyrir, að við prestaskipti fari fram nauðsynlegar aðgerðir á prestsseturshúsi, samkvæmt álitsgerðum úttektarmanna, en trúnaðarmaður ríkis skeri úr um hinar stærri aðgerðir. Aðgerðirnar kostar ríkissjóður að svo miklu leyti sem álag fráfarandi hrekkur eigi til. Er þetta að mestu í samræmi við þá venju, sem skapazt hefur í þessum málum hin síðari ár.

Um 15. gr.

Um viðbyggingar prestsseturshúsa þykir rétt, að gildi hinar sömu reglur og um nýbyggingar, eftir því sem við á. Er því lagt til, að sérákvæðin um þetta í lögunum 1931 um hýsingu prestssetra verði felld niður.

Um 16. gr.

Hún fjallar um árgjöld af prestsseturshúsum, og er þar verulega vikið frá eldri lagaákvæðum.

Í fyrsta lagi þykir réttara, þar sem ríkið er eigandi húsanna, að um fast árgjald sé að ræða af prests hálfu en að hann standi ekki straum af afborgunum lána til húsbygginga, þar sem hann hvorki á né eignast húsin, þótt hann greiði áhvílandi lán að fullu.

Í öðru lagi þykir rétt, að frá byggingarkostnaði dragist andvirði niðurlagðra húsa ásamt hæfilegu álagi á þau svo og innstæðu prestakallsins í fyrningarsjóði.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að ⅗ þess byggingarkostnaðar, sem umfram er, sé kvaðalaust framlag ríkissjóðs, og er það sama hlutfall og í gildandi lögum um hýsingu prestssetra.

Í fjórða lagi er svo til ætlazt, að þeim ⅖ hlutum byggingarkostnaðar, sem prestur greiðir af, verði deilt með byggingarvísitölu þess árs, er húsið er reist, til þess að finna sannvirði ⅗ byggingarinnar samkvæmt verðlagi fyrir styrjöldina. Árgjald prests verður síðan 3½% af þeirri upphæð, og greiðir hann það gjald með verðlagsvísitöluálagi. Af húsum byggðum fyrir 1939 greiðir prestur 4% af ⅗ byggingarkostnaðar, þó ekki hærri upphæð en 320 kr. á ári, einnig með verðlagsuppbót.

Þetta skal nánar skýrt með dæmum.

1. Hús er byggt 1945. Byggingarkostnaður þess, að frádregnu andvirði niðurlagðra húsa, og innstæða fyrningarsjóðs nemur kr. 140 þúsund. Byggingarvísitala er 400. Kvaðalaust framlag ríkissjóðs ⅗ = 84 þús. Árgjaldsskyldur hluti prests ⅖ = 56 þús. deilt með byggingarvísitölu 400:100 eða 14 þúsund. Af því greiðir prestur 3½% eða kr. 490.00 að viðbættri vísitölu, sem nú er 185, eða alls kr. 1396.50.
2. Hús er byggt fyrir 1939. Hámarksgreiðsla prests er kr. 320.00 með vísitölu 185, eða alls kr. 912.00.

Hér er að vísu nokkur munur á ársgreiðslum, en við það er að athuga, að presturinn í eldra húsinu þarf að kosta meiru til viðhalds sínu húsi af því að það er eldra. Og eins hitt, að hið nýja hús mun yfirleitt vera vandaðra og betra en gamla húsið.

Með þessum ákvæðum er yfirleitt stefnt að því að jafna árgjöldin af íbúðarhúsum presta. Leiga eftir eldri húsin er hækkuð til samræmis við verðlag í landinu. Á sú hækkun að vega á móti vaxtatapi ríkissjóðs á því fé, sem á þessum dýru tímum er lagt til nýrra bygginga. Virðist þetta sanngjörn lausn eftir atvikum, því að engin leið er til þess, að prestar geti staðizt við að greiða sæmilega vöxtu af byggingarkostnaði prestssetushúsa nú með því verðlagi, sem ríkjandi er í landinu.

Um 17. gr.

Hér er um tvær breytingar að ræða frá gildandi lögum. Önnur er sú, að presti er gert að greiða vísitöluálag á fyrningarsjóðsgjaldið. Hin er sú, að ríkið leggur árlega fram jafna upphæð og prestarnir til fyrningarsjóðanna. Þykir rétt, að ríkið styrki fyrningarsjóðina til jafns við prest, þar sem þeim á að verja til endurbyggingar prestssetranna, og lækka því framlög ríkissjóðs til slíkra bygginga. Er þeim og ætlað það hlutverk í framtíðinni að kosta að öllu leyti byggingar prestssetranna, og því örar sem þeir fá að vaxa, því fyrr verða þeir þess megnugir að inna það hlutverk af höndum.

Um 18.—28. gr.

Þessar greinar snerta byggingu peningshúsa og útihúsa á prestssetrum. Eru ákvæði þeirra yfirleitt svipuð og í gildandi lögum um hýsingu prestssetra, en aðeins nokkru fyllri.

Helztu breytingar eru þessar:

1. Inn í frv. eru tekin áburðarhús, safnþrær og önnur nauðsynleg útihús.
2. Að ríkissjóður leggi fram allt aðkeypt efni til bygginganna, í stað þess að í eldri lögum er aðeins gert ráð fyrir, að hann leggi fram steinlím og járn. Er þetta ákvæði meðal annars sett með tilliti til þess, að nú er völ miklu fleiri byggingarefna en járns og cements.
3. Að fáist styrkur til bygginga samkv. sérstökum lögum (t. d. jarðræktarlögum), skuli hann ásamt andvirði niðurlagðra húsa ganga til bygginganna.

4. Að vextir af prestakallalánum til slíkra bygginga lækki úr 3½% niður í 3%, og er það lagt til vegna þeirrar vaxtalækkunar, sem orðið hefur í landinu. Gæti til álita komið að lækka þessa vexti nokkru meira, þótt eigi hafi þótt fært að leggja það til.
5. Ýtarlegri ákvæði um kaup útihúsa af fráfarandi presti til tryggingar því, að eigi séu óþörf eða léleg hús keypt og gerð að jarðarhúsum.
6. Að séu keypt mannvirki eða hús á prestssetri, megi afgjald hækka sem nemi 2% af kaupverði þeirra.
7. Að fyrningarsjóðir peningshúsa nefnist framvegis endurbyggingarsjóðir útihúsa og gildi um þá öll hin sömu ákvæði og um fyrningarsjóði prestssetranna.

Um 30. gr.

Rétt þykir, að lög þessi komi til framkvæmda frá fardögum 1946. Er eðlilegast að miða framkvæmd þeirra við fardagaárið, sem er flutningaár prestanna. Verði frumvarp þetta samþykkt á þessu þingi, ætti og að fást nægilegur tími til þess að undirbúa framkvæmd laganna síðari hluta vetrarins, svo að skýrt gæti legið fyrir um greiðslur hvers einstaks prests frá næstu fardögum.

Nd. 762. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, er verða 2.—3. gr., svo hljóðandi:

a. (2. gr.) Á kjörskrá til prestskosninga ber að taka alla þá, karla og konur, sem:
   1. eru 21 árs, þegar kosning fer fram;
   2. eru meðlimir þjóðkirkjunnar;
   3. eiga ríkisborgararétt hér á landi eða hafa verið búsettir í landinu síðustu 5 árin, áður en kosning fer fram;
   4. hafa óflekkað mannorð og eru fjár síns ráðandi;
   5. eiga lögheimili innan þeirra takmarka, er kjörskráin nær til, eða eru skráðir í safnaðardeild í prestakallinu samkv. 3. gr.

b. (3. gr.) Nú ákveður utanþjóðkirkjusöfnuður, sem fengið hefur löggiltan og viðurkenndan forstöðumann, það á lögmætum safnaðarfundi að ganga inn í þjóðkirkjuna og hlíta framvegis þjónustu þjóðkirkjuprests, og er honum þá heimilt, ef meðmæli biskups koma til og leyfi kirkjumálaráðherra, að gerast sérstök safnaðardeild innan þess prestakalls í prófastsdæminu, er söfnuðurinn helzt kýs.

Safnaðardeildin kýs sér safnaðarstjórn á sama hátt og sóknir innan þjóðkirkjunnar og hlítir yfirleitt sömu fyrirmælum og sérstök sókn væri, enda gilda um safnaðarstjórnina sömu lög og reglur og um sóknarnefndir yfirleitt.

Hafi slíkur söfnuður komið sér upp kirkju, áður en hann gekk inn í þjóðkirkjuna, renna sóknargjöld safnaðarins til hennar, og gilda um þá kirkju öll hin sömu fyrirmæli og um aðrar safnaðarkirkjur innan þjóðkirkjunnar. Að öðrum kosti renna sóknargjöldin til kirkju þeirrar sóknar, er söfnuðurinn hefur gerzt safnaðardeild í.

Utanþjóðkirkjumönnum einum er heimilt að ganga inn í safnaðardeild.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna, er verður 7. gr., kemur ný grein, er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Þeir, sem staddir verða eða gera ráð fyrir að verða staddir utan takmarka sóknar sinnar, þá er kosning fer fram, mega greiða atkvæði heima hjá sóknarnefndarformanni sóknar sinnar á þar til gerð eyðublöð, er kirkjumálaráðuneytið lætur útbúa í samráði við biskup, og gilda um þá atkvæðagreiðslu öll hin sömu fyrirmæli og um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í gildandi lögum um alþingiskosningar, að því leyti sem við á. Kosning þessi má hefjast þegar er prófastur hefur ákveðið kjördag í sókninni.

3. gr.

1. málsl. 11. gr. laganna, „Þeir, sem neyta vilja .... kjörfund sjálfir", fellur niður.

4. gr.

12. gr. laganna, er verður 15. gr., orðist svo:

Sóknarnefnd í samráði við héraðsprófast skal sjá um, að kjördeildir í kaupstöðum og kauptúnum séu hæfilega margar, svo og að kjörstaðir verði á fleirum en einum stað í hinum víðáttumeiri sóknum og þeim, sem sérstaklega eru torsóttar yfirferðar. Hreppi má þó ekki skipta í fleiri kjördeildir en fjórar. Verði ágreiningur milli sóknarnefndar og prófasts um tölu kjördeilda, sker biskup úr. Kjörfund skal þó jafnan setja og slíta honum á sama stað. Þrír menn tilnefndir af sóknarnefnd taka við atkvæðum í kjörherbergi hverju, og skal á aukakjörstöðum nota staðfest eftirrit af kjörskrá, enda hefur hver kjördeild sína fundarbók. Sóknarnefnd ákveður, hverjir kjósa skuli á hverjum stað. Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla á aukakjörstöðunum fram sem annars staðar. Þegar atkvæðagreiðslu er lokið á aukakjörstað, skal afhenda sóknarnefnd tafarlaust atkvæðakassa og kjörgögn. Síðan sendir sóknarnefnd þau til yfirkjörstjórnar á venjulegan hátt.

5. gr.

13. gr. laganna, er verður 16. gr., orðist svo:

Þegar kosningarathöfn er lokið og sóknarnefnd hafa borizt öll kjörgögn úr aukakjördeildum, skal sóknarnefndin athuga og úrskurða þá utankjörfundaratkvæðaseðla, er hún hefur fengið í hendur. Síðan hvolfir hún seðlum úr atkvæðakössunum, svo og þeim utankjörfundaratkvæðaseðlum, sem ekki er ágreiningur um, í umslög, sem til þess eru ætluð, og setur innsigli sín fyrir. Svo mega og umboðsmenn umsækjenda setja innsigli sín fyrir umslögin, ef þeir vilja.

Enn fremur tekur kjörstjórnin ónýtta seðla svo og ónotaða seðla, setur þá í umslög og innsiglar á sama hátt. Að lokum setur hún sér í umslag og innsiglar þá utankjörfundaratkvæðaseðla, er ágreiningur kann að hafa orðið um.

6. gr.

17. gr. laganna, sem verður 20. gr., orðist þannig:

Hafi helmingur kjósenda í prestakalli, þar sem fleiri eru en einn umsækjandi, greitt atkvæði, er sá kjörinn prestur, er flest atkvæði fær, enda séu atkvæði þau, sem hann hlýtur, fleiri en auðir seðlar, sem skilað er við kosninguna.

Reynist auðu seðlarnir fleiri en nemur atkvæðatölu þess, er flest hlýtur atkvæðin, ber að líta svo á, að öllum umsækjendunum sé hafnað, og skal þá auglýsa prestakallið á ný. Hafi aftur á móti eigi fullur helmingur kjósenda greitt atkvæði, skal prestakallið eigi veitt, en biskup skal setja til þess að þjóna prestakallinu þann umsækjanda, er flest hefur hlotið atkvæði, ef hann vill á það fallast. Miðast setningin við allt að því eitt ár, en þá skal prestakallið auglýst að nýju.

7. gr.

18. gr. laganna, sem verður 21. gr., orðist svo:

Nú er aðeins einn umsækjandi um prestakall, og fer þá með sama hætti fram leynileg atkvæðagreiðsla um hann á kjörfundum og við utankjörfundarkjör. Kjósendur þeir, er honum vilja hafna, skila auðum seðlum.

Nú greiðir helmingur kjósenda atkvæði, og fái umsækjandinn helming greiddra atkvæða, er hann löglega kjörinn, en ella hafnað.

Taki ekki helmingur atkvæðisbærra manna þátt í kosningunni, er kosning ógild. En fái umsækjandinn meira en helming greiddra atkvæða, á hann rétt á að verða settur prestur í prestakallinu um eins árs skeið og prestakallið síðan auglýst á ný.

8. gr.

22. gr. laganna, er verður 25. gr., orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1946. Fella skal breytingar þessar inn í meginmál laganna og gefa þau út í heild.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt að beiðni hv. kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð.

Með bréfi, dags. 5. des. f. á., hefur kirkjumálaráðherrann spurzt fyrir um það, hvort ekki mundi vera heppilegt að breyta núgildandi lögum um veitingu prestakalla og hvers konar breytingar ég mundi telja æskilegastar á þeim lögum.

Lögin um veitingu prestakalla frá 3. nóv. 1915 eru orðin 30 ára gömul. Margt breytist á skemmri tíma, enda mun það nú álit flestra, sem um málið hugsa, að lögin séu orðin úrelt og eigi ekki lengur við.

Kemur þá fyrst til álita, hvort afnema ætti lög þessi gersamlega og skipa presta í embætti án íhlutunar safnaðanna, svo sem tíðkast um skipun ýmissa annarra starfsmanna, t. d. lækna og sýslumanna. Margt mælir með þeirri lausn málanna, og mundi það eigi aðeins spara allverulega kostnað og fyrirhöfn, heldur koma í veg fyrir margs konar leiðindi og úlfúð, er prestskosningar, því miður, hafa haft í för með sér sums staðar í landinu.

Aftur á móti er það vitað, að allmargir eru ófúsir til að sleppa úr hendi sér réttinum til þess að kjósa sér prest, — rétti, sem þeir hafa haft lögverndaðan um 30 ára skeið. Hefur þetta sjónarmið berlega komið í ljós á fundum, þar sem mál þetta hefur verið rætt. Enda slíkum mönnum nokkur vorkunn. Trúmálin eru jafnan viðkvæm mál. Auk þess eru viðhorf prestanna til trúmálanna og þá einkum guðfræðinnar mismunandi, og hefur svo löngum verið. Mætti því virðast eðlilegt, að fólkið sjálft skæri úr því með atkvæði sínu, hvort það t. d. vildi heldur frjálslyndan prest eða íhaldssaman í guðfræðiskoðunum, en síður viðeigandi að biskup, sem að líkindum mundi aðhyllast aðra hvora stefnuna, ætti úr að skera um það, hverrar stefnu maður hlyti prestakallið, ef örðugt væri að gera upp á milli umsækjendanna að öðru leyti, enda slíkar ráðstafanir til þess fallnar að geta valdið óánægju og flokkadráttum. Sama máli mundi gegna, þótt ákvörðun um veitinguna væri tekin af ráðherra. Enn er það, að fólkið ber með nokkrum hætti ábyrgð á presti þeim, er það sjálft kýs, og getur ekki skellt skuld á aðra, ef það verður óánægt með prestinn.

Eftir ýtarlega íhugun þessa máls, hef ég því tekið þá ákvörðun, að eigi muni að svo stöddu heppilegt að leggja til, að prestskosningar verði niður felldar, enda mjög vafasamt, að afnám þeirra mundi ná samþykki Alþingis, þótt fram væri borið.

Niðurstaðan hefur því orðið sú að mæla með því, að lögunum verði breytt til meira samræmis við gildandi kosningalög, og að því miða þær tillögur til breytinga, sem hér eru fram bornar, og skal nú gerð nánari grein fyrir þeim tillögum.

Um 1. gr. a.

Efni hennar miðar að því að taka það fram skýrt og ótvírætt, hverjir skuli hafa kosningarrétt og vera teknir á kjörskrá. Er þar að mestu fylgt lögunum um kosningar til Alþingis, að því viðbættu, að maðurinn sé eða hafi gerzt meðlimur þjóðkirkjunnar, áður en kærufrestur um kjörskrá sé liðinn. Virðist mér rétt, að hver maður öðlist kosningarrétt þegar við inngöngu í þjóðkirkjuna, ef hann að öðru leyti uppfyllir skilyrði þau, er sett eru almennt um kosningarrétt, svo og að hann þurfi ekki að hafa verið búsettur í sókn neinn ákveðinn tíma, áður hann öðlast réttinn. Er þetta í samræmi við fyrri tillögur mínar um þessi efni, sem ráðuneytið hefur að öllu leyti fallizt á. Að lokum er nýmæli um kosningarrétt þeirra, er teljast til safnaðardeilda, og er gerð grein fyrir því í aths. við síðari hluta (b-lið) greinarinnar.

Um 1. gr. b.

Þar er lagt til að heimila utanþjóðkirkjusöfnuði, sem það samþykkir á lögmætum safnaðarfundi, að ganga inn í þjóðkirkjuna og gerast þar sérstök safnaðardeild með hliðstæðum réttindum og sóknir hafa að gildandi lögum, enda komi þá bæði samþykki biskups og kirkjumálaráðherra til. Safnaðardeildin kýs sóknarnefnd fyrir sig, og hafi söfnuðurinn áður en hann gekk inn í þjóðkirkjuna komið sér upp kirkju, verður hún eins konar sóknarkirkja safnaðardeildarinnar, og renna til hennar kirkjugjöld meðlimanna. Ella renna gjöldin til sóknarkirkju þeirrar sóknar, sem söfnuðurinn hefur kosið að gerast safnaðardeild í.

Eins og kunnugt er, er meðlimum þjóðkirkjunnar skipað í sóknir með staðartakmörkunum, þannig að hver þjóðkirkjumaður er meðlimur þeirrar sóknar, þar sem hann er búsettur, og honum óheimilt að segja sig í aðra sókn. Utanþjóðkirkjusöfnuðir hafa aftur á móti haft þau forréttindi, a. m. k. í framkvæmd, að mega mynda kirkjusóknir án allra staðartakmarkana. Innan eins og sama utanþjóðkirkjusafnaðar með einni stjórn og kirkju er t. d. hér í Reykjavík fólk úr öllum sóknum bæjarins. Verður það að teljast óeðlilegt í því landi, þar sem ríkið styður og verndar þjóðkirkju, að utanþjóðkirkjumenn hafi meiri réttindi en meðlimir þjóðkirkjunnar sjálfrar. Hins vegar þykir ekki rétt að leggja til, að þjóðkirkjumenn fái rétt til eftir geðþótta að segja sig úr einni sókn í aðra né heldur að einstökum utanþjóðkirkjumönnum sé heimilt að segja sig inn í hvaða þjóðkirkjusöfnuð, er þeir vilja, því að það mundi valda fullkomnum glundroða á hinni staðbundnu sóknarskiptingu þjóðkirkjunnar. Hér er því ekki gengið lengra en það, að utanþjóðkirkjusöfnuði sem heild er gefinn kostur á að ganga inn í þjóðkirkjuna á þann veg að mynda sérstaka safnaðardeild eða sókn innan þess prestakalls, er hann helzt kýs að tilheyra. Með þessu er utanþjóðkirkjusöfnuðum greiddur vegur inn í þjóðkirkjuna aftur, án þess að raskað sé grundvelli sóknarskipunarinnar, og verður það að teljast eðlilegt og þjóðkirkjunni hagkvæmt.

Um 2. gr.

Hún fjallar um utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Eru þau ákvæði sett í samræmi við gildandi lög um alþingiskosningar, þó með þeim breytingum, að formaður sóknarnefndar kemur í stað hreppstjóra eða sýslumanns. Þá þótti og eigi fært að ganga lengra en svo að heimila slíka atkvæðagreiðslu aðeins innan takmarka þess prestakalls, þar sem prestskosning fer fram. Og er því þeim mönnum, sem staddir eru utan prestakalls, óheimilt að kjósa þar. Mundi það og verða óhæfileg fyrirhöfn að láta alla sóknarnefndarformenn landsins jafnan hafa slík kjörgögn undir höndum og skylda þá til að leyfa mönnum að kjósa hjá sér í hvert skipti sem prestskosning fer fram einhvers staðar á landinu. En þrátt fyrir þetta verða þessi ákvæði um utankjörfundarkjör að teljast veruleg bót frá því, sem nú er.

Um 3. gr.

Aðeins smáúrfelling til samræmingar.

Um 4. gr.

Sjálfsagt þykir að rýmka ákvæði laganna um skiptingu sóknar í kjördeildir til samræmis við ákvæði laga um alþingiskosningar.

Um 5. gr.

Í henni felast aðeins nauðsynlegar breytingar, er leiðir af 6. gr.

Um 6. gr.

Hér er um tvær breytingar að ræða frá gildandi lögum.

1. Kosning er talin lögmæt og gildandi, ef helmingur kjósenda greiðir atkvæði og auðir seðlar eru færri en atkvæði þess umsækjanda, er flest fær. Reynsla undangenginna ára hefur sýnt, að þegar enginn umsækjandi hefur fengið helming greiddra atkvæða, hefur kirkjustjórnin svo að segja undantekningarlaust veitt þeim umsækjanda, er flest hefur hlotið atkvæði. Hafi verið vikið frá þessari reglu, hefur það valdið óánægju innan viðkomandi safnaðar og jafnvel klofningi. Þykir því einfaldast og heppilegast að afnema þetta ákvæði um helming greiddra atkvæða sem skilyrði lögmætrar kosningar, enda slík skilyrði ekki sett um aðrar kosningar í þessu landi.

2. Taki ekki helmingur kjósenda þátt í prestskosningu, er gert ráð fyrir að veita eigi prestakallið, en setja þann prest, er flest hefur hlotið atkvæði, um eitt ár, svo að söfnuðurinn fái tækifæri á að kynnast honum. Að þeim fresti liðnum er prestakallið auglýst á ný.

Um 7. gr.

Þar eru sett hliðstæð ákvæði um það, ef umsækjandi er aðeins einn.

Kjósendum er gefinn kostur á að hafna umsækjandanum. En fari svo, að ekki greiði helmingur kjósenda atkvæði, er skylt að setja umsækjandann í prestakallið um eitt ár, ef hann óskar, þó því aðeins, að hann hafi hlotið helming greiddra atkvæða, þ. e. a. s. ekki verið hafnað.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 5. des. 1945.

Ráðuneytið óskar hér með að gefnu tilefni álits yðar, háæruverðugi herra, um það, hvort þér teljið ástæðu til að endurskoða lögin um veitingu prestakalla, nr. 32 3. nóv. 1915, og ef svo kynni að vera, á hvern hátt þér teljið að það mál yrði bezt undirbúið.

Er óskað álits yðar á því sérstaklega, hvort halda beri enn við það meginatriði laganna, að prestar skuli kosnir af söfnuðunum, eða hvort taka beri upp annað fyrirkomulag, og þá hvert.

Emil Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

Til biskups.

Ed. 763. Nefndarálit

um frv. til laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og þótt einstakir nefndarmenn telji, að einstakar breytingar á því gætu orðið til bóta, hefur ekki náðst samkomulag um, að hún beri þær óskipt fram. Þar sem er nauðsynlegt að hraða málinu mjög, eigi það að verða að lögum á þessu þingi, — því að líkur eru til, að brátt dragi til þingloka, — hefur nefndin, þar sem hún viðurkennir nauðsyn á framgangi þessa máls, orðið sammála að mæla með frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram brtt. við það eða fylgja brtt., sem fram við það kunna að koma.

Alþingi, 11. apríl 1946.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr. Páll Hermannsson.

H. Guðmundsson. Eiríkur Einarsson.

Ed. 764. Breytingartillögur

við frv. til laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 16. gr. Í stað „80%“ á tveim stöðum komi: 75%.
2. Við 31. gr. Í stað 3.—6. málsl. komi:
   Ríkissjóður leggur enn fremur fram 10% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaust lán til 50 ára. Lán þessi eru afborganalaus fyrstu 15 árin, en greiðast síðan með jöfnum árlegum greiðslum á 35 árum. Ef sveitarstjórn ákveður að afskrifa þau 15%, sem sveitarsjóður leggur fram án atbeina ríkissjóðs, er ríkisstjórninni heimilt að gefa eftir vaxtalausa lánið.
3. Aftan við frv. kemur svo látandi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kosning fyrstu stjórnar byggingarsjóðs samkv. 8. gr. og fyrstu endurskoðenda samkv. 9. gr. gildir til ársloka 1949.

Ed. 765. Breytingartillaga

við frv. til laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni.

Við 4. gr. Við næstsíðustu málsgr. bætist: og er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til þeirra verkamannabústaða, sem lokið er við að byggja eftir 1. janúar 1943.

Nd. 766. Frumvarp til laga

um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Um verkamannabústaði.

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna og annarra þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem hafa ekki tekjur né eiga eignir yfir það hámark, er greinir í 4. lið 6. gr. laga þessara, og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna.

2. gr.

Byggingarsjóður lánar til byggingar samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi sveitarstjórn fært félagsmálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar.

3. gr.

Byggingarsjóður skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefur verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem nemur ekki minna en 4 krónum og ekki meira en 6 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt.
2. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til þess krónufjölda á íbúa kaupstaðar eða kauptúns, er sveitarstjórn þar hefur ákveðið með samþykkt þeirri, er í 1. lið segir, að leggja fram til sjóðsins, þegar sýnt er, að þörf er fyrir starfsemi byggingarsjóðs. Sbr. 2. gr.
3. Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn kr. 150000.00, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkv. 14. gr. l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.
4. Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður. En hlutaðeigandi sveitarsjóður, sbr. 2. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu. Gefa skal út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og sveitarsjóðs til byggingarsjóðs samkv. 1. og 2. tölulið hækka til samræmis við vísitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.

Heimilt er stjórn byggingarfélags að stofna innlánsdeild í sambandi við byggingarsjóð, sem tekur við innlögum frá mönnum á félagssvæðinu, sem vilja tryggja sér húsnæði hjá félaginu. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi innlánsdeilda þessara að fengnum tillögum stjórnar byggingarsjóðs þ. á m. um það, hvenær þeim, sem slíkum innlögum hafa safnað, skuli fengin íbúð.

4. gr.

Byggingarsjóður veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni, og skal félagið reist á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

Heimilt er að stofna deildir, sem hafa sérsamþykktir, innan byggingarfélags, þegar 50 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn félagsins.

Lán þessi skulu vera tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, og mega þau nema allt að 90% af kostnaðarverði eignarinnar. Lánin séu affallalaus. Þau endurborgast með jöfnum árlegum greiðslum á 42—75 árum.

Úr byggingarsjóði má veita lán með eftirgreindum kjörum:

A. flokkur. Lánshæð allt að 90% af kostnaðarverði hússins; lánstími 75 ár.
B. flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 60 ár.
C. flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 42 ár.

Vextir í öllum lánaflokkum skulu vera 2% — tveir af hundraði —.

Stjórn byggingarsjóðs ákveður, að fengnum tillögum sveitarstjórnar og stjórnar byggingarfélags, hvers konar lánskjör eru hverju sinni veitt, og er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til þeirra verkamannabústaða, sem lokið er við að byggja eftir 1. janúar 1943.

Heimilt er lántakendum að greiða byggingarlán að fullu, hvenær sem þeir óska þess.

5. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkissjóðsábyrgð að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

6. gr.

Byggingarfélög hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 4. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð fimm mönnum, og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. töluliðar þessarar greinar.
2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
3. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni með eins til fjögurra herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag byggingarinnar samþykkt af félagsmálaráðuneytinu.
4. Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 7000 króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 1000 krónum fyrir hvern ómaga, né yfir 10000 króna eignir. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.
5. Að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarsjóðsins ákveður.
6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, og með þeim láns- og vaxtakjörum, sem ákveðin eru samkv. 4. gr. Skal gerður sérstakur kaupsamningur um hverja íbúð við þann, er íbúðina fær, og eru þeir samningar undanþegnir stimpilgjaldi.

   Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að íbúðinni, enda gerist þau þá löglegir félagar byggingarfélagsins.
7. Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleiga metin reglulega á 10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal sveitarfélaginu skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.
8. Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefur íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað

forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun, sem samkv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkv. mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

9. Að ákveðið sé með reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innan húss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
10. Að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og ráðuneytið staðfest þær.

7. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlun, dagheimili, leiksóla fyrir börn og mötuneyti. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 6. gr. 9. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

8. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 5 menn, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi, til fjögurra ára í senn. Félagsmálaráðherra skipar einn þeirra formann sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkv. reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, en sjóðsstjórninni er heimilt að lána fé sjóðsins til bráðabirgða milli deilda, ef það þykir henta.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með, að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinna samkv. 6. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn, einn eða fleiri, í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi sveitarfélag hefur rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og allri starfsemi byggingarfélagsins og hefur rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álítur, að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

9. gr.

Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefur verið til bygginganna. Ef stjórn byggingarsjóðs hefur eigi borizt í hendur reikningur byggingarfélags yfir síðasta ár fyrir 1. sept. ár hvert, er óheimilt að halda áfram lánveitingum til félagsins fyrr en reikningurinn berst sjóðsstjórninni í hendur.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

10. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða, að sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefur það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndauppdrætti af húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún í samráði við stjórn byggingarsjóðs og hlutaðeigandi sveitarstjórnir öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI

Um byggingarsamvinnufélög.

12. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eignarframlögum félagsmanna (sjá 15. gr.) og reka lánastarfsemi.

13. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri á stöðum með færri en 1000 íbúa, 30 á stöðum með 1000 íbúa eða fleiri utan Reykjavíkur og 50 í Reykjavík koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

14. gr.

Nú vill sveitarstjórn beita sér fyrir og taka þátt í stofnun byggingarsamvinnufélags til byggingar fjölbýlishúsa með hæfilega stórum, heilsusamlegum íbúðum og sameiginlegum þægindum. Skal sveitarstjórn þá hlutast til um, að almennur fundur sé haldinn á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri og kjörnir fulltrúar bæjar- eða sveitarfélagsins koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við þessi lög, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

15. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félagsmanns til byggingar húss eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félags, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands.

Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu, verði félagsmaður fátækrastyrksþurfi, og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.
C. Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán, og mega þau nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, er félagið reisir. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán í þeim flokki.

Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar.

16. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 15. gr. A. hér að framan. Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 75% af kostnaðarverði eignarinnar. Heimilt er þó félagsstjórn að veita lán gegn 2. veðrétti, þó þannig, að samanlagður 1. og 2. veðréttur nemi eigi hærri upphæð en 75% af kostnaðarverði. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

17. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937.

18. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði, auk þess sem um ræðir í 15. gr. A.:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefur ákveðið og samþykktar hafa verið af félagsmálaráðuneytinu.
B. Að húsin séu reist á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af félagsmálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.
C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent félagsmanni gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.

Heimilt er þó félagsstjórn að leyfa, að félagsmenn reisi hús sín sjálfir, ef það er undir umsjón og eftirliti byggingarfulltrúa félagsins eða annars byggingarfróðs manns, sem félagsstjórnin telur gildan.

D. Að félagsmaður sé fjárráða og heimilisfastur innan þess svæðis, sem félagið nær yfir.

19. gr.

Byggingarsamvinnufélag, sem stofnað er að tilhlutun sveitarstjórnar samkv. 14. gr., skal í starfsemi sinni bundið við ákvæði 2., 3., 6., 7. og 9. töluliðar 6. gr. svo og ákvæði 7. gr. I. kafla laga þessara að því leyti, sem við getur átt, þó með þeirri undantekningu, að íbúðir þær, sem félagið reisir, megi vera allt að 500 rúmmetrum að stærð.

20. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutun félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað

forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættri verðhækkun samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkvæmt mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Ákvæði þessi taka þó ekki til húsa þeirra, er byggingarsamvinnufélög hafa reist fyrir 1. janúar 1946, og fer um sölu þeirra og leigu eftir ákvæðum laga nr. 43 frá 1942, um breyting á lögum um byggingarsamvinnufélög.

21. gr.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt 20. gr., og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, nema því aðeins, að hann sanni, að þegar kaupin fóru fram, hafi honum verið ókunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

22. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau þá löglegir meðlimir félagsins.

23. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að verða á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

24. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

25. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndauppdrætti bæði af sérbyggingum og sambyggingum til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög og lætur þær í té án endurgjalds.

Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

26. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 1937.

III. KAFLI
Um íbúðabyggingar sveitarfélaga.

27. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fólk býr í heilsuspillandi íbúðum (bröggum, útihúsum, háaloftum, kjöllurum o. s. frv.) og ekki verður úr bætt á nægilega skömmum tíma að dómi sveitarstjórnarinnar með þeirri aðstoð ríkisins og sveitarfélaganna, sem um getur í I. og II. kafla þessara laga, ber sveitarstjórn kaupstaðarins eða kauptúnsins að ráða bót á húsnæðisvandræðunum, og nýtur hún til þess þeirrar aðstoðar ríkisins, sem í þessum kafla segir.

28. gr.

Sveitarstjórn lætur safna skýrslum um fjölskyldur þær í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, og kynnir sér efnahag þeirra og atvinnu svo og fyrirætlanir þeirra um útvegun húsnæðis.

29. gr.

Að skýrslugerð þessari lokinni skal sveitarstjórn semja áætlun um, hversu margar íbúðir þurfi að gera til þess að bæta úr þörfum þeirra, sem búa í heilsuspillandi íbúðum og ekki fá á annan veg tryggt sér viðunandi húsnæði, svo og kostnaðaráætlun og áætlun um, hversu langan tíma sú framkvæmd muni taka, og skal stefnt að því, að henni verði lokið á fjórum árum.

30. gr.

Skýrslur þær, og áætlanir, sem um getur í 29. gr., skal senda ríkisstjórninni ásamt rökstuðningi sveitarstjórnar fyrir því, að ekki verði bætt úr húsnæðisþörfinni á nægilega skömmum tíma með þeim aðgerðum, sem í I. og II. kafla þessara laga segir.

31. gr.

Nú færir sveitarstjórn félagsmálaráðuneytinu sönnur á, sbr. 29. gr., að nauðsyn sé slíkra íbúðarbygginga, sem hér um ræðir, og skal þá ríkissjóður lána þeim sveitarfélögum, sem reisa slíkar íbúðir, 75% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, en þar skal ekki lóð með talin. Lán þessi skulu vera til 50 ára með 3% ársvöxtum, og greiðast vextir og afborganir með jöfnu, árlegu gjaldi. Ríkissjóður leggur enn fremur fram 10% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaust lán til 50 ára. Lán þessi eru afborgunarlaus fyrstu 15 árin, en greiðast síðan með jöfnum árlegum greiðslum á 35 árum. Ef sveitarstjórn ákveður að afskrifa þau 15%, sem sveitarsjóður leggur fram án atbeina ríkissjóðs, er ríkisstjórninni heimilt að gefa eftir vaxtalausa lánið.

32. gr.

Til tryggingar 75% láni ríkissjóðs skal vera 1. veðréttur í húseignum þeim, sem reistar eru, þar til er lánin eru að fullu greidd.

33. gr.

Fé það, sem ríkissjóður lánar sveitarfélögunum til íbúðabygginga samkvæmt þessum kafla, getur ríkisstjórnin tekið að láni. Vaxtamismun, sem verða kann á lánastarfsemi þessari, greiðir ríkissjóður.

34. gr.

Sveitarstjórn byggir íbúðir þessar og ræður gerð þeirra og stærð, allt í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar staðarins og skipulagsuppdráttar, ef til er.

Íbúðir þær, sem byggðar eru samkv. III. kafla þessara laga, skulu leigðar þeim, er í heilsuspillandi íbúðum búa, og skulu þeir ganga fyrir, sem búa við lakast hús-

næði og erfiðastar heimilisástæður. Skal leitað álits heilbrigðisnefndar, ef til er, ella héraðslæknis, um það í hverri röð menn fái íbúðirnar.

35. gr.

Íbúðir þær, sem reistar eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, eru eign sveitarfélagsins og leigjast þeim, sem þær eru byggðar fyrir, við leigu, sem eigi má hærri vera en sambærileg leiga í leiguhúsum af sambærilegri gerð, sem einstaklingar eiga. Heimilt er þó sveitarstjórn að selja íbúðirnar þeim, sem þær hafa fengið til íbúðar, á kostnaðarverði og með hagkvæmum greiðsluskilmálum.

36. gr.

Sveitarfélög, sem íbúðir reisa með þeirri ríkisaðstoð, sem í þessum kafla segir, skulu hafa sérstakt reikningshald fyrir húsbyggingar þessar og starfrækslu þeirra. Skal leggja mánaðarlega leigu og afborganir, ef íbúðir eru seldar, í sérstakan reikning, og geymist fé þetta þar, unz að gjalddögum kemur á lánum ríkissjóðs, en þá skal því varið til afborgana og vaxtagreiðslna af þeim. Nú hrökkva tekjur af húseignunum ekki eitthvert ár til fullrar greiðslu, og skal þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði.

37. gr.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra staðfestir, skal sveitarstjórn kveða nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd á byggingum íbúðarhúsa sveitarfélaganna svo og leigukjör, söluskilmála, viðhald og hvað eina, sem nauðsynlegt verður talið að ákveða þar sérstaklega, þ. á m., hvernig fara skal að um sölu slíkra íbúða, ef eigendaskipti verða eða eigandi vill losna við íbúð sína. Skal reynt að haga svo til, að greiðslur einstaklinga fyrir húsnæði sveitarfélaganna verði í sem mestu samræmi við greiðslur þeirra, sem hjá byggingarfélögum fá íbúðir. Í reglugerð skal og ákveða þau viðurlög, sem ástæða þykir að setja.

IV. KAFLI

Um innflutning og skiptingu byggingarefnis o. fl.

38. gr.

Á meðan skortur er á íbúðarhúsnæði í landinu og erfiðleikar eru á innflutningi nægilegs byggingarefnis, að dómi ríkisstjórnarinnar, skal viðskiptaráð, á meðan það starfar, ella sú stofnun, sem ríkisstjórnin ákveður, kveða á um, til hverra nota fari það byggingarefni, sem flutt er til landsins. Kveða skal á um það með reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum þess aðila, er að framan getur, hverjar byggingar og framkvæmdir skuli ganga fyrir um byggingarefni, og skal þá einkum miðað við þörf íbúðarhúsnæðis og nauðsyn atvinnulífs og almenningsstofnana. Þá skal og í reglugerð mæla fyrir um önnur þau atriði, sem þörf er á, til að lög þessi nái tilgangi sínum.

39. gr.

Nú kemst sveitarfélag, sem lán hefur fengið til húsbygginga samkvæmt III. kafla laga þessara, í greiðsluþrot eða er sett undir eftirlit samkvæmt lögum um eftirlit með sveitarfélögum eða það vanrækir um tveggja ára tíma skuldbindingar sínar vegna byggingarlána gagnvart ríkissjóði, og tekur þá ríkisstjórnin í sínar hendur framkvæmd alla og stjórn á húseignum þess sveitarfélags, sem í hlut á og reistar hafa verið samkvæmt III. kafla laga þessara.

40. gr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

41. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal ef byggingarefni er í heimildarleysi varið til annarra þarfa en lög þessi ákveða, varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

42. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 3 frá 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, lög nr. 71 frá 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur þau lagaákvæði, sem fara í bág við lög þessi.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kosning fyrstu stjórnar byggingarsjóðs samkv. 8. gr. og fyrstu endurskoðenda samkv. 9. gr. gildir til ársloka 1949.

Sþ. 767. Nefndarálit

um till. til þál. um endurbyggingu brúar á Þjórsá.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað till. og fengið um hana umsögn vegamálastjóra, sem birt er hér sem fylgiskjal, þar sem hann leggur til, að till. verði samþykkt með þeirri breytingu, er í fylgiskjalinu greinir.

Nefndin fellst á þessa breytingu vegamálastjóra og var sammála um að leggja til, að þáltill. yrði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta Alþingi tillögur og kostnaðaráætlun um byggingu nýrrar brúar á Þjórsá í stað þeirrar, sem nú er.

Alþingi, 11. apríl 1946.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Helgi Jónasson, frsm.
Pétur Ottesen.	Þórður Benediktsson.	B. Kristjánsson.
Steingr. Aðalsteinsson.	Sig. Kristjánsson.	Skúli Guðmundsson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 1. apríl 1946.

Þingsályktunartillaga um endurbyggingu Þjórsárbrúar.

Í framhaldi af bréfi mínu, dags. 1. marz, til háttvirtrar fjárveitinganefndar um ofangreint mál vil ég taka þetta fram:

Eftir að Árni Pálsson yfirverkfræðingur hefur mjög rækilega rannsakað og gert sér grein fyrir með útreikningum, eftir því sem framkvæmt verður, burðarþoli og styrkleika núverandi brúar, er það sameiginlegt álit okkar, að ekki sé öruggt að

hleypa á brúna þyngri bifreiðum en 6 tonna, enn fremur að ekki verði hagkvæmt að styrkja hana neitt verulega frekar en orðið er. Brúin er orðin það gömul, enda í upphafi ekki ætluð fyrir neitt svipaða umferð og orðin er um hana, svo ný brú þarf að koma í hennar stað hið fyrsta. Þó hún hafi þolað þessa umferð enn, þá ber á því, að ýmsir burðarliðir eru ekki nógu öruggir, og vitanlega verður hún ótraustari með hverju árinu.

Eins og nú er komið nauðsyn allmikilla flutninga til og frá héruðunum austan Þjórsár, þá er það augljóst, að takmörkun bifreiðaþunga við 6 tonna hámark um brúna eykur allverulega flutningskostnað fram yfir það, sem yrði, ef 8 tonna þungi væri leyfður, svo sem eðlilegt væri og telja má, að aðrar brýr á þessari leið þoli, þó að vísu væntanlega með nokkurri styrkingu sumra þeirra.

Tel ég því sjálfsagt og eðlilegt, að undirbúningur verði hafinn að byggingu nýrrar brúar. Hins vegar þykir mér ekki ástæða til þess að slá því föstu nú, að verkið verði hafið á vori komanda. Þeirri ákvörðun má fresta til hausts, er Alþingi kemur saman og fjárlög verða sett fyrir 1947.

Ég hef þegar látið mæla brúarstæði fyrir nýja brú 15—30 metrum ofar. Er þar ráðgerð hengibrú 81,0 m löng, og verði veginum breytt, svo að hann kemur beint að brúnni beggja megin. Nýja Ölfusárbrúin er 84,0 m löng milli turna auk landbrúar 50 m langrar, en við Þjórsá þarf sennilega 10—12 metra landbrú. Þessi nýja brú á að þola sama þunga og Ölfusárbrúin, en gert ráð fyrir, að hún verði mjórri, 5,5 m, en Ölfusárbrúin er 8,0 m á breidd. Ég hef þegar skrifazt á við Dorman Long, sem smíðaði Ölfusárbrúna og smíðar Jökulsárbrúna á Fjöllum, og stendur ekki á því, að þeir taki einnig að sér smíði Þjórsárbrúar. Jafnframt verður þá athugað, hvort önnur gerð brúar en hengibrú kæmi til greina.

Á hausti komanda mun ég geta haft tilbúna yfirlitsáætlun um nýja brú á Þjórsá og lagt fyrir Alþingi.

Með tilvísun til þessa vil ég leggja til, að tillagan orðist þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta Alþingi tillögur og kostnaðaráætlun um byggingu nýrrar brúar á Þjórsá í stað þeirrar, sem er nú."

Virðingarfyllst,
Geir G. Zoëga.

Fjárveitinganefnd Alþingis.

Sþ. 768. Nefndarálit

um till. til þál. um byggingarstyrk til flóabáts fyrir sunnanverðan Breiðafjörð, Hvammsfjörð og Gilsfjörð.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað þáltill., fengið um hana umsögn Skipaútgerðar ríkisins, sem birt er hér sem fylgiskjal, og rætt við framsögumann um nokkrar breytingar, m. a. þær, að framlagsupphæðin verði ákveðin í þál. og að framlagið verði eignarhluti ríkissjóðs, en ekki veittur styrkur til útgerðarinnar. Hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Tillögugreinina skal orða svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að 100 þús. krónum til byggingar 35 smálesta flóabáts fyrir Breiðafjarðarhafnir, með eftirfarandi skilyrðum:

1. að samgöngumálaráðuneytið samþykki gerð bátsins og byggingarsamning;
2. að framlag til bátsins verði eignarhluti ríkissjóðs í útgerðinni;

3. að ríkissjóður hafi ávallt að minnsta kosti einn mann í stjórn fyrirtækisins;
4. að báturinn haldi uppi póst-, farþega- og vöruflutningaferðum á milli Stykkishólms og Brjánslækjar og um sunnanverðan Breiðafjörð, Hvammsfjörð og Gilsfjörð í samráði við Skipaútgerð ríkisins;
5. að haldið verði áfram undirbúningi undir byggingu strandferðabáts fyrir Breiðafjörð í samræmi við tillögur milliþinganefndar í strandferðamálum.

Alþingi, 11. apríl 1946.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Þórður Benediktsson.
B. Kristjánsson. Steingr. Aðalsteinsson. Sig. Kristjánsson.
Pétur Ottesen. Helgi Jónasson.

Ég tel, að 5. tölul. eigi ekki heima í þessari till., þótt ég sé ekki ósamþykkur efni hans.

Skúli Guðmundsson.

Fylgiskjal.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 3. apríl 1946.

Með bréfi, dags. 2. þ. m., hefur háttvirt fjárveitinganefnd sent oss til umsagnar tillögu til þingsályktunar um byggingarstyrk til flóabáts fyrir sunnanverðan Breiðafjörð. Í því sambandi viljum vér leyfa oss að taka fram eftirfarandi:

Í áliti milliþinganefndarinnar í strandferðamálum er gert ráð fyrir, að sérstakur bátur um 150—200 lestir annist vikulega ferðir frá Reykjavík til Breiðafjarðarhafna og komi þá væntanlega á allar þær hafnir á Breiðafirði, sem máli skipta. 35 lesta flóabátur getur því ekki fallið inn í það kerfi, sem milliþinganefndin gerði ráð fyrir. Til þess er báturinn of lítill.

Samið hefur verið um byggingu á einu strandferðaskipi á stærð við Esju, og verður það væntanlega tilbúið síðari hluta næsta árs.

Þá er útlit fyrir, að samið verði bráðlega um byggingu á tveim strandferðabátum, rúmlega 300 lestum, og verða þeir væntanlega tilbúnir fyrri hluta næsta árs. Má gera ráð fyrir, að annar strandferðabáturinn verði notaður að miklu leyti fyrir Breiðafjörð og Vestfirði, þar til sérstakur bátur hefur verið fenginn fyrir Breiðafjörð. Vafalaust verða nóg not fyrir strandferðabátana, meðan þeir eru bara tveir, og væri því gott að hafa flóabát á Breiðafirði, sem gæti létt undir með því að taka Gilsfjarðar- og Hvammsfjarðarhafnir, en það kemur því aðeins að góðu gagni, að meiri hlutinn af þeim vörum, sem þangað eiga að fara, komi frá útlöndum til Stykkishólms til umhleðslu þar. Og gæti þá svo farið, að ekki verði aðkallandi þörf fyrir hinn fyrirhugaða Breiðafjarðarbát eða hann verði jafnvel óþarfur. Haldi Reykjavík hins vegar áfram að vera umhleðsluhöfn fyrir Breiðafjörð, er nauðsynlegt að fá hinn fyrirhugaða Breiðafjarðarbát sem fyrst, og þegar hann er kominn, er hætt við, að ekki verði nægilegt verkefni fyrir tvo flóabáta á Breiðafirði, nema þá litla báta milli eyja o. þ. h. Enda gerir milliþinganefndin ráð fyrir, að þeir leggist niður, þegar svo er komið.

Það er rétt, að flóabáturinn „Baldur“ er of lítill fyrir það verkefni, sem báturinn hefur haft undanfarið og kemur til með að hafa, meðan samgöngum við Breiðafjörð er háttað eins og nú er.

Þar sem óvissa er um það, hvenær sérstakur bátur fæst fyrir Breiðafjörð, og með hliðsjón af þeim styrk, sem aðrir staðir hafa fengið í líkum tilfellum, getum vér leyft oss að mæla með þeirri styrkbeiðni, er fyrir liggur, enda sé báturinn

þannig, að auðvelt sé að gera hann að venjulegum fiskibát, ef hans skyldi ekki verða þörf samkvæmt því, sem sagt er hér að framan.

Virðingarfyllst,
Skipaútgerð ríkisins
Pálmi Loftsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 769. Tillaga til þingsályktunar

um fjárskipti á svæðinu milli Skjálfandafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði.

Flm.: Jónas Jónsson, Bernharð Stefánsson, Garðar Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að verja úr ríkissjóði á árunum 1946—49 1700000 krónum til fjárskipta á svæðinu milli Skjálfandafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði, enda séu fjárskiptin gerð samkvæmt frumvarpi, er bændur á svæðinu hafa samþykkt.

Greinargerð.

Ástæður fyrir þingsályktunartill. þessari og aðrar upplýsingar um málið eru í meðfylgjandi fylgiskjölum.

Fylgiskjal I.

Frumvarp til samþykkta um fjárskipti á svæðinu milli Skjálfandafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði, samkv. lögum nr. 88 9. júlí 1941.

1. gr. — Svæði það, sem samþykkt þessi nær til, er allir hreppar og hreppahlutar milli Skjálfandafljóts og varnargirðinganna í Eyjafirði að meðtöldum Akureyrarbæ.

2. gr. — Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á þessu svæði skal fram fara þegar haustið 1946, en annars svo fljótt sem við verður komið. Fjárfjöldi á svæðinu mun um seinustu áramót hafa verið allt að 18 þús. fjár.

3. gr. — Fulltrúaráð fjárskiptamálanna skipa 30 menn — eða 3 menn fyrir hvern hrepp —, og skulu jafnmargir menn kosnir til vara. Framkvæmdanefnd skipa 5 menn og aðrir 5 skulu kosnir til vara. Framkvæmdanefnd skal kosin af fulltrúaráðinu.

4. gr. — Aðalstörf framkvæmdanefndar eru: Að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns á sem hagfelldastan hátt. Að sjá um, að einangrun svæðisins verði sem allra bezt tryggð. Að greiða fyrir kaupum á ósýktu fé til fjárskiptanna og sjá um, að allar framkvæmdir séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög.

5. gr. — Sameiginlegur kostnaður, sem tilheyrir fjárkaupunum, jafnast á innkeypt fé. Annar kostnaður skiptist á hreppana í hlutfalli við meðalfjártölu þeirra samkvæmt vorframtali 3 síðastliðin ár, áður en fjárskipti fara fram.

6. gr. — Framkvæmdanefnd skal starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við Sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdastjóra hennar.

Frumvarp þetta var löglega samþykkt á fulltrúafundi á Akureyri 12. marz 1946 og sendist nú hreppsnefndum samkv. 11. gr. laga nr. 88 frá 1941.

Fylgiskjal II.

Ár 1946, laugardaginn 30. marz, kom saman til fundar á Akureyri kjörstjórn sú, er kosin var á fulltrúafundi, höldnum á Akureyri 13. marz 1946, er haldinn var um fjárskiptamál.

Formaður kjörstjórnar, Jóhannes Laxdal, Tungu, stjórnaði fundinum, en Björn Jóhannesson, Laugalandi, skrifaði fundargerð. Kjörgögn höfðu borizt úr öllum hreppum þeim, er atkvæðagreiðsla um fjárskipti átti að fara fram í, og einnig Akureyrarbæ.

Þá hófst athugun kjörgagna.

1. Flateyjarhreppur. Þar voru 7 menn á kjörskrá, og höfðu allir neytt atkvæðisréttar
2. Bárðdælahreppur. 14 menn á kjörskrá, og neyttu allir atkvæðisréttar.
3. Ljósavatnshreppur. 43 menn á kjörskrá, og neyttu allir atkvæðisréttar.
4. Hálshreppur. 50 menn á kjörskrá, 43 greiddu atkvæði.
5. Grýtubakkahreppur. 40 á kjörskrá, 33 greiddu atkvæði.
6. Svalbarðsstrandarhreppur. 19 menn á kjörskrá, og neyttu allir atkvæðisréttar.
7. Öngulsstaðahreppur. 51 maður á kjörskrá, atkvæði greiddu 36.
8. Hrafnagilshreppur. 32 menn á kjörskrá, atkvæði greiddu 22.
9. Glæsibæjarhreppur. 7 menn á kjörskrá, greiddu allir atkvæði.
10. Akureyrarbær. 11 á kjörskrá, 5 greiddu atkvæði.

Alls voru á kjörskrá 274, þar af greiddu 229 atkvæði.

Eftir að bornar höfðu verið saman fundargerðir, kjörskrár og tala atkvæðaseðla, kom í ljós, að atkvæðagreiðsla var alls staðar í bezta lagi.

Hófst svo talning atkvæða og var útkoman þannig:

Já sögðu 191.
Nei sögðu 34.
Auðir seðlar 3.
Ógildir 1.
Samtals 229 atkvæði.

Þá var ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.

Jóh. Laxdal. Björn Jóhannesson. Halldór Guðlaugsson.

Fylgiskjal III.

Umsögn sauðfjársjúkdómanefndar um samþykkt til fjárskipta á svæðinu milli Skjálfandafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði, samkv. lögum nr. 88 frá 9. júlí 1941.

Fyrir nokkrum árum kom í ljós, að bændur í Þingeyjarsýslu töldu sig ekki geta rekið aðalatvinnuveg sinn, sauðfjárræktina, eftir að þurramæði fór að breiðast út um héraðið og valda tjóni á fjárstofninum.

Fyrst kom þetta fram í Reykdælahreppi, enda var þangað fluttur karakúlhrúturinn, sem álitið er, að veikin hafi borizt með inn í sýsluna. Árið 1941 var svo komið í Reykjadal, að fjárskipti voru samþykkt af miklum meiri hluta fjáreigenda og fóru fram þá um haustið.

Síðan liðu þrjú ár, en á þeim tíma hafði veikin útbreiðzt mikið í 5 hreppum norðan við Reykjadal, og voru fjárskipti samþykkt þar og komið í framkvæmd haustið 1944.

Á síðastliðnu hausti fór á sömu leið í Mývatnssveit og Bárðardal austan Skjálfandafljóts, og var þar með lokið fjárskiptum á öllu svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og Skjálfandafljóts.

Fjárskiptafrumvarp það, er hér liggur fyrir ásamt fundargerðum, sýnir, að svipað ástand hefur nú skapazt á umgetnu svæði, eins og þar sem fjárskipti hafa þegar farið fram. Bændurnir telja, að fjárskipti séu óumflýjanleg eins og nú er komið, enda mun þurramæðin komin í því nær alla hreppa á svæðinu og hefur sums staðar valdið stórtjóni.

Hins vegar eru ýmsir annmarkar á að framkvæma fjárskipti á þessu svæði og halda því einangruðu.

Varnarlínan í Eyjafirði getur tæplega orðið örugg varnarlína, að nokkru sökum þess, að ekki er hægt að koma girðingu fyrir á fjöllunum frá Vindheimajökli fyrir botn Glerárdals að „Kerlingu". Þá mun og vera torvelt og dýrt að leggja girðingu í áframhaldi af Eyjafjarðargirðingum, hvor leiðin sem farin væri, vestur í Héraðsvötn eða austur í Skjálfandafljót. Yrði því að tryggja varnirnar með mannavörzlu.

Einnig verður mjög torvelt að útvega nægilega mörg líflömb inn á svæðið. Tvö undanfarin haust hafa lömb til fjárskipta verið fengin í Norður-Þingeyjarsýslu. Hefur þar verið gengið allnærri fjáreigendum með lambatöku, og yrði því þar um fá lömb að ræða á næsta hausti. Auk þess hefur garnaveiki austan að nálgazt þessar sveitir (Axarfjörð og Presthólahrepp), þar sem hún sannaðist í vetur á Langanesi, og er því óálitlegra en verið hefur að taka lömb austan að. Virðist því helzt liggja fyrir, ef til kemur, að fá lömb á Vestfjörðum að mestu eða öllu leyti.

Miklir erfiðleikar eru fyrirsjáanlegir við lambatöku þaðan. Víða þyrfti að reka lömbin langa leið til hafnarstaða og síðan flytja þau sjóleiðina til Akureyrar og Svalbarðseyrar. Slíkum sjóflutningum fylgir mikil áhætta, og væri að miklu leyti tilviljun háð, hvernig þeir tækjust. Væri því útilokað að slá nokkru föstu um það, hversu mörg lömb væri hægt að útvega fjáreigendum á svæðinu. Að vísu væri það allmikið undir þeim sjálfum komið, því í þeirra hlut mundi falla að kaupa lömbin, safna þeim saman og reka til hafnarstaða. Sjóflutningana yrði ríkið að annast, og er þá mest um vert að geta fengið hentug skip eða báta til þeirra flutninga.

En margt mælir með, að fjárskipti fari fram á svæðinu, og er þetta helzt:

1. Bændur á meiri hluta svæðisins reka sauðfjárrækt sem aðalatvinnu, og væri því mikils virði fyrir þá að hafa ósýktan fjárstofn.
2. Allmikið öryggi væri í því fólgið fyrir sauðfjárhéruð þau, sem nú hafa skipt um fé, að losna við sýktan fjárstofn af vesturbakka Skjálfandafljóts og afréttarlöndum Bárðardals.
3. Mikil von er til þess, að með þeim fjárskiptum, sem samþykktin gerir ráð fyrir, verði þurramæðinni útrýmt úr þessu héraði og þar með komið í veg fyrir, að hún breiðist út um vesturhluta Eyjafjarðarsýslu og austurhluta Skagafjarðarsýslu, því ekki er vitað um, að veikin sé til staðar vestan Eyjafjarðargirðinga.

Það atriði gefur og tilefni til að ætla, að ekki væri eins mikil þörf á að leggja í stórfelldan kostnað til að reyna að tryggja Eyjafjarðarlínuna. Að vísu er garnaveiki í Skagafjarðarsýslu austan Vatna og Eyjafirði norðan til, en það er allfjarri línunni og mundi ekki stafa eins bráð hætta af því fyrir fjárskiptasvæðið eins og ef vitað væri um þurramæði í nánd við línuna.

Að þessu athuguðu sér sauðfjársjúkdómanefnd sér ekki annað fært en mæla með, að umrædd fjárskipti fari fram á þessu ári, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Að sérstök fjárveiting fáist á því ári, sem fjárskipti færu fram, og næstu árum (samanber meðfylgjandi kostnaðaráætlun), og verði ekki þess vegna dregið úr öðrum fjárveitingum til varnanna.
2. Að hlutaðeigandi fjáreigendur geri ekki kröfu til meiri girðinga, þar til séð væri, hvort um verulega hættu væri að ræða vestan að, en sem svarar 20—25 km, er verði notað til tvöföldunar á þeim girðingum, sem fyrir eru, þar sem

mest þörf væri talin, og til einhverrar framlengingar á fjöllunum fram af Saurbæjarhreppi.

3. Að fjáreigendur geri ekki kröfu til auka-afurðatjónsbóta, þó ekki yrði hægt að útvega þeim á fyrsta ári tilskilda lambatölu.

Reykjavík, 8. apríl 1946.

Gunnar Þórðarson. Ingimar Jónsson. Jón Sumarliðason.
Ólafur Tryggvason. St. Stefánsson.

Fylgiskjal IV.

Kostnaðaráætlun vegna fjárskipta á svæðinu milli Skjálfandafljóts og Eyjafjarðargirðinga, miðuð við, að fjárskipti færu fram haustið 1946.

1946	25 km girðingar á 3000.00	kr.	75 000.00
1946	Flutningur á 8000 lömbum á 30.00	—	240 000.00
1947	Bætur á 16 þús. fjár (áætlað kr. 40.00 hálft lambsverð)	—	640 000.00
1947	Flutningur á 3000 lömbum á 30.00	—	90 000.00
1948	Uppbætur á 16 þús. fjár á 20.00	—	320 000.00
1948	Bætur á 5330 fjár á 40.00	—	213 200.00
1949	Uppbætur á 5330 fjár á 20.00	—	106 600.00
		Samtals kr.	1 684 800.00

Nd. 770. Frumvarp til laga

um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkissjóður greiðir hluta af kostnaði við hafnargerðir og lendingarbætur á þeim stöðum, sem taldir eru í lögum þessum, og í þeim hlutföllum, sem þau ákveða, enda séu áætlanir um framkvæmdir allar samþykktar af samgöngumálaráðuneytinu, eignir og tekjur hafnar- eða lendingarbótasjóðs ekki fullnægjandi til þess að standa undir byggingu hafnarinnar eða lendingarbótanna og fé veitt til þess í fjárlögum.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til hafnargerða og lendingarbóta í þeim hlutföllum, sem segir í lögum þessum. Ef slík lán eru tekin erlendis, skal það gert í samráði við ráðuneytið, og er óheimilt að leita eftir slíku láni, nema samþykki ráðuneytisins komi til.

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar og innsiglingarmerki og enn fremur verbúðir í viðleguhöfnum.

2. gr.

A. Ríkissjóður greiðir ⅔ af kostnaði við hafnargerð eftirtalinna staða, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir

hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á 3/5 af kostnaði við hafnargerðina, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.:

1. Akranes.
2. Akureyri.
3. Bíldudalur.
4. Bolungavík.
5. Búðareyri í Reyðarfirði.
6. Búðir í Fáskrúðsfirði.
7. Dalvík.
8. Djúpavík í Reykjarfirði.
9. Eskifjörður.
10. Flateyri í Önundarfirði.
11. Grafarnes í Grundarfirði.
12. Hafnarfjörður.
13. Hofsós.
14. Hrísey.
15. Hólmavík.
16. Húsavík.
17. Höfn í Hornafirði.
18. Ingólfsfjörður.
19. Ísafjörður.
20. Keflavík.
21. Neskaupstaður.
22. Ólafsfjörður.
23. Ólafsvík.
24. Patreksfjörður.
25. Raufarhöfn.
26. Reykjavík.
27. Sauðárkrókur.
28. Seyðisfjörður.
29. Siglufjörður.
30. Skagaströnd.
31. Stykkishólmur.
32. Suðureyri, Súgandafirði.
33. Vestmannaeyjar.
34. Þingeyri, Dýrafirði.
35. Þórshöfn.

B. Ríkissjóður greiðir helming kostnaðar við að gera lendingarbætur á eftirtöldum stöðum, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á hinum helmingnum af kostnaðinum við lendingarbæturnar, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.:

1. Alviðruvör.
2. Arnarstapi.
3. Árskógssandur.
4. Bakki í Arnarfirði.
5. Beruvík.
6. Bönduós.
7. Borgarfjörður eystra.
8. Borgarnes.
9. Breiðdalsvík.
10. Brekka í Mjóafirði.
11. Búðardalur.
12. Bær á Snæfjallaströnd.
13. Djúpivogur.
14. Drangar á Skógarströnd.
15. Drangsnes.
16. Eyrarbakki.
17. Flatey á Breiðafirði.
18. Flatey á Skjálfanda.
19. Fjörður í Múlahreppi.
20. Frambúðir á Snæfellsnesi.
21. Gerðar í Garði.
22. Gjögur í Reykjarfirði.
23. Grenivík.
24. Grímsey.
25. Grunnavík.
26. Hafnarnes.
27. Hafnir.
28. Haganesvík.
29. Hagi á Barðaströnd.
30. Hauganes.
31. Hnífsdalur.
32. Haukadalur í Dýrafirði.
33. Hellissandur.
34. Hellnar á Snæfellsnesi.
35. Hvalneskrókur við Eystrahorn.
36. Hvalsker í Patreksfirði.
37. Hvammstangi.
38. Höfn í Bakkafirði.
39. Járngerðarstaðir.
40. Kaldrananes í Bjarnarfirði.
41. Kollafjörður í Gufudalssveit.
42. Kópasker.
43. Króksfjarðarnes.
44. Látrar í Aðalvík.
45. Látravík í Rauðasandshreppi.
46. Loftsstaðasandur í Árnessýslu.
47. Norðurfjörður.
48. Reykjanes við Ísafjarðardjúp.
49. Salthólmavík.
50. Sandgerði.
51. Selárdalur.
52. Selvík í Skefilsstaðahreppi.
53. Selvogur.
54. Skálar á Langanesi.

55. Skipavík.
56. Staðarfell.
57. Stokkseyri.
58. Stöðvarfjörður.
59. Súðavík í Álftafirði.
60. Sæból í Aðalvík.
61. Skarðsstöð.
62. Tálknafjörður innan Sveinseyrar.
63. Vattarnes eystra.
64. Vogar.
65. Vopnafjörður.
66. Þorkötlustaðir í Grindavík.
67. Þorlákshöfn.
68. Örlygshöfn í Patreksfirði.

Fari heildarkostnaðaráætlun lendingarbóta, sem hér eftir verða gerðar á einhverjum stað, yfir 800 þúsund krónur, skal staðurinn teljast, að svo miklu leyti sem þar er umfram, til hafnar undir A-lið þessarar greinar og fá eftir það styrk og ábyrgð samkvæmt því.

3. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu og ábyrgð ríkissjóðs er, að hafnargerðin eða lendingarbæturnar séu framkvæmdar undir yfirumsjón vitamálastjóra eða annars manns, sem samgöngumálaráðherra samþykkir.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfnina eða lendingarbæturnar, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til þess að leyfa, að tekið verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin eða lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnar- eða lendingarbótasjóði, þeim er hlut á að máli. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en það skal gera innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmatið greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemur 10 af hundraði af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hlutaðeigandi hafnar- eða lendingarbótasjóði.

5. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar eða þess svæðis, sem lendingarbæturnar ná til, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka nema samkvæmt tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar og með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Beiðni um að gera slík mannvirki skal senda hafnar- eða lendingarbótanefnd, er sendir hana áfram til hlutaðeigandi sveitarstjórnar með tillögum sínum.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Sé leyfið eigi notað innan 2 ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að framkvæma mannvirkið eftir þann tíma, nema nýtt leyfi komi til.

Heimilt er að nema í burtu án endurgjalds bryggju eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð í 5 ár eða lengur.

Brot gegn þessari grein varða sektum, allt að 10 þús. krónum, og getur stjórn hafnar- eða lendingarbótamála látið nema á burt á kostnað eiganda mannvirki, sem byggt er í óleyfi eða án þess að settum skilyrðum sé fylgt.

6. gr.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur á hendi stjórn málefna hafnarinnar eða lendingarbótanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, en skal

fela framkvæmd þeirra mála þriggja eða fimm manna nefnd. Í reglugerð skal setja ákvæði um kosningu nefndarmanna, tölu þeirra og starfssvið.

7. gr.

Eignum hafnar- eða lendingarbótasjóðs má einungis verja í þarfir hafnarinnar eða lendingarbótanna. Hlutaðeigandi sveitarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

8. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnar- eða lendingarbótasjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjum ársins, sem í hönd fer, að endurnýja lán eða fresta greiðslu þeirra. Enn fremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að hefja framkvæmd mannvirkja við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar nægi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

9. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnargerðina eða lendingarbæturnar og til árlegs rekstrarkostnaðar er heimilt að leggja gjöld á skip þau og báta, er nota höfnina eða lendingarbæturnar, svo og á vörur þær, er þau flytja, þar með talinn afli, er þau leggja á land. Enn fremur gjöld fyrir afnot annarra tækja hafnarinnar, sbr. 1. gr. Gjöld þessi séu ákveðin í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar þeirrar, er hlut á að máli.

Herskip og skemmtiferðaskip eru undanþegin þessum gjöldum.

Enn fremur er heimilt að ákveða í reglugerðinni, að árlegt afgjald skuli greiða af bryggjum eða mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr., ef þau njóta hlunninda af hafnargerðinni.

Nú eiga einstaklingar eða félög hafskipabryggju innan hafnarsvæðis, og má þá ekki taka í hafnarsjóð bryggjugjald né gjöld af vörum, sem um þær bryggjur fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp sambærilegu mannvirki til afgreiðslu skipa, enda er eigendum slíkra mannvirkja óheimilt að taka gjöld af vörum, sem fara um bryggjur þeirra, nema samþykki hafnarstjórnar komi til.

Heimilt er að innheimta gjöld til hafnar- og lendingarbótasjóðs, þegar byrjað er á framkvæmdum hafnarmannvirkja.

Öll þessi gjöld má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt sem opinber gjöld.

10. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs og lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

11. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnar- eða lendingarbótanefnd að hafa samið og lagt fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnar- eða lendingarbótasjóðs á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

12. gr.

Nú eru í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðuneytisins þarf til, og skal þá hlutaðeigandi sveitarstjórn senda ráðuneytinu tillögu um það svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins verði fengið, áður en sveitarstjórn gengur endanlega frá fjárhagsáætlun hafnar- eða lendingarbótasjóðs.

13. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir utan fjárhagsáætlunar eða fara fram úr tilteknum fjárhæðum án samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar og samgöngumálaráðuneytisins.

14. gr.

Halda skal reikning yfir allar tekjur og öll gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs. Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal gera reikning yfir tekjur og gjöld og efnahagsreikning hafnar- og lendingarbótasjóðs á sérstök eyðublöð, er ráðuneytið lætur gera fyrir hafnar- og lendingarbótasjóði.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikning hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs, og skal jafnan senda ráðuneytinu afrit af reikningunum þannig.

15. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði, sem gilda fyrir hverja höfn eða lendingarbótasvæði fyrir sig. Skal í henni kveða á um stjórn hafnar- eða lendingarbótasjóðs, umferð og góða reglu, ákveða gjöld samkvæmt 9. gr. laga þessara, ákveða takmörk hafnarinnar eða þess svæðis, er lendingarbæturnar ná til, og annað, er þurfa þykir.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni allt að 10000 krónum, og renna þær sektir í þann hafnar- eða lendingarbótasjóð, er hlut á að máli.

Reglugerðir um hafnir samkv. lögum, sem numin eru úr gildi með ákvæðum 17. gr., skulu færðar til samræmis við þessi lög innan eins árs frá gildistöku þeirra.

16. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

17. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Hafnarlög fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915, ásamt lögum nr. 75 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 30 14. júní 1929, ásamt lögum nr. 12 13. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 34 19. júní 1922, ásamt lögum nr. 12 24. marz 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, ásamt lögum nr. 49 23. júní 1932 og lögum nr. 36 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 10 24. marz 1944. Þó skulu ákvæði 6. gr. þeirra laga standa áfram í fullu gildi.

Hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóv. 1913, ásamt lögum nr. 63 3. nóv. 1915, lögum nr. 29 31. maí 1927, lögum nr. 39 7. maí 1928, lögum nr. 34 14. júní 1929, lögum nr. 58 19. maí 1930 og lögum nr. 36 23. júní 1932, um breytingar og viðauka við þau lög.

Hafnarlög fyrir Akranes, nr. 23 20. maí 1942, ásamt lögum nr. 2 12. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Bolungavík, nr. 11 24. marz 1944.

Lög nr. 66 8. sept. 1931, um hafnargerð á Dalvík, og lög nr. 79 7. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Grundarfjörð, nr. 88 15. sept. 1942.

Lög nr. 24 13. jan. 1938, um hafnargerð á Hofsósi.

Hafnarlög fyrir Hrísey, nr. 10 24. jan. 1945.

Lög nr. 38 19. júní 1933, um hafnargerð á Húsavík, ásamt lögum nr. 45 14. apríl 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Keflavík, nr. 23 25. des. 1943, ásamt lögum nr. 14 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942, ásamt lögum nr. 71 30. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ólafsfjörð, nr. 68 28. des. 1944.
Lög nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík, ásamt lögum nr. 55 28. jan. 1935 og lögum nr. 12 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.
Hafnarlög fyrir Patreksfjörð, nr. 67 4. júlí 1942.
Lög nr. 68 11. júní 1938, um hafnargerð á Raufarhöfn, ásamt lögum nr. 97 14. maí 1940, um breyting á þeim lögum.
Lög nr. 65 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki, ásamt lögum nr. 11 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.
Lög nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd, ásamt lögum nr. 49 28. jan. 1935 og lögum nr. 77 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.
Lög nr. 24 12. febr. 1940, um hafnargerð í Stykkishólmi.
Lög nr. 23 13. jan. 1938, um hafnargerð á Suðureyri.
Lög nr. 30 13. júní 1937, um hafnargerð á Þórshöfn.
Lög nr. 24 26. febr. 1943, um lendingarbætur í Bakkagerði í Borgarfirði.
Lög nr. 24 15. júní 1926, um bryggjugerð í Borgarnesi.
Lög nr. 13 24. marz 1944, um lendingarbætur í Breiðdalsvík.
Lög nr. 69 28. des. 1944, um lendingarbætur á Djúpavogi.
Lög nr. 45 8. sept. 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakka, ásamt lögum nr. 31 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum.
Lög nr. 42 23. febr. 1945, um lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.
Lög nr. 37 15. febr. 1945, um lendingarbætur í Grunnavík.
Lög nr. 14 24. marz 1944, um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu.
Lög nr. 89 16. des. 1943, um lendingarbætur í Hnífsdal.
Lög nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð í Hornafirði, ásamt lögum nr. 22 26. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.
Lög nr. 50 10. okt. 1944, um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð.
Lög nr. 113 20. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík, ásamt lögum nr. 13 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.
Lög nr. 55 12. okt. 1944, um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík.
Lög nr. 70 28. des. 1944, um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi.
Lög nr. 90 25. sept. 1942, um lendingarbætur á Skálum.
Lög nr. 65 4. júlí 1942, um lendingarbætur í Skipavík.
Lög nr. 22 20. maí 1942, um lendingarbætur á Stokkseyri.
Lög nr. 88 16. des. 1943, um lendingarbætur í Stöðvarfirði.
Lög nr. 53 12. okt. 1944, um lendingarbætur við Sæból í Aðalvík.
Lög nr. 44 14. apríl 1943, um lendingarbætur á Vattarnesi við Reyðarfjörð.
Lög nr. 97 16. des. 1943, um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.
Lög nr. 53 14. júní 1929, um lendingarbætur í Þorlákshöfn.
Lög nr. 26 12. febr. 1945, um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík.
Lög nr. 51 10. okt. 1944, um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð.
Lög nr. 76 14. nóvember 1917, um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna o. fl.

Nd. 771. Nefndarálit

um frv. til l. um atvinnudeild háskólans.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur rætt mál þetta mjög ýtarlega á mörgum fundum og haft samráð við marga aðila þess. Nefndin telur meginstefnu frv. mjög til bóta: að efla vísindalegar rannsóknir í þágu atvinnuvega þjóðarinnar, taka upp kennslu

í náttúrufræðum við háskólann og tengja atvinnudeildina Háskóla Íslands, eins og er um aðrar háskóladeildir. N. flytur ýtarlegar brtt. á sérstöku þingskjali, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu. Leggur n. til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum.

Alþingi, 11. apríl 1946.

Sigfús Sigurhjartarson, form. Gunnar Thoroddsen, fundaskr., frsm. Barði Guðmundsson.

Sig. Bjarnason. Páll Þorsteinsson, með fyrirvara.

Nd. 772. Breytingartillögur

við frv. til l. um atvinnudeild háskólans.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í atvinnudeild háskólans skulu vera þessar undirdeildir:
   1. Fiskideild.
   2. Fiskiðnaðardeild.
   3. Iðnaðardeild.
   4. Landbúnaðardeild.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Fiskideild starfar að
   1. Fiskirannsóknum.
   2. Sjórannsóknum.
   3. Svifrannsóknum.
   4. Botndýrarannsóknum.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Fiskiðnaðardeild starfar að rannsóknum á hagnýtingu sjávarafurða, tilreiðslu þeirra til markaða og geymslu.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Iðnaðardeild starfar að
   1. Almennum efnarannsóknum.
   2. Gerlarannsóknum, þar á meðal mjólkurrannsóknum.
   3. Matvælarannsóknum.
   4. Rannsóknum á byggingarefnum og öðrum smíðaefnum.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðardeild starfar að:
   1. Jarðvegsrannsóknum.
   2. Jurtakynbótum og frærannsóknum.
   3. Rannsóknum jurtasjúkdóma.
   4. Fóðurrannsóknum og fóðurtilraunum.
   5. Búfjárkynbótum.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra getur breytt verksviði deilda og aukið eftir þörfum, enda sé áður leitað tillagna hlutaðeigandi forstöðumanna deildanna. Ráðherra sker úr með sama skilyrði, er vafi eða ágreiningur verður um það, hvaða deild skuli sinna tilteknu verkefni.
   Tekjur af starfsemi hverrar deildar renna allar í ríkissjóð. Ráðherra getur að fengnum tillögum hlutaðeigandi forstöðumanns sett gjaldskrá fyrir verk, er deildin innir af hendi.

7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Forseti Íslands skipar forstöðumann fyrir hverja undirdeild atvinnudeildar til 4 ára í senn, enda skal hann vera starfandi sérfræðingur innan deildarinnar. Forstöðumenn hafa sömu réttindi og skyldur sem prófessorar.
Ráðherra skipar sérfræðinga, allt að 13 að tölu. Þeir hafa sömu réttindi og skyldur sem dósentar. Ákvæði 1. gr. laga nr. 24 19. maí 1930 taka eigi til þeirra. Sérfræðingar skulu hafa lokið mag. scient. prófi eða öðru sambærilegu háskólaprófi í grein sinni. Auk þess skulu þeir hafa unnið að vísindalegum rannsóknum í 4 ár hið fæsta að loknu háskólaprófi, en heimilt er að meta doktorspróf eða vísindalega ritgerð þar til jafns við.
Ráðherra skipar aðra sérfræðinga eða ræður þá til ákveðins tíma, að fengnum tillögum forstöðumanns hlutaðeigandi deildar. Þeir skulu hafa lokið mag. scient. prófi eða öðru sambærilegu háskólaprófi í grein sinni. Þessi skilyrði gilda ekki um núverandi starfsmenn atvinnudeildar. Ráðherra er heimilt að gera undanþágu frá þessum kröfum, að fengnum tillögum deildar.
Aðra starfsmenn ræður ráðherra eftir þörfum í samráði við forstöðumenn atvinnudeildar.

8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Við atvinnudeild háskólans skal veita nemendum með stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi kennslu í þessum fræðigreinum:
1. **Dýrafræði.**
2. **Grasafræði.**
3. **Jarðfræði.**
4. **Landafræði.**
5. **Stærðfræði.**
6. **Eðlisfræði.**
7. **Efnafræði.**

Atvinnudeild skal, eftir því sem þörf krefur, hafa samvinnu við aðrar deildir háskólans um að sjá nemendum fyrir þeirri kennslu í ofannefndum greinum, sem nauðsynleg er til undirbúnings prófs þess, er í 9. gr. getur.

9. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Eftir 3 ára nám er nemendum rétt að ljúka prófi í þeim greinum náttúrufræða, er þeir hafa valið sér. Veitir slíkt próf rétt til kennarastöðu í gagnfræðaskólum og öðrum slíkum skólum, enda sé skilyrðum annarra laga fullnægt.

10. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
Sérfræðingar atvinnudeildar skulu annast þar kennslu í greinum þeim, sem í 8. gr. segir, eftir nánari ákvörðun ráðherra, og telst það til embættisstarfa þeirra. Ráðherra getur þó, að fengnum tillögum háskólaráðs, undanþegið einstaka starfsmenn kennsluskyldu að einhverju leyti eða öllu, ef nauðsyn þykir vegna rannsóknastarfa þeirra.

11. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Í reglugerð skal setja fyrirmæli um það, hvað kenna skuli í hverri grein náttúrufræða samkvæmt 1. gr., um tilhögun kennslu, próf og hvað annað, er kennslu varðar.

12. Við 12. gr. Greinin falli niður.

13. Við 13. gr., sem verður 12. gr. Greinin orðist svo:
Atvinnudeild lýtur lögum og reglugerð Háskóla Íslands, nema á annan veg sé mælt í lögum þessum.

14. 14. gr. verði 13. gr.

15. Við 15. gr., sem verður 14. gr. Aftan við gr. komi ný málsgr. svo hljóðandi:
Um lagning vegar að tilraunastöðinni á Keldum frá þjóðveginum um Mosfellssveit gilda ákvæði IV. kafla vegalaga, nr. 101 1933.

16. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
Með lögum þessum eru úr gildi numin:
9.—11. gr. l. nr. 64 1940.
9.—19. gr. l. nr. 68 1940.
17. Við 17. gr. Í stað „1.—14. gr.“, komi: 1.—13. gr.
18. Ákvæði til bráðabirgða falli niður.

Nd. 773. Frumvarp til laga

um fræðslu barna.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Hlutverk barnaskóla.

1. gr.

Barnaskólar skulu leitast við að haga störfum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda sinna, hjálpa þeim að öðlast heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur, vera á verði um líkamshreysti þeirra og veita þeim tilsögn í lögskipuðum námsgreinum, hverjum eftir sínum þroska.

II. KAFLI
Skólaskylda.

2. gr.

Skylt er að halda barnaskóla í öllum skólahverfum landsins fyrir börn á aldrinum 7—13 ára, sbr. þó 3. gr., og er öllum börnum á þessum aldri skylt að sækja skóla, nema undanþága hafi verið veitt samkv. 3. og 5. gr.

Þegar tilgreindur er aldur barna í lögum þessum, miðast hann ávallt við það almanaksár, er þau ná nefndum aldri.

3. gr.

Nú sækir skólanefnd í skólahverfi í sveit um, að skólaskylda hefjist ekki í skólahverfi hennar fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur, og getur fræðsluráð þá veitt undanþágu að fengnum meðmælum námsstjóra.

Þar, sem þessi ráðstöfun hefur verið gerð, skulu heimilin annast og kosta fræðsluna frá sjö ára aldri barnanna, unz skólaskylda hefst í hverfinu, en hlíta um hana eftirliti kennara skólahverfisins.

Nú er vanrækt fræðsla yngri barna í skólahverfi, þar sem undanþága hefur verið veitt, og eigi um bætt þrátt fyrir áminningu fræðslumálastjórnar, og nemur hún þá undanþáguna úr gildi.

4. gr.

Heimilisfaðir skólaskylds barns ber ábyrgð á, að það hljóti lögmælta fræðslu og sæki lögskipuð próf.

5. gr.

Undanþegin frá að sækja almenna barnaskóla eru:

a. börn, sem sækja viðurkennda einkaskóla;
b. börn, sem hafa fengið leyfi skólanefndar og skólastjóra til að stunda nám utan skólans, en skylt er þeim að koma til viðtals eða prófs í skólann, þegar skólastjóri óskar þess;
c. börn, sem að dómi hlutaðeigandi kennara, skólastjóra og skólalæknis skortir hæfileika til þess að stunda nám í almennum barnaskóla;

d. börn, sem að dómi sömu aðila spilla góðri reglu í skólanum og eru miður heppilegt fordæmi öðrum börnum;
e. börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt barnaskólanám.

6. gr.

Þeim börnum, sem um getur í c-, d- og e-liðum 5. gr., skal séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi.

Heimilt er fræðslumálastjórn að ákveða þessum börnum námstíma einu eða tveimur árum lengri en öðrum börnum.

7. gr.

Nú kemur barn að ástæðulausu ekki til innritunar, þegar því er skylt, og skal þá skólanefnd áminna forráðamann þess, svo fljótt sem auðið er. Láti hann eigi skipast við þá áminningu, varðar það dagsektum, er nemi 5—10 kr. á dag eftir úrskurði valdsmanns (í Reykjavík sakadómara), talið frá þeim degi, er áminningin var gerð.

Nú vanrækir barn, sem innritað er í skóla, skólasókn til muna, þrátt fyrir umvöndun skólastjóra bæði við það og forráðamann þess, og skal þá skólanefnd áminna forráðamann barnsins. Leggist vanrækslan eigi af að heldur, varðar hún dagsektum, er nemi 5—10 kr. eftir úrskurði valdsmanns fyrir hvern vanræksludag, talið frá áminningu skólanefndar.

Ef heimilið á sannanlega sök á vanrækslunni, má barnaverndarnefnd taka barnið af heimilinu og ráðstafa því utan þess, en sannist það, að heimilið fái eigi ráðið við vanræksluna, er henni skylt að vista barnið í stofnun eða á öðru heimili, er nefndin ber traust til.

III. KAFLI

Skólaskipan og skólahúsnæði.

8. gr.

Hver sýsla og hver kaupstaður er fræðsluhérað. Þó skal sameina tvær sýslur í eitt fræðsluhérað svo og hrepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarrar sýslu, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi fræðsluráð samþykkja. Hvert fræðsluhérað er eitt eða fleiri skólahverfi, og er einn barnaskóli í hverju skólahverfi.

9. gr.

Fræðslumálastjórn mælir fyrir um, hvernig fræðsluhéraði skuli skipt í skólahverfi, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð skiptinguna. Fræðsluráði er skylt að leita álits hlutaðeigandi skólanefnda um skiptingu fræðsluhéraðs í skólahverfi.

10. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahús á hentugum stað, og fullnægi það þörfum fyrir barnaskólahald í hverfinu. Fræðslumálastjórn setur reglur um lágmarkskröfur til skólahúsnæðis.

11. gr.

Heimangönguskólar skulu vera þar, sem staðhættir leyfa, en þar, sem heimangöngu verður ekki við komið sökum mikilla vegalengda, skal reisa heimavistarskóla og keppa að því, að skólahverfi þeirra verði svo fjölmenn, að fullkomið starf verði við þá fyrir tvo fasta kennara eða fleiri.

12. gr.

Öll skólahús skulu gerð samkvæmt uppdrætti, er fræðslumálastjórn samþykkir. Enn fremur verður samþykki hennar að koma til um skólastað og skólalóð.

13. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að helmingi stofnkostnaðar heimangönguskóla, en þrjá fjórðu hluta stofnkostnaðar heimavistarskóla og skólastjórabústaða í heimangönguskólum. Hlutaðeigandi sveitarfélög greiða hinn hlutann. Séu tveir eða fleiri hreppar eða hluti úr hreppi um sama skóla, greiða þeir stofnkostnaðinn í hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali fimm síðustu ára. Ríkisstyrkurinn er bundinn því skilyrði, að skólalóðin sé eign skólahverfisins eða afnotarétturinn tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi.

Hverju skólahúsi skal fylgja íbúð fyrir skólastjóra, 3 herbergi og eldhús að minnsta kosti. Heimavistarskólum skal einnig fylgja íbúð eða íbúðir fyrir kennara. Íbúðir skólastjóra og kennara teljast með í stofnkostnaði skóla svo og nauðsynlegustu skólahúsgögn.

Í skólahverfum, þar sem svo hagar til, að börn geti ekki sótt heimangönguskóla, nema þeim sé ekið til og frá skólastað, er heimilt að greiða styrk til kaupa á skólabíl, er nemi allt að þremur fjórðu hlutum kostnaðarverðs.

14. gr.

Viðhald skólahúsa og skólahúsgagna er sveitarfélögum skylt að annast samkvæmt reglum, er fræðslumálastjórn setur. Umráð skólahúsnæðis eru í höndum sveitarstjórna, en eigi er heimilt að leyfa notkun skólahúsnæðis, nema samþykki skólanefndar komi til. Umráð húsgagna og annarra muna í þágu skólastarfsins eru í höndum skólastjóra, en eigi má hann ráðstafa þeim til notkunar utan skólans, nema samþykki skólanefndar og sveitarstjórnar komi til.

IV. KAFLI

Kennarar.

15. gr.

Fastir kennarar við barnaskóla eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum.

16. gr.

Engan má setja eða skipa kennara við barnaskóla, nema hann hafi lokið viðurkenndu kennaraprófi, sé eigi haldinn næmum sjúkdómi og hafi óflekkað mannorð.

Skólastjórar og kennarar heimavistarskóla skulu ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslutíma í heimavistarskóla.

17. gr.

Kennara er skylt að kenna að jafnaði 36 kennslustundir á viku, en á því skólaári, sem kennari verður 55 ára, má fræðslumálastjórn fækka skyldustundum hans um 6 á viku og um aðrar 6, er hann verður sextugur.

Kennslustundafjöldi skólastjóra skal ákveðinn í erindisbréfi. Eigi verður skólastjóri leystur frá þeirri kennsluskyldu, nema samþykki fræðslumálastjórnar komi til.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 40 mín. kennslustund.

18. gr.

Kennari, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við barnaskóla, skal gegna því samkvæmt erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

19. gr.

Geti kennari ekki stundað starf sitt við skóla sakir veikinda, skal greiða forfallavinnu fyrir hann samkv. reglum, er fræðslumálastjórn setur.

20. gr.

Skólastjóri fer í skóla sínum með umboð fræðslumálastjórnar og skólanefndar gagnvart kennurum skólans, nemendum og forráðamönnum þeirra.

Hann stjórnar öllu starfi skólans eftir gildandi lögum og reglum og ber ábyrgð á því gagnvart fræðslumálastjórn og skólanefnd.

Skólastjóri á sæti á fundum skólanefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar.

21. gr.

Ef sveitarstjórn óskar, getur hún skipað einn af kennurum skóla sem yfirkennara. Skal hann vera skólastjóra til aðstoðar í starfi hans. Allan kostnað við skipun yfirkennara skal greiða úr sveitarsjóði.

22. gr.

Í skóla með 20 kennurum eða fleiri getur skólastjóri í samráði við skólanefnd ákveðið, að skyldustundir kennara skuli vera færri en 36 á viku gegn öðru starfi í þágu skólans.

23. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum barnakennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjóra með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

24. gr.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að 40 börn komi á hvern kennara, sem kennir fulla kennslu í 9 mánuði, en 5 börnum færra fyrir hvern mánuð, er hann kennir skemur. Eftir reglum, er fræðslumálastjórn setur, skal þó ætla nokkru færri börn á kennara í skólum með færri en 150 nemendum. Sérkennurum í sundi og handavinnu skal ætla sem næst helmingi færri börn en öðrum kennurum.

Nú eru fastir kennarar við skóla færri en barnafjöldinn segir til um, en barnafjöldinn þó minni en svo, að skólinn eigi kröfu á kennara til viðbótar, og má þá greiða styrk vegna stundakennslu í hlutfalli við þann barnafjölda, sem umfram er. — Ef nefnd umframtala nær helmingi þess barnafjölda, sem föstum kennurum er ætluð, er fræðslumálastjórn heimilt að setja fastan kennara.

V. KAFLI

Fræðsluráð og skólanefndir.

25. gr.

Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðsluráð, skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu þeir kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd. Séu 2 sýslur í fræðsluhéraði, skal sú sýslan, sem fjölmennari er, kjósa 3 fræðsluráðsmenn, en hin tvo. Fræðsluráð kýs sér formann úr sínum hópi. Hlutverk fræðsluráðs er að hafa á hendi stjórn sameiginlegra skólamála fræðsluhéraðsins. Fræðslumálastjórn setur fræðsluráði erindisbréf.

26. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd, skipuð þremur mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir af nýkosinni sveitarstjórn, en fræðslumálastjórn skipar einn, og skal hann vera formaður. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef krafa kemur fram

um það. Ef tveir eða fleiri hreppar eru í skólahverfi, setur fræðslumálastjórn reglur um kosningu skólanefndar, sem má þá vera skipuð 5 mönnum. Varamenn skulu kosnir samtímis aðalmönnum. Kjörtímabil skólanefnda og fræðsluráða skal vera hið sama og sveitarstjórna, og um kjörgengi skulu sömu reglur gilda.

Í kaupstöðum er heimilt að fela fræðsluráði störf skólanefndar, ef fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi bæjarstjórn samþykkir.

27. gr.

Formaður kallar skólanefnd til funda, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja nefndina saman, ef einn nefndarmanna eða skólastjóri óskar þess. Skólastjóri skal ávallt boðaður á fundi skólanefndar. Skólanefnd getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn skólanefndarmanna hefur atkvæðisrétt um þau mál, er varða hann sjálfan.

28. gr.

Skólanefnd skal sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún semur samkvæmt fyrirmælum fræðslumálastjórnar skýrslu um þau börn í skólahverfinu, sem sækja ekki hinn almenna barnaskóla.

29. gr.

Þegar kennarastaða losnar í skólahverfinu, skal skólanefnd tafarlaust tilkynna það fræðslumálastjórn, sem auglýsir stöðuna, ef fyrirvari er nægur. Þurfi hins vegar að setja kennara fyrirvaralítið, getur fræðslumálastjórn sett hann í samráði við skólanefnd án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal þá stöðuna á næsta ári.

30. gr.

Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um kennarastöður og skal, er fjöldi umsókna leyfir, tilnefna eigi færri en tvo umsækjendur um hverja stöðu, er hún telur helzt koma til greina. Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en námsstjóra, ef velja á skólastjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur innan skólanefndar eða milli skólanefndar annars vegar og skólastjóra eða námsstjóra hins vegar, getur hver aðili um sig gert tillögur til fræðslumálastjórnar. Rökstudd greinargerð skal ávallt fylgja tillögum skólanefndar, skólastjóra og námsstjóra um val manna í kennarastöður.

31. gr.

Skólanefnd skal líta eftir, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um viðhald alls þessa og aukningu eftir þörfum.

32. gr.

Skólanefnd gerir tillögur til sveitarstjórnar um fjárframlög til skólahalds. Skólanefnd annast um samningu skýrslna og reikninga samkvæmt fyrirmælum fræðslumálastjórnar. Erindisbréf fyrir skólanefndir skal gefið út af fræðslumálastjórn.

33. gr.

Kostnaður við störf skólanefnda greiðist úr sveitarsjóði.

34. gr.

Ef fræðslumálastjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur verða ásátt um það, skal í Reykjavík skipa fræðslufulltrúa, sem skal hafa með höndum þau störf, er þessir aðilar semja um að fela honum, þ. á m. framkvæmd á ákvörðunum skólanefnda eftir því sem við getur átt. Kostnaður af starfi fræðslufulltrúa greiðist að hálfu af hvorum, ríkissjóði og bæjarsjóði.

VI. KAFLI
Kennsluskipan og starfstími skóla.

35. gr.

Hver barnaskóli skiptist í tvær deildir, yngri deild og eldri deild. Til yngri deildar teljast skólaskyld börn innan 10 ára aldurs, en til eldri deildar 10 ára börn og eldri.

36. gr.

Í yngri deild skal kenna eftirtaldar námsgreinar: íslenzku, skrift, reikning, átthagafræði, handavinnu, leikfimi og söng.

Í eldri deild skal kenna: íslenzku, skrift, reikning, kristin fræði, Íslandssögu, landafræði, náttúrufræði, teiknun, handavinnu, söng, leikfimi og sund.

Auk þessa er heimilt að kenna eitt erlent mál hinn síðasta vetur eldri deildar þeim börnum, sem bezt eru að sér í móðurmáli. Nánari ákvæði um skiptingu námsefnis og niðurröðun þess skulu sett í námsskrá, er fræðslumálastjórn gefur út.

37. gr.

Í yngri deild skal ætla börnum að jafnaði 21 kennslustund á viku, en í eldri deild 33.

38. gr.

Skólar í kaupstöðum og þorpum með 1000 íbúa eða fleiri skulu starfa sem næst 9 mánuði á ári. Aðrir heimangönguskólar og heimavistarskólar skulu starfa eigi skemur en 7 mánuði á ári, svo fremi að barnafjöldi leyfi það. Nánari ákvæði um starfstíma skóla og skólagöngu barna skal setja í reglugerð hvers skóla.

39. gr.

Í heimavistarskólum og heimangönguskólum í sveitum er heimilt að skipta námstímanum í tvennt milli deilda þannig, að hvert barn fái a. m. k. 3½ mánaða kennslu, enda fylgist kennarinn með heimanámi barnanna þann tíma, sem þau sækja ekki skólann að vetrinum. Þar sem þörf krefur og þess er óskað af skólanefnd, má hafa allt að tveggja mánaða námsskeið við heimavistarskóla haust og vor fyrir 7—9 ára börn.

40. gr.

Leyfi í barnaskólum skulu ákveðin í reglugerð.

VII. KAFLI
Próf.

41. gr.

Próf í kunnáttu og leikni allra prófskyldra barna skal halda að vorinu ár hvert. Prófskyld eru öll börn á aldrinum 8—13 ára, nema gildar ástæður hamli. Skulu slíkar ástæður skilgreindar nánar í prófreglugerð, er fræðslumálastjórn gefur út.

42. gr.

Öll próf nema lokapróf yngri og eldri deildar (próf yngri barna og barnapróf) skal hver skóli um sig annast að öllu leyti. Skylt er ávallt að hafa próf í íslenzku, skrift og reikningi, en í öðrum greinum eftir því, sem ákveðið verður í prófreglugerð.

Próf 10 og 13 ára barna, þ. e. lokapróf beggja deilda, skulu fara fram undir eftirliti prófdómenda, skipaðra af fræðslumálastjórn til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum námsstjóra. Skulu þetta vera landspróf að minnsta kosti í íslenzku og reikningi, og annist fræðslumálastjórn val og útsendingu verkefna.

43. gr.

Barn, sem flyzt úr yngri deild í eldri deild, skal vera sæmilega læst, geta skrifað einföld orð skýrt og hreinlega, hafa náð nokkurri leikni í meðferð einskonartalna og kunna skil á algengustu fyrirbrigðum, sem koma fyrir í nánasta umhverfi þess. Í prófreglugerð skal tekið fram, hvernig þessar lágmarkskröfur skulu metnar í einkunnum.

44. gr.

Til barnaprófs er krafizt: 1) Að geta lesið móðurmálið skýrt og áheyrilega með gallalitlum framburði og sagt munnlega frá því, sem lesið er. Að geta gert skriflega, nokkurn veginn ritvillu- og málýtalausa grein fyrir kunnugu efni. Að geta leyst sæmilega úr réttritunarverkefni, þar sem fyrir koma dæmi um helztu undirstöðureglur íslenzkrar réttritunar. Að kunna utan bókar nokkur íslenzk kvæði, einkum ættjarðarljóð og söngljóð, geta greint frá efni þeirra með eigin orðum og vita nokkur deili á höfundum þeirra. 2) Að skrifa læsilega og hreinlega rithönd. 3) Að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og höfuðatriði almennra brota, tugabrota og prósentureiknings og að sýna nokkra leikni í því að beita þeirri kunnáttu til úrlausnar einföldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, m. a. til að reikna út óbrotið flatarmál. Um prófkröfur í öðrum lögboðnum námsgreinum skulu sett ákvæði í prófreglugerð jafnframt ákvæðum um, hvernig meta skuli í einkunnum lágmarkskröfur til að standast próf.

45. gr.

Heimilt er skólanefnd að fengnum meðmælum skólastjóra og kennara að leyfa 12 ára barni að ganga undir barnapróf. Sett skal í prófreglugerð, hvaða einkunn barn, er slíkt leyfi fær, skal ná í höfuðgreinum, svo og aðaleinkunn til þess að standast prófið. Skulu þessar einkunnir vera miklum mun hærri en lágmarkseinkunnir 13 ára barna.

46. gr.

Einkunnastigi í barnaskólum skal vera 0—10, og má skipta hverjum heilum í 10 hluta.

47. gr.

Nú kemur prófskylt barn að ástæðulausu ekki til prófs, og má þá prófa það á heimili þess á kostnað heimilisföður eða leita aðstoðar lögreglustjóra, til þess að barnið verði prófað.

48. gr.

Börn, sem standast ekki tilskilin próf um 10 og 13 ára aldur, skulu að jafnaði sitja ári lengur í hvorri deild, sem um er að ræða, og þreyta prófið ári síðar (sbr. þó 5. gr. c-lið). Standist þau það ekki þá, skulu gilda um þau sérstök reglugerðarákvæði, er fræðslumálastjórn setur.

49. gr.

Kostnaður við próf greiðist úr sveitarsjóði. Prófdómendum skal greitt sama kaup og stundakennurum.

VIII. KAFLI
Kennslueftirlit.

50. gr.

Landinu er skipt í 6 eftirlitssvæði, og skal vera einn námsstjóri fyrir hvert þeirra. Skulu námsstjórar hafa eftirlit með kennsluskipan, kennsluaðferðum og árangri kennslunnar. Enn fremur skulu þeir annast leiðbeiningar um skóla- og uppeldismál hver í sínu umdæmi. Skal hlutverk námsstjóra nánar tiltekið í erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

IX. KAFLI
Kostnaður við skólahald.

51. gr.

Hin lögskipaða fræðsla skólaskyldra barna í opinberum skólum veitist ókeypis. Laun fastra kennara greiðast samkvæmt launalögum og styrkur til stundakennslu samkvæmt síðari málsgr. 24. gr. Við heimavistarskóla greiðir ríkissjóður einnig laun ráðskonu svo og við heimangönguskóla borgun til bifreiðarstjóra skólabifreiðar, meðan skóli starfar eftir úrskurði fræðslumálastjórnar. Annan kostnað við skólahaldið greiðir sveitarsjóður, en ríkissjóður endurgreiðir fjórða hluta hans að fengnum skýrslum um fullnægjandi skólahald samkvæmt settum reglum og fyrirmælum. Sveitarstjórn ræður annað starfsfólk en kennara og ráðskonu heimavistarskóla, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.

52. gr.

Nú getur framfærandi barns á lögskipuðum skólaaldri fyrir fátæktar sakir að dómi skólanefndar ekki staðizt kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólavist þess, og skal þá sá kostnaður greiðast að einhverju eða öllu leyti úr sveitarsjóði eftir ákvörðun sveitarstjórnar sem önnur gjöld til skólahalds.

X. KAFLI
Einkaskólar og smábarnaskólar.

53. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórn að löggilda barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún samþykkir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar. Kennarar við skóla þessa verða að fullnægja öllum settum skilyrðum um rétt til kennslu í barnaskólum. Fyrir börn, sem þessa einkaskóla sækja, þarf ekki undanþágu samkv. 5. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá yfir skólabörnin og tilkynna henni allar breytingar, jafnóðum og þær verða. Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

54. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að hlutast til um, að settur sé á stofn skóli fyrir 5 og 6 ára börn innan sveitarfélagsins, enda samþykki fræðslumálastjórn námsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Kennarar skólans skulu hafa lokið viðurkenndu kennaraprófi, og skulu þeir ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar barnaskóla. Að öðru leyti ber ríkissjóður engan kostnað af þessu skólahaldi.

XI. KAFLI
Heilbrigðiseftirlit.

55. gr.

Læknseftirlit með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir reglum, er heilbrigðismálastjórn setur í samráði við fræðslumálastjórn. Skal ráðinn sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, er skipuleggur og hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í skólum svo og íþróttastarfsemi. Heimilt er skólayfirlækni að fela heilsuverndarstöðvum, þar sem þær eru starfandi, eftirlit þetta.

56. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 94 23. júní 1936 og lög um breyting á þeim, nr. 44 12. febr. 1940, svo og önnur ákvæði og fyrirmæli, sem fara í bág við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar, sem ekki eru komnir fullnægjandi heimangöngu- eða heimavistarskólar, skal fræðslumálastjórn í samráði við námsstjóra skipa málum í eins nánu samræmi við þessi lög sem kostur er.

Ed. 774. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrirmælum a-liðar 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra frá og með 1. janúar 1946 til ársloka 1947. Ákvæði nefndra laga nr. 84 1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.

2. gr.

1. málsgr. 4. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932 orðist svo:

Eindagi gjalds þessa, sem um ræðir í 1. gr. c- og d-lið. er 1. apríl ár hvert, og gjaldið innheimtist þar, sem bifreið er skrásett. Gjaldskylda telst frá því er bifreiðarmerki er afhent, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella fyrir síðastliðið ár á undan gjalddaga, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefur verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefur ónýtzt.

Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt.

3. gr.

Á eftir 2. málsgrein 4. gr. laga nr. 84 1932 kemur ný málsgrein, er hljóðar svo, og breytist röð síðari málsgreina í greininni eftir því:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni bifreiðaskattur fyrir síðastliðið skattár, svo og skoðunargjald og vátryggingariðgjald ökumanns fyrir sama tímabil.

Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni einkennismerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu framangreindra gjalda.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöldin af henni eru ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 126 30. desember 1943.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra. Hefur nefndin athugað frumvarpið og borið það saman við lög nr. 126 30. des. 1943, en þau féllu úr gildi um síðustu áramót. Mælir nefndin með frumvarpinu. Einn nefndarmanna (BSt) áskilur sér óbundið atkvæði.

Frumvarpinu fylgdu svolátandi athugasemdir:

Með 1. og 2. gr. frumvarps þessa eru framlengd ákvæði 1. og 3. gr. laga nr. 126 30. desember 1943. Ákvæði 3. greinarinnar er nýmæli í lögum, en í samræmi við framkvæmd bifreiðaskattslaganna, þegar því verður við komið. Með gildistöku ákvæðisins er framkvæmdin fyrirskipuð og yfirvöldum heimilað að framfylgja henni.

Ed. 775. Nefndarálit

um frv. til l. um skipulagssjóði.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og borið það saman við frumvarp um sama efni, sem borið var fram á Alþingi 1940. Er í frumvarpi þessu hert allmikið á skattinum frá frv. 1940 og nokkru bætt við, eins og segir í grg. frumvarpsins, og verður að telja það yfirleitt til bóta.

Á hinn bóginn virðist nefndinni svo sem skattur þessi geti undir vissum kringumstæðum komið mjög illa niður og það svo, að vart sé gerlegt, þar sem meta skal hús til verðhækkunar og innheimta alla verðhækkunina án þess að nokkur trygging sé fyrir því, að eigandinn geti selt fasteignina fyrir matsverðið, og auk þess vafamál, hvort sanngjarnt sé að heimta af eigandanum alla verðhækkunina, þar sem þó verður að viðurkenna, að hann verður fyrir allmiklum óþægindum af ráðstöfunum þessum.

Nefndin treystir sér því ekki til þess að mæla með frumvarpinu án frekari athugana, sem ekki eru nú á hennar færi, en telur nauðsynlegt, að löggjöf í þessa átt verði sett sem fyrst og leggur því til, að frumvarpið verði afgreitt með svolátandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin láti athuga, hvernig haganlegast verði aflað tekna til nauðsynlegra skipulagsbreytinga bæja með því að skattleggja þær verðhækkanir fasteigna, er af þeim stafa, og leggi fyrir næsta Alþingi frumvarp um það efni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Einn nefndarmanna (HG) var ekki á fundi, þegar frv. var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 11. apríl 1946.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Bernharð Stefánsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.
	Ásmundur Sigurðsson.	

Ed. 776. Breytingartillaga

við frv. til l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá Eiríki Einarssyni, Ásmundi Sigurðssyni og Haraldi Guðmundssyni.

Við 17. gr. Síðasta málsgr. („Heimilt er .... lánið er veitt til") falli burt.

Ed. 777. Nefndarálit

um frumv. til l. um tunnusmíði.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og vill mæla með, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir verksmiðjurnar.

Alþingi, 11. apríl 1946.

Magnús Jónsson, form. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr., frsm. Þorst. Þorsteinsson.
H. Guðmundsson.

Nd. 778. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá 3. minni hl. allsherjarnefndar.

Ég hef ekki getað orðið ásáttur við samnefndarmenn mína um afgreiðslu þessa máls. GÞ og GTh vilja samþykkja frv. óbreytt, en StJSt og ÞB vilja vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá.

Á þessa málsmeðferð get ég hjá hvorugum minnihlutanum fallizt. Ég álít, að sum atriði frv. sé réttmætt að samþykkja, t. d. þau atriði þess, er lúta að því að auðvelda húseiganda að losa húsnæði, þegar hann vill byggja og auka á þann hátt húsakost sinn.

Hins vegar treysti ég mér ekki til að fallast á ýmis önnur ákvæði frumv., er auðvelda svo mjög að segja upp íbúðarhúsnæði. Byggi ég það álit mitt á því, er mér hefur verið tjáð af ýmsum fróðum mönnum hér í bænum, og þá einnig og ekki hvað sízt á áliti húsaleigunefndar, sem prentað er með áliti minni hlutans á þskj. 730. En eins og sjá má á áliti húsaleigunefndar, þá „getur húsaleigunefndin ekki annað en mælt eindregið gegn því, að frumv. þetta verði samþykkt."

Nefndin rökstyður þessa ályktun sína allýtarlega, og virðist ekki annað hægt en taka mikið tillit til þessa álits við afgreiðslu málsins, á meðan annað liggur ekki fyrir, er hnekki áliti nefndarinnar. Ekki er þó annað hægt en viðurkenna, að húsaleigulögin takmarka mjög eignarrétt húseigenda. Og vafalaust hafa þau mörgum valdið óþægindum og tjóni. Mér hafa verið tjáð ýmis dæmi um það, sem ég hef enga ástæðu til að efast um, að séu rétt.

Það væri því sannarlega æskilegt, að hægt væri að veita húseigendum meiri rétt en þeir hafa nú til þess að ráða yfir húseignum sínum. En eins og enn er ástatt um húsnæði í Reykjavík, sé ég mér ekki fært að leggja til, að það verði, að svo stöddu, gefið að öllu leyti eins frjálst og frumv. gerir ráð fyrir, sérstaklega þegar þess er gætt, að það er gegn eindregnum mótmælum þeirra manna í bænum, er sakir starfa síns hafa allra bæjarbúa mesta þekkingu og kunnugleika á húsnæðismálunum í bænum.

Allsherjarnefnd vildi gjarnan fá sem beztar og gleggstar upplýsingar um málið. Nefndinni var ljóst mikilvægi þess og vildi byggja afgreiðslu sína á því á staðgóðri þekking. Fyrir þær sakir óskaði nefndin ekki aðeins eftir áliti húsaleigunefndar,

heldur einnig eftir áliti bæjarráðs. Með því móti hugði nefndin, að hún fengi einna gleggstar upplýsingar um málið í heild.

Álit bæjarráðs barst nefndinni, og er það prentað með áliti minni hl. á þingskjali 730. Álit bæjarráðs er rúm ein lína og er svo hljóðandi: „Bæjarráðið telur eðlilegt, að ákvæði húsaleigulaganna séu rýmkuð jafnskjótt og Alþingi telur fært."

Úr því að bæjarráð lét í ljós nokkurt álit, sem því að vísu bar fullkomlega siðferðisleg skylda til, ekki síst vegna bæjarbúa sjálfra, hefði mátt vænta þess, að það væri eitthvað á áliti þess að græða. En svo er ekki. Það upplýsir ekkert, hvernig ástatt er um húsnæði í bænum. Það veitir engar upplýsingar um áhrif húsaleigulaganna á hag og aðbúð húseigenda. Það forðast alveg að gefa nokkuð til kynna, hvað líði aukningu á húsnæði í bænum eða hvort um nokkurn skort á því sé að ræða. En húsnæðisskorturinn í Reykjavík, eins og hann er nú, mun af mörgum talinn eitthvert mesta vandamál bæjarins. Með öðrum orðum, það upplýsir málið ekkert. Það lætur sem því komi það ekkert við. Bæjarráðið gefur með þessu til kynna, að Alþingi verði að ráða fram úr málinu fyrir bæjarbúa án upplýsinga eða tillagna frá því.

Þar sem hér er um stórmál að ræða og jafnframt mikið vandamál fyrir íbúa Reykjavíkurbæjar, bæði húseigendur og leigutaka, efast ég um, að til sé nokkurt dæmi um jafnlélega afgreiðslu á máli hjá stjórnarvöldum nokkurs bæjarfélags hér á landi, fyrr eða síðar, og afgreiðsla þessa máls er hjá bæjarráði Reykjavíkur.

Ég mun nú bíða átekta, hvernig tekst til með hina rökstuddu dagskrá á þskj. 751 við 2. umr. málsins. Verði hún felld, mun ég við 3. umr. þess bera fram breytingartillögur við frumv. Fylgi mitt við frv. áfram er undir því komið, að þær till. verði samþykktar.

Alþingi, 11. apríl 1946.

Jörundur Brynjólfsson.

Ed. 779. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.
Einn nefndarmanna (HG) var ekki á fundi.

Alþingi, 12. apríl 1946.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Ásmundur Sigurðsson, fundaskr.	Páll Hermannsson, frsm.
	Eiríkur Einarsson.	

Sþ. 780. Tillaga til þingsályktunar

um skipun milliþinganefndar til þess að gera tillögur um sérstakan skatt á stórgróða o. fl.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Emil Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Barði Guðmundsson, Finnur Jónsson, Guðmundur Í. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna milliþinganefnd til þess að gera tillögur um sérstakan skatt á stórgróða, sem fallið hefur í hlut ein-

staklinga og fyrirtækja á stríðsárunum, og gagngerða eignakönnun í því sambandi. Jafnframt skal nefndin endurskoða ákvæði tekjuskattslaganna um skattfrelsi varasjóðstillaga hlutafélaga, sem ekki reka framleiðslustarfsemi.

Nefndin skal skipuð þannig: Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu þingflokkanna, einn fyrir hvern flokk. Ríkisstjórnin skipar fimmta manninn, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin getur ráðið sérfróða menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Nefndin skili áliti og tillögum fyrir 1. september 1946.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um sérstakan eignaraukaskatt hefur verið flutt á nokkrum undanförnum þingum, en eigi fengið afgreiðslu.

Er þó alkunnugt, að margir einstaklingar og fyrirtæki hafa fyrir rás viðburðanna auðgazt stórkostlega á undanförnum stríðsárum. Það mun og vafalaust, að mjög skortir á, að öll kurl komi til grafar á framtölum stórgróðamannanna á tekjum og eignum, meðan skattarnir hvíla með fyllsta þunga á launafólki og öllum almenningi.

Nánar í framsögu.

Nd. 781. Breytingartillaga

við frv. til l. um Austurveg.

Frá Emil Jónssyni og Sigurði Bjarnasyni.

Við 5. gr. Í stað „6 árum“ komi: 7 árum.

Ed. 782. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 12. apríl 1946.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson, frsm.
Eiríkur Einarsson.	Ingvar Pálmason.	

Ed. 783. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Minni hl. (GJ) vill ekki samþykkja frv. og mun leggja til, að málið verði afgreitt með rökstuddri

dagskrá, en við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarm. (EE) tók ekki afstöðu til frv.

Alþingi, 12. apríl 1946.

Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason, frsm.	Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 784. Tillaga til þingsályktunar

um bættar samgöngur við Vestmannaeyjar.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um það með samningum við þau félög, er halda uppi póst- og vöruflutningum hér við land með skipum með sæmilegu farþegarúmi eða á annan hátt, að til Vestmannaeyja og frá þeim til Reykjavíkur falli að minnsta kosti ein ferð í viku hverri allan ársins hring.

Greinargerð.

Síðan í árslok 1939 hafa Vestmannaeyjar haft mjög stopular samgöngur við höfuðstaðinn og sérstaklega ófullnægjandi fyrir fólk. Hins vegar er brýn þörf á góðum samgöngum á þessari leið, og fer hún vaxandi með hverju ári af skiljanlegum ástæðum. Þótt nú sé ófriðnum lokið, er engin breyting á þessu orðin. Nú er farið fram á það með þessari tillögu, að ríkisstjórnin stuðli að því á þann hátt, er að beztu gagni má verða, að leysa þau vandræði Vestmannaeyja, sem af þessu samgönguleysi hljótast.

Nánar í framsögu.

Nd. 785. Lög

um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði.

(Afgreidd frá Nd. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 2.

Nd. 786. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f.

(Afgreidd frá Nd. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 3.

Ed. 787. Frumvarp til laga

um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofnuð skal ný deild við Landsbanka Íslands, er nefnist stofnlánadeild sjávarútvegsins. Skal hlutverk hennar vera það að styðja sjávarútveg Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum.

Fjárreiðum stofnlánadeildarinnar skal haldið algerlega aðgreindum frá fjárreiðum annarra deilda bankans.

2. gr.

Stofnlánadeildinni skal aflað fjár til útlána:

a. Með lántökum hjá seðlabankanum samkv. 4. gr.
b. Með skylduinnlánum eigenda nýbyggingarsjóðs samkvæmt 5. gr.
c. Með útgáfu vaxtabréfa samkv. 7. gr.

3. gr.

Stofnlánadeildin veitir lán gegn 1. veðrétti í fiskiskipum og öðrum veiðiskipum. Enn fremur fiskverkunarstöðvum, þar með töldum síldarverkunarstöðvum, hraðfrystihúsum og beitugeymsluhúsum, niðursuðuverksmiðjum, verksmiðjum til vinnslu úr fiskúrgangi, lifrarbræðslum, skipasmíðastöðvum og dráttarbrautum, vélsmiðjum, verbúðum í viðleguhöfnum og öðrum fyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti í þágu sjávarútvegsins.

Forgangsrétt til lána samkvæmt 2. málslið 1. málsgr. skulu hafa félög útvegsmanna og fiskimanna, sem stofnuð eru til að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og fiskimönnum, og félög, sem meginþorri útvegsmanna á hverjum stað er þátttakandi í, í þeim tilgangi, er að framan greinir, enda skipti félögin arði af rekstri í hlutfalli við viðskipti félagsmanna.

Lán má eigi veita úr stofnlánadeild til annarra framkvæmda en þeirra, sem gerðar eru eftir 1. janúar 1944.

Lánin eru tvenns konar:

A-lán, er eingöngu má verja til greiðslu á atvinnutækjum smíðuðum erlendis og til kaupa erlendis á efni og vélum til skipasmíða eða annarra framkvæmda innanlands.

B-lán, er verja má til innlendra framkvæmda að því leyti, sem þær krefjast ekki erlends gjaldeyris.

Á skuldabréf lánþega skal skrá, hve mikill hluti lánsins er veittur sem A-lán og hve mikill hundraðshluti afborgana skoðist sem afborgun á A-láninu, en að öðru leyti skal fara með lánið sem væri það eitt.

Lánveitingar úr sjóðnum eru bundnar því skilyrði, að Nýbyggingarráð hafi samþykkt þær framkvæmdir, sem um er að ræða, sem lið í heildaráætlun þess um þjóðarbúskap Íslendinga.

4. gr.

Nýbyggingarráð úrskurðar hverju sinni, samkvæmt beiðni framkvæmdastjórnar Landsbankans, hve miklum erlendum gjaldeyri hafi verið varið til fyrirtækis, sem stofnlánadeildin lánar út á, hvort heldur er um innflutning, nýsmíði, meiri háttar endurbætur eða viðgerðir að ræða, og gildir þetta jafnt um skip sem aðrar eignir.

Samkvæmt slíkum úrskurði nýbyggingarráðs skal seðlabankanum skylt að lána stofnlánadeildinni upphæð í íslenzkum krónum, er samsvari A-lánum sjóðsins.

Seðlabankinn veitir stofnlánadeildinni lánin jafnóðum í opnum reikningi, en við hver árslok skal sameina lánveitingar þess árs í eitt lán, og má samanlögð skuld stofnlánadeildarinnar aldrei fara yfir 100 millj. kr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar stofnlánadeildarinnar gagnvart seðlabankanum.

5. gr.

Útgerðarfélög og útgerðarmenn, sem eiga fé í Nýbyggingarsjóði, sbr. lög nr. 20 1942, skulu leggja fé þetta á vaxtalausan innlánsreikning í stofnlánadeildinni innan 12 mánaða frá gildistöku laga þessara, og skal féð geymt þar, unz því er ráðstafað í samræmi við ákvæði gildandi laga.

6. gr.

Stofnlánadeildin skal endurgreiða seðlabankanum á hverju ári jafnháa upphæð og þau A-lán nema, er falla í gjalddaga á því ári, án tillits til þess, hvort skuldunautar deildarinnar greiða á tilteknum tíma.

7. gr.

Stofnlánadeildinni er heimilt, að svo miklu leyti sem skylduinnlán samkvæmt 5. gr. hrökkva ekki fyrir þeim B-lánum, sem talin eru æskileg, að gefa út vaxtabréf, sem hún selur á opnum markaði. Fjármálaráðherra setur reglugerð um tilhögun vaxtabréfaútgáfunnar.

Vaxtabréf stofnlánadeildarinnar eru tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.

8. gr.

Út á ný skip má lána allt að ⅔ (tveim þriðju) af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra, og út á aðrar eignir allt að ⅗ (þrem fimmtu) af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra.

Þó má lána allt að ¾ (þrem fjórðu) út á ný skip og ⅔ (tveim þriðju) út á aðrar eignir, ef bæjar- eða sveitarfélög eru lántakandi eða ganga í ábyrgð fyrir skilvísri greiðslu afborgana og vaxta þar til lánið er greitt niður um helming.

Enn fremur má lána félögum þeim, sem um ræðir í 2. málsgr. 3. gr. laga þessara, allt að ⅔ (tveim þriðju) út á framkvæmdir þær, sem um ræðir í 2. málslið 1. málsgr. þeirrar greinar.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Lán má þó ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar virðingar- eða kostnaðarverði eignar, sem lánað er út á, að frádreginni eign lántakanda í nýbyggingarsjóði. Hafi lántakandi sannanlega gert ráðstafanir til kaupa á fleiri en einu framleiðslutæki, má skipta nýbyggingarsjóði hans til kaupa á þessum framleiðslutækjum, enda takist þau í notkun innan tveggja ára, frá því sótt er um lánið.

Hafi sjóðurinn ekki nægilegt fé til að fullnægja lánsþörfinni, skulu lán til skipa- og bátakaupa sitja fyrir öðrum lánveitingum.

Óheimilt er að lána einum aðila meira en 4 millj. af fé stofnlánadeildarinnar. Þetta ákvæði nær þó eigi til bæjarfélaga og hreppsfélaga né þeirra félaga útvegsmanna, sem um getur í 2. málsgr. 3. gr. laga þessara.

9. gr.

Lengsti lánstími er 20 ár fyrir ný skip, en annars 15 ár. Sé lánstími 10 ár eða lengri, skal haga afborgunum lána þannig, að helmingur lánsins eða því sem næst sé endurgreiddur, þegar liðnir eru ⅖ (tveir fimmtu) af lánstímanum. Félagi, sem fengið hefur lán úr stofnlánadeildinni og nýtur hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 3. gr. laga nr. 20 20. maí 1942, skal skylt að verja 50% af því fé, er það leggur í varasjóð, til aukalegra afborgana af lánum úr stofnlánadeildinni, enda falla þá niður ákvæði 14. gr. b. í sömu lögum um framlag í nýbyggingarsjóð.

Einstaklingar og sameignarfélög, er lán hafa fengið úr stofnlánadeildinni, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum þær fjárupphæðir, er þau verja til aukalegra afborgana af lánum hjá deildinni, þó eigi hærri fjárhæð en sem nemur 20% af hreinum tekjum þeirra af útgerð á árinu, enda falla þá niður ákvæði 14. gr. í lögum nr. 20 20. maí 1942 um framlög í nýbyggingarsjóð.

10. gr.

Stofnlánadeildinni er heimilt að veita bráðabirgðalán, meðan stendur á byggingu skipa eða mannvirkja, en jafnan skulu slík bráðabirgðalán endurgreidd að fullu, þegar hin föstu stofnlán eru afgreidd.

11. gr.

Vextir af lánum úr stofnlánadeildinni skulu ákveðnir af ráðherra, en skulu þó ekki vera hærri en 2.5%. Vextir og afborganir greiðast fyrir fram fyrir eitt ár í senn eða hluta úr ári, miðað við gjalddaga, sem vera skal 1. nóvember ár hvert. Ef tilskilið ársgjald er ekki greitt að fullu á gjalddaga, má reikna 0.5% dráttarvexti af hinni vangoldnu upphæð fyrir hvern hálfan mánuð, sem greiðsla dregst.

12. gr.

Skylt er lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt vátryggðar, að vel nægi fyrir áhvílandi lánum, og tekur veðréttur stofnlánadeildarinnar jafnan einnig til vátryggingarfjárins.

Ef til útborgunar vátryggingarfjár kemur, getur stofnlánadeildin krafizt, að henni sé greidd beint upphæð, sem svarar áhvílandi láni eða lánum í deildinni.

13. gr.

Eignir þær, er stofnlánadeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð deildarinnar. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að framkvæmdastjórn Landsbankans megi tilnefna þá menn, er skulu framkvæma virðingarnar. Framkvæmdastjórn Landsbankans getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

14. gr.

Öllum skuldunautum stofnlánadeildarinnar er skylt:

a. Að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrarreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.
b. Að bjóða hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélagi forkaupsrétt eða ráðstöfun á forkaupsrétti að þeim eignum, sem lán hvílir á í stofnlánadeildinni, ef til sölu kemur, og eigandi sjálfur hefur ekki innansveitarkaupanda að.

15. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr stofnlánadeildinni komnar í gjalddaga án uppsagnar:

a. Þegar tilskilið ársgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
b. Við eigandaskipti að veði fyrir láni, eða ef veðið ferst, er selt eða sett á uppboð.
c. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að lánið er eigi svo tryggt sem æskilegt er að dómi lánveitanda.
d. Ef veðsettu skipi er ekki haldið úti til fiskveiða eða fiskflutninga sex mánuði ár hvert, eða fyrirtæki hættir störfum eða breytir svo rekstri sínum, að það fullnægir ekki ákvæðum 3. gr. þessara laga.

16. gr

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur stofnlánadeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febrúar 1847, 10. gr., eða láta leggja það stofnlánadeildinni út til eignar, ef þörf er á.

Stofnlánadeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Stofnlánadeildin ber hins vegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Stofnlánadeildin getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboðið á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

17. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett í stofnlánadeildinni, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal framkvæmdastjórn Landsbankans gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

18. gr.

Stofnlánadeildin er undanþegin opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem deildin veitir eða tekur, eru undanþegin stimpilgjöldum.

Eignar- og veðbókarvottorð ber að láta deildinni í té án endurgjalds.

19. gr.

Framkvæmdastjórn Landsbankans skal á hverju miðju reikningsári, og oftar ef þörf gerist, gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag deildarinnar. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag deildarinnar.

Eftir hver áramót gefur framkvæmdastjórn ráðherra fullkominn endurskoðaðan reikning og skýrslu um hag og starfsemi deildarinnar á árinu. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

20. gr.

Í reglugerðinni fyrir stofnlánadeildina má setja þau ákvæði um stjórn hennar og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

21. gr.

Þeim einstaklingum og félögum, er gefið hefur verið vilyrði fyrir styrktarlánum úr styrktar- og lánasjóði fiskiskipa, skal gefinn kostur á að njóta hlunninda þessara laga gegn því að afsala sér rétti sínum til styrktarlánanna, eða að njóta þeirra og þá um leið þeirra vaxta og lánakjara, er gildandi voru hjá fiskveiðasjóði Íslands fyrir gildistöku þessara laga.

22. gr.

Lán, sem veitt hafa verið úr fiskveiðasjóði Íslands til framkvæmda á vegum Nýbyggingarráðs frá ársbyrjun 1945 til gildistöku þessara laga, skulu flutt í stofnlánadeild Landsbankans, og skal litið á þau sem bráðabirgðalán samkvæmt 10. gr. þessara laga.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá 1. janúar 1946 til ársloka 1949 skal gjald það, er um ræðir í lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, renna til þess að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsókna og fiskifræðirannsókna, sem reist verður á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans.

Við árslok 1949 skulu lög nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, falla úr gildi.

Ed. 788. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. apríl 1946.

Magnús Jónsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Ásmundur Sigurðsson. H. Guðmundsson.

Ed. 789. Nefndarálit

um frv. til l. um byggingu gistihúss í Reykjavík.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp, sem lagt var fyrir neðri deild, og fjallaði allsherjarnefnd þeirrar deildar um málið. Tók það nokkrum breytingum, og er aðalbreytingin sú, að hinni almennu eignarnámsheimild 5. greinar var breytt í heimild til eignarnáms ákveðins staðar í bænum.

Nefndin er málinu fylgjandi og mælir með samþykkt frumvarpsins, en telur á hinn bóginn óheppilegt að takmarka eignarnámsheimildina, þar sem enn mun með öllu óráðið, hvar gistihús þetta verður sett, og ófært að láta það ef til vill ráða vali óheppilegri staðar, að eignarnámsheimildin er við hann bundin. Nefndin leggur því til, að greininni verði breytt í sama horf og áður var, en knýta þó við til öryggis þeim varnagla, að öll ríkisstjórnin og þeir aðrir aðilar, sem að byggingunni standa, verði sammála um eignarnámið. Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi lóðir, hús og mannvirki, eftir því sem hún telur þurfa undir gistihúsið og því til afnota, enda sé öll ríkisstjórnin og þeir aðilar, sem að byggingunni standa, sammála um, að eignarnámið fari fram. Fer um eignarnám þetta eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Tveir nefndarmenn (ÞÞ og BSt) tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 1946.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Ásmundur Sigurðsson.	H. Guðmundsson.

Ed. 790. Breytingartillögur

við frv. til l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

1. Við 9. gr. Á eftir orðunum „semja við búnaðarsambönd“ bætist: stjórnir félaga, er hafa sett sér jarðræktarsamþykktir.
2. Við 11. gr. Í stað orðanna „Skulu 2 þeirra tilnefndir af hlutaðeigandi búnaðarsambandi“ komi: Skulu 2 þeirra tilnefndir á fulltrúafundi hlutaðeigandi búnaðarsambands, og skal þar hafa hlutfallskosningu um val þeirra, ef óskað er.
3. Við 19. gr. Greinin orðist þannig:

   Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Byggingarsjóður heimild til þess að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja sjóðnum það út til eignar, ef þörf er á.

   Byggingarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

Ed. 791. Breytingartillaga

við frv. til l. um breytingar á lögum nr. 38 5. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Í stað „Búnaðarbanka Íslands“ komi: Búnaðarfélags Íslands.

Nd. 792. Breytingartillögur

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 14. gr. Annar málsliður orðist svo: Í kaupstöðum eru umráð skólahúsnæðis í höndum bæjarstjórna, en eigi er heimilt að leyfa notkun skólahúsnæðis nema samþykki skólanefndar komi til. Utan kaupstaða eru umráð skólahúsnæðis í höndum skólanefnda.
2. Við 55. gr. Greinin orðist svo:

   Læknisleftirlit með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir reglum, er heilbrigðismálastjórn setur í samráði við fræðslumálastjórn. Skal ráðinn sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, er skipuleggur og hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í skólum svo og íþróttastarfsemi. Heimilt er skólayfirlækni að fela heilsuverndarstöðvum, þar sem þær eru starfandi, eftirlit þetta.

Nd. 793. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 722 (Atvinnudeild háskólans).

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 5. brtt. Aftan við till. bætist:
   6. Rannsóknum búfjársjúkdóma.
2. Á eftir 7. brtt. komi svo hljóðandi brtt.:
   Á eftir 7. gr. frv. komi ný grein, svolátandi (Greinatala frv. breytist samkvæmt því):
   Nefndir skipaðar fulltrúum frá atvinnuvegunum og sérfræðingum frá atvinnudeild skulu ár hvert gera tillögur um, að hvaða rannsóknum skuli unnið í atvinnudeildinni.
   Þriggja manna nefnd gerir tillögur um verkefni fiskideildar. Nefndina skipa forstöðumaður fiskideildar og tveir menn tilnefndir af Fiskifélagi Íslands.
   Þriggja manna nefnd gerir tillögur um verkefni fiskiðnaðardeildar. Nefndin skal skipuð forstöðumanni fiskiðnaðardeildar og tveimur mönnum tilnefndum af Fiskifélagi Íslands.
   Þriggja manna nefnd, skipuð forstöðumanni iðnaðardeildar og tveimur mönnum tilnefndum af Landssambandi iðnaðarmanna, gera tillögur um verkefni iðnaðardeildar.
   Tilraunaráð jarðræktar og tilraunaráð búfjárræktar, sbr. lög nr. 64 1940, gera tillögur um verkefni landbúnaðardeildar.
3. Við 8. brtt. Upphaf tillögunnar orðist svo:
   Sérfræðingar atvinnudeildar háskólans skulu veita nemendum .... o. s. frv.
4. Við 10. brtt. Orðið „þar“ í 1. málslið falli burt.
5. Við 15. brtt. Tillagan orðist svo:
   Við 15. gr. Greinin falli niður.
6. Við 16. brtt. Í stað orðanna „9.—11. gr. l. nr. 64 1940“ komi 9.—10. gr. l. nr. 64 1940.
7. Við 17. brtt. Tillagan orðist svo:
   Við 17. gr. Í stað „1.—14. gr.“ komi: 1.—12. gr.

Ed. 794. Nefndarálit

um frv. til l. um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta flutti nefndin í byrjun desembermánaðar s. l. að beiðni dómsmálaráðherra, en einstakir nefndarmenn létu þess þá þegar getið, að þeir hefðu óbundnar hendur um afgreiðslu þess.

Nefndin ritaði ýmsum aðilum og óskaði umsagnar þeirra um málið. Bárust henni svarbréf frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Læknafélagi Reykjavíkur og Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Samkvæmt ósk Sjálfstæðisflokksins tók Gísli Jónsson sæti í nefndinni í stað Bjarna Benediktssonar við afgreiðslu þessa máls.

Þar sem nefndin vildi leitast við að hraða athugun og afgreiðslu málsins og formaður milliþinganefndar þeirrar, er samdi frv., á sæti í henni, ákvað nefndin að leita eftir því við heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar, að hún starfaði með nefndinni við lestur og athugun frv. Féllst neðrideildarnefndin á þetta.

Enn fremur var ákveðið að óska þess, að herra Brynjólfur Stefánsson, sem einnig átti sæti í milliþinganefndinni, mætti á fundunum, og varð hann við þeim tilmælum.

Nefndirnar hafa starfað óslitið að athugun frv. frá því í febrúarbyrjun og haldið um það mjög marga fundi, ýmist sameiginlega, nefndin ein eða einstakir nefndarmenn, sem falin hefur verið athugun einstakra atriða.

Nefndin hefur eigi getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Einn nefndarmanna (HermJ) leggur til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, en meiri hlutinn (HG, GJ og StgrA) samþ. að mæla með frv. með þeim breytingum, sem á þingskjali 796 greinir. Þó hefur einn þeirra (StgrA) eigi fallizt á breytingartillögu nefndarinnar varðandi lífeyri ekkna og mun bera fram breytingartillögu um það efni. Enn fremur áskilur hann sér rétt til að bera fram fleiri breytingartillögur.

Nokkrar breytingartillögur við I. kafla laganna, sem ágreiningur er um, hafa verið lagðar fram og ræddar í nefndinni. Meiri hlutinn er þó sammála um að leggja engar breytingartillögur við þann kafla fram við 2. umræðu, en einstakir nefndarmenn geyma sér rétt til að bera fram breytingartillögur við hann fyrir 3. umræðu og láta þess getið, að afstaða þeirra til fullnaðarafgreiðslu frv. úr deildinni geti oltið á því, hverja afgreiðslu breytingartillögur þeirra fái.

Einn nefndarmanna (LJóh) var veikur, er málið var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 12. apríl 1946.

H. Guðmundsson, form., frsm. Gísli Jónsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 795. Nefndarálit

um frv. til l. um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Tryggingarlöggjöf sú, er nú gildir, var sett með samstarfi Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins. Áður en þessi löggjöf var sett, hafði hún verið ýtarlega rædd, enda lá fyrir reynsla um allflest þau tilvik, er þessi tryggingarlöggjöf tók til, vegna þess að frjálsar tryggingar höfðu verið starfræktar um langt tímabil.

Þrátt fyrir þetta þótti ekki fært að lögbjóða sjúkratryggingar, svo eðlilegar og nauðsynlegar sem þær þó eru, nema í kaupstöðum landsins. Áður en þær tóku gildi á öðrum stöðum, hafði málið verið athugað og rætt og leitað eftir vilja fólksins með almennri atkvæðagreiðslu. Þar, sem komið hefur í ljós, að óskað væri eftir tryggingunum með þeim kvöðum og réttindum, sem þeim fylgja, ganga þær í gildi. Fólkið hefur næsta almennt óskað sjúkratrygginganna, og þær eru nú á komnar um mestallt land.

Samkvæmt því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er gerð alveg gagnger breyting á þeirri löggjöf, sem gilt hefur til þessa. Sjúkratryggingunum er breytt, aðallega þannig, að nú á sú skylda að hvíla á sjúkratryggingardeild hinnar almennu tryggingarstofnunar að greiða hinum sjúku dagpeninga eftir að þeir hafa verið sjúkir vissan dagafjölda.

Slysatryggingar eiga samkvæmt frumvarpinu að ná til stórum fleiri en hingað til.

Ellitryggingar eru og mjög auknar.

Þá er í hinu nýja frumvarpi gert ráð fyrir víðtækum barnatryggingum og heilsugæzlu, og fleiri stórbreytingar eru á löggjöfinni gerðar.

Það er vissulega ákjósanlegt að geta tryggt þegna þessa þjóðfélags gegn hvers konar óviðráðanlegum óhöppum, og fer vel á því að setja sér það mark, að svo megi

verða. Í sambandi við það er rétt að láta þess getið, að í þessu frumvarpi verða ekki lögboðnar atvinnuleysistryggingar né trygging á öryrkjum 50—75%. En það er vitað, að þegar er þetta frumvarp hefur verið samþykkt, verður lagt fram frv. til laga um atvinnuleysistryggingar og um öryrkjatryggingar, að því leyti sem enn á skortir.

Þetta er ekki óeðlilegt, því margir munu telja það ekki lítið ósamræmi, eftir að svo víðtækar tryggingar hafa verið lögboðnar sem frumvarpið gerir ráð fyrir, ef menn væru ekki tryggðir gegn atvinnuleysi og að öllu leyti gegn örorku. Því skal ekki neitað, að æskilegt er, að þjóðfélagið geti haldið uppi svo víðtækum tryggingum sem þá væru á komnar. En í því sambandi verður að gæta fleiri atriði en óska einna saman.

Þess ber þá fyrst að gæta, að reynslan hérlendis og annars staðar af framkvæmd tryggingarlöggjafar sýnir það og sannar, að hver þjóð þarf að fá skólun í því að nota tryggingarnar eðlilega og heiðarlega; þannig að þær komi að gagni hinum tryggðu, en ofþyngi ekki læknum og tryggingarstofnuninni til mikils tjóns fyrir fjárhag stofnunarinnar og heilsugæzluna í landinu. Þessa tryggingarmenningu tekur nokkurn tíma að skapa, og verður að telja ekki lítið vafasamt, að hagkvæmt sé, að aukning trygginganna kæmi hraðar en þessi skólun fólksins í að nota þær. Með því er þessu mikilsverða máli sýndur mjög hæpinn greiði. Mætti vel svo fara, að tryggingarnar yrðu fyrir þessa sök — svo sem borið hefur á erlendis — erfiðari og óvinsælli í framkvæmd en þær eiga skilið, og getur það orðið málinu hættulegt þegar á fyrstu árum reynslutíma trygginganna.

Nú er til þess ætlazt, að þessi stóri lagabálkur verði samþykktur á fyrsta þingi, sem hann er sýndur, og gerbreyting gerð á tryggingunum í einni svipan, án þess að málið hafi verið rætt nokkuð verulega meðal þjóðarinnar. Má óhætt fullyrða, að þetta eru mjög óeðlileg vinnubrögð og gagnstæð þeim vinnubrögðum, sem fram til þessa hafa verið viðhöfð, er tryggingarnar hafa verið auknar, sbr. sjúkratryggingarnar. Fyrir 2—3 árum voru í Englandi lögð fram í aðalatriðum þau frumvörp til almannatrygginga, er nú stendur fyrir dyrum að samþykkja þar í landi. Málið hefur síðan verið athugað og rætt mjög ýtarlega til þess að kynna það fyrir þjóðinni og gera ýtarlegar áætlanir um það, hvernig undir útgjöldum til þess að halda uppi þessum tryggingum verði staðið. Hér er almenningur alls ófróður um það mál, sem hér liggur fyrir, svo sem að líkum lætur, því það hefur verið mjög lítið rætt og alls ekki athugaður gaumgæfilega fjárhagsgrundvöllur þess. Fjárhagsgrundvöllurinn er miðaður við afkomu þjóðarinnar á árinu 1942 og 1943, og eru það óneitanlega óvenjuleg ár og tæpast hægt að gera ráð fyrir, að fjárhagur þjóðarinnar verði að jafnaði svo góður.

Það kemur fram í greinargerð fyrir þessu frumvarpi, að áætlaður kostnaðarauki við þessa fyrirhuguðu breytingu á tryggingarlöggjöfinni er 32 milljónir króna. Óhætt mun þó að gera ráð fyrir, að sú kostnaðaráætlun sé eins lág og hægt var að gera hana. Kostnaðurinn skiptist þannig, að álög á einstaklinga, sem voru 13,1 milljón, verða 20,9 milljónir; hækkun 7,8 milljónir. Atvinnurekendur greiða nú 4,2 millj., en eiga að greiða samkvæmt frumvarpinu 11,8 millj.; hækkun 7,6 millj. Sveitarfélög greiða nú 10,3 millj., en eiga að greiða 15,3 milljónir; hækkun 5 millj. Ríkissjóður greiðir nú 12,4 milljónir, en á að greiða 24 milljónir; hækkun 11,6 milljónir. Samkvæmt yfirliti í greinargerð frumvarpsins um tekjuskiptingu milli einstaklinga þjóðfélagsins síðustu ár kemur í ljós, að ýmsir einstaklingar eru svo tekjulágir, að þeir geta ekki greitt hin lögboðnu gjöld til trygginganna, og verður á nokkrum stöðum að jafna þeim gjöldum niður með almennum útsvörum. Engu skal um það spáð, að eigi verði unnt að afla þeirra tekna til trygginganna, sem þarf til þess að framkvæma löggjöfina. En hitt skal óhikað fullyrt, að mikil þörf er á að rannsaka þetta atriði nánar, ræða um það við þjóðina, kynna henni þær kvaðir og skuldbindingar, sem hún tekur á sig með þessari löggjöf, og fá álitsgerðir að því loknu um þessi og mörg önnur atriði löggjafarinnar.

Síðastliðin ár hefur fjárhagsafkoma þjóðarinnar verið mjög góð allt fram til þessa. En það þarf ekki að lýsa því hér, að vegna verðbólgunnar horfir nú mjög í óvænt efni um fjárhaginn, og er nú svo komið, að ríkisstjórnin hefur neyðzt til að taka ríkisábyrgð á verðlagi mikils hluta framleiðslunnar. Það sjá væntanlega flestir, að svo getur ekki farið fram til lengdar. Það virðist skjóta nokkuð skökku við að ákveða tugmilljóna útgjöld á ríkissjóð með hallarekstur, framleiðslu, sem horfir fram á skuldasöfnun, og sveitarfélög, sem brátt berjast í bökkum fjárhagslega, án þess að jafnhliða sé nokkuð til þess gert með breyttri fjármálastefnu að rétta við fjárhaginn hjá þeim aðilum, sem undir tryggingunum eiga að standa fjárhagslega. Ef það er ekki gert, mætti vel svo fara, að ekki takist, þótt hins gagnstæða væri óskandi, að standa undir tryggingunum fjárhagslega og að þær yrðu pappírsgögn eða óskadraumur fyrir þá, sem þeirra eiga að njóta. En um það að gera ráðstafanir til eflingar fjárhagnum og fella tryggingarnar inn í hið breytta fjármálaástand, er þá skapast, gegnir öðru máli.

Þá er og rétt að benda á það, að með þessari löggjöf er þjóðartekjunum skipt svo mjög, að líklegt er, að ekki sé sagt víst, að til þess að það atriði verði framkvæmanlegt, þurfi að gera víðtækar ráðstafanir á núverandi fjármálakerfi þjóðarinnar. Ég vil ekki segja, að óeðlilegt sé né óréttmætt, að þetta sé gert, en réttara virðist mér, að þjóðin geri sér ljósar þessar afleiðingar fyrir fram.

Það má og telja víst, að hin óvenjulegu vinnubrögð, sem viðhöfð eru við afgreiðslu þessa máls, mundu alls ekki hafa verið viðhöfð, ef hér væri ekki um pólitíska samning að ræða, sem af hálfu jafnaðarmanna er gengið ríkt eftir að verði fullnægt fyrir næstu kosningar. Í slíkri afgreiðslu get ég ekki tekið þátt, þótt ég sé vinveittur heilbrigðri tryggingarlöggjöf — og vegna þess að ég er hlynntur henni —, því ég er þess fullviss, að reynslan mun sýna það, að slík skyndiafgreiðsla án nægilegrar athugunar og samráðs við þjóðina er tryggingarmálinu til ógagns. Þess gætir og mjög í athugun málsins í nefndinni, að ekki hafa fengizt teknar til greina hinar eðlilegustu og sjálfsögðustu breytingar, sem víst má telja, að hefðu hlotið samþykki, ef málið hefði verið gaumgæfilega athugað.

Af greindum ástæðum legg ég til, að frestað verði afgreiðslu málsins og tíminn notaður til þess að athuga það nánar og ræða það við þjóðina, en til þess er gott tækifæri í kosningum í vor. Það er ekkert aðalatriði, hvort tryggingar koma einu árinu fyrr eða seinna, heldur hitt, að þær séu svo vel undirbúnar, að vonast megi eftir og jafnvel treysta því, að framkvæmd þeirra takist og fari þannig úr hendi, að þær nái almennum vinsældum og viðurkenningu þjóðarinnar þegar á reynslutíma þeirra, — en ekki hið gagnstæða.

Á það má og benda, að samkvæmt frumvarpinu sjálfu á það ekki, þótt að lögum verði, að koma til framkvæmda fyrr en á árinu 1947 og þá aðeins að nokkru leyti.

Þegar þessa er gætt, verður hin óeðlilega skyndiafgreiðsla þessa máls enn þá óeðlilegri.

Ég legg því til, að málið verði afgreitt með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Deildin telur, að mál þetta þurfi nánari athugunar við og nauðsynlegt sé, að þjóðin kynnist því og ræði það, áður en því er ráðið til lykta. Síðan verði það tekið til úrlausnar í sambandi við þær ráðstafanir, er gera þarf til stefnubreytingar í fjárhags- og atvinnumálum, til þess að skapa tryggingunum traustan fjárhagsgrundvöll.

Væntir deildin þess, að fullkomin tryggingarlöggjöf, byggð á öruggari fjárhagsgrundvelli, verði nánar undirbúin svo fljótt sem verða má, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. apríl 1946.

Hermann Jónasson.

Ed. **796. Breytingartillögur**

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 14. gr. Fyrir „sveitarstjórnum“ í 3. málsl. kemur: sveitarstjórn.
2. Við 15. gr. Á eftir orðunum „bæði fá lífeyri“ í fyrri málsgr. kemur: og búa saman.
3. Við 19. gr. Fyrir „3. mgr. 18. gr.“ í niðurlagi greinarinnar kemur: 2. mgr. 18. gr.
4. Við 23. gr.
   a. 2. málsgr. skal orða svo:
      Ef ekkja giftist, á hún rétt á að fá greiddan barnalífeyri í 3 ár, þó aldrei hærri upphæð en hún hefði fengið, ef hún hefði eigi gifzt aftur.
   b. Fyrir „greiða ekkli barnalífeyri“ í 4. mgr. kemur: greiða ekkli allt að hálfum barnalífeyri.
5. Við 26. gr. 1. mgr. skal orða svo:
   Nú hefur eiginmaður hlaupizt brott frá konu sinni og ekki er kunnugt um að 6 mánuðum liðnum frá því er hann fór að heiman, hvort hann er á lífi, og skal þá greiða lífeyri með börnunum eins og um ekkju væri að ræða, en þó má lækka bæturnar með hliðsjón af fjárhag konunnar.
6. Við 27. gr. 3. mgr. skal orða svo:
   Verði vanskil af hálfu föðurins, skal innheimta kröfuna hjá dvalarsveit móðurinnar eða þess, er framfærslu barnsins annast í hennar stað, nema Tryggingastofnunin kjósi heldur að innheimta hana beint frá framfærslusveit föðurins, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Um rétt dvalarsveitar á hendur framfærslusveit og framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkvæmt ákvæðum framfærslulaga.
7. Við 30. gr. Greinina skal orða svo:
   Árlegar fjölskyldubætur eru sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr.	400.00
– 2. ——	—	300.00

   og eru þær greiddar eftir reglum 31.—33. gr. með hverju barni undir 16 ára aldri, sem er umfram 3 í fjölskyldu.
8. Við 31. gr. 1. mgr. fellur niður.
9. Við 32. gr. 1. mgr. skal orða svo:
   Fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum barnanna, ef þeir eru á lífi og sjá um uppeldi þeirra. Þó getur Tryggingastofnunin greitt þær öðrum aðila, ef hún telur, að bæturnar komi börnunum að betri notum með þeim hætti, sbr. 33. gr.
10. Við 34. gr.
    a. Orðin „sér til fullrar framfærslu“ í 2. mgr. falla niður.
    b. Aftan við sömu mgr. bætist nýr málsl.:
       Gift kona fær því aðeins greiddar bætur samkvæmt þessari málsgrein, að maður hennar geti ekki séð heimilinu farborða.
11. Við 35. gr. Greinina skal orða svo:
    Hver sú kona, sem verður ekkja innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í 3 mánuði eftir lát eiginmanns hennar, kr. 200.00 mánaðarlega. Ef ekkjan hefur börn yngri en 16 ára á framfæri sínu, á hún enn fremur rétt á bótum í 9 mánuði í viðbót, kr. 150.00 mánaðarlega.
12. Við 36. gr. Greinina skal orða svo:
    Auk bóta samkvæmt 35. gr. á hver sú kona, sem verður ekkja eða hættir að taka barnalífeyri samkvæmt 23. gr. eftir að hún er orðin fullra 50 ára, rétt á

árlegum lífeyri, allt að sömu fjárhæð og greiða ber ekkju samkvæmt 2. málsl. 1. tölul. 59. gr. og ákveður tryggingaráð fjárhæðina með hliðsjón af fjárhagsástæðum ekkjunnar. Sama rétt á ógift móðir, ef hún er orðin 50 ára, þegar hún hættir að taka barnalífeyri.

13. Við 39. gr. Greinin fellur niður.
14. Við 40. gr. Greinin fellur niður.
15. Við 44. gr. Aftan við orðin „læknar starfa“ í 1. mgr. bætist: og á heimilum innan 10 km fjarlægðar frá læknissetri.
16. Við 45. gr. Orðin „þegar launþegi á í hlut, en 8 vikur annars“ í fyrri mgr. falla niður.
17. Við 46. gr. Fyrir „utan kaupstaða .... starfandi“ í 1. mgr. kemur: utan þeirra staða, er í 1. málsgr. 44. gr. greinir.
18. Við 48. gr. Upphaf 2. mgr. skal orða svo:
    Undir ákvæði þessarar greinar falla ekki þeir launþegar, sem eingöngu taka vinnu heim til sín eða á vinnustað o. s. frv.
19. Við 60. gr. Aftan við 2. mgr. bætist: Réttur þessara aðila til dánarbóta víkur þó fyrir rétti eiginkonu og eiginmanns, sem aðili kann að hafa á framfæri sínu.
20. Við 63. gr. Orðin „eftir því hvor dagurinn er síðar“ í niðurlagi fyrri mgr. falla niður.
21. Við 68. gr.
    a. Orðin „en fjölskyldubætur mæðrum þeirra“ í niðurlagi 1. mgr. falla niður.
    b. 2. mgr. fellur niður.
    c. Í stað „getur Tryggingastofnunin greitt“ í 3. mgr. kemur: greiðir Tryggingastofnunin.
22. Við 69. gr. Fyrir „innan þess frests, er Tryggingastofnunin ákveður“ í 2. mgr. kemur: innan 12 mánaða.
23. Við 71. gr. Fyrir „6 mánuði“ í 2. málsl. kemur: 12 mánuði.
24. Við 75. gr. Fyrri málsl. greinarinnar skal orða svo: Þegar bótaþegi andast, skulu bætur falla niður frá næstu mánaðamótum eftir andlát hans, ef um mánaðarlegar greiðslur bóta er að ræða, ella frá dánardegi.
25. Við 83. gr. Orðið „sérstök“ fellur niður.
26. Við 84. gr.
    a. 4. mgr. fellur niður.
    b. Fyrir „1949“ í síðustu mgr. kemur: 1951.
27. Við 85. gr. Fyrir „2000“ kemur: 1500.
28. Við 94. gr. Greinina skal orða svo:
    Tryggingastofnuninni er heimilt að láta í té hjúkrun eða aðstoð í heimahúsum, er nauðsyn krefur að dómi læknis. Slík aðstoð skal þó aðeins látin í té, er alveg sérstaklega stendur á, og þá eftir nánari reglum, er tryggingaráð setur.
29. Við 98. gr.
    a. Orðin „og heim aftur“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur niður.
    b. 2. málsgr. fellur niður.
30. Við 99. gr. Aftan við greinina bætist: sbr. b-lið 97. gr.
31. Við 100. gr. 2. mgr. fellur niður.
32. Við 101. gr.
    a. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
        Í vörzlu Tryggingastofnunarinnar eru eftirtaldir sjóðir.
    b. Aftan við greinina bætist nýr töluliður:
        5. Verðlækkunarskattshluti samkvæmt lögum nr. 42 14. apríl 1943.
33. Við 102. gr. Aftan við greinina bætist ný mgr.:
    Verðlækkunarskattshluti samkvæmt 5. tölul. sömu greinar skal vera áfram í vörzlu Tryggingastofnunarinnar, þar til Alþingi setur lög um atvinnuleysistryggingar.

34. Við 103. gr.
    a. Fyrir „sbr. 18. gr.“ í 2. mgr. kemur: sbr. 17. gr.
    b. Fyrir „fullnægjandi“ í 5. mgr. kemur: sem fullkomnasta.
35. Við 105. gr. Greinina skal orða svo:
    Fé tryggingasjóðs skal jafnan vera handbært svo að hægt sé að inna af hendi á réttum tíma lögboðnar greiðslur úr honum.
    Forstjóra ber að láta tryggingaráði í té yfirlit um hag sjóðsins að liðnum hverjum ársfjórðungi og áætlun um skuldbindingar þær, er á honum hvíla á næsta ársfjórðungi.
36. Við 106. gr. Fyrir „eða öruggu fasteignaveði“ í 2. mgr. kemur: öruggu fasteignaveði eða annarri fullnægjandi tryggingu.
37. Við 109. gr. Síðasta mgr. fellur niður.
38. Við 110. gr. Á eftir „í iðnaði“ kemur: og stofnanir, er veita verklega kennslu.
39. Við 111. gr. Í stað 1.—4. mgr. koma þrjár málsgreinar:
    Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeiganda. Þó á iðgjaldsgreiðandi jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöldin, ef tekjur hans og eignir eru svo rýrar, að honum beri ekki að greiða tekjuskatt né eignarskatt það ár, og má aldrei krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi skattskyldra tekna hans unz fullu iðgjaldi er náð. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Slíkar iðgjaldagreiðslur úr sveitarsjóði teljast ekki framfærslustyrkur.
    Ákvæði 1. málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.
    Sveitarstjórn tilkynnir innheimtumanni sbr. 119. gr., fyrir hverja sveitarsjóður greiðir iðgjöld og að hve miklu leyti samkvæmt þessari grein.
40. Við 114. gr. Síðari mgr. fellur niður.
41. Við 117. gr.
    a. Fyrir „1 af hundraði“ í 3. mgr. kemur: ½ af hundraði.
    b. Síðasta mgr. fellur niður.
42. Við 118. gr. Greinina skal orða svo:
    Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta og kostnaðar af heilsugæzlu samkvæmt lögum þessum og leggur fram til tryggingasjóðs það, sem á vantar, að aðrar tekjur hans nægi til þess að inna af höndum árlegar greiðslur. Skal taka í hver fjárlög áætlunarupphæð í þessu skyni eftir áætlun tryggingaráðs, allt að 7 millj. kr. að viðbættri verðlagsuppbót.
    Ábyrgð ríkissjóðs umfram hámark hins árlega framlags samkvæmt 1. málsgr. tekur þó eigi til hærri fjárhæðar en 75% framlagsins nemur.
    Nú verður halli á rekstri tryggingasjóðs og framlag ríkissjóðs fer fram úr hámarki samkvæmt 1. málsgr., svo að taka þarf til þriðjungs eða meira af ábyrgðarupphæðinni samkvæmt 2. málsgr., og getur þá ríkisstjórnin, ef hallinn stafar af ástæðum, sem ætla má að verði varanlegar, lagt fyrir tryggingaráð að hækka iðgjöld samkvæmt 109. og 114. gr. um allt að 10% og lækka tekjumark það, er lífeyrisfrádráttur samkvæmt 1. bráðabirgðaákvæði miðast við, um allt að 50% til þess að jafna hallann. Fáist hallinn ekki jafnaður á þann hátt, skal ríkisstjórnin í samráði við tryggingaráð leggja fyrir Alþingi tillögur um endurskoðun laganna.
43. Við 119. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
    Innheimtumaður, sem annast innheimtu á endurgreiðslukröfu vegna barnalífeyris, getur leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans.
44. Við 120. gr.
    a. Fyrir „1. febrúar (í Reykjavík fyrir 15. maí)“ í 11. mgr. kemur: 1. marz (í Reykjavík fyrir 1. maí).
    b. Fyrir orðin „og enn fremur upplýsingar .... undanþeginn iðgjaldagreiðslu“

í lok sömu mgr. kemur: og enn fremur aðrar þær upplýsingar, er varða iðgjaldagreiðslur hlutaðeigenda.

c. Upphaf 2. mgr. skal orða svo:

Skráin skal síðan send hlutaðeigandi skattanefnd eða skattstjóra, sem ákveður, hve mikið hverjum gjaldanda ber o. s. frv.

45. Við 121. gr. Greinina skal orða svo:

Ákveða skal í reglugerð gjalddaga iðgjalda, og má hafa þá mismunandi eftir því, sem Tryggingatofnunin telur hentugast á hverjum stað.

46. Við 124. gr. Við 1. mgr. bætist: og skulu innheimt í einu lagi í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrirfram af lögskráningarstjórum og iðgjöld af ökumönnum bifreiða lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt eftir á fyrir hvert bifreiðaskattsár ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi bifreiða.

47. Við 127. gr. Fyrir „1. gr. laga nr. 23 .... 23. júní 1936“ kemur: 29. og 30. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945.

48. Við 128. gr. Greinin fellur niður (á þessum stað).

49. Við 130. gr. Fyrri málsl. 2. mgr. skal orða svo:

Tryggingaskírteini skulu afgreidd í fyrsta skipti í janúar- og febrúarmánuðum ár hvert.

50. Við 131. gr. Fyrir „frá og með 1. júlí .... næsta ár“ í 1. málsl. kemur: fyrir almanaksárið.

51. Við 133. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:

Ef atvinnurekandi hefur látið undir höfuð leggjast að halda eftir eða skila iðgjöldum, sbr. 122. og 127. gr., öðlast Tryggingastofnunin sama rétt á hendur honum sem sveitarstjórn á hendur kaupgreiðanda samkv. l-lið 29. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945. Hafi hann vanrækt að greiða o. s. frv.

52. Við 134. gr. Fyrir „fimm mánuði“ kemur: tólf mánuði.

53. Við 135. gr.

a. Fyrir „Nú eru iðgjöld greidd“ í upphafi 4. málsl. a-liðar kemur: Nú ber að greiða iðgjöld.

b. Fyrir „eða bætur vegna útfara, sbr. 46. gr.“ í síðasta málsl. c-liðar kemur: bætur samkv. 35. gr.

54. Á eftir 135. gr. kemur nýr flokkur (3), **Sérstakir lífeyrissjóðir,** með nýrri grein svo látandi (áður 128. gr.):

Tryggingastofnunin skal veita viðurkenningu sérstökum lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða til þess að láta í té elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, enda uppfylli þeir þau skilyrði, sem Tryggingastofnunin setur fyrir slíkri viðurkenningu. Það skal m. a. sett sem skilyrði, að þeir veiti félagsmönnum sínum elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, er ekki sé lægri en tryggður er með lögum þessum. Félagsmenn sérsjóðanna greiði til Tryggingastofnunarinnar iðgjald, er sé helmingur þess iðgjalds, sem ákveðið er er í 109. gr. Tryggingaráð getur krafizt þess, að iðgjaldið sé innheimt af sérsjóðunum, svo og að þeir skuldbindi sig til þess að gera Tryggingastofnunina skaðlausa af þeim félagsmönnum, sem hverfa úr sérsjóðunum til almannatrygginganna.

55. Við 137. gr.

a. Aftan við 1. mgr. bætist nýr málsl.: Enn fremur getur Tryggingastofnunin, með samþykki ráðherra, tekið að sér persónulegar ábyrgðartryggingar.

b. Fyrir „tilhögun á tryggingu þessari“ kemur: tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein.

56. Við 138. gr.

Á eftir „í lögum þessum“ kemur: önnur en fyrir tryggingar samkvæmt 137. gr.

57. Við 142. gr.
    a. 1. mgr. skal orða svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947, en ákvæði III. kafla (heilsugæzla) koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1948.
    b. Fyrir „Frá 1. janúar 1947 falla úr gildi“ kemur: Með lögum þessum eru úr gildi numin:
    c. Aftan við 4. tölul. 2. mgr. bætist nýr málsl.: Þó heldur III. kafli þeirra laga gildi sínu, þar til III. kafli þessara laga kemur til framkvæmda.
    d. Aftan við 6. tölul. bætist: þó ekki fyrr en III. kafli þessara laga kemur til framkvæmda.
    e. Tölul. 7 fellur niður.
58. **Við ákvæði til bráðabirgða.**
    a. Upphaf tölul. 1. skal orða svo:
    Greiðslur ellilífeyris samkv. 15. gr., örorkulífeyris samkv. 18. gr. og barnalífeyris samkv. 20. gr., eru um næstu 5 ár háðar þeim takmörkunum, sem hér segir.
    b. Málsgreinin „Fullar bætur .... bótaupphæðinni“ í sama tölul. fellur niður.
    c. Málsgreinin „Lífeyrir barna .... þessa töluliðs“ í sama tölul. skal orða svo: Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða með reglugerð takmörkun á lífeyri barna, sem hafa sjálfstæðar tekjur, barna ekkna og barna örorku- og lífeyrisþega. Þó má ekki takmarka þessar greiðslur meira en svo, að lífeyrir og aðrar tekjur nái hámarksupphæð þeirri, sem næsta málsgrein hér á undan ákveður, að viðbættum fullum barnalífeyri.
    d. Fyrir „muni rýrna“ í síðustu mgr. sama tölul. kemur: rýrni.
    e. Aftan við tölul. 2. bætist: og ríkissjóðs samkv. 18. gr. Með reglugerð má ákveða, að öll iðgjöld skuli á lögð og innheimt í heilum krónum.
    f. Á eftir tölul. 2. kemur nýr (3.) tölul.:
    Meðan ekki eru sett lög um opinbera aðstoð til öryrkja, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar, er Tryggingastofnuninni heimilt að verja úr tryggingasjóði allt að 400 þús. kr. auk verðlagsuppbótar á ári til styrktar slíkum mönnum, eftir reglum, er tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir.
    g. Tölul. 8. fellur niður.
    h. Aftan við ákvæðin bætist nýr tölul.:
    Á meðan ákvæði III. kafla laga þessara koma ekki til framkvæmda, er ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að lækka iðgjöld samkv. 109. gr. um allt að 30%, þó aldrei meira en sjúkrasamlagsiðgjaldi gjaldanda nemur. Þar, sem ekki er sjúkrasamlag, skal slík iðgjaldalækkun nema sjúkrasamlagsiðgjaldi eins og það er lægst á landinu.
59. Greinatala og ívitnanir í greinar breytist samkv. atkvgr.

Nd. 797. Frumvarp til laga

um virkjun Sogsins.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að reka orkuverið við Ljósafoss ásamt aðalorkuveitunni til Reykjavíkur, auka það og reisa og reka önnur orkuver við Sogið, til þess að vinna úr því raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja aðrar háspennutaugar þaðan til Reykjavíkur og gera afspennistöðvar og framkvæma þau mannvirki, sem þarf til að afhenda orkuna samkvæmt 6. gr.

2. gr.

Orkuverin, háspennutaugarnar og afspennistöðvarnar samkvæmt 1. gr. nefnast einu nafni Sogsvirkjunin. Skal hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er ráðherra staðfestir.

3. gr.

Áður en byrjað er á nýju verki, aukningu eða breytingu á mannvirkjum, sem fyrir eru, skal senda ráðherra uppdrætti að hinum fyrirhuguðu framkvæmdum ásamt lýsingu af þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin lætur í tæka tíð, að fenginni umsókn bæjarstjórnar Reykjavíkur í hvert sinn, gera nauðsynlegar umbætur á vegum, er nota þarf vegna flutninga og aðdrátta við virkjunina. Til þessara umbóta leggur Sogsvirkjunin fram helming kostnaðar, og telst hann með virkjunarkostnaði og greiðist jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Með virkjunarkostnaði má og telja allan undirbúningskostnað við mælingar, áætlanir og rannsóknir á virkjunartilhögunum.

Þegar orkuver verður reist við Efra Sogið, má enn fremur telja með kostnaði kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra Sogi, sem Reykjavíkurbær hefur keypt af eigendum Úlfljótsvatns, svo og vatnsréttindi þau, er ríkissjóður á fyrir Kaldárhöfðalandi, með sama verði, enda greiði Sogsvirkjunin andvirði þeirra jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Þurfi vegna þessarar virkjunar að gera brú á Efra Sogið og veg frá henni vestan árinnar, skulu þau mannvirki teljast til orkuversins.

Þegar orkuver verður reist við Neðri Sogsfossana, má á sama hátt telja með kostnaði andvirði vatnsréttinda þeirra fyrir löndum Úlfljótsvatns, Bíldsfells, sem nú er í eigu Reykjavíkurbæjar, og Syðri Brúar, sem er í eigu ríkissjóðs. Skal verðið ákveðið hlutfallslega eftir mati því, sem framkvæmt var á vatnsréttindum Ljósafoss 1935, og greiðast af Sogsvirkjuninni jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Þurfi vegna þessarar virkjunar að gera brú eða brýr á Sogið við Neðri fossana svo og veg að orkuveri frá alfaravegum, skulu mannvirki þau teljast til orkuversins.

5. gr.

Auk þeirra ábyrgða, sem ríkissjóður er í við gildistöku þessara laga vegna orkuversins við Ljósafoss, ábyrgist ríkisstjórnin lán handa Reykjavíkurbæ til framkvæmda samkvæmt 1., 3. og 4. gr., að upphæð allt að 34 millj. króna, þó eigi yfir 85% af kostnaðarverði, eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

6. gr.

Sogsvirkjunin selur raforku til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Skylt er henni einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverum og við afspennistöðvar til almenningsnota utan Reykjavíkur við kostnaðarverði og að viðbættum allt að 5%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforkuna miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923.

Nú þykir nauðsynlegt, til þess að ákvæðum þessarar greinar verði fullnægt, að auka virkjun, og er Reykjavíkurbæ þá skylt að framkvæma aukninguna, allt upp í það, að Sogið sé að hálfu fullvirkjað, en ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til þess með sama skilyrði og segir í 5. gr. Skal aukningin framkvæmd, þegar er fé til hennar er fyrir hendi, nema gildar ástæður að dómi ráðherra hamli.

7. gr.

Þegar auka þarf virkjun fram yfir það, að Sogið sé virkjað til hálfs, enda er þá miðað við 86000 kw. orku í Soginu fullvirkjuðu, skal ríkisstjórnin framkvæma

aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við Reykjavíkurbæ um aðra tilhögun. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu, þannig að hann verði meðeigandi fyrirtækisins að sömu tiltölu og nemur aukningu vélaaflsins móts við það vélaafl, er fyrir var, og eigandi að helmingi, þegar vatnið er fullvirkjað. Kaupverðið eða hluta þess má ríkisstjórnin inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta þeirra skulda, er á fyrirtækinu hvíla. Ef samkomulag um kaupverðið næst ekki, skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Á Reykjavíkurbær þaðan í frá rétt til þess, hvenær sem hann þarf, að fá sem svarar helmingi orkunnar úr Soginu fullvirkjuðu handa Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Nú óskar ríkisstjórnin, að ríkissjóður gerist meðeigandi að Sogsvirkjuninni fyrr en virkjunin er hálfnuð, og á hún þá rétt á eignartiltölu í henni með sömu skilmálum og tilhögun að öðru leyti sem greinir í næstu málsgrein hér á undan, enda haggist ekki við það tilkall Reykjavíkur til raforku samkvæmt niðurlagi sömu málsgr.

Nú hefur virkjuninni safnazt varasjóður, þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkvæmt þessari grein, og verður hann þá eign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs að réttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefur myndazt af, frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur annars vegar og notendum utan hennar hins vegar.

Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ríkisstjórnin framselt til þess eða þeirra fyrirtækja, er þá hafa með höndum orkuveitu til almenningsþarfa um taugakerfi frá Sogsvirkjuninni til héraða utan rafmagnsveitu Reykjavíkur.

8. gr.

Þegar ríkisstjórnin er orðin meðeigandi að Sogsvirkjuninni samkvæmt 7. gr., skal stjórn fyrirtækisins skipuð 5 mönnum: Tveim, er bæjarstjórn Reykjavíkur kýs, tveim, er tilnefndir verða af ríkisstjórninni, og hinum fimmta, er hæstiréttur tilnefnir. Skulu þeir allir skipaðir til þriggja ára í senn. Eftir að 1 ár er liðið frá skipun nefndarinnar, skulu árlega ganga úr nefndinni annaðhvort fulltrúar Reykjavíkur eða fulltrúar ríkisstjórnarinnar eða fulltrúi hæstaréttar. Skal varpað hlutkesti um, hverjir skuli fyrst ganga úr. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 82 19. júní 1933, um virkjun Sogsins.

Ed. 798. Breytingartillögur

við frv. til l. m almannatryggingar.

Frá Steingr. Aðalsteinssyni.

1. Við 15. gr.
   a. Í stað kr. 1920.00 og 1440.00 komi: kr. 2400.00 og 1800.00.
   b. Í stað kr. 1200.00 og 900.00 komi: kr. 1500.00 og 1125.00.
2. Við 20. gr.
   a. Í stað kr. 800.00 komi: kr. 1000.00.
   b. Í stað kr. 600.00 komi: kr. 750.00.
3. Við 35. gr.
   a. Í stað kr. 600.00 komi: kr. 750.00.
   b. Í stað kr. 450.00 komi: kr. 565.00.
   c. Við greinina bætist 2 málsgr. svo hljóðandi:

Bætur samkvæmt 2. og 3. málsgr. þessarar greinar skulu og greiddar einstæðum mæðrum, sem fá greiddan barnalífeyri skv. 27.—29. gr.

Ef ekkjur eða einstæðar mæður, sem fá bætur samkv. 2. og 3. málsgr. eru, vegna erfiðra heimilisástæðna, algerlega hindraðar frá því að vinna fyrir sér, getur Tryggingastofnunin hækkað þessar bætur þeirra um allt að 100%.

4. Við 36. gr.
   a. Í stað kr. 1200.00 komi: kr. 1500.00.
   b. Í stað kr. 900.00 komi: kr. 1125.00.
5. Við 38. gr.
   a. Í stað kr. 720.00 komi: kr. 750.00.
   b. Í stað kr. 540.00 komi: kr. 565.00.
6. Við 39. gr. Greinin falli niður.
7. Við 109. gr. Greinin orðist svo:

Iðgjöld skulu vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði.

Kvæntir karlar	kr.	120.00 á ári
Ókvæntir karlar	—	96.00 — —
Ógiftar konur	—	72.00 — —

Á 2. verðlagssvæði.

Kvæntir karlar	kr.	92.00 á ári
Ókvæntir karlar	—	72.00 — —
Ógiftar konur	—	56.00 — —

Auk þessara iðgjalda skulu einstaklingar og félög greiða sem iðgjöld hundraðshluta af tekjum sínum eins og hér segir:

a. Þeir, sem hafa minna en 25 þús. króna árstekjur, skulu greiða 1% af hreinum tekjum að frátöldum persónufrádrætti, sem nemur 7000 krónum fyrir hjón, 4000 krónum fyrir einstakling og 3000 krónum fyrir barn.
b. Þeir, sem hafa í árstekjur 25 þús. krónur eða meira, skulu greiða af 25 þús. krónum eins og segir í a-lið, en 2% af hreinum tekjum umfram 25 þús. krónur.

8. Við ákvæði til bráðabirgða.
   Við 2. tölulið bætist:
   Vísitöluhækkun kemur þó ekki á hundraðsgjaldið samkv. 109. gr.

Ed. 799. Frumvarp til laga

um tunnusmiði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og starfrækja tvær tunnuverksmiðjur, aðra á Akureyri, hina á Siglufirði, þegar rannsókn hefur leitt í ljós, að tunnusmíði hér á landi er samkeppnisfær við erlenda tunnuframleiðslu bæði hvað verð og gæði snertir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða taka á leigu tunnuverksmiðjur á Akureyri og Siglufirði og starfrækja þær.

3. gr.

Til þess að standast kostnað af framkvæmdum samkvæmt lögum þessum heimilast ríkisstjórninni að taka að láni allt að 3 millj. króna.

4. gr.

Tunnur þær, er tunnuverksmiðjur ríkisins framleiða, skulu seldar síldarsaltendum

5. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir verksmiðjurnar.

6. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu, ef þurfa þykir, sett með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 800. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. 3. málsgr. greinarinnar falli niður.

Sþ. 801. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisaðstoð til bæjar- og hreppsfélaga til togarakaupa.

Frá Áka Jakobssyni, Finni Jónssyni, Sigurði Bjarnasyni.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán eða lána þeim bæjar- og hreppsfélögum, sem ætla að koma á hjá sér togaraútgerð og hafa þegar sótt um kaup á togurum, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélag fjárhagsstuðnings þessa að áliti ríkisstjórnarinnar. Ábyrgðin eða lánið skal nema 10% af kostnaðarverði skipanna og hvíla með öðrum veðrétti á skipunum næst á eftir væntanlegu stofnlánadeildarláni. Ábyrgðirnar eða lánin eru bundin því skilyrði, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppssjóði eða félögum, sem njóta gagnábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga.

Lán þessi skulu vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Samkvæmt þessu er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs eða lána allt að 3 millj. króna.

Greinargerð.

Nokkur bæjar- og sveitarfélög utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hafa sótt um kaup á samtals 14 togurum í því skyni að koma á togaraútgerð þar, sem slík útgerð hefur yfirleitt ekki verið áður. Svo sem kunnugt er, mun hver togari kosta um kr. 2800000.00. Í frumvarpi því um lán úr Fiskveiðasjóði Íslands, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir lánum, sem nema ¾ hlutum af kaupverði tog-

aranna, eða m. ö. o. um kr. 2100000.00. Fellur þá í hlut viðkomandi bæjar- og sveitarfélaga fjárhæð að upphæð um kr. 700000.00 á hvern togara.

Mörgum þessum bæjar- og sveitarfélögum er um megn að leggja fram af eigin rammleik slíka fjárhæð, ekki sízt þar sem viðkomandi aðilar þurfa að leggja í margvíslegan kostnað vegna væntanlegrar togaraútgerðar, svo sem byggingu á ýmsum mannvirkjum, veiðarfærakaup o. s. frv.

Hins vegar er staðsetning hinna keyptu togara ákaflega þýðingarmikil frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Undanfarna áratugi hefur straumur fólks legið utan af landi til hafna við Faxaflóa og þá einkum til Reykjavíkur. Verði áframhald á þessum fólksflutningi, munu heil byggðarlög falla í auðn á næstu árum til stórtjóns fyrir þjóðarheildina.

Höfuðorsök þessara fólksflutninga er sú, að við Faxaflóa eru staðsett flest stórvirkustu framleiðslutæki þjóðarinnar og möguleikar því mestir fyrir betri lífsafkomu.

Með þingsályktunartillögu þessari er reynt að bæta atvinnuskilyrðin í hinum ýmsu bæjar- og sveitarfélögum og þannig reynt að koma í veg fyrir áframhaldandi fólksflutning til hafna við Faxaflóa og þar með stuðlað að eðlilegri dreifingu landsmanna.

Það er í alla staði eðlilegt, að viðkomandi bæjar- og sveitarfélög leggi að sér fjárhagslega til þess að komast yfir svo stórvirk framleiðslutæki sem togarar eru, enda er gert ráð fyrir því með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu. En hins vegar virðist það bæði vera rétt og skylt af ríkisvaldinu að aðstoða viðkomandi bæjar- og sveitarfélög, þegar um slík átök er að ræða sem togarakaup þeirra eru.

Nd. 802. Breytingartillögur

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 9. gr. Niður falli síðasti málsliður 3. málsgreinar: „ef þau njóta hlunninda af hafnargerðinni“.
2. Við 9. gr. 4. málsgrein falli niður.

Nd. 803. Lög

um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 770.

Nd. 804. Nefndarálit

um frumv. til l. um endurreisn hinna fornu biskupsstóla að Skálholti og Hólum í Hjaltadal.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og einnig leitað álits kirkjuráðs um það, og mælir það með samþykkt þess með nokkrum breytingum, er nefndin flytur. Enn

fremur áskilja nefndarmenn sér rétt að fylgja frekari breytingum á frumv., ef fram koma till. um það. Nefndin leggur til, að á frumv. verði gerðar þessar

BREYTINGAR:

1. Við 2. gr.
   a. Fyrsta málslið skal orða svo: Fyrir 1950 skulu reist biskupshús að Skálholti og Hólum og fé veitt til þess í fjárlögum.
   b. Síðasta málslið skal orða svo: Skal þá aftur flytja heim í dómkirkjurnar úr Þjóðminjasafninu hina fornu gripi þeirra, eftir því sem hæfa þykir að dómi biskups og þjóðminjavarðar.
2. Við 3. gr. Fyrsta málslið skal orða svo: Vígslubiskupar skulu kjörnir af öllum þjónandi prestum þjóðkirkjunnar innan hvors vígslubiskupsdæmis.
3. Við 5. gr. Fyrsta málslið skal orða svo: Laun vígslubiskupa skulu ákveðin í launalögum.

Alþingi, 12. apríl 1946.

Garðar Þorsteinsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara. Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Gunnar Thoroddsen, með fyrirvara. Þórður Benediktsson.

Sþ. 805. Nefndarálit

um till. til þál. um hlutfallslega lækkun á kaupi, launum og íslenzkum afurðum á innlendum markaði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Sjötta nóvember 1945 var tillögu þessari útbýtt á Alþingi, og 20. sama mánaðar var henni vísað til allsherjarnefndar.

Þar hefur hún ekki fengizt afgreidd. Þar sem senn líður að þinglokum og ég tel mikilsvert, að málið fái þinglega meðferð og sé ekki stungið undir stól, skila ég séráliti um það, ef það mætti verða til þess, að nefndin þá vaknaði og gerði skyldu sína.

Það vita allir, að verðbólgan í landi hér hefur gert framleiðslukostnað á öllum okkar framleiðsluvörum það háan, að þær verða að seljast fyrir hærra verð en sams konar vörur framleiddar í öðrum löndum. Undir umræðum um fjórða mál efri deildar lýsti fjármálaráðherra því yfir í báðum deildum, að hann væri því meðmæltur, að gerð væri „tilraun í þessa átt", þá hann teldi, að ekki bæri að setja ákvæði um nefnd í þessu skyni inn í það frumvarp, er þá var til umræðu.

Ég vil því gefa honum og öðrum, sem eins kunna að hafa hugsað, tækifæri til að koma nefnd á fót, án þess að það sé gert í sérstökum lögum, og því legg ég til, að þáltill. sé orðuð um og samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, þannig að hagstofustjóri sé sjálfkjörinn, en hinir fjórir nefndarmennirnir séu kosnir af sameinuðu Alþingi, einn frá hverjum flokki. Nefndin skal gera tillögu um lækkun dýrtíðar í landinu með þátttöku allra þjóðfélagsstétta, meðal annars með lækkun á verði innlendra neyzluvara, lækkun kaupgjalds, verzlunarkostnaðar, farmgjalda, byggingarkostnaðar og iðnaðarvara.

Þá skal nefndin einnig gera tillögur um sérstakt eignaframtal allra skattþegna og á hvern hátt og að hve miklu leyti skuli taka stórgróða stríðsáranna til almenningsnota með sköttum.

Nefndin getur ráðið sér sérfróða aðstoðarmenn eftir þörfum. Hún skal hafa skilað áliti til ríkisstjórnarinnar fyrir 14. ágúst 1946. Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 13. apríl 1946.

Páll Zóphóníasson.

Ed. 806. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Niðurlag fyrri efnismálsgreinar orðist svo: Enda fellur þá niður skylda til skýrslugerða um þetta efni, sem 3. gr. laga nr. 29 8. nóv. 1895 gerir ráð fyrir.

Nd. 807. Frumvarp til laga

um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 673 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Þegar lokið er undirbúningi landsins til ræktunar og byggðar, skal það leigt með erfðaleigu einstaklingum eða byggðarfélögum með skilmálum, sem nánar verða teknir fram í reglugerð. Leigan skal miðuð við þá kosti, sem landið býður til búskapar og afkomu. Nýbýlastjórn skal, ef óskir koma fram um það, semja við búnaðarsambönd, stjórnir félaga, er hafa sett sér jarðræktarsamþykktir, eða bæjar- og sveitarfélög um að taka að sér frumræktun lands fyrir ákveðið gjald. Þau bæjar- og sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, skulu þó tryggja nægilegt fé til framkvæmdanna, að svo miklu leyti sem væntanlegur jarðræktarstyrkur hrekkur ekki til eftir áætlun Búnaðarfélags Íslands.

11. gr. hljóðar svo:

Nýbýlastjórn skipar þriggja manna nefnd í hverri sýslu. Skulu 2 þeirra tilnefndir á fulltrúafundi hlutaðeigandi búnaðarsambands, og skal þar hafa hlutfallskosningu um val þeirra, ef óskað er, en einn af nýbýlastjórn án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Skipun nefndarinnar gildir til 4 ára. Hlutverk hennar er að vera nýbýlastjórn og landnámsstjórn til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um val á landi til nýbýla og undirbúning að þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar eru samkvæmt lögum þessum. Einnig að hafa eftirlit með því, að fylgt sé ákvæðum og fyrirmælum laga og reglugerða, sem um þessi mál fjalla. Þá skal nefndin vera til aðstoðar og ráðuneytis þeim mönnum, er óska að reisa nýbýli eða ganga í byggðafélag, og þeim bændum, sem eigi fá aðstoð til bygginga samkvæmt ákvæðum laga þessara.

17. gr. hljóðar svo:

Lán þau, er sjóðurinn veitir, skulu greidd með jöfnum árlegum greiðslum, og skulu þær árlegu greiðslur við það miðast, að vextir af lánsfénu séu 2%. Skal stjórn

sjóðsins ákveða um hvert lán, til hve langs tíma það er veitt, og skal þá meðal annars á það litið, hve vandaðar byggingar þær eru, sem fyrir lánsfé eru reistar. Lánin skulu þó aldrei veitt til lengri tíma en 42 ára.

19. gr. hljóðar svo:

Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Byggingarsjóður heimild til þess að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja sjóðnum það út til eignar, ef þörf er á.

Byggingarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

Ed. 808. Frumvarp til laga

um Austurveg.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Nýjan veg skal leggja af Suðurlandsbraut hjá Lækjarbotnum um svo nefnd Þrengsli, um Lambafells- og Eldborgarhraun ofan við Hjalla, niður í Ölfus hjá Þurá um Ölfusmýrar að Selfossi.

Gagngerðar endurbætur skal gera á núverandi vegi frá Reykjavík að Lækjarbotnum.

2. gr.

Vegagerð alla samkvæmt 1. gr. skal miða við, að tryggðar verði sem hagkvæmast og með mestu öryggi samgöngur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Skal þess sérstaklega gætt um legu vegarins og gerð, að hann verjist sem bezt snjó.

3. gr.

Veginn skal fullgera með slitlagi úr steinsteypu.

4. gr.

Skal fyrst leggja kaflann frá vegamótum núverandi Suðurlandsbrautar í miðju Svínahrauni um Þrengsli að vegamótum Selvogsvegar hjá Þurá í Ölfusi.

Skal kafli þessi fyrst í stað gerður sem malarvegur.

5. gr.

Skal miða framkvæmdir við, að vegurinn verði allur fullgerður á næstu 7 árum, enda verði nægilegt vinnuafl fáanlegt svo og stórvirkar vinnuvélar.

6. gr.

Til framkvæmda samkvæmt lögum þessum heimilast ríkisstjórninni að taka lán allt að 20 millj. kr.

7. gr.

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og nefnast Austurvegur.

8. gr.

Núverandi þjóðvegur frá Svínahrauni neðanverðu og austur yfir Hellisheiði skal numinn úr tölu þjóðvega, þegar tilsvarandi kafli Austurvegar er fullger.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 25 23. júní 1932, um nýjan veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 809. Frumvarp til laga

um byggingu gistihúss í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að verja úr ríkissjóði allt að 5 — fimm — milljónum króna til gistihúsbyggingar í Reykjavík. Fé þetta er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

2. gr.

Gistihús það, sem um getur í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að reisa í félagi við bæjarstjórn Reykjavíkur, stofnanir, félög og einstaklinga.

3. gr.

Gistihúsið skal rekið fyrir reikning þeirra aðila, sem verða þátttakendur í því að reisa það. Ef hentara þykir, má þó leigja húsið út til gistihúshalds.

4. gr.

Ef gistihús þetta verður reist og rekið af hlutafélagi, skulu ákvæði hlutafélagalaga, nr. 77/1921, um stofnendur og takmörkun á atkvæðisrétti ekki gilda um það hlutafélag. Að öðru leyti gilda ákvæði téðra hlutafélagalaga nr. 77/1921, svo sem við verður komið.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi lóðir, hús og mannvirki, eftir því sem hún telur þurfa undir gistihúsið og því til afnota, enda sé öll ríkisstjórnin og þeir aðilar, sem að byggingunni standa, sammála um, að eignarnámið fari fram. Fer um eignarnám þetta eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 810. Frumvarp til laga

um fræðslu barna.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 773 með þessum breytingum:

14. gr. hljóðar svo:

Viðhald skólahúsa og skólahúsgagna er sveitarfélögum skylt að annast samkvæmt reglum, er fræðslumálastjórn setur. Í kaupstöðum eru umráð skólahúsnæðis í höndum bæjarstjórna, en eigi er heimilt að leyfa notkun skólahúsnæðis nema samþykki skólanefndar komi til. Utan kaupstaða eru umráð skólahúsnæðis í hönd-

um skólanefnda. Umráð húsgagna og annarra muna í þágu skólastarfsins eru í höndum skólastjóra, en eigi má hann ráðstafa þeim til notkunar utan skólans, nema samþykki skólanefndar og sveitarstjórnar komi til.

55. gr. hljóðar svo:

Lækniseftirlit með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir reglum, er heilbrigðismálastjórn setur í samráði við fræðslumálastjórn. Skal ráðinn sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, er skipuleggur og hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í skólum svo og íþróttastarfsemi. Heimilt er skólayfirlækni að fela heilsuverndarstöðvum, þar sem þær eru starfandi, eftirlit þetta.

Nd. 811. Frumvarp til laga

um lántöku til hafnarframkvæmda.

Flm.: Pétur Ottesen, Lúðvík Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin tekur allt að 20 millj. króna lán. Fé þessu skal varið til þess að veita sveitar- og bæjarstjórnum lán til hafnarmannvirkja og lendingarbóta. Enn fremur má ríkisstjórnin verja hluta af láninu til landshafnar.

2. gr.

Vextir af lánum þeim, sem veitt eru samkv. 1. gr., skulu eigi vera hærri en 2½% á ári. Að öðru leyti setur stjórnin reglur um lánskjör og annað, er þurfa þykir til framkvæmdar lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það orkar ekki tvímælis, að fyrir hendi er brýn og aðkallandi þörf á því, að nú þegar sé hafizt handa um stórtækar aðgerðir í hafna- og lendingabótum. Hinum stóraukna og endurbætta fiskiskipaflota verður óhjákvæmilega að búa viðhlítandi öryggisskilyrði í höfnum verstöðvanna; að öðrum kosti er hinum stórstigu framkvæmdum þjóðarinnar á þessu sviði teflt í tvísýnu. Skjótar og stórfelldar framkvæmdir í hafnabótum á vegum sveitar- og bæjarfélaga verður eigi komið í verk öðru vísi en með lántökum. Veltur því mikið á því um þessar framkvæmdir, að takast megi að afla til þeirra ódýrra lána. Með frv. þessu er að því stefnt og hafðar til hliðsjónar aðgerðir þess opinbera varðandi aðra hliðstæða þætti á sviði útgerðarmála.

Ed. 812. Breytingartillögur

við frv. til laga um byggingu gistihúss í Reykjavík.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 4. gr. Greinin falli niður.
2. Við 5. gr. Á eftir orðunum „Ríkisstjórninni er heimilt“ í upphafi greinarinnar komi: til ársloka 1947.

Ed. 813. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 11 1. febrúar 1936, um eignarnámsheimild í nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 13. apríl 1946.

Bjarni Benediktsson, formaður. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.

Lárus Jóhannesson. Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 814. Lög

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 441.

Nd. 815. Frumvarp til laga

um atvinnudeild háskólans.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í atvinnudeild háskólans skulu vera þessar undirdeildir:
1. Fiskideild.
2. Fiskiðnaðardeild.
3. Iðnaðardeild.
4. Landbúnaðardeild.

2. gr.

Fiskideild starfar að:
1. Fiskirannsóknum.
2. Sjórannsóknum.
3. Svifrannsóknum.
4. Botndýrarannsóknum.

3. gr.

Fiskiðnaðardeild starfar að rannsóknum á hagnýtingu sjávarafurða, tilreiðslu þeirra til markaða og geymslu.

4. gr.

Iðnaðardeild starfar að:
1. Almennum efnarannsóknum.
2. Gerlarannsóknum, þar á meðal mjólkurrannsóknum.
3. Matvælarannsóknum.
4. Rannsóknum á byggingarefnum og öðrum smíðaefnum.

5. gr.

Landbúnaðardeild starfar að:

1. Jarðvegsrannsóknum.
2. Jurtakynbótum og frærannsóknum.
3. Rannsóknum jurtasjúkdóma.
4. Fóðurrannsóknum og fóðurtilraunum.
5. Búfjárkynbótum.

6. gr.

Ráðherra getur breytt verksviði deilda og aukið eftir þörfum, enda sé áður leitað tillagna hlutaðeigandi forstöðumanna deildanna. Ráðherra sker úr með sama skilyrði, er vafi eða ágreiningur verður um það, hvaða deild skuli sinna tilteknu verkefni.

Tekjur af starfsemi hverrar deildar renna allar í ríkissjóð. Ráðherra getur að fengnum tillögum hlutaðeigandi forstöðumanns sett gjaldskrá fyrir verk, er deildin innir af hendi.

7. gr.

Forseti Íslands skipar forstöðumann fyrir hverja undirdeild atvinnudeildar til 4 ára í senn, enda skal hann vera starfandi sérfræðingur innan deildarinnar. Forstöðumenn hafa sömu réttindi og skyldur sem prófessorar.

Ráðherra skipar sérfræðinga, allt að 13 að tölu. Þeir hafa sömu réttindi og skyldur sem dósentar. Ákvæði 1. gr. laga nr. 24 19. maí 1930 taka eigi til þeirra. Sérfræðingar skulu hafa lokið mag. scient. prófi eða öðru sambærilegu háskólaprófi í grein sinni. Auk þess skulu þeir hafa unnið að vísindalegum rannsóknum í 4 ár hið fæsta að loknu háskólaprófi, en heimilt er að meta doktorspróf eða vísindalega ritgerð þar til jafns við.

Ráðherra skipar aðra sérfræðinga eða ræður þá til ákveðins tíma, að fengnum tillögum forstöðumanns hlutaðeigandi deildar. Þeir skulu hafa lokið mag. scient. prófi eða öðru sambærilegu háskólaprófi í grein sinni. Þessi skilyrði gilda ekki um núverandi starfsmenn atvinnudeildar. Ráðherra er heimilt að gera undanþágu frá þessum kröfum, að fengnum tillögum deildar.

Aðra starfsmenn ræður ráðherra eftir þörfum í samráði við forstöðumenn atvinnudeildar.

8. gr.

Við atvinnudeild háskólans skal veita nemendum með stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi kennslu í þessum fræðigreinum:

1. Dýrafræði.
2. Grasafræði.
3. Jarðfræði.
4. Landafræði.
5. Stærðfræði.
6. Eðlisfræði.
7. Efnafræði.

Atvinnudeild skal, eftir því sem þörf krefur, hafa samvinnu við aðrar deildir háskólans um að sjá nemendum fyrir þeirri kennslu í ofannefndum greinum, sem nauðsynleg er til undirbúning prófs þess, er í 9. gr. getur.

9. gr.

Eftir 3 ára nám er nemendum rétt að ljúka prófi í þeim greinum náttúrufræða, er þeir hafa valið sér. Veitir slíkt próf rétt til kennarastöðu í gagnfræðaskólum og öðrum slíkum skólum, enda sé skilyrðum annarra laga fullnægt.

10. gr.

Sérfræðingar atvinnudeildar skulu annast þar kennslu í greinum þeim, sem í 8. gr. segir, eftir nánari ákvörðun ráðherra, og telst það til embættisstarfa þeirra. Ráðherra getur þó, að fengnum tillögum háskólaráðs, undanþegið einstaka starfsmenn kennsluskyldu að einhverju leyti eða öllu, ef nauðsyn þykir vegna rannsóknastarfa þeirra.

11. gr.

Í reglugerð skal setja fyrirmæli um það, hvað kenna skuli í hverri grein náttúrufræða samkkvæmt 1. gr., um tilhögun kennslu, próf og hvað annað, er kennslu varðar.

12. gr.

Atvinnudeild lýtur lögum og reglugerð Háskóla Íslands, nema á annan veg sé mælt í lögum þessum.

13. gr.

Fasteignir, hús, tæki og annað í þarfir atvinnudeildar, þar á meðal ríkisbúið á Hesti í Borgarfirði, leggur ríkissjóður til, að svo miklu leyti, sem háskólinn gerir það ekki. Ríkissjóður kostar og framkvæmdir þær allar, er í lögum þessum greinir.

14. gr.

Rannsóknarstofa háskólans og tilraunastöðin á Keldum í Mosfellssveit lúta læknadeild háskólans, enda skipar ráðherra sá, er fer með mál hans, þar forstöðumenn og starfsfólk að fengnum tillögum læknadeildar. Hann setur og með sama hætti og segir í 11. gr. þær reglur um stofnanir þessar, er nauðsynlegar kunna að verða.

Um lagning vegar að tilraunastöðinni á Keldum frá þjóðveginum um Mosfellssveit gilda ákvæði IV. kafla vegalaga, nr. 101 1933.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:
9.—11. gr. l. nr. 64 1940.
9.—19. gr. l. nr. 68 1940.

16. gr.

1.—13. gr. laga þessara koma til framkvæmda eftir því, sem efni vinna til og fé er veitt í fjárlögum.

Nd. 816. Breytingartillögur

við frv. til laga um virkjun Sogsins.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 7. gr.

1. Orðin „nema samkomulag verði við Reykjavíkurbæ um aðra tilhögun“ í niðurlagi 1. málsl. 1. málsgr. falli burt.
2. Orðin „og eigandi að helmingi, þegar vatnið er fullvirkjað“ í 2. málsl. 1. málsgr. falli burt.

Nd. 817. Lög

um virkjun Sogsins.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 797.

Nd. 818. Breytingartillögur

við frv. til l. um atvinnudeild háskólans.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist:
   6. Rannsóknum búfjársjúkdóma.
2. Við 14. gr. Greinin falli burt.

Ed. 819. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 796 (Almannatryggingar).

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 5. Á eftir „konu sinni“ bætist inn: án þess að tryggja henni og börnum þeirra nægilegan framfærslueyri.
2. Við 12. Á eftir orðunum „fjárhagsástæðum ekkjunnar“ bætist inn: og verðlagssvæðum.

Ed. 820. Frumvarp til laga

um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI

Um svið tryggingannna, stjórn og skipulag.

1. gr.

Allir íslenzkir ríkisborgarar, sem dveljast hér á landi, skulu tryggðir samkvæmt lögum þessum og njóta réttinda þeirra, er greinir í II. og III. kafla laganna, eftir því sem við á um hvern og einn, og bera skyldur samkvæmt IV. og V. kafla.

Um íslenzka ríkisborgara, sem dveljast erlendis, fer eftir ákvæðum 106. gr. laganna.

2. gr.

Stofnun sú, sem annast almannatryggingarnar, nefnist Tryggingastofnun ríkisins (hér eftir nefnd Tryggingastofnunin), og á hún heimili og varnarþing í Reykjavík.

Skal skipta henni í deildir eftir því, sem hagkvæmt þykir, en deildirnar hafa þó allar sameiginlegan fjárhag.

Allar tekjur Tryggingastofnunarinnar renna í allsherjar tryggingasjóð (sbr. IV. kafla), og úr honum greiðast öll gjöld stofnunarinnar.

3. gr.

Ríkisstjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Tryggingastofnunarinnar og setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum.

Sá ráðherra, sem fer með heilbrigðismál, skal þó ætið hafa yfirumsjón með framkvæmd III. kafla laganna.

4. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunarinnar. Hann skipar og, að fengnum tillögum forstjóra, tryggingayfirlækni, deildarstjóra og sérstakan tryggingafræðing, ef forstjóri eða deildarstjórar eru það ekki.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum tryggingaráðs, laun þeirra starfsmanna, er taldir eru í 1. mgr. þessarar gr., svo og annarra fastra starfsmanna stofnunarinnar, þar til launin verða ákveðin í launalögum.

5. gr.

Forstjóri stjórnar stofnuninni í samræmi við lög, reglugerðir og erindisbréf, er honum verður sett. Hann afgreiðir mál í samráði við hlutaðeigandi deildarstjóra eða felur þeim afgreiðslu ákveðinna mála, en ber sjálfur ábyrgð á ákvörðunum og úrskurðum.

Forstjóri getur falið sama deildarstjóra forstöðu fleiri en einnar deildar.

6. gr.

Skipað skal 8 manna tryggingaráð á eftirfarandi hátt:

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu 4 menn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar 3 menn, einn eftir sameiginlegri tilnefningu stjórna Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur, annan eftir tilnefningu læknadeildar háskólans, og skulu þeir báðir vera læknisfróðir. Hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Landlæknir er sjálfkjörinn í ráðið.

Ef stjórnir læknafélaganna eða læknadeildar háskólans láta undir höfuð leggjast að tilnefna mann af sinni hálfu samkvæmt 1. mgr., skipar ráðherra án tilnefningar læknisfróða menn til að taka sæti í ráðinu svo og varamenn þeirra.

Kjörtímabil tryggingaráðs er fjögur ár.

7. gr.

Tryggingaráð starfar í tveimur deildum. Fjallar önnur þeirra um heilsugæzlumál samkv. III. kafla og læknisfræðileg atriði tryggginganna að öðru leyti, en hin deildin um öll önnur mál stofnunarinnar. Þó skal tryggingaráð starfa óskipt að samningu fjárhagsáætlunar og fjalla um heildarsamninga við lækna, sjúkrahús og heilsuverndarstöðvar.

Í heilsugæzludeild tryggingaráðs skulu vera þeir þrír menn læknisfróðir, sem sæti eiga í ráðinu skv. ákvæðum 6. gr., enn fremur einn maður, er hinir fimm velja úr hópi sínum, svo og formaður ráðsins, sem einnig stjórnar fundum heilsugæzludeildar.

Tryggingaráði er skylt að hafa eftirlit með því, að Tryggingastofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir.

Ef ágreiningur rís um bætur samkvæmt II. kafla eða hlunnindi samkv. III. kafla, leggur tryggingaráð úrskurð á þau mál. Skal ráðið taka þau fyrir og að jafnaði kveða upp úrskurð innan mánaðar, frá því það fékk málið til meðferðar.

Nú sættir aðili sig ekki við úrskurð tryggingaráðs, og má þá skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Vinnuveitendafélag Íslands og Alþýðusamband Íslands skipa hvort um sig einn mann, sem hefur rétt til að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur, þegar skipt er í áhættuflokka og ákveðin iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga skv. 113. gr. Skal Tryggingastofnuninni skylt að láta þeim í té allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna þessa starfs.

9. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um störf og skyldur tryggingaráðs og ákveður þóknun ráðsmanna.

10. gr.

Skipta skal öllu landinu í tryggingaumdæmi, eftir því sem hagkvæmt þykir.

Tryggingastofnunin hefur skrifstofu í hverju umdæmi, en umboðsmenn eftir því, sem þörf krefur. Við skiptingu í umdæmi skal, eftir því sem fært þykir, höfð hliðsjón af skiptingu landsins í læknishéruð.

Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa fimm manna trygginganefnd. Skulu fjórir nefndarmanna kosnir hlutfallskosningu af sveitarstjórnum umdæmisins á sameiginlegum fundi, er halda skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Hinn fimmta skipar félagsmálaráðherra að fenginni tillögu Tryggingastofnunarinnar, og er hann formaður.

Kjósa skal og skipa jafnmarga varamenn. Kjörtímabil trygginganefnda er hið sama og sveitarstjórna. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingarumdæma, tekur sveitarstjórn þess þátt í kosningu trygginganefndar í því umdæmi, þar sem flestir af íbúum sveitarfélagsins eiga heima.

Hlutverk trygginganefnda er að fylgjast með rekstri trygginganna í umdæminu, gera tillögur um framkvæmd þeirra, gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, er mættu verða til sparnaðar í rekstri trygginganna.

Á fundi sveitarstjórna, sem haldinn er skv. 3. mgr., skal ákveða þóknun hinna kjörnu nefndarmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði við störf þeirra af hlutaðeigandi sveitarfélögum eftir reglum, er fundurinn setur. Þóknun til formanns greiðir Tryggingastofnunin.

Tryggingaráð setur nefndum þessum nánari starfsreglur.

11. gr.

Tryggingaráð boðar í samráði við ráðherra til fulltrúaþings eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Skal þing þetta fjalla um tryggingamál, framkvæmd tryggingalaganna, tillögur til breytinga á þeim og annað, sem snertir verksvið trygginganna.

Eftirtöldum aðilum skal boðið að senda á þingið einn fulltrúa hverjum:

Trygginganefndum, sbr. 10. gr., Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendafélagi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands og Læknafélagi Íslands.

12. gr.

Reikningar Tryggingastofnunarinnar skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

Tryggingastofnunin skal gefa út árbók með sem gleggstum upplýsingum um alla starfsemi stofnunarinnar. Skal leggja sérstaka áherzlu á að safna tölulegum upplýsingum og vinna úr þeim um allt það, sem sérstaklega getur haft áhrif á hag trygginganna í framtíðinni, og láta gera tryggingafræðilegar áætlanir nokkur ár fram í tímann.

II. KAFLI

Bætur greiddar í peningum.

1. Elli- og örorkulífeyrir.

13. gr.

Rétt til ellilífeyris eiga allir íslenzkir ríkisborgarar, búsettir hér á landi, sem orðnir eru fullra 67 ára 1. jan. 1947, svo og allir þeir, er síðar ná þeim aldri, og öðlast þeir þá réttinn frá næstu mánaðamótum eftir að aldrinum er náð, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum laganna.

Þeir, sem við gildistöku laga þessara njóta lífeyris eða eftirlauna af opinberu fé eða úr opinberum sjóðum, er sé að minnsta kosti jafnmikill og lífeyrir samkv. 15. gr., eiga ekki rétt á ellilífeyri. Ef ellilífeyrir eða eftirlaun ná eigi þeirri fjárhæð, á hlutaðeigandi rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði það, sem á vantar, enda hafi hann náð tilskildum aldri.

14. gr.

Skipta skal landinu í tvö verðlagssvæði. Til fyrsta verðlagssvæðis teljast kaupstaðir og kauptún með 2000 íbúum eða fleiri, til annars verðlagssvæðis allir aðrir staðir á landinu. Þó er heimilt að færa kaupstaði eða kauptún milli verðlagssvæða, ef óskir koma fram um það frá hlutaðeigandi sveitarstjórn og rannsókn á framfærslukostnaði á þeim stað réttlætir tilfærsluna.

15. gr.

Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir:

	1. verðlagssv. kr.	2. verðlagssv. kr.
Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri	1920.00	1440.00
Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri ..	1200.00	900.00

Sömu fjárhæð og hjónum skv. þessari gr. skal greiða konu og karlmanni, þótt ógift séu, ef þau búa saman og hafa sameiginlegt heimilishald.

16. gr.

Sé greiðslum ellilífeyris frestað, hækkar árslífeyrir hins tryggða sem hér segir:

68 ára gamall maður fær 5% í viðbót
69 — -- — — 10% - —
70 — — — — 15% - —
71 — — — — 20% - —
72 — — — — 25% - —
73 — — — — 30% - —
74 — — — — 35% - —
75 — eða eldri — 40% - —

Þeir, sem við gildistöku laganna eru eldri en 67 ára og taka lífeyri þegar í stað, hljóta lífeyri samkvæmt 15. gr. án hækkunar þeirrar, er um ræðir í 1. mgr. hér á undan. Ef þeir hins vegar fresta lífeyristöku, fá þeir 5% í viðbót fyrir hvert heilt ár, sem líður án þess þeir taki lífeyrinn.

17. gr.

Ef ellilífeyrisþegi þarfnast sérstakrar umönnunar sökum sjúkleika eða ellilasleika og getur því eigi komizt af með þann lífeyri, sem ákveðinn er í 15. og 16. gr., getur Tryggingastofnunin hækkað lífeyri hans, samkvæmt umsókn, um allt að 40 af hundraði eða séð honum fyrir vist á elliheimili. Skal Tryggingastofnunin vinna að því, að komið verði upp hæfilegum fjölda elliheimila, sbr. 101. og 104. gr.

18. gr.

Örorkulífeyrir er jafnhár ellilífeyri, sbr. 15. gr., og greiðist samkvæmt sömu reglum, eftir því sem við getur átt.

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem eru varanlegir öryrkjar á svo háu stigi, að þeir teljast ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

19. gr.

Tryggingayfirlæknir úrskurðar örorkustig þeirra, sem sækja um örorkulífeyri. Slíkum úrskurðum má áfrýja til heilsugæzludeildar tryggingaráðs, sbr. 7. gr.

Tryggingastofnunin getur hvenær sem er látið endurmeta örorku þeirra, sem fengið hafa örorkulífeyri, ef líkur þykja til, að þeir séu eigi lengur öryrkjar, sbr. 2. mgr. 18. gr.

2. Barnalífeyrir og fjölskyldubætur.

20. gr.

Árlegur barnalífeyrir er sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 800.00
– 2. —— ..... — 600.00

og er hann greiddur í þeim tilvikum, sem um getur í 21.—29. gr.

21. gr.

Ellilífeyrisþegi, sem hefur á framfæri sínu börn sín yngri en 16 ára, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn, á rétt til að fá greiddan með þeim barnalífeyri, unz þau eru fullra 16 ára. Barnalífeyrir er þó því aðeins greiddur með kjörbörnum, að þau hafi verið á framfæri lífeyrisþega a. m. k. fimm ár, áður en hann fékk rétt til ellilífeyris.

Ef hjón eiga hvort um sig rétt til ellilífeyris eða elli- og örorkulífeyris, fá þau þó aðeins greiddan einfaldan barnalífeyri.

Ef maki ellilífeyrisþega er vinnufær og hefur verulegar tekjur, er barnalífeyrir ekki greiddur. Þó er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða slíkan lífeyri að nokkru eða öllu leyti, ef sérstaklega stendur á.

22. gr.

Hver sá, sem fær greiddan örorkulífeyri samkvæmt 18. gr. og hefur á framfæri sínu börn sín yngri en 16 ára, á rétt á að fá greiddan með þeim barnalífeyri eftir sömu reglum og segir í 21. gr. um ellilífeyrisþega. Tryggingastofnunin getur þó greitt lífeyri með kjörbarni, sem skemur hefur verið á framfæri lífeyrisþega en 5 ár, ef sýnt þykir, að taka þess standi ekki í neinu sambandi við væntanlegar bætur.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 21. gr. gilda einnig um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein.

23. gr.

Ekkja, sem við lát manns síns hefur á framfæri sínu börn sín yngri en 16 ára, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn, á rétt á að fá greiddan barnalífeyri samkvæmt ákvæðum 20. gr., unz þau eru fullra 16 ára. Lífeyrir er því aðeins greiddur með kjörbörnum, að þau hafi verið á framfæri hins látna a. m. k. fimm ár áður en hann lézt. Þó getur Tryggingastofnunin stytt þennan frest.

Ef ekkja giftist, á hún rétt á að fá greiddan barnalífeyri í 3 ár, þó aldrei hærri upphæð en hún hefði fengið, ef hún hefði eigi gifzt aftur.

Að öðru leyti fellur barnalífeyrir niður, er ekkja giftist aftur, og eftir atvikum einnig, ef hún býr með karlmanni án þess að vera gift honum.

Tryggingaráði er heimilt að greiða ekkli allt að hálfum barnalífeyri, ef fyrirsjáanlegt er, að tekjur hans hrökkva ekki til að sjá fjölskyldunni farborða.

24. gr.

Öll börn yngri en 16 ára, sem misst hafa báða foreldra sína og hafa enga aðra fyrirvinnu, eiga rétt á því, að með þeim sé greiddur barnalífeyrir samkvæmt 20. gr., unz þau eru fullra 16 ára.

Tryggingaráð getur hækkað lífeyri samkv. þessari gr. um allt að 50%, ef sérstaklega stendur á.

25. gr.

Nú hefur kona búið ógift með karlmanni a. m. k. 2 ár samfleytt og eignazt með honum börn. Á hún þá, ef maðurinn fellur frá, rétt til barnalífeyris með þeim samkv. 20. gr., sbr. 23. gr.

Þetta er þó þeim skilyrðum bundið, að bæði hafi verið ógift, að þau hafi haft sameiginlegt heimili og maðurinn séð um framfærslu konunnar og barnanna eins og um hjón og börn þeirra væri að ræða.

26. gr.

Nú hefur eiginmaður hlaupizt brott frá konu sinni, án þess að tryggja henni og börnum þeirra nægilegan framfærslueyri, og ekki er kunnugt um að 6 mánuðum liðnum frá því er hann fór að heiman, hvort hann er á lífi, og skal þá greiða lífeyri með börnunum eins og um ekkju væri að ræða, en þó má lækka bæturnar með hliðsjón af fjárhag konunnar.

Þegar bætur hafa verið greiddar samkvæmt 1. mgr., getur Tryggingastofnunin krafizt þess, að eiginmaður endurgreiði þær, þegar til hans næst. Innheimta má slíka kröfu á sama hátt og iðgjöld samkvæmt 117. gr., ef Tryggingastofnunin óskar þess.

27. gr.

27. gr. hljóðar svo:

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um barnalífeyri með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunarinnar með úrskurðinn og fengið lífeyrinn greiddan þar.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkv. 1. mgr., á hún endurkröfurétt á hendur föðurnum, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr.

Verði vanskil af hálfu föðurins, skal innheimta kröfuna hjá dvalarsveit móðurinnar eða þess, er framfærslu barnsins annast í hennar stað, nema Tryggingastofnunin kjósi heldur að innheimta hana beint frá framfærslusveit föðurins, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Um rétt dvalarsveitar á hendur framfærslusveit og framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkvæmt ákvæðum framfærslulaga.

Nú deyr faðir óskilgetins barns, áður en barnið hefur náð 16 ára aldri, og greiðir þá Tryggingastofnunin barnalífeyri engu að síður, en getur þá jafnframt gert kröfu í dánarbú hins látna samkv. reglum 25. gr. l. nr. 46 27. júní 1921.

28. gr.

Reglur 27. gr. skulu gilda eftir því, sem við getur átt, um greiðslu barnalífeyris, er fráskildar konur fá úrskurðaðan með börnum sínum.

29. gr.

Nú hefur kvæntur maður verið dæmdur til fangelsisvistar eða úrskurðaður á drykkjumannahæli eða aðra hliðstæða stofnun, og getur Tryggingastofnunin þá greitt barnalífeyri samkv. ákvæðum 26. gr., eftir því sem þau geta átt við.

30. gr.

Árlegar fjölskyldubætur eru sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	.....	kr. 400.00
— 2. ——	.....	— 300.00

og eru þær greiddar eftir reglum 31.—33. gr. með hverju barni undir 16 ára aldri, sem er umfram 3 í fjölskyldu.

31. gr.

Fjölskylda telst hér foreldrar og börn þeirra innan 16 ára aldurs, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn. Undantekin eru börn, sem ekki eru á framfæri foreldranna.

Ef barn er í fóstri, getur Tryggingastofnunin greitt fósturforeldrum bæturnar, ef fullvíst er, að barnið sé í raun réttri á framfæri þeirra, sbr. 3. mgr. 58. gr.

32. gr.

Fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum barnanna, ef þeir eru á lífi og sjá um uppeldi þeirra. Þó getur Tryggingastofnunin greitt þær öðrum aðila, ef hún

telur, að bæturnar komi börnunum að betri notum með þeim hætti, sbr. 33. gr.

Fjölskyldubætur eru ekki greiddar vegna barna, sem barnalífeyrir er greiddur með samkv. 20.—29. gr. eða greitt er með af öðrum sem því svarar samkv. úrskurði.

33. gr.

Barnalífeyri eða fjölskyldubætur, sem greitt er samkv. 20.—32 gr., skal eingöngu nota til framfærslu eða menntunar börnum þeim, sem hlut eiga að máli. Tryggingastofnunin getur neitað að greiða bætur eða hætt að greiða þær, nema fulltryggt sé, að þær verði notaðar eða hafi verið notaðar í þessu skyni. Skal Tryggingastofnunin hafa um þetta samvinnu við barnaverndarnefndir og aðra aðila, sem eiga að hafa eftirlit með uppeldi barna og framfærslu, og getur hún ákveðið að greiða þessum aðilum bæturnar, en þeir sjái síðar um, að þær komi börnunum að sem beztum notum.

3. Bætur til mæðra, ekkna o. fl.

34. gr.

Við hverja barnsfæðingu á móðirin rétt á að fá greiddar kr. 80.00, hvort sem hún stundar vinnu utan heimilis eða ekki.

Mæðrum, sem stunda atvinnu utan heimilis, skal greiða fæðingarstyrk kr. 140.00 mánaðarlega í allt að þrjá mánuði samtals fyrir og eftir fæðingu, enda leggi þær niður vinnu og sé ekki greitt kaup fyrir þennan tíma. Gift kona fær því aðeins greiddar bætur samkvæmt þessari málsgrein, að maður hennar geti ekki séð heimilinu farborða.

Nú greiðir atvinnurekandi kaup, sem er lægra en fæðingarstyrkur samkv. framansögðu, og skal þá Tryggingastofnunin greiða fæðingarstyrk, þó aldrei hærri en svo, að hann að viðbættu kaupi nemi meiru en kr. 175.00 á mánuði.

Greiða skal fæðingarstyrk frá þeim tíma, sem kona leggur fram læknisvottorð um, að hún muni sennilega ala barn innan 6 vikna, og allt til þess er 6 vikur eru frá barnsburði, sbr. þó 2. mgr. Fæðingarstyrkur er því aðeins greiddur, að móðirin hlíti þeim reglum, sem settar kunna að verða um lækniseftirlit um meðgöngutímann.

Mæður, sem ekki stunda atvinnu utan heimilis síns, fá auk þeirra kr. 80.00, sem um ræðir í 1. mgr., greiddar kr. 120.00 upp í kostnað þann, sem fæðingin hefur í för með sér.

35. gr.

Hver sú kona, sem verður ekkja innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í 3 mánuði eftir lát eiginmanns hennar, kr. 200.00 mánaðarlega. Ef ekkjan hefur börn yngri en 16 ára á framfæri sínu, á hún enn fremur rétt á bótum í 9 mánuði í viðbót, kr. 150.00 mánaðarlega.

36. gr.

Auk bóta samkvæmt 35. gr. á hver sú kona, sem verður ekkja eða hættir að taka barnalífeyri samkvæmt 23. gr. eftir að hún er orðin fullra 50 ára, rétt á árlegum lífeyri, allt að sömu fjárhæð og greiða ber ekkju samkvæmt 2. málsl. 1. tölul. 57. gr., og ákveður tryggingaráð fjárhæðina með hliðsjón af fjárhagsástæðum ekkjunnar og verðlagssvæðum. Sama rétt á ógift móðir, ef hún er orðin 50 ára, þegar hún hættir að taka barnalífeyri.

37. gr.

Nú hefur kona búið með karlmanni í a. m. k. 2 ár og alið honum barn, eða búið með honum samfleytt í 5 ár. Á hún þá sama rétt til bóta og ekkja skv. 35. og 36. gr., ef maðurinn fellur frá.

Þetta er þó þeim skilyrðum bundið, að bæði hafi verið ógift, að þau hafi haft sameiginlegt heimili og maðurinn séð um framfærslu konunnar og barnanna, eins og um hjón og börn þeirra væri að ræða.

Sömu reglur gilda um giftar konur, sem eiginmaður hefur hlaupizt frá, ef þær hafa á framfæri sínu börn sín yngri en 16 ára. Fer um endurkröfurétt á hendur manninum eftir reglum 2. mgr. 26. gr.

Bætur samkv. þessari grein getur Tryggingastofnunin lækkað eða fellt niður með hliðsjón af fjárhag konunnar.

38. gr.

Tryggingastofnunin getur veitt bætur eiginkonu ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega, enda þótt hún sé ekki fullra 67 ára eða sjálf öryrki, sbr. 18. gr.

Slíkar bætur skulu vera:

Á 1. verðlagssvæði allt að ..... kr. 720.00 á ári
Á 2. verðlagssvæði allt að ..... kr. 540.00 á ári

Bætur þessar eru því aðeins veittar, að Tryggingastofnunin telji þess þörf, að undangenginni rannsókn á fjárhag umsækjanda.

Ef maður kvænist fullra 60 ára eða eldri, getur eiginkona hans eigi fengið bætur samkvæmt þessari grein. Sama máli gegnir um konu örorkulífeyrisþega, sem kvænzt hefur eftir að hann varð öryrki eða eftir að ljóst var, að orsakir örorkunnar voru tilkomnar.

4. Sjúkrabætur.

39. gr.

Þeim, sem stunda vinnu í annarra þjónustu eða stunda eða reka sjálfstæða atvinnu, skulu greiddar sjúkrabætur samkvæmt eftirfarandi reglum.

Sjúkrabætur eru greiddar konum og körlum á aldrinum 16—67 ára, sem verða fyrir tekjumissi vegna veikinda, ef vinnugeta þeirra er svo skert, að hlutaðeigandi geti eigi unnið sér inn sem svarar a. m. k. ¼ meira en bótaupphæðum laganna nemur við þau störf, sem hann er vanur að stunda, eða við aðra vinnu, er honum kann að vera vísað á og telja verður við hans hæfi.

Það telst tekjumissir, þó að maður haldi kaupi sínu, ef hann verður að greiða staðgöngumanni sínum kaup, en greiði hann honum ekki allt kaup sitt, getur Tryggingastofnunin lækkað bæturnar eða fellt þær niður með öllu.

40. gr.

Sjúkrabætur skulu vera:

Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis eða er atvinnulaus ..... kr. 7.50 á dag
Fyrir aðra ..... — 5.00 – —

Giftar konur fá því aðeins greiddar sjúkrabætur, að þær færi sönnur á, að maður þeirra geti ekki séð þeim farborða.

Þegar sjúkrabætur eru greiddar, er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta samkv. 30.—32. gr. einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu, sbr. 1. mgr. 31. gr.

Sjúkrabætur mega aldrei fara fram úr ¾ þess, sem hinn sjúki hefur misst í af tekjum sínum vegna sjúkdómsins.

41. gr.

Sjúkrabætur eru ekki greiddar, ef sjúkdómurinn stafar af áfengisneyzlu, notkun deyfilyfja eða öðrum orsökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, beint eða óbeint, með vítaverðu hirðuleysi eða gáleysi.

Ef farsóttir ganga, svo sem mislingar, inflúenza, skarlatssótt o. fl., fellur niður greiðsla sjúkrabóta vegna slíkra sjúkdóma, nema tryggingaráð heimili greiðsluna hverju sinni.

42. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem læknar starfa, skal greiða sjúkrabætur sem hér segir:

a) Þeir, sem starfa í annarra þjónustu, skulu eiga rétt á sjúkrabótum frá og með 8. veikindadegi og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda sé þeim ekki greitt kaup þennan tíma. Tryggingaráði er þó heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef veikindi stafa af slysförum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða. Sjúkrabætur eru ekki greiddar, nema hlutaðeigandi hafi verið óvinnufær lengur en 10 daga.

Nú greiðir atvinnurekandi hinum sjúka kaup, sem er lægra en sjúkrabótum nemur, og skal þá einnig greiða sjúkrabætur, þó svo, að þær að viðbættu kaupinu séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði. Um fasta starfsmenn sjá ákvæði 64. greinar.

b) Þeir, sem starfa sjálfstætt eða hafa launþega í þjónustu sinni, eiga rétt á bótum frá og með fimmtu sjúkraviku og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda geti þeir sýnt fram á, að tekjur þeirra hafi minnkað verulega vegna veikindanna. Skal tryggingaráð setja nánari reglur um greiðslu sjúkrabóta til slíkra manna með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 39. gr. Heimilt er tryggingaráði að ákveða að greiða bætur samkvæmt framansögðu frá og með 8. veikindadegi, ef hlutaðeigandi fer í sjúkrahús og atvinnurekstur hans stöðvast.

Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.

43. gr.

Utan þeirra staða, sem um ræðir í 44. gr., skulu sömu reglur gilda og þar segir (stafl. a og b), en sjúkrabætur eru því aðeins greiddar, að hinn sjúki liggi í sjúkrahúsi eða hafi verið rúmfastur heima samtals 4. vikur. Hámarkstími sjúkrabóta samkvæmt þessari grein er einnig 26 vikur á einu ári.

Ef sannað er, að hinn veiki hafi orðið að taka mann í þjónustu sína vegna sjúkleikans, getur Tryggingastofnunin greitt honum bætur, þótt hann hafi eigi legið rúmfastur.

44. gr.

Skylt er þeim, sem sækja um sjúkrabætur, að tilkynna Tryggingastofnuninni veikindi með læknisvottorði, áður en vika er liðin, frá því er sjúkdómurinn olli óvinnuhæfni, ella miðast biðtíminn við þann dag, sem tilkynning barst. Utan þeirra staða, er í 1. málsgr. 42. gr. greinir, er þó nægilegt, að tilkynning komi viku áður en biðtími er liðinn. Upphaf biðtímans miðast þá við þann dag, sem læknis er fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús, og fylgi vottorð tveggja valinkunnra manna um, að sjúkralegan hafi verið óslitin.

Þegar veikindi hafa verið tilkynnt, getur Tryggingastofnunin látið lækni rannsaka heilsufar hins tryggða eða fylgzt með því á annan hátt. Ef maður vanrækir að fara að ráðum læknis, missir hann rétt til bótanna, meðan svo stendur.

Sama verður, ef hann neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem flýtt gæti bata hans eða búið hann undir nýtt starf.

5. Slysabætur.

45. gr.

Launþegar, sem taldir eru í 46. gr. og slasast við vinnu, eiga rétt til slysabóta samkvæmt því, er segir í 49.—58. gr., svo og vandamenn þeirra.

46. gr.

Launþegi telst samkvæmt lögum þessum hver sá, sem tekur að sér vinnu (þar með talin ákvæðisvinna) gegn endurgjaldi, án þess að vera sjálfur atvinnurekandi.

Skiptir eigi máli, hvort um er að ræða vinnu hjá einstaklingum, einkafyrirtækjum, opinberum fyrirtækjum eða stofnunum, samvinnufyrirtækjum, sem verkamenn eða aðrir starfsmenn stjórna sjálfir eða með öðrum. Skipverjar teljast launþegar, þótt þeir taki aflahlut í stað kaups. Launþegi telst og hver sá, sem tekur að sér vinnu samkvæmt framansögðu eða án endurgjalds í þeim tilgangi að afla sér sérstakrar iðnmenntunar (lærlingar). Í skólum og öðrum stofnunum, þar sem verklegt nám er, teljast nemendur launþegar við það nám samkvæmt lögum þessum.

Undir ákvæði þessarar greinar falla ekki þeir launþegar, sem eingöngu taka vinnu heim til sín eða á vinnustað, sem þeir sjálfir ákveða, eigi heldur þeir, sem taka að sér lausavinnu, en nánari ákvæði um það, hvað telja beri starf á heimili og lausavinnu í þessu sambandi, skulu sett með reglugerð. Þó skal ekki undanskilja þá launþega, er stunda lausavinnu, sem samfara er sérstök áhætta.

Börn atvinnurekanda, yngri en 16 ára, kona hans og foreldrar eða fósturforeldrar eiga ekki rétt til slysabóta, þótt þau vinni í þjónustu hans.

47. gr.

Útgerðarmaður, sem sjálfur er á skipi sínu, á sama rétt á slysabótum og aðrir skipverjar, enda ber honum að greiða iðgjöld fyrir sjálfan sig, sbr. 112. og 113. gr. um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

48. gr.

Ef maður slasast eða bíður líftjón við björgun eða tilraun til björgunar manns í lífsháska, skal hann eða vandamenn hans eiga rétt til slysabóta.

49. gr.

Það er bótaskylt slys, er tryggður maður slasast eða deyr af slysi við þá vinnu, sem hann er tryggður við.

Til slysa teljast hér atvinnusjúkdómar, svo sem hvers konar fingur- og handarmein, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, sláturhúsvinnu og aðra þá vinnu, sem sérstaklega er hættuleg að þessu leyti, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna eða innan þess tíma, að rekja megi orsakir þess til hennar. Ákveða skal í reglugerð, hverja sjúkdóma aðra skuli telja atvinnusjúkdóma.

50. gr.

Tryggingin nær einnig til sendistarfa í þágu atvinnurekstrar og nauðsynlegra ferða til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir, sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar.

Trygging sjómanna fyrir slysum nær einnig til þess, er þeir eru í landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig, í erindum, er leiðir beint af starfi þeirra sem sjómanna.

51. gr.

Slysabætur eru, auk sjúkrahjálpar samkvæmt III. kafla, þrenns konar:
Dagpeningar,
Örorkubætur,
Dánarbætur.

52. gr.

Þeim, sem slasast við tryggingarskylda vinnu, skulu greiddir dagpeningar, ef meiðslin valda sjúkleika og vinnutjóni.

Dagpeningar skulu ekki greiddir fyrir fyrstu 7 dagana eftir að hinn slasaði varð óvinnufær, en hafi hann verið óvinnufær lengur en 10 daga, skal greiða þá frá og með 8. degi eftir að slysið varð, þangað til hann verður vinnufær eða úrskurður er felldur um varanlega örorku eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 26 vikur samtals.

Tryggingaráði er heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef

óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða, og líkur eru til, að afstýra megi eða draga úr örorku með lengri bótagreiðslu.

Dagpeningar falla niður þann dag, sem hinn slasaði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.

53. gr.

Dagpeningar eru:

Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis eða er atvinnulaus ..... kr. 7.50 á dag
Fyrir aðra ..... — 5.00 – —

Þegar dagpeningar eru greiddir, er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta, sbr. 30.—32. gr., einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu.

Bótagreiðslur samkv. 1. og 2. mgr. þessarar gr. skulu aldrei fara fram úr ¾ af dagkaupi bótaþega við þá atvinnu, er hann stundaði, þegar slysið varð.

Nú greiðir atvinnurekandi hinum slasaða kaup, sem er lægra en dagpeningum nemur, og skal þá einnig greiða dagpeninga, þó svo, að þeir að viðbættu kaupinu séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25%. Um fasta starfsmenn sjá 64. gr.

54. gr.

Dagpeningar eru ekki greiddir, ef slysið stafar af áfengisneyzlu, notkun deyfilyfja eða öðrum orsökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, beint eða óbeint, með vítaverðu hirðuleysi eða gáleysi. Sama gildir um örorkubætur skv. 56. gr. og dánarbætur skv. 57. gr.

55. gr.

Þegar slys hefur verið tilkynnt, getur Tryggingastofnunin látið lækni rannsaka heilsufar hins slasaða eða fylgzt með því á annan hátt. Ef maður vanrækir að fara að ráðum læknis, missir hann rétt til dagpeninga meðan svo stendur. Sama verður, ef hann neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem flýtt gætu bata hans eða búið hann undir nýtt starf.

56. gr.

Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða þeim, sem fyrir því varð, örorkulífeyri til dauðadags eða örorkubætur í einu lagi, sbr. þó 54. gr.

Fullur örorkulífeyrir er kr. 1200.00 á ári, og greiðist hann, ef örorkan er 75% eða meiri; ef hún er minni, greiðist sami hundraðshluti af fullum lífeyri og örorkan er metin. Ef örorkutapið er minna en 50%, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur, sem jafngilda lífeyri hlutaðeiganda, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Nú er örorka metin 50% eða meiri, og skal þá greiða, auk lífeyris samkvæmt 1. mgr., bætur og lífeyri vegna þeirra, sem voru á framfæri bótaþega, þegar slysið bar að höndum, eftir sömu reglum og dánarbætur samkv. 57. gr. Ef örorka er alger og ævilöng, skal greiða fullan lífeyri og bætur, en sé orkutapið minna, lækka upphæðirnar um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, og falla niður, ef orkutapið nær ekki 50%. Örorkubætur greiðast ekki, ef orkutapið er metið minna en 15%.

Tryggingastofnunin getur hvenær sem er látið endurmeta orkutap bótaþega, og eru þá greiðslur til hans ákveðnar samkvæmt niðurstöðu matsins.

57. gr.

Ef slys veldur dauða innan eins árs frá því, er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

1. Ekkja eða ekkill hljóta kr. 3000.00. Ef ekkja eða ekkill eru 50 ára eða eldri eða hafa tapað 50% eða meiru af starfsorku sinni, greiðist auk þess lífeyrir til dauðadags, kr. 1200.00 á ári, miðað við 100% örorku eða 67 ára aldur. Lífeyrir lækkar

um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, eða 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á, að hlutaðeigandi sé 67 ára.

2. Barn yngra en 16 ára fær kr. 800.00 lífeyri á ári til fullnaðs 16 ára aldurs. Ef barnið er munaðarlaust, er tryggingaráði heimilt að hækka bæturnar um allt að 50%.
3. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en kr. 1000.00 og allt að kr. 3000.00, eftir því að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorkan er minni en 15%.
4. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 1000.00 og allt að kr. 3000.00, eftir því að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.
5. Systkini hins látna, sem voru á framfæri hans, þegar slysið bar að höndum, hljóta dánarbætur á sama hátt sem börn, sbr. 3. tölulið hér á undan.

58. gr.

Ekkja eða ekkill, sem ekki var samvistum við hið látna og ekki á framfæri þess, hlýtur engar dánarbætur.

Kona, sem býr samvistum með manni án þess að vera gift honum, hefur sama rétt til dánarbóta og eiginkona, ef hún hefur fætt honum barn, er þunguð af hans völdum eða þau hafa verið samvistum samfleytt í 18 mánuði. Sama gildir um karlmann, sem býr samvistum við konu án þess að vera kvæntur henni. Réttur þessara aðila til dánarbóta víkur þó fyrir rétti eiginkonu og eiginmanns, sem aðili kann að hafa á framfæri sínu.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra, sbr. 57. gr., ef sömu skilyrðum er fullnægt. Fósturbörn teljast hér aðeins þau börn, sem hafa verið talin á framfæri fósturforeldris samkvæmt skattaframtali undanfarin 3 ár, enda hafi þau ekki jafnframt verið talin á framfæri annars. Barn telst hafa verið á framfæri föðurins, þótt það fæðist að honum látnum.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 56. gr. vegna sama slyss. Lífeyrisgreiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, koma ekki til frádráttar.

6. Almenn ákvæði um bæturnar.

59. gr.

Í lögum þessum tákna „bætur“ hvers konar greiðslur samkv. II. kafla og „bótaþegi“ hvern þann, er einhverjar bótagreiðslur hlýtur frá Tryggingastofnuninni.

60. gr.

Sækja skal til Tryggingastofnunarinnar um allar bætur. Umsóknir séu ritaðar á sérstök eyðublöð, er hún lætur í té. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að úrskurða bætur.

61. gr.

Allar umsóknir skal afgreiða svo fljótt sem kostur er á, og skulu bætur reiknaðar frá fyrsta degi þess mánaðar, sem Tryggingastofnunin eða umboðsmaður hennar fær umsóknina, eða frá þeim degi, sem umsækjandinn hefði uppfyllt skilyrðin til bótanna.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef umsækjandi býr fjarri skrifstofum hennar, umboðsmönnum eða póstafgreiðslustöð.

62. gr.

Þegar að höndum ber slys, sem ætla má bótaskylt samkvæmt lögum þessum, skal atvinnurekandi senda tafarlaust tilkynningu um slysið í því formi, sem Tryggingastofnunin skipar fyrir um, til lögreglusjóra eða umboðsmanns hans (í Reykjavík þó til Tryggingastofnunarinnar). Lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunarinnar ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla, að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið fyrir rétti.

Heimilt er að taka til greina tilkynningar um slys, þótt dregizt hafi að senda þær, ef sannað er, að tilkynnandi á ekki sök á drættinum.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefur vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfu til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið, frá því að slysið bar að höndum.

63. gr.

Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar bóta samkv. lögum þessum, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Ber hér einnig að taka tillit til atvinnuleysisbóta, ef greiddar eru.

Ef maður á rétt á fleiri en einni tegund bóta, sem ekki geta farið saman, má hann taka hærri eða hæstu bæturnar.

Ef maður, sem nýtur slysabóta samkv. 45.—58. gr., ætti rétt á hærri bótum eftir öðrum ákvæðum II. kafla, skal greiða honum mismuninn til viðbótar.

Ef bótaþegi dvelst í sjúkrahúsi eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem Tryggingastofnunin eða hið opinbera greiða fyrir hann að nokkru eða öllu leyti, er heimilt að lækka eða fella niður bætur, sem ætlaðar hafa verið til framfærslu hans sjálfs.

Tryggingaráð setur reglur um framkvæmd ákvæða næstu mgr. hér á undan, og séu þær endurskoðaðar eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

64. gr.

Fastir starfsmenn skulu aldrei missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa, en njóta skulu þeir kaupgreiðslu um lengri tíma, ef svo er mælt fyrir í sérstökum lögum, samningum eða slíkt leiðir af venju í þeirri starfsgrein.

65. gr.

Tryggingastofnunin úrskurðar bætur til ákveðins tíma og aldrei lengur en til eins árs í senn. Skal því endurnýja allar umsóknir um bætur a. m. k. árlega, og athugar Tryggingastofnunin bótaréttinn á ný við hverja endurveitingu. Ef hagur bótaþega breytist á því tímabili, sem bætur eru veittar fyrir, getur Tryggingastofnunin hvenær sem er endurskoðað bótagreiðslurnar og samræmt þær þeim breytingum, sem orðið hafa.

66. gr.

Bætur skulu greiddar bótaþegum sjálfum eða fjárráðamönnum þeirra. Barnalífeyri skal þó greiða foreldrum eða forráðamönnum barna.

Ef bótaþegi getur ekki sjálfur sótt bæturnar sökum elli eða sjúkleika eða býr langt frá greiðslustað, greiðir Tryggingastofnunin öðrum bæturnar, enda hafi þeir skýrt og ótvírætt umboð bótaþega til þess að veita bótunum viðtöku.

67. gr,

Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð, þar sem samgöngur eru erfiðar.

Úrskurðaðar bætur falla niður, ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en hægt er að endurnýja réttinn til bótanna, ef færðar eru sönnur á, að lögleg forföll hafi hamlað því, að bætur væru sóttar á réttum tíma.

68. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkv. lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

69. gr.

Ef bótaþegi flyzt til útlanda eða dvelst erlendis, falla bætur til hans niður, unz hann kemur aftur til landsins, en sótt getur hann þá um bætur á ný. Heimilt er þó að greiða ellilífeyri til manna, er dveljast í útlöndum í allt að 12 mánuði, og örorkulífeyri til manna, er fara utan til þess að fá lækningu, sem þeir eiga ekki kost á hér á landi, þó ekki lengur en hæfilegt verður að teljast í þessu skyni.

70. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum, og á þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum, eða hún getur dregið upphæðina frá bótum, sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla samkv. 1. mgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega, getur Tryggingastofnunin látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu, sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

71. gr.

Ef umsækjandi á bótakröfu á hendur manni eða stofnun, skal hann, ef Tryggingastofnunin óskar þess, framselja henni rétt sinn til bótanna.

Nú greiðast hærri skaðabætur en framlögðum tryggingabótum nemur, og skal þá bótaþegi fá mismuninn, og jafnan skal hann fá bætur, sem greiddar eru vegna þjáninga eða líkamslýta.

72. gr.

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun, skulu falla niður allar bætur til hans, meðan hann dvelur þar.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar eða hluta af þeim konu hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila, sem sér um, að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

73. gr.

Þegar bótaþegi andast, skulu bætur falla niður frá næstu mánaðamótum eftir andlát hans, ef um mánaðarlegar greiðslur bóta er að ræða, ella frá dánardegi. Ógreiddar bætur renna til dánarbús hins látna.

III. KAFLI

Heilsugæzla.

74. gr.

Tryggingastofnunin skal vinna að því í samráði og samvinnu við heilbrigðisstjórnina, að látin verði í té skipuleg heilsugæzla, er nái sem bezt til allra landsmanna.

Heilsugæzla merkir í lögum þessum bæði heilsuvernd og sjúkrahjálp.

75. gr.

Heilsugæzlu á vegum tryggínganna annast heilsuverndarstöðvar, sjúkrahús og lækningastöðvar, sem til þess eru viðurkennd af heilbrigðisstjórninni.

Þar, sem ekki eru heilsuverndar- eða lækningastöðvar, annast héraðslæknar störf þeirra, hver í sínu umdæmi, með aðstoð annarra opinberra heilbrigðisstarfsmanna.

76. gr.

Heilsuverndar- og lækningastöðvar samkvæmt 75. gr. skulu vera í öllum kaupstöðum og annars staðar þar, sem heilbrigðisstjórnin ákveður með ráði Tryggingastofnunarinnar. Skulu þær settar á stofn og reknar af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum, ef fleiri en eitt sveitarfélag eru um stöð.

Tryggingastofnuninni er heimilt að setja á stofn og reka stofnanir, sem annast sérstaka þætti heilsugæzlu fyrir allt landið, svo sem vinnulækningar, enda fallist heilbrigðisstjórnin á tilhögun þessarar starfsemi.

77. gr.

Um framlög ríkisins til að koma upp heilsuverndar- og lækningastöðvum samkvæmt lögum þessum gilda sömu reglur og um framlög þess til að reisa sjúkrahús.

78. gr.

Í hverju sveitarfélagi, þar sem reknar eru stofnanir þær, sem um getur í 76. gr., skal starfa heilsugæzlunefnd, sem annast stjórn og rekstur þeirra svo og rekstur sjúkrahúsa, sem sveitarfélögin eiga.

Ráðherra skipar formann heilsugæzlunefndar og varaformann eftir tillögum tryggingaráðs, en sveitarstjórn kýs til viðbótar 2 eða 4 menn í stjórn og jafnmarga til vara, eftir því sem sveitarstjórn ákveður. Skal kosning þeirra jafnan fara fram eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar.

Nú standa fleiri sveitarfélög en eitt að stofnunum þeim, er að framan greinir, og getur þá tryggingaráð ákveðið, að hlutaðeigandi sveitarfélög kjósi sameiginlega stjórnir þeirra.

Ef saman falla tryggingaumdæmi, sbr. 10. gr., og svæði þau, er umræddar stofnanir ná yfir, má tryggingaráð ákveða, að heilsugæzlunefnd skuli fara með störf tryggínganefndar, sbr. 3. mgr. 10. gr.

79. gr.

Hlutverk sjúkrahúsa er að veita sjúklingum, er þarfnast sjúkrahúsvistar, nauðsynlega umönnun, hjúkrun og læknishjálp.

Hlutverk heilsuverndarstöðva er að rækja hvers konar heilsuverndarstarfsemi, og telst þar til mæðravernd, barna- og unglingavernd, þar með talið skólaeftirlit og eftirlit með íþróttaiðkunum, berklavarnir, holdsveiki- og sullaveikivarnir, varnir gegn kynsjúkdómum, almennar farsóttavarnir og andleg heilsuvernd. Enn fremur heilbrigðiseftirlit með vinnustöðvum, aðstoð við almennar slysavarnir, híbýlaeftirlit, matvælaeftirlit og manneldisrannsóknir.

Hlutverk lækningastöðva er að veita, hver í sínu umdæmi, almenna og sérfræðilega læknishjálp sjúklingum utan sjúkrahúsa, þar með taldar tannlækningar, svo og nuddlækningar og fæðingarhjálp. Enn fremur að annast rannsóknir, er miði að sem fullkomnastri sjúkdómsgreiningu. Lækningastöðvar sjá einnig um nauðsynlega hjúkrun sjúklinga í heimahúsum, að svo miklu leyti sem Tryggingastofnunin ákveður að láta hana í té, sbr. 92. gr.

80. gr.

Sjúkrahús, þar með talin einkasjúkrahús, heilsuverndarstöðvar og lækningastöðvar skulu háð eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar, er setur með reglugerð ákvæði um þá lágmarksþjónustu, er slíkar stofnanir skuli láta í té á hverjum stað, og

önnur skilyrði fyrir því, að þær hljóti viðurkenningu, en fylgist síðan með, að öllum slíkum ákvæðum sé fylgt, og metur að öðru leyti gæði þjónustunnar á hverjum stað, sbr. 86. gr.

81. gr.

Heilbrigðisstjórnin getur ákveðið, að ein og sama stofnun ræki hlutverk sjúkrahúss, heilsuverndar- og lækningastöðvar, þar sem skilyrði eða staðhættir mæla með því.

82. gr.

Ríkissjóður greiðir laun allra fastra lækna heilsuverndarstöðva, lækningastöðva og opinberra sjúkrahúsa, svo og héraðslækna og sérfróðra lækna, sem falin eru sérstök störf í þágu heilsugæzlustarfseminnar eða yfirumsjón með einstökum greinum hennar.

Nú telur tryggingaráð (heilsugæzludeild), að nauðsynlegt sé, að fleiri læknar en héraðslæknir einn starfi í læknishéraði, þar sem eigi er rekin heilsuverndarstöð eða lækningastöð eða slíkar stöðvar geta eigi séð fyrir læknishjálp í héraðinu, svo að fullnægjandi teljist að dómi heilbrigðisstjórnar, og skal þá greiða laun aukalæknis eða aukalækna úr ríkissjóði.

Laun lækna, er veita læknishjálp utan sjúkrahúsa, skulu yfirleitt miðuð við það, að þeim sé heimilt að taka gjald af sjúklingum samkvæmt gjaldskrá, sbr. 85. gr.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar gilda eigi lengur en til ársloka 1951 hvað snertir þau tryggingaumdæmi, þar sem skylt er að reka heilsuverndar- og lækningastöðvar samkvæmt 76. gr.

83. gr.

Ráðherra skipar þá lækna, er um ræðir í 82. gr., og ákveður fjölda þeirra á hverjum stað með ráði tryggingaráðs (heilsugæzludeildar). Eigi má þó fjölga föstum læknum meira en svo, að 1500 íbúar komi að meðaltali á hvern almennan lækni, er starfar að lækningum utan sjúkrahúsa, nema sérstaklega standi á.

84. gr.

Tryggingastofnunin greiði kostnað við dvöl hinna tryggðu eftir læknisráði á viðurkenndum sjúkrahúsum, heilsuhælum og fæðingarstofnunum, þar með talin læknishjálp, lyf og umbúðir. Greiðir hún slíkan kostnað að fullu og eins lengi og þörf krefur, enda sé nauðsyn sjúkrahúsvistar viðurkennd af tryggingayfirlækni eða öðrum trúnaðarlæknum í umboði hans.

Heimilt er Tryggingastofnuninni, ef sérstaklega stendur á, að greiða kostnað við dvöl á viðurkenndum hjúkrunarheimilum eftir reglum, sem heilbrigðisstjórnin setur.

85. gr.

Þeir, sem tryggðir eru samkvæmt lögum þessum, eiga rétt á að fá læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá læknum, er starfa í þjónustu hinnar opinberu heilsugæzlu, sbr. 82. gr., gegn greiðslu eftir gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin setur. Gjaldskrá þessi skal miðuð við það, að hún að meðaltali svari til ¼ af hæfilegri greiðslu.

Þegar svo stendur á, að fastir læknar, héraðslæknar og aukalæknar skv. 84. gr. eru eigi nægilega margir til þess að sjá fyrir fullnægjandi læknishjálp í læknishéraði, getur Tryggingastofnunin til bráðabirgða samið við einstaka lækna eða félagsskap þeirra um að sjá hinum tryggðu fyrir læknishjálp.

Ef slíkir samningar takast ekki, getur Tryggingastofnunin ákveðið að greiða hinum tryggðu upp í kostnað við læknishjálp ¾ hluta miðað við gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur, eða sem samsvarar þrefaldri gjaldskrá fastra lækna.

Tryggingastofnunin getur ákveðið að greiða kostnað við tannlækningar eingöngu vegna þeirra, sem eru innan 18 ára aldurs.

Tryggingastofnunin greiðir ekki læknishjálp umfram beina heilsufarslega nauðsyn, svo sem tannfyllingar með gulli, fegrunaraðgerðir og annað tilsvarandi, og skal í reglugerð setja ákvæði til að girða fyrir það.

Þegar í hlut eiga þeir, er njóta elli- og örorkulífeyris samkvæmt 13.—19. gr., börn þeirra, munaðarleysingjar eða þeir, sem njóta slysabóta, sbr. 49.—58. gr., skal Tryggingastofnunin greiða fyrir þá læknishjálp, er þeim bæri að greiða samkvæmt gjaldskránni.

86. gr.

Tryggingastofnunin semur við sjúkrahús og aðrar slíkar stofnanir og heilsuverndar- og lækningastöðvar, sbr. 75. gr., um að annast lækninga- og heilsuverndarstarfsemi samkvæmt þessum kafla.

Ef ekki takast samningar, úrskurðar heilbrigðisstjórnin greiðslurnar, og skal þá miða við, að stofnanirnar fái greiddan eðlilegan kostnað vegna þeirrar þjónustu, er þær láta í té, að undangengnu mati samkvæmt 80. gr.

Það skal tekið fram í samningi samkvæmt 1. mgr. eða ákveðið í úrskurði samkvæmt 2. mgr., að ágóða af rekstri þeirra stofnana, er þar getur, skuli varið til að bæta og fullkomna þá þjónustu, er þær láta í té. Skal Tryggingastofnuninni heimill aðgangur að bókhaldi þeirra til að tryggja framkvæmd þessa ákvæðis.

87. gr.

Tryggingastofnunin skal greiða að fullu þau lyf, sem sjúklingum er lífsnauðsyn eða brýn nauðsyn að nota að staðaldri að dómi læknis, enda sé sannað með læknisvottorði og rannsókn, er tryggingayfirlæknir metur gilda, að um slíka nauðsyn sé að ræða. Önnur nauðsynleg lyf og umbúðir skulu greidd að hálfu. Tryggingastofnunin greiðir þó aðeins lyf og umbúðir, sem ávísað er með lyfseðli af lækni, sem hlotið hefur ótakmarkað lækningaleyfi, eða af staðgöngumanni hans.

Tryggingastofnunin lætur gera skrá um þá lyfjaflokka, sem um getur í 1. mgr., og skal hún staðfest af heilbrigðisstjórninni. Skrá þessi skal endurskoðuð eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en annað hvert ár.

88. gr.

Tryggingastofnunin greiðir að fullu kostnað við röntgenskyggningu og töku röntgenmynda, enda séu slíkar rannsóknir framkvæmdar að fyrirlagi læknis og af læknum eða stofnunum, sem heilbrigðisstjórnin samþykkir. Enn fremur skal greiða að fullu lyf þau og efni, sem nauðsynleg eru til slíkra rannsókna.

Um greiðslur þessar fer eftir samningum. Ef samningar hafa ekki tekizt, skal endurgreitt eftir gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin setur.

89. gr.

Tryggingastofnunin greiðir að fullu kostnað við röntgen- og radiumlækningar í viðeigandi tilfellum. Þó greiðist kostnaður við slíkar lækningar aðeins, ef þær eru framkvæmdar á stofnunum, sem heilbrigðisstjórnin hefur viðurkennt í þessu skyni.

90. gr.

Tryggingastofnunin greiðir að fullu kostnað við vefjarannsóknir og líffræðilegar rannsóknir, sem nauðsynlegt er, að gerðar séu á sérstökum stofnunum, enda séu þær rannsóknir gerðar að fyrirlagi læknis.

Um greiðslur þessar fer eftir samningum, en takist samningar ekki, skal endurgreiða sjúklingum eftir gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur.

Tryggingaráð ákveður, hvaða rannsóknir hér komi til greina.

91. gr.

Tryggingastofnunin greiðir ljósmæðrahjálp í heimahúsum eftir gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur.

92. gr.

Tryggingastofnuninni er heimilt að láta í té hjúkrun eða aðstoð í heimahúsum, er nauðsyn krefur að dómi læknis. Slík aðstoð skal þó aðeins látin í té, er alveg sérstaklega stendur á, og þá eftir nánari reglum, er tryggingaráð setur.

93. gr.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða styrki upp í kostnað við sjúkrahjálp erlendis í sérstökum tilfellum. Slíkir styrkir skulu þó eigi greiddir nema sjúklingurinn veikist erlendis eða sé haldinn sjúkdómi, sem gildar ástæður mæla með að dómi tryggingayfirlæknis, að bót fáist ráðin á erlendis, en ekki hér á landi.

94. gr.

Stofna skal læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóði, einn fyrir hvert sveitarfélag eða hluta úr sveitarfélagi innan tryggingaumdæmis, þar sem aðstaða til læknisvitjana og sjúkraflutninga er svo erfið, að þess sé þörf að dómi tryggingaráðs.

Tryggingnefnd umdæmisins stjórnar sjóðum þessum og veitir fé úr þeim og sendir Tryggingastofnuninni ársreikninga þeirra.

Sjóðir þessir myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði, sem nemur 125000 krónum fyrir alla sjóðina samanlagt. Skiptist þessi heildarupphæð fyrst milli hinna einstöku tryggingaumdæma eftir tillögum landlæknis, og skal við þá skiptingu höfð hliðsjón af allri aðstöðu til læknisvitjana og sjúkraflutninga og enn fremur af fólksfjölda umdæmanna. Þegar hluti hvers tryggingaumdæmis hefur verið ákveðinn, skiptist hann milli hinna einstöku sjóða innan umdæmisins, og skal tryggingaráð við þá skiptingu fara eftir sömu reglum og segir í næsta málslið hér á undan og leita tillagna tryggingnefndar umdæmisins um hana.

95. gr.

Auk sjóða þeirra, sem um getur í 94. gr., skal stofna sjóð, sem sé sameiginlegur fyrir allt landið, og skal hlutverk hans vera sem hér segir:

a. Að taka þátt í að jafna halla, sem verða kann á einstökum læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóðum, sbr. 96. gr., og
b. að veita endurgreiðslur skv. 97. gr. einstaklingum, sem verða fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna læknisvitjana eða sjúkraflutninga, en eiga ekki rétt til endurgreiðslu úr neinum læknisvitjana- að sjúkraflutningasjóði.

Sjóður sá, sem um getur í þessari grein, myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði að upphæð 75000 kr., og er honum stjórnað af Tryggingastofnuninni. Aldrei má verja meira en ⅔ af sjóðnum til þeirra nota, sem ákveðin eru í staflið a, og aldrei meira en ⅓ til þeirra nota, sem ákveðin eru í staflið b.

96. gr.

Fé þeirra sjóða, sem um getur í 94. gr., skal varið til að endurgreiða 75% af óhjákvæmilegum kostnaði við ferðir lækna til sjúklinga, að undanskildum fyrstu 10 km, og 75% af óhjákvæmilegum kostnaði við flutning sjúklinga í sjúkrahús. Endurgreiðslur þessar eru miðaðar við það, að þess læknis hafi verið vitjað, sem er héraðslæknir á þeim stað, þar sem sjúklingurinn er búsettur, eða þess læknis í þjónustu hinnar opinberu heilsugæzlu, sem hægast og ódýrast hefði verið að vitja með tilliti til samgangna á hverjum stað. Á sama hátt eru endurgreiðslur vegna sjúkraflutnings miðaðar við, að flutningurinn sé til þess sjúkrahúss, sem stytzt er eða ódýrast að komast til, enda komi vist í því sjúkrahúsi sjúklingnum að fullum notum með tilliti til sjúkdóms hans að dómi læknis.

Ef endurgreiðslur eins árs samkv. 1. mgr. nema svo miklu, að sjóðurinn hrökkvi eigi til, skal hlutaðeigandi sveitarfélag greiða hallann, en fær þá hluta af þeirri upphæð endurgreiddan úr sjóði þeim, sem um getur í 95. gr. staflið a, eftir því sem sá sjóður hrekkur til, en þó aldrei yfir 50%.

97. gr.

Nú verður maður fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna læknisvitjana eða sjúkraflutninga, en á ekki rétt til greiðslu úr sjóði, sbr. 94. gr., og er Tryggingastofnuninni þá heimilt að greiða þann kostnað að nokkru eða öllu leyti eftir umsókn hans, sbr. b-lið 95. gr.

IV. KAFLI
Fjárhagsákvæði.

1. Tryggingasjóðurinn.

98. gr.

Öll útgjöld almannatrygginganna samkvæmt lögum þessum skal greiða úr einum allsherjar tryggingasjóði, sem Tryggingastofnunin stjórnar.

99. gr.

Í vörzlu Tryggingastofnunarinnar eru eftirtaldir sjóðir:

1. Lífeyrissjóður Íslands, sbr. 46. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar. Ríkissjóður endurgreiðir tryggingasjóðnum á 10 árum upphæðir þær, sem Lífeyrissjóður Íslands hefur lagt út til ellilauna og örorkubóta samkvæmt 78. gr. l. nr. 74 31. des. 1937, sbr. einnig 79. gr. sömu laga.
2. Sjóður slysatryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. I. og II. kafla laga nr. 104 30. des. 1943, um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.
3. Ellistyrktarsjóðir þeir, sem um getur í 76. gr. laga nr. 74 31. des. 1937.
4. Sjóðir sjúkrasamlaga þeirra, sem stofnuð hafa verið samkvæmt lögum um alþýðutryggingar.
5. Verðlækkunarskattshluti samkvæmt lögum nr. 42 14. apríl 1943.

100. gr.

Um ráðstöfun á sjóðum þeim, sem taldir eru í 1. og 2. tölulið 99. gr., gilda eftirfarandi reglur:

Lífeyrissjóður Íslands og sjóður slysatryggingadeildar skulu sameiginlega vera varasjóðir Tryggingastofnunarinnar, og skulu vextirnir leggjast við hann ár hvert.

Úr varasjóði má til bráðabirgða greiða halla, sem verða kann á tryggingasjóðnum.

Verðlækkunarskattshluti samkvæmt 5. tölul. sömu greinar skal vera áfram í vörzlu Tryggingastofnunarinnar, þar til Alþingi setur lög um atvinnuleysistryggingar.

101. gr.

Um ráðstafanir á sjóðum þeim, sem taldir eru í 3. og 4. tölul. 99. gr., fer sem hér segir:

Ellistyrktarsjóðunum skal varið til að koma upp elliheimilum og stofnunum fyrir öryrkja, sbr. 17. gr.

Tryggingastofnunin skal gera heildartillögur um, hvar elliheimilum og stofnunum fyrir öryrkja skuli komið upp, og sé stefnt að því, að tryggingaumdæmi, eitt eða fleiri, geti verið saman um stofnun þeirra og rekstur. Tillögur þessar skulu lagðar fyrir félagsmálaráðherra til staðfestingar og síðan tilkynntar hlutaðeigandi sveitarfélögum. Að fenginni staðfestingu félagsmálaráðherra skal fara fram atkvæðagreiðsla um, hvort koma skuli upp slíkum stofnunum, ef Tryggingastofnunin eða sveitarstjórnir eins eða fleiri sveitarfélaga óska þess. Atkvæðagreiðslan fer fram á sameiginlegum fundi sveitarstjórna í því umdæmi, er hlut á að máli. Ef meiri hluti er því fylgjandi, að komið verði upp slíkum stofnunum, getur ráðherra ákveðið, að samþykktin sé bindandi fyrir öll sveitarfélög innan umdæmisins eða umdæmanna, ef fleiri eru, og að þau sameiginlega skuli koma á fót slíkri stofnun innan

þess tíma, er ráðherra ákveður. Jafnframt er þá Tryggingastofnuninni skylt að greiða upphæðir þær, sem standa í ellistyrktarsjóðum hlutaðeigandi sveitarfélaga, upp í stofnkostnaðinn.

Heilsugæzlunefndir eða tryggingnefndir, þar sem heilsugæzlunefndir eru ekki, skulu annast um rekstur stofnana þessara á ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Sjóðum sjúkrasamlaga skal varið til þess að tryggja sem fullkomnasta heilsugæzlustarfsemi í umdæmum samlaganna, og skal afhenda þá hlutaðeigandi heilsugæzlunefndum, þegar upp hefur verið komið og ákveðið að reka heilsuverndar- og lækningastöðvar, sbr. 76. gr. Skulu sjóðirnir vera varasjóðir stofnananna, og er heilsugæzlunefndum heimilt með samþykki Tryggingastofnunarinnar að veita úr þeim lán til hlutaðeigandi sveitarfélaga til þess að koma stofnununum á fót.

Nú hafa verið fleiri en eitt sjúkrasamlag á svæði, sem verður tryggingaumdæmi, eða ekki verið nein samlög í nokkrum hluta umdæmisins, og skal þá leita samkomulags við hlutaðeigandi sveitarfélög um, að þau leggi fram hlutfallslegt fé til stofnananna miðað við íbúatölu. Ef ekki næst samkomulag um slík framlög, getur ráðherra sett, að fengnum tillögum tryggingaráðs, reglur, sem tryggi, að íbúar þeirra svæða, er komið hafa upp sjóðunum, njóti betri kjara hjá stofnununum, eftir því sem hæfilegt þykir með hliðsjón af þeim mismun, sem er á stofnframlagi þessara aðila.

Tryggingastofnunin ávaxtar fé sjóðanna, unz þeim hefur verið ráðstafað á þann hátt, er hér greinir, og skulu vextir lagðir við höfuðstól.

Félagsmálaráðherra setur að öðru leyti reglur um greiðslur úr tryggingasjóðnum skv. þessari grein til stofnana þeirra, er að framan greinir, að fengnum tillögum tryggingaráðs.

102. gr.

Þessar eru tekjur tryggingasjóðs:

1. Iðgjöld hinna tryggðu, sbr. 105.—111. gr.
2. Iðgjöld atvinnurekenda, sbr. 112. gr.
3. Sérstök áhættuiðgjöld atvinnurekenda vegna slysabóta, sbr. 113. gr.
4. Framlög sveitarfélaga til tryggingnanna, sbr. 114.—115. gr.
5. Framlag ríkissjóðs til tryggingnanna, sbr. 116. gr.
6. Sektir, sem greiddar eru fyrir brot á ákvæðum laga þessara, sbr. 139. gr.
7. Aðrar tekjur, svo sem endurgreiðslur og annað, sem sjóðnum kann að áskotnast.

103. gr.

Fé tryggingarsjóðs skal jafnan vera handbært, svo að hægt sé að inna af hendi á réttum tíma lögboðnar greiðslur úr honum.

Forstjóra ber að láta tryggingarráði í té yfirlit um hag sjóðsins að liðnum hverjum ársfjórðungi og áætlun um skuldbindingar þær, er á honum hvíla á næsta ársfjórðungi.

104. gr.

Heimilt er að veita sveitarfélögum byggingarlán úr varasjóði sem hér segir:

a) Til að koma upp elliheimilum og öryrkjastofnunum, sbr. 101. gr., þó ekki yfir 40% af þeim hluta varasjóðsins, sem myndaður er úr Lífeyrissjóði Íslands.
b) Til að koma upp á sama hátt lækningastöðvum, heilsuverndarstöðvum og öðrum hliðstæðum stofnunum, er starfa í sambandi við tryggingarnar.

Lán samkvæmt a- og b-lið skulu veitt gegn ríkisábyrgð, öruggu fasteignaveði eða annarri fullnægjandi tryggingu eftir ákvörðun tryggingaráðs, og má heildarupphæð þeirra aldrei fara fram úr helmingi varasjóðsins.

Enn fremur er heimilt að verja fé úr varasjóði til að reisa skrifstofubyggingar fyrir Tryggingastofnunina og til að koma á fót stofnunum, sem annast sérstaka þætti heilsugæzlunnar eða forsjá gamalmenna, að svo miklu leyti sem ekki er nauðsynlegt að hafa fé varasjóðs handbært vegna útgjalda Tryggingastofnunarinnar.

2. Iðgjöld hinna tryggðu.

105. gr.

Allir íslenzkir ríkisborgarar, búsettir hér á landi, 16 til 67 ára, skulu greiða iðgjöld til almannatrygginganna, nema þeir séu sérstaklega undanþegnir í lögum þessum. Iðgjöld giftrar konu telst með iðgjaldi eiginmanns hennar, enda sé hann gjaldskyldur, ella greiði hún sem ógift væri.

106. gr.

Ákveða skal með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs, á hvern hátt íslenzkir ríkisborgarar, sem dveljast erlendis, geti haldið réttindum sínum og hve há iðgjöld þeir skuli greiða, sbr. og 137. gr.

107. gr.

Iðgjöld skulu vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði.

Kvæntir karlar	kr. 180.00 á ári
Ókvæntir karlar	— 144.00 - —
Ógiftar konur	— 108.00 - —

Á 2. verðlagssvæði.

Kvæntir karlar	kr. 138.00 á ári
Ókvæntir karlar	— 108.00 - —
Ógiftar konur	— 84.00 - —

108. gr.

Meistarar í iðnaði og stofnanir, er veita verklega kennslu, skulu greiða iðgjöld fyrir nema sína, og er óheimilt að draga iðgjöldin frá kaupi þeirra.

109. gr.

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hluaðeiganda. Þó á iðgjaldsgreiðandi jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöldin, ef tekjur hans og eignir eru svo rýrar, að honum beri ekki að greiða tekjuskatt né eignarskatt það ár, og má aldrei krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi skattskyldra tekna hans unz fullu iðgjaldi er náð. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Slíkar iðgjaldagreiðslur úr sveitarsjóði teljast ekki framfærslustyrkur.

Ákvæði 1. málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

Sveitarstjórn tilkynnir innheimtumanni, sbr. 117. gr., fyrir hverja sveitarsjóður greiðir iðgjöld og að hve miklu leyti samkvæmt þessari grein.

Sveitarfélagi ber þó eigi að greiða iðgjöld samkvæmt þessari grein, ef hlutaðeigandi hefur notið bóta samkvæmt II. kafla laga þessara 2 mánuði eða lengur eða dvalizt í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað trygginganna jafnlangan tíma á skattárinu. Í þessu sambandi telst þó eigi bótaþegi sá, sem aðeins nýtur fjölskyldubóta samkvæmt 30. gr.

110. gr.

Auk þess, sem segir um iðgjaldaundanþágur í 109. gr., getur tryggingaráð samkvæmt einróma ákvörðun veitt iðgjaldaundanþágu til ákveðins tíma, ef hagur umsækjanda er svo bágborinn, að honum sé um megn að greiða iðgjöld sín án þess að þurfa að leita opinberrar aðstoðar eða þola skort.

111. gr.

Iðgjöld, sem veitt er undanþága fyrir samkvæmt 109. og 110. gr., teljast ekki vangreidd iðgjöld, sbr. 133. gr.

3. Iðgjaldagreiðslur atvinnurekenda.

112. gr.

Hver sá, er hefur í þjónustu sinni launþega einn eða fleiri, sem rétt eiga til slysabóta, sbr. 45.—58. gr., skal greiða iðgjald, að fjárhæð sem samsvarar kr. 1.50 fyrir hverja vinnuviku, sem unnin er í þjónustu hans. Með reglugerð skal kveða sérstaklega á um, hversu meta skuli til vinnuvikna störf barna og fósturbarna yfir 16 ára aldur, sem dvelja hjá foreldrum og taka ekkert eða aðeins óverulegt kaup umfram fæði og dvalarkostnað.

113. gr.

Auk iðgjalds samkvæmt 112. gr. skulu allir þeir, sem gjaldskyldir eru samkvæmt henni, einnig greiða sérstakt áhættuiðgjald til þess að standast útgjöld vegna slysabóta, sbr. 45.—58. gr., og kostnað vegna nauðsynlegrar sjúkrahjálpar umfram þá, sem látin er í té samkvæmt III. kafla laga þessara.

Upphæð áhættuiðgjalda ber að miða við slysahættuna. Skal skipta störfum og starfsgreinum í áhættuflokka og ákveða sérstök iðgjöld fyrir hvern flokk. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðunina. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klukkustundir í viku. Skal við ákvörðun iðgjaldanna miða við, að þau hrökkvi fyrir þeim bótum og kostnaði, sem Tryggingastofnuninni ber að greiða vegna slysa. Ef erfitt er að skipa starfseminni í áhættuflokka samkvæmt framansögðu, getur Tryggingastofnunin þó ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

4. Framlög sveitarfélaga.

114. gr.

Öll sveitarfélög á landinu skulu greiða til tryggingasjóðs samtals 5 millj. kr. á ári. Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt 109. gr. teljast ekki í framlagi þessu, ekki heldur framlag þeirra til læknisvitjunarsjóðs, sbr. 94. gr.

Framlagi þessu skal skipta niður á tryggingaumdæmi þau, sem ákveðin verða samkvæmt 10. gr., á eftirfarandi hátt:

1. Tveimur fimmtu hlutum framlagsins skal skipta niður í beinu hlutfalli við samanlögð útgjöld Tryggingastofnunarinnar í hverju tryggingaumdæmi fyrir sig.
2. Tveimur fimmtu hlutum í hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í umdæminu samkvæmt síðasta skattaframtali.
3. Einum fimmta hluta í hlutfalli við tölu íbúa á aldrinum 16—67 ára í umdæminu.

Innan hvers tryggingaumdæmis skiptist framlagið á milli þeirra sveitarfélaga, sem eru á svæðinu, ef fleiri eru en eitt, eftir þessum reglum:

1. Einn þriðji skiptist í beinu hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í sveitarfélaginu árið áður.
2. Einn þriðji í hlutfalli við fasteignamat allra eigna í sveitarfélaginu.
3. Einn þriðji skiptist í hlutfalli við fjölda íbúa á aldrinum 16—67 ára í sveitarfélaginu.

Ef sveitarfélagi hefur verið skipt á milli fleiri en eins tryggingaumdæmis, greiðir það framlag eftir reglum hvers umdæmis fyrir sig.

115. gr.

Framlög sveitarfélaga skal greiða ársfjórðungslega. Tryggingastofnunin áætlar framlag hvers sveitarfélags í ársbyrjun, og eru gjalddagar síðasta dag hvers ársfjórðungs, en lokaskil skulu gerð, þegar hlutur hvers sveitarfélags hefur verið endanlega ákveðinn samkvæmt 114. gr.

Ríkissjóður ábyrgist framlag sveitarfélaganna. Ef verulegur dráttur verður á greiðslu framlags, snýr Tryggingastofnunin sér til eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, en hann gerir ráðstafanir til þess að koma greiðslunum í lag.

Nú dregst greiðsla framlags af hálfu sveitarfélags 3 mánuði eða lengur fram yfir gjalddaga, og skal þá greiða dráttarvexti ½ af hundraði á mánuði frá gjalddaga til greiðsludags.

5. Framlag ríkissjóðs.

116. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta og kostnaðar of heilsugæzlu samkvæmt lögum þessum og leggur fram til tryggingasjóðs það, sem á vantar, að aðrar tekjur hans nægi til þess að inna af höndum árlegar greiðslur. Skal taka í hver fjárlög áætlunarupphæð í þessu skyni eftir áætlun tryggingaráðs, allt að 7 millj. kr. að viðbættri verðlagsuppbót.

Ábyrgð ríkissjóðs umfram hámark hins árlega framlags samkvæmt 1. málsgr. tekur þó eigi til hærri fjárhæðar en 75% framlagsins nemur.

Nú verður halli á rekstri tryggingasjóðs og framlag ríkissjóðs fer fram úr hámarki samkvæmt 1. málsgr., svo að taka þarf til þriðjungs eða meira af ábyrgðarupphæðinni samkvæmt 2. málsgr., og getur þá ríkisstjórnin, ef hallinn stafar af ástæðum, sem ætla má að verði varanlegur, lagt fyrir tryggingaráð að hækka iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. um allt að 10% og lækka tekjumark það, er lífeyrisfrádráttur samkvæmt 1. bráðabirgðaákvæði miðast við, um allt að 50% til þess að jafna hallann. Fáist hallinn ekki jafnaður á þann hátt, skal ríkisstjórnin í samráði við tryggingaráð leggja fyrir Alþingi tillögur um endurskoðun laganna.

6. Innheimta iðgjaldanna.

117. gr.

Öll iðgjöld samkvæmt lögum þessum skulu innheimt af þeim innheimtumönnum ríkisins, sem innheimta tekju- og eignarskatt, sbr. þó 121. og 123. gr. Skulu ákvæði laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um dráttarvexti, gilda um innheimtu iðgjaldanna, að svo miklu leyti sem við getur átt og ekki er um að ræða í lögum þessum sérákvæði, er lengra gangi.

Innheimtumaður, sem annast innheimtu á endurgreiðslukröfu vegna barnalífeyris, getur leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans.

118. gr.

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. marz (í Reykjavík fyrir 1. maí) ár hvert gera skrá í tveim eintökum yfir alla þá, sem eru heimilisfastir innan hlutaðeigandi sveitarfélags og í byrjun almanaksársins hafa náð 16 ára aldri, en yngri eru en 67 ára. Skráin skal greina nöfn, heimili, atvinnu, fæðingarár og dag allra þeirra, sem á hana eru færðir, og enn fremur aðrar þær upplýsingar, er varða iðgjaldagreiðslur hlutaðeigenda.

Skráin skal síðan send hlutaðeigandi skattanefnd eða skattstjóra, sem ákveður, hve mikið hverjum gjaldanda ber að greiða í iðgjald. Annað eintak gjaldskrárinnar sendist innheimtumönnum, sbr. 117. gr., hitt eintakið Tryggingastofnuninni.

Afrit af gjaldskrá skal liggja frammi almenningi til sýnis samtímis skattskrám.

Kæra má til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti.

119. gr.

Ákveða skal í reglugerð gjalddaga iðgjalda, og má hafa þá mismunandi eftir því sem Tryggingastofnunin telur hentugast á hverjum stað.

120. gr.

Atvinnurekendur skulu að jafnaði halda eftir iðgjöldum launþega, þegar kaup er greitt, sbr. 125. gr., og greiða síðan til innheimtumanna, sbr. 117. gr.

Atvinnurekendur og aðrir, sem ekki starfa í annarra þjónustu, skulu greiða iðgjöld sín með tekju- og eignarskatti, nema aðrir gjalddagar séu ákveðnir með reglugerð.

Innheimtumenn skulu gefa iðgjaldsgreiðendum greinilegar kvittanir fyrir iðgjaldagreiðslum svo og viðurkenningu um iðgjaldaundanþágu.

121. gr.

Til þess að auðvelda innheimtu iðgjalda samkvæmt 105 gr., er fjármálaráðherra heimilt að gefa út tryggingamerki, sem aðeins má nota í þessum tilgangi.

Merki þessi líma atvinnurekendur á skírteini þau, er um ræðir í 127. gr., þegar kaup er greitt. Einnig er þeim sjálfum heimilt að kaupa slík merki og líma á skírteini sín, er þeir síðan sýna innheimtumanni eftir settum reglum.

Merkin skulu jafnan vera til sölu í skrifstofum Tryggingastofnunarinnar, í skrifstofum innheimtumanna, póstafgreiðslustöðvum og annars staðar þar, sem henta þykir, og skal kveða nánar á um meðferð þeirra og sölu í reglugerð, er fjármálaráðherra setur.

122. gr.

Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 112. gr. skulu á lögð með tekju- og eignarskatti af skattanefnd eða skattstjóra, og sömuleiðis iðgjöld samkvæmt 113. gr., í samræmi við gildandi iðgjaldaskrá og áhættuflokkun á hverjum tíma, og skulu innheimt í einu lagi í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrirfram af lögskráningarstjórum og iðgjöld af ökumönnum bifreiða lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt eftir á fyrir hvert bifreiðaskattsár ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi bifreiða.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar tryggingarvikur atvinnurekanda beri að greiða. Þyki vafi leika á, að framtal tryggingarvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattanefndar eða skattstjóra.

123. gr.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni launþega, sem rétt eiga til slysabóta samkvæmt 45.—58. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattayfirvaldi framtöl um tryggingarvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

Innheimtumenn krefja þessa aðila um iðgjöld með sama hætti og atvinnurekendur samkvæmt 122. gr. Þó skal skattanefnd eða skattstjóri tilkynna iðgjöld, sem ríkissjóði eða ríkisstofnunum ber að greiða, beint til Tryggingastofnunarinnar þegar er álagningu tekju- og eignarskatts er lokið, og annast þá Tryggingastofnunin sjálf innheimtuna.

124. gr.

Um innheimtulaun af iðgjöldum samkvæmt lögum þessum fer eftir launalögum.

125. gr.

Fjármálaráðherra setur reglugerð um innheimtu iðgjaldanna. Í reglugerð þessari skal m. a. kveða nánar á um skyldu atvinnurekenda til að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna, þegar kaup er greitt, svo og um tilkynningarskyldu innheimtumanna til kaupgreiðenda, hliðstætt því, er segir í 29. og 30. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945, enda sé heimild 121. gr. hér að framan eigi notuð. Þá skal og fjármálaráðherra setja reglur um reikningsskil innheimtumanna við tryggingasjóð.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

1. Skráning og réttindaskirteini.

126. gr.

Allir íslenzkir ríkisborgarar, búsettir hér á landi, skulu skrásettir hjá Tryggingastofnuninni. Þeim, sem eru 16 ára eða eldri, er skylt að koma til skráningar, ef þess er krafizt, og láta Tryggingastofnuninni eða umboðsmönnum hennar í té allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru taldar í þessu skyni. Foreldrum eða forráðamönnum barna yngri en 16 ára er skylt að gefa allar upplýsingar, er lúta að skráningu þeirra.

Aðilum þeim, er um ræðir í 1. mgr., er enn fremur skylt að tilkynna Tryggingastofnuninni jafnóðum allar þær breytingar á högum sínum, er máli skipta um bóta- og iðgjaldagreiðslur.

Ef maður vanrækir að koma til skrásetningar eða veita fullnægjandi upplýsingar samkv. 1. og 2. mgr., má beita dagsektum allt að 10 kr., unz skyldunni er fullnægt. Dagsektirnar má Tryggingastofnunin ákveða með ábyrgðarbréfi til hlutaðeiganda.

127. gr.

Gera skal tryggingaskírteini fyrir alla þá, sem skráðir eru samkvæmt 126. gr. Á skírteini þessi skal skrá öll helztu réttindi, er menn njóta samkvæmt lögum þessum, takmarkanir á réttindum vegna vanskila á iðgjöldum, sbr. 132. gr., og undanþágur frá iðgjaldagreiðslum, sbr. 109.—110. gr.

Tryggingaskírteini skulu afgreidd í júnímánuði ár hvert. Um leið og skírteini er afhent, skal hlutaðeigandi leggja fram kvittanir fyrir iðgjaldagreiðslum þeim, er hann hefur innt af hendi á tryggingaárinu, eða önnur fullnægjandi skilríki.

128. gr.

Tryggingaskírteini gilda frá og með 1. júlí það ár, sem afhending fer fram, og til 30. júní næsta ár. Skal ætíð sýna skírteinið, þegar leitað er eftir bótagreiðslum eða sjúkrahjálp. Óheimilt er að veita hlunnindi samkv. lögum þessum, nema skírteini sýni, að hlutaðeigandi eigi rétt til þeirra, sbr. og 132. gr.

2. Vanræksla á iðgjaldagreiðslu.

129. gr.

Nú hefur atvinnurekanda verið gert að skyldu að halda eftir iðgjöldum af kaupi launþega, sbr. 120. og 125. gr., og skulu þá launþegar einskis í missa af réttindum sínum, þótt atvinnurekandi vanræki þessa skyldu. Sama máli gegnir, ef atvinnurekandi vanrækir iðgjaldagreiðslu samkvæmt 112. og 113. gr.

130. gr.

Ef atvinnurekandi hefur látið undir höfuð leggjast að halda eftir eða skila iðgjöldum, sbr. 120. og 125. gr., öðlast Tryggingastofnunin sama rétt á hendur honum sem sveitarstjórn á hendur kaupgreiðanda samkv. l-lið 29. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945. Hafi hann vanrækt að greiða iðgjöld samkvæmt 112. og 113. gr., getur Tryggingastofnunin valið á milli þess að láta hann greiða þreföld hin vangoldnu iðgjöld eða fjárhæð, sem svarar til þeirra bóta, sem greiða hefur þurft vegna hins tryggða eða fjölskyldu hans. Um innheimtu þess fjár fer samkvæmt 117. gr.

131. gr.

Atvinnurekandi, sem vanrækt hefur að draga iðgjöld launþega frá launum hans, getur aldrei krafið hann eftir á um hærri fjárhæð en hann hefði átt að greiða í iðgjöld, og aldrei eftir lengri tíma en tólf mánuði frá gjalddaga.

132. gr.

Um þá, sem sjálfir eiga að greiða iðgjöld sín, en hafa vanrækt það, gilda eftirfarandi reglur:

a. Réttur til sjúkrabóta, sbr. 39.—43. gr., og sjúkrahjálpar, sbr. III. kafla, skerðist um sama hundraðshluta og vangreidd iðgjöld á næsta tryggingaári á undan nema af heildariðgjöldum ársins. Gildir þetta einnig fyrir konu hins tryggða og börn hans innan 16 ára aldurs. Réttindaskerðingar þessarar skal getið á tryggingaskírteinum þeim, sem um getur í 127. gr. Nú ber að greiða iðgjöld mánaðarlega, og getur þá Tryggingastofnunin ákveðið, að réttur til sjúkrabóta og sjúkrahjálpar falli niður, ef vanskil verða á iðgjöldum lengur en einn mánuð. Þar, sem ekki er mánaðarleg innheimta, skal og vera heimilt að fella niður réttindi þessi einum mánuði eftir gjalddaga iðgjalda, ef vanskil verða.
b. Ellilífeyri og örorkulífeyri getur Tryggingastofnunin lækkað um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld nema af þeim heildariðgjöldum, er hlutaðeiganda hefur borið að greiða.
c. Aðrar bætur en þær, sem um ræðir undir staflið a. og b., getur Tryggingastofnunin lækkað um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld eru af þeim iðgjöldum, er bar að greiða. Skal Tryggingastofnunin hafa hliðsjón af öllum efnahagsástæðum umsækjanda við slíka úrskurði. Er honum skylt að gefa Tryggingastofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar um fjárhag sinn, ef hann sækir um fullar bætur. Aldrei skal þó lækka fæðingarstyrk, sbr. 34. gr., bætur samkv. 35. gr. né slysabætur samkv. II. kafla laganna.

3. Sérstakir lífeyrissjóðir.

133. gr.

Tryggingastofnunin skal veita viðurkenningu sérstökum lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða til þess að láta í té elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, enda uppfylli þeir þau skilyrði, sem Tryggingastofnunin setur fyrir slíkri viðurkenningu. Það skal m. a. sett sem skilyrði, að þeir veiti félagsmönnum sínum elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, er ekki sé lægri en tryggður er með lögum þessum. Félagsmenn sérsjóðanna greiði til Tryggingastofnunarinnar iðgjald, er sé helmingur þess iðgjalds, sem ákveðið er í 107. gr. Tryggingaráð getur krafizt þess, að iðgjaldið sé innheimt af sérsjóðunum, svo og að þeir skuldbindi sig til þess að gera Tryggingastofnunina skaðlausa af þeim félagsmönnum, sem hverfa úr sérsjóðunum til almannatrygginganna.

4. Frjálsar tryggingar.

134. gr.

Heimilt er atvinnurekendum og einnig þeim, er starfa sjálfstætt án þess að hafa launþega í þjónustu sinni, að tryggja sér slysabætur samkvæmt ákvæðum II. kafla.

Tryggingastofnunin ákveður sérstök iðgjöld fyrir slíkar tryggingar, og miðast þau við, að þeir, sem tryggja sig, eigi rétt á bótagreiðslum eftir sömu reglum og launþegar.

Trygging samkvæmt þessari grein er því aðeins heimil, að hún sé til ákveðins tíma og bundin við tiltekin nöfn, og því aðeins gild, að hún hafi verið tilkynnt og iðgjöld greidd fyrir fram. Ef um er að ræða tryggingu við óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem erfitt er að aðgreina og skipta í sérstaka áhættuflokka, má ákveða meðaltalsiðgjöld fyrir hverja viku tryggingartímabilsins.

135. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar slysatryggingar á einstökum mönnum, og nær það einnig til þeirra, sem tryggðir eru samkvæmt lögum

þessum. Skal þá jafnan gefa út sérstakt vátryggingarskírteini fyrir hvern einstakling. Jafnframt er Tryggingastofnuninni heimilt að taka að sér slysatryggingar farþega í bifreiðum, þar á meðal einkabifreiðum, flugvélum og skipum, þótt hinir tryggðu séu eigi nafngreindir. Trygging samkvæmt þessari grein getur einnig náð til greiðslu sjúkrabóta. Enn fremur getur Tryggingastofnunin, með samþykki ráðherra, tekið að sér persónulegar ábyrgðartryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð alla nánari tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein, þar á meðal, að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu, sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

5. Önnur ákvæði.

136. gr.

Öll iðgjöld, sem um ræðir í lögum þessum, önnur en fyrir tryggingar samkvæmt 135. gr., koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

137. gr.

Heimilt er ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæm réttindi íslenzkra og erlendra þegna um þau hlunnindi, sem almannatryggingarnar veita.

138. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

139. gr.

Ef maður gefur ranga skýrslu eða reynir á annan hátt að blekkja starfsmenn tryggginganna í þeim tilgangi að afla sér eða öðrum bóta samkvæmt lögum þessum, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Fara skal með mál út af brotum samkvæmt þessari málsgrein að hætti sakamála.

Óheimilt er að taka við greiðslu fyrir aðstoð við innheimtu bóta, nema tryggingaráð hafi synjað um greiðslu þeirra, og varðar sektum, ef út af er brugðið.

Að öðru leyti varða brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim sektum allt að 10000.00 krónum til tryggingasjóðs, og skal fara með þau sem almenn lögreglumál.

140. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1946, og hefjast þá iðgjaldagreiðslur einstaklinga samkvæmt IV. kafla, sbr. 105.—107. gr., og atvinnurekenda samkvæmt 112. gr. Bótagreiðslur samkv. II. kafla og ákvæði um heilsugæzlu, sbr. III. kafla, koma þó eigi til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1947.

Frá 1. janúar 1947 falla úr gildi:

1. L. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, IV.—VII. kafli.
2. L. nr. 92 14. maí 1940, um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, 16.—20. gr.
3. L. nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.
4. L. nr. 104 30. des. 1943, um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.
5. L. nr. 105 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.
6. L. nr. 64 1. des. 1944, um heilsuverndarstöðvar.
7. L. nr. 59 4. júlí 1943, um læknisvitjanasjóði.
8. Framfærslulög, nr. 52 12. febrúar 1940, III. kafli.

Enn fremur þau ákvæði laga nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og laga nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, svo og öll önnur lög eða lagaákvæði, sem í bága fara við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Greiðslur ellilífeyris samkv. 15. gr., örorkulífeyris samkv. 18. gr. og barnalífeyris samkv. 20. gr. eru um næstu 5 ár háðar þeim takmörkunum, sem hér segir:
   Fullur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. gr. skal því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeiganda fari ekki fram úr fullum lífeyri. Séu tekjurnar hærri, lækkar lífeyririnn um helming þess, sem umframtekjurnar nema, og fellur niður, þegar þær ásamt lífeyrinum hafa náð upphæð, sem er jafnhá þreföldum lífeyri.
   Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða með reglugerð takmörkun á lífeyri barna, sem hafa sjálfstæðar tekjur, barna ekkna og barna örorku- og lífeyrisþega. Þó má ekki takmarka þessar greiðslur meira en svo, að lífeyrir og aðrar tekjur nái hámarksupphæð þeirri, sem næsta málsgrein hér á undan ákveður, að viðbættum fullum barnalífeyri.
   Takmörkun þessi skal miðast við síðasta skattaframtal bótaþega. Færi hann gild rök fyrir því, að tekjur hans rýrni verulega á því ári, sem bæturnar eiga að greiðast, skal taka tillit til þess við ákvörðun bótanna.
2. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal greiða verðlagsuppbót á allar bótaupphæðir samkvæmt II. kafla og á framlag Tryggingastofnunarinnar til læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóðs samkv. 94. og 95. gr. Enn fremur skulu iðgjöld samkv. 107. og 112. gr. innheimt með álagi samkvæmt meðalvísitölu næsta árs á undan, svo og framlag sveitarfélaga samkv. 114. gr. og ríkissjóðs samkv. 18. gr. Með reglugerð má ákveða, að öll iðgjöld skuli lögð á og innheimt í heilum krónum.
3. Meðan ekki eru sett lög um opinbera aðstoð til öryrkja, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar, er Tryggingastofnuninni heimilt að verja úr tryggingasjóði allt að 400 þús. kr. auk verðlagsuppbótar á ári til styrktar slíkum mönnum, eftir reglum, er tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir.
4. Ákvæði 19. gr. laga nr. 104 30. des. 1943 gilda framvegis að því er varðar stríðslysabætur.
5. Það er borgaraleg skylda að veita Tryggingastofnuninni alla nauðsynlega aðstoð stoð við skráningu þá, er fram skal fara samkv. 127. gr. eftir gildistöku þessara laga.
6. Þar, sem saman falla tryggingaumdæmi og umdæmi sjúkrasamlaga, sbr. 28. og 29. gr. laga nr. 104 30. des. 1943, um breytingar á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar, skulu stjórnir sjúkrasamlaganna hver í sínu umdæmi annast störf heilsugæzlunefnda samkv. 78. gr. og gegna þeim þar til kosning heilsugæzlunefnda hefur farið fram að afstöðnum næstu sveitarstjórnarkosningum eftir gildistöku laganna.
   Þar, sem sjúkrasamlög hafa verið starfandi í öllum sveitarfélögum í tryggingaumdæmi, getur ráðherra ákveðið, að stjórnir þeirra skuli sameiginlega kjósa heilsugæzlunefnd umdæmisins til sama tíma og í 1. málsgr. segir, eftir reglum, sem ráðherra setur.
7. Eins fljótt og verða má skal ríkisstjórnin láta fram fara rannsókn á raunverulegum framfærslukostnaði á hæfilega mörgum stöðum á landinu. Að þeirri rannsókn lokinni og eigi síðar en fyrir árslok 1950 skal endurskoða ákvæðin um bótaupphæðir og skiptingu í verðlagssvæði með hliðsjón af niðurstöðum þessarar rannsóknar.
8. Á árinu 1946 skal ríkisstjórnin láta fram fara endurskoðun á framfærslulögum nr. 52 1940, lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, nr. 46 1921, lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, nr. 78 1936, svo og lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 6 1935, sbr. l. nr. 20 1942, og öðrum þeim lögum, sem þörf er á að samræma ákvæðum þessara laga, og leggja árangur endurskoðunarinnar fyrir Alþingi.

Nd. 821. Nefndarálit

um frv. til laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar telur, að hér sé um þýðingarmikið mál að ræða, sem nauðsyn sá, að nái fram að ganga á yfirstandandi Alþingi. Einn úr meiri hl. (STh) telur ekki nægilega tryggilega gengið frá fjáröflunarhlið málsins, auk þess sem hann vill rétta hlut Byggingarfélags alþýðu í Reykjavík og mun bera fram breytingartillögu í þessu skyni.

Hinir aðrir nefndarmenn úr meiri hl. hefðu viljað hafa ýmis atriði frv. nokkuð á aðra lund, en vilja hins vegar ekki setja málið í hættu með því að bera fram og berjast fyrir yfirgripsmiklum brtt. Þó vill Garðar Þorsteinsson taka það fram, að hann áskilji sér rétt til þess að bera fram og fylgja breytingum á frv., þó hann vilji ekki gera þær að skilyrði fyrir framgangi málsins.

Einn nefndarmanna (PZ) mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 14. apríl 1946.

Sigurður E. Hlíðar, form.	Sigurður Thoroddsen, fundaskrifari.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.

Garðar Þorsteinsson.

Nd. 822. Nefndarálit

um frv. til laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta var flutt 20. nóvember í efri deild og vísað til nefndar þar 22. nóv. f. á. Efri deild hafði málið síðan til meðferðar, og frá þeirri deild var það afgreitt 12. apríl til neðri deildar. Enginn nefndarfundur var þar boðaður til að ræða málið, fyrr en undir þingfundi 13. apríl, og var þá ætlunin, að nefndarmenn vanræktu þingfund til að sitja á nefndarfundi. Í slíkri meðferð gat ég ekki tekið þátt, vildi ekki sýna Alþingi þá lítilsvirðingu.

Nú telja meðnefndarmenn mínir, að engu eða mjög litlu megi breyta í frumvarpinu, **ekki vegna þess, að þeir vilji þar engu breyta,** heldur af því, að þeir segja, að með því sé afgreiðslu málsins á þessu þingi teflt í tvísýnu. Þetta tel ég vítaverða afgreiðslu þingmála. Hafi verið ástæða til að ræða málið í nefnd í efri deild í fleiri mánuði, þá ætti þeim, er í neðri deild sitja, að leyfast að koma fram með þær breytingartillögur, er þeim þykir ástæða til að bera fram til bóta á málinu, og fara með málið að venjulegum þingsköpum.

2. nóvember f. á. var lagt fram í efri deild mál 59, frv. til laga um byggingarsjóði. Það frumvarp vil ég leggja til grundvallar og breyta þessu frumvarpi að verulegu leyti til samræmis við það. Ég tel eðlilegra, að byggingarsjóður sé einn og annist lántökur til byggingarfélaga, hvort sem talað er um byggingarfélag eða byggingarsamvinnufélag. Með framlagi ríkis og bæja má þá lækka vexti af byggingarlánum, koma á sameiginlegum innkaupum á öllu byggingarefni til húsa, sem sjóðurinn lánar til, og hafa sameiginlega menn til að hafa eftirlit og umsjón með öllum byggingunum, og styður þetta allt að því að gera byggingarnar ódýrari, en það tel ég annan höfuðtilgang frumvarpsins, og hann næst betur með breytingar-

tillögum mínum en frumvarpinu óbreyttu. Að öðru leyti mun ég gera grein fyrir breytingartillögum mínum undir umræðum málsins.

Alþingi, 14. apríl 1946.

Páll Zóphóníasson.

Ed. 823. Breytingartillögur

við frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við I.—III. kafla (1.—37. gr.). Kaflarnir falli niður, en í stað þeirra komi tveir nýir kaflar með 9 greinum, er orðist svo:

I. KAFLI
Um byggingarlánasjóð.

1. gr.

Stofna skal byggingarlánasjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf í kaupstöðum og kauptúnum. Sjóðurinn heitir byggingarlánasjóður.

2. gr.

Byggingarlánasjóður lánar fé til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum og kauptúnum með þeim skilyrðum og kjörum, er í lögum þessum segir. Kauptún telst í þessum lögum þorp eða byggðahverfi með minnst 10 fjölskyldum, enda hafi engin þeirra svo mikið jarðnæði, að talizt geti lögbýli. Verði ágreiningur um þetta atriði, sker félagsmálaráðuneytið úr.

3. gr.

Í stjórn byggingarlánasjóðs skulu vera fimm menn og jafnmargir varamenn valdir til fjögurra ára í senn. Kýs Alþingi fjóra þeirra með hlutfallskosningu, en félagsmálaráðherra skipar einn, og er hann formaður. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkvæmt reglugerð, sem ráðuneytið setur. Skal hvert byggingarfélag, sbr. 6. gr., vera sérstök deild í sjóðnum með aðgreindu reikningshaldi. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að lána fé sjóðsins milli deilda, ef hún telur það fært og nauðsynlegt.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með, að byggingarfélög sjóðsins gæti skyldna sinna, sbr. 7. gr., má stjórnin setja trúnaðarmann, einn eða fleiri, á hverju byggingarfélagssvæði, og skulu þeir helzt vera byggingarfróðir og viðurkenndir færir til að standa fyrir byggingum. Stjórn byggingarlánasjóðs er heimilt að beita sér fyrir sameiginlegum innkaupum á efni til byggingarfélagsmanna.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðast úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi byggingarfélag.

Sveitarstjórnir sveitarfélaga þeirra, er byggingarfélög starfa í, hafa rétt til, hver á sínu svæði, að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi byggingarfélags og allri starfsemi þess, svo og að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það telur, að félagið geti ekki staðið í skilum með

skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra til úrskurðar.

Ráðuneytið úrskurðar reikninga byggingarlánasjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Tekjur byggingarlánasjóðs eru:

a. Sveitarsjóðir, sbr. 6. gr., greiða árlegt tillag í sjóðinn, sem nemur 4 krónum fyrir hvern heimilisfastan íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins samkv. manntali næsta ár á undan. Sé kauptún aðeins hluti úr hreppi, skal tillagi þessu jafnað niður á þá íbúa kauptúnsins, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

b. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð í byggingarlánasjóð, sem nemur tvöföldu tillagi sveitarsjóðanna.

Umrædd árgjöld samkvæmt a- og b-liðum þessarar greinar greiðast með verðlagsuppbót, sem ákveðst af verðlagsvísitölu kauplagsnefndar, eins og hún var árið áður en gjöldin eiga að greiðast.

c. Innlánsfé, sem fengið er með þeim hætti, að stofnuð er innlánsdeild byggingarlánasjóðs, þar sem félagsmönnum hinna ýmsu byggingarfélaga er gefinn kostur á að leggja inn sparifé sitt gegn því, að þeir geti fengið íbúðarhús hjá félaginu, þegar innlánsféð hefur náð tiltekinni upphæð. Byggingarfélögin veiti innlánsfé móttöku og skrásetji það, en sendi síðan byggingarlánasjóði. Stjórn byggingarlánasjóðs getur falið sparisjóðum og bönkum að annast þessa starfsemi, enda sjái stjórn byggingarlánasjóðs um, að þar séu til innlánsbækur, sem sérstaklega eru auðkenndar sem innlánsbækur byggingarlánasjóðs og í séu skráðar helztu reglur um þetta innlánsfé.

Ráðuneytið gefur út reglugerð um innlánsstarfsemi byggingarlánasjóðs, þar sem nánar er ákveðið um starfsemi þessa.

d. Lánsfé, sem aflað er með sölu vaxtabréfa, er ríkissjóður ábyrgist, eða fengið að láni á annan hátt með ábyrgð ríkissjóðs.

Tekjur byggingarlánasjóðs samkvæmt a- og b-liðum þessarar greinar eru séreign viðkomandi byggingarfélags.

Byggingarlánasjóður skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkisábyrgð að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

5. gr.

Byggingarlánasjóður lánar viðurkenndum byggingarfélögum fé til íbúðarhúsabygginga, ef þau fullnægja settum skilyrðum, sbr. 7. gr.

A-flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði húsanna, lánstími 42 ár, ársvextir og afborganir 3½%.

B-flokkur. Lánshæð allt að 85% af byggingarkostnaði, lánstími 42 ár, ársvextir og afborganir 5%.

Öll lán, sem byggingarlánasjóður veitir, skulu vera tryggð með 1. veðrétti í íbúðum þeim, sem lánin eru veitt til að byggja. Enn fremur séu þau tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi sveitarsjóðs. Lánin séu jafnan affallalaus.

Stjórnir byggingarfélaga á hverjum stað gera tillögur um lánskjörin til stjórnar byggingarlánasjóðs með hliðsjón af óskum, efnahag og ástæðum lántakenda, en stjórn byggingarlánasjóðs úrskurðar endanlega um þau. Að jafnaði skal miða lánveitingar til einstakra byggingarfélaga við það, að árlegar tekjur þeirra samkvæmt a- og b-liðum 4. gr. nægi til að greiða vaxtamismuninn, sem lánveitingarnar hafa í för með sér.

II. KAFLI
Um byggingarfélög.

6. gr.

Stofna skal byggingarfélag í hverjum kaupstað og kauptúni, sbr. 2. gr., ef minnst 10 menn innan sveitarfélagsins koma sér saman um það og setja sér samþykktir, sem stjórn byggingarlánasjóðs samþykkir. Þegar slíkt félag er löglega stofnað og viðurkennt af stjórn byggingarlánasjóðs, er hlutaðeigandi sveitarfélag orðið gjaldskylt til byggingarlánasjóðs, sbr. 4. gr., a-lið, og byggingarfélagið jafnframt orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, er lög þessi veita.

Gjaldskylda sveitarsjóðs samkv. 1. mgr. þessarar greinar fellur niður, ef hlutaðeigandi byggingarfélag hefur ekki hafið byggingarframkvæmdir innan 10 ára frá stofnun eða á í sérsjóði sínum handbært fé, sem nemur 10 ára tillagi, samkv. a- og b-liðum 4. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarfélaga fer eftir ákvæðum samþykkta þeirra, er stjórn byggingarlánasjóðs staðfestir.

Í hverju sveitarfélagi skal vera eitt byggingarfélag. Heimilt er þó að skipta byggingarfélagi í deildir, er hafa sérsamþykktir, þegar 15 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn byggingarlánasjóðs. Fjárhagur deilda innan sama byggingarfélags er þó alltaf sameiginlegur.

7. gr.

Byggingarfélög eiga rétt til að fá lán úr byggingarlánasjóði, enda séu þau löglega stofnuð, sbr. 6. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn byggingarfélags sé skipuð fimm mönnum, og skal formaður skipaður af félagsmálaráðherra. Hina stjórnarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af félagsmönnum.
2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína eða þar, sem það hentar betur, leggi þeim til faglega aðstoð við byggingarnar eða hafi eftirlit með, að þær séu gerðar samkvæmt uppdráttum og áætlunum þar um.
3. Að húsin séu vönduð, með venjulegum nútímaþægindum og falli inn í ramma byggingarskipulags á staðnum, ef til er. Rúmtak hverrar íbúðar má ekki fara fram úr 350 m³, þegar lán er veitt í A-flokki, og ekki yfir 500 m³, ef lán er veitt í B-flokki.
4. Að félagsmenn séu fjárráða og heimilisfastir innan þess svæðis, er byggingarfélag nær yfir.
5. Að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarlánasjóðs ákveður.
6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir kostnaðarverð.
7. Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir, sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleiga metin reglulega á 5—10 ára fresti, eða á eignarlóð íbúðarkaupanda. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi kaupstaður, sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal kaupstað eða sveitarfélagi skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkvæmt l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.
8. Að sett sé reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal greitt af

notendum hennar. Um sameiginleg tæki innan húss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.

9. Að félagið hafi forkaupsrétt að íbúðum, sem félagið hefur byggt og félagsmenn vilja selja, sbr. 9. gr.
10. Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að aðeins þeir félagsmenn njóti lánskjara samkvæmt a-lið 4. gr., sem eigi hafa haft yfir 7000 króna árstekjur miðað við meðaltal síðustu þriggja ára samkv. skattaframtali, að viðbættum 500 krónum fyrir hvern ómaga, þó eigi samtals yfir 9000 króna tekjur, né eigi yfir 10000 króna eignir. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við þessar upphæðir umreiknaðar til hækkunar meðalvísitölu ársins á undan.
11. Að stjórn byggingarlánasjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem félagsmálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra félaga.

8. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlanir. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 7. gr., 8. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

9. gr.

Um forkaupsrétt félagsins að húseignum þeim, er það hefur byggt eða veitt lán til að byggja, fer sem hér segir:

Félagsmenn, sem notið hafa lánskjara samkv. 5. gr. mega ekki selja íbúð þá, er félagið hefur reist fyrir þá, nema stjórn félagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja íbúðina nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar, eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkv. mati af íbúðinni eða þann hluta hennar, sem leigður er, að viðbættri vísitölu þeirri, sem gildir um húsaleigu á hverjum tíma.

Börn látins félagsmanns eða ekkju hans hafa þó ávallt forkaupsrétt að íbúðinni á undan félaginu, enda gerist þau þá löglegir meðlimir þess.

Neyti stjórn byggingarfélags eigi forkaupsréttar, er eiganda heimilt að selja hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir, enda gerist hann þá löglegur félagi í byggingarfélaginu.

10. gr.

2. Við IV. kafla. Fyrirsögnin verði: III. kafli. Um innflutning og skiptingu byggingarefnis.
3. Í stað 39., 40., 41., 42. og 43. gr. komi nýr kafli, er verði IV. kafli og hljóði svo:

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

11. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag í kaupstað eða kauptúni eða það fullnægir ekki húsnæðisþörfinni, er sveitar- eða bæjarstjórn heimilt að ákveða, að sveitar- eða bæjarfélagið komi upp íbúðarbyggingum, og hefur það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Einstaklingar í þorpum og byggðahverfum, sem eru minni en svo, að þau eigi rétt til að stofna byggingarfélög, sbr. 2. gr. laga þessara, eiga kost á að fá byggingarlán úr byggingarlánasjóði. Slíkum lánsbeiðnum skal fylgja umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar um byggingarþörf og ástæður lánbeiðenda. Vaxtamunur, sem byggingarlánasjóður verður að borga vegna slíkra lánveitinga, skal endurgreiddur úr ríkissjóði.

Um lánveitingar samkvæmt þessari grein gilda hliðstæðar reglur, eftir því sem við getur átt, eins og um lán til byggingarfélaga, og skal um það nánar ákveðið í reglugerð.

13. gr.

Stjórn byggingarlánasjóðs skal svo fljótt sem verða má koma upp og reka sérstaka teiknistofu, er geri uppdrætti að íbúðarbyggingum fyrir byggingarfélögin, og séu þeir ókeypis til afnota fyrir félögin. Skal teiknistofan og höfð í ráðum um allar þær byggingar, sem byggingarlánasjóður veitir lán til, enda verða slík lán ekki veitt, nema teiknistofan hafi áður samþykkt uppdrætti að byggingunum.

Teiknistofan skal veita byggingarfélögum hvers konar leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, sem við kemur húsagerð. Ber henni að fylgjast með innlendum og erlendum nýjungum í húsagerð og sjá til þess, að gerðar séu tilraunir um gildi þeirra, eftir því sem við verður komið.

Kostnaður við teiknistofuna greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Ríkisstjórninni er skylt að láta gera ókeypis fyrirmyndauppdrætti til afnota fyrir byggingarfélögin, þar til er teiknistofa byggingarlánasjóðs, sbr. 11. gr., tekur til starfa.

15. gr.

Byggingarfélög skulu fyrir 1. des., árið áður en þau ætla að hefja byggingar, senda stjórn byggingarlánasjóðs umsóknir um lán ásamt upplýsingum um fjölda, gerð, stærð og tilhögun þeirra íbúða, er þau ætla að byggja, ásamt upplýsingum um fjárhag væntanlegra íbúðarkaupenda.

16. gr.

Séu í gildi í landinu ákvæði um innflutning byggingarefnis, ber byggingarfélögum, sem starfa samkv. lögum þessum, réttur til innflutningsleyfa og gjaldeyris vegna kaupa á efni til byggingar íbúðarhúsa hlutfallslega á við aðrar hliðstæðar stofnanir eða einstaklinga.

17. gr.

Þau byggingarfélög, sem starfandi eru samkv. lögum nr. 3 frá 1935 og nr. 71 frá 1938, skulu, þegar lög þessi öðlast gildi, verða deildir í byggingarlánasjóði og öðlast þar þau réttindi, er lög þessi veita, enda geri þau þá nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum, að því leyti sem það getur samrýmzt áður gerðum skuldbindingum þeirra.

18. gr.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

20. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal ef byggingarefni er í heimildarleysi varið til annarra þarfa en lög þessi ákveða, varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 824. Breytingartillögur

við frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Sigurði Thoroddsen.

1. Við 3. gr. Aftan við 4. tölulið bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Nú samþykkir stjórn Byggingarsjóðs að afla lánsfjár til byggingarframkvæmda með skuldabréfaútboði, og er Landsbankanum þá skylt að taka við bréfunum fyrir nafnverð, en síðan annast bankinn sölu þeirra. Ekki er bankanum þó skylt að kaupa samkvæmt þessu meira en svo af skuldabréfum byggingarsjóðs, að nemi 20 millj. króna.
2. Við 4. gr. Við 1. málsgr. bætist: Í Reykjavík mega þó vera tvö byggingarfélög verkamanna, og skulu félög þau, sem nú starfa þar, öðlast viðurkenningu og njóta réttinda samkv. lögum þessum.

Nd. 825. Breytingartillaga

við frv. til laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 17. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er nýbýlastjórn að veita lántakanda óafturkræft framlag úr sjóðnum, er samsvari þeim stuðningi, er hann yrði aðnjótandi með vaxtalækkun á láni því, sem hann gæti fengið samkv. 14. gr., miðað við venjulegan lánstíma og að lækkun ársvaxtanna nemi 2%. Þegar slíkt framlag er veitt, skal lántakandi greiða 4% ársvexti af því láni, er hann fær hjá sjóðnum, og má þá lánveiting til hans eigi nema meiru en 50% af kostnaðarverði þeirra bygginga, sem lánið er veitt til.

Nd. 826. Breytingartillaga

um frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abraham, Robert Louis Eugen, söngstjóri í Reykjavík, fæddur 17. maí 1912 í Þýzkalandi.
2. Albína María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 7. maí 1887 í Þýzkalandi.
3. Als, Emil, námsmaður, Reykjavík, fæddur 6. jan. 1928 í Danmörku.

4. Barbara María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 5. marz 1904 í Þýzkalandi.
5. Beckmann, Wilhelm Ernst, myndskeri í Reykjavík, fæddur 5. febr. 1909 í Þýzkalandi.
6. Bendtsen, Bendt Dahlbom, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 14. des. 1906 í Danmörku.
7. Björn Malmfred Björnsson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. febr. 1913 í Noregi.
8. Cyrilla María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 28. ágúst 1880 í Þýzkalandi.
9. Felicia María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 20. júlí 1901 í Þýzkalandi.
10. Friedlaender, Heinz Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.
11. Goldstein, Peter Lothar, námsmaður í Reykjavík, fæddur 7. nóv. 1927 í Þýzkalandi.
12. Göhlsdorf, Elisabeth, tungumálakennari í Reykjavík, fædd 3. ágúst 1890 í Þýzkalandi.
13. Herlufsen, Harry Otto August, rakari á Ísafirði, fæddur 18. ágúst 1913 í Danmörku.
14. Hinz, Hans Joachim Gunnar Theodór Magnús, vélvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 10. maí 1927 á Íslandi.
15. Jack, Robert John, settur sóknarprestur í Heydalaprestakalli, fæddur 5. ágúst 1913 í Skotlandi.
16. Jóhann Páll Björnsson, veiðimaður, Reykjavík, fæddur 29. marz 1878 á Íslandi.
17. Jörgensen, Alfred Christian, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 25. apríl 1901.
18. Jörgensen, Bent Bjarno, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 25. ágúst 1927 í Danmörku.
19. Katrín Ólafsdóttir Mixa, frú, Reykjavík, fædd 3. marz 1916 á Íslandi.
20. Lindemann, Albert Volker, forstöðumaður í Varmahlíð í Skagafirði, fæddur 17. ágúst 1899 í Þýzkalandi
21. Nielsen, Orla Egon, rakari í Reykjavík, fæddur 16. apríl 1912 í Danmörku.
22. Pedersen, Martin Schjönning Kristian, pípulagningarmaður á Raufarhöfn, fæddur 27. júlí 1887 í Noregi.
23. Remberta María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 22. sept. 1877 í Þýzkalandi.
24. Sonnenfeld, Kurt Gustav, tannlæknir á Siglufirði, fæddur 3. ágúst 1909 í Þýzkalandi.
25. Syre, Gabriel, verkamaður á Ísafirði, fæddur 16. júlí 1914 á Íslandi.
26. Vestmann, Ingibjörg Einarsdóttir, iðnmær í Reykjavík, fædd 25. des. 1919 í Kanada.
27. Xaveria María, St. Jósefsdóttir í Hafnarfirði, fædd 12. júlí 1896 í Þýzkalandi.

Sþ. 827. Tillaga til þingsályktunar

um fyrirgreiðslu til eigenda svonefndra Sviþjóðarbáta.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Lúðvík Jósefsson, Eysteinn Jónsson, Jóhann Jósefsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til, að svonefndir Sviþjóðarbátar fái haffærisskírteini án tilfinnanlegs kostnaðar fyrir eigendur þeirra, og heimilar henni að bæta þeim eigendum þessara báta, sem að dómi Fiskifélags Íslands hafa orðið að gera á þeim ónauðsynlegar breytingar samkvæmt kröfu ríkisvaldsins, þann kostnað, er af þessu hefur á fallið, að mestu eða öllu leyti.

Greinargerð.

Hinn 25. okt. 1945 barst sjávarútvegsnefnd Alþingis bréf frá nokkrum mönnum, er keypt höfðu vélbáta í Svíþjóð á síðastliðnu vori og sumri. Bréf þetta er merkt fskj. I.

Síðar voru sendir menn til Svíþjóðar til að láta reikna út styrkleika báta þessara af nýju, en sá útreikningur var byggður á vottorðum manna þeirra, er skoðuðu bátana hér af hálfu skipaeftirlitsins, er þeir komu frá Svíþjóð. Eftir að trúnaðarmenn ríkisstjórnarinnar í Svíþjóð höfðu athugað skjöl þau, er fyrir þá voru lögð, og gefið vottorð á grundvelli þeirra um styrkleika bátanna, hefur komið í ljós við skoðun (fskj. II), að bátarnir eru nokkru sterkari en fyrsta skoðunin hér bar með sér. Af því tilefni skrifaði einn bátseigenda samgöngumálaráðherra bréf, sem merkt er fskj. III.

Það mun vera mál þeirra manna, er vit hafa á, að bátar þessir séu eins sterkir og bátar eru hér yfirleitt, og þar sem þar við bætist, að eigendur þeirra og innflytjendur hafa beðið tilfinnanlegt tjón af framangreindum sökum, hefur sjávarútvegsnefnd orðið sammála um að bera fram þessa tillögu til þingsályktunar.

Fylgiskjal I.

Á síðastliðnu vori keyptum við undirritaðir eftirgreinda vélbáta í Svíþjóð og fluttum þá hingað til lands. Bátana keyptum við eins og hér segir: Jón Sigurðsson og Hjörtur Jónsson vélbátana „Skeggja“ og „Skíða“, Kristján Einarsson vélbátinn „Angliu“, Ólafur Ófeigsson vélbátinn „Björköland“, Friðrik Guðjónsson vélbátinn „Dverg“, Baldur Guðmundsson vélbátinn „Svan“, Guðráður Jónsson o. fl. vélbátinn „Gullfaxa“ og Eiríkur Þorsteinsson vélbátinn „Skíðblaðni“.

Áður en við keyptum bátana, fengum við að sjálfsögðu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi hjá nýbyggingarráði, og var á þau prentað það skilyrði, að bátarnir yrðu að fullnægja reglum þeim, er íslenzka skipaskoðunin setti um styrkleika. Nokkrir okkar fóru því til skipaskoðunarstjóra og telja sig hafa fengið hjá honum þær upplýsingar, að ef bátar þeir, er keyptir yrðu, væru yngri en 12 ára og eigi minni en 50 smálestir og uppfylltu sænskar styrkleikakröfur, þá væri óhætt að flytja þá inn upp á það, að öruggt væri, að þeir uppfylltu íslenzku kröfurnar. Við fluttum því bátana inn í trausti þessa, en þeir eru allir stærri en 50 smál. og yngri en 12 ára. Þegar bátarnir síðan komu, fór fram skoðun á þeim öllum, og kom þá í ljós, að enginn þeirra var talinn uppfylla ísl. styrkleikakröfur, og það skilyrði sett af íslenzku skipaskoðuninni, að stórvægilegar aðgerðir færu fram á hverjum þeirra. Sendum við hér með skoðunarvottorð skipaskoðunarinnar fyrir alla bátana.

Þó að við séum allir þeirrar skoðunar, að bátar þessir séu allir eins traustir og bátar, er fullnægja íslenzkum kröfum um styrkleika, er okkur ljóst, þar sem okkur hefur reynzt ókleift að fá undanþágu fyrir þá, að við verðum neyddir til að láta hinar umræddu breytingar fara fram á bátunum. En þar sem bátarnir voru dýru verði keyptir í upphafi, hafa þegar legið hér lengi ónotaðir og breytingar þær og aðgerðir, sem framkvæma verður á þeim, munu verða mjög dýrar, þá er auðsætt, að okkur verður fjárhagslegt ofurefli að bera kostnaðinn við þær framkvæmdir. Á hinn bóginn er okkur mjög áríðandi, að skipin geti verið búin til veiða í byrjun vetrarvertíðar, og ríður því á, að breytingunni verði hraðað sem mest.

Með tilvitnun til ofanritaðs, þar sem við sjáum okkur alls eigi fært að greiða ofangreindar breytingar sjálfir, og þjóðarhagslega er heppilegt, að bátarnir komist sem fyrst í notkun, þá leyfum við okkur hér með að beiðast þess, að hin háttvirta sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis hlutist til um, að hið háa Alþingi veiti okkur styrk af ríkisfé til að láta framkvæma ofangreindar aðgerðir og breytingar

á bátunum. Yrði styrkurinn að vera allt að 75000.00 krónum á hvern bát, eftir því hve dýr aðgerðin yrði.

Við skulum taka það fram, að við treystum okkur alls eigi til að standast kostnaðinn sjálfir.

Við sendum hér með, auk skoðunarvottorða fyrir bátana, bréf skipaskoðunarstjóra til Sveinbjarnar Jónssonar hrl., dags. 20. og 23. þ. m.

Reykjavík, 25. október 1945.

Virðingarfyllst.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

Að gefnu tilefni vottast hér með, að bönd í m/b „Skeggi" RE 50 eru að hæð milli út- og innsúðar um húfsíur 17,5 cm að meðaltali.

Reykjavík, 14. des. 1945.

Eyjólfur Gíslason. Símon Bech.

Fylgiskjal III.

JÓN SIGURÐSSON, Túngötu 43, Reykjavík.

Á síðastliðnu sumri keypti ég tvo notaða fiskibáta í Svíþjóð, með það fyrir augum að stunda á þeim fiskveiðar hér. Áður en ég fór út í þessi bátakaup, hafði ég ásamt meðeiganda mínum, Hirti Jónssyni, tal af skipaskoðunarstjóra ríkisins og leitaði mér upplýsinga um, hvort nokkurra breytinga á bátunum yrði krafizt, þegar heim kæmi, og fullvissaði hann mig um, að væru bátarnir byggðir samkvæmt reglum einhvers lands á Norðurlöndum, Danmerkur, Noregs eða Svíþjóðar, kæmu breytingar alls ekki til greina, ef bátarnir væru yngri en 12 ára, nema ef legufærum væri eitthvað áfátt, þá yrði að bæta úr því, en það gerði ég strax er kaupin höfðu farið fram.

Er skipin komu hingað, bregður svo einkennilega við, að haffærisskírteini fæst aðeins til 1. október það ár, skipin eru þá tekin í slipp og skoðuð og máttarviðir mældir af skipaeftirlitsmanni ríkisins, hr. Pétri Ottasyni. Árangur þessarar skoðunar var sá, að í fyrsta lagi var krafizt, að stýrishús væru styrkt allverulega, og í öðru lagi, þar sem langskipsstyrkleika vantaði, skyldu sett lífbönd (húfsíur) í skipin, er bæta skyldu upp langskipsstyrkleikann. Hins vegar kom það í ljós við útreikning íslenzkra skipaverkfræðinga í Svíþjóð, að langskipsstyrkleikinn var fullnægjandi, og enn fremur upplýsti skipaverkfræðingur Ólafur Sigurðsson í bréfi til mín, dags. 1. þ. m. í Stokkhólmi, að lífbönd hefðu sama og engin áhrif á langskipsstyrkleikann, þar sem þau kæmu á miðja hæð bolsins, heldur virðast lífböndin aðallega vera til hlífðar byrðings, ef skipinu er lagt í fjöru til hreinsunar eða annarra aðgerða, en hins vegar má upplýsa, að sú aðferð er orðin úreit hér og ekki viðhöfð á svo stórum skipum.

Þegar farið var að reikna út bandastyrkleika m/b Skeggja eftir miðbandsteikningum, gerðum af skipasmíðameistara Þorsteini Daníelssyni og skipaskoðunarmanni Pétri Ottasyni, kom í ljós, að allverulega vantaði á bandastyrkleika téðs báts, eða 27,3%, þar sem á téðri miðbandsteikningu var mál bandanna 16 sentimetrar við efri brún væntanlegrar húfsíu, en eftir sænskum reglum ætti það að vera 17,5 cm,

sá ég, að hér var eitthvað öðruvísi en átti að vera, og fékk ég því, þegar ég kom heim þá skipasm. Símon Bech og Eyjólf Gíslason til að mæla bönd bátsins upp. Samkvæmt vottorði þeirra mældust þau 17.5 cm, eins og hinar sænsku reglur mæla fyrir um, og er þá miðað við unnið efni. Ef reiknað hefði verið út frá réttu máli strax, er fullvíst, að álit skipaverkfræðinganna íslenzku í Sviþjóð, er útreikningana gerðu um styrkleik bátsins, hefðu orðið á annan veg en nú liggur fyrir. Skeggi er nú á skipasmíðastöð Daníels Þorsteinssonar og þar framkvæmdar breytingar þær, er skipaskoðunarstjóri heimtaði, að gerðar yrðu.

Þegar verið var að setja húfsiurnar í, var ég staddur á skipasmíðastöðinni, og mældi ég þykkt hinna nýju planka, sem eiga samkvæmt íslenzkum reglum að vera 8 cm á þykkt, og mældust þeir aðeins 7,5 cm, ég spurði hr. Þorstein Daníelsson, er framkvæmdi verkið, hvernig á þessu stæði, og svaraði hann, að miðað væri við óunnið efni. Til staðfestingar lét ég Símon Bech mæla þetta líka, og gerði hann það með sama árangri. Hins vegar hafa allar mælingar, er gerðar voru á efnivið skipanna verið gerðar á unnu efni athugasemdalaust og ekkert tillit tekið til þess. Að fengnum þessum upplýsingum hjá Þorsteini Daníelssyni virðist liggja til grundvallar hinum ísl. skipasmíðareglum, að miðað sé við óunnið efni, og þá ætti það ekki sízt að vera kunnugt hinum ísl. skoðunarmanni, er mældi efnivið bátanna og náttúrlega gerir ráð fyrir því í skýrslu sinni, hver væri hin eðlilega vinnslurýrnun efnisins, þá liggur í augum uppi, að ef tekið hefði verið tillit til hinnar eðlilegu vinnslurýrnunar við útreikning heildarstyrkleika skipsins, hefði útkoman eflaust orðið 100% að minnsta kosti á langskipsstyrkleika. Í framhaldi af þessu vil ég leyfa mér að skýra frá fundi, er haldinn var á skrifstofu skipaskoðunarstjóra skömmu áður en för okkar til Svíþjóðar var ákveðin. Mættir voru á fundi þessum fjórir skipaskoðunarmenn, Sigurjón Á. Ólafsson fyrrv. alþm., Sigurður Ólafsson gjaldkeri Sjómannafélagsins, Ásgeir Sigurðsson skipstjóri Esju, Ólafur Ófeigsson skipstjóri, skipaskoðunarstjóri og undirritaður; til umræðu var að finna lausn á deilu þeirri um Svíþjóðarbátana. Ásgeir Sigurðsson gerði þá fyrirspurn til skipaskoðunarstjóra, hvort krafizt yrði að setja húfsiur í bátana, ef langskipsstyrkleiki þeirra reyndist fullnægjandi samkvæmt útreikningi. Þessu svaraði skipaskoðunarstjóri neitandi. Undirritaður bað Ásgeir að bóka þetta hjá sér, og gerði hann það. En nú bregður svo við, að þegar styrkleiki eins bátsins, m/b Skíðblaðnis, er reiknaður út af ísl. skipaverkfræðingi í Svíþjóð, er hann fullnægjandi samkvæmt ísl. reglum, og um þetta liggur fyrir vottorð Ólafs Sigurðssonar skipaverkfræðings, kveðst skipaskoðunarstjóri ekki minnast þessa svars síns og krefst þess eftir sem áður að húfsiur séu settar í Skíðblaðni.

Ég fullyrði, að það var ætlunin með Svíþjóðarförina að kanna heildarstyrkleika bátanna og láta kröfur um breytingu falla niður, ef styrkleiki væri fullnægjandi. Nú virðist ætlunin hins vegar að láta breyta m/b Skíðblaðni, þótt hann standist þessa útreikninga, og auk þess er fram komið um mál m/b Skeggja, að bandamálin eru ekki rétt uppgefin verkfræðingunum, og niðurstöður geta því ekki verið réttar.

Leyfi ég mér að fara þess á leit, að þér hæstv. ráðherra, hafið þau afskipti af málinu, að bátar þeir, sem stóðust útreikninga, og þá fyrst m/b Skíðblaðnir, fái haffærisskírteini nú þegar, en útreikningar um aðra báta verði endurskoðaðir með tilliti til upplýsinga minna hér að ofan um mælingu tveggja skipasmíða á m/b Skeggja, og að tillit verði tekið til þess mismunar, hvort mæling er miðuð við unnið eða óunnið efni.

Þá vil ég mælast til þess, að staðfestingar Ásgeirs Sigurðssonar skipstjóra verði leitað á því, sem ég hef sagt hér að framan um afskipti hans af málinu.

Ég vona, að hæstv. ráðherra sjái af því, sem að framan er sagt, og því, sem ég hefi skýrt munnlega, að brýna nauðsyn beri til að gera skjótan úrskurð í málinu til þess að ekki leiði af meiri vandræði en orðin eru. Að minnsta kosti 2 bátar standa í slipp og bíða úrskurðar.

Ég leyfi mér að senda sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis afrit af bréfi þessu, þar sem hún hefur haft afskipti af málinu, eins og hæstvirtum ráðherra er kunnugt.

Með mikilli virðingu,

Jón Sigurðsson.

Til hr. samgöngumálaráðherra Emils Jónssonar, Reykjavík.

Nd. 828. Nefndarálit

um frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft mál þetta til athugunar og sent það til umsagnar samgöngumálaráðherra. Fylgir umsögn hans hér með.

Nefndin er sammála um þá nauðsyn að ráðizt verði hið fyrsta í framkvæmdir í Höfn í Hornafirði, eins og frumv. þetta gerir ráð fyrir.

Hún telur hins vegar, að eftir atvikum verði máli þessu bezt borgið og fljótast fram komið á þann hátt, að vitamálaskrifstofan og nýbyggingarráð tækju að sér að framkvæma nauðsynlegar undirbúningsathuganir á málinu, áður en lög um framkvæmdirnar verði sett. Nefndin leggur því til, að frumv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin geri ráðstafanir til, að fram fari á komandi sumri nauðsynlegar rannsóknir á byggingu landshafnar í Hornafirði, Snæfellsnesi, í Þórshöfn og á öðrum þeim stöðum, þar sem nýbyggingarráð telur aðkallandi nauðsyn á bættum hafnarskilyrðum vegna fiskveiða, og að jafnframt verði gerðar tillögur um byggingu og rekstur fiskvinnslustöðva og verbúða á þessum stöðum, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. apríl 1946.

Sig. Kristjánsson, form. Lúðvík Jósefsson, fundaskr., frsm. Finnur Jónsson.

Jóhann Þ. Jósefsson. Eysteinn Jónsson.

Fylgiskjal.

SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 29. desember 1945.

Með bréfi, dags. 22. nóvember s. l., hefur háttvirt sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis óskað umsagnar minnar um tvö frumvörp til laga um landshafnir, í Höfn í Hornafirði og Þórshöfn.

Eins og háttvirtri sjávarútvegsnefnd er kunnugt, hefur komið til orða að gera landshafnir á nokkrum stöðum, þar sem skilyrði virðast góð frá náttúrunnar hendi og höfnin mundi hafa þýðingu fyrir miklu fleiri en viðkomandi stað byggja. Hefur, að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, verið flutt frumvarp um eina slíka höfn, í Njarðvík, en þar hafa farið fram ýtarlegar undirbúningsathuganir og mælingar um langt skeið, sem áætlanir eru byggðar á.

Á hvorugum þeim stað, sem hér er um að ræða, hafa slíkar athuganir farið fram með hliðsjón af landshafnargerð, og teldi ég því rétt, áður en lög yrðu sett um þetta

efni, frekar en landshöfnina í Njarðvík, að málið yrði betur undirbúið og að sá undirbúningur yrði falinn vitamálaskrifstofunni. Kemur þá til álita einnig, auk þeirra stað, sem hér eru nefndir, t. d. Þorlákshöfn, Rif á Snæfellsnesi, Skagaströnd og ef til vill fleiri.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 829. Breytingartillaga

við frv. til laga um tunnusmíði.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Síldarútvegsnefnd annast stjórn og rekstur tunnuverksmiðja ríkisins og ræður starfsmenn þeirra.

Nd. 830. Lög

um tunnusmíði.

(Afgreidd frá Nd. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 799.

Ed. 831. Lög

um Austurveg.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 808.

Nd. 832. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Síðari málsgr. 43. gr. laganna orðist svo:
Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar, hver í sínu umdæmi, gefa hagstofunni skýrslu í því formi, sem hún ákveður, um búnaðarástandið ár hvert, þar á meðal um heyfeng o. fl., samkvæmt framtali búenda, sem nákvæmlega sé tilgreint, einnig að því er þetta varðar, í landbúnaðarskýrslu þeirra til skattálagningar, enda fellur þá niður skylda til skýrslugerða um þetta efni, sem 3. gr. laga nr. 29 8. nóv. 1895 gerir ráð fyrir.
Ef framtali á því, er setja ber á landbúnaðarskýrslu, er ábótavant eða skortir með öllu, skal úr því bætt með áætlun skattanefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 833. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 23. febr. 1945, um skipakaup ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt málið, og mæla fjórir nefndarmenn með því, einn (IngJ) þó með fyrirvara. Skúli Guðm. lét þess getið, að hann óski upplýsinga um framkvæmdirnar, áður en hann taki afstöðu.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Stefán Jóh. Stefánsson, form.	Ingólfur Jónsson, fundaskr., með fyrirvara.	Einar Olgeirsson, frsm.
	Hallgr. Benediktsson.	

Nd. 834. Nefndarálit

um frumv. til l. um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, og leggur meiri hlutinn til, að það verði samþykkt. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Skúli Guðmundsson lýsti sig andvígan frumvarpinu.

Alþingi, 14. apríl 1946.

Stefán Jóh. Stefánsson, form.	Ingólfur Jónsson, fundaskr., frsm.	Einar Olgeirsson.
	Hallgr. Benediktsson.	

Ed. 835. Breytingartillaga

við frv. til l. um byggingu gistihúss í Reykjavík.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

Við 5. gr. Orðin „og takmörkun á atkvæðisrétti“ falli niður.

Sþ. 836. Nefndarálit

um till. til þál. um brúargerð á Skjálfandafljóti.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur athugað þingsályktunartillögu þessa og aðrar hliðstæðar tillögur um flutning á efni úr Ölfusárbrúnni gömlu til brúargerðar á öðrum ám og leitað álits vegamálastjóra um málið. Er svar hans prentað sem fylgiskjal.

Í umsögn vegamálastjóra kemur það fram, að vafasamt sé, að svara muni kostnaði að nota efni úr gömlu Ölfusárbrúnni til annarra brúargerða, og ekki muni fást úr því skorið, hvort þessi flutningur geti talizt hagkvæmur, fyrr en gamla brúin hefur verið tekin niður. Virðist nefndinni því ekki rétt, að svo stöddu, að samþykkja ákveðnar tillögur um flutning brúarefnisins og hefur orðið sammála um að leggja til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari athugunar.

Tveir nefndarmenn, Guðm. Í. Guðmundsson og Þórður Benediktsson, voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Gísli Jónsson, form.	B. Kristjánsson, frsm.	Pétur Ottesen.
Helgi Jónasson.	Skúli Guðmundsson.	Sig. Kristjánsson.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 25. febr. 1946.

Háttvirt fjárveitinganefnd hefur sent mér til umsagnar tvær framkomnar tillögur um flutning Ölfusárbrúar og þá þriðju um byggingu brúar á Hvítá hjá Iðu.

1. **Flutningur Ölfusárbrúar gömlu.** Í bréfi dags. 5. nóv. f. á. sendi ég umsögn mína um framkomna tillögu um flutning Ölfusárbrúar á Hvítá hjá Iðu og gerði grein fyrir, hvers vegna það kæmi ekki til greina, enda er nú fallið frá þeirri hugmynd. Ég gat jafnframt um nokkrar ár, er ég taldi frekast geta komið til mála að flytja brúna á.

Samkvæmt athugun virðist hugsanlegt að nota 24—30 tonna járnþunga úr gömlu brúnni til endurbyggingar hengibrúar á öðrum stað, og er þá miðað við, að mest af járninu í sjálfri brúnni og í turnum reynist nothæft, en strengi þarf nýja og akkerisfestar, sömuleiðis timburgólfið. Það verður þó ekki úr því skorið fyrr en gamla brúin hefur verið tekin niður, hvort eins mikið af járninu úr sjálfri brúnni reynist nothæft og hér nefnt. Þarf því að útvega nýtt járn til endurbyggingar, naumast minna en 20—25 tonn að meðtöldum strengjum, þannig að í hina nýju brú færu um 45—50 tonn járns. Nýtt mundi þetta efni kosta um 100—120 þús. kr., en ef notað er gamla efnið úr Ölfusárbrú, lækkar þessi kostnaðarliður um 60—70 þús. kr., sem í þessu sambandi mætti telja verðmæti gömlu brúarinnar.

Járn og strengir í hengibrú er þó aðeins lítill hluti heildarkostnaðar. Þannig er talið, að í hengibrúna á Jökulsá á Fjöllum muni það kosta um 330 þús. kr. og nema um 23% af heildarkostnaðinum, sem er áætlaður um 1.4 millj. kr. Er því bersýnilegt, að hvar sem gamla brúin af Ölfusá kynni að verða notuð, mundi þurfa sérstaka fjárveitingu fyrir langmestum brúargerðarkostnaðinum. Segjum t. d., að brúin kostaði fullgerð 500 þús. kr. úr nýju efni, þá má ekki telja, að sparist nema í mesta lagi 60—70 þús. kr., og hefur þá ekki verið tekið tillit til kostnaðar við að taka gömlu brúna af. Er því ekki eins mikill fengur í gömlu brúnni og margur hefur ætlað.

Það er og fyrirsjáanlegt, að brúin yrði hvergi endurbyggð á þessu ári, jafnvel þó fjárveiting væri fyrir hendi, því að engin von er, að unnt verði að koma í framkvæmd fleiri brúargerðum en þegar er veitt fé til.

Eins og tekið er fram í fyrri umsögn, þá þykir mér ekki rétt að setja svo veikbyggða brú sem gömlu Ölfusárbrúna á Hvítá hjá Bjarnastöðum. Hvort hún yrði talin nothæf á t. d. Skjálfandafljót, verður frekari rannsókn og útreikningur um styrkleika að skera úr, þegar brúin hefur verið tekin niður.

Með tilliti til framangreindra ástæðna vil ég leggja til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, og þess óskað, að undirbúin verði fyrir næsta Alþingi tillaga um, hvað gera skuli við gömlu brúna. ....

Sþ. 837. Nefndarálit

um till. til þál. um brúargerð á Hvítá hjá Iðu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa og leitað álits vegamálastjóra um hana. Telur vegamálastjóri, að nokkrar rannsóknir þurfi enn að gera í sambandi við byggingu brúar þessarar, og að af ýmsum ástæðum, er hann tekur fram, muni ekki unnt að ljúka smíði hennar fyrr en árið 1948. En þá er sýnt, að það muni ekki tefja byggingu brúarinnar, þótt Alþingi taki ekki ákvarðanir um hana fyrr en við afgreiðslu næstu fjárlaga.

Nefndin leggur því til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Sig. Kristjánsson, frsm.
Steingr. Aðalsteinsson.	B. Kristjánsson.	Þórður Benediktsson.
Skúli Guðmundsson.	Pétur Ottesen.	Helgi Jónasson.

Fylgiskjal.

..... **2. Brúargerð á Hvítá hjá Iðu.** Fyrirhugað hefur verið að setja þarna hengibrú, og yrði hún jafnlöng og af sömu gerð og brúin á Jökulsá á Fjöllum, sem byggð verður í ár, en fyrirsjáanlegt þykir, að hún muni þó ekki verða fullgerð fyrr en 1947. Sú brú er áætluð að kosta 1,4 millj. kr. Sérstaklega vegna lægri flutningskostnaðar á efni og hægari aðstöðu hér nálægt Reykjavík, má áætla kostnað 1—200 þús. kr. lægri eða brúna á 1,2—1,3 millj. kr. Minnzt hefur verið á þann möguleika að setja þarna fasta járngrindabrú og hafa stöpul úti í farveginum, en aðstaða til þess er allerfið og þarf nokkurrar rannsóknar. Slík brú yrði sennilega eitthvað ódýrari, ef fært þætti að hafa þá gerð brúar. Er sjálfsagt, að þeirri fullnaðarrannsókn verði hraðað, enda mikil nauðsyn, að brú þessi verði gerð hið fyrsta. Ég tel þó ekki fært að byrja framkvæmdir á þessu ári, meðal annars vegna vöntunar á brúasmiðum, með því að svo margar brúargerðir eru þegar ákveðnar. Mætti samt byrja á nokkrum undirbúningi, ef fé væri fyrir hendi, sérstaklega vegabótum næst brúarstæðinu og aðflutningi steypuefnis. Við Ölfusárbrú eru nú talsverðar timburleifar, sem hentar að nota við einhverjar brúargerðir hér sunnanlands. Nú er það að vísu svo, að til mála kemur, að hefja verði mjög bráðlega framkvæmdir að nýrri brú á Þjórsá, og mun ég rita nefndinni um það mál sérstaklega. Jafnframt er Hvítárbrúin svo mikið mannvirki, að litlar horfur eru á, að brúargerðinni yrði lokið fyrr en 1948. Get ég því mælt með tillögunni, ef í stað 1947 kemur 1948. ....

Nd. 838. Frumvarp til laga

um byggingu gistihúss í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að verja úr ríkissjóði allt að 5 — fimm — milljónum króna til gistihúsbyggingar í Reykjavík. Fé þetta er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

2. gr.

Gistihús það, sem um getur í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að reisa í félagi við bæjarstjórn Reykjavíkur, stofnanir, félög og einstaklinga.

3. gr.

Gistihúsið skal rekið fyrir reikning þeirra aðila, sem verða þátttakendur í því að reisa það. Ef hentara þykir, má þó leigja húsið út til gistihúshalds.

4. gr.

Ef gistihús þetta verður reist og rekið af hlutafélagi, skulu ákvæði hlutafélagalaga, nr. 77/1921, um stofnendur og takmörkun á atkvæðisrétti ekki gilda um það hlutafélag. Að öðru leyti gilda ákvæði téðra hlutafélagalaga nr. 77/1921, svo sem við verður komið.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1947 að taka eignarnámi lóðir, hús og mannvirki, eftir því sem hún telur þurfa undir gistihúsið og því til afnota, enda sé öll ríkisstjórnin og þeir aðilar, sem að byggingunni standa, sammála um, að eignarnámið fari fram. Fer um eignarnám þetta eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 839. Breytingartillögur

við frv. til l. um atvinnudeild háskólans.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 6. gr. Upphaf 1. málsgr. orðist svo:
   Ráðherra getur samkvæmt tillögum háskólaráðs aukið verksvið deilda, enda sé áður leitað .... o. s. frv.
2. Á eftir 7. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Búnaðarfélag Íslands ásamt tilraunaráðum jarðræktar og búfjárræktar, Fiskifélag Íslands og Landssamband iðnaðarmanna skulu ár hvert gera tillögur um það, að hvaða rannsóknum skuli unnið í þeim undirdeildum atvinnudeildar, sem hlut eiga að máli.
3. Við 8. gr. Upphaf gr. orðist svo:
   Sérfræðingar atvinnudeildar skulu veita nemendum .... o. s. frv.
4. Við 9. gr. Í stað „3 ára“ komi: 2—3 ára.
5. Við 10. gr. Orðið „þar“ í 1. málsl. falli burt.
6. Við 11. gr. Fyrir „samkvæmt 1. gr.“ komi: samkvæmt 8. gr.

7. Við 14. gr.
   a. Á eftir orðinu „tilraunastöðin“ í 1. málsgr. komi: í sjúkdómafræði.
   b. Við 1. málslið 1. mgr. bætist: og að því er varðar tilraunastöðina einnig að fengnum tillögum yfirdýralæknis.
   c. 2. málsl. sömu málsgr. orðist svo: Hann setur að fengnum tillögum forstöðumanna þær reglur um stofnanir þessar, er nauðsynlegar kunna að vera.
8. Við 15. gr. Í stað orðanna „9.—11. gr.“ komi: 9.—10. gr.

Ed. 840. Lög

um fræðslu barna.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 810 (sbr. 773).

Nd. 841. Nefndarálit

um frumvarp til laga um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta var upphaflega samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin hinn 29. september á næstliðnu ári. Ekki verður sagt, að það hafi siglt hraðbyri gegnum löggjafarsamkomuna. Það var tekið til 1. umræðu í efri deild 8. okt. 1945, en er nú, meira en hálfu ári síðar, eigi komið lengra áleiðis en svo, að fyrstu umræðu um það í neðri deild er lokið.

Með útgáfu þessara bráðabirgðalaga hefur ríkisstjórnin tekið upp nýja aðferð við niðurgreiðslu á kjötverði úr ríkissjóði. Áður hefur þessu verið hagað svo, að ríkissjóður hefur greitt þeim verzlunum, er kjöt selja, nokkurn hluta af verði þess. Þetta var einfalt og auðvelt í framkvæmd. Þannig hefur einnig verið hagað niðurgreiðslu á mjólkurverði og er enn. Um leið og þessi fyrirkomulagsbreyting á niðurgreiðslu kjötverðsins var gerð, var nokkur hluti neytenda útilokaður frá því að fá niðurgreiðslurnar úr ríkissjóði. Eru það m. a. þeir, sem hafa sauðfjárrækt að atvinnu að meira eða minna leyti. Sjálfsagt eru mörg dæmi þess, að menn þurfa að kaupa kjöt til heimila sinna, þótt þeir eigi sjálfir fáeinar kindur, og er þá ekki sanngjarnt, að þeir þurfi að borga það kjöt miklu hærra verði en aðrir. Þá er einnig ákveðið í lögunum, að atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni, skuli ekki hafa rétt til niðurgreiðslu á kjötverði. Þetta ákvæði og framkvæmd þess hefur valdið alveg óviðunandi misrétti.

Flestir stærstu atvinnurekendurnir hér á landi hafa stofnað hlutafélög um rekstur sinn. Svo er t. d. yfirleitt um togaraútgerðarmenn. Flestar heildverzlanir og margar smásöluverzlanir eru líka reknar af hlutafélögum, svo og mörg stærri iðnaðarfyrirtæki. Mörg af þessum hlutafélögum eru að mestu eign einnar fjölskyldu eða mjög fárra manna. Aðaleigendur hlutafélaganna eru svo venjulega forstjórar og starfsmenn hjá þessum félögum sínum. Þar með eru þeir sjálfir orðnir launþegar en ekki atvinnurekendur, og lenda þá sólskinsmegin hjá ríkisstjórninni. Margir af þessum framkvæmdastjórum og eigendum hlutafélaga, sem reka verzlun, útgerð, iðnað og margs konar kaupsýslustarfsemi, eru í hópi tekjuhæstu manna

landsins, en þeir fá borgaðan kjötstyrkinn úr ríkissjóði samkv. bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar.

Svo eru aftur aðrir atvinnurekendur, sem njóta minni hylli hjá valdhöfunum. Það eru þeir, sem ekki hafa stofnað hlutafélög, en reka atvinnu á eigin nöfnum. Þeir ábyrgjast reksturinn með öllum eignum sínum, en það er sjaldgæft með eigendur hlutafélaganna, sem venjulega leggja aðeins nokkuð af eignum sínum fram sem hlutafé, en setja ekki alla fjármuni sína í hættu við reksturinn. Yfirleitt eru það hinir smærri atvinnurekendur, sem hafa reksturinn á eigin nöfnum, en hafi þeir 3 menn eða fleiri í vinnu, fá þeir engan kjötstyrkinn. Þeim er refsað með bráðabirgðalögum fyrir að hafa ekki stofnað hlutafélög um þann atvinnurekstur, sem þeir hafa með höndum.

Með þeirri sundurgreiningu atvinnurekenda, sem byggð er á þessum bráðabirgðalögum og hér hefur verið lýst, eru svo margir menn rangindum beittir, að enginn, sem fremur vill vinna að réttlæti en ójöfnuði í þjóðfélaginu, getur veitt slíku máli stuðning.

Ríkisstjórnin mun telja, að með þessum aðferðum sparist ríkissjóði nokkurt fé. En ekki er það allt hreinn hagnaður, því að framkvæmd laganna hefur tvímælalaust mikinn kostnað í för með sér. Skal nú nokkuð að því vikið, hvernig framkvæmdinni hefur verið hagað í höfuðstað landsins, þar sem flestir kjötkaupendur eru saman komnir á einn stað.

Samkvæmt 4. gr. laganna er það verk skattanefnda eða skattstjóra í hverju umdæmi að semja skrár yfir þá, sem rétt hafa til niðurgreiðslu. Þetta er mikið starf og að sjálfsögðu mest í Reykjavík. Eftir að skattstjóri hafði lokið við að gera kjötskrána, var hún lögð fram almenningi til sýnis um nokkurt skeið, eins og venjulegt er um kjörskrár og skattaskýrslur.

Næsti þáttur málsins er sá, að ríkisstjórnin lætur prenta eyðublöð í tugþúsunda tali, útbúin af vísindalegri nákvæmni. Er síðan tilkynnt, að menn geti fengið þessi blöð í kjötverzlunum bæjarins, og voru þau látin ókeypis.

Síðan er auglýst í ríkisútvarpinu og öllum blöðum höfuðstaðarins, að þeir, sem óska niðurgreiðslu á kjötverði, skuli skila nefndum skýrsluformum, vandlega útfylltum, á skrifstofu tollstjóra fyrir ákveðinn dag. Er nú uppi fótur og fit, og skýrslublöðin streyma í þúsundatali til tollstjóraskrifstofunnar. Er mikið lagt á starfslið þeirrar stofnunar að taka á móti öllu þessu, til viðbótar þeim störfum, sem þar eru venjulega unnin. Var þá gripið til þess ráðs að láta milli 10 og 20 af starfsmönnum tollstjóra vinna við kjötskýrslurnar í eftirvinnu dag hvern um alllangan tíma, oft allt til miðnættis, fyrir 15 króna kaup á klukkustund. Kom það í ljós, þegar farið var að yfirfara skýrslurnar, að meiri hluta skýrslugefenda hafði ekki tekizt að útfylla þær að öllu leyti eftir „kunstarinnar“ reglum. Þurfti þá að lagfæra skýrslurnar, en auk þess að raða þeim og bera saman við kjötskrárnar frá skattstofunni. Er vel skiljanlegt, að hér var ærið starf og vandasamt, sem hlaut að taka langan tíma og hafa mikinn kostnað í för með sér.

Loks rennur upp sá dagur, er starfsmenn tollstjóra hafa lokið við að yfirfara allar kjötskýrslurnar, raða þeim og undirbúa niðurgreiðsluna. Þá eru enn birtar auglýsingar í ríkisútvarpi og blöðum, og nú má sjá mikla mannaferð í kringum skrifstofu tollstjóra, því að útborgun er hafin. Hér eru menn afgreiddir eftir stafrófsröð.

En margir komumanna verða fyrir vonbrigðum. Þeir fá ekkert borgað, þótt þeir hafi sent skýrsluformið á réttum tíma, réttilega útfyllt og að viðlögðum drengskap, því að nöfn þeirra finnast ekki á sjálfri kjötskránni. Starfsmenn tollstjóra geta vitanlega engar upplýsingar gefið, því að skattstofan samdi skrána. Þessir menn verða því að beina för sinni á skattstofuna, til þess að fá skýringar, og starfslið þeirrar stofnunar hefur mikið að gera þá dagana. En vilji menn ekki una við úrskurð skattstjóra, geta þeir að síðustu farið til yfirskattanefndar, sem er hæsti-

réttur í þessum efnum, og reynt að fá þar leiðréttingu mála sinna. Vafalaust hafa einhverjir haldið alveg á leiðarenda, til yfirskattanefndarinnar, en sennilega hefur útkoman orðið sú hjá ýmsum af gullleitarmönnunum, að þeir hafa haft hlaup, en ekkert kaup.

Hinir, sem eru svo hamingjusamir að vera á kjötskránni og hafa öll sín plögg í lagi, fá tékkávísun á einhvern bankann. En slík var fyrirhyggja stjórnarvaldanna, að prentuð voru sérstök bankaávísanahefti í stóru upplagi til að nota við þetta tækifæri, og voru þau frábrugðin þeim ávísanaheftum, sem viðskiptamenn bankanna nota venjulega. Síðan er farið með ávísanirnar í bankana, en þar hafa bókarar og gjaldkerar óvenjulegt annríki þá dagana, sem þessar ávísanir eru út gefnar.

Eftir að þetta allt er skeð, hafa menn loks peningana í höndunum. En ekki er þetta hreinn ágóði hjá öllum, því að langur tími hefur eyðzt í rangl á milli ríkisstofnananna, og margir hafa orðið að sleppa vel borgaðri vinnu þær stundirnar. Þrátt fyrir það geta menn þó haldið heim með peningana, sigurglaðir, og byrjað að safna kröftum fyrir næstu göngur.

Svipað mun að segja af gangi þessara mála annars staðar á landinu, þar sem skattanefndir, sýslumenn, hreppstjórar og kjötkaupendur hafa staðið í ströngu við að semja kjörskrár, útfylla skýrslur, borga út kjötstyrkinn og veita honum viðtöku. En auðvitað er þessi nýsköpun mikilfenglegust í sjálfri höfuðborginni.

En þrátt fyrir öll þau umsvif, sem framkvæmd þessara bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar fyrir tímabilið 20. sept. til 20. des. s. l. hefur þegar valdið, og sem hér er að nokkru lýst, getur svo farið, að enn séu ekki öll kurl komin til grafar.

Í 1. grein bráðabirgðalaganna ræðir um nýtt og saltað dilkakjöt, hangikjöt og vinnsluvörur úr kjöti, en í 2. gr. laganna er ákveðið, að menn fái endurgreiddan mismun á útsöluverði og vísitöluverði þess kjöts, er um getur í 1. grein, þó ekki fyrir meira en 40 kg á mann á ári. Nú mun framkvæmdin á þessu hafa verið þannig, að menn hafa aðeins fengið greiddan mismun á útsöluverði og vísitöluverði á nýju dilkakjöti, kr. 4.35 pr. kg, en ekki þann mun, sem er á útsöluverði og vísitöluverði kjöts í öðru ástandi, sem þó er nefnt í 1. gr. laganna.

Samkvæmt blaðafrásögnum og af öðrum upplýsingum er það kunnugt, að maður nokkur í höfuðstað landsins telur sig eiga rétt á meiri greiðslu samkv. bráðabirgðalögunum en hann hefur þegar fengið. Byggir hann þessa skoðun á því, að nokkuð af því kjöti, er hann keypti á fyrrgreindu tímabili, 20. sept. til 20. des. 1945, hafi verið reykt, en munurinn á útsöluverði og vísitöluverði á hangikjöti er miklu meiri en á nýju kjöti, sem niðurgreiðslurnar hafa miðazt við.

Maður þessi mun fyrst hafa leitað til tollstjóra með tilmæli um viðbótargreiðslu, en erindi hans verið sent þaðan til viðskiptamálaráðuneytisins, sem svaraði því neitandi. Þá mun viðkomandi hafa snúið máli sínu til fjármálaráðuneytisins, en málinu þar vísað frá, með skírskotun til áður útgefinnar synjunar frá viðskiptamálaráðuneytinu. Er mælt, að nú sé verið að undirbúa málshöfðun á ríkissjóð til þess að fá niðurgreiðsluna á hangikjötsverðinu.

Sennilega hefur ríkisstjórnin frétt um þennan málatilbúnað áður en frumvarp þetta var afgreitt frá háttv. efri deild og því reynt að setja undir leka með því að fá samþykkta þá breytingu á 2. gr. frv., að niðurgreiðslan skuli eingöngu miðast við mismun á útsöluverði og vísitöluverði á nýju kjöti. En vitanlega gilda ákvæði bráðabirgðalaganna enn í dag og áfram, þar til Alþingi breytir þeim eða fellir þau úr gildi.

Fari svo, að mál verði höfðað gegn ríkissjóði út af þessu og málshöfðandi vinni það fyrir dómstólunum, má búast við, að margir telji sig eiga erindi á ríkisskrifstofur til þess að bera þar fram sams konar kröfur, því að mörgum þykir hangikjöt ljúffeng fæða og kaupa nokkuð af þeirri vöru. Ef svo fer, mun hefjast önnur útborgun hjá tollstjóra fyrir tímabilið 20. sept.—20. des. 1945, og geta þá nokkrir af starfsmönnum ríkisins vænzt þess að fá ríflega borgaða eftirvinnu við að yfirlíta hangikjötsskýrslur fyrir ríkisstjórnina.

Til nánari skýringar á þessu máli læt ég fylgja hér með nefndaráliti minu eitt af kjötskýrslueyðublöðum ríkisstjórnarinnar. Ætti það að nægja til þess að færa háttv. þingmönnum heim sanninn um það, að vel og ötullega er nú unnið að nýsköpun á sviðum skýrslugerðar og skrifstofumennsku undir forustu ríkisstjórnarinnar.

Þrátt fyrir allar skriftirnar er engin trygging fyrir því, að niðurgreiðslurnar til manna séu í réttu hlutfalli við kjötkaup þeirra, og raunar vissa fyrir, að svo er ekki. Fáir munu hafa svo fullkomið heimilisbókhald, að þeir geti gefið nákvæmar skýrslur um, hvað þeir hafa keypt mörg kg af kjöti á ákveðnu tímabili, og hljóta því margar kröfurnar að byggjast á ágizkunum.

Við nánari athugun þessa máls í vetur munu ráðherrarnir og stuðningsmenn þeirra hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri enn ekki komið í æskilegasta horf. Þeir gerðu því nokkrar breytingar á frumvarpinu við síðustu umræðu þess í efri deild. Er nú gert ráð fyrir, að kjötstyrkirnir verði framvegis útborgaðir á manntalsþingum og að allir, sem eru á kjötskránum fái jafnháa upphæð á mann, hvort sem þeir kaupa mikið, lítið eða ekki neitt af kindakjöti.

Engu skal hér um það spáð, hvort við svo búið verður látið standa eða þeir, sem nú stjórna þessum málum, halda áfram að leita að nýjum aðferðum við niðurgreiðsluna á kjötverðinu.

Nokkrir menn hafa fengið kjarabætur vegna þessara bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar og aðgerða verðlagsnefndar landbúnaðarafurða, sem hið stjórnskipaða búnaðarráð kaus á næstliðnu sumri. Það eru eigendur kjötverzlana. Um kjötið gildir sama og aðrar vörur, að verzlunarálagning á það er miðuð við verð þess. En vegna breytingarinnar á fyrirkomulagi niðurgreiðslanna er kjötið nú selt fullu verði frá verzlunum og álagning þeirra miðuð við heildsöluverðið. Áður var aðeins leyft að reikna álagningu á heildsöluverðið að frádregnu ríkisframlaginu. En auk þess hækkaði verðlagsnefndin álagninguna s. l. haust úr 13% í 14%. Útkoman af þessum breytingum er sú, að kjötverzlanirnar fá nú kr. 1.33 fyrir að selja hvert kg dilkakjöts frá s. l. hausti, en fengu aðeins 75 aura á kg árið áður. Þetta er 58 aura hækkun á kg, eða um það bil kr. 8.00 á hvern dilksskrokk að meðaltali. Útlit er fyrir, að þessi hækkun verzlunarálagningar á kjötið frá s. l. hausti nemi samtals nálægt 3 milljónum króna. En á sama tíma sem þessar ráðstafanir eru gerðar er framleiðendum kjötsins skammtað lægra verð fyrir það en þeim ber samkvæmt vísitölu landbúnaðarins.

Ég tel, að meðan þessum niðurgreiðslum er haldið áfram, sé rétt að haga þeim á sama hátt og upphaflega var gert, þ. e. að þeir, sem annast kjötsöluna, fái hluta af verði kjötsins greiddan úr ríkissjóði, og söluverðið til neytenda sé þá þeim mun lægra. Þetta er fyrirhafnarlítið, og með þessari tilhögun er líka tryggt, að niðurgreiðslurnar fari nákvæmlega eftir því, hvað mikið er keypt af kjöti.

Ríkisstjórnin hefur nýlega fengið samþykkt lög, er heimila henni að verja fé úr ríkissjóði enn um sinn til þess að halda niðri vísitölunni, og getur hún greitt hluta af kjötverðinu samkvæmt þeim lögum, hvað sem um þetta frumvarp verður.

Hér hefur að nokkru verið lýst því ranglæti, þeirri miklu fyrirhöfn og skriffinnsku, sem þessi bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar hafa valdið. Ég er í andstöðu við allt þetta og legg því til, að frumvarpið verði felllt.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Skúli Guðmundsson.

Fylgiskjal.

Krafa
um endurgreiðslu úr ríkissjóði á hluta af kjötverði.

Ég undirritaður .....
Nafn
....
Staða Heimili

leyfi mér hér með, í tilefni af kröfu minni um, að ríkissjóður endurgreiði mér hluta af kjötverði, samkvæmt lögum nr. 81 29. sept. 1945, að taka fram eftirfarandi.

Á framfæri mínu eru:

Nafn	Staða og heimili	Fæðingarár
.....	.....	.....
.....	.....	.....
.....	.....	.....
.....	.....	.....
.....	.....	.....
.....	.....	.....

Ég hef á tímabilinu .....
keypt kindakjöt sem hér segir:
Nýtt dilkakjöt ..... kg .....
Saltað dilkakjöt ..... — .....
Hangikjöt ..... — .....
Þetta kjöt hef ég keypt hjá .....
.....
Kjöt þetta hef ég eingöngu notað til heimilis míns.

Ég hef á tímabilinu .....
keypt tilbúinn mat, þar á meðal kjöt hjá
.....
og greitt fyrir mánaðarlega .....

Ég legg við drengskap minn að skýrsla þessi er rétt.

.....
Undirkrift

Ríkissjóður hefur í dag endurgreitt mér hluta af kjötverðinu kr. ....., sem hér með kvittast fyrir.

..... 194
.....

Ed. 842. Breytingartillögur

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 42. gr. Greinin orðist svo:

Sjúkrabætur greiðast frá og með 8. veikindadegi og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda geti sjúklingurinn sýnt fram á, að tekjur hans hafi minnkað verulega vegna veikindanna. Tryggingaráði er þó heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef veikindi stafa af slysförum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða. Sjúkrabætur eru ekki greiddar nema hlutaðeigandi hafi verið óvinnufær lengur en 10 daga.

Nú heldur hinn sjúki atvinnutekjum sínum að meira eða minna leyti, og skal þá einnig greiða sjúkrabætur, þó svo, að þær að viðbættum hreinum atvinnutekjum séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði.

Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.

2. Við 43. gr. Greinin falli niður.
3. Við 44. gr. Annar og þriðji málsliður 1. málsgreinar falli niður.
4. Við 107. gr. Greinin orðist svo:

Iðgjöld skulu vera sem hér segir:

Kvæntir karlar	kr. 140.00 á ári.
Ókvæntir karlar	— 110.00 – —
Ógiftar konur	— 85.00 – —

Auk þessara iðgjalda skal sérhver tryggingarskyldur maður, karl eða kona, greiða 1% af hreinum tekjum að frádregnu persónugjaldi, er sé kr. 1200.00 fyrir hvern einstakling og kr. 800.00 fyrir hvert barn, er framteljandi hefur á framfæri sínu, hvort tveggja umreiknað eftir vísitölu kauplagsnefndar.

Ed. 843. Nefndarálit

um frv. til laga um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og ekki orðið á einu máli um afgreiðslu þess. Fjórir nefndarmenn, StgrA, GÍG, EE og IngP mæla með því, að frv. verði samþ., en tveir hinir síðast nefndu áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur um breytingartillögur. Einn nefndarmanna (GJ) skilar séráliti.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Ingvar Pálmason. Steingr. Aðalsteinsson. Eiríkur Einarsson.
Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr., frsm.

Ed. 844. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands, og l. nr. 107 30. des. 1945.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nefndarm. (EE) var ekki á fundi, er ákvörðun var tekin um málið.

Alþingi, 13. apríl 1945.

Gísli Jónsson, form. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Ingvar Pálmason, frsm.
Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 845. Nefndarálit

um frv. til laga um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haldið 2 fundi um málið og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn (StgrA, GÍG, IngP og EE) vill samþykkja frumvarpið, og skilar hann því sérstöku áliti. Minni hl. leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. 2. mgr. falli niður.
2. Við 8. gr.
   a. 3. mgr. falli niður.
   b. Orðin „né þeirra félaga .... laga þessara“ í síðustu málsgr. falli niður.
3. Við 9. gr. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
   Einstaklingar og félög, sem hafa útgerð að aðalatvinnu og lán hafa fengið úr o. s. frv.
4. Við 11. gr. Orðið „hálfan“ í síðustu línu málsgr. falli niður.
5. Við 13. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Eignir þær, er stofnlánadeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða af 2 dómkvöddum mönnum.
   b. 3. málsl. verði 2. mgr.
6. Við 15. gr. Aftan við d-lið bætist: Ákvæði þetta gildir þó ekki, ef stöðvunin stafar af óviðráðanlegum ástæðum.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Gísli Jónsson,
form.

Ed. 846. Breytingartillaga

við frv. til l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 3. gr. Í stað þriggja fyrstu málsgreinanna komi nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Stofnlánadeildin veitir lán gegn 1. veðrétti í:

a. fiskiskipum og öðrum veiðiskipum;
b. fiskverkunarstöðvum, þar með töldum síldarverkunarstöðvum, frystihúsum, beitugeymslum, niðursuðuverksmiðjum, niðurlagningarstöðvum, verksmiðjum til vinnslu úr fiskúrgangi og lifrarbræðslum;
c. verbúðum á viðleguhöfnum.

Forgangsrétt til lána samkvæmt b-lið hér að framan hafa félög útvegsmanna og fiskimanna, sem stofnuð eru til þess að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og fiskimönnum, og félög, sem þorri útvegsmanna á hverjum stað er þátttakandi í, í þeim tilgangi, er að framan greinir, enda skipti félögin arði af rekstri í hlutfalli við viðskipti félagsmanna.

Heimilt er að lána félögum þeim, sem um getur í næstu málsgrein hér á undan, til byggingar skipasmíðastöðva, dráttarbrauta, vélsmiðja og annarra fyrirtækja, sem þau reka eingöngu eða að langmestu leyti í þágu sjávarútvegsins.

Lán má eigi veita úr stofnlánadeildinni til annarra framkvæmda en þeirra, sem gerðar eru eftir 1. jan. 1944.

Ed. 847. Nefndarálit

um frv. til l. um beitumál.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta er flutt af sjávarútvegsnefnd neðri deildar og hefur náð samþykki þeirrar deildar. Nefndarmenn hafa ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Þrír nefndarmanna, StgrA, IngP og GÍG mæla með samþykkt frumvarpsins. IngP og GÍG áskilja sér þó rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma. GJ vill, að frv. verði fellt, og mun skila sérstöku áliti. EE tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Guðm. Í. Guðmundsson. fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson, frsm.	Ingvar Pálmason.

Ed. 848. Nefndarálit

um frv. til l. um beitumál.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haldið 3 fundi um þetta mál. Hún hefur leitað umsagnar Fiskifélags Íslands um málið, og er það birt hér með sem fylgiskjal.

Meiri hl. (StgrA, IngP, GÍG og EE) vill samþykkja frv. og skilar því séráliti.

Minni hl. (GJ) lítur svo á, að engin ástæða sé til þess, eftir því sem nú er fyrir þessum málum séð, að gera þær ráðstafanir, sem fyrir er mælt í frv., og vísar þar til umsagnar Fiskifélagsins. Hann leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Gísli Jónsson,
form.

Fylgiskjal.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 12. apríl 1945.

Vér höfum móttekið bréf yðar, dags. 9. þ. m., þar sem óskað er umsagnar vorrar um meðfylgjandi frv. til laga um beitumál á þskj. 600.

Á tveim undanförnum fiskiþingum hafa þessi mál verið tekin fyrir til afgreiðslu og samþykktar um þau ályktanir.

Á fiskiþingi 1944 lá fyrir frv., sem milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum hafði samið, og mun það hafa verið í öllum atriðum eins og frv. það, sem hér um ræðir.

Samþykkti fiskiþing þá eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

„Fiskiþingið leggur eindregið á móti samþykkt frumvarps til laga um beitu-

mál, sem vísað var til Fiskifélagsins af milliþinganefnd Alþingis í sjávarútvegsmálum. Hins vegar ítrekar fiskiþingið þá kröfu sína, að sett verði heimildarlög um hámarksverð á ferskri og frosinni síld, sem seld er til beitu, og lögboðið sé mat á beitusíld, sem tekin er til frystingar, bæði þegar hún er tekin í frystihús og þegar síldin er seld út úr frystihúsunum. Þótt verðlagsstjóri hafi, eins og nú standa sakir, heimild til að ákveða hámarksverð á beitu, telur fiskiþingið heppilegast að fela þetta Fiskifélaginu, og sett sé um það sérstök löggjöf, sem m. a. ákveði, að á tímabilinu 1. ágúst til 1. okt. ár hvert sé vikulega safnað skýrslum um beitubirgðir, og sé fyrir ágústmánaðarlok útlit fyrir beituskort, heimilist Fiskifélaginu að gera ráðstafanir um auknar beitubirgðir í samráði við ríkisstjórnina.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem liggur fyrir til umsagnar, gerir ráð fyrir að taka upp stórfelldan ríkisrekstur á frystingu beitu fyrirvaralaust, og að ríkissjóður leggi fram stórfé í þessu skyni. En slíkur rekstur virðist nefndinni alveg ástæðulaus, eins og nú standa sakir, þar sem fjöldi útgerðarmanna víðs vegar um landið á stærri og smærri hluti í hraðfrystihúsum, og hefur í því efni orðið mikil breyting síðustu árin, enda hefur beituverðið ekki hækkað svo neinu nemi nú síðustu árin, þrátt fyrir hækkað kaupgjald og hærra verð á innkeyptri síld. Er það aukin samkeppni, sem þessu veldur. Hér við Faxaflóa starfa nú 22 frystihús, sem flest hafa meira eða minna af beitu til frystingar, á Snæfellsnesi og við Breiðafjörð eru 5 frystihús, á Vestfjörðum og við Ísafjarðardjúp 13, við Húnaflóa 6, við Skagafjörð 3, á Siglufirði og við Eyjafjörð 10 og austan Eyjafjarðar að Langanesi 4, á Austfjörðum 7, á Stokkseyri 1 og í Vestmannaeyjum 5. Er þessi fjöldi frystihúsa nú orðinn svo mikill og þannig settur, að engar verstöðvar þurfa að vera út undan eða afskiptar með beitu.

Til grundvallar fyrrnefndu frumvarpi liggur m. a. sá tilgangur að koma í veg fyrir beituskort á hverjum tíma. Má segja, að slíkt geti komið fyrir, þótt frystihúsin séu orðin ærið mörg og víða dreifð, en varla nema sem sjaldgæf undantekning.

En nefndinni virðist, að því marki megi ná með miklu auðveldari hætti en frumvarpið gerir ráð fyrir, með því að fela Fiskifélaginu að fylgjast ávallt með, hve mikið af síld er fryst til beitu, og fái félagið um það vikulegar skýrslur á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. okt. ár hvert.

Leiði skýrslusöfnun í ljós, að beituskortur geti vofað yfir, miðað við meira en meðalútgerð, skal Fiskifélagið í samráði við ríkisstjórnina gera ráðstafanir um auknar beitubirgðir. Stendur Fiskifélagið bezt að vígi að fylgjast með þessum málum, og skýrslugerð þess um beitubirgðir mundi ekki hafa teljandi aukakostnað í för með sér, heldur verða sem viðbót við aflaskýrslur þær, sem félagið lætur nú safna. Vegna náins kunnugleika stendur Fiskifélagið einnig bezt að vígi að dæma um, hvenær væri þörf aukinna beitubirgða, og gæti þá fyrirvaralítið úr því bætt, í samráði við ríkisstjórnina á hverjum tíma."

Á fiskiþingi í vetur var enn tekið fyrir beitumál og þá samþykkt svo hljóðandi tillaga:

„Fiskiþingið telur sjálfsagt, að Fiskifélagið haldi áfram skýrslusöfnun um frystingu síldar til beitu. Hins vegar telur þingið ekki ástæðu til þess, að ríkið stofni eða starfræki frystihús til beitufrystingar, enda hefur aðstaða til beituöflunar batnað við aukningu hraðfrystihúsanna.

Samtímis skírskotar fiskiþingið til samþykktar síðasta þings í beitumálum og telur sjálfsagt, að Fiskifélagið veiti þá fyrirgreiðslu um þessi mál, sem í valdi félagsins er.

Virðingarfyllst.

Davíð Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis.

Nd. 849. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins.

Frá atvinnumálaráðherra.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
   Ef söluverð á hraðfrystum þorsk- eða ýsuflökum verður hærra en kr. 1.10 fyrir enskt pund komið í skip, miðað við sams konar verkun og gilt hefur fyrir enskan markað, þá skal það, sem umfram er, þó ekki meira en 2½ au. af pundi, renna í ríkissjóð.
   Það, sem kann að fást umfram kr. 1.125 fyrir pundið, skiptist að jöfnu milli hraðfrystihúsaeigenda og fiskeigenda.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi (greinatalan breytist samkv. því):
   Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka á leigu frá miðjum apríl fram í seinni hluta maí og annast rekstur á allt að 20 fiskflutningaskipum og kaupa fisk í þau til útflutnings til þess að tryggja það, að ekki falli niður útflutningur á ísvörðum fiski bátaútvegsins.
3. Við 2. gr. (sem verður 3. gr.). Í stað „5000“ komi: 7000.
4. Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein (sem verður 4. gr.), svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu á andvirði útfluttra afurða, sem seldar kunna að verða með gjaldfresti, enda hafi ríkisstjórnin samþykkt söluna.
5. Við 3. gr. (sem verður 5. gr.). Í stað „1. og 2. gr.“ í lok greinarinnar komi: í lögum þessum.
6. 4. gr. verði 6. gr.

Nd. 850. Frumvarp til laga

um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Þær eftirtaldar eignir, sem teknar eru í fyrstu notkun á árunum 1944—1948 incl., má í stað venjulegra fyrningarafskrifta afskrifa um 20% á ári í 3 ár frá því er þær eru teknar í notkun, þó ekki fyrr en frá 1. janúar 1946 að telja: fiskiskip og önnur veiðiskip, fiskvinnslustöðvar, síldarverksmiðjur og dráttarbrautir.

2. gr.

Þegar afskrift er í fyrsta sinn ákveðin samkvæmt 1. gr., skulu skattayfirvöld ákveða heildarafskriftarupphæð hverrar eignar.

Nú gengur eign kaupum og sölum, og skal þá hinn síðari eigandi aldrei njóta hærri afskrifta en hinn fyrsti hefði notið.

3. gr.

Ef lán hefur verið tekið úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til kaupa á eign, sem afskrifuð er samkvæmt lögum þessum, er afskriftin því skilyrði bundin, að öll afskriftarupphæðin gangi til afborgunar á láninu, enda hafi hlutaðeigandi tekjuafgang sem afskriftinni nemur.

4. gr.

Tap það, sem kann að orsakast af afskriftunum, má flytja á milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz því hefur verið náð upp.

Fyrir árslok 1947 skal ákveða með reglugerð, hver skuli vera fyrningarhundraðshluti þeirra eigna, sem afskrifaðar hafa verið samkvæmt lögum þessum, eftir að afskrift samkvæmt þeim hefur verið lokið.

5. gr.

Afskriftahækkanir samkvæmt lögum þessum skerða í engu rétt bæjar- og sveitarfélaga til útsvarsálagningar á aðila þá, sem afskriftanna njóta.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Ed. 851. Nefndarálit

um frv. til laga um nýbyggingar í Höfðakaupstað.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með, að það verði samþykkt. Tveir nefndarmanna skrifa þó undir með fyrirvara og áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Magnús Jónsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara. Ásmundur Sigurðsson.

Haraldur Guðmundsson. Þorst. Þorsteinsson, með fyrirvara.

Ed. 852. Breytingartillaga

við frv. til laga um nýbyggingar í Höfðakaupstað.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Í stað síðasta málsl. greinarinnar komi: eftir því sem fé er til þeirra veitt í fjárlögum.

Nd. 853. Breytingartillögur

við frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Gunnari Thoroddsen.

1. Við 13. gr. Í stað „30“ komi: 20 — og í stað „50“ komi: 25.
2. Við 15. gr. C. Á eftir 2. málsl. komi nýr málsl.: Þetta ákvæði nær einnig til þeirra samvinnubústaða, sem lokið er við að byggja eftir 1. janúar 1943.
3. Við 18. gr. A. Í stað „500 teningsmetrum“ komi: 600 teningsmetrum.

Ed. 854. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn (IngP, StgrA og EE) vildi samþykkja frv. óbreytt, en einstakir nm. eru þó óbundnir um brtt., sem fram kynnu að koma. Minni hl. (GJ) gat ekki fallizt á þetta, af ástæðum, er hér skal greina:

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er gengið mjög í þá átt að veikja það öryggi, sem sjómönnum og útgerðarmönnum er tryggt með gildandi lögum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Telur minni hlutinn, að sú stefna sé bæði röng og mjög hættuleg, ekki einasta lífi hinna vösku sjómanna, sem margoft fyrir kappgirni og dugnað tefla á tæpasta vað í sjósóknum og treysta í slíkum sóknum blint og bókstaflega á, að vélaaflið bregðist þeim ekki, enda á slíkum stundum jafnan voðinn vís, ef svo tekst til, heldur og einnig afkomu þeirra og afkomu útgerðarinnar í heild og þar með alls landsins.

Það er ljóst, að þegar vélarnar stækka, þá er það ekki ráð til úrbóta að auka réttindi manna án frekari lærdóms, heldur hitt, að auka námið og samræma það við hin breyttu viðhorf. Kann það að vísu að taka einhvern tíma, og er þá réttara að gera frávik frá aðalreglunni það tímabil, eftir tillögum þeirra aðila, sem bezta hafa þekkingu á þessum málum. Minni hlutinn vill alveg sérstaklega benda á þá hættu, sem það getur haft í för með sér að samþykkja óbreyttar þær greinar frv., sem veita réttindi til vélgæzlu við mótorvélar yfir 150 hesta, enda hafa verið lögð fram sterk mótmæli gegn þessu frá þeim aðilum, sem málum þessum eru kunnugir, auk þess sem þeir fullyrða, að á þessu sé engin þörf, enda mundi þetta mjög hefta aðgang að hinu meira mótornámskeiði, sem ætlað er sérstaklega að kenna þessum mönnum. Námskeið þetta skal samkv. reglugerð standa í 4 mán. eða alls 14 vikur, þegar frá eru dregin jólaleyfi. Verkleg kennsla verður þá alls 140 stundir eða sem svarar rúmum 17 dögum, og bókleg mótorfræði í 168 stundir eða 21 dag. Með þessari fræðslu er ætlazt til, að menn geti örugglega stjórnað og borið ábyrgð á 600 hesta vandasömum, viðkvæmum og margbrotnum dieselvélum.

Hið minna prófs námskeið stendur aðeins 9 vikur. Verkleg kennsla verður þar aðeins í 108 stundir eða tæplega 14 daga og bókleg mótorfræðsla 81 stund eða 8 dagar, og með þessari fræðslu er ætlazt til, að menn geti á sama hátt starfrækt vélar allt að 250 hesta. Sér hver maður, hversu fráleitt þetta er.

Þá skal það einnig upplýst, að sjútvn. Ed. hafa borizt breytingartillögur frá Nd. við frv., og er þess mjög óskað, að þær verði samþykktar til samræmingar við aðrar breytingar, sem þegar hafa verið samþykktar.

Með tilliti til þessa leggur minni hl. til., að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist:
   a. Ráðherra er heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita þeim mönnum, er skipaskoðun ríkisins mælir með, leyfi til þess að gegna vélgæzlu og vélstjórastarfi, enda liggi fyrir umsögn viðkomandi stéttarfélaga um það, að réttindamaður sé ekki fáanlegur, og vottorð tæknifræðilegra manna um hæfni umsækjanda til starfsins. Jafnframt er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá því að hafa aðstoðarvélstjóra á fiskiskipum með 800—1200 hestafla vél.
   b. Ráðherra skipar nú þegar 3 manna milliþinganefnd til þess að endurskoða þá kafla þessara laga, sem snerta vélgæzlu, og gera tillögur um breytingar

á þeim til samræmingar við þróun flotans í landinu, svo snemma, að hægt verði að leggja þær breytingar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

c. Ráðherra lætur nú þegar undirbúa möguleika til frekari náms í verklegri og bóklegri vélfræði við stofnanir þær, sem nú kenna þessar greinir, og breytir reglugerðum þeirra í samræmi við það.

2. Við 2.—28. gr. Greinarnar falli niður.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Gísli Jónsson,
form.

Fylgiskjal.

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 4. apríl 1946.

Til sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis.

Á fundi stjórnar F.F.S.Í. 2. apríl s. l. lagði fulltrúi Mótorvélstjórafélags Íslands í stjórninni fram bréf, sem í voru stíluð mótmæli gegn því, að frv. til laga nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, sem nú þegar mun liggja fyrir háttvirtri sjávarútvegsnefnd Ed., verði samþykkt óbreytt á yfirstandandi Alþingi.

Stjórn F.F.S.Í. er sammála greinargerð Mótorvélstjórafélags Íslands um, að téð frv. gangi of langt í réttindaaukningu fyrir minnaprófsmótorvélstjóra frá námskeiðum Fiskifélags Íslands, og muni, ef það verður samþykkt óbreytt, skapa mjög hættulegt misræmi í réttindum mótorvélstjóranna, miðað við námstíma þeirra.

Af þessum sökum var á fundi stjórnarinnar samþykkt að kjósa þá hr. Lúther Grímsson mótorvélstjóra og hr. Þorstein Loftsson vélstjóra til að fara á fund sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis og leita samstarfs við hana um að fá leiðréttar sumar af þeim breytingum, er téð frv. felur í sér.

Stjórn F.F.S.Í. treystir háttvirtri sjávarútvegsnefnd Ed. til að bregðast vel við þessari málaleitun og væntir þess, að nefndin taki til vinsamlegrar athugunar tillögur þær, sem ofangreindir fulltrúar F.F.S.Í. hafa fram að bera.

Virðingarfyllst.

F. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Guðm. Jensson.

Sþ. 855. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir til þess að greiða fyrir þorpsmyndun á Egilsstöðum í Suður-Múlasýslu.

Flm.: Finnur Jónsson, Eysteinn Jónsson, Jón Pálmason, Lúðvík Jósefsson, Páll Zóphóníasson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs spildu þá úr landi Egilsstaða í Suður-Múlasýslu, sem að dómi skipulagsnefndar ríkisins þarf á að halda vegna myndunar þorps á þessum stað. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að greiða fyrir byggingu þorpsins með því að láta gera vegi, vatnsveitu, skolpveitu, byggja rafstöð o. fl.

Kostnaður við þessi mannvirki greiðist úr ríkissjóði, enda verði þau eign ríkissjóðs, þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Greinargerð.

Það er nú fyrirsjáanlegt, að á næstu árum myndast þorp í landi Egilsstaða í Suður-Múlasýslu, enda hin mesta þörf á því. Er þá áríðandi að gera sem fyrst ráðstafanir viðvíkjandi landi undir þorpsbyggðina og aðrar ráðstafanir, svo sem vegalagningu, vatnsveitu, skolpveitu o. fl. Ekki þykir sennilegt, að fyrir þessu verði séð í tíma nema ríkið hafi hér nokkra forgöngu í fyrstu. Gefur þingsályktunartillagan heimildir til þess. Er það fyrsta skrefið. Síðan verður sem skjótast að ákveða um framtíðarskipun þessara mála, svo sem hreppaskipan í framtíðinni o. fl. Er gert ráð fyrir, að þau mál verði undirbúin í samráði við hlutaðeigendur í sambandi við þær framkvæmdir, sem þáltill. gerir ráð fyrir.

Nd. 856. Breytingartillaga

við frv. til laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Flm.: Sigurður Thoroddsen.

Aftan við frv. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Ríkisstjórninni heimilast að endurgreiða toll af þeim innfluttum tilbúnum húsum, sem flutt verða inn á árinu 1946.

Ed. 857. Nefndarálit

um frv. til laga um gagnfræðanám.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta er einn liður í skólakerfi því, sem milliþinganefndin í skólamálum lagði til, að lögfest yrði og var, eins og önnur frumvörp milliþinganefndarinnar, flutt af meiri hluta menntamálanefndar neðri deildar að beiðni menntamálaráðherra. Voru nokkrar breytingar gerðar á frumvarpinu í þeirri deild.

Sumir nefndarmenn menntamálanefndar þessarar deildar yfirfóru þetta frv. og fleiri skólafrumvörp í samvinnu við menntamálanefnd neðri deildar, og auk þess hefur nefndin athugað frumvarpið nú og átt tal um það við fræðslumálastjóra og þann af nefndarmönnum milliþinganefndarinnar, sem sérstaklega er kunnugur gagnfræðaskólunum, séra Ingimar Jónsson skólastjóra.

Nefndin getur yfirleitt fallizt á frumvarpið eins og það er komið frá neðri deild, að undanskilinni breytingu á 10. gr. c-lið, um skipun kennara og skólastjóra. Þá telur meiri hlutinn breytingarnar, sem gerðar voru á 61. og 62. gr., ekki til bóta og leggur til, að þær verði færðar í sitt fyrra horf. Loks leggur nefndin til, í sambandi við breytingartillögu sína við 10. gr., að settur verði þar inn nýr liður, er heimili skólanefndum að ráða kennara (þar með taldir skólastjórar) um stundarsakir. Getur þetta oft verið nauðsynlegt, ef snögg forföll koma til. Getur og verið hentugt að ráða kennara til bráðabirgða, t. d. 1 skólaár, áður en fullráðið er um starf hans við skólann.

Ákvæði 39. greinar um orlof kennara 10. hvert ár, ef þeir óska og uppfylla skilyrði, er að vísu æskilegt út af fyrir sig. En þó þykir sumum nefndarmönnum orka tvímælis, hvort þessi ákvæði séu heppileg hér. Þá bendir og M. J. á, að ákvæði síðasta málsliðar 1. mgr. 56. gr. sé í ósamræmi við það, sem samþykkt var í frv.

um barnafræðslu. Skrifar hann undir nál. með fyrirvara í sambandi við breytingartillögur í þessa átt.

Einn nefndarmanna (HG) hefur þegar borið fram breytingartillögu um kennslustundafjölda kennara.

Einn nefndarmanna (JJ) tók ekki þátt í endanlegri afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur því til, að frv. verði afgreitt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 10. gr.
   a. c-liður greinarinnar orðist svo: Að láta fræðslumálastjórn í té rökstutt álit á umsækjendum um kennara- og skólastjórastöður ásamt tillögu um, hver skuli valinn, svo og vara- og þrautavaratillögu, ef nægilega margir sækja um stöðurnar.
   b. Á eftir c-lið kemur nýr liður, er verður d-liður og svo hljóðar (stafliðir breytast því samkvæmt):
      d. að ráða kennara um stundarsakir, ef þörf krefur.
2. Við 61. gr. Greinin orðast svo:
   Skólar gagnfræðastigsins eru sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga.
   Nú leggst skóli niður samkvæmt tillögum gagnfræðaráðs og að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, og skulu þá skuldlausar eignir hans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.
3. Við 62. gr. Við greinina bætist: Tekur ríkið og hlutaðeigandi sveitarfélag við eignum þeirra, réttindum og kvöðum án endurgjalds. Hlutdeild ríkisins og sveitarfélaganna í eignum þessara skóla skal vera í sama hlutfalli og framlög stofnkostnaðar samkvæmt lögum þessum.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Eiríkur Einarsson. fundaskr.	H. Guðmundsson.
	Ásmundur Sigurðsson.	

Ed. 858. Nefndarálit

um frv. til laga um húsmæðrafræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Um meðferð þessa máls í nefndinni má að mestu vísa til þess, sem segir almennt í áliti meiri hlutans um frv. um gagnfræðanám (30. mál).

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum þeim, sem neðri deild gerði á því, að undanskilinni breyt. á 5. gr. og 7. gr., og vísast í ástæður fyrir því einnig í nál. meiri hlutans um frv. um gagnfræðanám. (30. mál).

Þá ber nefndin fram tillögu til bráðabirgðaákvæðis um tvo einkaskóla til húsmæðrafræðslu, sem ekki mun unnt að svo komnu að fella inn í húsmæðraskólakerfið, en notið hafa styrks úr ríkissjóði og telja má prýðilega vel rekna skóla og fullkomlega verðuga þess að njóta réttinda þessara laga um þann takmarkaða tíma, sem um ræðir í tillögunni.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr.
   a. c-liður greinarinnar orðast svo: að láta fræðslumálastjórn í té rökstutt álit á umsækjendum um kennara- og skólastjórastöður ásamt tillögu um, hver

skuli valinn, svo og vara- og þrautavaratillögu, ef nægilega margir sækja um stöðurnar.

b. Á eftir c-lið kemur nýr liður, er verður d-liður og hljóðar svo (stafliðir breytast því samkvæmt):

d. að ráða kennara um stundarsakir, ef þörf krefur.

2. Við 7. gr. Síðasta málsgrein („Skólar þessir .... sveitarfélaga") falli niður.

3. Við 22. gr. Á eftir greininni kemur ákvæði til bráðabirgða:

Ráðherra er heimilt að láta rétt til kennaralauna og rekstrarkostnaðar samkvæmt lögum þessum einnig ná til einkaskóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði, meðan hann er rekinn sem einkaskóli, svo og til húsmæðraskólans að Löngumýri í Skagafirði, þar til er fyrirhugaður húsmæðraskóli í Varmahlíð tekur til starfa.

Einn nefndarmanna (JJ) var ekki á fundi við endanlega afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	H. Guðmundsson.
	Ásmundur Sigurðsson.	

Nd. 859. Lög

um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

(Afgreidd frá Nd. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 807 (sbr. 673).

Sþ. 860. Tillaga til þingsályktunar

um lendingarbætur og vegagerð vegna Hvalfjarðarferju.

Flm.: Pétur Ottesen, Jóhann Jósefsson, Guðmundur Í. Guðmundsson, Einar Olgeirsson, Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði allt að 800 þús. kr. til lendingarbóta og vegagerða í sambandi við væntanlega ferju í Hvalfirði.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt ósk bæjarstjórnarinnar á Akranesi, sem fram kemur í bréfi bæjarstjórans til Alþingis dags. 13. apríl þ. á.

Greinargerð bæjarstjórans um málið er prentuð sem fylgiskjal með tillögunni. Sömuleiðis bréf um sama efni frá félagi sérleyfishafa.

Fylgiskjal I.

Greinargerð um Hvalfjarðarferjuna.

I. Yfirlit.

Samgöngur milli Akraness og Reykjavíkur hafa fram á síðustu ár farið fram sjóleiðis. Fram til ársins 1945 virtist eðlilegt, að sjóleiðin væri farin, en það ár breyttist viðhorfið mjög mikið, og síðari hluta ársins samþykkti bæjarráð að fela

mér að athuga um kaup á hentugu ferjuskipi í Englandi, en ferjuskip þetta átti að nota sem ferju yfir Hvalfjörð. Þess má hér geta, að áður hafði bæjarstjórnin látið gera teikningar af ferjuskipi, sem nota mátti sem bílferju milli Akraness og Reykjavíkur, en það kom þá í ljós, að slíkt skip þurfti að vera svo stórt, að engir möguleikar voru til þess, að unnt væri að láta reksturinn bera sig fjárhagslega.

Hér verður gerð nokkur grein fyrir þessari stefnubreytingu fulltrúa Akraneskaupstaðar.

Reynslan hefur sýnt, að ekki er unnt að sjá Akranesi fyrir sæmilegum samgöngum á sjó nema með stórfelldu tapi, ef Akranes ætti eitt að nota skip það, sem í förum væri. Hins vegar fór mestallur fólksstraumurinn til Vestur- og Norðurlands um Akranes á tímabili, og með því fyrirkomulagi hefði verið unnt að halda úti allgóðu skipi á leiðinni milli Akraness og Reykjavíkur, því tekjur af þessum farþegaflutningi voru mjög miklar, einkum sumarmánuðina.

Hins vegar hefur komið í ljós hin síðari árin, að fólksstraumur fyrir Hvalfjörð hefur stöðugt aukizt að sama skapi og fólksflutningar um Akranes hafa minnkað. Þessu til sönnunar má benda á eftirgreinda töflu, sem sýnir tölu þeirra íslenzku bifreiða, sem fóru fram hjá Þyrli síðustu 38 mánuðina, en vegamálaskrifstofan hefur látið telja bifreiðarnar:

Ár	Jan.	Febr.	Marz	Apr.	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Samt.
1943	15	5	0	10	160	540	1150	970	590	520	320	250	4530
1944	25	30	85	320	375	850	1480	1260	820	630	410	320	6605
1945	150	85	75	600	720	1180	1950	1500	1070	925	740	515	9510
1946	465	550											

Þá hafa orðið mjög miklar breytingar á ferðum áætlunarbifreiða á undanförnum árum. 1943 voru einungis þrjár sérleyfisleiðir skipulagðar um Hvalfjörð, sérleyfisleiðirnar Reykjavík—Hvammstangi, Reykjavík—Borgarfjarðarhérað og Reykjavík—Kinnarstaðir. Nú hafa eftirgreindar sérleyfisleiðir verið skipulagðar fyrir Hvalfjörð, sem allar fóru áður um Akranes, og er jafnframt greint frá því, hvaða ár breytingin var gerð:

Reykjavík—Hólmavík (1944)
Reykjavík—Stykkishólmur (1945)
Reykjavík—Ólafsvík (1945)
Reykjavík—Hvalfjarðarströnd (1945)
Reykjavík—Akranes (1946)
Reykjavík—Grundarfjörður (1946)

Nú sem stendur fara einungis um Akranes áætlunarbílarnir Akranes—Akureyri, auk áætlunarbíla um Borgarfjarðarhérað, sem óvíst er, að fari um Akranes allt sumarið 1946. Áætlunarbílarnir Akranes—Akureyri fara einungis um Akranes sökum þess, að of langt er að fara með þá alla leið frá Akureyri til Reykjavíkur í einum áfanga, en ef ferja kæmi á Hvalfjörð væri unnt að fara í einum áfanga milli endastöðvanna.

Sú breyting, sem orðið hefur á umræddum ferðum áætlunarbíla, torveldar mjög, að unnt sé að halda úti góðu skipi milli Reykjavíkur og Akraness, og fyrirsjáanlegt stórtap yrði á þeirri útgerð.

Á eitt atriði enn má benda í þessu sambandi. Allt árið 1944 fóru vöruflutningar milli Akraness og Reykjavíkur að langmestu leyti með skipi því, sem í förum var. Sama er að segja um fyrri hluta ársins 1945, en á miðju árinu hækkuðu afgreiðslugjöld hjá h/f Skallagrími með þeim árangri, að nærfellt allur vöruflutningurinn fór eftir það með bifreiðum fyrir Hvalfjörð. Vörubifreiðir taka 100 kr. fyrir að flytja hvert tonn milli Akraness og Reykjavíkur, og er það jafnhátt gjald og afgreiðslugjaldið er eitt í Reykjavík og Akranesi. Þeir, sem vörur flytja með bifreiðum, spara

þannig að öllu leyti flutningsgjald og kostnað við að koma vörum í Reykjavík frá sendanda að skipi, og er það oft mjög dýrt. Einnig þetta atriði torveldar mjög það, að unnt sé að reka skip milli Akraness og Reykjavíkur nema með mjög miklu tapi.

Bæjarstjórninni á Akranesi þótti fráleitt að virða að vettugi þá staðreynd, að eins og málum er komið, er ekki hægt að gera út sæmilegt skip til ferða milli Akranes og Reykjavíkur, nema með stórfelldu tapi. Af þessari ástæðu fór hún að reyna aðra möguleika í þessu efni, og var þá ekki um annað að ræða en flutninga fyrir Hvalfjörð eða á bílferju yfir fjörðinn.

Í desembermánuði s. l. fór ég til Englands m. a. í þeim erindum að athuga um kaup á hentugu ferjuskipi, sem nota mætti sem Hvalfjarðarferju. Um sama leyti var vitamálastjóri þar staddur m. a. í sömu erindum fyrir ríkisstjórnina. Athuguðum við mál þetta sameiginlega, og gátum við fengið þar keypt skip, sem að okkar dómi og að dómi sérfróðra manna þar í landi voru mjög vel fallin sem ferjuskip yfir Hvalfjörð, en skip þessi voru upphaflega smíðuð til þess að flytja fjóra 30 tonna skriðdreka til Frakklands. Skip þessi eru það stór, að hægt er að flytja með þeim 4 áætlunarbifreiðir og fjórar venjulegar bifreiðir samtímis, en ganghraði þeirra hefur reynzt vera 8½ sjómíla. Í skipunum eru tvær 500 ha. dísilvélar. Þau eru byggð úr járni, og virðist smíði þeirra vönduð. Skipin fengust keypt fyrir mjög hagkvæmt verð.

Þegar bæjarstjórnin hafði athugað allar aðstæður, þótti henni einsýnt, að samgöngumál bæjarins yrðu bezt leyst með því að koma upp ferju yfir Hvalfjörð, en á ástæður bæjarstjórnarinnar til þessarar afstöðu verður minnzt síðar. Til þess að koma málinu á rekspöl, sótti hún um innflutningsleyfi til nýbyggingarráðs fyrir tveimur ferjuskipum. Annað ferjuskipið á að nota vegna hafnargerðarinnar á Akranesi á komandi sumri, en augljóst er, að mikils er um það vert að hafa tvö slík skip hér á landi. Þá hefur bæjarstjórnin einnig keypt tvær varavélar í skipin.

Þegar innflutningsbeiðni bæjarstjórnarinnar barst nýbyggingarráði, setti það bæjarstjórninni eftirgreind skilyrði fyrir innflutningi skipanna, en skilyrði þessi voru sett í samráði við samgöngumálaráðherra, en undir hann bar nýbyggingarráð mál þetta:

1. Samgöngumálaráðherra samþykki á sínum tíma ferjutoll þann, sem tekinn verður.
2. Samgöngumálaráðherra samþykki áætlun ferjunnar.
3. Ef framangreindum skilyrðum verður fullnægt af hálfu Akraneskaupstaðar og ferjuskip verður keypt bráðlega, samþykkir nýbyggingarráð að heimila ekki innflutning á öðrum skipum, sem nota á á umræddri leið.

Jafnframt því, sem Akraneskaupstaður festi kaup á ferjuskipunum, fól samgöngumálaráðherra vitamálastjóra að láta fara fram athugun á ferjuskilyrðum í Hvalfirði, en þeim rannsóknum er nú lokið — ásamt tillögum um lendingarstaði, og verður síðar að þessu vikið.

II. Kostir Hvalfjarðarferjunnar.

Eins og fyrr greinir, virðist vera um tvær lausnir að ræða á samgöngumálum Akraness — og jafnframt á bifreiðasamgöngum til Vestur- og Norðurlands: Leiðina fyrir Hvalfjörð og á ferju yfir Hvalfjörð.

Vitamálastjóri telur hagkvæmast, að ferjan gangi milli Kataness og Eyrar, og á þessari lausn verður byggt í eftirfarandi útreikningum.

Hér er við það miðað, að allar skipulagsbundnar áætlunarferðir sérleyfishafa fari um ferjuna, og með því móti er unnt að fullyrða, að gjald fyrir hvern farþega þyrfti ekki að vera hærra en ca. 5 kr., en ferjutollur fyrir vöruflutningabifreiðir ca. 40 til 50 kr. Þessar tölur geta að sjálfsögðu breytzt eitthvað, t. d. þannig, að ákveðið gjald verði tekið fyrir hverja bifreið og þar að auki ákveðið gjald fyrir hvern farþega.

Skal nú vikið að kostum Hvalfjarðarferjunnar.

1. Greiðari ferðir. Ferja á Hvalfirði styttir allar leiðir til Norður- og Vesturlands um ca. 42 km. Með tilliti til þess, hve Hvalfjarðarvegurinn er torfarinn, mun taka kringum 1½ klst. skemmri tíma að fara með ferjunni en að fara krókinn fyrir Hvalfjörð.

2. Ódýrari ferðir. Það verður að öllu leyti ódýrara að nota Hvalfjarðarferjuna en að fara fyrir fjörðinn.

Hvað snertir **skipulagsbundnar ferðir áætlunarbifreiða,** verður fargjaldið með ferjunni 3.82 kr. ódýrara en fargjald með bifreiðum. Nú sem stendur er sætagjald fyrir þennan krók 8.82 kr., en yrði 5 kr. með ferjunni, sem að framan greinir.

Venjulegir fólksflutningsbílar taka eins og sakir standa kr. 37.80 fyrir að fara krókinn fyrir Hvalfjörð á virkum dögum, en 46.20 kr. á helgum dögum. Gjald þetta gæti lækkað í 20 til 25 kr.

2½ tonna vörubílar taka fyrir að fara krókinn fyrir Hvalfjörð 101 kr., en gjald þetta gæti lækkað í 40 til 50 kr.

3. Sparnaður á gjaldeyri. Enginn vafi leikur á því, að ferja yfir Hvalfjörð sparar til mikilla muna erlendan gjaldeyri. Kemur hér til greina bæði benzíneyðsla allra þeirra bifreiða, sem fara fyrir Hvalfjörð, eyðsla á hjólbörðum, en síðast og ekki síst slit á bifreiðum. Þessi atriði munu hafa miklum mun meiri þýðingu síðar, þegar leið þessi verður fjölfarnari en nú er, og má í því sambandi geta þess, að á næsta hausti opnast væntanlega tvær nýjar og þýðingarmiklar umferðaræðar, önnur til Siglufjarðar, en hin að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp, en um þessa leið fer væntanlega mikill fólksstraumur milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Væntanlega aukast vöruflutningar landleiðina til Norður- og Vesturlands, og hefur það ekki litla þýðingu í þessu sambandi. Loks má á það benda, að væntanlega aukast sumarferðalög til mikilla muna frá því, sem nú er, þegar meira fer að gæta áhrifa orlofslöggjafarinnar.

4. Sparnaður í vegaviðhaldi og vegagerðakostnaði. Ef vel tekst til um ferjuna, mun mega gera ráð fyrir því, að draga megi úr viðhaldskostnaði Hvalfjarðarvegar, og jafnframt að draga megi fullnaðarvegagerð í Hvalfirði, a. m. k. meðan aðrir vegir eru ólagðir eða illa gerðir, sem mikla þýðingu hafa fyrir vegamál landsins og samgöngur.

5. Öruggari ferðir. Eins og kunnugt er, teppist Hvalfjarðarvegurinn stundum að vetri til vegna snjóa og vætu, og jafnvel þótt svo eigi að heita, að hann sé fær, er hann oft seinfarinn. Í sambandi við þetta má benda á töflu þá, sem um hefur verið getið um tölu bifreiða, sem fara Hvalfjarðarveginn, en samkvæmt henni er umferðin sem hér greinir í janúar- og febrúarmánuði 1943—1946:

	Janúar	Febrúar
1943	15	5
1944	25	30
1945	150	85
1946	465	550

Orsök hins mikla vaxtar, sem fram kemur árið 1946, er vafalaust að nokkru leyti sú, að veðurfar þetta ár var með ágætum mánuðina janúar og febrúar.

Hvalfjarðarferjan kemur að fullu í veg fyrir það, að samgöngur þurfi að teppast að vetri til vegna snjóa og bleytu og eykur því til mikilla muna öryggi samgöngukerfisins að vetri til.

6. Kostir Hvalfjarðarferjunnar fyrir Akranes. Hér að framan hefur verið lýst nokkrum kostum Hvalfjarðarferjunnar, og kemur hún þar Akranesi að sama haldi og öðrum landsmönnum. Ferjan styttir þannig leiðina milli Akraness og Reykjavíkur um 1½ klst. Þetta eru að sjálfsögðu mikil þægindi fyrir Akurnesinga. Hvað snertir áætlunarferðir milli Akraness og Reykjavíkur má geta þess, að ef ferja væri komin, væri unnt að fara tvær ferðir daglega með sama áætlunarbílinn, og sama

máli gegnir um vöruflutningabifreiðir, í stað þess að bílar þessir fara nú aðeins eina ferð. Ferjan sparar Akurnesingum mikið fé, jafnframt því, sem þægindin aukast. Það er því á góðum rökum reist, að bæjarstjórnin á Akranesi skuli hafa lagt jafnmikið kapp á ferjumál þetta og raun ber vitni um.

III. Kostnaður við lendingarbætur og vegi.

Eins og að framan greinir, hefur vitamálastjórinn látið gera áætlun um kostnað við nauðsynlegar lendingarbætur á ferjustöðum beggja vegna fjarðarins, og telur hann, að kostnaður við mannvirki þessi verði samanlagður 620 þús. kr. Hægt er að fá mannvirki þessi byggð í ákvæðisvinnu fyrir ofangreint verð, og er því óhætt að treysta áætlun þessari, ef æskilegt þætti að taka tilboðinu.

Sé tekið lán til 25 ára með 4% vöxtum til þess að standa að öllu leyti undir kostnaðinum, nema vextir og afborganir á ári samanlagt kringum 39700 kr. Þegar það er athugað, að farþegatala, sem fer umrædda leið, er vafalaust yfir 100 þús. árlega, sést, að sáralítið gjald þarf að leggja á hvern mann til þess að standa undir kostnaðinum.

Hannes Arnórsson verkfræðingur hefur gert lauslega áætlun um vegagerðarkostnað að ferjustöðum, og skal hér getið um niðurstöður hans í þessu efni.

Vegur frá ferjustaðnum við Katanes. Fyrst um sinn er gert ráð fyrir því, að notast verði við veg, sem liggur frá Akranesbrautinni að Klafastöðum, en frá Klafastöðum verði lagður vegur að Katanesi. Þessi síðarnefndi vegarhluti verður síðar hluti vegarins frá ferjustað að Akranesi. Öll þessi vegagerð er áætluð að kosti kringum 140 þús. kr.

Vegur að ferjustaðnum sunnan fjarðarins. Hannes Arnórsson hefur gert kostnaðaráætlun um tvo vegi sunnan fjarðarins að tveimur mismunandi ferjustöðum, sem til greina getur komið, að notaðir verði. Ef ferjan kæmi á þann stað, sem vitamálastjóri hefur ráðgert, áætlar verkfræðingurinn, að vegir að honum kosti kringum 110 þús. kr. Ef ferjan kemur aftur á móti á stað lítið eitt innar, mun vegurinn kosta kringum 30 þús. kr.

IV. Ferjur í Skotlandi.

Eitt af því, sem sannfært hefur mig um það, að ferja yfir Hvalfjörð sé rétt lausn á samgöngumálinu, er það, að víða í Skotlandi eru ferjur í mynni fjarðar, sem minni eru en Hvalfjörður, en fyrir firðina liggja malbikaðir vegir. Þrátt fyrir þetta fara flestir bílar með ferjunni. Hér er ólíku saman við að jafna, vegurinn fyrir Hvalfjörð illa gerður malarvegur, en vegirnir í Skotlandi fyrirmynd á íslenzkan mælikvarða. Vel má vera, að fleiri dæmi séu þessa erlendis, þótt mér sé ekki um það kunnugt.

V. Fyrirkomulag ferða.

Í áætlun þeirri, sem hér er sett fram, er gert ráð fyrir því, að ein ferja verði notuð að öllum jafnaði, en tvö ferjuskip að sumri til, þegar mest er að gera, en annað skipið mætti fyrst í stað nota jafnframt til annarra verka. Ef svo færi, að beggja skipanna væri þörf, breytir það ekki því ferjugjaldi, sem reiknað er með, sökum þess, að þá yrðu tekjur skipanna meiri en ætlað hefur verið.

Akranesi, 28. marz 1946.

Arnljótur Guðmundsson.

Fylgiskjal II.

FÉLAG SÉRLEYFISHAFA

Reykjavík, 25. marz 1946.

Með bréfi dags. 14. júní 1945 fór félag sérleyfishafa þess á leit við skipulagsnefnd fólksflutninga, að hún léti álit sitt í ljós á því, hvort hún teldi ekki nauðsynlegt að hafinn yrði undirbúningar á að setja ferju á Hvalfjörð.

Skipulagsnefnd fólksflutninga tók máli þessu mjög vel og mælti einróma með því, að hafizt yrði handa í þessu efni og sendi álit sitt til samgöngumálaráðherra.

Síðari hluta vetrar lét Akraneskaupstaður fara fram rannsókn á þessu máli, og komst bæjarstjórnin að þeirri niðurstöðu, að samgöngumálum bæjarins væri bezt borgið með því að koma upp ferju á Hvalfjörð, og hefur hún þegar keypt ferjuskip, sem væntanlegt er til landsins bráðlega.

Hvalfjarðarferja skiptir að sjálfsögðu máli fyrir fleiri en Akraneskaupstað, nægir í því efni að geta þess, að á árinu 1946 eru eftirtaldar áætlunarleiðir skipulagðar um Hvalfjörð:

Reykjavík—Hólmavík.
— —Stykkishólmur.
— —Ólafsvík.
— —Borgarfjarðarhérað
— —Hvalfjarðarströnd.
— —Akranes.
— —Hvammstangi.
— —Kinnarstaðir.
— —Grundarfjörður.

Ef ferja á Hvalfjörð yrði sett, yrðu auk fyrrgreindra áætlunarleiða einnig eftirtaldar leiðir að sjálfsögðu lagðar fyrir Hvalfjörð:

Akranes—Reykholt.
— —Hreðavatn.
— —Akureyri

og væntanlega líka Borgarnes—Borgarfjarðarhérað.

Það má einnig taka það fram í þessu sambandi, að næsta haust bætast við núverandi áætlunarleiðir eftirgreindar leiðir, sem hafa stórfellda þýðingu fyrir samgöngumál þjóðarinnar:

Reykjavík—Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp.
Reykjavík—Siglufjörður.

Eins og framangreint yfirlit sýnir, er hér um að ræða mjög mikilvægt mál, hvað snertir samgöngukerfi landsins í heild.

Stjórn félags sérleyfishafa hefur athugað mjög vandlega, hvernig þessu máli yrði haganlegast skipað, og borið saman þá tvo möguleika að láta ferðirnar fara fyrir Hvalfjörð eða með ferju yfir Hvalfjörð, og er stjórnin algerlega sammála um það, að hagkvæmara sé að setja ferju á Hvalfjörð. Vill stjórnin benda á eftirfarandi rök í þessu sambandi:

1. Styttir allar áætlunarleiðir um Vestur- og Norðurland um eina og hálfa klukkustund og gerir það mögulegt að láta Akureyrar og væntanlega leiðirnar einnig til Siglufjarðar og Ísafjarðardjúps fara í einum áfanga til Reykjavíkur.
2. Stórkostlegur sparnaður á sliti á bifreiðum, gúmmíum, olíu, benzíni og erlendum gjaldeyri.
3. Sparnaður á viðhaldi á hinum erfiða og hættulega vegi fyrir Hvalfjörð.
4. Meira öryggi fyrir farþega.
5. Öruggari ferðir með tilliti til snjóa og ófærðar á Hvalfjarðarleiðinni.

Með tilliti til framanritaðs mælir stjórn sérleyfishafa eindregið með því, að Alþingi stuðli fyrir sitt leyti að framgangi þessa máls og það sem allra fyrst, svo unnt verði að taka ferjuna í notkun fyrri hluta næsta sumars.

F. h. félags sérleyfishafa.

Sigurjón Danivalsson,
form.

Til Alþingis.

Ed. 861. Breytingartillaga

við frumv. til laga um almannatryggingar.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 10. gr. Greinina skal orða svo:

Skipta skal landinu í tryggingaumdæmi eftir því, sem hagkvæmt þykir. Við skiptingu þessa skal, eftir því sem fært þykir, höfð hliðsjón af læknishéruðum og lögsagnarumdæmum.

Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa fimm manna trygginganefnd. Skulu fjórir nefndarmanna kosnir hlutfallskosningu af sveitarstjórnum umdæmisins á sameiginlegum fundi, er halda skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Hinn fimmta skipar ráðherra að fenginni tillögu tryggingaráðs, og er hann formaður.

Kjósa skal og skipa jafnmarga varamenn. Kjörtímabil trygginganefnda er hið sama og sveitarstjórna. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingaumdæma, tekur sveitarstjórn þess þátt í kosningu trygginganefndar í því umdæmi, þar sem flestir af íbúum sveitarfélagsins eru búsettir.

Hlutverk trygginganefnda er að starfrækja skrifstofur fyrir Tryggingastofnunina, þar sem þær eru, og annast rekstur tryggingaanna í viðkomandi umdæmi í umboði Tryggingastofnunarinnar. Enn fremur að gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, sem mættu verða til sparnaðar í rekstri trygginganna.

Tryggingaráð setur nefndum þessum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til nefndarmanna, sem greiðist af Tryggingastofnuninni.

Í tryggingaumdæmum, sem mynduð eru af fleiri en einu sveitarfélagi, hefur Tryggingastofnunin umboðsmenn eftir því, sem þörf krefur.

Nd. 862. Breytingartillaga

við frv. til l. um atvinnudeild háskólans.

Frá menntamálanefnd.

Aftan við 5. gr. bætist:

Landbúnaðarráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn þessarar deildar.

Ed. 863. Frumvarp til laga

um atvinnudeild háskólans.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í atvinnudeild háskólans skulu vera þessar undirdeildir:

1. Fiskideild.
2. Fiskiðnaðardeild.
3. Iðnaðardeild.
4. Landbúnaðardeild.

2. gr.

Fiskideild starfar að:

1. Fiskirannsóknum.
2. Sjórannsóknum.
3. Svifrannsóknum.
4. Botndýrarannsóknum.

3. gr.

Fiskiðnaðardeild starfar að rannsóknum á hagnýtingu sjávarafurða, tilreiðslu þeirra til markaða og geymslu.

4. gr.

Iðnaðardeild starfar að:

1. Almennum efnarannsóknum.
2. Gerlarannsóknum, þar á meðal mjólkurrannsóknum.
3. Matvælarannsóknum.
4. Rannsóknum á byggingarefnum og öðrum smíðaefnum.

5. gr.

Landbúnaðardeild starfar að:

1. Jarðvegsrannsóknum.
2. Jurtakynbótum og frærannsóknum.
3. Rannsóknum jurtasjúkdóma.
4. Fóðurrannsóknum og fóðurtilraunum.
5. Búfjárkynbótum.

Landbúnaðarráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn þessarar deildar.

6. gr.

Ráðherra getur samkvæmt tillögum háskólaráðs aukið verksvið deilda, enda sé áður leitað tillagna hlutaðeigandi forstöðumanna deildanna. Ráðherra sker úr með sama skilyrði, er vafi eða ágreiningur verður um það, hvaða deild skuli sinni tilteknu verkefni.

Tekjur af starfsemi hverrar deildar renna allar í ríkissjóð. Ráðherra getur að fengnum tillögum hlutaðeigandi forstöðumanns sett gjaldskrá fyrir verk, er deildin innir af hendi.

7. gr.

Forseti Íslands skipar forstöðumann fyrir hverja undirdeild atvinnudeildar til 4 ára í senn, enda skal hann vera starfandi sérfræðingur innan deildarinnar. Forstöðumenn hafa sömu réttindi og skyldur sem prófessorar.

Ráðherra skipar sérfræðinga, allt að 13 að tölu. Þeir hafa sömu réttindi og skyldur sem dósentar. Ákvæði 1. gr. laga nr. 24 19. maí 1930 taka eigi til þeirra. Sérfræðingar skulu hafa lokið mag. scient. prófi eða öðru sambærilegu háskólaprófi í grein sinni. Auk þess skulu þeir hafa unnið að vísindalegum rannsóknum í 4 ár hið fæsta að loknu háskólaprófi, en heimilt er að meta doktorspróf eða vísindalega ritgerð þar til jafns við.

Ráðherra skipar aðra sérfræðinga eða ræður þá til ákveðins tíma, að fengnum tillögum forstöðumanns hlutaðeigandi deildar. Þeir skulu hafa lokið mag. scient. prófi eða öðru sambærilegu háskólaprófi í grein sinni. Þessi skilyrði gilda ekki um núverandi starfsmenn atvinnudeildar. Ráðherra er heimilt að gera undanþágu frá þessum kröfum, að fengnum tillögum deildar.

Aðra starfsmenn ræður ráðherra eftir þörfum í samráði við forstöðumenn atvinnudeildar.

8. gr.

Búnaðarfélag Íslands ásamt tilraunaráðum jarðræktar og búfjárræktar, Fiskifélag Íslands og Landssamband iðnaðarmanna skulu ár hvert gera tillögur um það, að hvaða rannsóknum skuli unnið í þeim undirdeildum atvinnudeildar, sem hlut eiga að máli.

9. gr.

Sérfræðingar atvinnudeildar skulu veita nemendum með stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi kennslu í þessum fræðigreinum:

1. Dýrafræði.
2. Grasafræði.
3. Jarðfræði.
4. Landafræði.
5. Stærðfræði.
6. Eðlisfræði.
7. Efnafræði.

Atvinnudeild skal, eftir því sem þörf krefur, hafa samvinnu við aðrar deildir háskólans um að sjá nemendum fyrir þeirri kennslu í ofannefndum greinum, sem nauðsynleg er til undirbúnings prófs þess, er í 9. gr. getur.

10. gr.

Eftir 2—3 ára nám er nemendum rétt að ljúka prófi í þeim greinum náttúrufræða, er þeir hafa valið sér. Veitir slíkt próf rétt til kennarastöðu í gagnfræðaskólum og öðrum slíkum skólum, enda sé skilyrðum annarra laga fullnægt.

11. gr.

Sérfræðingar atvinnudeildar skulu annast kennslu í greinum þeim, sem í 8. gr. segir, eftir nánari ákvörðun ráðherra, og telst það til embættisstarfa þeirra. Ráðherra getur þó, að fengnum tillögum háskólaráðs, undanþegið einstaka starfsmenn kennsluskyldu að einhverju leyti eða öllu, ef nauðsyn þykir vegna rannsóknastarfa þeirra.

12. gr.

Í reglugerð skal setja fyrirmæli um það, hvað kenna skuli í hverri grein náttúrufræða samkvæmt 9. gr., um tilhögun kennslu, próf og hvað annað, er kennslu varðar.

13. gr.

Atvinnudeild lýtur lögum og reglugerð Háskóla Íslands, nema á annan veg sé mælt í lögum þessum.

14. gr.

Fasteignir, hús, tæki og annað í þarfir atvinnudeildar, þar á meðal ríkisbúið á Hesti í Borgarfirði, leggur ríkissjóður til, að svo miklu leyti, sem háskólinn gerir það ekki. Ríkissjóður kostar og framkvæmdir þær allar, er í lögum þessum greinir.

15. gr.

Rannsóknarstofa háskólans og tilraunastöðin í sjúkdómafræði á Keldum í Mosfellssveit lúta læknadeild háskólans, enda skipar ráðherra sá, er fer með mál hans, þar forstöðumenn og starfsfólk að fengnum tillögum læknadeildar, og að því er varðar tilraunastöðina einnig að fengnum tillögum yfirdýralæknis. Hann setur að fengnum tillögum forstöðumanna þær reglur um stofnanir þessar, er nauðsynlegar kunna að vera.

Um lagning vegar að tilraunastöðinni á Keldum frá þjóðveginum um Mosfellssveit gilda ákvæði IV. kafla vegalaga, nr. 101 1933.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

9.—10. gr. l. nr. 64 1940.
9.—19. gr. l. nr. 68 1940.

17. gr.

1.—14. gr. laga þessara koma til framkvæmda eftir því, sem efni vinna til og fé er veitt í fjárlögum.

Nd. 864. Breytingartillögur

við frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar.

Frá Gunnari Thoroddsen.

1. Við 13. gr. Í stað „30“ komi: 20 — og í stað „50“ komi: 25.
2. Við 15. gr. C. Á eftir 2. málslið komi nýr málsliður: Þetta ákvæði nær einnig til þeirra samvinnubústaða, sem lokið er við að byggja eftir 1. janúar 1943.
3. Við 18. gr. A. Í stað „500 teningsmetrum“ komi: 600 teningsmetrum.

Nd. 865. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 856 (Byggingar íbúðarhúsa).

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við tillöguna bætist: að því leyti sem hann er hærri en á því byggingarefni óunnu, er til húsanna þarf.

Nd. 866. Breytingartillaga

við frv. til laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Flm.: Sigurður Thoroddsen, Gunnar Thoroddsen.

Við 4. gr. Við 1. málsgrein bætist: Í Reykjavík mega þó vera fleiri en eitt byggingarfélag verkamanna.

Ed. 867. Breytingartillögur

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 3. gr. 2. mgr. fellur niður.
2. Við 5. gr. Við 1. málsl. bætist: og í samráði við formann tryggingaráðs, sbr. 8. gr.
3. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:

   Tryggingaráð, skipað 5 mönnum, skal fara með störf þau, sem því eru falin með lögum þessum. Skal það kosið hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar, og jafnmargir varamenn. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu.

   Sérstök nefnd þriggja sérfróðra manna skal vera tryggingaráði til aðstoðar og ráðuneytis um læknisfræðileg atriði og framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt III. kafla. Í nefnd þessari eiga sæti landlæknir, sem er formaður hennar, og tveir menn, er ríkisstjórnin skipar til 4 ára í senn, annan samkv. tilnefningu Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur í sameiningu og hinn samkvæmt tilnefningu læknadeildar háskólans. Varamenn fyrir tvo hina síðartöldu skulu skipaðir með sama hætti til sama tíma.

Nú láta læknafélögin eða læknadeild háskólans undir höfuð leggjast að tilnefna mann af sinni hálfu í nefndina samkv. 2. málsgr., og skipar þá ráðherra án tilnefningar mann eða menn í þeirra stað.

4. Við 7. gr. Greinina skal orða svo:

Hlutverk tryggingaráðs er að hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunarinnar og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir ár hvert skal jafnan samin í samráði við tryggingaráð. Einnig skal leita samþykkis ráðsins á öllum heildarsamningum við lækna, sjúkrahús, heilsuverndar- og lækningastöðvar, en að undirbúningi slíkra samninga starfar sérfræðinganefndin, sbr. 6. gr., með forstjóra Tryggingastofnunarinnar og formanni tryggingaráðs.

Ef ágreiningur rís um bætur samkv. II. kafla, eða hlunnindi samkv. III. kafla, leggur tryggingaráð úrskurð á þau mál. Leita skal þó jafnan álits sérfræðinganefndar, áður en úrskurðað er um atriði, er varðar heilsugæzlu samkvæmt III. kafla eða læknisfræðileg atriði, er áhrif hafa á bótagreiðslur.

Nú sættir aðili sig ekki við úrskurð tryggingaráðs, og getur hann þá leitað dómsúrskurðar um málið.

5. Á eftir 7. gr. kemur ný grein (8. gr.), svolátandi:

Formaður tryggingaráðs skal fylgjast með daglegri starfsemi stofnunarinnar og kynna sér alla afgreiðslu mála. Ef um er að ræða bótagreiðslur, sem ekki eru fastákveðnar, en inntar af hendi samkv. heimildarákvæðum, er skylt að leggja þau atriði fyrir formann ráðsins, en hann kynnir sér allar aðstæður. Skal afgreiðsla slíkra mála jafnan borin undir tryggingaráð, ef formaður óskar þess. Hann skal og vinna að undirbúningi fjárhagsáætlunar stofnunarinnar með forstjóra og að öllum meiri háttar samningsgerðum.

6. Við 9. gr. Greinina skal orða svo:

Ráðherra setur nánari reglur um störf og skyldur tryggingaráðs og sérfræðinganefndar og ákveður þóknun ráðsmanna og nefndarmanna svo og sérstaka aukaþóknun til formanns tryggingaráðs.

7. Við 10. gr.

a. Tvær fyrstu mgr. skal orða svo:

Skipta skal landinu í tryggingaumdæmi, eftir því sem hagkvæmt þykir, og skal við ákvörðun umdæma höfð hliðsjón af skipun læknishéraða og lögsagnarumdæma.

Tryggingastofnunin hefur skrifstofur eða umboðsmenn á þeim stöðum, sem bezt henta, og þörf krefur.

b. Fyrir „Skulu fjórir nefndarmanna kosnir“ í 3. mgr. kemur: Kosin.

c. Fyrir síðasta málsl. sömu mgr. kemur:

Nefndin kýs sér sjálf formann. Kjósa skal á sama hátt og til sama tíma jafnmarga varamenn.

d. 1. málsl. 4. mgr. fellur niður.

e. Síðasti málsl. 6. mgr. fellur niður.

f. Fyrir „Tryggingaráð“ í síðustu mgr. kemur: Ráðherra.

8. Við 11. gr. Greinin fellur niður.

9. Við 40. gr. 1. mgr. skal orða svo:

Sjúkrabætur skulu vera:

	Á 1. verðlagssvæði	Á 2. verðlagssvæði
Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis eða er atvinnulaus	kr. 6.00 á dag	kr. 5.00 á dag
Fyrir aðra	— 5.00 —	— 4.00 —

10. Við 42. gr.

a. Fyrir „frá og með 8. veikindadegi“ í stafl. a. kemur: frá og með 11. veikindadegi.

b. Fyrir „lengur en 10 daga“ í sama stafl. kemur: lengur en 14 daga.

c. Fyrir „fimmtu sjúkraviku“ í stafl. b. kemur: sjöttu sjúkraviku,
d. Síðasta málsl. í sama stafl. skal orða svo: „Heimilt er tryggingaráði að ákveða að greiða bætur samkvæmt framansögðu frá og með 11. veikindadegi, ef hlutaðeigandi fer í sjúkrahús eða atvinnurekstur hans stöðvast.

11. Við 43. gr.
a. Fyrir „44. gr.“ í fyrri mgr. kemur: 42. gr.
b. Orðin „heima samtals 4 vikur“ í sömu mgr. falla niður.

12. Við 44. gr.
a. Fyrir „vika er liðin“ í 1. mgr. kemur: 10 dagar eru liðnir.
b. 2. málsl. fellur niður.
c. Fyrir „miðast þá“ í 3. málsl. kemur: miðast.

13. Við 53. gr. 1. mgr. skal orða svo:
Dagpeningar eru kr. 7.50 á dag.

14. Við 78. gr. 2. mgr. skal orða svo:
Heilsugæzlunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, eftir því sem sveitarstjórn ákveður, og kosin hlutfallskosningu af sveitarstjórn eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kjósa skal jafnmarga varamenn á sama hátt og til sama tíma.

15. Við 94. gr. Fyrir „125000“ í 3. mgr. kemur: 100000.

16. Við 95. gr. Fyrir „75000“ í síðustu mgr. kemur: 100000

17. Við 114. gr. Fyrir „5 millj.“ í 1. mgr. kemur: 4½ millj.

18. Við 116. gr. Fyrir „7 millj.“ í 1. mgr. kemur: 7½ millj.

19. Við 127. gr. Í stað 2. mgr. koma tvær mgr.
Tryggingaskírteini skulu afhent í janúarmánuði ár hvert, eftir nánari ákvörðun Tryggingastofnunarinnar. Í fyrsta sinn skulu skírteinin þó afhent í desembermánuði 1946 og gilda þá frá áramótum þar til ný afhending hefur farið fram, sbr. 128. gr.
Í fyrsta sinn sem tryggingaskírteini eru afhent, sbr. 2. mgr., skulu allir iðgjaldsgreiðendur, sbr. 105. gr., greiða sérstakt skírteinagjald, er nemi kr. 40.00 fyrir karla 21 árs og eldri og kr. 25.00 fyrir konur og fyrir karla innan 21 árs. Gjald þetta greiðist beint til Tryggingastofnunarinnar eða umboðsmanna hennar.

20. Við 128. gr. Fyrsta málsl. skal orða svo:
Tryggingaskírteini gilda frá og með 1. janúar það ár, sem afhending fer fram, og til loka þess árs.

21. Við 140. gr.
a. 1. mgr. skal orða svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947 (sbr. þó síðasta tölul. ákvæða til bráðabirgða), en ákvæði II. kafla (sjúkrabætur) koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1947 og ákvæði III. kafla (heilsugæzla) ekki fyrr en 1. janúar 1948.
b. Fyrir „Frá 1. janúar 1947 falla úr gildi“ kemur: Með lögum þessum eru úr gildi numin:
c. Aftan við 4. tölul. 2. mgr. bætist nýr málsl.: Þó heldur III. kafli þeirra laga gildi sínu, þar til III. kafli þessara laga kemur til framkvæmda.
d. Aftan við 6. tölul. bætist: þó ekki fyrr en III. kafli þessara laga kemur til framkvæmda.
e. Tölul. 7 fellur niður.

22. Við ákvæði til bráðabirgða. Aftan við ákvæðin bætast nýir töluliðir:
a. Á meðan ákvæði III. kafla laga þessara koma ekki til framkvæmda, er ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að lækka iðgjöld skv. 109. gr. um allt að 30%, þó aldrei meira en sjúkrasamlagsiðgjaldi gjaldanda nemur. Þar, sem ekki er sjúkrasamlag, skal slík iðgjaldalækkun nema sjúkrasamlagsgjaldi eins og það er lægst á landinu.

b. Kosning tryggingaráðs samkv. 6. gr. skal í fyrsta sinn fram fara á Alþingi því, er setur þessi lög, og gildir sú kosning þar til að afstöðnum öðrum almennum alþingiskosningum eftir staðfestingu laganna. Um leið og kosið er tryggingaráð í fyrsta sinn, fellur niður umboð tryggingaráðs þess, er kosið var til 31. des. 1947, samkv. 7. gr. laga nr. 104 1943.

Þau ákvæði í lögum þessum, er varða undirbúning framkvæmda samkvæmt þeim, svo sem ákvæði 2. mgr. 6. gr., 10. gr., 126. og 127. gr., skulu koma í gildi á árinu 1946 eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Nd. 868. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á l. nr. 48 23. febrúar 1945, um skipakaup ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpi þessu var vísað til fjárhagsnefndar 8. dag októbermánaðar árið 1945, en var ekki tekið þar til umræðu fyrr en rúmlega hálfu ári síðar, eða mánudaginn næstan fyrir páska árið 1946, sem bar upp á 15. apríl.

Þegar málið var loks tekið fyrir í nefndinni, óskaði ég þess, að leitað yrði upplýsinga hjá ríkisstjórninni um hvað búið væri að semja um smíði á mörgum skipum samkv. þessum bráðabirgðalögum, hvert væri umsamið verð þeirra og hvort búið væri að gera samninga um sölu á einhverju af skipunum. Meiri hluti nefndarinnar ákvað hins vegar að afgreiða málið þá þegar á fundinum, án þess að leita nokkurra upplýsinga um það.

Ég verð að átelja mjög þau vinnubrögð, sem hér eru viðhöfð. Frumvarpið er látið liggja hjá nefndinni óafgreitt í 189 daga, án þess að það sé nokkru sinni tekið til umræðu allan þann tíma, en þegar formaður nefndarinnar ákveður loks að taka málið fyrir, neitar meiri hluti nefndarinnar að leita upplýsinga, sem þingmönnum er nauðsynlegt að fá til þess að geta myndað sér skoðanir um efni frumvarpsins, þótt slíkra upplýsinga ætti að mega afla á 1 eða 2 klukkustundum.

Það er þó kunnugt, að ríkisstjórnin hefur gert bindandi samninga um smíði á nokkrum bátum, samkv. þessum bráðabirgðalögum, og verður þeim ráðstöfunum ekki breytt héðan af. En takist að fá nauðsynlegar upplýsingar um málið, áður en það verður afgreitt frá deildinni, mun ég flytja breytingartillögur við frv., eftir því sem mér kann að þykja ástæða til.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 869. Frumvarp til laga

um eftirlit með skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI

1. gr.

Orðaskýringar:

1. **Skip** er sérhvert fljótandi far, nema annars sé getið.
2. **Íslenzkt skip** er hvert það skip, sem skrásett er hér á landi og rétt hefur til þess að sigla undir íslenzkum fána.
3. **Farþegaskip** er hvert það skip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.

4. **Farþegar** eru allir, sem á skipi eru, aðrir en skipshöfn. Þeir teljast þó eigi farþegar, sem komnir eru í skip vegna óviðráðanlegra atvika, eða samkvæmt skyldu skipstjóra til þess að flytja nauðstadda menn.
5. **Þilfarsfarþegi** er farþegi, sem greiðir fargjald í lægsta fargjaldsflokki.
6. **Flokkað skip** er hvert það skip, sem hefur gilt flokkunarskírteini frá flokkunarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra.
7. Þar, sem talað er um **rúmlest**, er átt við brúttó rúmlest (100 ensk teningsfet = 2,83 m³), nema annars sé getið.
8. **Önnur fljótandi för** eru ferjur á sjó, vötnum og ám og hvert annað far, sem notað er til að flytja menn, dýr eða muni.
9. **Vélskip** er hvert það skip, sem knúið er aflvél í því sjálfu.
10. **Eimskip** er hvert það skip, sem knúið er gufuafli.
11. **Mótorskip** er hvert það skip, sem knúið er með olíuhreyfli.
12. **Skipverji** er hver sá maður, sem skráður er á skip eða á því er og skyldi skráður.
13. **Eldfim efni** (sbr. 44. gr.) eru: eter (naphta) og aðrir vökvar, sem blandaðir eru eter, brennisteinskolefni, steinolíu-eter, gasolía, benzín og aðrir slíkir vökvar, er logamark þeirra er undir 22° á Celsíus með 760 mm loftvogarstöðu.
14. **Ákvæði laganna um stálskip eiga einnig við um járnskip.**
15. Þar, sem rætt er um ráðherra í lögum þessum, er átt við ráðherra þann, sem fer með siglingamál.

2. gr.

Þar, sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara til allra íslenzkra skipa og báta, sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna, og gerðir eru út hér á landi, hvort heldur er til farþegaflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða.

Ákvæði laganna taka og til erlendra skipa og báta, sem íslenzkir ríkisborgarar hafa á leigu, ef þau eru gerð út hér eða í förum hingað eða héðan, með íslenzkri skipshöfn.

Sé um að ræða erlent skip flokkað í flokkunarfélagi viðurkenndu af ráðherra, ná lögin þó aðeins til öryggisbúnaðar þess.

Ákvæði laganna taka enn fremur til allra báta án tillits til stærðar, flytji þeir farþega, hvort sem er á sjó eða vötnum.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að eftirlit skuli haft með öryggi annarra fljótandi fara og hvernig því eftirliti skuli haga.

II. KAFLI

Um haffæri skipa, skyldur útgerðarmanna og skipstjóra o. fl.

3. gr.

Skip skal telja óhaffært:

a. ef gilt haffærisskírteini, hleðslumerkjaskírteini og, sé um farþegaskip að ræða, öryggisskírteini, er ekki sýnt, þegar þess er krafizt af embættismanni eftirlitsins eða trúnaðarmanni þess, sbr. 17. og 18. gr.;
b. ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa;
c. ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, það svo ofhlaðið mönnum eða munum, vanhlaðið, kjölfestulítið, illa birgt af vistum, vatni, kolum, olíu eða öðrum vélanauðsynjum sé það vélskip, eða af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er við siglingar.

4. gr.

Eiganda skips, útgerðarmanni svo og skipstjóra er skylt að sjá um, að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi og því sé haldið haffæru, hvort heldur það er statt í höfn eða á hafi úti.

5. gr.

Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir árekstri, eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast, að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefur, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið.

Verði því komið við án verulegrar tafar, skal skoðun framkvæmd af skoðunarmönnum skipaeftirlitsins, en annars skal hún gerð af sérfróðum mönnum, er kvaddir skulu af sjódómi á þeim stað.

Ef svo ber við, að ekki verður náð til sérfróðra manna, þar sem skipið er statt, skal skipstjóri, yfirvélstjóri og yfirstýrimaður ásamt tveimur mönnum, er skipshöfn velur, framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu. Ágrip af skoðunarskýrslunni skal ritað í eftirlitsbók skipsins og undirritað af þeim öllum, er hana önnuðust. Þar skal kveðið skýlaust á um haffæri skipsins. Afrit af því, sem bókað var, skal þá þegar sent eftirlitsmanni í því umdæmi, eða til þess eftirlitsmanns, er fyrst næst til, og ákveður hann, hvort ný skoðun skuli fara fram.

III. KAFLI
Skipaeftirlitið.

6. gr.

Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirumsjón ráðherra.

7. gr.

Forseti skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála.

Hann skal hafa starfið sem aðalstarf, vera skipaverkfræðingur eða vélfræðingur eða sérfræðingur um smíði tréskipa eða siglingafræðingur og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi. Eigi má hann hafa þau störf á hendi, er telja má ósamrýmanleg stöðu hans, svo sem venjulegt skipaeftirlitsstarf.

Launuð aukastörf má hann engin hafa á hendi nema með leyfi ráðherra.

Skipaskoðunarstjóri hefur skrifstofu í Reykjavík.

Um verksvið hans og starfshætti skal ákveðið í reglugerð, er ráðherra setur, að því leyti, sem ákvæði þessara laga ná ekki til. Við samningu reglugerðarinnar skal leita álits Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands.

8. gr.

Skipaskoðunarstjóri skal hafa sérfróða fulltrúa, er starfi við skipaeftirlitið að öllu eða nokkru leyti. Skal einn þeirra vera skipaverkfræðingur, annar vélfræðingur, þriðji siglingafræðingur (skipstjóri).

Þeir skulu skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra og fullnægja kröfum þeim, er þarf til þess að vera embættismaður hér á landi.

Ráðherra getur ákveðið, að skipaskoðunarstjóri skuli annast eitt þessara sérfræðistarfa.

9. gr.

Landið skiptist í 5 eftirlitssvæði. Þau eru:

1. eftirlitssvæði:
   Frá Hjörleifshöfða að Skor á Barðaströnd. Allar Breiðafjarðareyjar meðtaldar.
2. eftirlitssvæði:
   Frá Skor í Hrútafjarðarbotn.
3. eftirlitssvæði:
   Frá Hrútafjarðarbotni að Gunnólfsvíkurfjalli

4. eftirlitssvæði:
   Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Hjörleifshöfða.
5. eftirlitssvæði:
   Vestmannaeyjar.

10. gr.

Skipaskoðunarstjóri skipar eftirlitsmann á hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eftirlitsins þar og umsjón með skoðunarmönnum undir yfirstjórn skipaskoðunarstjóra.

Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er skipastoðunarstjóri ákveður, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa reynslu og þekkingu á siglingum og skipum.

Skipaskoðunarstjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

11. gr.

Eftirlitsmaður skal sjálfur annast allt eftirlit þar á svæði sínu, sem mest þörf er eftirlits, á hverjum tíma árs. Ef erfiðleikar eru á því, að hann vegna fjarlægðar geti á sama tíma haft fullnægjandi eftirlit á öðrum stað eða stöðum á svæðinu, þar sem er sérstök þörf eftirlits, ber honum að fela hæfum manni eftirlit þar, enda fullnægi sá skilyrðum þeim, sem sett eru um eftirlitsmenn, og fallist skipaskoðunarstjóri á, að þörf sé sérstaks eftirlits á þeim stað.

Eftirlitsmenn skulu halda dagbók um störf sín og senda skipaskoðunarstjóra mánaðarlega skýrslu um þau.

12. gr.

Hvert eftirlitssvæði skiptist í skoðunarsvæði. Þau eru:

I. eftirlitssvæði:
   1. skoðunarsvæði: Frá Hjörleifshöfða að Jökulsá á Sólheimasandi.
   2. — Frá Jökulsá á Sólheimasandi að Þjórsá.
   3. — Frá Þjórsá að Grindavík.
   4. — Grindavík og Reykjanesskagi að Hafnarfirði.
   5. — Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
   6. — Reykjavík og Kjósarsýsla.
   7. — Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (frá Hvalfjarðarbotni til Hítarár).
   8. — Frá Hítará að Búlandshöfða.
   9. — Frá Búlandshöfða að Skor. (Allar Breiðafjarðareyjar meðtaldar.)

II. eftirlitssvæði:
   10. skoðunarsvæði: Frá Skor að Kópanesi.
   11. — Allur Arnarfjörður.
   12. — Allur Dýrafjörður.
   13. — Allur Önundarfjörður.
   14. — Allur Súgandafjörður.
   15. — Frá Gelti til Geirhólma.
   16. — Frá Geirhólma í Hrútafjarðarbotn.

III. eftirlitssvæði:
   17. skoðunarsvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Skagatá.
   18. — Frá Skagatá að Haganesvík.
   19. — Haganesvík að Siglunestá.
   20. — Frá Siglunestá að Ólafsfjarðarmúla.
   21. — Frá Ólafsfjarðarmúla að Gjögri, svo og Grímsey.
   22. — Frá Gjögri að Tjörnestá, svo og Flatey á Skjálfanda.
   23. — Frá Tjörnestá að Gunnólfsvíkurfjalli.

IV. eftirlitssvæði:
24. skoðunarsvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Lagarfljóti.
25. — Frá Lagarfljóti að Loðmundarfirði.
26. — Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður.
27. — Frá Dalatá að Gerpi.
28. — Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði.
29. — Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.
30. — Frá Breiðdalsvík að Austurhorni.
31. — Frá Austurhorni að Hjörleifshöfða.

V. eftirlitssvæði:
32. skoðunarsvæði: Vestmannaeyjar.

13. gr.

Skipaskoðunarstjóri skipar að fengnum tillögum eftirlitsmanns og sjómannasamtaka á hverjum stað skoðunarmenn á hvert skoðunarsvæði. Tölu skoðunarmanna á hverju skoðunarsvæði ákveður skipaskoðunarstjóri að fengnum tillögum eftirlitsmanns. Skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á svæði sínu, hafa reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum og vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann.

Eftirlitsmaður skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

14. gr.

Áður en embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins taka til starfa, skulu þeir undirrita eið eða drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starfann eftir beztu samvizku og þekkingu.

Ekki mega þeir skoða þau skip eða annast önnur störf skipaeftirlitsins, að því er snertir skip, er þeir eiga sjálfir að meira eða minna leyti eða ef þeir eru í þjónustu slíkra aðilja. Eigi mega þeir heldur annast skipaskoðunarstörf að því er snertir þau skip, sem þeir eru á einn eða annan hátt við riðnir, þannig að þeir verði eigi taldir óvilhallir.

Skipaeftirlitsmaður sker úr, hvort skoðunarmenn séu óvilhallir.

15. gr.

Skipaskoðunarmenn annast allar skoðanir, er ræðir um í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi.

Nú er um skoðun að ræða, er eftirlitsmaður telur þannig vaxna, að meiri sérfræðilegrar þekkingar sé þörf, og skipar hann þá sérfróðan mann eða menn skoðunarmönnunum til aðstoðar.

Ef þörf krefur, getur skipaskoðunarstjóri kvatt mann til skoðunar utan umdæmis síns.

16. gr.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé kröfum þeim, sem gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, um öryggi skipa.

Skoðunar- og eftirlitsmenn skulu líta eftir umgengni og hreinlæti í vistarverum og forðageymslum.

Að lokinni skoðun er skipaskoðunarmönnum skylt að sjá um, að bætt sé úr því, sem þeir telja áfátt. Telji skoðunarmenn eigi öruggt, að skip sé í förum, skulu þeir eigi láta skoðunarvottorð af hendi, en tilkynna útgerðarmanni eða skipstjóra, að vottorð verði eigi afhent, fyrr en úr göllunum sé bætt, enda skal og skipinu bannað að vera í förum.

Um málið fer síðan samkvæmt VII. kafla.

Ef það, sem áfátt þykir, er þannig vaxið, að haffæri skips er óskert og eigi er hægt að bæta úr því þegar í stað, þar sem skipið er statt, skal skoðunarmaður gefa skipstjóra hæfilegan frest til þess að fullnægja gerðum kröfum, þó eigi lengri en 3 mánuði.

Hvers vant er, ástæður til frestveitingar og lengd frests skal skráð í eftirlitsbók.

Þegar frestur er liðinn, ber skoðunarmanni að ganga úr skugga um, að bætt hafi verið úr því, sem áfátt var. Hafi það eigi verið gert, ber honum tafarlaust að skýra eftirlitsmanni frá, og ákveður hann þá, hvort frestur skuli framlengdur eða hvort útgerðarmaður eða skipstjóri skuli sóttir til saka.

Verði ekki náð til skipsins, þegar fresturinn er útrunninn, skal eftirlitsmaður leita aðstoðar skipaskoðunarstjóra í málinu, og ákveður hann þá, hvað gera skuli.

17. gr.

Eftirlitsmönnum ber hverjum í sínu umdæmi að gæta þess, að fullnægt sé fyrirmælum um öryggi skipa. Í því skyni ber þeim m. a. að athuga skip í umdæmi sínu, hleðslu þeirra og haffæri fyrirvaralaust, þegar hentugt þykir eða ástæða virðist til, einkum er skip kemur til hafnar eða fer úr höfn. Komi fram, að vafi leiki á því, hvort skip sé haffært samkvæmt lögum þessum, skal það stöðvað til bráðabirgða samkvæmt 45. gr.

Ef skipaskoðunarstjóri telur ástæðu til, getur hann tilnefnt trúnaðarmenn til þess að annast einstök störf eftirlitsmanna, og hafa þeir þá sama rétt og skyldur og eftirlitsmenn.

18. gr.

Verði skoðunarmenn, lögreglumenn, hafnsögumenn, hafnaryfirvöld, tollmenn, trúnaðarmenn stéttarfélaga sjómanna á staðnum eða skrásetningarstjórar varir við, að lög þessi séu brotin eða að brotnar séu reglugerðir settar samkvæmt þeim, eða telji þeir sig hafa ástæðu til þess að ætla, að skip sé ekki haffært, skulu þeir tafarlaust gera næsta eftirlitsmanni aðvart, og skal hann þá að athuguðu máli gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 17. gr.

Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva, er þeir eru að starfi sínu, þó þannig, að þeir skulu gera forstjóra stöðvarinnar aðvart. Athugar hann málið og snýr sér til eftirlitsmanns skipaskoðunarinnar, ef hann telur ástæðu til.

19. gr.

Þegar embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins eru að starfi, hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem statt er í íslenzkri höfn eða innan íslenzkrar landhelgi, til þess að rannsaka það, sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Leita ber þó álits eftirlitsmanns eða skipaskoðunarstjóra, ef eigi er nauðsyn skjótra aðgerða.

Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar eru skyldir til að veita eftirlitinu alla aðstoð og upplýsingar, sem óskað er og starfið varða.

Trúnaðarmenn eftirlitsins skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa töfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

20. gr.

Embættis- og sýslunarmenn eftirlitsins eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

IV. KAFLI
Skoðun skipa.

21. gr.

Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana, sem um ræðir í III. kafla, einkum 19. gr., sbr. og 7. gr., eru skoðunargerðir á skipum þrenns konar: aðalskoðun, aukaskoðun og sérstök aukaskoðun.

22. gr.

Skoðun á þiljuðum skipum annast tveir sérfróðir skoðunarmenn, sbr. þó 15. gr., 2. mgr.

Skal annar þeirra vera vélfróður, en hinn eftir atvikum skipasmiður eða siglingafróður maður.

Skoðun á opnum bát, hvort sem hann er með vél eða án vélar, skal framkvæmd af sérfróðum manni.

23. gr.

Aðalskoðun skal gera á skipinu, sem hér segir:

a) Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefur verið hér á landi eða breytt þannig, að farmrými hefur verið stækkað, yfirbygging aukin, breytt um aðalvél eða því hefur verið breytt svo mjög, að mæla þurfi það af nýju.
b) Þegar skip er fengið frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skrásetningar undir íslenzkan fána eða til útgerðar hér á landi.
c) Á öllum farþegaskipum, öllum stálskipum eldri en 12 ára og tréskipum eldri en 16 ára einu sinni á ári.
d) Á öllum öðrum skipum annað hvort ár.

24. gr.

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skips, bæði sjálfs bols þess, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélatækja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skips.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi, skal sú skoðun, sem fram fór á því til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefur verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. janúar 1926, um haffæri og búnað skipa og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og skipaskoðunarinnar.

25. gr.

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) vottorð um skoðunina og álit sitt um, hvort þeir telji skip haffært eða eigi. Jafnframt ber þeim að senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina, hvort tveggja ritað eftir fyrirmynd, er ráðherra setur. Skýrsluna sendir síðan eftirlitsmaður skipaskoðunarstjóra ásamt athugasemdum sínum.

Hafi skoðun leitt í ljós, að skip sé haffært, skal lögreglustjóri (tollstjóri) eða skipaskoðunarstjóri gefa því haffærisskírteini. Öryggisskírteini farþegaskipa, sem út eru gefin samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á sjónum, 31. maí 1929, skal þó skipaskoðunarstjóri gefa út.

Í haffærisskírteini skal tilgreina nafn skips og heimili, skrásetningarbókstafi þess, númer þess á fiskiskipaskrá og umdæmisbókstafi, ef um fiskiskip er að ræða, rúmlestatal, hvort skip sé seglskip eða vélskip, opið eða þiljað, til hvaða ferða skip sé ætlað, tölu farþega, er það má flytja, sé um farþegaskip að ræða, svo og, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, er gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Haffærisskírteini skipa, sem um ræðir í c-lið 23. gr., gildir í eitt ár, frá því að það var gefið út.

Haffærisskírteini skipa, sem um ræðir í d-lið 23. gr., gildir í tvö ár, frá því að það var gefið út, enda hafi lögboðin aukaskoðun farið fram.

Nú er skip eigi í höfn hér, þegar haffærisskírteini þess gengur úr gildi, og getur þá skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinis um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en 3 mánuði, enda sé eigi ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært. Nú eru annars sérstök vandkvæði á, að skírteini verði endurnýjað, án þess að eiganda, útgerðarmanni eða skipstjóra verði um kennt, og getur skipaskoðunarstjóri þá framlengt gildi skírteinis um allt að 45 daga, enda sé engin ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært.

Haffærisskírteini skal fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt við tollafgreiðslur skips, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum skipaeftirlitsins, sbr. III. kafla, eða lögreglunni. Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipi á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skip sé óhaffært, og skal skip þá lagt í farbann, sbr. 45. gr.

26. gr.

Almenn aukaskoðun skal gerð einu sinni á ári á skipum þeim, er ræðir um í 23. gr., d-lið, í lögum þessum, það ár, sem aðalskoðun fer ekki fram á þeim.

27. gr.

Við almenna aukaskoðun skal sérstaklega athuga allan búnað skips og áhöld, botn skips og stýrisbúnað. Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sé þá eigi liðið ár frá síðustu botnskoðun.

28. gr.

Sérstök aukaskoðun skal gerð, er svo stendur á sem hér segir:

a) Þegar skip hefur sætt verulegri viðgerð, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkvæmt 23. gr. í lögum þessum.
b) Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, meiri hluti skipshafnar, vélstjóri eða stjórn stéttarfélags eða félaga sjómanna á staðnum krefst skoðunar. Krafa skal send eftirlitsmanni og vera skrifleg og rökstudd. Trúnaðarmenn eftirlitsins eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur.
c) Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess, svo sem er skip skiptir um veiðiaðferð.

Synji eftirlitsmaður um skoðun, er hennar er krafizt samkv. b-lið, má skjóta málinu til skipaskoðunarstjóra.

29. gr.

Við sérstaka aukaskoðun skal athuga þá hluta skips eða skipsbúnaðar, er ástæða þykir til vegna atvika þeirra, er skoðuninni valda.

30. gr.

Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skoðunarmenn senda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) vottorð um skoðunina og álit sitt um, hvort þeir telji skip haffært eða eigi. Jafnframt ber þeim að senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina, og skal hvort tveggja þetta ritað eftir fyrirmynd, er ráðherra setur. Skýrsluna sendir síðan eftirlitsmaður skipaskoðunarstjóra ásamt athugasemdum sínum.

Telji skoðunarmenn skip haffært, ritar lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri á haffærisskírteini þess athugasemd um, að aukaskoðun hafi farið fram og að hún hafi eigi leitt neitt það í ljós, er geri skipið óhaffært.

31. gr.

Nú fer fram auka- eða skyndiskoðun á skipi, og getur þá skipaskoðunarstjóri ákveðið, að aðalskoðun skuli fara fram þá þegar, enda skal sú ákvörðun rökstudd.

32. gr.

Synji skipaskoðunarstjóri um skoðun, þegar hennar er krafizt samkv. b-lið 28. gr., eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 50. gr. Um slík mál fer sem segir í 48. gr.

Dómurinn kveður endanlega á um, hvort skoðun eða eftir atvikum yfirskoðun skuli fara fram.

Dómurinn annast yfirskoðun sjálfur eða kveður til sérstaka yfirskoðunarmenn, ef þörf þykir. Þeir skulu vera þrír eða fimm eftir ákvörðun dómsins, sérfróðir, hæfir og óhlutdrægir menn, er fullnægja skilyrðum til þess að gegna embætti eða sýslan hér á landi.

Yfirskoðunargerð verður ekki haggað, ef hún hefur farið löglega fram. Hún skal staðfest með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt er af einhverjum þeim, er hlut á að máli.

V. KAFLI

Um smíði, búnað, breytingar og innflutning á skipum.

33. gr.

Skip skal að jafnaði fullnægja skilyrðum þeim, sem hér segir:

A. Skrokkur, reiði og vélar.

1. Skrokkur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi.
2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnsþétt skilrúm.
3. Stýri og stýrisbúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skal vera fullnægjandi og í góðu ástandi. Vélknúnar austurdælur skulu vera í skipum, sem eru 50 rúmlestir eða stærri.
4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld.
5. Skip skal láta vel að stjórn og vera nægilega stöðugt, svo að því verði örugglega siglt. Athugun á stöðugleika annarra skipa en þeirra, sem um ræðir í 35. gr., framkvæmir skipaskoðunarstjóri á þann hátt, er hann telur fullnægjandi, eftir atvikum með tæknilegri rannsókn.

Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1.—5. lið, að jafnaði talið fullnægt, ef skip fullnægir þeim kröfum, er flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma, að slíkt skip nái 1. flokki, þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða, sem því eru ætlaðar.

B. Siglingatæki.

1. Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum, sem nauðsynleg eru, til þess að því verði örugglega siglt, þar með talin fjarskipti-tæki, sem fyrirskipuð eru eða kunna að verða.

Í skipi skal vera a. m. k. einn áttaviti og honum komið fyrir á öruggum stað.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans til þess að rétta áttavita.

Skip skal búið þjóðfána.

C. Öryggisráðstafanir og eldvarnir.

1. Varnir gegn slysum, er leitt getur af venjulegri notkun skips, skulu vera í því horfi, að menn, sem dvelja eða vinna á skipsfjöl eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.

Auknar kröfur má gera um öryggi tækja, ef gallar á þeim valda sérstakri slysahættu.

2. Gegn eldhættu skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir. Í skipi skulu vera slökkvitæki, sem beita má hvar sem er í því. Vélknúin dæla skal vera í öllum skipum, 30 rúmlesta eða stærri.

D. Björgunartæki.

1. Skip skal búið traustum björgunartækjum, er komið sé fyrir á hentugum stöðum.
2. Á skipi, sem er í millilandasiglingum, skulu vera nægjanlegir bátar handa öllum, sem á skipi eru.

   Á skipi, sem er í strandsiglingum, skulu vera nægjanlegir bátar handa skipshöfn, en um báta og fleytitæki handa öðrum skal setja sérreglur, sbr. 2. lið 34. gr. og 36. gr.
3. Hæfilega margir bjarghringar skulu vera á skipi. Tölu þeirra ber að miða við stærð skips og fjölda þeirra manna, sem þar er ætlað að vera.
4. Nánari reglur skulu settar um notkun og öryggi björgunartækja, þar með taldar reglur um, að hve miklu leyti bátar skuli vera björgunarbátar. Er sérstaklega stendur á, má krefjast þess, að auk báta skuli vera björgunarflekar eða svipuð fleytitæki. Ef öruggt þykir, má leyfa, að slík tæki komi að nokkru leyti í stað báta.

E. Vistarverur.

1. Vistarverur skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hreinlætistæki og viðhald.

   Reglur um rúmmál, gólfflöt og lofthæð skulu miðaðar við gerð skips og ferðir, sem því eru ætlaðar.

   Sérstök rekkja skal vera fyrir hvern skipverja.
2. Í reglugerð skal og kveða á um búnað skips að lyfjum og hjúkrunargögnum.
3. Reglugerðir, sem um ræðir í 1. og 2. lið, skulu settar af ráðherra að fengnu áliti landlæknis og skipaskoðunarstjóra.

F. Fjarskiptitæki.

Skip, sem siglir meira en 3 sjómílur frá landi og er stærra en 15 rúmlestir, skal hafa loftskeytastöð eða radiotalstöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði. Einn skipverja, að minnsta kosti, skal hafa starfsrækslukskírteini fyrir slíka stöð, samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Stöð þessi er háð eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar. Póst- og símamálastjórnin gefur út öryggisvottorð fyrir fjarskiptitækin og tilkynnir skipaskoðunarstjóra árangur skoðunar á þeim, svo og annað varðandi þau, er ástæða þykir til.

G. Skipsskjöl.

1. Auk leiðarbókar (dagbókar) og véladagbókar skal skip hafa eftirlitsbók, sem í eru skráð vottorð skipaeftirlitsins um framkvæmdar skoðunargerðir ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits, sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið, sem krafizt kann að verða.

   Bjóða má, að skip hafi segulskekkjubók, sem í er skráð segulskekkja áttavitanna.

   Gerð og færslu eftirlitsbókar og segulskekkjubókar skal hagað á þann hátt, er skipaskoðunarstjóri kveður á um.
2. Lög þau og reglur um siglingamál, sem boðið er, skulu vera á skipi. Á þar til gerðum stöðum skal festa auglýsingar um þau efni, er krafizt er, að þannig séu birt.
3. Auk þjóðernis- og skrásetningarskírteinis og mælingabréfs skal skip hafa haffærisskírteini, hleðsluskírteini og leyfisbréf fyrir radiostöð. Enn fremur öryggisskírteini, þar sem þess er krafizt.

34. gr.

Um farþegaskip gilda ákvæði 33. gr. með þeim breytingum og viðbótum, er hér segir:

1. Farþegaskip skal að öllu vera þannig gert og búið, að því er snertir öryggi mannslífa, að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra, sem það er notað til.
2. Um búnað og björgunartæki farþegaskipa skal setja sérreglur.
3. Um vistarverur farþega, stærð þeirra, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, viðhald og hreinsun setur ráðherra reglugerð að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra.
4. Í skipi skal vera auglýst, svo að á ber, til hvers konar flutninga skip sé ætlað, og hámark farþegafjölda.

35. gr.

Farþegaskip, hvort heldur þau eru smíðuð til millilanda- eða strandsiglinga, skulu vera nægilega stöðug með alla farþega ofan þilfars, og er þá miðað við hæstu tölu farþega, sem hugsanlegt er, að skip flytji.

Að lokinni tæknilegri skoðun á stöðugleika skips skal skipaskoðunarstjóri ákveða í samráði við skipasmíðastöðina, hvernig úr skuli bætt, sé um ófullnægjandi stöðugleika að ræða.

36. gr.

Þegar skip, sem ekki telst farþegaskip samkvæmt lögum þessum, er að áliti skipaskoðunarstjóra notað til reglulegra farþegaflutninga, skal hann kveða á um það sérstaklega um hvert skip, hvers krafizt skuli um gerð þess og búnað. Þegar svo ber undir, að skip, sem ekki er farþegaskip, flytur annað fólk en skipverja, skulu settar sérreglur um aðbúð þeirra og öryggi.

37. gr.

A. Nýsmíði innan lands:
   1. Nýsmíði skipa er háð eftirliti skipaskoðunar ríkisins.
   2. Um nýsmíði tréskipa fer eftir uppdráttum og reglum, er ráðherra setur um smíði þeirra, svo og öðrum þeim reglum, er varða öryggisbúnað skipa.
   3. Sé um stálskip að ræða, annast skipaskoðun ríkisins eftirlitið, ef skipið er ekki smíðað undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags, en annars skal fela eftirlitið því flokkunarfélagi, er hlut á að máli. Þá skal og skipaskoðun ríkisins annast um, að skip fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru að alþjóðalögum og íslenzkum réttarreglum um öryggi skipa og búnað þeirra.
   4. Þegar nýtt skip er smíðað, skipar skipaskoðunarstjóri skoðunarmann, sem hefur daglegt eftirlit með smíðinni af hálfu hins opinbera. Verði því við komið, skal skipa einn hinna föstu skoðunarmanna skipaeftirlitsins á staðnum, enda verði hann talinn óhlutdrægur. Enn fremur skulu hinir sérfróðu menn, er um ræðir í 8. gr., ferðast milli skipasmíðastöðvanna samkvæmt ákvörðun skipaskoðunarstjóra, og skulu þeir leiðbeina við skipasmíðina, eftir því sem þörf krefur.

B. Nýsmíði erlendis:
   1. Tréskip, sem smíðuð eru erlendis til skráningar hér á landi, skulu fullnægja ákvæðum íslenzkra laga og reglugerða um smíði og styrkleika skipa eða reglum flokkunarfélags, sem viðurkennt er af ráðherra, enda sé þá gætt krafna til styrkleika skipa, sem ætluð eru til úthafssiglinga, og séu þær eigi vægari í aðalatriðum en hinar íslenzku reglur.
   2. Stálskip, sem smíðuð eru erlendis til skráningar hér á landi, skulu fullnægja reglum flokkunarfélaga, viðurkenndra af ríkisstjórninni, alþjóðalögum og íslenzkum reglum, um öryggi skipa og búnað þeirra.

3. Þegar ræðir um nýsmíði á tréskipum erlendis, skal skipaskoðunarstjóra skylt að annast daglegt eftirlit með smíðinni, en fullnaðarskoðun skipaeftirlitsins fer fram, þegar skip kemur til landsins. Eftirlit þetta má skipaskoðunarstjóri fela viðurkenndu flokkunarfélagi. Ræði um nýsmíði á stálskipi, skal flokkunarfélag, viðurkennt af ríkisstjórninni, annast hið daglega eftirlit með skipasmíðinni, en fullnaðarskoðun fer fram, þegar skip kemur til landsins.

C. Breytingar á gömlum skipum:

Engar meiri háttar breytingar, sbr. a-lið 23. gr., má gera á gömlum skipum, án þess að sérstakt leyfi skipaskoðunarstjóra sé fengið fyrir fram. Allar breytingar og viðgerðir skipa, sem varða öryggi skips, skulu gerðar undir eftirliti skipaskoðunar ríkisins, og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð.

D. Innflutningur skipa:

Skip, sem keypt eru frá útlöndum til skrásetningar hér á landi, skulu fullnægja íslenzkum lögum um styrkleika, búnað og haffæri.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi, þarf skoðun ekki að fara fram, fyrr en skipið er komið heim. Sé skip ekki í viðurkenndu flokkunarfélagi, skal skoðun fara fram, áður en það er keypt. Skoðunin skal skráð á þar til gerð eyðublöð, sem skipaskoðunarstjóri gefur út í þessu skyni. Skoðun framkvæmir innlendur eða útlendur maður, sem hefur þekkingu á skipasmíði að dómi skipaskoðunarstjóra.

Er skipaskoðunarstjóri hefur fengið skoðunarskýrslu, kveður hann á um, hvort hann vilji mæla með innflutningi skips eða ekki. Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips, að styrkleiki þess og búnaður jafnist í aðalatriðum við það, sem krafizt er í lögum þessum, og það sé eigi eldra en 12 ára.

Þegar skip er komið heim, fer fram aðalskoðun samkv. a-lið 23. gr., sbr. og 2. mgr. 38. gr.

38. gr.

Skipum, sem voru íslenzk eign eða í smíðum fyrir íslenzka menn 1. júlí 1937, getur ráðherra veitt undanþágu frá lögum þessum, að því er einstök atriði varðar, þó ekki um haffæri skipa, sbr. 3. gr.

Ef alveg sérstaklega stendur á, má veita slíkar undanþágur skipum, sem keypt eru frá útlöndum.

Undanþágur frá ákvæðum laganna má veita skipum, sem eru sérstakrar gerðar, úr sérstöku efni eða með sérstökum vélabúnaði, og skipum, er gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi eða hafa ekki sérstaka aflvél innan borðs.

Undanþágur samkvæmt grein þessari má því aðeins veita, að skipaskoðunarstjóri mæli með þeim, enda er honum heimilt, ef hann telur ástæðu til, að leita umsagnar Farmanna- og Fiskimannasambands Íslands og sjómannafélags þess, er hann telur helzt eiga hlut að máli.

39. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um smíði og búnað skipa og véla. Ber þar að miða við, hverrar tegundar skip er, stærð þess og notkun, er það er ætlað til, svo og gerð véla og þær ferðir, sem skipi eru ætlaðar.

VI. KAFLI
Um hleðslumerki o. fl.

40. gr.

Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskírteini.

Þau íslenzk skip, sem hleðslumerkjasamþykkt, gerð í London 5. júlí 1930, nær til,

skulu hafa alþjóða-hleðslumerkjaskírteini. Önnur íslenzk skip, 50 rúmlestir eða stærri, skulu hafa hleðslumerkjaskírteini, er sýnir minnsta hleðsluborð.

Skipaskoðunarstjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt samþykkt þeirri, er um ræðir í 2. mgr., og nánari reglum, er ráðherra setur.

Undanþegin ákvæðum þessarar greinar um hleðslumerki eru skip, meðan þau stunda síldveiði á tímabilinu 1. júní—15. sept., enda hafi þau verið skoðuð samkvæmt c-lið 28. gr. og sú skoðun skráð í eftirlitsbók.

41. gr.

Ráðherra setur með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað til öryggis mannslífum og haffæri skipa. Reglugerðin skal samin að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

42. gr.

Merkja skal á fram- og afturstefni allra skipa, sem stærri eru en 20 rúmlestir, mælikvarða í desímetrum annars vegar, en í enskum fetum hins vegar, er sýni, hve djúpt skip liggur í sjó.

Þegar skipaskoðunarstjóri hefur ákveðið hleðsluborð skips, skal hann, telji hann ástæðu til, merkja djúpstöðu þess á framstefni, til þess að forðast mishleðslu, enda ráðfæri hann sig við skipstjórann og skipaskoðunarmann.

43. gr.

Hleðslumerkjaskírteini skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt bæði við tollafgreiðslu og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum skipaeftirlitsins, sbr. III. kafla, eða lögreglunni.

Hafi skip hleðslumerkjaskírteini útgefið af þar til bærum erlendum stjórnarvöldum í ríki, sem er aðili að alþjóðasamþykkt gerðri í London 5. júlí 1930, eða viðurkenndu skipaflokkunarfélagi, getur skipaskoðunarstjóri veitt því íslenzkt hleðslumerkjaskírteini í þess stað án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

Nú er skipi breytt þannig, að hleðsluborð þess breytist að dómi skipaskoðunarstjóra, og er þá hleðslumerkjaskírteini þess úr gildi fallið.

44. gr.

Bannað er að flytja benzín eða önnur þau eldfim efni, er sérstök sprengingarhætta stafar af, í farmrúmi eða á þilfari á farþegaskipum.

Um flutning efna þeirra, sem um ræðir í 1. mgr., með skipum setur ráðherra reglur að fengnu áliti skipaskoðunarstjóra.

Um fermingu, flutning og affermingu farms að öðru leyti setur ráðherra reglur að fengnu áliti skipaskoðunarstjóra, þar á meðal um flutning á dýrum.

VII. KAFLI

Um farbann o. fl.

45. gr.

Eftirlitsmenn skera úr því, hvort för skips skuli bönnuð samkvæmt lögum þessum.

Nú hefur eftirlitsmaður lagt farbann á skip, og skal það þá þegar í stað tilkynnt skipstjóra og, ef hentugt þykir, útgerðarmanni. Tilkynningin skal vera skrifleg. Ástæður fyrir banni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því, að banni verði af létt. Skýrslu um málið ásamt nauðsynlegum upplýsingum skal senda skipaskoðunarstjóra,

og loks skal lögreglustjóra, hafnar- og tollyfirvöldum á staðnum skýrt frá banninu, enda ber þessum aðilum, hverjum á sínu sviði, að veita fulltingi sitt til þess, að banni verði framfylgt.

46. gr.

Skipaskoðunarstjóri skal fella farbann skips úr gildi, ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt, staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn.

Telji skipaskoðunarstjóri gögn skorta, sér hann um, að þeirra verði aflað.

VIII. KAFLI

Um siglingadóm og rannsókn sjóslysa.

47. gr.

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Forseti skipar formann dómsins og varaformann til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Ráðherra skipar 12 meðdómendur og 6 varameðdómendur, alla til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra á diesel-skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar eða loftskeytamenn síðastliðin 5 ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu sérfróðir um firðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru: Formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra, sem tilnefndir hafa verið, og annar sjómannanna (sbr. 3. lið).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda, og gildir sú kvaðning, þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadómendanna valdir í hvert skipti af föstu dómendunum, eftir því hverrar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

48. gr.

Hlutverk siglingadóms er:

1. Að annast yfirskoðunargerðir samkvæmt lögum þessum og kveðja yfirskoðunarmenn.
2. Að skera úr um gildi farbanns.
3. Að dæma og eftir atvikum rannsaka refsimál, sem höfðuð eru að tilhlutun skipaskoðunarstjóra út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum.
4. Að skera úr um gjaldskyldu og gjaldsupphæð samkv. 61. gr.

49. gr.

Hafi einhver sá atburður gerzt, er valdi því, að halda beri sjóferðapróf samkvæmt 45. gr. l. nr. 56 30. nóv. 1914, ber að gera eftirlitsmanni í því umdæmi, þar

sem sjópróf er haldið, aðvart um það, og sé um að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón á skipi eða veruleg meiðsli manna, ber honum að mæta eða láta mæta við prófin.

Eftirlitsmanni ber og að hefjast handa um, að próf sé haldið, ef hann telur ástæðu til eða þess er krafizt af aðilum þeim, sem taldir eru í b-lið 28. gr.

Hinir reglulegu sjódómar annast sjópróf og rannsóknir sjóslysa.

Á I. eftirlitssvæði fer þó siglingadómur með rannsóknina, en getur falið hana sjódómi, þar sem skip er statt, ef um lítilræði er að ræða eða sérstaklega stendur á. Siglingadómur getur haldið sjópróf hvar sem er á landinu, ef hann telur ástæðu til.

Öll sjópróf fara fram að hætti sakamála.

Að prófi loknu skal eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem próf er haldið, sent eftirrit af því. Eftirlitsmaður getur krafizt framhaldsprófs, ef hann telur ástæðu til. Hann sendir síðan skipaskoðunarstjóra eftirrit prófanna ásamt athugasemdum sínum.

Telji skipaskoðunarstjóri ástæðu til að ætla, að um refsivert brot sé að ræða, sendir hann skjölin formanni siglingadóms með kröfu um, að málið verði þar tekið fyrir, og lætur fylgja greinargerð og gögn, er hann telur þurfa.

Siglingadómur ákveður þá fyrirtöku málsins á þeim stað og tíma, er hann telur henta. Skipaskoðunarstjóra og þeim, sem fyrir sök eru hafðir, skal tilkynnt um málshöfðunina, og skal í þeirri tilkynningu — stefnu— greint efni sakar og annað það, sem taka ber fram í stefnu samkvæmt almennum lögum. Málið skal síðan rekið að hætti sakamála, þó þannig, að málflutningur er munnlegur og opinber.

Skipaskoðunarstjóri sér um sókn málsins af hálfu ríkisvaldsins.

Telji skipaskoðunarstjóri eigi ástæðu til málshöfðunar, geta aðilar þeir, sem um ræðir í 28. gr., b-lið, krafizt hennar, enda sjái þeir þá um sókn málsins.

50. gr.

Nú hefur farbann verið lagt á skip og getur þá skipstjóri eða útgerðarmaður kært það fyrir siglingadómi.

Nú er synjað um að leggja farbann á skip eftir kröfu þeirra aðila, sem um ræðir í b-lið 30. gr., og geta þeir þá kært synjunina fyrir siglingadómi.

51. gr.

Málum höfðuðum samkvæmt 32., 50. og 61. gr. þessara laga skal beint gegn skipaskoðunarstjóra. Þeim skal hraðað svo sem föng eru á. Sérstaklega skal, þegar er hægt er, kveðið á um, hvort farbann sé staðfest eða ekki. Þeim úrskurði, sem skal vera rökstuddur, verður ekki áfrýjað.

Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjuleg sjódómsmál.

Skaðabótamál vegna ólöglegs farbanns ber undir almenna dómstóla.

Bótaréttur gegn ríkissjóði fellur niður, ef mál er eigi höfðað innan tveggja mánaða frá því er siglingadómur hefur kveðið á um gildi farbanns.

IX. KAFLI

Um gjöld.

52. gr.

Fyrir aðalskoðun á skipi, sem eigi er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal eigandi greiða í ríkissjóð:

Fyrir opinn bát	kr.	6.00
— — — með vél	—	12.00
— skip minna en 15 rúml.	—	22.00

				pr. rúml. aurar	minnsta gjald kr.
Fyrir skip	15 rúml.	allt að	30 rúml.	150	30.00
— —	30 —	— —	50 —	140	45.00
— —	50 —	— —	100 —	130	70.00
— —	100 —	— —	200 —	120	130.00
— —	400 —	— —	800 —	100	440.00
— —	200 —	— —	400 —	110	240.00
— —	800 —	— —	1200 —	90	800.00
— —	1200 —	— —	1600 —	80	1080.00
— —	1600 —	— —	2000 —	70	1280.00
— —	2000 —	og yfir		60	1400.00

Hluti úr rúmlest reiknast ekki með.

Gjöldin reiknast í heilum krónum, þannig að því, sem er umfram krónu, er sleppt.

Fyrir almenna aukaskoðun á skipum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða 75% af gjaldi því, sem þar er talið.

Fyrir aðalskoðun og aukaskoðun á skipum, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða hálft gjald samkvæmt 1. og 2. mgr.

53. gr.

Fyrir fyrstu skoðun á nýsmíðuðu skipi, hvort heldur það er smíðað hér á landi eða erlendis, eða skipi innfluttu frá útlöndum, skal greiða gjald samkvæmt 1. mgr. 52. gr. að viðbættum 50%, og skiptir þá ekki máli, hvort skipið er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi eða ekki.

54. gr.

1. Fyrir eftirlit með smíði tréskips eða óflokkaðs stálskips, sem smíðað er innan lands, skal greiða fjórfalt gjald samkvæmt 1. mgr. 52. gr.
2. Fyrir eftirlit með breytingum og verulegum viðgerðum á skipum, sbr. C-lið 27. gr., skal greiða gjald samkv. 1. mgr. 52. gr. að viðbættri upphæð, er skipaskoðunarstjóri ákveður í hvert skipti með hliðsjón af því, hve umfangsmikil breytingin eða viðgerðin er.

Hærra en tvöfalt gjald samkv. 1. mgr, 52. gr. má þó ekki krefja.

55. gr.

Fyrir eftirlit flokkunarfélags eða annars trúnaðarmanns, er skipaeftirlitið hefur samþykkt, greiðir eigandi þeim, sem hlut á að máli.

56. gr.

Fyrir skoðun á eimkatli, þegar sú skoðun er ekki framkvæmd, um leið og aðal- eða aukaskoðun fer fram, skal greiða:

Skip með vél minni en 100 hestöfl	kr. 35.00
— — — frá 100 til 200 hestöfl	— 45.00
— — — — 200 — 400 —	— 60.00
— — — — 400 — 800 —	— 75.00
— — — — 800 — 1200 —	— 90.00
— — — — 1200 hestöfl og þar yfir	— 110.00

57. gr.

Fyrir skoðun og mælingar á skipi til ákvörðunar hleðslumerkja skal greiða:

Fyrir skip minni en 200 rúmlestir	kr. 150.00
— — 200 rúml. allt að 500 rúml.	— 200.00
— — 500 — — — 900 —	— 250.00

Fyrir skip	900 rúml.	allt að	1400 rúml.	.....	kr.	300.00
—	— 1400 —	—	— 2000 —	.....	—	350.00
—	— 2000 —	—	— 2700 —	.....	—	400.00
—	— 2700 —	—	— 3500 —	.....	—	450.00
—	— 3500 —	og stærri		.....	—	500.00

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis, sem gefið er út samkvæmt hleðslumerkjaskírteini frá erlendu stjórnarvaldi eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða 75 krónur.

Fyrir skoðun á skipi til framlengingar eða endurnýjunar á hleðslumerkjaskírteini og útgáfu þess skal greiða 100 krónur.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er eða ónýtt, skal greiða 50 krónur.

58. gr.

Fyrir endurskoðun á smíðauppdráttum óflokkaðs skips, sbr. 2. lið A. 37. gr., skal greiða tvöfalt gjaldið, sem um ræðir í 1. mgr. 52. gr.

Gjaldið skal miða við rúmlestatölu skips þannig, að margfalda saman smíðamál þess í metrum og deila með 5.

Fyrir endurskoðun á skoðunarskýrslu, sbr. 4. mgr. D-liðar 37. gr., greiðist sama gjald og fyrir endurskoðun smíðauppdrátta.

59. gr.

Fyrir aðrar skoðanir ber að greiða samkvæmt reikningi, er skipaskoðunarstjóri úrskurðar.

60. gr.

Öll framangreind gjöld ber eiganda skips að greiða, og renna þau í ríkissjóð, sbr. þó 55. gr.

Gjöldin skulu innheimt af lögreglustjórum (í Reykjavík tollstjóra) á sama hátt og önnur opinber gjöld til ríkisins. Gjöldunum fylgir lögveð í skipi jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

61. gr.

Telji gjaldandi gjald ranglega krafið eða of hátt, getur hann leitað úrskurðar skipaskoðunarstjóra, og skal þá greiða gjaldið samkvæmt honum. Gjaldandi getur þó á næstu þrem mánuðum frá því, er honum var kunnugt um úrskurðinn, skotið honum til siglingadóms, er þá sker úr um málið, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað.

Ríkissjóður endurgreiðir gjaldanda að öllu eða nokkru samkvæmt því, sem í úrskurði siglingadóms segir.

Skipaskoðunarstjóri er í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í slíkum málum.

Réttargjöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

X. KAFLI
Um laun.

62. gr.

Skipaskoðunarstjóri, sérfróðir fulltrúar skipaskoðunarstjóra (sbr. 8. gr.) og eftirlitsmenn (sbr. 10. gr.) skulu launaðir samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins.

63. gr.

Skoðunarmenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, og skal þar tekið tillit til verks þess, sem í té er látið.

64. gr.

Fastir dómendur siglingadóms skulu launaðir á sama hátt og fastir dómendur í félagsdómi.

Laun aukadómenda ákveða hinir föstu dómendur eftir málavöxtum hverju sinni.

65. gr.

Allir framangreindir embættis- og sýslunarmenn taka laun sín úr ríkissjóði.

Skrifstofukostnaður, ferðakostnaður og nauðsynleg aðstoð greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

XI. KAFLI

Um refsingar, svipting réttinda o. fl.

66. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú er skipi, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, lagt úr höfn eða skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, og skal þá eigi beita vægari refsingu en varðhaldi.

Refsingu skal beitt eigi aðeins við skipstjóra, þann, er í hans stað kemur, og aðra, sem beinan þátt eiga í broti, heldur og eiganda skips, útgerðarmann eða annan yfirboðara, enda sé brotið framið með vitund þess manns eða vilja.

67. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

Aðför skal reynd fyrir sekt, áður en til afplánunar kemur.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sakborninga.

68. gr.

Ef skip, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, er leyst úr höfn, svo og, ef skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, varðar það skipstjóra missi réttar til skipstjórnar eigi skemur en 3 mánuði.

Sé brot ítrekað eða hafi verulegt tjón hlotizt af á mönnum eða verðmætum, skal beitt réttindasviptingu í 6 mánuði og allt að 5 árum eða ævilangt, ef brot er stórfellt.

Réttindasviptingu samkvæmt þessari grein skal beitt við yfirvélstjóra, loftskeytamenn og aðra yfirmenn skips, eftir því sem við á, ef þeir gerast brotlegir gegn lögum þessum eða taka þátt í brotum á þeim.

69. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum 21. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935, að því er snertir viðurlög, ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

70. gr.

Ef maður, sem hefur fengið opinbera viðurkenningu eða próf sem smiður skips, vélar eða búnaðar þess, vanrækir störf sín samkvæmt lögum þessum, varðar það hann refsingu og réttindamissi samkvæmt 66. og 68. gr.

71. gr.

Svipting réttinda samkvæmt lögum þessum skal gerð með dómi.

Hver sá, sem sviptur hefur verið réttindum samkvæmt lögum þessum, skal afhenda lögreglunni réttindaskírteini sitt.

Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

72. gr.

Hafi maður verið sviptur réttindum samkvæmt lögum þessum lengur en 5 ár, getur dómsmálaráðherra veitt honum réttindin aftur, enda séu meira en 5 ár liðin frá réttindasviptingu, sönnur færðar á, að sá, er hlut á að máli, hafi lifað heiðarlegu og grandvöru líferni, hafi enn þá þekkingu og leikni, er til starfans þarf, og ástæður mæli að öðru leyti með.

Endurveiting réttinda samkvæmt þessari grein er þó því aðeins heimil, að skipaskoðunarstjóri og siglingadómur mæli með.

XII. KAFLI

Um gildistöku laganna o. fl.

73. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum og bátum, lög nr. 38 30. júní 1942, um breyting á þeim lögum, svo og önnur þau ákvæði, er eigi fá samrýmzt lögum þessum.

74. gr.

Reglugerðir, sem út hafa verið gefnar samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, halda gildi sínu, þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar.

75. gr.

Auk þess, sem getið er í einstökum greinum, er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra, enda sé tillagna skipaskoðunarstjóra leitað. Í slíkar reglugerðir má og setja refsiákvæði innan þeirra marka, er lög þessi setja.

Nd. 870. Breytingartillaga

við frv. til l. um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 4. gr. Orðin „og er heimilt .... hlutaðeigandi“ í lok greinarinnar falli niður.

Nd. 871. Breytingartillögur

við frv. til laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Skúla Guðmundssyni og Páli Zóphóníassyni.

1. Við 31. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
   Það er skilyrði fyrir þeim lánum og framlögum ríkisins, sem um getur í 1. málsgrein, að ríkisstjórnin hafi samþykkt uppdrætti að þeim byggingum, er þar um ræðir, og þær ákvarðanir, sem gerðar verða um byggingu íbúðarhúsanna.
2. Á eftir 39. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði laun byggingarfróðra manna, þó eigi fleiri en fjögurra, sem ráðnir verða til þess að hafa yfirumsjón

með byggingum, sem um ræðir í I. og II. kafla laga þessara, og leiðbeina félagsmönnum í byggingarfélögum og byggingarsamvinnufélögum, er vinna sjálfir að meira eða minna leyti að byggingu íbúða fyrir sig. Þeir menn, sem ríkisstjórnin ræður til þessara eftirlits- og leiðbeiningarstarfa, öðlast rétt til að veita forstöðu byggingarframkvæmdum hvar sem er á landinu, og er þeim, er njóta aðstoðar þeirra, eigi skylt að ráða húsasmíðameistara til þess að veita byggingunum forstöðu, þrátt fyrir ákvæði í byggingarsamþykktum.

Nd. 872. Breytingartillögur

við frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 6. gr. 9. tölulið. Í stað orðanna „íbúð skal hún bera“ komi: íbúð skal notandi hennar greiða.
2. Við 16. gr. Í stað „75%“ á tveim stöðum komi: 80%.
3. Á eftir 38. gr. komi ný grein, er verði 39. gr., og breytist greinatalan eftir því. Greinina skal orða svo:

   Nú ákveður stjórn byggingarfélags að koma á sameiginlegum innkaupum á byggingarefni fyrir félagsmenn sína, og skal hún þá hafa sama rétt og aðrir innflytjendur byggingarefnis til að fá innflutningsleyfi og að fá keyptan gjaldeyri.

Ed. 873. Nefndarálit

um frv. til l. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta er komið frá neðri deild, og varð nokkur ágreiningur um afgreiðslu málsins í deildinni og ýmsar breytingartillögur bornar fram.

Hefur nefndin nú athugað frumvarpið og formaður nefndarinnar (HG) átt tal við tvo menn úr hreppsnefnd Ölfushrepps, sem óskuðu þess, að frv. yrði breytt þann veg, að Hellisland ofan vegar með Ingólfsfjalli verði ekki lagt undir Selfossbyggð, heldur látið fylgja Ölfushreppi eftir sem áður, og auk þess hafa hreppsnefndarmenn þessir haft orð á því, að þeir teldu hagkvæmt, að einnig sá hluti Hellislands, er liggur frá Ölfusá til Ingólfsfjalls vestan þjóðvegar, verði áfram innan takmarka Ölfushrepps.

Ýmsir eru þeirrar skoðunar, að Selfossbyggðinni sé þörf meira landrýmis en frv. gerir ráð fyrir, einkum þegar fram í sækir. Þykir nefndinni einnig viðurhlutamikið að skerða meir en orðið er svæði það, sem hinum nýja hreppi er ætlað að taka yfir samkv. ákvæðum frv. Enn fremur er því haldið fram af sumum þeirra, sem hér eiga hlut að máli, að betur færi og hagkvæmara væri, að gildistaka laganna miðaðist við næstkomandi áramót í stað 1. júní þ. á.

Þrátt fyrir það, sem hér hefur verið tekið fram, dylst nefndinni ekki, að í raun inni er eigi nema um tvennt að ræða: samþykkja frv. eins og það liggur nú fyrir deildinni án allra breytinga eða eiga á hættu, að málið gangi ekki fram.

Nefndin telur þessa lagasetningu svo aðkallandi fyrir þá, sem eiga að henni að búa, að full nauðsyn sé á því, að frv. nái fram að ganga þegar á þessu þingi. Leggur

nefndin því til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en einstakir nefndarmenn vilja þó áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum, er fram kynnu að koma.

BBen tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. apríl 1946.

H. Guðmundsson, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Hermann Jónasson, með fyrirvara.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Nd. 874. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947.

Nd. 875. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 874 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá Jóni Sigurðssyni.

Fyrir „1. janúar 1947“ kemur: 1. júlí 1946.

Ed. 876. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Síðari málsgr. 43. gr. laganna orðist svo:

Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar, hver í sínu umdæmi, gefa hagstofunni skýrslu í því formi, sem hún ákveður, um búnaðarástandið ár hvert, þar á meðal um heyfeng o. fl., samkvæmt framtali búenda, sem nákvæmlega sé tilgreint, einnig að því er þetta varðar, í landbúnaðarskýrslu þeirra til skattálagningar, enda fellur þá niður skylda til skýrslugerða um þetta efni, sem 3. gr. laga nr. 29 8. nóv. 1895 gerir ráð fyrir.

Ef framtali á því, er setja ber á landbúnaðarskýrslu, er ábótavant eða skortir með öllu, skal úr því bætt með áætlun skattanefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1946.

Sþ. **877. Breytingartillaga**

við till. til þál. um brúargerð á Hvítá hjá Iðu.

Frá Eiríki Einarssyni og Jörundi Brynjólfssyni.

Við fyrri málsgrein komi í stað ártalsins 1947: 1948.

Ed. **878. Breytingartillaga**

við frv. til l. um nýbyggingar í Höfðakaupstað.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 3. gr.

Á eftir orðinu „Nýbyggingarráð“ í 1. og 2. tölulið komi á báðum stöðum: hreppsnefnd Höfðahrepps.

Nd. **879. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 23. febrúar 1945, um skipakaup ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við 1. gr. bætist: Þó er eigi heimilt að kaupa eða láta smíða fleiri en 27 skip innanlands samkv. lögum þessum.

Sþ. **880. Nefndarálit**

um till. til þál. um flutning hengibrúar.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur rætt þessa þingsályktunartillögu ásamt öðrum sams konar tillögum um flutning á efni úr gömlu Ölfusárbrúnni. Með skírskotun til afgreiðslu annarra tillagna um sama efni leggur nefndin til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Að öðru leyti vísast til nefndarálits um till. til þál. um brúargerð á Skjálfandafljóti og umsagnar vegamálastjóra, sem þar er prentuð sem fylgiskjal.

Tveir nefndarmenn, Guðm. Í. Guðmundsson og Þórður Benediktsson, voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 16. apríl 1946.

Gísli Jónsson, form.	B. Kristjánsson, frsm.	Skúli Guðmundsson.
Helgi Jónasson.	Pétur Ottesen.	Sig. Kristjánsson.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Ed. **881. Nefndarálit**

um frv. til l. um ræktun lax og silungs í Austfirðingafjórðungi o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á nokkrum fundum, leitað um það álits veiðimálanefndar og Geirs Gígju náttúrufræðings og fengið álitsskjöl frá báðum, svo og frá Þór Guðjónssyni fiskifræðingi.

Þessir aðilar allir komu einnig á fund til n. og þá jafnframt þrír þeirra manna, er talað hefur verið um, að tækjust á hendur fiskiræktarstarfið, svo sem greint er frá í greinargerð frv. Var þá rætt um málið yfirleitt, og voru skoðanir manna nokkuð skiptar, sérstaklega um það atriði, hversu mikilla rannsókna væri enn þörf, áður en löggjöf yrði sett. Allir virtust þó sammála um það, að þá er mál þetta hefði fengið nægilegan undirbúning, væri sjálfsagt að hefjast handa um mikla fiskirækt í vatnahverfi Lagarfljóts, og að gerðar yrðu nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að sú framkvæmd mætti takast sem bezt. Allir þeir er n. ræddi við, aðrir en Þór Guðjónsson, er taldi þörf meiri rannsókna strax, voru því fylgjandi, að frv. yrði samþykkt á þessu þingi, sjá t. d. ályktun veiðimálan., sem prentuð er með nál. þessu sem fylgiskjal.

Að athuguðum öllum málavöxtum, m. a. því, hversu nú er komið nærri þingslitum, hefur n. orðið sammála um að leggja það til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Svo nærri er komið þinglausnum, að augljóst er af þeirri ástæðu einni, að frv. þetta verður ekki að lögum nú. Ýmsir telja, að áður en lög eru sett um þetta efni, þurfi málið betri undirbúning en það hefur enn fengið, sérstaklega að því leyti, að betur verði rannsökuð uppeldisskilyrði fyrir lax í þverám þeim, er falla í Lagarfljót. Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti gera þær rannsóknir á sumri komanda og að þeim verði lokið svo fljótt, að næsta Alþingi geti þess vegna sett lög um efni það, er felst í frv., tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. apríl 1946.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Ásmundur Sigurðsson, fundaskr.	Páll Hermannsson, frsm.
Eiríkur Einarsson.	H. Guðmundsson.	

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS
— Veiðimálanefnd. —

Reykjavík, 26. marz 1946.

Á fundi veiðimálanefndar þann 26. þ. m. var tekið fyrir erindi landbúnaðarnefndar Ed. Alþingis, dagsett 19. þ. m., varðandi fiskirækt í Austfirðingafjórðungi, og var samþykkt svo hljóðandi ályktun:

„Lagt fram bréf landbúnaðarnefndar Ed. Alþingis, dags. 19. þ. m., ásamt frv. til laga um ræktun lax og silungs í Austfirðingafjórðungi o. fl., sem óskað er, að nefndin segi álit sitt um. Þór Guðjónssyni hafði verið falið að athuga og gera álitsgerð um þessar fiskræktarfyrirætlanir. Lagði hann fram ýtarlega álitsgerð um málið.

Jafnframt því að senda álitsgerð Þórs Guðjónssonar um málið vill nefndin taka þetta fram:

Því verður ekki neitað, að mjög skortir rannsóknir um þetta mál, einkum fræðilegar, en þó einnig tæknilegar. Kostir vatnahverfis Lagarfljóts til uppeldis laxaseiða eru mjög svo ókunnir. Skaðsemd selsins fyrir laxgönguna styðst við líkur, en ekki rannsóknir. Þá eru það getgátur einar, að laxastiginn í Kirkjubæjarfossi sé ónothæfur. — Óneitanlega væri eðlilegast, að rannsóknir á fiskihverfinu færu fram áður en lagt er í slíkan kostnað, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, en ætla má, að hann yrði eigi minni en ⅔ millj. samtals, þar af rúml. ½ milljón úr ríkissjóði. — Að líkindum yrði kostnaðurinn þó enn meiri, því að hér er gert ráð fyrir 120000 kr. bótum fyrir missi selveiðaréttinda, en þá er miðað við tekjur af þessum hlunnindum, sem eru aðeins lítill hluti af því, sem nú fæst í arð af þeim.

Þar sem áhugi virðist hins vegar mikill bæði í héraði og meðal laxveiðimanna hér um framgang þessa máls, getur nefndin fyrir sitt leyti mælt með því, að frv. nái fram að ganga, enda sé tekið upp í það ákvæði um, að varið skuli úr ríkissjóði nægilegri fjárupphæð til nauðsynlegra rannsókna á fiskihverfum þeim, er hér um ræðir, og telur nefndin að athuguðu máli, að upphæð þessi megi ekki vera lægri en 40000 krónur á ári í næstu tvö ár.

Virðingarfyllst,
F. h. veiðimálanefndar.
Steingr. Steinþórsson.

Fylgir: Álitsgerð Þórs Guðjónssonar.

Til landbúnaðarnefndar Ed. Alþingis.

Nd. 882. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 826 (Ríkisborgararéttur).

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Á eftir 24. lið komi nýr liður, er verður 25. liður, og breytist liðatalan samkv. því:
25. Thorarensen, Jóhann Stephan.

Nd. 883. Breytingartillaga

við frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá Sigurði E. Hlíðar, Lúðvík Jósefssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni og Helga Jónassyni.

Við 10. gr. Á eftir orðunum „annar vélfræðingur, þriðji“ í fyrstu málsgrein, komi: sérfræðingur í öryggismálum og fjórði ....

Nd. 884. Breytingartillaga

við frv. til l. um byggingu gistihúss í Reykjavík.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við 5. gr. Greinin falli burt.

Nd. 885. Lög

um byggingu gistihúss í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 838.

Nd. 886. Frumvarp til laga

um almannatryggingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 820 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:
Ríkisstjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Tryggingastofnunarinnar og setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum.

5. gr. hljóðar svo:
Forstjóri stjórnar stofnuninni í samræmi við lög, reglugerðir og erindisbréf, er honum verður sett, og í samráði við formann tryggingaráðs, sbr. 8. gr. Hann afgreiðir mál í samráði við hlutaðeigandi deildarstjóra eða felur þeim afgreiðslu ákveðinna mála, en ber sjálfur ábyrgð á ákvörðunum og úrskurðum.
Forstjóri getur falið sama deildarstjóra forstöðu fleiri en einnar deildar.

6. gr. hljóðar svo:
Tryggingaráð, skipað 5 mönnum, skal fara með störf þau, sem því eru falin með lögum þessum. Skal það kosið hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar og jafnmargir varamenn. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu.
Sérstök nefnd þriggja sérfróðra manna skal vera tryggingaráði til aðstoðar og ráðuneytis um læknisfræðileg atriði og framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt III. kafla. Í nefnd þessari eiga sæti landlæknir, sem er formaður hennar, og tveir menn, er ríkisstjórnin skipar til 4 ára í senn, annan samkv. tilnefningu Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur í sameiningu og hinn samkvæmt tilnefningu læknadeildar háskólans. Varamenn fyrir tvo hina síðartöldu skulu skipaðir með sama hætti til sama tíma.
Nú láta læknafélögin eða læknadeild háskólans undir höfuð leggjast að tilnefna mann af sinni hálfu í nefndina samkv. 2. málsgr., og skipar þá ráðherra án tilnefningar mann eða menn í þeirra stað.

7. gr. hljóðar svo:
Hlutverk tryggingaráðs er að hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunarinnar og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir ár hvert skal jafnan samin í samráði við tryggingaráð. Einnig skal leita samþykkis ráðsins á öllum heildarsamningum við lækna, sjúkrahús, heilsuverndar- og lækningastöðvar, en að undirbúningi slíkra samninga starfar sérfræðinganefndin, sbr. 6. gr., með forstjóra Tryggingastofnunarinnar og formanni tryggingaráðs.
Ef ágreiningur rís um bætur samkv. II. kafla eða hlunnindi samkv. III. kafla, leggur tryggingaráð úrskurð á þau mál. Leita skal þó jafnan álits sérfræðinganefndar,

áður en úrskurðað er um atriði, er varðar heilsugæzlu samkvæmt III. kafla eða læknisfræðileg atriði, er áhrif hafa á bótagreiðslur.

Nú sættir aðili sig ekki við úrskurð tryggingaráðs, og getur hann þá leitað dómsúrskurðar um málið.

8. gr. hljóðar svo:

Formaður tryggingaráðs skal fylgjast með daglegri starfsemi stofnunarinnar og kynna sér alla afgreiðslu mála. Ef um er að ræða bótagreiðslur, sem ekki eru fastákveðnar, en inntar af hendi samkv. heimildarákvæðum, er skylt að leggja þau atriði fyrir formann ráðsins, en hann kynnir sér allar aðstæður. Skal afgreiðsla slíkra mála jafnan borin undir tryggingaráð, ef formaður óskar þess. Hann skal og vinna að undirbúningi fjárhagsáætlunar stofnunarinnar með forstjóra og að öllum meiri háttar samningsgerðum.

9. gr. hljóðar svo:

Vinnuveitendafélag Íslands og Alþýðusamband Íslands skipa hvort um sig einn mann, sem hefur rétt til að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur, þegar skipt er í áhættuflokka og ákveðin iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga skv. 113. gr. Skal Tryggingastofnuninni skylt að láta þeim í té allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna þessa starfs.

10. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur nánari reglur um störf og skyldur tryggingaráðs og sérfræðinganefndar og ákveður þóknun ráðsmanna og nefndarmanna svo og sérstaka aukaþóknun til formanns tryggingaráðs.

11. gr. hljóðar svo:

Skipta skal landinu í tryggingaumdæmi, eftir því sem hagkvæmt þykir, og skal við ákvörðun umdæma höfð hliðsjón af skipun læknishéraða og lögsagnarumdæma.

Tryggingastofnunin hefur skrifstofur eða umboðsmenn á þeim stöðum, sem bezt henta og þörf krefur eftir ákvörðun tryggingaráðs.

Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa fimm manna trygginganefnd, kosin hlutfallskosningu af sveitarstjórnum umdæmisins á sameiginlegum fundi, er halda skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kjósa skal á sama hátt og til sama tíma jafnmarga varamenn.

Kjörtímabil trygginganefnda er hið sama og sveitarstjórna. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingaumdæma, tekur sveitarstjórn þess þátt í kosningu trygginganefndar í því umdæmi, þar sem flestir af íbúum sveitarfélagsins eiga heima.

Hlutverk trygginganefnda er að fylgjast með rekstri trygginganna í umdæminu, gera tillögur um framkvæmd þeirra, gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, er mættu verða til sparnaðar í rekstri trygginganna.

Á fundi sveitarstjórna, sem haldinn er skv. 3. mgr., skal ákveða þóknun hinna kjörnu nefndarmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði við störf þeirra af hlutaðeigandi sveitarfélögum eftir reglum, er fundurinn setur.

Ráðherra setur nefndum þessum nánari starfsreglur.

40. gr. hljóðar svo:

Sjúkrabætur skulu vera:

	Á 1. verðlagssvæði	Á 2. verðlagssvæði
Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis eða er atvinnulaus	kr. 6.00 á dag	kr. 5.00 á dag
Fyrir aðra	— 5.00 —	— 4.00 —

Giftar konur fá því aðeins greiddar sjúkrabætur, að þær færi sönnur á, að maður þeirra geti ekki séð þeim farborða.

Þegar sjúkrabætur eru greiddar, er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta samkv. 30.—32. gr. einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu, sbr. 1. mgr. 31. gr.

Sjúkrabætur mega aldrei fara fram úr ¾ þess, sem hinn sjúki hefur misst í af tekjum sínum vegna sjúkdómsins.

42. gr. hljóðar svo:

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem læknar starfa, skal greiða sjúkrabætur sem hér segir:

a) Þeir, sem starfa í annarra þjónustu, skulu eiga rétt á sjúkrabótum frá og með 11. veikindadegi og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda sé þeim ekki greitt kaup þennan tíma. Tryggingaráði er þó heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef veikindi stafa af slysförum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða. Sjúkrabætur eru ekki greiddar, nema hlutaðeigandi hafi verið óvinnufær lengur en 14 daga.

Nú greiðir atvinnurekandi hinum sjúka kaup, sem er lægra en sjúkrabótum nemur, og skal þá einnig greiða sjúkrabætur, þó svo, að þær að viðbættu kaupinu séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði. Um fasta starfsmenn sjá ákvæði 64. greinar.

b) Þeir, sem starfa sjálfstætt eða hafa launþega í þjónustu sinni, eiga rétt á bótum frá og með sjöttu sjúkraviku og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda geti þeir sýnt fram á, að tekjur þeirra hafi minnkað verulega vegna veikindanna. Skal tryggingaráð setja nánari reglur um greiðslu sjúkrabóta til slíkra manna með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 39. gr. Heimilt er tryggingaráði að ákveða að greiða bætur samkvæmt framansögðu frá og með 11. veikindadegi, ef hlutaðeigandi fer í sjúkrahús eða atvinnurekstur hans stöðvast.

Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.

43. gr. hljóðar svo:

Utan þeirra staða, sem um ræðir í 42. gr., skulu sömu reglur gilda og þar segir (stafl. a og b), en sjúkrabætur eru því aðeins greiddar, að hinn sjúki liggi í sjúkrahúsi eða hafi verið rúmfastur. Hámarkstími sjúkrabóta samkvæmt þessari grein er einnig 26 vikur á einu ári.

Ef sannað er, að hinn veiki hafi orðið að taka mann í þjónustu sína vegna sjúkleikans, getur Tryggingastofnunin greitt honum bætur, þótt hann hafi eigi legið rúmfastur.

44. gr. hljóðar svo:

Skylt er þeim, sem sækja um sjúkrabætur, að tilkynna Tryggingastofnuninni veikindi með læknisvottorði, áður en 10 dagar eru liðnir, frá því er sjúkdómurinn olli óvinnuhæfni, ella miðast biðtíminn við þann dag, sem tilkynning barst. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, sem læknis er fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús, og fylgi vottorð tveggja valinkunnra manna um, að sjúkralegan hafi verið óslitin.

Þegar veikindi hafa verið tilkynnt, getur Tryggingastofnunin látið lækni rannsaka heilsufar hins tryggða eða fylgzt með því á annan hátt. Ef maður vanrækir að fara að ráðum læknis, missir hann rétt til bótanna, meðan svo stendur.

Sama verður, ef hann neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem flýtt gæti bata hans eða búið hann undir nýtt starf.

53. gr. hljóðar svo:

Dagpeningar eru kr. 7.50 á dag.

Þegar dagpeningar eru greiddir, er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta, sbr. 30.—32. gr., einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu.

Bótagreiðslur samkv. 1. og 2. mgr. þessarar gr. skulu aldrei fara fram úr ¾ af dagkaupi bótaþega við þá atvinnu, er hann stundaði, þegar slysið varð.

Nú greiðir atvinnurekandi hinum slasaða kaup, sem er lægra en dagpeningum nemur, og skal þá einnig greiða dagpeninga, þó svo, að þeir að viðbættu kaupinu séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25%. Um fasta starfsmenn sjá 64. gr.

78. gr. hljóðar svo:

Í hverju sveitarfélagi, þar sem reknar eru stofnanir þær, sem um getur í 76. gr., skal starfa heilsugæzlunefnd, sem annast stjórn og rekstur þeirra svo og rekstur sjúkrahúsa, sem sveitarfélögin eiga.

Heilsugæzlunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, eftir því sem sveitarstjórn ákveður, og kosin hlutfallskosningu af sveitarstjórn eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kjósa skal jafnmarga varamenn á sama hátt og til sama tíma.

Nú standa fleiri sveitarfélög en eitt að stofnunum þeim, er að framan greinir, og getur þá tryggingaráð ákveðið, að hlutaðeigandi sveitarfélög kjósi sameiginlega stjórnir þeirra.

Ef saman falla tryggingaumdæmi, sbr. 11. gr., og svæði þau, er umræddar stofnanir ná yfir, má tryggingaráð ákveða, að heilsugæzlunefnd skuli fara með störf tryggingnefndar, sbr. 3. mgr. 11. gr.

94. gr. hljóðar svo:

Stofna skal læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóði, einn fyrir hvert sveitarfélag eða hluta úr sveitarfélagi innan tryggingaumdæmis, þar sem aðstaða til læknisvitjana og sjúkraflutninga er svo erfið, að þess sé þörf að dómi tryggingaráðs.

Tryggingnefnd umdæmisins stjórnar sjóðum þessum og veitir fé úr þeim og sendir Tryggingastofnuninni ársreikninga þeirra.

Sjóðir þessir myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði, sem nemur 100000 krónum fyrir alla sjóðina samanlagt. Skiptist þessi heildarupphæð fyrst milli hinna einstöku tryggingaumdæma eftir tillögum landlæknis, og skal við þá skiptingu höfð hliðsjón af allri aðstöðu til læknisvitjana og sjúkraflutninga og enn fremur af fólksfjölda umdæmanna. Þegar hluti hvers tryggingaumdæmis hefur verið ákveðinn, skiptist hann milli hinna einstöku sjóða innan umdæmisins, og skal tryggingaráð við þá skiptingu fara eftir sömu reglum og segir í næsta málslið hér á undan og leita tillagna tryggingnefndar umdæmisins um hana.

95. gr. hljóðar svo:

Auk sjóða þeirra, sem um getur í 94. gr., skal stofna sjóð, sem sé sameiginlegur fyrir allt landið, og skal hlutverk hans vera sem hér segir:

a. Að taka þátt í að jafna halla, sem verða kann á einstökum læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóðum, sbr. 96. gr., og
b. að veita endurgreiðslur skv. 97. gr. einstaklingum, sem verða fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna læknisvitjana eða sjúkraflutninga, en eiga ekki rétt til endurgreiðslu úr neinum læknisvitjana- eða sjúkraflutningasjóði.

Sjóður sá, sem um getur í þessari grein, myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði að upphæð 100000 kr., og er honum stjórnað af Tryggingastofnuninni. Aldrei má verja meira en ⅝ af sjóðnum til þeirra nota, sem ákveðin eru í staflið a, og aldrei meira en ⅓ til þeirra nota, sem ákveðin eru í staflið b.

114. gr. hljóðar svo:

Öll sveitarfélög á landinu skulu greiða til tryggingasjóðs samtals 4½ millj. kr. á ári. Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt 109. gr. teljast ekki í framlagi þessu, ekki heldur framlag þeirra til læknisvitjunarsjóðs, sbr. 94. gr.

Framlagi þessu skal skipta niður á tryggingaumdæmi þau, sem ákveðin verða samkvæmt 11. gr., á eftirfarandi hátt:

1. Tveimur fimmtu hlutum framlagsins skal skipta niður í beinu hlutfalli við samanlögð útgjöld Tryggingastofnunarinnar í hverju tryggingaumdæmi fyrir sig.
2. Tveimur fimmtu hlutum í hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í umdæminu samkvæmt síðasta skattaframtali.
3. Einum fimmta hluta í hlutfalli við tölu íbúa á aldrinum 16—67 ára í umdæminu.

Innan hvers tryggingaumdæmis skiptist framlagið á milli þeirra sveitarfélaga, sem eru á svæðinu, ef fleiri eru en eitt, eftir þessum reglum:

1. Einn þriðji skiptist í beinu hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í sveitarfélaginu árið áður.
2. Einn þriðji í hlutfalli við fasteignamat allra eigna í sveitarfélaginu.
3. Einn þriðji skiptist í hlutfalli við fjölda íbúa á aldrinum 16—67 ára í sveitarfélaginu.

Ef sveitarfélagi hefur verið skipt á milli fleiri en eins tryggingaumdæmis, greiðir það framlag eftir reglum hvers umdæmis fyrir sig.

116. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta og kostnaðar af heilsugæzlu samkvæmt lögum þessum og leggur fram til tryggingasjóðs það, sem á vantar, að aðrar tekjur hans nægi til þess að inna af höndum árlegar greiðslur. Skal taka í hver fjárlög áætlunarupphæð í þessu skyni eftir áætlun tryggingaráðs, allt að 7½ millj. kr. að viðbættri verðlagsuppbót.

Ábyrgð ríkissjóðs umfram hámark hins árlega framlags samkvæmt 1. málsgr. tekur þó eigi til hærri fjárhæðar en 75% framlagsins nemur.

Nú verður halli á rekstri tryggingasjóðs og framlag ríkissjóðs fer fram úr hámarki samkvæmt 1. málsgr., svo að taka þarf til þriðjungs eða meira af ábyrgðarupphæðinni samkvæmt 2. málsgr., og getur þá ríkisstjórnin, ef hallinn stafar af ástæðum, sem ætla má að verði varanlegar, lagt fyrir tryggingaráð að hækka iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. um allt að 10% og lækka tekjumark það, er lífeyrisfrádráttur samkvæmt 1. bráðabirgðaákvæði miðast við, um allt að 50% til þess að jafna hallann. Fáist hallinn ekki jafnaður á þann hátt, skal ríkisstjórnin í samráði við tryggingaráð leggja fyrir Alþingi tillögur um endurskoðun laganna.

127. gr. hljóðar svo:

Gera skal tryggingarskírteini fyrir alla þá, sem skráðir eru samkvæmt 126. gr. Á skírteini þessi skal skrá öll helztu réttindi, er menn njóta samkvæmt lögum þessum, takmarkanir á réttindum vegna vanskila á iðgjöldum, sbr. 132. gr., og undanþágur frá iðgjaldagreiðslum, sbr. 109.—110. gr.

Tryggingarskírteini skulu afhent í janúarmánuði ár hvert, eftir nánari ákvörðun Tryggingastofnunarinnar. Í fyrsta sinn skulu skírteinin þó afhent í desembermánuði 1946 og gilda þá frá áramótum þar til ný afhending hefur farið fram, sbr. 128. gr.

Í fyrsta sinn sem tryggingarskírteini eru afhent, sbr. 2. mgr., skulu allir iðgjaldsgreiðendur, sbr. 105. gr., greiða sérstakt skírteinagjald, er nemi kr. 40.00 fyrir karla 21 árs og eldri og kr. 25.00 fyrir konur og fyrir karla innan 21 árs. Gjald þetta greiðist beint til Tryggingastofnunarinnar eða umboðsmanna hennar.

128. gr. hljóðar svo:

Tryggingarskírteini gilda frá og með 1. janúar það ár, sem afhending fer fram, og til loka þess árs. Skal ætíð sýna skírteinið, þegar leitað er eftir bótagreiðslum eða sjúkrahjálp. Óheimilt er að veita hlunnindi samkv. lögum þessum, nema skírteini sýni, að hlutaðeigandi eigi rétt til þeirra, sbr. og 132. gr.

140. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947 (sbr. þó 10. tölul. ákvæða til bráðabirgða), en ákvæði II. kafla um sjúkrabætur koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1947 og ákvæði III. kafla (heilsugæzla) ekki fyrr en 1. janúar 1948.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. L. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, IV.—VII. kafli.
2. L. nr. 92 14. maí 1940, um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, 16.—20. gr.
3. L. nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.
4. L. nr. 104 30. des. 1943, um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar. Þó heldur III. kafli þeirra laga gildi sínu, þar til III. kafli þessara laga kemur til framkvæmda.
5. L. nr. 105 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.
6. L. nr. 64 1. des. 1944, um heilsuverndarstöðvar, þó ekki fyrr en III. kafli þessara laga kemur til framkvæmda.
7. Framfærslulög, nr. 52 12. febrúar 1940, III. kafli.

Enn fremur þau ákvæði laga nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og laga nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, svo og öll önnur lög eða lagaákvæði, sem í bága fara við lög þessi.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætast nýir töluliðir:

9. Á meðan ákvæði III. kafla laga þessara koma ekki til framkvæmda, er ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að lækka iðgjöld skv. 107. gr. um allt að 30%, þó aldrei meira en sjúkrasamlagsiðgjaldi gjaldanda nemur. Þar, sem ekki er sjúkrasamlag, skal slík iðgjaldalækkun nema sjúkrasamlagsiðgjaldi eins og það er lægst á landinu.
10. Kosning tryggingaráðs samkv. 6. gr. skal í fyrsta sinn fram fara á Alþingi því, er setur þessi lög, og gildir sú kosning þar til að afstöðnum öðrum almennum alþingiskosningum eftir staðfestingu laganna. Um leið og kosið er tryggingaráð í fyrsta sinn, fellur niður umboð tryggingaráðs þess, er kosið var til 31. des. 1947, samkv. 7. gr. laga nr. 104 1943.

Þau ákvæði í lögum þessum, er varða undirbúning framkvæmda samkvæmt þeim, svo sem ákvæði 2. mgr. 6. gr., 11. gr., 126. og 127 gr., skulu koma í gildi á árinu 1946 eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Ed. 887. Nefndarálit

um frv. til l. um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta er flutt af menntamálanefnd neðri deildar snemma á þessu þingi og er liður í því skólakerfi, sem þegar hefur verið lögfest með lögum um „skólakerfi og fræðsluskyldu“, er nýlega voru samþykkt.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og vill mæla með því, að það verði samþykkt, enda má telja það í aðalatriðum staðfesting á þeim reglum, er menntaskólarnir starfa nú eftir. Nefndin hefur veitt því athygli, að í frumvarpið vantar ákvæði um ákveðna kennsluskyldu fastra kennara, hliðstæð þeim, sem gilda um

kennsluskyldu við aðra opinbera skóla, og hefur nefndin til athugunar, hvort rétt mundi að bera fram slíka tillögu við þriðju umræðu.

Einn nefndarmanna (JJ) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 16. apríl 1946.

Magnús Jónsson, form.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	Ásmundur Sigurðsson, frsm.

H. Guðmundsson.

Ed. 888. Breytingartillaga

við frv. til l. um gagnfræðanám.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 10. gr. Næstsíðasta mgr. falli niður.

Ed. 889. Frumvarp til laga

um gagnfræðanám.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 434, með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Við hvern gagnfræðaskóla og miðskóla skal vera skólanefnd skipuð 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu 4 þeirra kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd.

Ef tvö eða fleiri fræðsluhéruð standa saman um skóla, kýs hver sýslunefnd tvo skólanefndarmenn. Fræðslumálastjórn skipar einn mann í nefndina, og er hann formaður. Skipun hans gildir um sama tímabil.

Þar sem skyldufræðsla gagnfræðastigsins fer fram í barnaskólum, skal vera sama skólanefnd fyrir bæði skólastigin. Nú standa tvö eða fleiri skólahverfi saman um skóla, sem veitir aðeins skyldufræðslu gagnfræðastigsins, og setur fræðslumálastjórn þá reglur um fjölda skólanefndarmanna og hve margir skulu kosnir fyrir hvert skólahverfi, og skal í því efni hafa hliðsjón af fólksfjölda.

Heimilt er að fela fræðsluráði störf skólanefndar við þessa skóla, ef fræðslumálastjórn og hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir eru sammála um það.

10. gr. hljóðar svo:

Skólanefndir hafa eftirlit með fræðslu gagnfræðastigsins, hver í sínu skólahverfi, undir umsjón fræðsluráðs og fræðslumálastjórnar. Verkefni þeirra er einkum:

a) að sjá um, að fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi til lögboðins skólahalds;
b) að láta auglýsa lausar kennara- og skólastjórastöður og leitast við, ásamt fræðslumálastjórn, að fá hæfa menn í þær;
c) að láta fræðslumálastjórn í té rökstutt álit á umsækjendum um kennara- og skólastjórastöður ásamt tillögu um, hver skuli valinn, svo og vara- og þrautavaratillögu, ef nægilega margir sækja um stöðurnar;
d) að ráða kennara um stundarsakir, ef þörf krefur;

e) að sjá um, að skólinn hafi fullnægjandi kennslutæki og að þeim og öðrum munum skólans og skólahúsi sé haldið við á fullnægjandi hátt;
f) að hafa eftirlit með skólasókn skólaskyldra unglinga í hverfinu og gera nauðsynlegar ráðstafanir, ef fræðsluskylda er vanrækt;
g) að gera áætlun um kostnað við skólahaldið fyrir hvert reikningsár hlutaðeigandi sveitarfélags, og senda hana í tæka tíð sveitarstjórn og fræðslumálastjórn.

Hlutverk skólanefndar skal nánar ákveðið í reglugerð og erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

54. gr. hljóðar svo:

Fastir kennarar við skóla gagnfræðastigsins eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stundakennslu samkv. 57. og 63. gr. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti, sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum helming þess, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður greiðir hinn helminginn. Fræðslumálastjórn ákveður húsaleigu heimavistarnemenda í samráði við skólastjóra og skólanefnd.

61. gr. hljóðar svo:

Skólar gagnfræðastigsins eru sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Nú leggst skóli niður samkvæmt tillögum gagnfræðaráðs og að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, og skulu þá skuldlausar eignir hans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.

62. gr. hljóðar svo:

Skólar þeir, sem svara til skóla gagnfræðastigsins, er lög þessi taka gildi, falla undir ákvæði þeirra, ef forráðamenn skólanna óska þess. Tekur ríkið og hlutaðeigandi sveitarfélag við eignum þeirra, réttindum og kvöðum án endurgjalds. Hlutdeild ríkisins og sveitarfélaganna í eignum þessara skóla skal vera í sama hlutfalli og framlög stofnkostnaðar samkvæmt lögum þessum.

Sþ. 890. Tillaga til þingsályktunar

um endurgreiðslu til eigenda hraðfrystihúsa á verðtolli.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni, Ingólfi Jónssyni, Skúla Guðmundssyni, Einari Olgeirssyni og Hallgrími Benediktssyni.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að endurgreiða eigendum hraðfrystihúsa 22% af 30% verðtolli þeim, sem þeir hafa greitt frá 1. janúar 1945 og greiða framvegis af cellophane-pappír til fiskumbúða.

Ed. 891. Breytingartillaga

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 5. gr. Næstsíðasta mgr. falli niður.

Ed.

892. Frumvarp til laga

um húsmæðrafræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI

Húsmæðraskólar, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Markmið húsmæðraskóla er það að veita konum nauðsynlegan undirbúning undir venjuleg heimilisstörf, heimilisstjórn og barnauppeldi.

2. gr.

Til stofnunar húsmæðraskóla þarf:

1. Tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs eða fræðsluráða, þar sem jafnframt sé bent á skólastað.
2. Umsögn hlutaðeigandi kvenfélagasambands eða sambanda.
3. Samþykki hlutaðeigandi kaupstaðar, sýslufélags eða sýslufélaga.
4. Samþykki fræðslumálastjórnar á skólastað og uppdrætti að skólahúsi.
5. Fjárveiting Alþingis til stofnunar skólans.

3. gr.

Hver skóli skal vera 1 ársdeild, er starfar 9 mánuði hið minnsta. Þó er heimilt að stytta námstímann um 1 mánuð í þeim kaupstaðarskólum, sem geta ekki komið við garðyrkjunámi né hirðingu húsdýra og búsafurða.

Skólanefnd getur með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að skóli starfi í 2 ársdeildum.

4. gr.

Hverjum skóla stjórnar skólanefnd, skipuð sem hér segir:

Þar, sem kaupstaður eða 1 sýsla stendur að skóla, kýs bæjarstjórn eða sýslunefnd 2 nefndarmenn hlutbundinni kosningu á 1. fundi eftir kosningar. Ef 2 eða fleiri sýslur standa að sama skóla, kýs hver sýslunefnd 1 nefndarmann.

Kvenfélagasamband hlutaðeigandi kaupstaðar eða sýslu eða kvenfélag, ef slíkt samband er ekki starfandi, sem hefur húsmæðrafræðslu á stefnuskrá sinni, kýs jafnmarga menn til sama tíma. Ef þessir aðilar nota ekki rétt sinn að kjósa í nefndina, kjósa hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir tvöfalt fleiri en gert er ráð fyrir í annarri málsgrein þessarar greinar.

Fræðslumálastjórn skipar formann nefndarinnar.

5. gr.

Skólanefnd hefur eftirlit með hverjum húsmæðraskóla, undir umsjón fræðslumálastjórnar. Verkefni hennar er einkum:

a. að sjá um, að fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi til skólahalds;
b. að láta auglýsa lausar kennara- og skólastjórastöður og leitast við, ásamt fræðslumálastjórn, að fá hæfa menn í þær;
c. að láta fræðslumálastjórn í té rökstutt álit á umsækjendum um kennara- og skólastjórastöður ásamt tillögu um, hver skuli valinn, svo og vara- og þrautavaratillögu, ef nægilega margir sækja um stöðurnar;
d. að ráða kennara um stundarsakir, ef þörf krefur;
e. að sjá um, að skólinn hafi fullnægjandi kennslutæki og að þeim og öðrum munum skólans og skólahúsi sé haldið við á fullnægjandi hátt;

f. að annast fjárreiður skólans og gera áætlun um kostnað við skólahaldið fyrir hvert reikningsár hlutaðeigandi sveitarfélags, og senda hana í tæka tíð hlutaðeigandi sveitarstjórn og fræðslumálastjórn.

Hlutverk skólanefndar skal nánar ákveðið í reglugerð og erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

II. KAFLI
Fjármál.

6. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélag leggur skólanum til ókeypis nægilegt land til starfsemi hans að dómi fræðslumálastjórnar.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að ¾ stofnkostnaðar, en ¼ greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Ef 2 eða fleiri sveitarfélög — eða hlutar úr þeim — standa að byggingu húsmæðraskóla, skiptist stofnkostnaðurinn á milli þeirra í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali 5 síðustu ára. Nauðsynlegur húsbúnaður og áhöld teljast til stofnkostnaðar.

Við heimavistarskóla teljast íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks, sem í skólanum býr, til skólahúsnæðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Bújörð ásamt nauðsynlegum húsum til búskapar telst til stofnkostnaðar, ef bú er rekið í sambandi við skólann.

8. gr.

Fastir kennarar við húsmæðraskóla eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stundakennslu samkvæmt 9. gr. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti, sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum helming þess, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður greiðir hinn helminginn.

9. gr.

Tölu fastra kennara í heimavistarskólum ber að miða við það, að 12—16 nemendur hið minnsta komi á hvern kennara, en 16—20 í heimangönguskólum.

Ríkissjóður greiðir styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum.

10. gr.

Kennsla er veitt ókeypis, en heimavistarnemendur greiða húsaleigu, sem ákveðin skal af fræðslumálastjórn í samráði við skólastjóra og skólanefnd.

11. gr.

Skólanefndir og skólastjórar annast fjárreiður og reikningshald skólanna. Sveitarfélög greiða framlög sín til skólans samkvæmt fjárhagsáætlun í byrjun hvers skólaárs eða með hlutfallslegri upphæð í byrjun hvers mánaðar þann tíma, er skólinn starfar. Ef fleiri en eitt sveitarfélag á að greiða kostnað af sama skóla, skal skólanefnd jafna honum á sveitarfélögin samkvæmt 8. gr. Ef ágreiningur verður út af skiptingu kostnaðar eða greiðslu, sker fræðslumálastjórn úr. Vangreidd gjöld sveitarfélaga innheimtir hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga eða sýslufélaga, og sendir skulu þeir fræðslumálaskrifstofunni.

III. KAFLI
Kennarar.

12. gr.

Til þess að verða settur kennari við húsmæðraskóla þarf kennarapróf í hússtjórn eða handavinnu, en til skipunar auk þess tveggja ára húsmæðrakennslu og meðmæli skólastjóra. Skólastjóri skal þó hafa kennt 3 ár hið minnsta.

Heimilt er þó við gildistöku þessara laga að setja eða skipa skólastjóra og kennara þá, sem kennt hafa 2 ár hið minnsta í húsmæðraskóla með góðum árangri, enda þótt þeir fullnægi ekki framangreindum skilyrðum.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa skólastjóra- eða kennarastöðu, skal þá fræðslumálastjórn og skólanefnd leitast við að fá kennara, er hún treystir, og má að þremur árum liðnum skipa hann í stöðuna, ef hún telur hann starfinu vaxinn, enda komi meðmæli skólanefndar til.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er skipa fastar stöður við húsmæðraskóla, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

13. gr.

Skylt er kennara að kenna allt að 36 kennslustundir á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 30, er hann verður 55 ára, og í 24, er hann verður 60 ára. Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Kennsluskylda skólastjóra skal ákveðin í reglugerð.

14. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár við þá skóla, er í lögum þessum greinir, og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjórn beiðni um orlof, ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, á hann rétt á árs orlofi með fullum launum og síðan tíunda hvert ár á sama hátt og með sömu skilyrðum. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofsins. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

IV. KAFLI
Nemendur.

15. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði í húsmæðraskóla:

a. að nemandi sé fullra 17 ára fyrir næstu áramót;
b. sé óspilltur að siðferði;
c. hafi engan næman sjúkdóm;
d. hafi lokið skyldunámi.

V. KAFLI
Um kennsluna.

16. gr.

Þessar greinar skulu kenndar í húsmæðraskólum:

A. Verklegar greinar: Matreiðsla, ræsting og þvottur, fatasaumur og handavinna, garðrækt, hirðing húsdýra og búsafurða, meðferð ungbarna.

B. Bóklegar greinar: Íslenzka, kristin fræði, uppeldisfræði og sálarfræði barna, manneldisfræði, efnis- og áhaldafræði, búreikningur, heilsufræði og þjóðfélagsfræði.

Heimilt er stjórnum skólanna að fjölga og fækka kennslugreinum að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar. Þá er og heimilt í húsmæðraskólum í kaupstöðum að sleppa hirðingu húsdýra og búsafurða, sé eigi annars kostur.

Nánari ákvæði um námsefni og próf skulu sett í reglugerð.

VI. KAFLI
Námsskeið.

17. gr.

Heimilt er með samþykki fræðslumálastjórnar að hafa sérstæða vefnaðardeild við húsmæðraskóla. Námstími þar skal vera 4 mánuðir hið minnsta. Námsskeið í öðrum verklegum greinum, er standa eigi skemur en 3 vikur, skulu styrkt á sama hátt og önnur kennsla í skólunum. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.

VII. KAFLI
Stjórn skólanna.

18. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirstjórn húsmæðrafræðslunnar. Heimilt er að ráða einn námsstjóra til leiðbeiningar og eftirlits með skólunum.

19. gr.

Skólastjóri og kennarafundur stýra starfi hvers skóla.

Fræðslumálastjórn setur skólastjórum erindisbréf og reglur um starfssvið kennarafundar.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

20. gr.

Skólanefnd getur með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að bú skuli rekið í sambandi við húsmæðraskóla. Skal búið rekið sem sjálfseignarstofnun með hagsmuni skólans fyrir augum. Bústjóri skal ráðinn af skólanefnd í samráði við skólastjóra.

21. gr.

Ákvæði um leyfi, reglu, aga og fleira, er skólann varðar, skal setja í reglugerð, er fræðslumálastjórn staðfestir.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, og lög nr. 65 27. júní 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, svo og önnur ákvæði, sem koma í bág við þau.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt að láta rétt til kennaralauna og rekstrarkostnaðar samkvæmt lögum þessum einnig ná til einkaskóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði, meðan hann er rekinn sem einkaskóli, svo og til húsmæðraskólans að Löngumýri í Skagafirði, þar til er fyrirhugaður húsmæðraskóli í Varmahlíð tekur til starfa.

Ed. 893. Breytingartillaga

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 8. gr. Ívitnunin „10. gr.“ verður: 9. gr.

Ed. 894. Nefndarálit

um frumv. til laga um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.
Einn nefndarm. (IngP) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. apríl 1946..

Gísli Jónsson, form.	Steingr. Aðalsteinsson, frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.

Eiríkur Einarsson.

Ed. 895. Lög

um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 787.

Nd. 896. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa til útflutnings eða ábyrgjast fyrir bátaútveginn sölu á því fiskmagni, sem saltað er til útflutnings á tímabilinu frá 1. jan. til 31. okt. 1946, fyrir það verð, að kr. 1.70 fáist fyrir hvert kílógramm af fullsöltuðum og fullstöðnum stórfiski I. flokks og tilsvarandi verð fyrir annan fisk að dómi ríkisstjórnarinnar.

Nd. 897. Breytingartillaga

við frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Ingólfi Jónssyni, Páli Zóphóníassyni og Sigurði Bjarnasyni.

Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Kauptún telst í þessum lögum þorp með minnst 15 fjölskyldum, enda hafi engin þeirra svo mikið land, að talizt geti lögbýli.

Nd. 898. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ríkissjóður greiðir verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir á tímabilinu 15. sept. 1945 til 15. sept. 1946, eftir því sem með þarf, til þess að framleiðendur fái það verð fyrir þær, sem reiknað er með í landbúnaðarvísitölu 1945. Ef vörur, sem framleiddar eru á framangreindu tímabili, eru eigi fluttar út á því ári, enda þótt þær séu tilbúnar til útflutnings, skulu þær verðbættar, þegar út eru fluttar, eins og gert mundi hafa verið á því ári, er þær voru framleiddar. Verðuppbæturnar greiðist útflytjendum um leið og kaupendur borga vörurnar.
   Hagstofan skal árlega reikna út landbúnaðarvísitölu, samkvæmt reglum landbúnaðarvísitölunefndar frá 1943.
2. Við fyrirsögn frv. Í stað orðanna „útflutnings á afurðum bátaútvegsins“ komi: atvinnuveganna.

Nd. 899. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Vegna verðhækkunar þeirrar til bátaútvegsins á nýjum þorski og ýsu, sem ákveðin var með auglýsingu 5. janúar 1946, heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast hraðfrystihúsum landsins allt að 5 aura á innvegið kg miðað við slægðan fisk með haus. Ábyrgð þessi kemur til greina að fullu, ef söluverð á hraðfrystum þorsk- og ýsuflökum reynist jafnt eða lægra en söluverð þeirra 1945. Nú reynist söluverð hraðfrystra þorsk- og ýsuflaka hærra en á árinu 1945, en þó ekki sem svarar verðhækkuninni á nýja fiskinum, og skal þá meta, að hve miklu leyti ábyrgð ríkissjóðs kemur til greina.

Ef söluverð á hraðfrystum þorsk- eða ýsuflökum verður hærra en kr. 1.10 fyrir enskt pund komið í skip, miðað við sams konar verkun og gilt hefur fyrir enskan markað, þá skal það, sem umfram er, þó ekki meira en 2½ eyrir af pundi, renna í ríkissjóð.

Það, sem kann að fást umfram kr. 1.125 fyrir pundið, skiptist að jöfnu milli hraðfrystihúsaeigenda og fiskeigenda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka á leigu frá miðjum apríl fram í seinni hluta maí og annast rekstur á allt að 20 fiskflutningaskipum og kaupa fisk í þau til útflutnings til þess að tryggja það, að ekki falli niður útflutningur á ísvörðum fiski bátaútvegsins.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa til útflutnings eða ábyrgjast sölu á allt að 7000 tonnum af saltfiski fyrir bátaútveginn, er miðist við kr. 1.70 hvert kílógramm af fullsöltuðum og fullstöðnum stórfiski (þorski) I. flokks.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu á andvirði útfluttra afurða, sem seldar kunna að verða með gjaldfresti, enda hafi ríkisstjórnin samþykkt söluna.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þeirra ráðstafana, er um getur í lögum þessum, þar á meðal um þau sönnunargögn, er hann telur þurfa, fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt hið tilskilda lágmarksverð, sem ákveðið er af samninganefnd utanríkisviðskipta á hverjum tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 900. Breytingartillögur

við frv. til l. um almannatryggingar.

Flm.: Sigurður Thoroddsen.

1. Við 11. gr. Greinina skal orða svo:
   Skipta skal landinu í tryggingaumdæmi eftir því, sem hagkvæmt þykir. Við skiptingu þessa skal, eftir því sem fært þykir, höfð hliðsjón af læknishéruðum og lögsagnarumdæmum.
   Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa fimm manna tryggingganefnd. Skulu fjórir nefndarmanna kosnir hlutfallskosningu af sveitarstjórnum umdæmisins á sameiginlegum fundi, er halda skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Hinn fimmta skipar ráðherra að fenginni tillögu tryggingaráðs, og er hann formaður.
   Kjósa skal og skipa jafnmarga varamenn. Kjörtímabil tryggingganefnda er hið sama og sveitarstjórna. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingaumdæma, tekur sveitarstjórn þess þátt í kosningu tryggingganefndar í því umdæmi, þar sem flestir af íbúum sveitarfélagsins eru búsettir.
   Hlutverk tryggingganefnda er að starfrækja skrifstofur fyrir Tryggingastofnunina, þar sem þær eru, og annast rekstur tryggingganna í viðkomandi umdæmi í umboði Tryggingastofnunarinnar. Enn fremur að gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, sem mættu verða til sparnaðar í rekstri tryggingganna.
   Tryggingaráð setur nefndum þessum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til nefndarmanna, sem greiðist af Tryggingastofnuninni.
   Í tryggingaumdæmum, sem mynduð eru af fleiri en einu sveitarfélagi, hefur Tryggingastofnunin umboðsmenn eftir því, sem þörf krefur.
2. Við 15. gr.
   a. Í stað kr. 1920.00 og 1440.00 komi: kr. 2400.00 og 1800.00.
   b. Í stað kr. 1200.00 og 900.00 komi: kr. 1500.00 og 1125.00.
3. Við 20. gr.
   a. Í stað kr. 800.00 komi: kr. 1000.00.
   b. Í stað kr. 600.00 komi: kr. 750.00.
4. Við 35. gr. Greinin orðist svo:
   Allar konur, sem verða ekkjur innan 67 ára aldurs, eiga rétt á bótum í 3 mánuði eftir lát eiginmanns þeirra, kr. 140.00 mánaðarlega.

Ekkja, yngri en 67 ára, sem við lát eiginmanns síns hefur á framfæri sínu börn innan 16 ára, sem greiddur er með barnalífeyrir skv. 23. gr., á rétt á ekkjubótum, unz börn þessi eru fullra 16 ára.

Ekkjubætur skulu vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr.	750.00 á ári
– 2. ——	—	565.00 – —

Ef ekkja giftist, getur hún fengið greidda í eitt skipti fyrir öll fjárhæð, er svari til þriggja ára ekkjubóta, þó aldrei hærri en hún hefði fengið, ef hún hefði eigi gifzt aftur. Að öðru leyti falla ekkjubætur niður, er ekkja giftist aftur, og eftir atvikum einnig, ef hún býr með karlmanni án þess að vera gift honum.

Bætur samkvæmt 2. og 3. málsgr. þessarar greinar skulu og greiddar einstæðum mæðrum, sem fá greiddan barnalífeyri skv. 27.—29. gr.

Ef ekkjur eða einstæðar mæður, sem fá bætur samkv. 2. og 3. málsgr., eru vegna erfiðra heimilisástæðna algerlega hindraðar frá því að vinna fyrir sér, getur Tryggingastofnunin hækkað þessar bætur þeirra um allt að 100%.

5. Við 36. gr. Greinin orðist svo:

Tryggingaráði er heimilt, auk bóta skv. 1. mgr. 35. gr., að greiða þeim, sem verða ekkjur á aldrinum 50—67 ára og ekki hafa börn á framfæri sínu, árlegan lífeyri eftir þeim reglum, er hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr.	1500.00 á ári
– 2. ——	—	1125.00 – —

Þessar upphæðir eru miðaðar við 67 ára aldur, en lækka um 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á, að ekkja sé 67 ára.

Ef ekkja, sem rétt á til bóta samkv. 2. og 3. mgr. 35. gr., mundi fá hærri lífeyri eftir ákvæðum þessarar gr., getur Tryggingastofnunin greitt henni þann mismun.

Bætur samkv. þessari grein eru því aðeins veittar, að Tryggingastofnunin telji þess þörf, að undangenginni rannsókn á fjárhag umsækjanda.

6. Við 38. gr.

a. Í stað kr. 720.00 komi: kr. 750.00.

b. Í stað kr. 540.00 komi: kr. 565.00.

7. Við 39. gr. Greinin falli niður.

8. Við 107. gr. Greinin orðist svo:

Iðgjöld skulu vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði.

Kvæntir karlar	kr.	120.00 á ári
Ókvæntir karlar	—	96.00 – —
Ógiftar konur	—	72.00 – —

Á 2. verðlagssvæði.

Kvæntir karlar	kr.	92.00 á ári
Ókvæntir karlar	—	72.00 – —
Ógiftar konur	—	56.00 – —

Auk þessara iðgjalda skulu einstaklingar og félög greiða sem iðgjöld hundraðshluta af tekjum sínum eins og hér segir:

a. Þeir, sem hafa minna en 25 þús. króna árstekjur, skulu greiða 1% af hreinum tekjum, að frátöldum persónufrádrætti, sem nemur 7000 krónum fyrir hjón, 4000 krónum fyrir einstakling og 3000 krónum fyrir barn.

b. Þeir, sem hafa í árstekjur 25 þús. krónur eða meira, skulu greiða af 25 þús. krónum eins og segir í a-lið, en 2% af hreinum tekjum umfram 25 þús. krónur.

9. Við ákvæði til bráðabirgða.
Við 2. tölulið bætist: Vísitöluhækkun kemur þó ekki á hundraðsgjaldið samkv. 107. gr.

Nd. 901. Breytingartillaga

við frv. til l. um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Niðurlag 1. gr. frá orðunum „1. janúar 1946 að telja“ orðist svo: Fiskiskip og önnur veiðiskip, síldarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Þó skulu þau fyrirtæki, er njóta styrks úr ríkissjóði, ekki njóta þessara sérstöku afskrifta.

Nd. 902. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 1. gr. Í stað orðsins „fiskeigenda“ í lok greinarinnar komi: fiskframleiðenda.

Ed. 903. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abraham, Robert Louis Eugen, söngstjóri í Reykjavík, fæddur 17. maí 1912 í Þýzkalandi.
2. Albína María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 7. maí 1887 í Þýzkalandi.
3. Als, Emil, námsmaður, Reykjavík, fæddur 6. jan. 1928 í Danmörku.
4. Barbara María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 5. marz 1904 í Þýzkalandi.
5. Beckmann, Wilhelm Ernst, myndskeri í Reykjavík, fæddur 5. febrúar 1909 í Þýzkalandi.
6. Bendtsen, Bendt Dahlbom, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 14. des. 1906 í Danmörku.
7. Björn Malmfred Björnsson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. febr. 1913 í Noregi.
8. Cyrilla María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 28. ágúst 1880 í Þýzkalandi.
9. Felicia María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 20. júlí 1901 í Þýzkalandi.
10. Friedlaender, Heinz Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.
11. Goldstein, Peter Lothar, námsmaður í Reykjavík, fæddur 7. nóv. 1927 í Þýzkalandi.
12. Göhlsdorf, Elisabeth, tungumálakennari í Reykjavík, fædd 3. ágúst 1890 í Þýzkalandi.

13. Herlufsen, Harry Otto August, rakari á Ísafirði, fæddur 18. ágúst 1913 í Danmörku.
14. Hinz, Hans Joachim Gunnar Theodór Magnús, vélvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 10. maí 1927 á Íslandi.
15. Jack, Robert John, settur sóknarprestur í Heydalaprestakalli, fæddur 5. ágúst 1913 í Skotlandi.
16. Jóhann Páll Björnsson, laxveiðimaður, Reykjavík, fæddur 29. marz 1878 á Íslandi.
17. Jörgensen, Alfred Christian, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 25. apríl 1901 í Danmörku.
18. Jörgensen, Bent Bjarno, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 25. ágúst 1927 í Danmörku.
19. Katrín Ólafsdóttir Mixa, frú, Reykjavík, fædd 3. marz 1916 á Íslandi.
20. Lindemann, Albert Volker, forstöðumaður í Varmahlíð í Skagafirði, fæddur 17. ágúst 1899 í Þýzkalandi.
21. Nielsen, Orla Egon, rakari í Reykjavík, fæddur 16. apríl 1912 í Danmörku.
22. Pedersen, Martin Schjönning Kristian, pípulagningarmaður á Raufarhöfn, fæddur 27. júlí 1887 í Noregi.
23. Remberta María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 22. sept. 1877 í Þýzkalandi.
24. Sonnenfeld, Kurt Gustav, tannlæknir á Siglufirði, fæddur 3. ágúst 1909 í Þýzkalandi.
25. Syre, Gabriel, verkamaður á Ísafirði, fæddur 16. júlí 1914 á Íslandi.
26. Vestmann, Ingibjörg Einarsdóttir, iðnmær í Reykjavík, fædd 25. des. 1919 í Kanada.
27. Xaveria María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 12. júlí 1896 í Þýzkalandi.

2. gr.

Ef ríkisstjórnin telur nauðsynlegt, er henni heimilt að lengja frest þann, er 4. mgr. 4. gr. l. nr. 64 28. jan. 1935 ræðir um, eða veita aðilum með öllu undanþágu frá skilyrði málsgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 904. Frumvarp til laga

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjarsjóði, og fer um upphæð þeirra eftir því, sem bæjarstjórn ákveður í samræmi við launakjör annarra starfsmanna kaupstaðarins.

Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði.

Launin skal greiða á manntalsþingi, og miðast upphæð þeirra við manntal umdæmis við síðustu áramót þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 500 krónur.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaunin vera 500 krónur að viðbættum 16 krónum fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.

3. Í umdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúatölu jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir 1600 krónur í byrjunarlaun.
Launin skulu hækka eftir 5 ár um 85 kr. og eftir önnur 5 ár um 85 kr.
Ef tveimur eða fleiri ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fást ekki skipuð hvort í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er nema mega allt að samanlögðum launum hinna fyrri umdæma.
Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðilum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.
Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það hálf byrjunarlaun þess umdæmis.
Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans, hver þau skuli vera.

2. gr.

8. gr. laganna falli burt.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:
Landlæknir skal í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans semja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skyldur ljósmæðra og gjöld fyrir ljósmóðurstörf þau, er þær inna af hendi.
Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimting á, að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

4. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 63 1. des. 1944, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 905. Breytingartillögur

við frv. til laga um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

1. Við 2. gr. Orðin „Með undantekningum þeim, er í 3. gr. segir," falla niður.
2. Við 3. gr. Greinin fellur niður.
3. Við 4. gr. Fyrri málsgr. greinarinnar fellur niður.

Sþ. 906. Nefndarálit

um till. til þál. um kaup á skipinu Pétursey handa sjóminjasafni Íslands.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd er því meðmælt, að gerðar séu ráðstafanir til þess, að skip það, sem hér um ræðir, verði verndað frá eyðileggingu. Mælir nefndin með því, að ríkisstjórninni sé falið að koma þessu í framkvæmd á sem hagkvæmastan hátt.

Með skirskotun til þessa leggur nefndin til, að tillögunni sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 16. apríl 1946.

Gísli Jónsson, form., með fyrirvara.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, frsm.
Helgi Jónasson,	Steingr. Aðalsteinsson.	Þórður Benediktsson.
B. Kristjánsson.	Sig. Kristjánsson. með fyrirvara.	Pétur Ottesen.

Sþ. 907. Tillaga til þingsályktunar

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir landssmiðjuna.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán, að upphæð kr. 1500000.00, fyrir landssmiðjuna.

Greinargerð.

Fjármálaráðherra hefur sent fjárveitinganefnd ofanritaða þáltill. og óskað þess, að nefndin flytti hana. Fylgdi till. svo hljóðandi greinargerð:

Sem greinargerð fyrir þessari þingsályktunartillögu vísast til bréfs stjórnar landssmiðjunnar, dags. 11. þ. m., sem er svo hljóðandi:

Á undanförnum árum hefur landssmiðjan byggt upp öll þau húsakynni, sem hún notar nú, aflað véla og lagt í annan stofnkostnað, sem nú nemur samtals um 2.9 milljónum króna. Enn fremur liggur hún með birgðir af ýmsu efni, sem nemur um 600 þúsund krónum. Í lögum frá 1936 var ákveðið, að ríkissjóður legði smiðjunni til nægilega lóð til bygginga. Það hefur ekki verið gert, en smiðjan hefur keypt og greitt af rekstrarfé sínu þær lóðir, sem hún notar nú, og varið til þess rúmum 200 þúsundum króna.

Ríkissjóður hefur ekki lagt smiðjunni til neitt rekstrarfé, og hefur smiðjan því orðið að leita til bankanna um nauðsynlegt fé til rekstrar- og stofnkostnaðar.

Framleiðsla smiðjunnar nam síðastliðið ár um 3.2 milljónum króna, og reksturinn er þess eðlis, að allháar upphæðir eru jafnan ógreiddar hjá viðskiptamönnum.

Á síðastliðnu ári tók smiðjan að sér að smíða fyrir ríkisstjórnina 12 vélskip, 55 tonn að stærð hvert, fyrir samtals rúmar 5 milljónir króna. Réðst smiðjan þá í að byggja skipasmíðastöð við Elliðaárvog, sem kostaði um 800 þúsundir króna.

Samkvæmt reikningum smiðjunnar fyrir árið 1944 voru hreinar eignir hennar tæpar 700 þúsundir króna. Reikningar fyrir 1945 eru enn ekki gerðir upp, en eignirnar hafa væntanlega lítið aukizt á árinu. Landssmiðjan hefur fengið lán í Landsbankanum, að upphæð 1 milljón kr. til 20 ára, en að öðru leyti hefur hún orðið að leita til bankanna um rekstrarlán með venjulegum lánskjörum, sem hefur orðið smiðjunni dýrt, og er talið nauðsynlegt að tryggja meira stofnfé með betri kjörum en smiðjan á nú kost á.

Smiðjan hefur nú með höndum allar viðgerðir á skipum ríkisins, svo og mest viðskipti við ríkisstofnanir.

Þar sem smiðjan hefur orðið á undanförnum árum að reisa mikil hús og útvega nauðsynlegar vélar af eigin rammleik, og hefur orðið að leggja fram stórfé í þessu skyni, er óhjákvæmilegt að hún fái aukið rekstrarfé. Stjórn verksmiðjunnar telur nauðsynlegt, að hún fái aukið lánsfé, 1.5 milljón króna, með hagkvæmum kjörum,

sem fást aðeins með ábyrgð ríkissjóðs og tryggingu í fasteignum og vélum smiðjunnar, sem nema nú að verðmæti samkvæmt efnahagsreikningi nokkuð yfir 3 milljónir króna.

Nd. 908. Breytingartillögur

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Við 42. gr. Greinin orðist svo:
   Sjúkrabætur greiðast frá og með 8. veikindadegi og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda geti sjúklingurinn sýnt fram á, að tekjur hans hafi minnkað vegna veikindanna. Tryggingaráði er þó heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef veikindi stafa af slysförum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða. Sjúkrabætur eru ekki greiddar nema hlutaðeigandi hafi verið óvinnufær lengur en 10 daga.
   Nú heldur hinn sjúki atvinnutekjum sínum að meira eða minna leyti, og skal þá einnig greiða sjúkrabætur, þó svo, að þær að viðbættum hreinum atvinnutekjum séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði.
   Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.
2. Við 43. gr. Greinin falli niður.

Nd. 909. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 901 [Sérstakar fyrningarafskriftir].

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

Aftan við tillöguna bætist: Svo fremi að styrkurinn sé jafnhár eða hærri en afskriftum þessum nemur. Sé styrkurinn hins vegar lægri, má afskrifa eignir þessar þannig, að styrkur að viðbættum afskriftum nemi 20% á ári í 3 ár.

Nd. 910. Breytingartillögur

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 34. gr. Greinin orðist svo:
   Við hverja barnsfæðingu á móðirin rétt á að fá greiddar kr. 300.00.
2. Við 45. gr. Greinin orðist svo:
   Allir þeir, sem slasast við vinnu, eiga rétt til slysabóta samkvæmt því, er segir í 49.—58. gr., svo og vandamenn þeirra.
3. Við 46. gr. Greinin falli burt.
4. Við 47. gr. Greinin falli burt.
5. Við 49. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Það er bótaskylt slys, er maður slasast eða deyr af slysi við vinnu.
6. Við 52. gr. Orðið „tryggingarskylda“ í 1. málsgr. falli burt.

Nd. 911. Breytingartillaga

við frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Við 18. gr. A. Á eftir orðunum „500 teningsmetrum“ komi: eða því sem næst.

Nd. 912. Breytingartillaga

við frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 3. gr. Aftan við 4. tölulið bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú samþykkir stjórn Byggingarsjóðs að afla lánsfjár til byggingarframkvæmda með skuldabréfa útboði, og er Landsbankanum þá skylt að taka við bréfunum fyrir nafnverð, en síðan annast bankinn sölu þeirra. Ekki er bankanum þó skylt að kaupa samkvæmt þessu meira en svo af skuldabréfum byggingarsjóðs, að nemi 15 millj. króna.

Nd. 913. Breytingartillaga

við frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Bráðabirgðaákvæði verði þannig:

Kosning fyrstu stjórnar byggingarsjóðs samkv. 8. gr. og fyrstu endurskoðenda samkv. 9. gr. fer fram á Alþingi því, er setur þessi lög, og gildir til ársloka 1949. Frá gildistöku laganna fellur niður umboð stjórnar og endurskoðenda byggingarsjóðs samkvæmt lögum nr. 3 1935.

Ed. 914. Frumvarp til laga

um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um verkamannabústaði.

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna og annarra þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem hafa ekki tekjur né eiga eignir yfir það hámark, er greinir í 4. lið 6. gr. laga þessara, og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna.

2. gr.

Byggingarsjóður lánar til byggingar samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi sveitarstjórn fært félagsmálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar.

Kauptún telst í þessum lögum þorp með minnst 15 fjölskyldum, enda hafi engin þeirra svo mikið land, að talizt geti lögbýli.

3. gr.

Byggingarsjóður skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefur verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem nemur ekki minna en 4 krónum og ekki meira en 6 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt.
2. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til þess krónufjölda á íbúa kaupstaðar eða kauptúns, er sveitarstjórn þar hefur ákveðið með samþykkt þeirri, er í 1. lið segir, að leggja fram til sjóðsins, þegar sýnt er, að þörf er fyrir starfsemi byggingarsjóðs. Sbr. 2. gr.
3. Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn kr. 150000.00, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkv. 14. gr. l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.
4. Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður. En hlutaðeigandi sveitarsjóður, sbr. 2. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu. Gefa skal út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og sveitarsjóðs til byggingarsjóðs samkv. 1. og 2. tölulið hækka til samræmis við vísitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.

Heimilt er stjórn byggingarfélags að stofna innlánsdeild í sambandi við byggingarsjóð, sem tekur við innlögum frá mönnum á félagssvæðinu, sem vilja tryggja sér húsnæði hjá félaginu. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi innlánsdeilda þessara að fengnum tillögum stjórnar byggingarsjóðs, þ. á m. um það, hvenær þeim, sem slíkum innlögum hafa safnað, skuli fengin íbúð.

4. gr.

Byggingarsjóður veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni, og skal félagið reist á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

Heimilt er að stofna deildir, sem hafa sérsamþykktir, innan byggingarfélags, þegar 50 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn félagsins.

Lán þessi skulu vera tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, og mega þau nema allt að 90% af kostnaðarverði eignarinnar. Lánin séu affallalaus. Þau endurborgast með jöfnum árlegum greiðslum á 42—75 árum.

Úr byggingarsjóði má veita lán með eftirgreindum kjörum:

A. flokkur. Lánshæð allt að 90% af kostnaðarverði hússins; lánstími 75 ár.
B. flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 60 ár.
C. flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 42 ár.

Vextir í öllum lánaflokkum skulu vera 2% — tveir af hundraði —.

Stjórn byggingarsjóðs ákveður, að fengnum tillögum sveitarstjórnar og stjórnar byggingarfélags, hvers konar lánskjör eru hverju sinni veitt, og er heimilt að láta

ákvæði þessarar greinar taka til þeirra verkamannabústaða, sem lokið er við að byggja eftir 1. janúar 1943.

Heimilt er lántakendum að greiða byggingarlán að fullu, hvenær sem þeir óska þess.

5. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkissjóðsábyrgð að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

6. gr.

Byggingarfélög hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 4. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð fimm mönnum, og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. töluliðar þessarar greinar.
2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
3. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni með eins til fjögurra herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna samþykkt af félagsmálaráðuneytinu.
4. Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 7000 króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 1000 krónum fyrir hvern ómaga, né yfir 10000 króna eignir. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.
5. Að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarsjóðsins ákveður.
6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, og með þeim láns- og vaxtakjörum, sem ákveðin eru samkv. 4. gr. Skal gerður sérstakur kaupsamningur um hverja íbúð við þann, er íbúðina fær, og eru þeir samningar undanþegnir stimpilgjaldi.

   Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að íbúðinni, enda gerist þau þá löglegir félagar byggingarfélagsins.
7. Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleiga metin reglulega á 10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal sveitarfélaginu skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.
8. Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefur íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun, sem samkv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkv. mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.
9. Að ákveðið sé með reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sam-

byggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal notandi hennar greiða. Um sameiginleg tæki innan húss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.

10. Að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og ráðuneytið staðfest þær.

7. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlun, dagheimili, leikskóla fyrir börn og mötuneyti. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 6. gr. 9. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

8. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 5 menn, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi, til fjögurra ára í senn. Félagsmálaráðherra skipar einn þeirra formann sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkv. reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, en sjóðsstjórninni er heimilt að lána fé sjóðsins til bráðabirgða milli deilda, ef það þykir henta.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með, að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinna samkv. 6. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn, einn eða fleiri, í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi sveitarfélag hefur rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og allri starfsemi byggingarfélagsins og hefur rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álítur, að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

9. gr.

Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefur verið til bygginganna. Ef stjórn byggingarsjóðs hefur eigi borizt í hendur reikningur byggingarfélags yfir síðasta ár fyrir 1. sept. ár hvert, er óheimilt að halda áfram lánveitingum til félagsins fyrr en reikningurinn berst sjóðsstjórninni í hendur.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

10. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða, að sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefur það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndauppdrætti af húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún

í samráði við stjórn byggingarsjóðs og hlutaðeigandi sveitarstjórnir öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Um byggingarsamvinnufélög.

12. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eignarframlögum félagsmanna (sjá 15. gr.) og reka lánastarfsemi.

13. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri á stöðum með færri en 1000 íbúa, 20 á stöðum með 1000 íbúa eða fleiri utan Reykjavíkur og 25 í Reykjavík koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

14. gr.

Nú vill sveitarstjórn beita sér fyrir og taka þátt í stofnun byggingarsamvinnufélags til byggingar fjölbýlishúsa með hæfilega stórum, heilsusamlegum íbúðum og sameiginlegum þægindum. Skal sveitarstjórn þá hlutast til um, að almennur fundur sé haldinn á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri og kjörnir fulltrúar bæjar- eða sveitarfélagsins koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við þessi lög, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

15. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅓ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félagsmanns til byggingar húss eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félags, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands.

Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu, verði félagsmaður fátækrastyrksþurfi, og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst eigi rekstrarkostnaður.

C. Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán, og mega þau nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, er félagið reisir. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra samvinnubústaða, sem lokið er við að byggja eftir 1. janúar 1943. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán í þeim flokki.

Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar.

16. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 15. gr. A. hér að framan. Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 75% af kostnaðarverði eignarinnar. Heimilt er þó félagsstjórn að veita lán gegn 2. veðrétti, þó þannig, að samanlagður 1. og 2. veðréttur nemi eigi hærri upphæð en 75% af kostnaðarverði. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

17. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937.

18. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði, auk þess sem um ræðir í 15. gr. A.:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum eða því sem næst með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefur ákveðið og samþykktar hafa verið af félagsmálaráðuneytinu.

B. Að húsin séu reist á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af félagsmálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.

C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent félagsmanni gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.

Heimilt er þó félagsstjórn að leyfa, að félagsmenn reisi hús sín sjálfir, ef það er undir umsjón og eftirliti byggingarfulltrúa félagsins eða annars byggingarfróðs manns, sem félagsstjórnin telur gildan.

D. Að félagsmaður sé fjárráða og heimilisfastur innan þess svæðis, sem félagið nær yfir.

19. gr.

Byggingarsamvinnufélag, sem stofnað er að tilhlutun sveitarstjórnar samkv. 14. gr., skal í starfsemi sinni bundið við ákvæði 2., 3., 6., 7. og 9. töluliðar 6. gr. svo og ákvæði 7. gr. I. kafla laga þessara að því leyti, sem við getur átt, þó með þeirri undantekningu, að íbúðir þær, sem félagið reisir, megi vera allt að 500 rúmmetrum að stærð.

20. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutun félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættri verðhækkun samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn fé-

lagsins hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkvæmt mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Ákvæði þessi taka þó ekki til húsa þeirra, er byggingarsamvinnufélög hafa reist fyrir 1. janúar 1946, og fer um sölu þeirra og leigu eftir ákvæðum laga nr. 43 frá 1942, um breyting á lögum um byggingarsamvinnufélög.

21. gr.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt 20. gr., og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, nema því aðeins, að hann sanni, að þegar kaupin fóru fram, hafi honum verið ókunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

22. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau þá löglegir meðlimir félagsins.

23. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að verða á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

24. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

25. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndauppdrætti bæði af sérbyggingum og sambyggingum til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög og lætur þær í té án endurgjalds.

Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

26. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 1937.

III. KAFLI

Um íbúðabyggingar sveitarfélaga.

27. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fólk býr í heilsuspillandi íbúðum (bröggum, útihúsum, háaloftum, kjöllurum o. s. frv.) og ekki verður úr bætt á nægilega skömmum tíma að dómi sveitarstjórnarinnar með þeirri aðstoð ríkisins og sveitarfélaganna, sem um getur í I. og II. kafla þessara laga, ber sveitarstjórn kaupstaðarins eða kauptúnsins að ráða bót á húsnæðisvandræðunum, og nýtur hún til þess þeirrar aðstoðar ríkisins, sem í þessum kafla segir.

28. gr.

Sveitarstjórn lætur safna skýrslum um fjölskyldur þær í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, og kynnir sér efnahag þeirra og atvinnu svo og fyrirætlanir þeirra um útvegun húsnæðis.

29. gr.

Að skýrslugerð þessari lokinni skal sveitarstjórn semja áætlun um, hversu margar íbúðir þurfi að gera til þess að bæta úr þörfum þeirra, sem búa í heilsuspillandi íbúðum og ekki fá á annan veg tryggt sér viðunandi húsnæði, svo og kostnaðaráætlun og áætlun um, hversu langan tíma sú framkvæmd muni taka, og skal stefnt að því, að henni verði lokið á fjórum árum.

30. gr.

Skýrslur þær og áætlanir, sem um getur í 29. gr., skal senda ríkisstjórninni ásamt rökstuðningi sveitarstjórnar fyrir því, að ekki verði bætt úr húsnæðisþörfinni á nægilega skömmum tíma með þeim aðgerðum, sem í I. og II. kafla þessara laga segir.

31. gr.

Nú færir sveitarstjórn félagsmálaráðuneytinu sönnur á, sbr. 29. gr., að nauðsyn sé slíkra íbúðabygginga, sem hér um ræðir, og skal þá ríkissjóður lána þeim sveitarfélögum, sem reisa slíkar íbúðir, 75% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, en þar skal ekki lóð með talin. Lán þessi skulu vera til 50 ára með 3% ársvöxtum, og greiðast vextir og afborganir með jöfnu, árlegu gjaldi. Ríkissjóður leggur enn fremur fram 10% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaust lán til 50 ára. Lán þessi eru afborgunarlaus fyrstu 15 árin, en greiðast síðan með jöfnum árlegum greiðslum á 35 árum. Ef sveitarstjórn ákveður að afskrifa þau 15%, sem sveitarsjóður leggur fram án atbeina ríkissjóðs, er ríkisstjórninni heimilt að gefa eftir vaxtalausa lánið.

32. gr.

Til tryggingar 75% láni ríkissjóðs skal vera 1. veðréttur í húseignum þeim, sem reistar eru, þar til er lánin eru að fullu greidd.

33. gr.

Fé það, sem ríkissjóður lánar sveitarfélögunum til íbúðabygginga samkvæmt þessum kafla, getur ríkisstjórnin tekið að láni. Vaxtamismun, sem verða kann á lánastarfsemi þessari, greiðir ríkissjóður.

34. gr.

Sveitarstjórn byggir íbúðir þessar og ræður gerð þeirra og stærð, allt í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar staðarins og skipulagsuppdráttar, ef til er. Íbúðir þær, sem byggðar eru samkv. III. kafla þessara laga, skulu leigðar þeim, er í heilsuspillandi íbúðum búa, og skulu þeir ganga fyrir, sem búa við lakast húsnæði og erfiðastar heimilisástæður. Skal leitað álits heilbrigðisnefndar, ef til er, ella héraðslæknis, um það í hverri röð menn fái íbúðirnar.

35. gr.

Íbúðir þær, sem reistar eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, eru eign sveitarfélagsins og leigjast þeim, sem þær eru byggðar fyrir, við leigu, sem eigi má hærri vera en sambærileg leiga í leiguhúsum af sambærilegri gerð, sem einstaklingar eiga. Heimilt er þó sveitarstjórn að selja íbúðirnar þeim, sem þær hafa fengið til íbúðar, á kostnaðarverði og með hagkvæmum greiðsluskilmálum.

36. gr.

Sveitarfélög, sem íbúðir reisa með þeirri ríkisaðstoð, sem í þessum kafla segir, skulu hafa sérstakt reikningshald fyrir húsbyggingar þessar og starfrækslu þeirra.

Skal leggja mánaðarlega leigu og afborganir, ef íbúðir eru seldar, í sérstakan reikning, og geymist fé þetta þar, unz að gjalddögum kemur á lánum ríkissjóðs, en þá skal því varið til afborgana og vaxtagreiðslna af þeim. Nú hrökkva tekjur af húseignunum ekki eitthvert ár til fullrar greiðslu, og skal þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði.

37. gr.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra staðfestir, skal sveitarstjórn kveða nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd á byggingum íbúðarhúsa sveitarfélaganna svo og leigukjör, söluskilmála, viðhald og hvað eina, sem nauðsynlegt verður talið að ákveða þar sérstaklega, þ. á m., hvernig fara skal að um sölu slíkra íbúða, ef eigendaskipti verða eða eigandi vill losna við íbúð sína. Skal reynt að haga svo til, að greiðslur einstaklinga fyrir húsnæði sveitarfélaganna verði í sem mestu samræmi við greiðslur þeirra, sem hjá byggingarfélögum fá íbúðir. Í reglugerð skal og ákveða þau viðurlög, sem ástæða þykir að setja.

IV. KAFLI

Um innflutning og skiptingu byggingarefnis o. fl.

38. gr.

Á meðan skortur er á íbúðarhúsnæði í landinu og erfiðleikar eru á innflutningi nægilegs byggingarefnis, að dómi ríkisstjórnarinnar, skal viðskiptaráð, á meðan það starfar, ella sú stofnun, sem ríkisstjórnin ákveður, kveða á um, til hverra nota fari það byggingarefni, sem flutt er til landsins. Kveða skal á um það með reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum þess aðila, er að framan getur, hverjar byggingar og framkvæmdir skuli ganga fyrir um byggingarefni, og skal þá einkum miðað við þörf íbúðarhúsnæðis og nauðsyn atvinnulífs og almenningsstofnana. Þá skal og í reglugerð mæla fyrir um önnur þau atriði, sem þörf er á, til að lög þessi nái tilgangi sínum.

39. gr.

Nú ákveður stjórn byggingarfélags að koma á sameiginlegum innkaupum á byggingarefni fyrir félagsmenn sína, og skal hún þá hafa sama rétt og aðrir innflytjendur byggingarefnis til að fá innflutningsleyfi og að fá keyptan gjaldeyri.

40. gr.

Nú kemst sveitarfélag, sem lán hefur fengið til húsbygginga samkvæmt III. kafla laga þessara, í greiðsluþrot eða er sett undir eftirlit samkvæmt lögum um eftirlit með sveitarfélögum eða það vanrækir um tveggja ára tíma skuldbindingar sínar vegna byggingarlána gagnvart ríkissjóði, og tekur þá ríkisstjórnin í sínar hendur framkvæmd alla og stjórn á húseignum þess sveitarfélags, sem í hlut á og reistar hafa verið samkvæmt III. kafla laga þessara.

41. gr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

42. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal ef byggingarefni er í heimildarleysi varið til annarra þarfa en lög þessi ákveða, varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

43. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 3 frá 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, lög nr. 71 frá 11. júní 1938, um

byggingarsamvinnufélög, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur þau lagaákvæði, sem fara í bág við lög þessi.

44. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórninni heimilast að endurgreiða toll af þeim innfluttum tilbúnum húsum, sem flutt verða inn á árinu 1946, að því leyti sem hann er hærri en á því byggingarefni óunnu, er til húsanna þarf.

Kosning fyrstu stjórnar byggingarsjóðs samkv. 8. gr. og fyrstu endurskoðenda samkv. 9. gr. fer fram á Alþingi því, er setur þessi lög, og gildir til ársloka 1949. Frá gildistöku laganna fellur niður umboð stjórnar og endurskoðenda byggingarsjóðs samkvæmt lögum nr. 3 1935.

Ed. 915. Breytingartillaga

við frv. til l. um menntaskóla.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjóra með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

Ed. 916. Frumvarp til laga

um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI

Skólarnir, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Menntaskólar eru tveir, annar í Reykjavík, hinn á Akureyri. Stofna skal hinn þriðja í sveit, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Það er markmið skólanna að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

3. gr.

Í skólanum eru 4 ársbekkir. Greinast 3 efstu bekkirnir í 2 deildir: máladeild og stærðfræðideild. Heimilt er fræðslumálastjórn að stofna fleiri deildir við skólana samkvæmt tillögum hlutaðeigandi skólastjórnar.

4. gr.

Skólarnir eru jafnt fyrir pilta og stúlkur.

II. KAFLI
Um inntöku nemenda í skólana.

5. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skóla.

6. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldursákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum;
2. að hann hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti að meini orðið;
3. að hann sé óspilltur að siðferði;
4. að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

7. gr.

Rétt til inngöngu í 1. bekk skólanna veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.

8. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki skólanna, verður nemandi að hafa staðizt miðskólapróf í bóknámsdeild með ákveðinni lágmarkseinkunn og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, er hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, er skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið það, sem kennt er í þeim bekkjum, er hann kann að hafa hlaupið yfir.

III. KAFLI
Um kennsluna.

9. gr.

Í skólunum skal kenna: íslenzku og íslenzk fræði, dönsku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sögu og félagsfræði, kristin fræði, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði og stjörnufræði, bókfærslu, íþróttir og söng.

Heimilt er stjórnum skólanna að fjölga kennslugreinum eða fækka að fengnu samþykki yfirstjórnar þeirra.

IV. KAFLI
Um próf og einkunnir.

10. gr.

Í hverjum bekk skal að jafnaði halda próf í lok skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Árspróf veitir nemanda, er stenzt það, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan. Það getur verið lokapróf í einstökum greinum, eftir því sem fyrir verður mælt í reglugerð.

11. gr.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

Menntaskólar einir hafa rétt til að brautskrá stúdenta.

Ákvæði 2. málsgr. raskar ekki þeim réttindum, sem einstakir skólar hafa þegar fengið.

12. gr.

Við árspróf dæma kennarar skólanna um úrlausnir hver hjá öðrum. Við stúdentspróf og próf í þeim greinum, sem fyrr er lokið og til þess teljast, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómendur, skipaðir af yfirstjórn skólanna að fengnum tillögum háskólaráðs og forstöðumanna skólanna.

13. gr.

Um próf að öðru leyti og um einkunnir segir í reglugerð.

V. KAFLI
Um kennara skólanna.

14. gr.

Skólastjórar og fastir kennarar eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Leita skal áður umsagnar skólastjórnar.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn fastur kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild.

Skólastjórar ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna með samþykki fræðslumálastjórnar.

15. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar.

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna.

Undanþágur frá þessum ákvæðum má enn fremur veita, er sérstaklega stendur á og þörf krefur, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

16. gr.

Skylt er kennara að kenna allt að 27 kennslustundum á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og 17, er hann verður 60 ára.

Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, ef þörf gerist, svo og vegna mikillar heimavinnu, eða taka tillit til slíkra aukastarfa, þegar ákveðin er lengd árlegs starfstíma kennara. Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætlað átt við 45 mínútna kennslustund.

17. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjóra með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið,

en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

18. gr.

Nánari ákvæði um réttindi kennara og skyldur standa í reglugerð.

VI. KAFLI
Um stjórn skólanna og yfirstjórn.

19. gr.

Fræðslumálastjórn er yfirstjórn skólanna.

Skólastjóri og fastir kennarar skipa skólastjórn, eftir því sem nánara er ákveðið í reglugerð.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

20. gr.

Yfirstjórn skólanna skipar, í samráði við skólayfirlækni og skólastjóra, skólalækna til 5 ára í senn og ákveður þeim þóknun fyrir starfann.

Skólalæknar skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólunum.

21. gr.

Um skólatíma og leyfi, nemendur, reglu og aga skal ákveðið í reglugerð.

VIII. KAFLI
Um gildistöku laganna.

22. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 32 19. maí 1930, um menntaskóla á Akureyri, lög um breyting á þeim lögum, nr. 89 19. júní 1933, og lög nr. 19 24. marz 1944, og önnur ákvæði, er fara í bág við þessi lög. Þó skulu gilda ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstilhögun fyrir þá nemendur, er þegar hafa gengið inn í skólana.

Ed. 917. Breytingartillaga

við frv. til l. um menntaskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Á eftir 15. gr. komi ný gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):

Skylt er kennara að kenna allt að 27 kennslustundum á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og 17, er hann verður 60 ára.

Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, ef þörf gerist,

svo og vegna mikillar heimavinnu, eða taka tillit til slíkra aukastarfa, þegar ákveðin er lengd árlegs starfstíma kennara. Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.

Ed. 918. Breytingartillaga

við frv. til l. um gagnfræðanám.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 39. gr. Greinin orðist svo:

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjóra með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

Ed. 919. Breytingartillaga

við frv. til l. um gagnfræðanám.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 10. gr. Aftan við c-lið greinarinnar bætist: Skal fræðslumálastjórn skipa í hverja stöðu einn úr hópi þeirra, er skólanefnd hefur mælt með.

Nd. 920. Frumvarp til laga

um gagnfræðanám.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 434, með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Við hvern gagnfræðaskóla og miðskóla skal vera skólanefnd skipuð 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu 4 þeirra kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd.

Ef tvö eða fleiri fræðsluhéruð standa saman um skóla, kýs hver sýslunefnd tvo skólanefndarmenn. Fræðslumálastjórn skipar einn mann í nefndina, og er hann formaður. Skipun hans gildir um sama tímabil.

Þar sem skyldufræðsla gagnfræðastigsins fer fram í barnaskólum, skal vera sama skólanefnd fyrir bæði skólastigin. Nú standa tvö eða fleiri skólahverfi saman

um skóla, sem veitir aðeins skyldufræðslu gagnfræðastigsins, og setur fræðslumálastjórn þá reglur um fjölda skólanefndarmanna og hve margir skulu kosnir fyrir hvert skólahverfi, og skal í því efni hafa hliðsjón af fólksfjölda.

Heimilt er að fela fræðsluráði störf skólanefndar við þessa skóla, ef fræðslumálastjórn og hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir eru sammála um það.

10. gr. hljóðar svo:

Skólanefndir hafa eftirlit með fræðslu gagnfræðastigsins, hver í sínu skólahverfi, undir umsjón fræðsluráðs og fræðslumálastjórnar. Verkefni þeirra er einkum:

a) að sjá um, að fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi til lögboðins skólahalds;
b) að láta auglýsa lausar kennara- og skólastjórastöður og leitast við, ásamt fræðslumálastjórn, að fá hæfa menn í þær;
c) að láta fræðslumálastjórn í té rökstutt álit á umsækjendum um kennara- og skólastjórastöður ásamt tillögu um, hver skuli valinn, svo og vara- og þrautavaratillögu, ef nægilega margir sækja um stöðurnar;
d) að ráða kennara um stundar sakir, ef þörf krefur;
e) að sjá um, að skólinn hafi fullnægjandi kennslutæki, og að þeim og öðrum munum skólans og skólahúsi sé haldið við á fullnægjandi hátt;
f) að hafa eftirlit með skólasókn skólaskyldra unglinga í hverfinu og gera nauðsynlegar ráðstafanir, ef fræðsluskylda er vanrækt;
g) að gera áætlun um kostnað við skólahaldið fyrir hvert reikningsár hlutaðeigandi sveitarfélags, og senda hana í tæka tíð sveitarstjórn og fræðslumálastjórn.

Hlutverk skólanefndar skal nánar ákveðið í reglugerð og erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

39. gr. hljóðar svo:

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjóra með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

54. gr. hljóðar svo:

Fastir kennarar við skóla gagnfræðastigsins eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stundakennslu samkv. 55. og 59. gr. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti, sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum helming þess, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður greiðir hinn helminginn. Fræðslumálastjórn ákveður húsaleigu heimavistarnemenda í samráði við skólastjóra og skólanefnd.

61. gr. hljóðar svo:

Skólar gagnfræðastigsins eru sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga. Nú leggst skóli niður samkvæmt tillögum gagnfræðaráðs og að fengnu sam-

þykki fræðslumálastjórnar, og skulu þá skuldlausar eignir hans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.

62. gr. hljóðar svo:

Skólar þeir, sem svara til skóla gagnfræðastigsins, er lög þessi taka gildi, falla undir ákvæði þeirra, ef forráðamenn skólanna óska þess. Tekur ríkið og hlutaðeigandi sveitarfélag við eignum þeirra, réttindum og kvöðum án endurgjalds. Hlutdeild ríkisins og sveitarfélaganna í eignum þessara skóla skal vera í sama hlutfalli og framlög stofnkostnaðar samkvæmt lögum þessum.

Ed. 921. Breytingartillaga

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjóra með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

Ed. 922. Breytingartillaga

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá Páli Hermannssyni.

Við 9. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í heimavistarskólum, sem hafa færri nemendur en 36, og í skólum, er starfa í 2 ársdeildum, er þó heimilt að miða tölu fastra kennara við það, að 10—12 nemendur komi á hvern kennara.

Nd. 923. Frumvarp til laga

um húsmæðrafræðslu.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI

Húsmæðraskólar, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Markmið húsmæðraskóla er það að veita konum nauðsynlegan undirbúning undir venjuleg heimilisstörf, heimilisstjórn og barnauppeldi.

2. gr.

Til stofnunar húsmæðraskóla þarf:

1. Tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs eða fræðsluráða, þar sem jafnframt sé bent á skólastað.
2. Umsögn hlutaðeigandi kvenfélagasambands eða sambanda.
3. Samþykki hlutaðeigandi kaupstaðar, sýslufélags eða sýslufélaga.
4. Samþykki fræðslumálastjórnar á skólastað og uppdrætti að skólahúsi.
5. Fjárveiting Alþingis til stofnunar skólans.

3. gr.

Hver skóli skal vera 1 ársdeild, er starfar 9 mánuði hið minnsta. Þó er heimilt að stytta námstímann um 1 mánuð í þeim kaupstaðarskólum, sem geta ekki komið við garðyrkjunámi né hirðingu húsdýra og búsafurða.

Skólanefnd getur með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að skóli starfi í 2 ársdeildum.

4. gr.

Hverjum skóla stjórnar skólanefnd, skipuð sem hér segir:

Þar, sem kaupstaður eða 1 sýsla stendur að skóla, kýs bæjarstjórn eða sýslunefnd 2 nefndarmenn hlutbundinni kosningu á 1. fundi eftir kosningar. Ef 2 eða fleiri sýslur standa að sama skóla, kýs hver sýslunefnd 1 nefndarmann.

Kvenfélagasamband hlutaðeigandi kaupstaðar eða sýslu eða kvenfélag, ef slíkt samband er ekki starfandi, sem hefur húsmæðrafræðslu á stefnuskrá sinni, kýs jafnmarga menn til sama tíma. Ef þessir aðilar nota ekki rétt sinn að kjósa í nefndina, kjósa hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir tvöfalt fleiri en gert er ráð fyrir í annarri málsgrein þessarar greinar.

Fræðslumálastjórn skipar formann nefndarinnar.

5. gr.

Skólanefnd hefur eftirlit með hverjum húsmæðraskóla, undir umsjón fræðslumálastjórnar. Verkefni hennar er einkum:

a. að sjá um, að fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi til skólahalds;
b. að láta auglýsa lausar kennara- og skólastjórastöður og leitast við, ásamt fræðslumálastjórn, að fá hæfa menn í þær;
c. að láta fræðslumálastjórn í té rökstutt álit á umsækjendum um kennara- og skólastjórastöður ásamt tillögu um, hver skuli valinn, svo og vara- og þrautavaratillögu, ef nægilega margir sækja um stöðurnar;
d. að ráða kennara um stundarsakir, ef þörf krefur;
e. að sjá um, að skólinn hafi fullnægjandi kennslutæki og að þeim og öðrum munum skólans og skólahúsi sé haldið við á fullnægjandi hátt;
f. að annast fjárreiður skólans og gera áætlun um kostnað við skólahaldið fyrir hvert reikningsár hlutaðeigandi sveitarfélags og senda hana í tæka tíð hlutaðeigandi sveitarstjórn og fræðslumálastjórn.

Hlutverk skólanefndar skal nánar ákveðið í reglugerð og erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

II. KAFLI

Fjármál.

6. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélag leggur skólanum til ókeypis nægilegt land til starfsemi hans að dómi fræðslumálastjórnar.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að ¾ stofnkostnaðar, en ¼ greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Ef 2 eða fleiri sveitarfélög — eða hlutar úr þeim — standa að

byggingu húsmæðraskóla, skiptist stofnkostnaðurinn á milli þeirra í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali 5 síðustu ára. Nauðsynlegur húsbúnaður og áhöld teljast til stofnkostnaðar.

Við heimavistarskóla teljast íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks, sem í skólanum býr, til skólahúsnæðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Bújörð ásamt nauðsynlegum húsum til búskapar telst til stofnkostnaðar, ef bú er rekið í sambandi við skólann.

8. gr.

Fastir kennarar við húsmæðraskóla eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stundakennslu samkvæmt 9. gr. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti, sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum helming þess, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður greiðir hinn helminginn.

9. gr.

Tölu fastra kennara í heimavistarskólum ber að miða við það, að 12—16 nemendur hið minnsta komi á hvern kennara, en 16—20 í heimangönguskólum.

Í heimavistarskólum, sem hafa færri nemendur en 36, og í skólum, er starfa í 2 ársdeildum, er þó heimilt að miða tölu fastra kennara við það, að 10—12 nemendur komi á hvern kennara.

Ríkissjóður greiðir styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum.

10. gr.

Kennsla er veitt ókeypis, en heimavistarnemendur greiða húsaleigu, sem ákveðin skal af fræðslumálastjórn í samráði við skólastjóra og skólanefnd.

11. gr.

Skólanefndir og skólastjórar annast fjárreiður og reikningshald skólanna. Sveitarfélög greiða framlög sín til skólans samkvæmt fjárhagsáætlun í byrjun hvers skólaárs eða með hlutfallslegri upphæð í byrjun hvers mánaðar þann tíma, er skólinn starfar. Ef fleiri en eitt sveitarfélag á að greiða kostnað af sama skóla, skal skólanefnd jafna honum á sveitarfélögin samkvæmt 8. gr. Ef ágreiningur verður út af skiptingu kostnaðar eða greiðslu, sker fræðslumálastjórn úr. Vangreidd gjöld sveitarfélaga innheimtir hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga eða sýslufélaga, og sendir skulu þeir fræðslumálaskrifstofunni.

III. KAFLI

Kennarar.

12. gr.

Til þess að verða settur kennari við húsmæðraskóla þarf kennarapróf í hússtjórn eða handavinnu, en til skipunar auk þess tveggja ára húsmæðrakennslu og meðmæli skólastjóra. Skólastjóri skal þó hafa kennt 3 ár hið minnsta.

Heimilt er þó við gildistöku þessara laga að setja eða skipa skólastjóra og kennara þá, sem kennt hafa 2 ár hið minnsta í húsmæðraskóla með góðum árangri, enda þótt þeir fullnægi ekki framangreindum skilyrðum.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa skólastjóra- eða kennarastöðu, skal þá fræðslumálastjórn og skólanefnd leitast við að fá kennara, er hún treystir, og má að þremur árum liðnum skipa hann í stöðuna, ef hún telur hann starfinu vaxinn, enda komi meðmæli skólanefndar til.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er skipa fastar stöður við húsmæðraskóla, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

13. gr.

Skylt er kennara að kenna allt að 36 kennslustundir á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 30, er hann verður 55 ára, og í 24, er hann verður 60 ára. Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Kennsluskylda skólastjóra skal ákveðin í reglugerð.

14. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjóra með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

IV. KAFLI
Nemendur.

15. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði í húsmæðraskóla:

a. að nemandi sé fullra 17 ára fyrir næstu áramót;
b. sé óspilltur að siðferði;
c. hafi engan næman sjúkdóm;
d. hafi lokið skyldunámi.

V. KAFLI
Um kennsluna.

16. gr.

Þessar greinar skulu kenndar í húsmæðraskólum:

A. Verklegar greinar: Matreiðsla, ræsting og þvottur, fatasaumur og handavinna, garðrækt, hirðing húsdýra og búsafurða, meðferð ungbarna.
B. Bóklegar greinar: Íslenzka, kristin fræði, uppeldisfræði og sálarfræði barna, manneldisfræði, efnis- og áhaldafræði, búreikningur, heilsufræði og þjóðfélagsfræði.

Heimilt er stjórnum skólanna að fjölga og fækka kennslugreinum að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar. Þá er og heimilt í húsmæðraskólum í kaupstöðum að sleppa hirðingu húsdýra og búsafurða, sé eigi annars kostur.

Nánari ákvæði um námsefni og próf skulu sett í reglugerð.

VI. KAFLI
Námsskeið.

17. gr.

Heimilt er með samþykki fræðslumálastjórnar að hafa sérstæða vefnaðardeild við húsmæðraskóla. Námstími þar skal vera 4 mánuðir hið minnsta. Námsskeið í öðrum verklegum greinum, er standa eigi skemur en 3 vikur, skulu styrkt á sama hátt og önnur kennsla í skólunum. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.

VII. KAFLI

Stjórn skólanna.

18. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirstjórn húsmæðrafræðslunnar. Heimilt er að ráða einn námsstjóra til leiðbeiningar og eftirlits með skólunum.

19. gr.

Skólastjóri og kennarafundur stýra starfi hvers skóla.

Fræðslumálastjórn setur skólastjórum erindisbréf og reglur um starfssvið kennarafundar.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Skólanefnd getur með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að bú skuli rekið í sambandi við húsmæðraskóla. Skal búið rekið sem sjálfseignarstofnun með hagsmuni skólans fyrir augum. Bústjóri skal ráðinn af skólanefnd í samráði við skólastjóra.

21. gr.

Ákvæði um leyfi, reglu, aga og fleira, er skólann varðar, skal setja í reglugerð, er fræðslumálastjórn staðfestir.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, og lög nr. 65 27. júní 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, svo og önnur ákvæði, sem koma í bág við þau.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt að láta rétt til kennaralauna og rekstrarkostnaðar samkvæmt lögum þessum einnig ná til einkaskóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði, meðan hann er rekinn sem einkaskóli, svo og til húsmæðraskólans að Löngumýri í Skagafirði, þar til er fyrirhugaður húsmæðraskóli í Varmahlíð tekur til starfa.

Ed. 924. Lög

um breyting á lögum nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl).

Samhljóða þskj. 876.

Ed. 925. Lög

um breyting á lögum nr. 11 1. febr. 1936, um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl).

Samhljóða þskj. 443.

Ed. 926. Lög

um breytingar á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands, og lögum nr. 107 30. des. 1943.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl).

Samhljóða þskj. 733.

Ed. 927. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Vegna verðhækkunar þeirrar til bátaútvegsins á nýjum þorski og ýsu, sem ákveðin var með auglýsingu 5. janúar 1946, heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast hraðfrystihúsum landsins allt að 5 aura á innvegið kg miðað við slægðan fisk með haus. Ábyrgð þessi kemur til greina að fullu, ef söluverð á hraðfrystum þorsk- og ýsuflökum reynist jafnt eða lægra en söluverð þeirra 1945. Nú reynist söluverð hraðfrystra þorsk- og ýsuflaka hærra en á árinu 1945, en þó ekki sem svarar verðhækkuninni á nýja fiskinum, og skal þá meta, að hve miklu leyti ábyrgð ríkissjóðs kemur til greina.

Ef söluverð á hraðfrystum þorsk- eða ýsuflökum verður hærra en kr. 1.10 fyrir enskt pund komið í skip, miðað við sams konar verkun og gilt hefur fyrir enskan markað, þá skal það, sem umfram er, þó ekki meira en 2½ au. af pundi, renna í ríkissjóð.

Það, sem kann að fást umfram kr. 1.125 fyrir pundið, skiptist að jöfnu milli hraðfrystihúsaeigenda og fiskframleiðenda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka á leigu frá miðjum apríl fram í seinni hluta maí og annast rekstur á allt að 20 fiskflutningaskipum og kaupa fisk í þau til úflutnings til þess að tryggja það, að ekki falli niður útflutningur á ísvörðum fiski bátaútvegsins.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa til útflutnings eða ábyrgjast sölu á allt að 7000 tonnum af saltfiski fyrir bátaútveginn, er miðist við kr. 1.70 hvert kílógramm af fullsöltuðum og fullstöðnum stórfiski (þorski) I. flokks.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu á andvirði útfluttra afurða, sem seldar kunna að verða með gjaldfresti, enda hafi ríkisstjórnin samþykkt söluna.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þeirra ráðstafana, er um getur í lögum þessum, þar á meðal um þau sönnunargögn, er hann telur þurfa fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt hið tilskilda lágmarksverð, sem ákveðið er af samninganefnd utanríkisviðskipta á hverjum tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 928. Breytingartillaga

við till. til rökstuddrar dagskrár á þskj. 828 [Landshöfn í Hornafirði].

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Á eftir orðinu „Hornafirði“ komi: Þorlákshöfn.

Nd. 929. Breytingartillaga

við till. til rökstuddrar dagskrár á þskj. 828 [Landshöfn í Hornafirði].

Frá Sveinbirni Högnasyni.

Á eftir orðunum „í Þórshöfn“ komi: við Dyrhólaey.

Nd. 930. Breytingartillaga

við frv. til laga um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Rétt til niðurgreiðslu samkv. 2. gr. hafa þó ekki þeir, sem stunda sauðfjárrækt sem aðalatvinnugrein.

Nd. 931. Lög

um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 687.

Ed. 932. Frumvarp til laga

um eftirlit með skipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 869 með þessari breytingu:

8. gr. hljóðar svo:

Skipaskoðunarstjóri skal hafa sérfróða fulltrúa, er starfi við skipaeftirlitið að öllu eða nokkru leyti. Skal einn þeirra vera skipaverkfræðingur, annar vélfræðingur, þriðji sérfræðingur í öryggismálum og fjórði siglingafræðingur (skipstjóri).

Þeir skulu skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra og fullnægja kröfum þeim, er þarf til þess að vera embættismaður hér á landi.

Ráðherra getur ákveðið, að skipaskoðunarstjóri skuli annast eitt þessara sérfræðistarfa.

Nd. 933. Frumvarp til laga

um sérstakar fyrningarafskriftir.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Þær eftirtaldar eignir, sem teknar eru í fyrstu notkun á árunum 1944—1948 incl., má í stað venjulegra fyrningarafskrifta afskrifa um 20% á ári í 3 ár frá því er þær eru teknar í notkun, þó ekki fyrr en frá 1. janúar 1946 að telja: fiskiskip og önnur veiðiskip, síldarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Þó skulu þau fyrirtæki, er njóta styrks úr ríkissjóði, ekki njóta þessara sérstöku afskrifta, svo fremi að styrkurinn sé jafnhár eða hærri en afskriftum þessum nemur. Sé styrkurinn hins vegar lægri, má afskrifa eignir þessar þannig, að styrkur að viðbættum afskriftum nemi 20% á ári í 3 ár.

2. gr.

Þegar afskrift er í fyrsta sinn ákveðin samkvæmt 1. gr., skulu skattayfirvöld ákveða heildarafskriftarupphæð hverrar eignar.

Nú gengur eign kaupum og sölum, og skal þá hinn síðari eigandi aldrei njóta hærri afskrifta en hinn fyrsti hafði notið.

3. gr.

Ef lán hefur verið tekið úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til kaupa á eign, sem afskrifuð er samkvæmt lögum þessum, er afskriftin því skilyrði bundin, að öll afskriftarupphæðin gangi til afborgunar á láninu, enda hafi hlutaðeigandi tekjuafgang sem afskriftinni nemur.

4. gr.

Tap það, sem kann að orsakast af afskriftunum, má flytja á milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz því hefur verið náð upp.

Fyrir árslok 1947 skal ákveða með reglugerð, hver skuli vera fyrningarhundraðshluti þeirra eigna, sem afskrifaðar hafa verið samkvæmt lögum þessum, eftir að afskrift samkvæmt þeim hefur verið lokið.

5. gr.

Afskriftahækkanir samkvæmt lögum þessum skerða í engu rétt bæjar- og sveitarfélaga til útsvarsálagningar á aðila þá, sem afskriftanna njóta.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 934. Breytingartillaga

við frv. til laga um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Á eftir orðinu „veiðiskip“ komi: flutningaskip.

Nd. 935. Nefndarálit

um frv. til l. um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. þetta er upprunalega samið og undirbúið af milliþinganefnd og var flutt í efri deild í byrjun desember af heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar, að beiðni félagsmálaráðherra. Frv. var allýtarlega rætt á sameiginlegum fundum heilbrigðis- og félagsmálanefnda beggja deilda, og sat Brynjólfur Stefánsson forstjóri, sem sæti átti í milliþinganefnd þeirri, er samdi upprunalega frv., einnig þessa sameiginlegu fundi. Nefndirnar hafa starfað að athugun frv. frá því í byrjun febrúar, fyrst báðar sameiginlega, en síðan tók efrideildarnefndin við og athugaði það ýtarlega, og einnig var nokkuð um málið rætt á milli flokka. Undir meðferð frv. í efri deild var því breytt nokkuð til þess að tryggja að málið næði fram að ganga á yfirstandandi Alþingi.

Nefndin hefur haldið þrjá fundi um málið, og mættu á fyrsta fundinum félagsmálaráðherra, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins og Brynjólfur Stefánsson forstjóri.

Meiri hl. nefndarinnar (GÞ, SEH og StJSt) telur, að til þess að tefla ekki málinu í tvísýnu þurfi að samþykkja það eins og frá því var gengið í efri deild í öllum höfuðatriðum, þó þeir hins vegar vilji taka til athugunar breytingu á 11. gr. frv. og munu væntanlega flytja um það sérstaka brtt. Öll nefndin sameiginlega flytur nokkrar brtt. til leiðréttingar á frv.

P. Z. er með málinu í aðalatriðum, en telur, að í frv. séu nokkur ákvæði, sem skapi misrétti milli þjóðfélagsþegnanna og þurfi að laga, og mun hann flytja brtt. við frv. og áskilja sér rétt að fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

S. Thor. er málinu fylgjandi, en áskilur sér rétt til að flytja brtt. og fylgja öðrum, sem fram kynnu að koma.

Alþingi, 20. apríl 1946.

Sigurður E. Hlíðar, form. Sigurður Thoroddsen, fundaskr. Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.

Páll Zóphóníasson. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 936. Breytingartillögur

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 19. gr. Í stað orðanna „heilsugæzludeildar tryggingaráðs, sbr. 7. gr.“ í fyrri málsgrein komi: sérfræðinganefndar, sbr. 6. og 7. gr.
2. Við 27. gr. Í stað „119. gr.“ í annarri málsgr. komi: 117. gr.
3. Við 78. gr. Í staðinn fyrir „10. gr.“ á tveimur stöðum í síðustu málsgr. komi: 11. gr
4. Við 85. gr. Í stað „84. gr.“ í fyrstu málsgr. komi: 82. gr.
5. Við 93. gr. Á eftir orðunum „að dómi tryggingayfirlæknis“ bætist: og sérfræðinganefndar.
6. Við 111. gr. Í staðinn fyrir „133. gr.“ komi: 132. gr.
7. Við 113. gr. Í stað „114. gr.“ komi: 112. gr.

8. Við 114. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
   Ef sveitarfélagi hefur verið skipt á milli fleiri en eins tryggingaumdæmis, greiðast framlög af hverjum hluta sveitarfélagsins eftir reglum þess tryggingaumdæmis, er hann fylgir.
9. Við 132. gr. Í stað „130. gr.“ í staflið a komi: 127. gr.
10. Við 136. gr. Í stað „137. gr.“ komi: 135. gr.
11. Við ákvæði til bráðabirgða.
    a. Við 2. tölul. Í stað „18. gr.“ komi: 116. gr.
    b. Við 5. tölul. Í stað „127. gr.“ komi: 126. gr.

Nd. 937. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um almannatryggingar.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Skipta skal landinu í tryggingaumdæmi, eftir því sem hagkvæmt þykir, og skal við ákvörðun umdæma höfð hliðsjón af skipun læknishéraða og lögsagnarumdæma.
   Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa fimm manna tryggingaráð. Tveir nefndarmenn skulu kosnir af hreppsnefndum á tryggingasvæðinu, tveir skipaðir af tryggingaráði og einn skipaður af ráðherra, og er hann formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal kjósa og skipa jafnmarga varamenn.
   Kjörtímabil tryggingaráða er hið sama og hreppsnefnda. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingaumdæma, tekur sveitarstjórn þess þátt í kosningu tryggingaráðs í því umdæmi, þar sem flestir af íbúum sveitarfélagsins eiga heima.
   Hlutverk tryggingaráðs er að fylgjast með öllu, er að framkvæmd trygginganna í umdæminu lýtur, og skal hún, ef tryggingaráð óskar, reka skrifstofu fyrir Tryggingastofnunina og sjá um sérhvert það starf, er tryggingaráð felur henni. Enn fremur skal tryggingaráð gæta hagsmuna hinna tryggðu í hvívetna og benda á atriði, er mættu verða til hagsbóta fyrir þá eða til sparnaðar á rekstri trygginganna.
   Þóknun til tryggingaráðsmanna skal ákveðast af hreppsnefndarfundi þeim, er mennina kýs, og skal greidd að ⅖ af hreppsnefndum á svæðinu og ⅗ af Tryggingastofnuninni. Feli tryggingaráð tryggingaráði að reka skrifstofu eða gera önnur störf fyrir sína hönd, greiðist sérstaklega fyrir það af Tryggingastofnuninni.
   Ráðherra setur tryggingaráðum starfsreglur, að fengnum tillögum tryggingaráðs.
2. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Landið skal vera eitt verðlagssvæði.
3. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir:
   Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri ..... kr. 1800.00 á ári
   Fyrir einstakling og hjón, þegar annað fær lífeyri .... — 1000.00 – —
   Sömu fjárhæð og hjónum er greidd samkvæmt þessari grein skal greiða konu og karlmanni, þótt ógift séu, ef þau búa eða hafa búið saman og haft sameiginlegt heimilishald.
4. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
   Árlegur barnalífeyrir er kr. 700.00, og er hann greiddur í þeim tilvikum, sem um getur í 21. til 29. gr.

5. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
Árlegar fjölskyldubætur eru kr. 350.00, og eru þær greiddar eftir reglum 31. og 33. gr. með hverju barni undir 16 ára, sem er umfram þrjú í fjölskyldu.
6. Við 38. gr. Í stað orðanna „Tryggingastofnunin getur .... kr. 540.00 á ári“ í byrjun greinarinnar komi: Tryggingaráð getur veitt eiginkonu ellilífeyris- eða örorkulífeyrisþega bætur, enda þótt hún sé ekki fullra 67 ára eða sjálf öryrki, sbr. 18. gr., og skulu þær vera kr. 500.00 á ári.
7. Við 42. gr. Greinin orðist svo:
Sjúkrabætur greiðast frá og með 11. veikindadegi og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda geti sjúklingurinn sýnt fram á, að tekjur hans hafi minnkað vegna veikindanna. Tryggingaráði er þó heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef veikindin stafa af slysförum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða. Sjúkrabætur eru ekki greiddar nema hlutaðeigandi hafi verið óvinnufær lengur en 12 daga.
Nú heldur hinn sjúki atvinnutekjum sínum að meira eð minna leyti, og skal þá einnig greiða sjúkrabætur, en þó svo, að þær að viðbættum hreinum atvinnutekjum séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna, að viðbættum 25 af hundraði.
Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.
8. Við 56. gr. Í stað „1200.00“ í annarri málsgr. komi: 1000.00.
9. Við 57. gr.
a. Í stað „kr. 1200.00 á ári“ í 1. tölulið komi: kr. 1000.00 á ári.
b. Í stað „kr. 800.00“ í 2. tölulið komi: kr. 700.00.
10. Við 107. gr. Greinin orðist svo:
Iðgjöld skulu vera sem hér segir:
Kvæntir karlar kr. 120 á ári.
Ókvæntir karlar kr. 96 á ári.
Ógiftar konur kr. 72 á ári.
Auk þessara iðgjalda skulu einstaklingar og félög greiða sem iðgjöld hundraðshluta af tekjum sínum eins og hér segir:
a. Þeir, sem hafa 15 þús. kr. nettótekjur eða minna, skulu greiða 1% af nettótekjum sínum.
b. Þeir, sem hafa milli 15 þús. og 30 þús. kr. nettótekjur, skulu greiða 1½% af nettótekjum sínum.
c. Þeir, sem hafa yfir 30 þús. kr. nettótekjur, skulu greiða 2% af nettótekjum sínum.
Áður en iðgjöld eru reiknuð út samkvæmt a-, b- og c-liðum þessarar gr., skal draga frá nettótekjunum fyrir persónufrádrætti, og skal það vera:
Fyrir hjón kr. 5130.
Fyrir einstakling kr. 2850.
Fyrir barn kr. 2000.
11. Við 112. gr. Greinin orðist svo:
Hver sá, er hefur í þjónustu sinni launþega, einn eða fleiri, sem rétt eiga til slysabóta, sbr. 45.—58. gr., skal greiða Tryggingastofnuninni eina krónu fyrir hverjar hundrað krónur, sem hann greiðir í kaup til launþega sinna.
12. Við 116. gr. Í stað „7½ millj. kr.“ í fyrstu málsgr. komi: 8 millj. kr.
13. Við ákvæði til bráðabirgða.
a. Við 1. tölulið. Liðurinn falli niður.
b. Við 2. tölulið. Aftan við greinina bætist: Vísitöluhækkun reiknast þó ekki af þeim hluta iðgjaldsins, sbr. 107. og 112. gr., sem lagt er á sem hundraðsgjald.
c. Aftan við 8. tölulið bætist: Enn fremur að láta endurskoða lög um heimilisfang og leggja fyrir næsta þing frv. til laga, er skyldi alla til að hafa vegabréf, er m. a. sýni, hvert sé lögheimilið.

Nd. 938. Breytingartillögur

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 127. gr.
   a. Orðið „sérstakt“ í 3. málsgr. falli burt.
   b. Aftan við greinina bætist: enda lækkar iðgjald aðila fyrir það ár sem því nemur.
2. Við ákvæði til bráðabirgða. Upphaf 2. málsgr. í 1. tölul. skal orða svo:
   Fullur elli- og örorkulífeyrir samkvæmt 15. gr. að viðbættri verðlagsuppbót, sbr. 2. tölul. í ákvæðum til bráðabirgða, skal því aðeins greiddur, að aðrar tekjur aðila, er þær hafa verið umreiknaðar með meðalvísitölu skattársins, fari ekki fram úr fullum lífeyri o. s. frv.

Ed. 939. Lög

um breyting á lögum nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 265.

Ed. 940. Breytingartillaga

við frv. til l. um menntaskóla.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Á eftir 20. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Menntaskólanum í Reykjavík skal ætlaður staður á lóð skólans við Lækjargötu, enda skal kaupa lóðir, eftir því sem til þarf, á reitnum milli Amtmannsstígs og Bókhlöðustígs upp að Þingholtsstræti og leggja við skólalóðina.

Sþ. 941. Tillaga til þingsályktunar

um sérstakar slysabætur handa Þórði Geirssyni.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að láta fram fara rannsókn á því, hvort ekki beri að greiða Þórði Geirssyni, fyrrv. lögregluþjóni, sérstakar örorkubætur fyrir varanlega heilsubilun, er hann hlaut við skyldustörf sín, og taka síðan á fjárlög árlega fjárhæð til hans, ef í ljós kemur, að ríkinu beri engu síður en Reykjavíkurbæ að bæta fyrir heilsubilun hans.

Greinargerð.

Þórður Geirsson hlaut varanlega heilsubilun við skyldustörf sín í þágu ríkis og bæjar. Hann hefur fengið nokkrar bætur úr bæjarsjóði, en þar sem hann er ekki fær til nokkurrar áreynsluvinnu og hefur ekki frá bænum nægilegar þurftartekjur, er þess vænzt, að ríkisstjórnin láti rannsaka málið og leggi síðan til í næstu fjárlögum, að honum verði veittur nokkur lífeyrir á 18. gr.

Ed. 942. Lög

um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 914.

Ed. 943. Lög

um nýbyggingar í Höfðakaupstað.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 436.

Ed. 944. Nefndarálit

um frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar, þeir BBen, LJóh og GÍG, vill að þessu sinni eingöngu láta veita þeim mönnum ísl. ríkisborgararétt, sem eru af ísl. ættum eða hafa dvalið hér á landi frá barnæsku. Tveir nefndarmanna vilja láta samþ. frv. í höfuðdráttum eins og það er og hafa óbundnar hendur um breytingar. Öll er nefndin sammála um að bæta Jóhanni Stefáni Thorarensen, fæddum á Akureyri 7. ágúst 1872, inn á frv.

Samkvæmt þessu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Als, Emil, námsmaður, Reykjavík, fæddur 6. jan. 1928 í Danmörku.
2. Bendtsen, Bendt Dahlbom, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 14. des. 1906 í Danmörku.
3. Björn Malmfred Björnsson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. febr. 1913 í Noregi.
4. Hinz, Hans Joachim Gunnar Theodor Magnús, vélvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 10. maí 1927 á Íslandi.
5. Jóhann Páll Björnsson, laxveiðimaður, Reykjavík, fæddur 29. marz 1878 á Íslandi.
6. Jóhann Stefán Thorarensen, fyrrv. bóndi, Akureyri, fæddur 7. ágúst 1872 á Íslandi.
7. Jörgensen, Bent Bjarno, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 25. ágúst 1927 í Danmörku.
8. Katrín Ólafsdóttir Mixa, frú, Reykjavík, fædd 3. marz 1916 á Íslandi.
9. Syre, Gabriel, verkamaður á Ísafirði, fæddur 16. júlí 1914 á Íslandi.
10. Vestmann, Ingibjörg Einarsdóttir, iðnmær í Reykjavík, fædd 25. des. 1919 í Kanada.

Alþingi, 23. apríl 1946.

Bjarni Benediktsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.

Lárus Jóhannesson. Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 945. Tillaga til þingsályktunar

um jarðhitarannsóknir við Laugaland í Holtahreppi í Rangárvallasýslu.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Helgi Jónasson, Sigurður E. Hlíðar, Þórður Benediktsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja á árinu 1946 allt að kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónum — til jarðhitarannsókna við Laugaland í Holtahreppi í Rangárvallasýslu.

Greinargerð.

Á Laugalandi í Holtahreppi hefur verið byggt vandað samkomuhús. Var staðurinn valinn með tilliti til jarðhitans. Ungmennafélagið í hreppnum hefur komið upp myndarlegri sundlaug á þessum stað. Hiti vatnsins er 42—46 gráður. Það eru miklar líkur til, að fá megi þarna miklu meiri hita. En jarðborun kostar mikið fé og tæplega hægt að ætlast til, að lítið hreppsfélag framkvæmi slíkt að öllu leyti fyrir eigið fé. Nokkrir áhugamenn í hreppnum hafa safnað 10000 kr. til jarðhitarannsókna að Laugalandi. Hafa þeir hafizt handa og fengið jarðbor þangað austur. Er talið líklegt, að kostnaður við fullkomna rannsókn kosti ekki minna en fimmtíu þúsund krónur. Það er því vægt í sakirnar farið, þótt leitað sé heimildar til handa ríkisstjórninni að verja 20 þúsund krónum til þess að fá að fullu úr því skorið, hvort nægilegur jarðhiti er fyrir hendi í einni blómlegustu sveit landsins til þess að verða almenningi til gagns og þæginda.

Ed. 946. Breytingartillaga

við frv. til l. um beitumál.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna „Alþýðusambands Íslands“ komi: Landssambands ísl. útvegsmanna.

Nd. 947. Frumvarp til laga

um beitumál.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Skipa skal þriggja manna nefnd, og er verkefni hennar að sjá um, eftir því sem unnt er, að ávallt sé til í öllum verstöðvum landsins næg og góð beita við eðlilegu verði.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar beitunefnd til tveggja ára í senn. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna, en einn án tilnefningar, og er hann formaður.

3. gr.

Beitunefnd skal kappkosta að hafa sem nánast samband við félagssamtök sjómanna og útvegsmanna um störf þau, er nefndin hefur með höndum. Kostnaður af störfum beitunefndar, þar með talin laun nefndarmanna, sem ráðherra ákveður, skal greiðast úr ríkissjóði.

4. gr.

Beitunefnd skal áætla þörf landsmanna fyrir frysta beitu og kynna sér, hversu horfir um öflun hennar. Fiskifélag Íslands skal annast skýrslu- og upplýsingasöfnun fyrir nefndina. Öllum þeim, sem hafa með höndum sölu eða geymslu á beitusíld, og öllum útgerðarmönnum er skylt að láta Fiskifélagi Íslands í té upplýsingar um beitubirgðir, hvenær sem þess er óskað.

5. gr.

Ef athugun beitunefndar leiðir í ljós, að sérstök ástæða sé til að óttast beituskort, er henni heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að frysta eða láta frysta síld til beitu.

6. gr.

Beitunefnd er heimilt, með samþykki ráðherra, að leigja, kaupa eða byggja hús og tæki til síldarfrystingar og síldargeymslu í þeim tilgangi, sem um ræðir í 5. gr. Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 500 þús. króna lán til frystihúsa, er nefndin kaupir eða lætur byggja.

7. gr.

Nú lætur nefndin frysta síld til beitu, og skal hún þá seld svo vægu verði sem nefndin telur kleift. Útgerðarmenn og félög þeirra eiga forkaupsrétt að beitu frá nefndinni. Beitunefnd getur takmarkað sölu á beitu, ef henni þykir við þurfa vegna hættu á misskiptingu beituforðans.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita beitunefnd ríkisábyrgð fyrir allt að 200 þús. kr. rekstrarfé vegna síldarfrystingar samkv. 5. gr., ef til hennar kemur. Sérstakt bókhald skal haldið fyrir frystihúsastarfsemina og rekstrinum hagað þannig, að hann svari kostnaði. Í varasjóð skal að minnsta kosti leggja 5% af útsöluverði beitusíldar.

9. gr.

Ef beitunefnd telur nauðsynlegt, að tekinn verði upp fastur rekstur eins eða fleiri frystihúsa, til þess að tryggja næga, góða beitu við sanngjörnu verði, þá skal hún, ef hún telur það betur fara, beita sér fyrir almennum samtökum meðal útvegsmanna og hlutarmanna, um að þeir myndi með sér félag, sem hafi rekstur slíkra húsa með höndum.

Nú er stofnað til slíkra félagssamtaka á samvinnugrundvelli og félagið opið fyrir alla fiskimenn og útvegsmenn, og skal því félagi þá afhent frystihús beitunefndar með kostnaðarverði, enda sé stofnsamningur þess og samþykktir staðfest af ráðherra.

10. gr.

Óheimilt er að selja frysta síld til beitu, nema hún hafi verið metin af beitumatsmanni og vottorð hans fylgi um, að beitan sé góð og óskemmd vara og að henni fylgi ekki meiri klaki en þörf krefur.

11. gr.

Lögreglustjóri skipar beitumatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað, eftir tillögum beitunefndar. Beitumatsmenn annast starf það, sem þeim er falið með lögum þessum, samkv. nánari reglum, er ráðherra setur, að fengnum tillögum beitunefndar. Beitumatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji vinna störf sín vel og samvizkusamlega og fara eftir settum reglum um matið.

Kaup beitumatsmanna ákveður ráðherra að fengnum tillögum beitunefndar, en þeir greiða kaupið, sem síldina selja.

Beitumatsmenn mega ekki þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta fyrir, né vera þeim á þann hátt háðir, að ætla mætti þá hlutdræga í matinu.

12. gr.

Beitunefnd er heimilt að ákveða hámarksverð á frosinni beitu, enn fremur hámark frystigjalds á beitu, geymslugjalds á beitu og geymslugjalds á beittri línu.

Brot gegn verðlagsákvörðunum nefndarinnar varða sektum, allt að 50000 kr., auk þess sem allur óleyfilegur söluhagnaður skal gerður upptækur.

13. gr.

Rekstur sá, er beitunefnd annast samkvæmt lögum þessum, er undanþeginn útsvari og tekju- og eignarskatti.

14. gr.

Brot á lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkv. þeim, varða sektum allt að 10000 kr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 948. Breytingartillögur

við frv. til l. um gagnfræðanám.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 10. gr. Aftan við c-lið greinarinnar bætist: skal fræðslumálastjórn skipa í hverja stöðu einn úr hópi þeirra, er skólanefnd hefur mælt með.
2. Við 61. gr. Greinina skal orða svo:
   Skólar gagnfræðastigsins eru sjálfseignarstofnanir eða eign hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.
3. Við 62. gr. Greinina skal orða svo:
   Skólar þeir, sem svara til skóla gagnfræðastigsins, er lög þessi taka gildi, falla undir ákvæði þeirra, ef forráðamenn skólanna óska þess.

Nd. 949. Breytingartillögur

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 5. gr. Aftan við c-lið greinarinnar bætist: skal fræðslumálastjórn skipa í hverja stöðu einn úr hópi þeirra, er skólanefnd hefur mælt með.
2. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
   Skólar þessir eru sjálfseignarstofnanir eða eign hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.

Sþ. 950. Þingsályktun

um ábyrgð handa mjólkursamlagi Suður-Þingeyinga.

(Afgreidd frá Sþ. 23. apríl.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til mjólkursamlags Suður-Þingeyinga á Húsavík, allt að 300 þús. kr., þó ekki yfir 50% af stofnkostnaði, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.

Sþ. 951. Þingsályktun

um byggingarstyrk til flóabáts fyrir sunnanverðan Breiðafjörð, Hvammsfjörð og Gilsfjörð.

(Afgreidd frá Sþ. 23. apríl.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að 100 þús. krónum til byggingar 35 smálesta flóabáts fyrir Breiðafjarðarhafnir, með eftirfarandi skilyrðum:

1. að samgöngumálaráðuneytið samþykki gerð bátsins og byggingarsamning;
2. að framlag til bátsins verði eignarhluti ríkissjóðs í útgerðinni;
3. að ríkissjóður hafi ávallt að minnsta kosti einn mann í stjórn fyrirtækisins;
4. að báturinn haldi uppi póst-, farþega- og vöruflutningaferðum á milli Stykkishólms og Brjánslækjar og um sunnanverðan Breiðafjörð, Hvammsfjörð og Gilsfjörð í samráði við Skipaútgerð ríkisins;
5. að haldið verði áfram undirbúningi undir byggingu strandferðabáts fyrir Breiðafjörð í samræmi við tillögur milliþinganefndar í strandferðamálum.

Ed. 952. Breytingartillaga

við frv. til l. um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal annast stjórn verksmiðjunnar. Nánari ákvæði um rekstur verksmiðjunnar skal setja með reglugerð.

Nd. 953. Breytingartillaga

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 42. gr. Á eftir b-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

c. Sömu reglur og segir í a-lið skulu þó gilda um þá smáframleiðendur, sem reka sjálfstæða atvinnu, eins og t. d. bændur og smáútvegsmenn, enda hafi þeir eigi fleiri starfsmenn árlangt í þjónustu sinni en 3, auk fjölskyldufólks sins.

Nd. 954. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 937 (Almannatryggingar).

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 10. lið. Liðurinn orðist svo:
   Við 107. gr. Greinin orðist svo:
   Iðgjöld skulu vera sem hér segir:

Kvæntir karlar	kr.	120.00 á ári
Ókvæntir karlar	—	96.00 - —
Ógiftar konur	—	72.00 - —

   Auk þessara iðgjalda skulu einstaklingar greiða árlega 1% af hreinum tekjum sínum að frádregnum kr. 3000.00 og persónugjaldi, er sé kr. 1200.00 fyrir hvern einstakling yfir 16 ára aldur og kr. 800.00 fyrir hvert barn, allt að viðbættri hækkun samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar.
2. Við 11. lið. Liðurinn orðist svo:
   Við 112. gr. Greinin orðist svo:
   Hver sá, er hefur menn í þjónustu sinni, sem rétt eiga til slysabóta samkv. 45.—58. gr., skal greiða Tryggingastofnuninni 1% af þeirri upphæð, er hann greiðir í kaup til þessara manna umfram 10 þús. kr. á ári. Gjald þetta reiknast þó eigi af kaupi, er maður greiðir barni sínu, foreldri eða systkini.
3. Við 13. lið b. Í stað „sbr. 197. gr.“ komi: sbr. 107. og 112. gr.

Ed. 955. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Á eftir 24. gr. kemur ný grein, sem verður 25. gr., svo hljóðandi:
   a. Fyrir „300“ í a-lið 47. gr. laganna kemur: 600.
   b. Fyrir „300“ í b-lið sömu lagagreinar kemur: 600, — fyrir „800“ kemur: 1200 — og fyrir „500“ kemur: 800.
   c. Önnur málsgr. sama stafliðar („Undanþegin ákvæðinu ..... 800 hestafla“) fellur niður.
   d. c-liður sömu lagagr. fellur niður, og breytast stafliðirnir á eftir samkv. því.
2. Við 25. gr. Greinina skal orða svo:
   a. Fyrir „150“ í c-lið 48. gr. laganna kemur: 250.
   b. Fyrir „150“ í d-lið sömu lagagr. kemur: 250 — og fyrir „400“ kemur: 600.
   c. Fyrir „400“ í e-lið sömu lagagr. kemur: 600, — fyrir „900“ kemur: 1300 — og fyrir „600“ kemur: 800.
   d. f-liður sömu lagagr. fellur niður, og breytast stafliðirnir á eftir samkvæmt því.
3. Á eftir 25. gr. kemur ný gr., sem verður 27. gr., svo hljóðandi:
   55. gr. laganna skal orða svo:
   Atvinnumálaráðherra er heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum allt að 300 hestafla og við eimvél í fiskiskipum allt að 1200 hestafla og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum með vél allt að 800 hestafla og við eimvél í fiskiskipum allt að 1200 hestafla. Atvinnumálaráðherra er einnig heimilt, þegar skort-

ur er á vélstjórum, að veita fiskiskipum með 800—1200 hestafla vél undanþágu frá því að hafa aðstoðarvélstjóra.

Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjóra og Vélstjórafélags Íslands.

Nd. 956. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 84 6. júní 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Ingólfur Jónsson, fundaskr. Hallgrímur Benediktsson.

Skúli Guðmundsson. Einar Olgeirsson.

Ed. 957. Lög

um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 684.

Sþ. 958. Nefndarálit

um till. til þál. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir þorpsmyndun á Egilsstöðum í Suður-Múlasýslu.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Tillaga þessi var tekin til umræðu og afgreiðslu á fundi fjárveitinganefndar í dag. Undirritaðir mæla með því, að tillagan verði samþykkt, en aðrir nefndarmenn greiddu ekki atkvæði um málið.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Skúli Guðmundsson, frsm. Steingr. Aðalsteinsson.

B. Kristjánsson. Þórður Benediktsson. Pétur Ottesen.

Ed. 959. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum báta-útvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 927.

Sþ. 960. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisaðstoð til bæjar- og hreppsfélaga til togarakaupa.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað þessa tillögu og ekki orðið á einu máli um afgreiðslu hennar. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Þórður Benediktsson, Björn Kristjánsson, Skúli Guðmundsson, Helgi Jónasson, Steingrímur Aðalsteinsson, Sigurður Kristjánsson og Guðm. Í. Guðmundsson, leggur til, að tillagan verði samþ., en áskilur sér rétt til að hafa óbundnar hendur um breytingartillögur og afstöðu til málsins skv. afgreiðslu breytingartillagna. Sigurður Kristjánsson undirritar nefndarálit með fyrirvara, sem hann mun gera nánar grein fyrir undir umræðum. Pétur Ottesen vill ekki fylgja tillögunni og mun gera grein fyrir afstöðu sinni sérstaklega. Gísli Jónsson hefur óbundnar hendur um afgreiðslu málsins.

Þeir SkG, BK og HelgJ taka þetta fram:

Ríkisstjórnin hefur fest kaup á 30 togurum, og þessum skipum þarf að ráðstafa. Búið er að samþykkja að veita lán með ríkisábyrgð fyrir 75% af andvirði togaranna gegn bakábyrgð bæjar- og hreppsfélaga. Verð togaranna er hins vegar svo hátt, að allt bendir til, að verði hér ekki meira að gert, muni svo að segja allir togararnir fara á tvo staði, Reykjavík og Hafnarfjörð. Slíkt teljum við ekki heppilegt og viljum því, eins og málum þessum er nú komið, mæla með því, að tillaga þessi verði samþykkt.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Skúli Guðmundsson.	Sig. Kristjánsson.
Þórður Benediktsson.	Steingr. Aðalsteinsson.	B. Kristjánsson.
	Helgi Jónasson.	

Sþ. 961. Breytingartillögur

við till. til þál. um ríkisaðstoð til bæjar- og hreppsfélaga til togarakaupa.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Í stað orðanna „skal nema 10%“ í 1. málsgr. komi: má nema allt að 10%.
2. Í stað „Lán þessi skulu vera“ í upphafi 2. málsgr. komi: Lán þessi mega vera.

Sþ. 962. Nefndarálit

um till. til þál. um endurgreiðslu á verðtolli til eigenda hraðfrystihúsa.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að endurgreiða eigendum hraðfrysti-

húsa 22/30 af verðtolli þeim, sem þeir hafa greitt frá 1. janúar 1945 og greiða framvegis af cellophane-pappír til fiskumbúða.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Gísli Jónsson, form. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Sig. Kristjánsson, frsm.
Skúli Guðmundsson. Steingr. Aðalsteinsson. Þórður Benediktsson.
B. Kristjánsson. Pétur Ottesen.

Sþ. 963. Nefndarálit

um till. til þál. um fjárskipti á svæðinu milli Skjálfandafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillöguna. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að hún verði samþykkt óbreytt. Aðrir nefndarmenn voru ekki viðbúnir að taka afstöðu til málsins.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. B. Kristjánsson, frsm. Sig. Kristjánsson.
Skúli Guðmundsson. Helgi Jónasson. Þórður Benediktsson.
Pétur Ottesen.

Ed. 964. Nefndarálit

um frv. til l. um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti fjárhagsnefndar hefur athugað frumvarp þetta, sem flutt var af sjávarútvegsnefnd neðri deildar að tilhlutan fjármálaráðherra. Leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt með tveim breytingum, og er önnur þeirra ekki annað en leiðrétting. Einn nefndarm. meiri hlutans (HG) er þó andvígur fyrri breytingartillögunni.

Einn nefndarmanna (ÁS) hefur óbundnar hendur um málið.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „veiðiskip“ kemur: flutningaskip.
2. Við 2. gr. Í stað „hafði“ í síðari málsgrein kemur: hefði.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Magnús Jónsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.
H. Guðmundsson.

Sþ. 965. Nefndarálit

um till. til þál. um fjárskipti á svæðinu milli Skjálfandafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Þáltill. var rædd á einum fundi, og gátu nefndarmenn ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. (BK, SkG, PO, HelgJ og ÞB) vildi mæla með tillögunni og gefur því út meirihlutaálit. GÍG, SK og StgrA tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins. Minni hl. (GJ) vildi ekki mæla með till. óbreyttri af eftirfarandi ástæðum:

Samkvæmt samtali við fjármálaráðh. upplýstist, að hann óskaði að fá fram álit Alþingis um það, hvort rétt væri að halda áfram niðurskurði almennt í landinu til þess á þann hátt að útrýma mæðiveikinni, ef unnt væri, en þáltill. sú, sem hér um ræðir, segir ekkert um það, þótt samþykkt verði. Þá er og ljóst, að ekki er þörf á þessu þingi að samþykkja með þál. útgjöld á árunum 1947—49, og þykir minni hl. réttara, að það sé gert á fjárlögum. Hann leggur því til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði fé til fjárskipta á landinu eftir því, sem sauðfjársjúkdómanefnd leggur til á hverjum tíma, og með þeim skilyrðum, er hún kann að setja, enda fari fjárskiptin fram samkvæmt fyrirmælum laga þar um á hverjum tíma.
2. Fyrirsögn þáltill. verði:
   Tillaga til þingsályktunar um fjárskipti.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Gísli Jónsson,
form.

Sþ. 966. Nefndarálit

um till. til þál. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir þorpsmyndun á Egilsstöðum í Suður-Múlasýslu.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillagan var til umræðu á einum fundi, og gátu nefndarmenn ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn (ÞB, SkG, BK, PO, StgrA og GÍG) vildi mæla með samþykkt tillögunnar og skilar því meirihlutaáliti. HelgJ og SK tóku ekki þátt í atkvæðagr. Minni hlutinn (GJ) lítur svo á, að verðhækkun á löndum vegna aðgerða hins opinbera verði ekki stöðvuð með því einu að kaupa löndin, með því að reynslan hefur sýnt, að leiga eða erfðafesta á slíkum löndum er margoft framseld með stórkostlegu álagi og oft með verði, sem er langt fyrir ofan fasteignamat landsins. Minni hlutinn leggur því til, að þáltill. verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti undirbúa fyrir næsta Alþingi frv. til laga um verðhækkunargjald af löndum, sem hækka í verði fyrir beinar framkvæmdir, sem

gerðar eru fyrir ríkisfé, þar sem ríkissjóði sé tryggður hæfilegur hluti af verðhækkuninni upp í þann kostnað, sem lagður hefur verið fram til framkvæmdanna, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Gísli Jónsson,
form.

Ed. 967. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 23. febr. 1945, um skipakaup ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og aflað sér nokkurra upplýsinga um framkvæmdir þær, sem það fjallar um. Samkvæmt þeim hefur Nýbyggingarráð aflað tilboða í smíði á 35 vélskipum innanlands að tilhlutun atvinnumálaráðuneytisins, og hefur ráðuneytið síðan gert samninga um smíði á 18 skipum 35 rúml., 7 skipum 55 rúml. og 2 skipum 62 rúml., eða samtals 27 skipum. Eru samningar á þá leið, að skipasmíðastöðvarnar leggja til efni og vinnu að undantekinni aflvél, er ráðuneytið kaupir sérstaklega. Hafa þegar verið keyptar nokkrar vélar frá Englandi og Danmörku og samið um kaup á fleirum. Samkvæmt sömu upplýsingum mun heildarverð skipanna verða sem næst því, er hér segir:

35	smál.	skip	kr. 345000
55	—	—	— 513000
62	—	—	— 567000

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins. Þó telja sumir nefndarmanna, að þar sem upphaflega var gert ráð fyrir smíði 35 skipa og lánsupphæðin, 30 millj. kr., miðuð við það, mundi óhætt að lækka þá upphæð í 25 millj. kr. Hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um að flytja breytingartillögur um það eða fylgja öðrum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Magnús Jónsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., m. fyrirvara.	Ásmundur Sigurðsson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson.	H. Guðmundsson.	

Ed. 968. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 23. febr. 1945, um skipakaup ríkisins.

Frá Bernharð Stefánssyni og Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 2. gr. Fyrir „30 milljóna“ komi: 25 milljóna.

Ed. 969. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 944 [Ríkisborgararéttur].

Frá Steingrími Aðalsteinssyni og Bernharð Stefánssyni.

Inn í tillöguna bætast nýir liðir í réttri stafrófsröð:

1. Abraham, Robert Louis Eugen, söngstjóri í Reykjavík, fæddur 17. maí 1912 í Þýzkalandi.
2. Albína María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 7. maí 1887 í Þýzkalandi.
3. Barbara María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 5. marz 1904 í Þýzkalandi.
4. Beckmann, Wilhelm Ernst, myndskeri í Reykjavík, fæddur 5. febr. 1909 í Þýzkalandi.
5. Cyrilla María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 28. ágúst 1880 í Þýzkalandi.
6. Felicia María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 20. júlí 1901 í Þýzkalandi.
7. Friedlaender, Heinz Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.
8. Goldstein, Peter Lothar, námsmaður í Reykjavík, fæddur 7. nóv. 1927 í Þýzkalandi.
9. Göhlsdorf, Elisabeth, tungumálakennari í Reykjavík, fædd 3. ágúst 1890 í Þýzkalandi.
10. Herlufsen, Harry Otto August, rakari á Ísafirði, fæddur 18. ágúst 1913 í Danmörku.
11. Jack, Robert John, settur sóknarprestur í Heydalaprestakalli, fæddur 5. ágúst 1913 í Skotlandi.
12. Jörgensen, Alfred Christian, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 25. apríl 1901.
13. Lindemann, Albert Volker, forstöðumaður í Varmahlíð í Skagafirði, fæddur 17. ágúst 1899 í Þýzkalandi.
14. Nielsen, Orla Egon, rakari í Reykjavík, fæddur 16. apríl 1912 í Danmörku.
15. Pedersen, Martin Schjönning Kristian, pípulagningarmaður á Raufarhöfn, fæddur 27. júlí 1887 í Noregi.
16. Remberta María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 22. sept. 1877 í Þýzkalandi.
17. Schrader, Harry Wilhelm, kennari í Reykjavík, fæddur 28. febr. 1913 í Þýzkalandi.
18. Sonnenfeld, Kurt Gustav, tannlæknir á Siglufirði, fæddur 3. ágúst 1909 í Þýzkalandi.
19. Xaveria María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 12. júlí 1896 í Þýzkalandi.

Nd. 970. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Finnur Jónsson, Ólafur Thors, Einar Olgeirsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda samkvæmt lögum þessum eru sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti), fulltrúar þeirra, sendiherrar og sendifulltrúar, sendiráðsritarar og attachés, útsendir aðalræðismenn, útsendir ræðismenn og vararæðismenn Íslands erlendis, hreppstjórar og skipstjórar á íslenzkum skipum. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri.

2. gr.

65. gr. laganna orðist svo:

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta), í skrifstofu sendiráðs eða útsends aðalræðismanns, útsends ræðismanns eða vararæðismanns Íslands, í skrifstofu eða heimili hreppstjóra eða um borð í íslenzku skipi, þar sem skipstjóri hefur fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu.

3. gr.

Við 137. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sendiráð og ræðismannsskrifstofur skulu strax að afstöðnum hverjum kosningum senda dómsmálaráðuneytinu fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins skilagrein yfir notuð kjörgögn ásamt skýrslu um það, sem ónotað er. Hin ónotuðu kjörgögn skulu fylgja skýrslunni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þessu er ætlað að greiða fyrir því, að þeir kjósendur, sem staddir eru erlendis á kjördegi, geti notið kosningarréttar síns, og þarfnast eigi frekari skýringa.

Nd. 971. Frumvarp til laga

um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 820 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Tryggingastofnunarinnar og setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum.

5. gr. hljóðar svo:

Forstjóri stjórnar stofnuninni í samræmi við lög, reglugerðir og erindisbréf, er honum verður sett, og í samráði við formann tryggingaráðs, sbr. 8. gr. Hann afgreiðir mál í samráði við hlutaðeigandi deildarstjóra eða felur þeim afgreiðslu ákveðinna mála, en ber sjálfur ábyrgð á ákvörðunum og úrskurðum.

Forstjóri getur falið sama deildarstjóra forstöðu fleiri en einnar deildar.

6. gr. hljóðar svo:

Tryggingaráð, skipað 5 mönnum, skal fara með störf þau, sem því eru falin með lögum þessum. Skal það kosið hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar, og jafnmargir varamenn. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu.

Sérstök nefnd þriggja sérfróðra manna skal vera tryggingaráði til aðstoðar og ráðuneytis um læknisfræðileg atriði og framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt III. kafla. Í nefnd þessari eiga sæti landlæknir, sem er formaður hennar, og tveir menn, er ríkisstjórnin skipar til 4 ára í senn, annan samkv. tilnefningu Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur í sameiningu og hinn samkvæmt tilnefningu læknadeildar

háskólans. Varamenn fyrir tvo hina síðartöldu skulu skipaðir með sama hætti til sama tíma.

Nú láta læknafélögin eða læknadeild háskólans undir höfuð leggjast að tilnefna mann af sinni hálfu í nefndina samkv. 2. málsgr., og skipar þá ráðherra án tilnefningar mann eða menn í þeirra stað.

7. gr. hljóðar svo:

Hlutverk tryggingaráðs er að hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunarinnar og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir ár hvert skal jafnan samin í samráði við tryggingaráð. Einnig skal leita samþykkis ráðsins á öllum heildarsamningum við lækna, sjúkrahús, heilsuverndar- og lækningastöðvar, en að undirbúningi slíkra samninga starfar sérfræðinganefndin, sbr. 6. gr., með forstjóra Tryggingastofnunarinnar og formanni tryggingaráðs.

Ef ágreiningur rís um bætur samkv. II. kafla eða hlunnindi samkv. III. kafla, leggur tryggingaráð úrskurð á þau mál. Leita skal þó jafnan álits sérfræðinganefndar, áður en úrskurðað er um atriði, er varðar heilsugæzlu samkvæmt III. kafla eða læknisfræðileg atriði, er áhrif hafa á bótagreiðslur.

Nú sættir aðili sig ekki við úrskurð tryggingaráðs, og getur hann þá leitað dómsúrskurðar um málið.

8. gr. hljóðar svo:

Formaður tryggingaráðs skal fylgjast með daglegri starfsemi stofnunarinnar og kynna sér alla afgreiðslu mála. Ef um er að ræða bótagreiðslur, sem ekki eru fastákveðnar, en inntar af hendi samkv. heimildarákvæðum, er skylt að leggja þau atriði fyrir formann ráðsins, en hann kynnir sér allar aðstæður. Skal afgreiðsla slíkra mála jafnan borin undir tryggingaráð, ef formaður óskar þess. Hann skal og vinna að undirbúningi fjárhagsáætlunar stofnunarinnar með forstjóra og að öllum meiri háttar samningsgerðum.

9. gr. hljóðar svo:

Vinnuveitendafélag Íslands og Alþýðusamband Íslands skipa hvort um sig einn mann, sem hefur rétt til að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur, þegar skipt er í áhættuflokka og ákveðin iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga skv. 113. gr. Skal Tryggingastofnuninni skylt að láta þeim í té allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna þessa starfs.

10. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur nánari reglur um störf og skyldur tryggingaráðs og sérfræðinganefndar og ákveður þóknun ráðsmanna og nefndarmanna svo og sérstaka aukaþóknun til formanns tryggingaráðs.

11. gr. hljóðar svo:

Skipta skal landinu í tryggingaumdæmi, eftir því sem hagkvæmt þykir, og skal við ákvörðun umdæma höfð hliðsjón af skipun læknishéraða og lögsagnarumdæma.

Tryggingastofnunin hefur skrifstofur eða umboðsmenn á þeim stöðum, sem bezt henta og þörf krefur.

Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa fimm manna trygginganefnd, kosin hlutfallskosningu af sveitarstjórnum umdæmisins á sameiginlegum fundi, er halda skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kjósa skal á sama hátt og til sama tíma jafnmarga varamenn.

Kjörtímabil trygginganefnda er hið sama og sveitarstjórna. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingaumdæma, tekur sveitarstjórn þess þátt í kosningu trygginganefndar í því umdæmi, þar sem flestir af íbúum sveitarfélagsins eiga heima.

Hlutverk tryggingnefnda er að fylgjast með rekstri tryggingnanna í umdæminu, gera tillögur um framkvæmd þeirra, gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, er mættu verða til sparnaðar í rekstri tryggingnanna.

Á fundi sveitarstjórna, sem haldinn er skv. 3. mgr., skal ákveða þóknun hinna kjörnu nefndarmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði við störf þeirra af hlutaðeigandi sveitarfélögum eftir reglum, er fundurinn setur.

Ráðherra setur nefndum þessum nánari starfsreglur.

19. gr. hljóðar svo:

Tryggingayfirlæknir úrskurðar örorkustig þeirra, sem sækja um örorkulífeyri. Slíkum úrskurðum má áfrýja til sérfræðinganefndar, sbr. 6. og 7. gr.

Tryggingastofnunin getur hvenær sem er látið endurmeta örorku þeirra, sem fengið hafa örorkulífeyri, ef líkur þykja til, að þeir séu eigi lengur öryrkjar, sbr. 2. mgr. 18. gr.

27. gr. hljóðar svo:

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um barnalífeyri með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunarinnar með úrskurðinn og fengið lífeyrinn greiddan þar.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkv. 1. mgr., á hún endurkröfurétt á hendur föðurnum, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr.

Verði vanskil af hálfu föðurins, skal innheimta kröfuna hjá dvalarsveit móðurinnar eða þess, er framfærslu barnsins annast í hennar stað, nema Tryggingastofnunin kjósi heldur að innheimta hana beint frá framfærslusveit föðurins, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Um rétt dvalarsveitar á hendur framfærslusveit og framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkvæmt ákvæðum framfærslulaga.

Nú deyr faðir óskilgetins barns, áður en barnið hefur náð 16 ára aldri, og greiðir þá Tryggingastofnunin barnalífeyri engu að síður, en getur þá jafnframt gert kröfu í dánarbú hins látna samkv. reglum 25. gr. l. nr. 46 27. júní 1921.

40. gr. hljóðar svo:

Sjúkrabætur skulu vera:

	Á 1. verðlagssvæði	Á 2. verðlagssvæði
Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis eða er atvinnulaus	kr. 6.00 á dag	kr. 5.00 á dag
Fyrir aðra	— 5.00 —	— 4.00 —

Giftar konur fá því aðeins greiddar sjúkrabætur, að þær færi sönnur á, að maður þeirra geti ekki séð þeim farborða.

Þegar sjúkrabætur eru greiddar, er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta samkv. 30.—32. gr. einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu, sbr. 1. mgr. 31. gr.

Sjúkrabætur mega aldrei fara fram úr ¾ þess, sem hinn sjúki hefur misst í af tekjum sínum vegna sjúkdómsins.

42. gr. hljóðar svo:

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem læknar starfa, skal greiða sjúkrabætur sem hér segir:

a) Þeir, sem starfa í annarra þjónustu, skulu eiga rétt á sjúkrabótum frá og með 11. veikindadegi og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda sé þeim ekki greitt kaup þennan tíma. Tryggingaráði er þó heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef veikindi stafa af slysförum og óvíst er, hvort um varanlega

örorku verður að ræða. Sjúkrabætur eru ekki greiddar, nema hlutaðeigandi hafi verið óvinnufær lengur en 14 daga.

Nú greiðir atvinnurekandi hinum sjúka kaup, sem er lægra en sjúkrabótum nemur, og skal þá einnig greiða sjúkrabætur, þó svo, að þær að viðbættu kaupinu séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði. Um fasta starfsmenn sjá ákvæði 64. greinar.

b) Þeir, sem starfa sjálfstætt eða hafa launþega í þjónustu sinni, eiga rétt á bótum frá og með sjöttu sjúkraviku í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda geti þeir sýnt fram á, að tekjur þeirra hafi minnkað verulega vegna veikindanna. Skal tryggingaráð setja nánari reglur um greiðslu sjúkrabóta til slíkra manna með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 39. gr. Heimilt er tryggingaráði að ákveða að greiða bætur samkvæmt framansögðu frá og með 11. veikindadegi, ef hlutaðeigandi fer í sjúkrahús eða atvinnurekstur hans stöðvast.

Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.

43. gr. hljóðar svo:

Utan þeirra staða, sem um ræðir í 42. gr., skulu sömu reglur gilda og þar *segir* (stafl. a og b), en sjúkrabætur eru því aðeins greiddar, að hinn sjúki liggi í sjúkrahúsi eða hafi verið rúmfastur. Hámarkstími sjúkrabóta samkvæmt þessari grein er einnig 26 vikur á einu ári.

Ef sannað er, að hinn veiki hafi orðið að taka mann í þjónustu sína vegna sjúkleikans, getur Tryggingastofnunin greitt honum bætur, þótt hann hafi eigi legið rúmfastur.

44. gr. hljóðar svo:

Skylt er þeim, sem sækja um sjúkrabætur, að tilkynna Tryggingastofnuninni veikindi með læknisvottorði, áður en 10 dagar eru liðnir, frá því er sjúkdómurinn olli óvinnuhæfni, ella miðast biðtíminn við þann dag, sem tilkynning barst. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, sem læknis var fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús, og fylgi vottorð tveggja valinkunnra manna um, að sjúkralegan hafi verið óslitin.

Þegar veikindi hafa verið tilkynnt, getur Tryggingastofnunin látið lækni rannsaka heilsufar hins tryggða eða fylgzt með því á annan hátt. Ef maður vanrækir að fara að ráðum læknis, missir hann rétt til bótanna, meðan svo stendur.

Sama verður, ef hann neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem flýtt gæti bata hans eða búið hann undir nýtt starf.

53. gr. hljóðar svo:

Dagpeningar eru kr. 7.50 á dag.

Þegar dagpeningar eru greiddir, er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta, sbr. 30.—32. gr., einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu.

Bótagreiðslur samkv. 1. og 2. mgr. þessarar gr. skulu aldrei fara fram úr ¾ af dagkaupi bótaþega við þá atvinnu, er hann stundaði, þegar slysið varð.

Nú greiðir atvinnurekandi hinum slasaða kaup, sem er lægra en dagpeningum nemur, og skal þá einnig greiða dagpeninga, þó svo, að þeir að viðbættu kaupinu séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25%. Um fasta starfsmenn sjá 64. gr.

78. gr. hljóðar svo:

Í hverju sveitarfélagi, þar sem reknar eru stofnanir þær, sem um getur í 76. gr., skal starfa heilsugæzlunefnd, sem annast stjórn og rekstur þeirra svo og rekstur sjúkrahúsa, sem sveitarfélögin eiga.

Heilsugæzlunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, eftir því sem sveitarstjórn ákveður, og kosin hlutfallskosningu af sveitarstjórn eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kjósa skal jafnmarga varamenn á sama hátt og til sama tíma.

Nú standa fleiri sveitarfélög en eitt að stofnunum þeim, er að framan greinir, og getur þá tryggingaráð ákveðið, að hlutaðeigandi sveitarfélög kjósi sameiginlega stjórnir þeirra.

Ef saman falla tryggingaumdæmi, sbr. 11. gr., og svæði þau, er umræddar stofnanir ná yfir, má tryggingaráð ákveða, að heilsugæzlunefnd skuli fara með störf tryggingnefndar, sbr. 3. mgr. 11. gr.

85. gr. hljóðar svo:

Þeir, sem tryggðir eru samkvæmt lögum þessum, eiga rétt á að fá læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá læknum, er starfa í þjónustu hinnar opinberu heilsugæzlu, sbr. 82. gr., gegn greiðslu eftir gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin setur. Gjaldskrá þessi skal miðuð við það, að hún að meðaltali svari til ¼ af hæfilegri greiðslu.

Þegar svo stendur á, að fastir læknar, héraðslæknar og aukalæknar skv. 84. gr. eru eigi nægilega margir til þess að sjá fyrir fullnægjandi læknishjálp í læknishéraði, getur Tryggingastofnunin til bráðabirgða samið við einstaka lækna eða félagsskap þeirra um að sjá hinum tryggðu fyrir læknishjálp.

Ef slíkir samningar takast ekki, getur Tryggingastofnunin ákveðið að greiða hinum tryggðu upp í kostnað við læknishjálp ¾ hluta miðað við gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur, eða sem samsvarar þrefaldri gjaldskrá fastra lækna.

Tryggingastofnunin getur ákveðið að greiða kostnað við tannlækningar eingöngu vegna þeirra, sem eru innan 18 ára aldurs.

Tryggingastofnunin greiðir ekki læknishjálp umfram beina heilsufarslega nauðsyn, svo sem tannfyllingar með gulli, fegrunaraðgerðir og annað tilsvarandi, og skal í reglugerð setja ákvæði til að girða fyrir það.

Þegar í hlut eiga þeir, er njóta elli- og örorkulífeyris samkvæmt 13.—19. gr., börn þeirra, munaðarleysingjar eða þeir, sem njóta slysabóta, sbr. 49.—58. gr., skal Tryggingastofnunin greiða fyrir þá læknishjálp, er þeim bæri að greiða samkvæmt gjaldskránni.

93. gr. hljóðar svo:

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða styrki upp í kostnað við sjúkrahjálp erlendis í sérstökum tilfellum. Slíkir styrkir skulu þó eigi greiddir nema sjúklingurinn veikist erlendis eða sé haldinn sjúkdómi, sem gildar ástæður mæla með að dómi tryggingayfirlæknis og sérfræðinganefndar, að bót fáist ráðin á erlendis, en ekki hér á landi.

94. gr. hljóðar svo:

Stofna skal læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóði, einn fyrir hvert sveitarfélag eða hluta úr sveitarfélagi innan tryggingaumdæmis, þar sem aðstaða til læknisvitjana og sjúkraflutninga er svo erfið, að þess sé þörf að dómi tryggingaráðs.

Tryggingnefnd umdæmisins stjórnar sjóðum þessum og veitir fé úr þeim og sendir Tryggingastofnuninni ársreikninga þeirra.

Sjóðir þessir myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði, sem nemur 100000 krónum fyrir alla sjóðina samanlagt. Skiptist þessi heildarupphæð fyrst milli hinna einstöku tryggingaumdæma eftir tillögum landlæknis, og skal við þá skiptingu höfð hliðsjón af allri aðstöðu til læknisvitjana og sjúkraflutninga og enn fremur af fólksfjölda umdæmanna. Þegar hluti hvers tryggingaumdæmis hefur verið ákveðinn, skiptist hann milli hinna einstöku sjóða innan umdæmisins, og skal tryggingaráð við þá skiptingu fara eftir sömu reglum og segir í næsta málslið hér á undan og leita tillagna tryggingnefndar umdæmisins um hana.

95. gr. hljóðar svo:

Auk sjóða þeirra, sem um getur í 94. gr., skal stofna sjóð, sem sé sameiginlegur fyrir allt landið, og skal hlutverk hans vera sem hér segir:

a. Að taka þátt í að jafna halla, sem verða kann á einstökum læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóðum, sbr. 96. gr., og
b. að veita endurgreiðslur samkv. 97. gr. einstaklingum, sem verða fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna læknisvitjana eða sjúkraflutninga, en eiga ekki rétt til endurgreiðslu úr neinum læknisvitjana- eða sjúkraflutningasjóði.

Sjóður sá, sem um getur í þessari grein, myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði að upphæð 100000 kr., og er honum stjórnað af Tryggingastofnuninni. Aldrei má verja meira en ⅔ af sjóðnum til þeirra nota, sem ákveðin eru í staflið a, og aldrei meira en ⅓ til þeirra nota, sem ákveðin eru í staflið b.

111. gr. hljóðar svo:

Iðgjöld, sem veitt er undanþága fyrir samkvæmt 109. og 110. gr., teljast ekki vangreidd iðgjöld, sbr. 132. gr.

113. gr. hljóðar svo:

Auk iðgjalds samkvæmt 112. gr. skulu allir þeir, sem gjaldskyldir eru samkvæmt henni, einnig greiða sérstakt áhættuiðgjald til þess að standast útgjöld vegna slysabóta, sbr. 45.—58. gr., og kostnað vegna nauðsynlegrar sjúkrahjálpar umfram þá, sem látin er í té samkvæmt III. kafla laga þessara.

Upphæð áhættuiðgjalda ber að miða við slysahættuna. Skal skipta störfum og starfsgreinum í áhættuflokka og ákveða sérstök iðgjöld fyrir hvern flokk. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðunina. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klukkustundir í viku. Skal við ákvörðun iðgjaldanna miða við, að þau hrökkvi fyrir þeim bótum og kostnaði, sem Tryggingastofnuninni ber að greiða vegna slysa. Ef erfitt er að skipta starfseminni í áhættuflokka samkvæmt framansögðu, getur Tryggingastofnunin þó ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

114. gr. hljóðar svo:

Öll sveitarfélög á landinu skulu greiða til tryggingasjóðs samtals 4½ millj. kr. á ári. Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt 109. gr. teljast ekki í framlagi þessu, ekki heldur framlag þeirra til læknisvitjunarsjóðs, sbr. 94. gr.

Framlagi þessu skal skipta niður á tryggingaumdæmi þau, sem ákveðin verða samkvæmt 11. gr., á eftirfarandi hátt:

1. Tveimur fimmtu hlutum framlagsins skal skipta niður í beinu hlutfalli við samanlögð útgjöld Tryggingastofnunarinnar í hverju tryggingaumdæmi fyrir sig.
2. Tveimur fimmtu hlutum í hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í umdæminu samkvæmt síðasta skattaframtali.
3. Einum fimmta hluta í hlutfalli við tölu íbúa á aldrinum 16—67 ára í umdæminu.

Innan hvers tryggingaumdæmis skiptist framlagið á milli þeirra sveitarfélaga, sem eru á svæðinu, ef fleiri eru en eitt, eftir þessum reglum:

1. Einn þriðji skiptist í beinu hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í sveitarfélaginu árið áður.
2. Einn þriðji í hlutfalli við fasteignamat allra eigna í sveitarfélaginu.
3. Einn þriðji skiptist í hlutfalli við fjölda íbúa á aldrinum 16—67 ára í sveitarfélaginu.

Ef sveitarfélagi hefur verið skipt á milli fleiri en eins tryggingaumdæmis, greiðast framlög af hverjum hluta sveitarfélagsins eftir reglum þess tryggingaumdæmis, er hann fylgir.

116. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta og kostnaðar af heilsugæzlu samkvæmt lögum þessum og leggur fram til tryggingasjóðs það, sem á vantar, að aðrar tekjur hans nægi til þess að inna af höndum árlegar greiðslur. Skal taka í hver fjárlög áætlunarupphæð í þessu skyni eftir áætlun tryggingaráðs, allt að 7½ millj. kr. að viðbættri verðlagsuppbót.

Ábyrgð ríkissjóðs umfram hámark hins árlega framlags samkvæmt 1. málsgr. tekur þó eigi til hærri fjárhæðar en 75% framlagsins nemur.

Nú verður halli á rekstri tryggingasjóðs og framlag ríkissjóðs fer fram úr hámarki samkvæmt 1. málsgr., svo að taka þarf til þriðjungs eða meira af ábyrgðarupphæðinni samkvæmt 2. málsgr., og getur þá ríkisstjórnin, ef hallinn stafar af ástæðum, sem ætla má að verði varanlegar, lagt fyrir tryggingaráð að hækka iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. um allt að 10% og lækka tekjumark það, er lífeyrisfrádráttur samkvæmt 1. bráðabirgðaákvæði miðast við, um allt að 50% til þess að jafna hallann. Fáist hallinn ekki jafnaður á þann hátt, skal ríkisstjórnin í samráði við tryggingaráð leggja fyrir Alþingi tillögur um endurskoðun laganna.

127. gr. hljóðar svo:

Gera skal tryggingarskírteini fyrir alla þá, sem skráðir eru samkvæmt 126. gr. Á skírteini þessi skal skrá öll helztu réttindi, er menn njóta samkvæmt lögum þessum, takmarkanir á réttindum vegna vanskila á iðgjöldum, sbr. 132. gr., og undanþágur frá iðgjaldagreiðslum, sbr. 109.—110. gr.

Tryggingarskírteini skulu afhent í janúarmánuði ár hvert, eftir nánari ákvörðun Tryggingastofnunarinnar. Í fyrsta sinn skulu skírteinin þó afhent í desembermánuði 1946 og gilda þá frá áramótum þar til ný afhending hefur farið fram, sbr. 128. gr.

Í fyrsta sinn sem tryggingarskírteini eru afhent, sbr. 2. mgr., skulu allir iðgjaldsgreiðendur, sbr. 105. gr., greiða sérstakt skírteinagjald, er nemi kr. 40.00 fyrir karla 21 árs og eldri og kr. 25.00 fyrir konur og fyrir karla innan 21 árs. Gjald þetta greiðist beint til Tryggingastofnunarinnar eða umboðsmanna hennar.

128. gr. hljóðar svo:

Tryggingarskírteini gilda frá og með 1. janúar það ár, sem afhending fer fram, og til loka þess árs. Skal ætíð sýna skírteinið, þegar leitað er eftir bótagreiðslum eða sjúkrahjálp. Óheimilt er að veita hlunnindi samkv. lögum þessum, nema skírteini sýni, að hlutaðeigandi eigi rétt til þeirra, sbr. og 132. gr.

132. gr. hljóðar svo:

Um þá, sem sjálfir eiga að greiða iðgjöld sín, en hafa vanrækt það, gilda eftirfarandi reglur:

a. Réttur til sjúkrabóta, sbr. 39.—43. gr., og sjúkrahjálpar, sbr. III. kafla, skerðist um sama hundraðshluta og vangreidd iðgjöld á næsta tryggingarári á undan nema af heildariðgjöldum ársins. Gildir þetta einnig fyrir konu hins tryggða og börn hans innan 16 ára aldurs. Réttindaskerðingar þessarar skal getið á tryggingaskírteinum þeim, sem um getur í 127. gr. Nú ber að greiða iðgjöld mánaðarlega, og getur þá Tryggingastofnunin ákveðið, að réttur til sjúkrabóta og sjúkrahjálpar falli niður, ef vanskil verða á iðgjöldum lengur en einn mánuð. Þar, sem ekki er mánaðarleg innheimta, skal og vera heimilt að fella niður réttindi þessi einum mánuði eftir gjalddaga iðgjalda, ef vanskil verða.

b. Ellilífeyri og örorkulífeyri getur Tryggingastofnunin lækkað um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld nema af þeim heildariðgjöldum, er hlutaðeiganda hefur borið að greiða.
c. Aðrar bætur en þær, sem um ræðir undir staflið a. og b., getur Tryggingastofnunin lækkað um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld eru af þeim iðgjöldum, er bar að greiða. Skal Tryggingastofnunin hafa hliðsjón af öllum efnahagsástæðum umsækjanda við slíka úrskurði. Er honum skylt að gefa Tryggingastofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar um fjárhag sinn, ef hann sækir um fullar bætur. Aldrei skal þó lækka fæðingarstyrk, sbr. 34. gr., bætur samkv. 35. gr. né slysabætur samkv. II. kafla laganna.

136. gr. hljóðar svo:
Öll iðgjöld, sem um ræðir í lögum þessum, önnur en fyrir tryggingar samkvæmt 135. gr., koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

140. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947 (sbr. þó 10. tölul. ákvæða til bráðabirgða), en ákvæði II. kafla um sjúkrabætur koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1947 og ákvæði III. kafla (heilsugæzla) ekki fyrr en 1. janúar 1948.
Með lögum þessum eru úr gildi numin:
1. L. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, IV.—VII. kafli.
2. L. nr. 92 14. maí 1940, um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, 16.—20. gr.
3. L. nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.
4. L. nr. 104 30. des. 1943, um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar. Þó heldur III. kafli þeirra laga gildi sínu, þar til III. kafli þessara laga kemur til framkvæmda.
5. L. nr. 105 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.
6. L. nr. 64 1. des. 1944, um heilsuverndarstöðvar, þó ekki fyrr en III. kafli þessara laga kemur til framkvæmda.
7. Framfærslulög, nr. 52 12. febrúar 1940, III. kafli.

Enn fremur þau ákvæði laga nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og laga nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, svo og öll önnur lög eða lagaákvæði, sem í bága fara við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:
1. Greiðslur ellilífeyris samkv. 15. gr., örorkulífeyris samkv. 18. gr. og barnalífeyris samkv. 20. gr. eru um næstu 5 ár háðar þeim takmörkunum, sem hér segir:
Fullur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. gr. skal því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeiganda fari ekki fram úr fullum lífeyri. Séu tekjurnar hærri, lækkar lífeyririnn um helming þess, sem umframtekjurnar nema, og fellur niður, þegar þær ásamt lífeyrinum hafa náð upphæð, sem er jafnhá þreföldum lífeyri.
Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða með reglugerð takmörkun á lífeyri barna, sem hafa sjálfstæðar tekjur, barna ekkna og barna örorku- og lífeyrisþega. Þó má ekki takmarka þessar greiðslur meira en svo, að lífeyrir og aðrar tekjur nái hámarksupphæð þeirri, sem næsta málsgrein hér á undan ákveður, að viðbættum fullum barnalífeyri.
Takmörkun þessi skal miðast við síðasta skattaframtal bótaþega. Færi hann gild rök fyrir því, að tekjur hans rýrni verulega á því ári, sem bæturnar eiga að greiðast, skal taka tillit til þess við ákvörðun bótanna.

2. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal greiða verðlagsuppbót á allar bótaupphæðir samkvæmt II. kafla og á framlag Tryggingastofnunarinnar til læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóðs samkv. 94. og 95. gr. Enn fremur skulu iðgjöld samkv. 107. og 112. gr. innheimt með álagi samkvæmt meðalvísitölu næsta árs á undan, svo og framlag sveitarfélaga samkv. 114. gr. og ríkissjóðs samkv. 116. gr. Með reglugerð má ákveða, að öll iðgjöld skuli lögð á og innheimt í heilum krónum.
3. Meðan ekki eru sett lög um opinbera aðstoð til öryrkja, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar, er Tryggingastofnuninni heimilt að verja úr tryggingasjóði allt að 400 þús. kr. auk verðlagsuppbótar á ári til styrktar slíkum mönnum, eftir reglum, er tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir.
4. Ákvæði 19. gr. laga nr. 104 30. des. 1943 gilda framvegis að því er varðar stríðsslysabætur.
5. Það er borgaraleg skylda að veita Tryggingastofnuninni alla nauðsynlega aðstoð við skráningu þá, er fram skal fara samkv. 126. gr. eftir gildistöku þessara laga.
6. Þar, sem saman falla tryggingaumdæmi og umdæmi sjúkrasamlaga, sbr. 28. og 29. gr. laga nr. 104 30. des. 1943, um breytingar á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar, skulu stjórnir sjúkrasamlaganna hver í sínu umdæmi annast störf heilsugæzlunefnda samkv. 78. gr. og gegna þeim þar til kosning heilsugæzlunefnda hefur farið fram að afstöðnum næstu sveitarstjórnarkosningum eftir gildistöku laganna.

   Þar, sem sjúkrasamlög hafa verið starfandi í öllum sveitarfélögum í tryggingaumdæmi, getur ráðherra ákveðið, að stjórnir þeirra skuli sameiginlega kjósa heilsugæzlunefnd umdæmisins til sama tíma og í 1. málsgr. segir, eftir reglum, sem ráðherra setur.
7. Eins fljótt og verða má skal ríkisstjórnin láta fram fara rannsókn á raunverulegum framfærslukostnaði á hæfilega mörgum stöðum á landinu. Að þeirri rannsókn lokinni og eigi síðar en fyrir árslok 1950 skal endurskoða ákvæðin um bótaupphæðir og skiptingu í verðlagssvæði með hliðsjón af niðurstöðum þessarar rannsóknar.
8. Á árinu 1946 skal ríkisstjórnin láta fram fara endurskoðun á framfærslulögum nr. 52 1940, lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, nr. 46 1921, lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, nr. 78 1936, svo og lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 6 1935, sbr. l. nr. 20 1942, og öðrum þeim lögum, sem þörf er á að samræma ákvæðum þessara laga, og leggja árangur endurskoðunarinnar fyrir Alþingi.
9. Á meðan ákvæði III. kafla laga þessara koma ekki til framkvæmda, er ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að lækka iðgjöld skv. 107. gr. um allt að 30%, þó aldrei meira en sjúkrasamlagsiðgjaldi gjaldanda nemur. Þar, sem ekki er sjúkrasamlag, skal slík iðgjaldalækkun nema sjúkrasamlagsiðgjaldi eins og það er lægst á landinu.
10. Kosning tryggingaráðs samkv. 6. gr. skal í fyrsta sinn fram fara á Alþingi því, er setur þessi lög, og gildir sú kosning þar til að afstöðnum öðrum almennum alþingiskosningum eftir staðfestingu laganna. Um leið og kosið er tryggingaráð í fyrsta sinn, fellur niður umboð tryggingaráðs þess, er kosið var til 31. des. 1947, samkv. 7. gr. laga nr. 104 1943.

    Þau ákvæði í lögum þessum, er varða undirbúning framkvæmda samkvæmt þeim, svo sem ákvæði 2. mgr. 6. gr., 11. gr., 126. og 127. gr., skulu koma í gildi á árinu 1946 eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Sþ. 972. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisaðstoð til bæjar- og hreppsfélaga til togarakaupa.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Málið var rætt og afgreitt á einum fundi. Meiri hl. (GÍG, StgrA, ÞB, SkG, BK, HelgJ og SK) leggur til, að tillagan verði samþ. og gefur því út meirihlutaálit. 1. minni hl. (PO) vildi ekki fylgja till. og skilar þá einnig séráliti. 2. minni hl. (GJ) vildi gera víðtækar breytingar á tillögunni og leggur því til, að hún verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán, sem bæjar- og hreppsfélög kynnu að taka til kaupa á togurum þeim, sem ríkisstjórnin er nú að láta smíða í Bretlandi, ef þau með því óska að koma á hjá sér togaraútgerð.

Ábyrgðin er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. að viðkomandi bæjar- eða hreppsfélag þarfnist fjárhagsstuðnings að dómi ríkisstjórnarinnar fram yfir þau lán, sem stofnlánadeildin veitir út á 1. veðrétt í skipunum;
2. að lánsupphæðin fari eigi yfir 10% af kostnaðarverði skipanna, enda sé lánið einnig tryggt með 2. veðrétti í skipunum og uppfærslurétti á eftir stofnlánadeildarláninu;
3. að lánskjörin séu hagkvæm að dómi ríkisstjórnarinnar;
4. að staðurinn sé hentugur fyrir togaraútgerð að dómi ríkisstjórnarinnar;
5. að viðkomandi skip verði gert út af bæjar- eða hreppssjóði, félögum eða einstaklingum, sem njóta gagnábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga;
6. að ríkisstjórninni sé heimilt að setja eftirlit með útgerðinni.

Þyki ríkisstjórninni hagkvæmara að taka fyrir hönd ríkissjóðs allt að 3 millj. króna lán til þessara framkvæmda, er henni það heimilt, og má hún þá lána það fé til viðkomandi bæjar- og hreppsfélaga gegn ákvæðum 1.—2. og 4.—6. tölul. hér að ofan. Slík lán mega vera afborgunarlaus í 2 ár, en greiðast síðan upp á 10 árum. Vextir verði eigi yfir 4%.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Gísli Jónsson,
form.

Sþ. 973. Þingsályktun

um endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá.

(Afgreidd frá Sþ. 24. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta Alþingi tillögur og kostnaðaráætlun um byggingu nýrrar brúar á Þjórsá í stað þeirrar, sem nú er.

Nd. 974. Breytingartillaga

við frv. til l. um húsmæðraskóla.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Við ákvæði til bráðabirgða. Fyrir orðin í niðurl. greinarinnar „þar til fyrirhugaður húsmæðraskóli í Varmahlíð tekur til starfa“ komi: þar til fyrirhugaður húsmæðraskóli Skagfirðinga tekur til starfa.

Nd. 975. Breytingartillaga

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 112. grein. Síðari málsl. orðist svo: Við ákvörðun þessa iðgjalds og áhættuiðgjalds samkv. 113. grein skal þó ekki telja með þá vinnu, sem unnin er af börnum, foreldrum eða systkinum vinnuveitanda.

Nd. 976. Breytingartillögur

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 11. gr. Aftan við 2. mgr. bætist: eftir ákvörðun tryggingaráðs.
2. Við 42. gr. Síðasti málsl. b-liðar orðist þannig: Þó skulu þeir framleiðendur, sem búa við þær aðstæður, að atvinnurekstur þeirra hvílir aðallega á eigin vinnu, eiga rétt til sjúkrabóta á sama hátt og launþegar samkv. a-lið, ef hlutaðeigandi fer á sjúkrahús að læknisráði, atvinnurekstur hans stöðvast, eða sannað er, að tekjur hans hafi vegna veikindanna rýrnað svo, að hann falli undir ákvæði 2. mgr. 39. gr.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Aftan við ákvæðin komi nýr liður, er verði 11. liður, þannig:
   Til ársloka 1947 skulu stjórnir sjúkrasamlaga í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast störf tryggingaráðs samkv. 11. gr. og jafnframt annast skrifstofuhald og umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir.

Nd. 977. Breytingartillögur

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 9. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Vinnuveitendafélag Íslands, Stéttarsamband bænda og Alþýðusamband Íslands skipa hvert um sig einn mann, o. s. frv.
2. Við 64. gr. Greinin falli burt.

Nd. **978. Lög**

um beitumál.

(Afgreidd frá Nd. 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 947.

Sþ. **979. Nefndarálit**

um till. til þál. um rafveitu Norðurlands.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin ræddi þetta mál ásamt hliðstæðum þáltill. á þskj. 462 og 464 á nokkrum fundum, auk þess sem málið var einnig rætt við samgöngumálaráðherra. Þá voru till. og sendar til Rafmagnseftirlits ríkisins til umsagnar. Að fenginni þeirri umsögn varð nefndin sammála um að leggja til, að tillagan yrði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta svo fljótt sem unnt er ljúka áætlunum um byggingu raforkuvera og raforkuveitna til þess að fullnægja raforkuþörf landsmanna hvarvetna á landinu, og sé stefnt að því, að þessum áætlunum verði lokið eigi síðar en á miðju ári 1947.
2. Í stað „rafveitu Norðurlands“ í fyrirsögn komi: rafveitumál.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.
Steingr. Aðalsteinsson.	Þórður Benediktsson.	B. Kristjánsson, með fyrirvara.
Sig. Kristjánsson, með fyrirvara.	Helgi Jónasson, með fyrirvara.	Pétur Ottesen.

Ed. **980. Frumvarp til laga**

um almannatryggingar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 820 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:
Ríkisstjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Tryggingastofnunarinnar og setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum.

5. gr. hljóðar svo:
Forstjóri stjórnar stofnuninni í samræmi við lög, reglugerðir og erindisbréf, er honum verður sett, og í samráði við formann tryggingaráðs, sbr. 8. gr. Hann afgreiðir mál í samráði við hlutaðeigandi deildarstjóra eða felur þeim afgreiðslu ákveðinna mála, en ber sjálfur ábyrgð á ákvörðunum og úrskurðum.
Forstjóri getur falið sama deildarstjóra forstöðu fleiri en einnar deildar.

6. gr. hljóðar svo:

Tryggingaráð, skipað 5 mönnum, skal fara með störf þau, sem því eru falin með lögum þessum. Skal það kosið hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar, og jafnmargir varamenn. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu.

Sérstök nefnd þriggja sérfróðra manna skal vera tryggingaráði til aðstoðar og ráðuneytis um læknisfræðileg atriði og framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt III. kafla. Í nefnd þessari eiga sæti landlæknir, sem er formaður hennar, og tveir menn, er ríkisstjórnin skipar til 4 ára í senn, annan samkv. tilnefningu Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur í sameiningu og hinn samkvæmt tilnefningu læknadeildar háskólans. Varamenn fyrir tvo hina síðartöldu skulu skipaðir með sama hætti til sama tíma.

Nú láta læknafélögin eða læknadeild háskólans undir höfuð leggjast að tilnefna mann af sinni hálfu í nefndina samkv. 2. málsgr., og skipar þá ráðherra án tilnefningar mann eða menn í þeirra stað.

7. gr. hljóðar svo:

Hlutverk tryggingaráðs er að hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunarinnar og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir ár hvert skal jafnan samin í samráði við tryggingaráð. Einnig skal leita samþykkis ráðsins á öllum heildarsamningum við lækna, sjúkrahús, heilsuverndar- og lækningastöðvar, en að undirbúningi slíkra samninga starfar sérfræðinganefndin, sbr. 6. gr., með forstjóra Tryggingastofnunarinnar og formanni tryggingaráðs.

Ef ágreiningur rís um bætur samkv. II. kafla eða hlunnindi samkv. III. kafla, leggur tryggingaráð úrskurð á þau mál. Leita skal þó jafnan álits sérfræðinganefndar, áður en úrskurðað er um atriði, er varðar heilsugæzlu samkvæmt III. kafla eða læknisfræðileg atriði, er áhrif hafa á bótagreiðslur.

Nú sættir aðili sig ekki við úrskurð tryggingaráðs, og getur hann þá leitað dómsúrskurðar um málið.

8. gr. hljóðar svo:

Formaður tryggingaráðs skal fylgjast með daglegri starfsemi stofnunarinnar og kynna sér alla afgreiðslu mála. Ef um er að ræða bótagreiðslur, sem ekki eru fastákveðnar, en inntar af hendi samkv. heimildarákvæðum, er skylt að leggja þau atriði fyrir formann ráðsins, en hann kynnir sér allar aðstæður. Skal afgreiðsla slíkra mála jafnan borin undir tryggingaráð, ef formaður óskar þess. Hann skal og vinna að undirbúningi fjárhagsáætlunar stofnunarinnar með forstjóra og að öllum meiri háttar samningsgerðum.

9. gr. hljóðar svo:

Vinnuveitendafélag Íslands og Alþýðusamband Íslands skipa hvort um sig einn mann, sem hefur rétt til að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur, þegar skipt er í áhættuflokka og ákveðin iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga skv. 113. gr. Skal Tryggingastofnuninni skylt að láta þeim í té allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna þessa starfs.

10. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur nánari reglur um störf og skyldur tryggingaráðs og sérfræðinganefndar og ákveður þóknun ráðsmanna og nefndarmanna svo og sérstaka aukaþóknun til formanns tryggingaráðs.

11. gr. hljóðar svo:

Skipta skal landinu í tryggingaumdæmi, eftir því sem hagkvæmt þykir, og skal við ákvörðun umdæma höfð hliðsjón af skipun læknishéraða og lögsagnarumdæma.

Tryggingastofnunin hefur skrifstofur eða umboðsmenn á þeim stöðum, sem bezta henta og þörf krefur eftir ákvörðun tryggingaráðs.

Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa fimm manna tryggingnefnd, kosin hlutfallskosningu af sveitarstjórnum umdæmisins á sameiginlegum fundi, er halda skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kjósa skal á sama hátt og til sama tíma jafnmarga varamenn.

Kjörtímabil tryggingnefnda er hið sama og sveitarstjórna. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingaumdæma, tekur sveitarstjórn þess þátt í kosningu tryggingnefndar í því umdæmi, þar sem flestir af íbúum sveitarfélagsins eiga heima.

Hlutverk tryggingnefnda er að fylgjast með rekstri tryggingnanna í umdæminu, gera tillögur um framkvæmd þeirra, gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, er mættu verða til sparnaðar í rekstri tryggingnanna.

Á fundi sveitarstjórna, sem haldinn er skv. 3. mgr., skal ákveða þóknun hinna kjörnu nefndarmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði við störf þeirra af hlutaðeigandi sveitarfélögum eftir reglum, er fundurinn setur.

Ráðherra setur nefndum þessum nánari starfsreglur.

19. gr. hljóðar svo:

Tryggingayfirlæknir úrskurðar örorkustig þeirra, sem sækja um örorkulífeyri. Slíkum úrskurðum má áfrýja til sérfræðinganefndar, sbr. 6. og 7. gr.

Tryggingastofnunin getur hvenær sem er látið endurmeta örorku þeirra, sem fengið hafa örorkulífeyri, ef líkur þykja til, að þeir séu eigi lengur öryrkjar, sbr. 2. mgr. 18. gr.

27. gr. hljóðar svo:

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um barnalífeyri með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunarinnar með úrskurðinn og fengið lífeyrinn greiddan þar.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkv. 1. mgr., á hún endurkröfurétt á hendur föðurnum, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr.

Verði vanskil af hálfu föðurins, skal innheimta kröfuna hjá dvalarsveit móðurinnar eða þess, er framfærslu barnsins annast í hennar stað, nema Tryggingastofnunin kjósi heldur að innheimta hana beint frá framfærslusveit föðurins, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Um rétt dvalarsveitar á hendur framfærslusveit og framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkvæmt ákvæðum framfærslulaga.

Nú deyr faðir óskilgetins barns, áður en barnið hefur náð 16 ára aldri, og greiðir þá Tryggingastofnunin barnalífeyri engu að síður, en getur þá jafnframt gert kröfu í dánarbú hins látna samkv. reglum 25. gr. l. nr. 46 27. júní 1921.

40. gr. hljóðar svo:

Sjúkrabætur skulu vera:

	Á 1. verðlagssvæði	Á 2. verðlagssvæði
Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis eða er atvinnulaus	kr. 6.00 á dag	kr. 5.00 á dag
Fyrir aðra	— 5.00 —	— 4.00 —

Giftar konur fá því aðeins greiddar sjúkrabætur, að þær færi sönnur á, að maður þeirra geti ekki séð þeim farborða.

Þegar sjúkrabætur eru greiddar, er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta samkv. 30.—32. gr. einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu, sbr. 1. mgr. 31. gr.

Sjúkrabætur mega aldrei fara fram úr ¾ þess, sem hinn sjúki hefur misst í af tekjum sínum vegna sjúkdómsins.

42. gr. hljóðar svo:

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem læknar starfa, skal greiða sjúkrabætur sem hér segir:

a) Þeir, sem starfa í annarra þjónustu, skulu eiga rétt á sjúkrabótum frá og með 11. veikindadegi og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda sé þeim ekki greitt kaup þennan tíma. Tryggingaráði er þó heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef veikindi stafa af slysförum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða. Sjúkrabætur eru ekki greiddar, nema hlutaðeigandi hafi verið óvinnufær lengur en 14 daga.

Nú greiðir atvinnurekandi hinum sjúka kaup, sem er lægra en sjúkrabótum nemur, og skal þá einnig greiða sjúkrabætur, þó svo, að þær að viðbættu kaupinu séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði. Um fasta starfsmenn sjá ákvæði 64. greinar.

b) Þeir, sem starfa sjálfstætt eða hafa launþega í þjónustu sinni, eiga rétt á bótum frá og með sjöttu sjúkraviku í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda geti þeir sýnt fram á, að tekjur þeirra hafi minnkað verulega vegna veikindanna. Skal tryggingaráð setja nánari reglur um greiðslu sjúkrabóta til slíkra manna með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 39. gr. Þó skulu þeir framleiðendur, sem búa við þær aðstæður, að atvinnurekstur þeirra hvílir aðallega á eigin vinnu, eiga rétt til sjúkrabóta á sama hátt og launþegar samkv. a-lið, ef hlutaðeigandi fer í sjúkrahús að læknisráði, atvinnurekstur hans stöðvast eða sannað er, að tekjur hans hafi vegna veikindanna rýrnað svo, að hann falli undir ákvæði 2. mgr. 39. gr.

Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.

43. gr. hljóðar svo:

Utan þeirra staða, sem um ræðir í 42. gr., skulu sömu reglur gilda og þar segir (stafl. a og b), en sjúkrabætur eru því aðeins greiddar, að hinn sjúki liggi í sjúkrahúsi eða hafi verið rúmfastur. Hámarkstími sjúkrabóta samkvæmt þessari grein er einnig 26 vikur á einu ári.

Ef sannað er, að hinn veiki hafi orðið að taka mann í þjónustu sína vegna sjúkleikans, getur Tryggingastofnunin greitt honum bætur, þótt hann hafi eigi legið rúmfastur.

44. gr. hljóðar svo:

Skylt er þeim, sem sækja um sjúkrabætur, að tilkynna Tryggingastofnuninni veikindi með læknisvottorði, áður en 10 dagar eru liðnir, frá því er sjúkdómurinn olli óvinnuhæfni, ella miðast biðtíminn við þann dag, sem tilkynning barst. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, sem læknis var fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús, og fylgi vottorð tveggja valinkunnra manna um, að sjúkralegan hafi verið óslitin.

Þegar veikindi hafa verið tilkynnt, getur Tryggingastofnunin látið lækni rannsaka heilsufar hins tryggða eða fylgzt með því á annan hátt. Ef maður vanrækir að fara að ráðum læknis, missir hann rétt til bótanna, meðan svo stendur.

Sama verður, ef hann neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem flýtt gæti bata hans eða búið hann undir nýtt starf.

53. gr. hljóðar svo:

Dagpeningar eru kr. 7.50 á dag.

Þegar dagpeningar eru greiddir, er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta, sbr. 30.—32. gr., einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu.

Bótagreiðslur samkv. 1. og 2. mgr. þessarar gr. skulu aldrei fara fram úr ¾ af dagkaupi bótaþega við þá atvinnu, er hann stundaði, þegar slysið varð.

Nú greiðir atvinnurekandi hinum slasaða kaup, sem er lægra en dagpeningum nemur, og skal þá einnig greiða dagpeninga, þó svo, að þeir að viðbættu kaupinu séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25%. Um fasta starfsmenn sjá 64. gr.

78. gr. hljóðar svo:

Í hverju sveitarfélagi, þar sem reknar eru stofnanir þær, sem um getur í 76. gr., skal starfa heilsugæzlunefnd, sem annast stjórn og rekstur þeirra svo og rekstur sjúkrahúsa, sem sveitarfélögin eiga.

Heilsugæzlunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, eftir því sem sveitarstjórn ákveður, og kosin hlutfallskosningu af sveitarstjórn eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kjósa skal jafnmarga varamenn á sama hátt og til sama tíma.

Nú standa fleiri sveitarfélög en eitt að stofnunum þeim, er að framan greinir, og getur þá tryggingaráð ákveðið, að hlutaðeigandi sveitarfélög kjósi sameiginlega stjórnir þeirra.

Ef saman falla tryggingaumdæmi, sbr. 11. gr., og svæði þau, er umræddar stofnanir ná yfir, má tryggingaráð ákveða, að heilsugæzlunefnd skuli fara með störf tryggingnefndar, sbr. 3. mgr. 11. gr.

85. gr. hljóðar svo:

Þeir, sem tryggðir eru samkvæmt lögum þessum, eiga rétt á að fá læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá læknum, er starfa í þjónustu hinnar opinberu heilsugæzlu, sbr. 82. gr., gegn greiðslu eftir gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin setur. Gjaldskrá þessi skal miðuð við það, að hún að meðaltali svari til ¼ af hæfilegri greiðslu.

Þegar svo stendur á, að fastir læknar, héraðslæknar og aukalæknar skv. 84. gr. eru eigi nægilega margir til þess að sjá fyrir fullnægjandi læknishjálp í læknishéraði, getur Tryggingastofnunin til bráðabirgða samið við einstaka lækna eða félagsskap þeirra um að sjá hinum tryggðu fyrir læknishjálp.

Ef slíkir samningar takast ekki, getur Tryggingastofnunin ákveðið að greiða hinum tryggðu upp í kostnað við læknishjálp ¾ hluta miðað við gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur, eða sem samsvarar þrefaldri gjaldskrá fastra lækna.

Tryggingastofnunin getur ákveðið að greiða kostnað við tannlækningar eingöngu vegna þeirra, sem eru innan 18 ára aldurs.

Tryggingastofnunin greiðir ekki læknishjálp umfram beina heilsufarslega nauðsyn, svo sem tannfyllingar með gulli, fegrunaraðgerðir og annað tilsvarandi, og skal í reglugerð setja ákvæði til að girða fyrir það.

Þegar í hlut eiga þeir, er njóta elli- og örorkulífeyris samkvæmt 13.—19. gr., börn þeirra, munaðarleysingjar eða þeir, sem njóta slysabóta, sbr. 49.—58. gr., skal Tryggingastofnunin greiða fyrir þá læknishjálp, er þeim bæri að greiða samkvæmt gjaldskránni.

93. gr. hljóðar svo:

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða styrki upp í kostnað við sjúkrahjálp erlendis í sérstökum tilfellum. Slíkir styrkir skulu þó eigi greiddir nema sjúklingurinn veikist erlendis eða sé haldinn sjúkdómi, sem gildar ástæður mæla með að dómi tryggingayfirlæknis og sérfræðinganefndar, að bót fáist ráðin á erlendis, en ekki hér á landi.

94. gr. hljóðar svo:

Stofna skal læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóði, einn fyrir hvert sveitarfélag eða hluta úr sveitarfélagi innan tryggingaumdæmis, þar sem aðstaða til læknisvitjana og sjúkraflutninga er svo erfið, að þess sé þörf að dómi tryggingaráðs.

Tryggingnefnd umdæmisins stjórnar sjóðum þessum og veitir fé úr þeim og sendir Tryggingastofnuninni ársreikninga þeirra.

Sjóðir þessir myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði, sem nemur 100000 krónum fyrir alla sjóðina samanlagt. Skiptist þessi heildarupphæð fyrst milli hinna einstöku tryggingaumdæma eftir tillögum landlæknis, og skal við þá skiptingu höfð hliðsjón af allri aðstöðu til læknisvitjana og sjúkraflutninga og enn fremur af fólksfjölda umdæmanna. Þegar hluti hvers tryggingaumdæmis hefur verið ákveðinn, skiptist hann milli hinna einstöku sjóða innan umdæmisins, og skal tryggingaráð við þá skiptingu fara eftir sömu reglum og segir í næsta málslið hér á undan og leita tillagna tryggingaráðsnefndar umdæmisins um hana.

95. gr. hljóðar svo:

Auk sjóða þeirra, sem um getur í 94. gr., skal stofna sjóð, sem sé sameiginlegur fyrir allt landið, og skal hlutverk hans vera sem hér segir:

a. Að taka þátt í að jafna halla, sem verða kann á einstökum læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóðum, sbr. 96. gr., og
b. að veita endurgreiðslur samkv. 97. gr. einstaklingum, sem verða fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna læknisvitjana eða sjúkraflutninga, en eiga ekki rétt til endurgreiðslu úr neinum læknisvitjana- eða sjúkraflutningasjóði.

Sjóður sá, sem um getur í þessari grein, myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði að upphæð 100000 kr., og er honum stjórnað af Tryggingastofnuninni. Aldrei má verja meira en ⅔ af sjóðnum til þeirra nota, sem ákveðin eru í staflið a, og aldrei meira en ⅓ til þeirra nota, sem ákveðin eru í staflið b.

111. gr. hljóðar svo:

Iðgjöld, sem veitt er undanþága fyrir samkvæmt 109. og 110. gr., teljast ekki vangreidd iðgjöld, sbr. 132. gr.

113. gr. hljóðar svo:

Auk iðgjalds samkvæmt 112. gr. skulu allir þeir, sem gjaldskyldir eru samkvæmt henni, einnig greiða sérstakt áhættuiðgjald til þess að standast útgjöld vegna slysabóta, sbr. 45.—58. gr., og kostnað vegna nauðsynlegrar sjúkrahjálpar umfram þá, sem látin er í té samkvæmt III. kafla laga þessara.

Upphæð áhættuiðgjalda ber að miða við slysahættuna. Skal skipta störfum og starfsgreinum í áhættuflokka og ákveða sérstök iðgjöld fyrir hvern flokk. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðunina. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klukkustundir í viku. Skal við ákvörðun iðgjaldanna miða við, að þau hrökkvi fyrir þeim bótum og kostnaði, sem Tryggingastofnuninni ber að greiða vegna slysa. Ef erfitt er að skipa starfseminni í áhættuflokka samkvæmt framansögðu, getur Tryggingastofnunin þó ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

114. gr. hljóðar svo:

Öll sveitarfélög á landinu skulu greiða til tryggingasjóðs samtals 4½ millj. kr. á ári. Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt 109. gr. teljast ekki í framlagi þessu, ekki heldur framlag þeirra til læknisvitjunarsjóðs, sbr. 94. gr.

Framlagi þessu skal skipta niður á tryggingaumdæmi þau, sem ákveðin verða samkvæmt 11. gr., á eftirfarandi hátt:

1. Tveimur fimmtu hlutum framlagsins skal skipta niður í beinu hlutfalli við samanlögð útgjöld Tryggingastofnunarinnar í hverju tryggingaumdæmi fyrir sig.
2. Tveimur fimmtu hlutum í hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í umdæminu samkvæmt síðasta skattaframtali.

3. Einum fimmta hluta í hlutfalli við tölu íbúa á aldrinum 16—67 ára í umdæminu.

Innan hvers tryggingaumdæmis skiptist framlagið á milli þeirra sveitarfélaga, sem eru á svæðinu, ef fleiri eru en eitt, eftir þessum reglum:

1. Einn þriðji skiptist í beinu hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í sveitarfélaginu árið áður.
2. Einn þriðji í hlutfalli við fasteignamat allra eigna í sveitarfélaginu.
3. Einn þriðji skiptist í hlutfalli við fjölda íbúa á aldrinum 16—67 ára í sveitarfélaginu.

Ef sveitarfélagi hefur verið skipt á milli fleiri en eins tryggingaumdæmis, greiðast framlög af hverjum hluta sveitarfélagsins eftir reglum þess tryggingaumdæmis, er hann fylgir.

116. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta og kostnaðar af heilsugæzlu samkvæmt lögum þessum og leggur fram til tryggingasjóðs það, sem á vantar, að aðrar tekjur hans nægi til þess að inna af höndum árlegar greiðslur. Skal taka í hver fjárlög áætlunarupphæð í þessu skyni eftir áætlun tryggingaráðs, allt að 7½ millj. kr. að viðbættri verðlagsuppbót.

Ábyrgð ríkissjóðs umfram hámark hins árlega framlags samkvæmt 1. málsgr. tekur þó eigi til hærri fjárhæðar en 75% framlagsins nemur.

Nú verður halli á rekstri tryggingasjóðs og framlag ríkissjóðs fer fram úr hámarki samkvæmt 1. málsgr., svo að taka þarf til þriðjungs eða meira af ábyrgðarupphæðinni samkvæmt 2. málsgr., og getur þá ríkisstjórnin, ef hallinn stafar af ástæðum, sem ætla má að verði varanlegar, lagt fyrir tryggingaráð að hækka iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. um allt að 10% og lækka tekjumark það, er lífeyrisfrádráttur samkvæmt 1. bráðabirgðaákvæði miðast við, um allt að 50% til þess að jafna hallann. Fáist hallinn ekki jafnaður á þann hátt, skal ríkisstjórnin í samráði við tryggingaráð leggja fyrir Alþingi tillögur um endurskoðun laganna.

127. gr. hljóðar svo:

Gera skal tryggingarskírteini fyrir alla þá, sem skráðir eru samkvæmt 126. gr. Á skírteini þessi skal skrá öll helztu réttindi, er menn njóta samkvæmt lögum þessum, takmarkanir á réttindum vegna vanskila á iðgjöldum, sbr. 132. gr., og undanþágur frá iðgjaldagreiðslum, sbr. 109.—110. gr.

Tryggingarskírteini skulu afhent í janúarmánuði ár hvert, eftir nánari ákvörðun Tryggingastofnunarinnar. Í fyrsta sinn skulu skírteinin þó afhent í desembermánuði 1946 og gilda þá frá áramótum þar til ný afhending hefur farið fram, sbr. 128. gr.

Í fyrsta sinn sem tryggingarskírteini eru afhent, sbr. 2. mgr., skulu allir iðgjaldsgreiðendur, sbr. 105. gr., greiða sérstakt skírteinagjald, er nemi kr. 40.00 fyrir karla 21 árs og eldri og kr. 25.00 fyrir konur og fyrir karla innan 21 árs. Gjald þetta greiðist beint til Tryggingastofnunarinnar eða umboðsmanna hennar.

128. gr. hljóðar svo:

Tryggingarskírteini gilda frá og með 1. jan. það ár, sem afhending fer fram, og til loka þess árs. Skal ætíð sýna skírteinið, þegar leitað er eftir bótagreiðslum eða sjúkrahjálp. Óheimilt er að veita hlunnindi samkv. lögum þessum, nema skírteini sýni, að hlutaðeigandi eigi rétt til þeirra, sbr. og 132. gr.

132. gr. hljóðar svo:

Um þá, sem sjálfir eiga að greiða iðgjöld sín, en hafa vanrækt það, gilda eftirfarandi reglur:

a. Réttur til sjúkrabóta, sbr. 39.—43. gr., og sjúkrahjálpar, sbr. III. kafla, skerðist um sama hundraðshluta og vangreidd iðgjöld á næsta tryggingarári á undan nema

af heildariðgjöldum ársins. Gildir þetta einnig fyrir konu hins tryggða og börn hans innan 16 ára aldurs. Réttindaskerðingar þessarar skal getið á tryggingarskírteinum þeim, sem um getur í 127. gr. Nú ber að greiða iðgjöld mánaðarlega, og getur þá Tryggingastofnunin ákveðið, að réttur til sjúkrabóta og sjúkrahjálpar falli niður, ef vanskil verða á iðgjöldum lengur en einn mánuð. Þar, sem ekki er mánaðarleg innheimta, skal og vera heimilt að fella niður réttindi þessi einum mánuði eftir gjalddaga iðgjalda, ef vanskil verða.

b. Ellilífeyri og örorkulífeyri getur Tryggingastofnunin lækkað um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld nema af þeim heildariðgjöldum, er hlutaðeiganda hefur borið að greiða.

c. Aðrar bætur en þær, sem um ræðir undir staflið a. og b., getur Tryggingastofnunin lækkað um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld eru af þeim iðgjöldum, er bar að greiða. Skal Tryggingastofnunin hafa hliðsjón af öllum efnahagsástæðum umsækjanda við slíka úrskurði. Er honum skylt að gefa Tryggingastofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar um fjárhag sinn, ef hann sækir um fullar bætur. Aldrei skal þó lækka fæðingarstyrk, sbr. 34. gr., bætur samkv. 35. gr. né slysabætur samkv. II. kafla laganna.

136. gr. hljóðar svo:

Öll iðgjöld, sem um ræðir í lögum þessum, önnur en fyrir tryggingar samkvæmt 135. gr., koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

140. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947 (sbr. þó 10. tölul. ákvæða til bráðabirgða), en ákvæði II. kafla um sjúkrabætur koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1947 og ákvæði III. kafla (heilsugæzla) ekki fyrr en 1. janúar 1948.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. L. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, IV.—VII. kafli.
2. L. nr. 92 14. maí 1940, um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, 16.—20. gr.
3. L. nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.
4. L. nr. 104 30. des. 1943, um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar. Þó heldur III. kafli þeirra laga gildi sínu, þar til III. kafli þessara laga kemur til framkvæmda.
5. L. nr. 105 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.
6. L. nr. 64 1. des. 1944, um heilsuverndarstöðvar, þó ekki fyrr en III. kafli þessara laga kemur til framkvæmda.
7. Framfærslulög, nr. 52 12. febrúar 1940, III. kafli.

Enn fremur þau ákvæði laga nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og laga nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, svo og öll önnur lög eða lagaákvæði, sem í bága fara við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

1. Greiðslur ellilífeyris samkv. 15. gr., örorkulífeyris samkv. 18. gr. og barnalífeyris samkv. 20. gr. eru um næstu 5 ár háðar þeim takmörkunum, sem hér segir:

Fullur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. gr. skal því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeiganda fari ekki fram úr fullum lífeyri. Séu tekjurnar hærri, lækkar lífeyririnn um helming þess, sem umframtekjurnar nema, og fellur niður, þegar þær ásamt lífeyrinum hafa náð upphæð, sem er jafnhá þreföldum lífeyri.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða með reglugerð takmörkun á lífeyri barna, sem hafa sjálfstæðar tekjur, barna ekkna og barna örorku- og lífeyris-

þega. Þó má ekki takmarka þessar greiðslur meira en svo, að lífeyrir og aðrar tekjur nái hámarksupphæð þeirri, sem næsta málsgrein hér á undan ákveður, að viðbættum fullum barnalífeyri.

Takmörkun þessi skal miðast við síðasta skattaframtal bótaþega. Færi hann gild rök fyrir því, að tekjur hans rýrni verulega á því ári, sem bæturnar eiga að greiðast, skal taka tillit til þess við ákvörðun bótanna.

2. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal greiða verðlagsuppbót á allar bótaupphæðir samkvæmt II. kafla og á framlag Tryggingastofnunarinnar til læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóðs samkv. 94. og 95. gr. Enn fremur skulu iðgjöld samkv. 107. og 112. gr. innheimt með álagi samkvæmt meðalvísitölu næsta árs á undan, svo og framlag sveitarfélaga samkv. 114. gr. og ríkissjóðs samkv. 116. gr. Með reglugerð má ákveða, að öll iðgjöld skuli lögð á og innheimt í heilum krónum.
3. Meðan ekki eru sett lög um opinbera aðstoð til öryrkja, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar, er Tryggingastofnuninni heimilt að verja úr tryggingasjóði allt að 400 þús. kr. auk verðlagsuppbótar á ári til styrktar slíkum mönnum, eftir reglum, er tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir.
4. Ákvæði 19. gr. laga nr. 104 30. des. 1943 gilda framvegis að því er varðar stríðsslysabætur.
5. Það er borgaraleg skylda að veita Tryggingastofnuninni alla nauðsynlega aðstoð við skráningu þá, er fram skal fara samkv. 126. gr. eftir gildistöku þessara laga.
6. Þar, sem saman falla tryggingaumdæmi og umdæmi sjúkrasamlaga, sbr. 28. og 29. gr. laga nr. 104 30. des. 1943, um breytingar á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar, skulu stjórnir sjúkrasamlaganna hver í sínu umdæmi annast störf heilsugæzlunefnda samkv. 78. gr. og gegna þeim þar til kosning heilsugæzlunefnda hefur farið fram að afstöðnum næstu sveitarstjórnarkosningum eftir gildistöku laganna.

Þar, sem sjúkrasamlög hafa verið starfandi í öllum sveitarfélögum í tryggingaumdæmi, getur ráðherra ákveðið, að stjórnir þeirra skuli sameiginlega kjósa heilsugæzlunefnd umdæmisins til sama tíma og í 1. málsgr. segir, eftir reglum, sem ráðherra setur.

7. Eins fljótt og verða má skal ríkisstjórnin láta fram fara rannsókn á raunverulegum framfærslukostnaði á hæfilega mörgum stöðum á landinu. Að þeirri rannsókn lokinni og eigi síðar en fyrir árslok 1950 skal endurskoða ákvæðin um bótaupphæðir og skiptingu í verðlagssvæði með hliðsjón af niðurstöðum þessarar rannsóknar.
8. Á árinu 1946 skal ríkisstjórnin láta fram fara endurskoðun á framfærslulögum, nr. 52 1940, lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, nr. 46 1921, lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, nr. 78 1936, svo og lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 6 1935, sbr. l. nr. 20 1942, og öðrum þeim lögum, sem þörf er á að samræma ákvæðum þessara laga, og leggja árangur endurskoðunarinnar fyrir Alþingi.
9. Á meðan ákvæði III. kafla laga þessara koma ekki til framkvæmda, er ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að lækka iðgjöld skv. 107. gr. um allt að 30%, þó aldrei meira en sjúkrasamlagsiðgjaldi gjaldanda nemur. Þar, sem ekki er sjúkrasamlag, skal slík iðgjaldalækkun nema sjúkrasamlagsiðgjaldi eins og það er lægst á landinu.
10. Kosning tryggingaráðs samkv. 6. gr. skal í fyrsta sinn fram fara á Alþingi því, er setur þessi lög, og gildir sú kosning þar til að afstöðnum öðrum almennum alþingiskosningum eftir staðfestingu laganna. Um leið og kosið er tryggingaráð í fyrsta sinn, fellur niður umboð tryggingaráðs þess, er kosið var til 31. des. 1947, samkv. 7. gr. laga nr. 104 1943.

Þau ákvæði í lögum þessum, er varða undirbúning framkvæmda samkvæmt þeim, svo sem ákvæði 2. mgr. 6. gr., 11. gr., 126. og 127. gr., skulu koma í gildi á árinu 1946 eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

11. Til ársloka 1947 skulu stjórnir sjúkrasamlaga í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast störf tryggingarnefnda samkv. 11. gr. og jafnframt annast skrifstofuhald og umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir.

Nd. 981. Lög

um gagnfræðanám.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 920 (sbr. 434), með þeirri leiðréttingu, að í stað orðsins „gagnfræðaráðs“ í 61. gr. kemur: fræðsluráðs.

Nd. 982. Lög

um húsmæðrafræðslu.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 923.

Nd. 983. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tveir fimmtu hlutar þeirra tekna, sem fást samkv. ákvæði þessarar greinar, skulu lagðir í sjóð, er varið sé til brúargerða eftir ákvörðun Alþingis.

Ed. 984. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 9. jan. 1935 og nr. 40 27. júní 1941, um iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur haldið einn fund um málið og mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. apríl 1946.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Páll Hermannsson, fundaskr.	Guðm. Í. Guðmundsson.

Sþ. 985. Breytingartillaga

við till. til þál. um fyrirgreiðslu til eigenda svonefndra Sviþjóðarbáta.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess, að svonefndir Svíþjóðarbátar fái haffærisskírteini með undanþágu í samræmi við 20. gr. laga nr. 78 11. júní 1938.

Einnig felur Alþingi ríkisstjórninni að láta rannsaka fyrir næsta Alþingi, hve miklu eigendur nefndra báta hafa kostað til breytinga á þeim eftir kröfum íslenzku skipaskoðunarinnar, og hvort og að hve miklu leyti sanngjarnt er, að ríkissjóður taki þátt í þeim kostnaði.

Nd. 986. Frumvarp til laga

um menntaskóla.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Skólarnir, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Menntaskólar eru tveir, annar í Reykjavík, hinn á Akureyri. Stofna skal hinn þriðja í sveit, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Það er markmið skólanna að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

3. gr.

Í skólanum eru 4 ársbekkir. Greinast 3 efstu bekkirnir í 2 deildir: máladeild og stærðfræðideild. Heimilt er fræðslumálastjórn að stofna fleiri deildir við skólana samkvæmt tillögum hlutaðeigandi skólastjórnar.

4. gr.

Skólarnir eru jafnt fyrir pilta og stúlkur.

II. KAFLI
Um inntöku nemenda í skólana.

5. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skóla.

6. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldursákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum;
2. að hann hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti að meini orðið;

3. að hann sé óspilltur að siðferði;
4. að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

7. gr.

Rétt til inngöngu í 1. bekk skólanna veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.

8. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki skólanna, verður nemandi að hafa staðizt miðskólapróf í bóknámsdeild með ákveðinni lágmarkseinkunn og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, er hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, er skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið það, sem kennt er í þeim bekkjum, er hann kann að hafa hlaupið yfir.

III. KAFLI
Um kennsluna.

9. gr.

Í skólunum skal kenna: íslenzku og íslenzk fræði, dönsku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sögu og félagsfræði, kristin fræði, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði og stjörnufræði, bókfærslu, íþróttir og söng.

Heimilt er stjórnum skólanna að fjölga kennslugreinum eða fækka að fengnu samþykki yfirstjórnar þeirra.

IV. KAFLI
Um próf og einkunnir.

10. gr.

Í hverjum bekk skal að jafnaði halda próf í lok skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Árspróf veitir nemanda, er stenzt það, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan. Það getur verið lokapróf í einstökum greinum, eftir því sem fyrir verður mælt í reglugerð.

11. gr.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

Menntaskólar einir hafa rétt til að brautskrá stúdenta.

Ákvæði 2. málsgr. raskar ekki þeim réttindum, sem einstakir skólar hafa þegar fengið.

12. gr.

Við árspróf dæma kennarar skólanna um úrlausnir hver hjá öðrum. Við stúdentspróf og próf í þeim greinum, sem fyrr er lokið og til þess teljast, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómendur, skipaðir af yfirstjórn skólanna að fengnum tillögum háskólaráðs og forstöðumanna skólanna.

13. gr.

Um próf að öðru leyti og um einkunnir segir í reglugerð.

V. KAFLI
Um kennara skólanna.

14. gr.

Skólastjórar og fastir kennarar eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Leita skal áður umsagnar skólastjórnar.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn fastur kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild.

Skólastjórar ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna með samþykki fræðslumálastjórnar.

15. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar.

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna.

Undanþágur frá þessum ákvæðum má enn fremur veita, er sérstaklega stendur á og þörf krefur, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

16. gr.

Skylt er kennara að kenna allt að 27 kennslustundum á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og 17, er hann verður 60 ára.

Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, ef þörf gerist, svo og vegna mikillar heimavinnu, eða taka tillit til slíkra aukastarfa, þegar ákveðin er lengd árlegs starfstíma kennara. Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.

17. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjóra með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

18. gr.

Nánari ákvæði um réttindi kennara og skyldur standa í reglugerð.

VI. KAFLI

Um stjórn skólanna og yfirstjórn.

19. gr.

Fræðslumálastjórn er yfirstjórn skólanna.

Skólastjóri og fastir kennarar skipa skólastjórn, eftir því sem nánara er ákveðið í reglugerð.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Yfirstjórn skólanna skipar, í samráði við skólayfirlækni og skólastjóra, skólalækna til 5 ára í senn og ákveður þeim þóknun fyrir starfann.

Skólalæknar skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólunum.

21. gr.

Um skólatíma og leyfi, nemendur, reglu og aga skal ákveðið í reglugerð.

VIII. KAFLI

Um gildistöku laganna.

22. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 32 19. maí 1930, um menntaskóla á Akureyri, lög um breyting á þeim lögum, nr. 89 19. júní 1933, og lög nr. 19 24. marz 1944, og önnur ákvæði, er fara í bág við þessi lög. Þó skulu gilda ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstilhögun fyrir þá nemendur, er þegar hafa gengið inn í skólana.

Ed. 987. Lög

um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 980 (sbr. 820).

Nd. 988. Frumvarp til laga

um Ræktunarsjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ræktunarsjóður Íslands og er í lögum þessum kallaður Ræktunarsjóður. Hlutverk hans er að styðja landbúnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands eins og hann er nú.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands.
3. Sá hluti höfuðstóls Viðlagasjóðs, sem er eign Ræktunarsjóðs Íslands.
4. Varasjóður Loðdýralánadeildar Búnaðarbanka Íslands.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Tekjur af þjóðjörðum og andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar kunna að verða.
3. Árlegt framlag úr ríkissjóði 0.5 millj. kr. á ári í 10 ár, í fyrsta sinn árið 1947.

4. gr.

Búnaðarfélag Íslands og Nýbyggingarráð skulu í sameiningu gera rannsókn á núverandi ástandi og þróun íslenzks landbúnaðar og áætlun um þróun hans næstu 10 ár. Skal þar áætluð þörfin innanlands fyrir þær vörur, er landbúnaðurinn getur

annazt um framleiðslu á, og athuguð skilyrði fyrir framleiðslu landbúnaðarvara til útflutnings. Skal síðan staðsetning framleiðslunnar miðuð, svo sem fært þykir á hverjum tíma, við þá áætlun, og eftir því hvers konar búskapur hentar bezt hverjum stað. Einnig skulu af sömu aðilum gerðar tilraunir um, hvaða stærð búa sé hagkvæmust. Skal lánaveitingum Ræktunarsjóðs hagað í samræmi við þessa heildaráætlun og þá staðsetningu framleiðsluaukningarinnar, sem er samkvæmt henni. Skal Búnaðarfélagið hafa í þjónustu sinni ráðunaut, sem sjóðurinn getur á hverjum tíma leitað álits hjá um þau lán, sem til álita kemur að veita, að svo miklu leyti, sem þau koma ekki til álits nýbýlastjórnar samkvæmt lögum um landnám o. fl.

5. gr.

Ræktunarsjóður veitir stofnlán til jarðræktar, peningshúsa og geymsluhúsa og annarra mannvirkja við landbúnað, þar með talin jarðyrkja, vermirækt og loðdýrarækt, enn fremur til mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnaverksmiðja, þvottahúsa, viðgerðarstöðva, landbúnaðarverkfæra, rafstöðva fyrir sveitir og sveitahluta og einstaka sveitabæi, svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum, sem notaðar eru við landbúnað.

Upphæð lánanna má vera allt að 50% kostnaðarverðs til þeirra framkvæmda, sem styrkur er veittur til samkvæmt jarðræktarlögunum, og allt að 66.7% kostnaðarverðs til annarra framkvæmda, enda sé það kostnaðarverð að dómi forráðamanna sjóðsins ekki hærra en eðlilegt má telja samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

Við ákvörðun lánanna skal stjórn sjóðsins taka tillit til þess, hvað mikil önnur veðlán hvíla á eigninni.

Lán þessi skulu ekki veitt fyrr en að fullloknum framkvæmdum eða kaupum þeim, sem þau eru veitt til.

6. gr.

Þegar stjórn Ræktunarsjóðs hefur gefið loforð um lánveitingu til jarðræktar eða byggingarframkvæmda samkvæmt 5. gr. að lokinni framkvæmdinni, skal sjóðnum heimilt að veita bráðabirgðalán, meðan á framkvæmdum stendur, gegn persónulegum tryggingum og veði í framkvæmdinni. Þessi lán mega nema allt að 80% af hinu áætlaða láni, og skulu þau greidd að fullu, um leið og stofnlánið er tekið.

7. gr.

Vextir af öllum stofnlánum Ræktunarsjóðs skulu vera 2.½%, en af bráðabirgðalánum 5%. Allur kostnaður við lánin skal greiddur af rekstrarreikningi sjóðsins án sérstakrar greiðslu lántakenda.

8. gr.

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi á veðskuldir til annarra en Byggingarsjóðs eða annarra opinberra sjóða undan veðrétti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættrar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánið er veitt til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem rafstöðvar eða verksmiðjur.
3. Gegn veði í þeim vélum og verkfærum, sem keypt eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóv. 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir tölulið 1., skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til ræktunar eða byggingar peningshúsa og geymsluhúsa á sveitabýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja og véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. tölulið 2.—4., styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð hreppsfélags eða sýslufélags.

Ábyrgð hrepps eða sýslufélags kemur því aðeins til greina, að um verksmiðjur eða vinnustöðvar sé að ræða, sem félag stendur að, enda komi þá til heimild æðri stjórnarvalda.

Hús, vélar og fénaður er því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Ræktunarsjóði, að vátryggð séu í vátryggingastofnun, er sjóðurinn tekur gilda.

9. gr.

Við afgreiðslu stofnlána Ræktunarsjóðs úrskurðar stofnun sú eða stofnanir, er ákveða leyfisveitingar til innflutnings framleiðslutækja, hve miklum hluta lánsins hefur verið varið til kaupa á því, sem hefur haft í för með sér notkun erlends gjaldeyris að byggingarefni undanskildu. Sá hluti lánsins, sem til slíks er varið, kallast A-lán, en afgangurinn B-lán. Seðladeild Landsbankans skal skylt að lána Ræktunarsjóði upphæð í íslenzkum krónum, sem samsvari A-lánum sjóðsins gegn 1.½% vöxtum.

Seðladeild Landsbankans veitir Ræktunarsjóði lánin jafnóðum í opnum reikningi, en við hver árslok skal sameina lánveitingar liðins árs í eitt lán. — Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Ræktunarsjóðs gagnvart seðladeild Landsbankans.

Ræktunarsjóður skal endurgreiða Seðladeild Landsbankans A-lánin jöfnum afborgunum á 10 árum. Þó má skuld sjóðsins við seðladeildina aldrei vera hærri en 10 millj. kr.

10. gr.

Ræktunarsjóði er heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til fyrir B-lánum, að gefa út handhafavaxtabréf allt að fjórföldum stofnsjóði sínum.

Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

11. gr.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef stjórn Ræktunarsjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands eða öðrum þeim, er stjórn sjóðsins tekur gildan, fyrir því, að veði því, sem lánað hefur verið út á, hafi vel verið við haldið og að það hafi ekki rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

12. gr.

Lánstíminn skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er. Ef lánið er til túnræktar eða nýrra bygginga, má lánstíminn vera allt að 25 árum, svo og til þeirra framkvæmda við vermirækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsaukningar og annars þess, sem ekki á trygga langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar greint í reglugerð, hve langur lánstíminn má vera til hvers konar lána.

Lán til túnræktar mega vera afborgunarlaus þrjú fyrstu árin, en annars skulu öll lán sjóðsins greidd jöfnum afborgunum, nema lántakandi vilji greiða þau fyrr og fljótar en venja er.

13. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Ræktunarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni eða ef veðið eyðileggst, er selt eða sett á uppboð.

3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
4. Ef lántakandi hættir landbúnaðarframleiðslu eða störfum fyrir landbúnað.

14. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Ræktunarsjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð eða fara með það á annan hátt eins og venja er um veð fyrir lánum, sem í gjalddaga eru komin.

15. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshöldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Ræktunarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

16. gr.

Ræktunarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

17. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 115 frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

18. gr.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 105 frá 3. maí 1935, um Ræktunarsjóð Íslands, og II. kafli laga nr. 38 frá 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947, og skal Ræktunarsjóður taka til starfa samkvæmt þeim eigi síðar en 1. okt. 1947.

Nd. 989. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá Sigfúsi Sigurhjartarsyni.

1. Við 1. gr. Á eftir „hreppstjóri“ komi: læknar, sem veita íslenzkum sjúkrahúsum forstöðu.
2. Við 2. gr. Á eftir „heimili hreppstjóra“ komi: í íslenzku sjúkrahúsi.

Ed. 990. Breytingartillaga

við frv. til l. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Frá Bjarna Benediktssyni.

6. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947. Allir, sem búsettir eru 1. janúar 1947 á svæði því, sem hinn nýi Selfosshreppur tekur yfir, öðlast þar samtímis kosningarrétt í

sveitarstjórnarmálum, enda tekur Selfosshreppur á sig allar skyldur gagnvart þeim mönnum, sem lögmætu heimilisfangi fylgja.

Ed. 991. Breytingartillaga

við frv. til l. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Frá Eiríki Einarssyni.

Aftan við frumvarpið bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Sandvíkurhreppur, að undanskilinni Flóagaflstorfunni, sbr. 2. gr., skal fyrst um sinn vera í órofnu hreppsfélagi við hinn nýja Selfosshrepp um öll réttindi og skyldur eins og sama hreppsfélags. Æski meiri hluti búenda á því svæði, er telst til Sandvíkurhrepps samkv. ákvæðum laga þessara, síðar að gerast sjálfstætt hreppsfélag og slíta tengsli við Selfossbyggð, skal heimilt að gera svo með 6 mánaða fyrirvara, áður en skipting hreppsfélaganna kemst til framkvæmda. Þegar til þessara hreppaskipta kemur, skulu ákvæði laga þessara gilda um bætur og annað, er varðar skiptinguna, ef þar yrði um ágreining að ræða.

Ed. 992. Breytingartillaga

við frv. til l. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

Við 1. gr.

a. Á eftir orðinu „Sandvíkurhreppi“ komi: Árbær og.
b. Í stað orðanna „sneið af Laugardælalandi“ komi: Laugardælir.

Nd. 993. Frumvarp til laga

um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Selfossbyggð í Árnessýslu, sem vaxið hefur upp á mótum þriggja hreppsfélaga við Ölfusá, skal verða sérstakt sveitarfélag, er nefnist Selfosshreppur. Í hinum nýja hreppi eru þessar jarðir: Selfoss og Hagi ásamt Bjarkarspildu úr Sandvíkurhreppi, Hellir ásamt Fossnesi úr Ölfushreppi og sneið af Laugardælalandi í Hraungerðishreppi, er markast af beinni línu frá Virkisvörðu til hæsta klettsins á nyrzta ferjuholti í Hellislandi. Að öðru leyti eru landamerki jarða þeirra, sem að ofan eru taldar, hreppamörk hins nýja Selfosshrepps.

2. gr.

Flóagaflstorfan í Sandvíkurhreppi skal leggjast til Eyrarbakkahrepps.

3. gr.

Selfosshreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er öðlazt hafa eða öðlast kunna framfærslurétt á svæði því, er hreppurinn tekur yfir.

4. gr.

Skipti milli Selfosshrepps og Sandvíkurhrepps á sameiginlegum eignum og skuldum núverandi Sandvíkurhrepps skal fara fram samkvæmt því, sem fyrir er mælt í sveitarstjórnarlögum.

Ölfushreppi og Hraungerðishreppi greiðir Selfosshreppur og fullar bætur fyrir missi tekna af þeim landsvæðum, sem frá þeim hreppum eru tekin og lögð til hins nýja Selfosshrepps.

Á sama hátt greiðir Eyrarbakkahreppur Sandvíkurhreppi (hinum nýja) fullar bætur fyrir missi tekna af því landsvæði, sem frá Sandvíkurhreppi er tekið og lagt til Eyrarbakkahrepps.

5. gr.

Nú næst ekki samkomulag milli hreppsnefndar Selfosshrepps og hreppsnefndanna í Ölfushreppi og Hraungerðishreppi, eða milli hreppsnefndarinnar í Sandvíkurhreppi hinum nýja og hreppsnefndarinnar í Eyrarbakkahreppi um bætur þær, er í 4. gr. getur, eða önnur ákvæði, er skiptin varða, og skal þá leggja ágreininginn í gerð. Skulu 5 menn skipa gerðardóminn. Þrjá þeirra kveður hæstiréttur og skipar einn þeirra formann dómsins, hreppsnefnd Selfosshrepps tilnefnir einn og hreppsnefndir hinna hreppanna, Ölfushrepps og Hraungerðishrepps, sinn manninn hvor, eftir því sem þeir hreppar eiga hlut að gerðinni. Á sama hátt tilnefnir hreppsnefnd Sandvíkurhrepps og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps sinn manninn hvor í dóminn, að því er gerðin tekur til skipta þessara hreppa.

Ágreiningsmálum milli Selfosshrepps og Sandvíkurhrepps, er skiptin varða, má og skjóta til gerðardóms þessa, en þá tilnefnir hreppsnefnd Sandvíkurhrepps og hreppsnefnd Selfosshrepps sinn manninn hvor af sinni hálfu til að taka sæti í dómnum.

Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir þá aðila, sem að honum standa, og verður honum ekki áfrýjað.

Kostnað af gerðardóminum, að því er tekur til stækkunar Selfossbyggðar, greiðir Selfosshreppur eftir ákvörðun dómsins, þar með talin þóknun til fyrirsvarsmanna málsaðila.

Á sama hátt greiðir Eyrarbakkahreppur kostnað af gerðardóminum að því er varðar skiptin milli Eyrarbakkahrepps og Sandvíkurhrepps hins nýja.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947. Allir, sem búsettir eru 1. janúar 1947 á svæði því, sem hinn nýi Selfosshreppur tekur yfir, öðlast þar samtímis kosningarrétt í sveitarstjórnarmálum, enda tekur Selfosshreppur á sig allar skyldur gagnvart þeim mönnum, sem lögmætu heimilisfangi fylgja.

Ed. 994. Lög

um breyting á lögum nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 644.

Ed. 995. Frumvarp til laga

um sérstakar fyrningarafskriftir.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Þær eftirtaldar eignir, sem teknar eru í fyrstu notkun á árunum 1944—1948 incl., má í stað venjulegra fyrningarafskrifta afskrifa um 20% á ári í 3 ár frá því er þær eru teknar í notkun, þó ekki fyrr en frá 1. janúar 1946 að telja: fiskiskip og önnur veiðiskip, síldarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Þó skulu þau fyrirtæki, er njóta styrks úr ríkissjóði, ekki njóta þessara sérstöku afskrifta, svo fremi að styrkurinn sé jafnhár eða hærri en afskriftum þessum nemur. Sé styrkurinn hins vegar lægri, má afskrifa eignir þessar þannig, að styrkur að viðbættum afskriftum nemi 20% á ári í 3 ár.

2. gr.

Þegar afskrift er í fyrsta sinn ákveðin samkvæmt 1. gr., skulu skattayfirvöld ákveða heildarafskriftarupphæð hverrar eignar.

Nú gengur eign kaupum og sölum, og skal þá hinn síðari eigandi aldrei njóta hærri afskrifta en hinn fyrsti hafði notið.

3. gr.

Ef lán hefur verið tekið úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til kaupa á eign, sem afskrifuð er samkvæmt lögum þessum, er afskriftin því skilyrði bundin, að öll afskriftarupphæðin gangi til afborgunar á láninu, enda hafi hlutaðeigandi tekjuafgang sem afskriftinni nemur.

4. gr.

Tap það, sem kann að orsakast af afskriftunum, má flytja á milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz því hefur verið náð upp.

Fyrir árslok 1947 skal ákveða með reglugerð, hver skuli vera fyrningarhundraðshluti þeirra eigna, sem afskrifaðar hafa verið samkvæmt lögum þessum, eftir að afskrift samkvæmt þeim hefur verið lokið.

5. gr.

Afskriftahækkanir samkvæmt lögum þessum skerða í engu rétt bæjar- og sveitarfélaga til útsvarsálagningar á aðila þá, sem afskriftanna njóta.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 996. Breytingartillögur

við frv. til l. um Ræktunarsjóð Íslands.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen.

1. Við 3. gr. Fyrir „0.5 millj. kr.“ kemur: 1 millj. kr.
2. Við 4. gr. Greinin fellur niður.
3. Við 9. gr. Fyrir „10 millj. kr.“ í 3. málsgr. kemur: 20 millj. kr.

4. Við 12. gr.
   a. Fyrir „5—25 ár“ í fyrri málsgr. kemur: 8—25 ár.
   b. Fyrir „5—12“ í sömu málsgr. kemur: 8—12.
5. Við 13. gr. Töluliður 2 fellur niður.

Nd. 997. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Til byrjunarframkvæmda samkvæmt 1. gr., sem hefjist svo fljótt sem ástæður leyfa, heimilast ríkisstjórninni að taka lán innanlands, fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að 27 millj. króna.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 46 23. febrúar 1945, um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni atvinnumálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma. Frumvarpinu fylgir svo hljóðandi greinargerð:

Með lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur, var ríkisstjórninni heimilað að taka lán að upphæð 10 millj. kr. til byrjunarframkvæmda samkvæmt 1. gr. nefndra laga. Á 63. löggjafarþingi 1944 var lántökuheimild þessi hækkuð upp í 20 millj. kr. Var þá miðað við það, að reist yrði 10 þúsund mála verksmiðja á Siglufirði og 5 þúsund mála verksmiðja í Höfðakaupstað. Á síðastliðnu vori skipaði atvinnumálaráðherra byggingarnefnd til þess að vinna að því, eins og frekast væri unnt, að koma fyrrnefndum verksmiðjum upp fyrir síldarvertíð 1946, þó þannig, að afköst verksmiðju þeirrar, er reist skyldi í Höfðakaupstað, yrði að minnsta kosti 7500 mál á sólarhring. Stærð véla hefur verið ákveðin þannig, að öruggt má telja, að meðalafköst verði ekki minni en að framan greinir og sennilega nokkru meiri.

Framkvæmdir eru nú það vel á veg komnar, að nokkurn veginn má sjá, hver byggingarkostnaðurinn verður. Má ætla, að til þess að unnt verði að ljúka byggingarframkvæmdum bæði í Höfðakaupstað og Siglufirði þurfi að hækka lántökuheimild ríkisstjórnarinnar úr 20 milljónum kr., eins og hún er í núgildandi lögum, upp í 27 milljónir króna.

Nd. 998. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur eigi afgreitt þetta mál á fundi. Þeir Bjarni Ásgeirsson og Jón Sigurðsson þóttust eigi geta beðið þess og gáfu út álit sitt án þess að nefndin hefði afgreitt málið.

Frumvarp þetta fer fram á 100% hækkun á jarðræktarstyrknum þar til vélfært land er orðið minnst 600 hesta land á hverju býli. Þetta frumvarp lá fyrir í fyrra og var þá gerbreytt af okkur undirrituðum og samþykkt þannig í neðri deild Alþingis. Efri deild gat eigi fallizt á það og var því vísað til Nýbyggingarráðs til athugunar og aðgerða.

Afleiðing þessa hefur orðið frumvarp Nýbyggingarráðs „um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum", sem nú er orðið að lögum, og frumvarp um Ræktunarsjóð Íslands, sem við höfum fyrir löngu samþykkt í landbúnaðarnefnd og væntanlega verður að lögum.

Samkvæmt hinum nýju lögum er ákveðið að greiða 60—70 milljónir króna á næstu 10 árum úr ríkissjóði og lána það út með 2% vöxtum og 42 ára afborgun til ræktunar og bygginga í sveitum.

Samkvæmt frumvarpinu um Ræktunarsjóð er ráðgert að leggja fram á næstu 10 árum 10—15 milljónir króna til að lána út til ræktunar og bygginga fyrir landbúnaðinn með 2½% vöxtum og 5—25 ára afborgunarfresti.

Þetta þýðir það, að aldrei síðan land byggðist hafa neinar svipaðar fjárveitingar verið ákveðnar í landbúnað hér á landi. En mennirnir, sem hafa stjórnað landbúnaðarmálum þjóðarinnar nærri 20 ár með þeim afleiðingum, sem kunnar eru, þykjast nú ekki vilja láta sér þetta nægja, heldur heimta til viðbótar 100% hækkun á jarðræktarstyrk. Þó er þess að geta, að jarðræktarlögunum var stórvægilega breytt og jarðræktarstyrkur mjög hækkaður 1942 með góðu samkomulagi allra aðila, en um það bil sem framsóknarmenn voru að hrökklast úr stjórn.

Að öllu þessu athuguðu þykir stjórnarflokkunum ekki ástæða til að taka til greina það yfirboð stjórnarandstöðunnar, sem í þessu frumvarpi felst. Er og því síður ástæða til þess, þar sem forustumenn stjórnarandstöðunnar hafa aldrei þreytzt á því, síðan núverandi ríkisstjórn tók við völdum, að útmála allar hennar ráðstafanir til hagsbóta fyrir atvinnuvegina sem féglæfra og heimskulega bjartsýni.

Við leggjum því til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem búið er að ákveða í tíð núverandi ríkisstjórnar 3 milljón króna styrk til véla- og verkfærakaupa og 60—70 milljónir króna á næstu 10 árum til ræktunar og bygginga í sveitum og þar sem ætla má, að frv. um Ræktunarsjóð Íslands nái fram að ganga, þá getur deildin ekki að svo komnu samþykkt til viðbótar 100% hækkun á jarðræktarstyrk og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. apríl 1946.

Jón Pálmason, form., frsm. Sigurður Guðnason.

Nd. 999. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta gengur út á það að rýmka heimild til atkvæðagreiðslu utan kjörfunda og hefur verið vísað til allsherjarnefndar vegna þess sérstaklega, að fram hefur verið borin breytingartill. við frv., er gengur út á það að heimila atkvæðagreiðslu í sjúkrahúsum, og sé þá yfirlæknir kjörstjóri.

Nefndin hefur rætt og athugað frv. og þessa tillögu sérstaklega og er sammála um það, að æskilegt væri og eðlilegt, að þeir, sem lægju veikir í sjúkrahúsum, en væru þó andlega heilbrigðir, fengju að njóta atkvæðisréttar síns þar, en nefndin er jafnframt sammála um, að ef slíkt væri lögfest, yrði einnig að setja ákvæði um heimild til atkvæðagreiðslu utan kjörfunda þeirra manna almennt, er gætu ekki sökum veikinda sótt kjörfundi, hvort sem þeir væru í sjúkrahúsum eða ekki, svipað og gert var með lögum nr. 50 1923, en slíkum breytingum, sem sérstaklega yrði að vanda til, er hvorki tóm né tækifæri til að ganga frá, og þar sem vitað er, að nú er komið að þingslitum og allar breytingartillögur, sem ekki er fullt samkomulag um, gætu sett málið í hættu, en frv. sjálft er veruleg lagfæring frá gildandi löggjöf, þá vill nefndin ekki, með því að bera fram brtt. við það, eiga á hættu, að málið nái ekki fram að ganga á þessu Alþingi, og mælir því með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarm. (ÞB) skrifar undir nál. þetta með fyrirvara.

Alþingi, 27. apríl 1946.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen.

Jörundur Brynjólfsson. Þórður Benediktsson, með fyrirvara.

Sþ. 1000. Þingsályktun

um ráðstafanir til þess að greiða fyrir þorpsmyndun á Egilsstöðum í Suður-Múlasýslu.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 855.

Sþ. 1001. Þingsályktun

um brúargerð á Hvítá hjá Iðu.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja undirbúning til brúargerðar á Hvítá hjá Iðu í Biskupstungnahreppi. Skal brúin síðan reist eigi síðar en svo, að hún verði fullgerð á árinu 1948.

Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 1002. Þingsályktun

um fjárskipti á svæðinu milli Skjálfandafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 769.

Ed. 1003. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Als, Emil, námsmaður, Reykjavík, fæddur 6. jan. 1928 í Danmörku.
2. Bendtsen, Bendt Dahlbom, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 14. des. 1906 í Danmörku.
3. Björn Malmfred Björnsson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. febr. 1913 í Noregi.
4. Hinz, Hans Joachim Gunnar Theodor Magnús, vélvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 10. maí 1927 á Íslandi.
5. Jóhann Páll Björnsson, laxveiðimaður, Reykjavík, fæddur 29. marz 1878 á Íslandi.
6. Jóhann Stefán Thorarensen, fyrrv. bóndi, Akureyri, fæddur 7. ágúst 1872 á Akureyri.
7. Jörgensen, Bent Bjarno, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 25. ágúst 1927 í Danmörku.
8. Katrín Ólafsdóttir Mixa, frú, Reykjavík, fædd 3. marz 1916 á Íslandi.
9. Syre, Gabriel, verkamaður á Ísafirði, fæddur 16. júlí 1914 á Íslandi.
10. Vestmann, Ingibjörg Einarsdóttir, iðnmær í Reykjavík, fædd 25. des. 1919 í Kanada.

2. gr.

Ef ríkisstjórnin telur nauðsynlegt, er henni heimilt að lengja frest þann, er 4. mgr. 4. gr. l. nr. 64 28. jan. 1935 ræðir um, eða veita aðilum með öllu undanþágu frá skilyrði málsgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1004. Lög

um menntaskóla.

(Afgreidd frá Nd. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 986.

Nd. 1005. Lög

um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

(Afgreidd frá Nd. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 993.

Nd. 1006. Lög

um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 774.

Ed. 1007. Lög

um breyting á lögum nr. 48 23. febr. 1945, um skipakaup ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 7.

Ed. 1008. Lög

um breytingar á lögum nr. 12 9. jan. 1935 og nr. 40 27. júní 1941, um iðnlánasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 676.

Ed. 1009. Nefndarálit

um frv. til l. um atvinnudeild háskólans.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Tveir nefndarmenn (ÁS og JJ) hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins, en meiri hluti nefndarinnar (MJ, HG og EE) féllust á að gera það að tillögu sinni, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að deildin lítur svo á, að mál þetta hafi ekki fengið nægan undirbúning, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram nýja athugun á því og leggi niðurstöðuna fyrir næsta Alþingi, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. apríl 1946.

Magnús Jónsson, form.	Eiríkur Einarsson, fundaskr., frsm.	H. Guðmundsson.

Ed. 1010. Nefndarálit

um frv. til l. um atvinnudeild háskólans.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála háttvirtum meiri hluta nefndarinnar um afgreiðslu málsins og legg til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. apríl 1946.

Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 1011. Lög

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

(Afgreidd frá Ed. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 997.

Ed. 1012. Lög

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 970.

Sþ. 1013. Tillaga til þingsályktunar

um landhelgisgæzlu og björgunarstörf.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að selja varðskipin Njörð, Baldur og Braga eða skipta á þeim og öðrum hentugri skipum, enda sé þá lokið athugun á því, hvaða tegund skipa henti bezt til landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi hér við land. Jafnframt verði fullnægt samningi milli ríkisstjórnarinnar og slysavarnasveita á Vestfjörðum, dags. 1. ágúst 1945, um byggingu eða kaup á skipi, er henti til þeirra starfa. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að leita sams konar samninga við slysavarnasveitir annarra landshluta og að halda áfram tilraunum um notkun flugvéla til landhelgisgæzlu.

Til framangreindra ráðstafana heimilast ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði, ef með þarf, allt að 2 milljónum króna, auk andvirðis varðskipa þeirra, er seld kunna að verða.

Sþ. 1014. Þingsályktun

um ríkisaðstoð til bæjar- og hreppsfélaga til togarakaupa.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán eða lána þeim bæjar- og hreppsfélögum, sem ætla að koma á hjá sér togaraútgerð og hafa þegar sótt um kaup á togurum, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélag fjárhagsstuðnings þessa að áliti ríkisstjórnarinnar. Ábyrgðin eða lánið má nema allt að 10% af kostnaðarverði skipanna og hvíla með öðrum veðrétti á skipunum næst á eftir væntanlegu stofnlánadeildarláni. Ábyrgðirnar eða lánin eru bundin því skilyrði, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppssjóði eða félögum, sem njóta gagnábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga.

Lán þessi mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Samkvæmt þessu er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs eða lána allt að 3 millj. króna.

Sþ. 1015. Þingsályktun

um endurgreiðslu til eigenda hraðfrystihúsa á verðtolli.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að endurgreiða eigendum hraðfrystihúsa $^{2}/_{30}$ af verðtolli þeim, sem þeir hafa greitt frá 1. janúar 1945 og greiða framvegis af cellophane-pappír til fiskumbúða.

Sþ. 1016. Þingsályktun

um fyrirgreiðslu til eigenda svonefndra Svíþjóðarbáta.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess, að svonefndir Svíþjóðarbátar fái haffærisskírteini með undanþágu í samræmi við 20. gr. laga nr. 78 11. júní 1938.

Einnig felur Alþingi ríkisstjórninni að láta rannsaka fyrir næsta Alþingi, hve miklu eigendur nefndra báta hafa kostað til breytinga á þeim eftir kröfum íslenzku skipaskoðunarinnar, og hvort og að hve miklu leyti sanngjarnt er, að ríkissjóður taki þátt í þeim kostnaði.

Sþ. 1017. Þingsályktun

um framkvæmd á lögum nr. 85 1941, um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 711.

Nd. 1018. Breytingartillaga

við frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá Þórði Benediktssyni.

Inn í tillöguna bætast nýir liðir í réttri stafrófsröð:

1. Abraham, Robert Louis Eugen, söngstjóri í Reykjavík, fæddur 17. maí 1912 í Þýzkalandi.
2. Albína María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 7. maí 1887 í Þýzkalandi.
3. Barbara María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 5. marz 1904 í Þýzkalandi.
4. Beckmann, Wilhelm Ernst, myndskeri í Reykjavík, fæddur 5. febr. 1909 í Þýzkalandi.
5. Cyrilla María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 28. ágúst 1880 í Þýzkalandi.
6. Felicia María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 20. júlí 1901 í Þýzkalandi.
7. Friedlaender, Heinz Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.

8. Goldstein, Peter Lothar, námsmaður í Reykjavík, fæddur 7. nóv. 1927 í Þýzkalandi.
9. Göhlsdorf, Elisabeth, tungumálakennari í Reykjavík, fædd 3. ágúst 1890 í Þýzkalandi.
10. Herlufsen, Harry Otto August, rakari á Ísafirði, fæddur 18. ágúst 1913 í Danmörku.
11. Jack, Robert John, settur sóknarprestur í Heydalaprestakalli, fæddur 5. ágúst 1913 í Skotlandi.
12. Jörgensen, Alfred Christian, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 25. apríl 1901 í Danmörku.
13. Lindemann, Albert Volker, forstöðumaður í Varmahlíð í Skagafirði, fæddur 17. ágúst 1899 í Þýzkalandi.
14. Nielsen, Orla Egon, rakari í Reykjavík, fæddur 16. apríl 1912 í Danmörku.
15. Pedersen, Martin Schjönning Kristian, pípulagningarmaður á Raufarhöfn, fæddur 27. júlí 1887 í Noregi.
16. Remberta María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 22. sept. 1877 í Þýzkalandi.
17. Schrader, Harry Wilhelm, kennari í Reykjavík, fæddur 28. febr. 1913 í Þýzkalandi.
18. Sonnenfeld, Kurt Gustav, tannlæknir á Siglufirði, fæddur 3. ágúst 1909 í Þýzkalandi.
19. Xaveria María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 12. júlí 1896 í Þýzkalandi.

Ed. 1019. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abraham, Robert Louis Eugen, söngstjóri í Reykjavík, fæddur 17. maí 1912 í Þýzkalandi.
2. Albína María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 7. maí 1887 í Þýzkalandi.
3. Als, Emil, námsmaður, Reykjavík, fæddur 6. jan. 1928 í Danmörku.
   Heimilt er nýbýlastjórn að veita lántakanda óafturkræft framlag úr sjóðnum,
4. Barbara María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 5. marz 1904 í Þýzkalandi.
5. Beckmann, Wilhelm Ernst, myndskeri í Reykjavík, fæddur 5. febr. 1909 í Þýzkalandi.
6. Bendtsen, Bendt Dahlbom, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 14. des. 1906 í Danmörku.
7. Björn Malmfred Björnsson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. febr. 1913 í Noregi.
8. Cyrilla María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 28. ágúst 1880 í Þýzkalandi.
9. Felicia María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 20. júlí 1901 í Þýzkalandi.
10. Friedlaender, Heinz Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.
11. Goldstein, Peter Lothar, námsmaður í Reykjavík, fæddur 7. nóv. 1927 í Þýzkalandi.
12. Göhlsdorf, Elisabeth, tungumálakennari í Reykjavík, fædd 3. ágúst 1890 í Þýzkalandi.
13. Herlufsen, Harry Otto August, rakari á Ísafirði, fæddur 18. ágúst 1913 í Danmörku.

14. Hinz, Hans Joachim Gunnar Theodór Magnús, vélvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 10. maí 1927 á Íslandi.
15. Jack, Robert John, settur sóknarprestur í Heydalaprestakalli, fæddur 5. ágúst 1913 í Skotlandi.
16. Jóhann Páll Björnsson, laxveiðimaður, Reykjavík, fæddur 29. marz 1878 á Íslandi
17. Jóhann Stefán Thorarensen, fyrrv. bóndi, Akureyri, fæddur 7. ágúst 1872 á Íslandi.
18. Jörgensen, Alfred Christian, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 25. apríl 1901 í Danmörku.
19. Jörgensen, Bent Bjarno, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 15. ágúst 1927 í Danmörku.
20. Katrín Ólafsdóttir Mixa, frú, Reykjavík, fædd 3. marz 1916 á Íslandi.
21. Lindemann, Albert Volker, forstöðumaður í Varmahlíð í Skagafirði, fæddur 17. ágúst 1899 í Þýzkalandi.
22. Nielsen, Orla, Egon, rakari í Reykjavík, fæddur 16. apríl 1912 í Danmörku.
23. Pedersen, Martin Schönning Kristian, pípulagningamaður á Raufarhöfn, fæddur 27. júlí 1887 í Noregi.
24. Remberta María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 22. sept. 1877 í Þýzkalandi.
25. Schrader, Harry Wilhelm, kennari í Reykjavík, fæddur 28. febr. 1913 í Þýzkalandi.
26. Sonnenfeld, Kurt Gustav, tannlæknir á Siglufirði, fæddur 3. ágúst 1909 í Þýzkalandi.
27. Syre, Gabriel, verkamaður á Ísafirði, fæddur 16. júlí 1914 á Íslandi.
28. Vestmann, Ingibjörg Einarsdóttir, iðnmær í Reykjavík, fædd 25. des. 1919 í Kanada.
29. Xaveria María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 12. júlí 1896 í Þýzkalandi.

2. gr.

Ef ríkisstjórnin telur nauðsynlegt, er henni heimilt að lengja frest þann, er 4. mgr. 4. gr. l. nr. 64 28. jan. 1935 ræðir um, eða veita aðilum með öllu undanþágu frá skilyrði málsgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1020. Breytingartillaga

við frv. til. l. um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Orðið „flutningaskip“ falli burt.

Nd. 1021. Lög

um sérstakar fyrningarafskriftir.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 995.

Sþ. **1022. Nefndaskipun.**

(64. löggjafarþing.)

I.

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Pétur Ottesen,
Sigurður Kristjánsson,
Helgi Jónasson,
Þóroddur Guðmundsson,[1])
Guðmundur Í. Guðmundsson, fundaskrifari,
Björn Kristjánsson,[2])
Gísli Jónsson, formaður,[3])
Steingrímur Aðalsteinsson,
Skúli Guðmundsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1946 (16, n. 309).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
2. Till. til þál. um endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá (60, n. 767).
   Frsm.: Helgi Jónasson.
3. Till. til þál. um brúargerð á Skaftá undan Heiði á Síðu (90).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Till. til þál. um fjárframlög úr ríkissjóði til verklegrar kennslu í nokkrum heimavistarskólum (93).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Búðahrepp til aukningar raforkuveitu hreppsins (113).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Eskifjarðarhrepp (116).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Húsavíkurhrepp til að endurnýja rafveitukerfi kauptúnsins (122).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Till. til þál. um fiskirannsóknir og fiskirækt í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu (133, n. 547).
   Frsm.: Steingrímur Aðalsteinsson.
9. Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Gerðahrepp, Miðneshrepp og Grindavíkurhrepp (191).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Till. til þál. um ríkisábyrgð á láni til vatnsveitu Stykkishólms (196, n. 569).
    Frsm.: Gísli Jónsson.

1) Hvarf af þingi 13. nóv., og tók þá sæti hans í nefndinni Lúðvík Jósefsson, en í fjarveru hans frá 12. til 21. des. tók sæti í nefndinni í hans stað Ásmundur Sigurðsson, en þetta sæti flokksins í nefndinni tók eftir þinghlé Þórður Benediktsson.

2) Í fjarveru hans frá 12. til 21. des. tók sæti hans í nefndinni Jörundur Brynjólfsson.

3) Meðan Gísli Jónsson dvaldist erlendis, 10. til 22. okt., gegndi starfi hans í nefndinni Lárus Jóhannesson.

11. Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Akraneskaupstað (199).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir rafveituláni Eyrarsveitar á Snæfellsnesi (225).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Till. til þál. um ríkisábyrgð á láni til vatnsveitu og holræsagerðar í Keflavík (319, n. 594).
    Frsm.: Pétur Ottesen.
14. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir rafveitu Flateyrarhrepps (344).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1942 (382, n. 558).
    Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
16. Till. til þál. um afnotagjald útvarpsnotenda (164, n. 412 (minni hl.), n. 425 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.
    Frsm. meiri hl.: Sigurður Kristjánsson.
17. Till. til þál. um brúargerð á Hvítá hjá Iðu (201, n. 837).
    Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
18. Till. til þál. um flutning hengibrúar (267, n. 880).
    Frsm.: Björn Kristjánsson.
19. Till. til þál. um brúargerð á Skjálfandafljóti (286, n. 836).
    Frsm.: Björn Kristjánsson.
20. Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Eyrarbakkahrepp, Stokkseyrarhrepp og Sandvíkurhrepp (377).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Raufarhafnarhrepp (401).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Akureyrarkaupstað (409, n. 474).
    Frsm.: Steingrímur Aðalsteinsson.
23. Till. til þál. um kaup á skipinu Pétursey handa Sjóminjasafni Íslands (299, n. 906).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
24. Till. til þál. um rafveitu Norðurlands (438, n. 979).
    Frsm.: Gísli Jónsson.
25. Till. til þál. um virkjun Þverár í Steingrímsfirði (446).
    Nefndarálit kom ekki.
26. Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Borgarneshrepp (461).
    Nefndarálit kom ekki.
27. Till. til þál. um fullnaðarrannsóknir á fallvötnum til raforkunota handa íbúum Vestur-Skaftafellssýslu og hluta af Rangárvallasýslu (462).
    Nefndarálit kom ekki.
28. Till. til þál. um virkjun Sogsins o. fl. og orkuveitur um Suðurland og til Vestmannaeyja (464).
    Nefndarálit kom ekki.
29. Till. til þál. um ábyrgð og styrk handa mjólkursamlagi Suður-Þingeyinga (506, n. 663).
    Frsm.: Björn Kristjánsson.
30. Till. til þál. um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum (542, n. 688 (meiri hl.), n. 703 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Pétur Ottesen.
    Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.

Fastanefndir Sþ.: Fjárveitinga-, utanríkismála- og allsherjarnefndir.

31. Till. til þál. um byggingarstyrk til flóabáts fyrir sunnanverðan Breiðafjörð, Hvammsfjörð og Gilsfjörð (576, n. 768).
    Frsm.: Gísli Jónsson.
32. Till. til þál. um byggingu björgunarskútu Vestfjarða (610, n. 707 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Sigurður Kristjánsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
33. Till. til þál. um ríkisaðstoð til bæjar- og hreppsfélaga til togarakaupa (801, n. 960 (meiri hl.), n. 972 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Guðmundur Í. Guðmundsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Gísli Jónsson.
    Nefndarálit kom ekki frá 1. minni hl.
34. Till. til þál. um fjárskipti á svæðinu milli Skjálfandafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði (769, n. 963 (meiri hl.), n. 965 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Björn Kristjánsson.
    Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.
35. Till. til þál. um ráðstöfun til þess að greiða fyrir þorpsmyndun á Egilsstöðum í Suður-Múlasýslu (855, n. 958 (meiri hl.), n. 966 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Skúli Guðmundsson.
    Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.
36. Till. til þál. um endurgreiðslu til eigenda hraðfrystihúsa á verðtolli (890, n. 962).
    Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
37. Till. til þál. um heimild handa ríkisstjórninni til þess að bæta tjón vegna svínapestar (738).
    Nefndarálit kom ekki.
38. Till. til þál. um lendingarbætur og vegagerð vegna Hvalfjarðarferju (860).
    Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Till. til þál. um ábyrgð á láni fyrir Slysavarnafélag Íslands (496).
    Frsm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.
2. Till. til þál. um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir landssmiðjuna (907).
    Frsm.: Gísli Jónsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Till. til þál. um landhelgisgæzlu og björgunarstörf (656).
Frsm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.

2. Utanríkismálanefnd:

Bjarni Benediktsson,
Einar Olgeirsson, varaformaður,
Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskrifari,
Magnús Jónsson, formaður,
Jóhann Jósefsson,
Bjarni Ásgeirsson,
Hermann Jónasson.

Varamenn:

Garðar Þorsteinsson,
Sigfús Sigurhjartarson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Ólafur Thors,
Pétur Magnússon,
Eysteinn Jónsson,
Páll Zóphóníasson.

Til hennar vísað:

Till. til þál. um landvistarleyfi nokkurra útlendinga (281, n. 351 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.

3. Allsherjarnefnd:

Jóhann Jósefsson, formaður,
Sigurður Thoroddsen,
Barði Guðmundsson,
Ingólfur Jónsson,

Jón Sigurðsson,
Páll Zóphóníasson,
Sigurður Þórðarson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um vélar til raforkuvinnslu á sveitaheimilum (78, n. 457).
   Frsm.: Sigurður Thoroddsen.
2. Till. til þál. um kosningu milliþinganefndar til þess að rannsaka áhrif húsaleigulaganna og endurskoða þau (83, n. 330).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
3. Till. til þál. um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins (55, n. 367).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
4. Till. til þál. um hlutfallslega lækkun á kaupi, launum og íslenzkum afurðum á innlendum markaði (101, n. 805 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Páll Zóphóníasson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
5. Till. til þál. um athugun á því, hvernig bátaflota landsmanna verði tryggð aðstaða til viðlegu um vertíðir og vermönnum viðunandi aðbúnaður (198, n. 445).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
6. Till. til þál. um byggingarstað handa bændaskóla Suðurlands (53).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Till. til þál. um samgöngubætur í Barðastrandarsýslu (394, n. 596 (meiri hl.), n. 603 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
   Frsm. minni hl.: Páll Zóphóníasson.
8. Till. til þál. um rannsókn hveraorku á Reykhólum (395, n. 510).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
9. Till. til þál. um undirbúning löggjafar um veiting héraðsdómaraembætta (121, n. 745).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
10. Till. til þál. um endurskoðun á löggjöf um sölu lyfja (485, n. 636).
    Frsm.: Páll Zóphóníasson.
11. Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til endurskoðunar útsvarslaganna (480).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Till. til þál. um rannsókn hveraorku á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp (531, n. 637).
    Frsm.: Sigurður Thoroddsen.

4. Kjörbréfanefnd:

Sigurður Guðnason, fundaskrifari,
Ásgeir Ásgeirsson,
Hermann Jónasson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Lárus Jóhannesson, formaður.

Nefndin rannsakaði kjörbréf 2. varaþm. Reykv., Katrínar Thoroddsen, 7. landsk. varaþm., Gunnars Benediktssonar, og 1. varaþm. Skagf., Steingríms Steinþórssonar, og lét uppi um þau munnleg álit.

Fastanefndir Sþ.: Þingfararkaupsnefnd. — *Ed.:* Fjárhagsnefnd.

5. Þingfararkaupsnefnd:
Sigurður Kristjánsson, formaður,
Þóroddur Guðmundsson,[1])
Ásgeir Ásgeirsson,
Sigurður E. Hlíðar,
Páll Zóphóníasson, fundaskrifari.

B.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:
Magnús Jónsson, formaður,
Lárus Jóhannesson,[2])
Kristinn Andrésson,[3])
Haraldur Guðmundsson,
Bernharð Stefánsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna (4, n. 167 (meiri hl.), n. 187 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Haraldur Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Bernharð Stefánsson.
2. Frv. til l. um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu (9, n. 379 (meiri hl.), n. 428 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Bernharð Stefánsson.
3. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1946 með viðauka (143, n. 169).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
4. Frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1946 (144, n. 170).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
5. Frv. til l. um togarakaup ríkisins (6, n. 288 (meiri hl.), n. 297 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Bernharð Stefánsson.
6. Frv. til l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð (237, n. 248 (meiri hl.), n. 249 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Haraldur Guðmundsson.
7. Frv. til l. um skipulagssjóði (250, n. 775).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 28. nóv. 1919, um breyt. á 1. gr. l. um vitagjald frá 11. júlí 1911 (257, n. 620).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (1, n. 619).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
10. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til símaframkvæmda (431, n. 621).
    Frsm.: Haraldur Guðmundsson.
11. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1942 (499, n. 622).
    Frsm.: Magnús Jónsson.

---

1) Þórður Benediktsson tók sæti hans í nefndinni frá 1. febr.
2) Þorsteinn Þorsteinsson tók sæti hans í nefndinni frá 26. okt.
3) Ásmundur Sigurðsson tók sæti hans í nefndinni frá 5. marz.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

12. Frv. til l. um tunnusmíði (487, n. 777).
Frsm.: Ásmundur Sigurðsson.
13. Frv. til l. um byggingu gistihúss í Reykjavík (585, n. 781).
Frsm.: Magnús Jónsson.
14. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. (685, n. 788).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
15. Frv. til l. um nýbyggingar í Höfðakaupstað (436, n. 851).
Frsm.: Magnús Jónsson.
16. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 23. febr. 1945, um skipakaup ríkisins (7, n. 967).
Frsm.: Ásmundur Sigurðsson.
17. Frv. til l. um sérstakar fyrningarafskriftir (933, n. 964 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 27. júní 1921, um lestagjald af skipum (64).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 16. jan. 1943, um innflutning og gjaldeyrismeðferð (97).
Frsm.: Magnús Jónsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland (129).
Frsm.: Magnús Jónsson.
4. Frv. til l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð (237).
Frsm.: Magnús Jónsson.
5. Frv. til l. um fyrningarsjóð ríkisins (533).
Frsm.: Magnús Jónsson.
6. Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. (774).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*
Eiríkur Einarsson, formaður,
Steingrímur Aðalsteinsson,
Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um kaup á nýjum strandferðaskipum (94, n. 124).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (103).
Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (104).
Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði (22, n. 204).
Frsm.: Eiríkur Einarsson.
5. Frv. til l. um Austurveg (329, n. 481).
Frsm.: Eiríkur Einarsson.

Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 270 (frsm.: Gísli Sveinsson).

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðarnefnd.

3. Landbúnaðarnefnd:
Þorsteinn Þorsteinsson, formaður,
Eiríkur Einarsson,
Haraldur Guðmundsson,
Kristinn Andrésson, fundaskrifari,[1])
Páll Hermannsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942 (10, n. 56 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Þorsteinn Þorsteinsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð (23, n. 155 (meiri hl.), n. 160 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Eiríkur Einarsson.
   Frsm. minni hl.: Haraldur Guðmundsson.
3. Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942 (33, n. 242 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Páll Hermannsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
4. Frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933 (142, n. 244).
   Frsm.: Eiríkur Einarsson.
5. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búðahreppi landspildu úr Kjappeyrarlandi (112, n. 254).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
6. Frv. til l. um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum (195, n. 291).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat (153, n. 294).
   Frsm.: Haraldur Guðmundsson.
8. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Innri-Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða (209, n. 293).
   Frsm.: Kristinn Andrésson.
9. Frv. til l. um eyðingu svartbaks (224, n. 287).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
10. Frv. til l. um sölu þjóðjarða og kirkjujarða (252, n. 341 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Páll Hermannsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
11. Frv. til l. um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir (189, n. 318).
    Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
12. Frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl. (156, n. 511 (meiri hl.), n. 520 (minni hl.), n. 523 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Eiríkur Einarsson.
    Frsm. minni hl.: Þorsteinn Þorsteinsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Páll Hermannsson.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 27. júní 1941, um landnám ríkisins (307, n. 404).
    Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
14. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði (400, n. 477).
    Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
15. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs (441, n. 615 (minni hl.), n. 645 (2. minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Eiríkur Einarsson.

---

1) Ásmundur Sigurðsson tók sæti hans í nefndinni frá 5. marz.

Frsm. 2. minni hl.: Þorsteinn Þorsteinsson.
Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.

16. Frv. til l. um ræktun lax og silungs í Austfirðingafjórðungi o. fl. (552, n. 881).
Frsm.: Páll Hermannsson.
17. Frv. til l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum (673, n. 763).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
18. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (522, n. 779).
Frsm.: Páll Hermannsson.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og l. nr. 94 14. maí 1940, um breyt. á þeim l. (624).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:
Gísli Jónsson, formaður,
Eiríkur Einarsson,
Steingrímur Aðalsteinsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson, fundaskrifari,
Ingvar Pálmason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um lendingarbætur í Tálknafirði innan Sveinseyrar (11).
Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur (21, n. 193).
Frsm.: Gísli Jónsson.
3. Frv. til hafnarlaga fyrir Seyðisfjarðarkaupstað (36).
Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (210, n. 340).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
5. Frv. til l. um aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1945 (228, n. 338).
Frsm.: Steingrímur Aðalsteinsson.
6. Frv. til l. um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum (264, n. 556).
Frsm.: Gísli Jónsson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (265, n. 782).
Frsm.: Steingrímur Aðalsteinsson.
8. Frv. til l. um lántökuheimild til handa síldarverksmiðjum ríkisins (392, n. 559).
Frsm.: Steingrímur Aðalsteinsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (644, n. 783 (meiri hl.), n. 854 (minni hl.).
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.
10. Frv. til l. um beitumál (600, n. 847 (meiri hl.), n. 848 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Steingrímur Aðalsteinsson.
Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.
11. Frv. til l. um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins (684, n. 894).
Frsm.: Steingrímur Aðalsteinsson.
12. Frv. til l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands (787, n. 843 (meiri hl.), n. 845 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Guðmundur Í. Guðmundsson.
Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegs-, iðnaðar- og heilbrigðis- og félagsmálanefndir.

13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands, og l. nr. 107 30. des. 1943 (733, n. 844).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
14. Frv. til l. um eftirlit með skipum (932 (sbr. 869)).
    Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur (21).
   Frsm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.
2. Frv. til l. um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl. (208, n. 439).
   Frsm.: Gísli Jónsson.

5. Iðnaðarnefnd:

Gísli Jónsson, formaður,
Guðmundur Í. Guðmundsson,
Páll Hermannsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um iðnskóla í sveitum (178, n. 557 (meiri hl.), n. 599 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Páll Hermannsson.
2. Frv. til raforkulaga (313, n. 456).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
3. Frv. til l. um iðnfræðslu (275, n. 697).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
4. Frv. til l. um virkjun Sogsins (604, n. 686).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 9. jan. 1935 og nr. 40 27. júní 1941, um iðnlánasjóð (676, n. 984).
   Frsm.: Gísli Jónsson.

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:

Lárus Jóhannesson, fundaskrifari,
Bjarni Benediktsson,
Kristinn Andrésson,[1])
Haraldur Guðmundsson, formaður,
Hermann Jónasson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um byggingarlánasjóð (71).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um vernd barna og ungmenna (63).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum (183, n. 669).
   Frsm.: Haraldur Guðmundsson.
4. Frv. til l. um almannatryggingar (310, n. 794 (meiri hl.), n. 795 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Haraldur Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Hermann Jónasson.
5. Frv. til l. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag (671, n. 873).
   Frsm.: Haraldur Guðmundsson.
6. Frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933 (904).
   Nefndarálit kom ekki.

1) Ásmundur Sigurðsson tók sæti hans í nefndinni frá 5. marz.

Fastanefndir Ed.: Heilbrigðis- og félagsmála- og allsherjarnefndir.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum (183).
   Frsm. var ekki kosinn.
2. Frv. til l. um almannatryggingar (310).
   Frsm.: Haraldur Guðmundsson.

7. *Menntamálanefnd:*
   Eiríkur Einarsson, fundaskrifari,
   Magnús Jónsson,
   Kristinn Andrésson, formaður,[1])
   Haraldur Guðmundsson,
   Jónas Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 27. júní 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum (17, n. 202).
   Frsm.: Eiríkur Einarsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum (24, n. 206).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
3. Frv. til l. um vinnuskóla á Reykhólum (134, n. 459 (minni hl.), n. 529 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
4. Frv. til l. um tónmenntadeild Laugaskóla (141).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu (289, n. 426 (meiri hl.), n. 437 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Kristinn Andrésson.
   Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
6. Frv. til l. um fræðslu barna (432, n. 630 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ásmundur Sigurðsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
7. Frv. til l. um æfinga- og tilraunaskóla (173).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um gagnfræðanám (450 (sbr. 434), n. 857).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
9. Frv. til l. um húsmæðrafræðslu (561, n. 858).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
10. Frv. til l. um dósentsembætti í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu í heimspekideild Háskóla Íslands (553, n. 664).
    Frsm.: Magnús Jónsson.
11. Frv. til l. um menntaskóla (618, n. 887).
    Frsm.: Ásmundur Sigurðsson.
12. Frv. til l. um atvinnudeild háskólans (863, n. 1009 (meiri hl.), n. 1010 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Eiríkur Einarsson.
    Frsm. minni hl.: Ásmundur Sigurðsson.

---

1) Ásmundur Sigurðsson tók sæti hans í nefndinni frá 5. marz, jafnframt gegndi Magnús Jónsson formannsstörfum frá sama degi.

8. Allsherjarnefnd:
Lárus Jóhannesson,
Bjarni Benediktsson, formaður,
Steingrímur Aðalsteinsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson,
Bernharð Stefánsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði (2, n. 574).
   Frsm.: Steingrímur Aðalsteinsson.
2. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f (3, n. 575).
   Frsm.: Steingrímur Aðalsteinsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði (61).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga (62, n. 276).
   Frsm.: Bjarni Benediktsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu (84, n. 138).
   Frsm.: Bjarni Benediktsson.
6. Frv. til l. um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín (50, n. 137).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
7. Frv. til l. um æskulýðshöll í Reykjavík (102, n. 139).
   Frsm.: Bjarni Benediktsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör (135, n. 284).
   Frsm.: Steingrímur Aðalsteinsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 26. febr. 1943, um orlof (136).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar (180, n. 278).
    Frsm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.
11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins, og á l. nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (159).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og l. nr. 114 30. des. 1943, um breyt. á þeim l. (200, n. 479).
    Frsm.: Bjarni Benediktsson.
13. Frv. til l. um lögreglustjóra á Dalvík (261, n. 429).
    Frsm.: Bjarni Benediktsson.
14. Frv. til l. um embættisbústaði héraðsdómara (280, n. 567).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
15. Frv. til l. um girðingar kringum hverí og laugar (424, n. 430).
    Frsm.: Steingrímur Aðalsteinsson.
16. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi (444, n. 566).
    Frsm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.
17. Frv. til l. um lögreglustjóra í Búðahreppi í Fáskrúðsfirði og á Dalvík (554, n. 646).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd. — *Nd.:* Fjárhagsnefnd.

18. Frv. til l. um þjóðargrafreit á Þingvöllum (640).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 1. febr. 1936, um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar (443, n. 813).
    Frsm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.
20. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (903, n. 944).
    Frsm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði (61).
   Frsm.: Bjarni Benediktsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga (62).
   Frsm.: Bjarni Benediktsson.

C.

Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Hallgrímur Benediktsson,
Katrín Thoroddsen,[1])
Ásgeir Ásgeirsson, formaður,[2])
Ingólfur Jónsson, fundaskrifari,
Skúli Guðmundsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 23. febr. 1945, um skipakaup ríkisins (7, n. 833 (meiri hl.), n. 868 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Einar Olgeirsson.
   Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
2. Frv. til l. um togarakaup ríkisins (6, n. 57 (meiri hl.), n. 70 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
   Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (1, n. 332).
   Frsm.: Ingólfur Jónsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (39).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 27. júní 1921, um lestagjald af skipum (64, n. 236).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland (129, n. 243).
   Frsm.: Hallgrímur Benediktsson.
7. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1946 með viðauka (143, n. 239).
   Frsm.: Ingólfur Jónsson.

---

1) Katrín Thoroddsen, 2. (vara)þm. Reykv., kosin í nefndina í fjarveru Einars Olgeirssonar, 2. þm. Reykv., frá 1. okt. til 16. nóv. 1945.

2) Meðan Ásgeir Ásgeirsson dvaldi erlendis, 19. marz til 16. apríl, gegndi starfi hans í nefndinni Stefán Jóh. Stefánsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhagsnefnd.

8. Frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1946 (144, n. 333 (meiri hl.), n. 346 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingólfur Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
9. Frv. til l. um tunnusmíði (217, n. 334 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 1940, um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (272).
   Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1946 (337).
   Nefndarálit kom ekki, en málið var þó afgreitt frá deildinni.
12. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1942 (383, n. 478).
   Frsm.: Skúli Guðmundsson.
13. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna (343, n. 584 (meiri hl.), n. 591 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingólfur Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
14. Frv. til l. um nýbyggingar í Höfðakaupstað (436, n. 689).
   Frsm.: Einar Olgeirsson.
15. Frv. til l. um byggingu gistihúss í Reykjavík (838).
   Nefndarálit kom ekki, en málið var þó afgreitt frá deildinni.
16. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins (514).
   Nefndarálit kom ekki, en málið var þó afgreitt frá deildinni.
17. Frv. til l. um orlofsheimili verklýðsfélaga (578).
   Nefndarálit kom ekki.
18. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. (589).
   Nefndarálit kom ekki.
19. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði (579).
   Nefndarálit kom ekki.
20. Frv. til l. um fyrningarsjóð ríkisins (533).
   Nefndarálit kom ekki.
21. Frv. til l. um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu (687, n. 834 (meiri hl.), n. 841 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingólfur Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
22. Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. (774, n. 956).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
23. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa (727).
   Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 28. nóv. 1919, um breyt. á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 (257).
   Frsm.: Skúli Guðmundsson.
2. Frv. til l. um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni (365).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

Fastanefndir Nd.: **Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.**

3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (378).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
4. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til símaframkvæmda (431).
   Frsm. var ekki kosinn.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (560).
   Frsm. var ekki kosinn.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur (997).
   Frsm. var ekki kosinn.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð (347).
   Frsm.: Einar Olgeirsson.
2. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins (514).
   Frsm. var ekki kosinn.

2. Samgöngumálanefnd:

Gísli Sveinsson, formaður,
Lúðvík Jósefsson, fundaskrifari,
Ásgeir Ásgeirsson,
Sigurður Bjarnason,
Sveinbjörn Högnason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði (22, n. 111).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 126 30. des. 1943, um viðauka við og breyt. á l. nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl. (44, n. 719).
   Frsm.: Lúðvík Jósefsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (75, n. 515).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (85, n. 516).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.
5. Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (218).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um Austurveg (571, n. 712).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um kaup á nýjum strandferðaskipum (94).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.

Um samvinnu við samgöngumálanefnd Ed. sjá bls. ....

3. Landbúnaðarnefnd:

Jón Sigurðsson,
Sigurður Guðnason,
Barði Guðmundsson,
Jón Pálmason, formaður,
Bjarni Ásgeirsson, fundaskrifari.

Fastanefndir Nd.: Landbúnaðarnefnd.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl. (5, n. 68 (minni hl.), n. 88 (2. minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
   Frsm. 2. minni hl.: Bjarni Ásgeirsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
2. Frv. til l. um viðauka við bráðabirgðalög frá 20. ágúst 1945, um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl. (8).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfa jörðina Þjóðólfshaga í Holtahreppi og jörðina Kotvöll í Hvolhreppi (18).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs (32, n. 207 (minni hl.), n. 323 (2. minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
   Frsm. 2. minni hl.: Jón Sigurðsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
5. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búðahreppi landspildu úr Kjappeyrarlandi (35, n. 95).
   Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
6. Frv. til l. um afnám nokkurra lagaákvæða varðandi söluverð fasteigna í sveitum (40).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um framleiðsluráð landbúnaðarins og verðskráning og verðmiðlun á landbúnaðarvörum (43, n. 759 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Sigurðsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
8. Frv. til l. um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum (46, n. 161).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 3. maí 1935, um Ræktunarsjóð Íslands (65).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til l. um breyt. á l. um byggingar- og landnámssjóð, nr. 108 9. okt. 1941, og l. nr. 41 30. júní 1942, um breyt. á þeim l. (73).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til l. um sölu þjóðjarða og kirkjujarða (74, n. 166).
    Frsm.: Jón Sigurðsson.
12. Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júní 1942 (127, n. 192).
    Frsm.: Jón Pálmason.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði (176).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð (263, n. 405 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jón Pálmason.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
15. Frv. til l. um eyðingu svartbaks (224, n. 484).
    Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
16. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði (400, n. 422).
    Frsm.: Jón Sigurðsson.
17. Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942 (33, n. 756 (minni hl.), n. 998 (2. minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Bjarni Ásgeirsson.

Frsm. 2. minni hl.: Jón Pálmason.
Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933 (76).
   Frsm.: Jón Pálmason.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat (153).
   Frsm.: Jón Pálmason.
3. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Innri-Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða (157).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
4. Frv. til l. um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir (189).
   Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 27. júní 1941, um landnám ríkisins (307).
   Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
6. Frv. til l. um Ræktunarsjóð Íslands (451. Nefndin skilaði áliti um málið, á þskj. 723).
   Frsm.: Jón Pálmason.
7. Frv. til l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum (463. Nefndin skilaði áliti um málið, á þskj. 564).
   Frsm.: Jón Pálmason.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (475).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*
   Sigurður Kristjánsson, formaður,
   Lúðvík Jósefsson, fundaskrifari,[1])
   Ásgeir Ásgeirsson,[2])
   Jóhann Jósefsson,
   Eysteinn Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um Fiskimálasjóð, markaðsleit sjávarafurða, útflutning á fiski o. fl. (12, n. 235 (minni hl.), n. 410 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Eysteinn Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Lúðvík Jósefsson.
2. Frv. til l. um að fela stjórn Fiskifélags Íslands störf fiskimálanefndar (15, n. 411 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Lúðvík Jósefsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
3. Frv. til l. um bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiðum í Faxaflóa (13, n. 364).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
4. Frv. til l. um lendingarbætur í Höfn í Bakkafirði (25).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um lendingarbætur á Arnarstapa (26).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 1935, um hafnargerð á Hornafirði (27).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um landshöfn í Þórshöfn (49).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Í fjarveru Lúðviks Jósefssonar, 12. til 21. des., tók Einar Olgeirsson sæti hans í nefndinni.
2) Meðan Ásgeir Ásgeirsson dvaldi erlendis, 19. marz til 16. apríl, tók Finnur Jónsson sæti hans í nefndinni.

Fastanefndir Nd.: Sjávarútvegsnefnd.

8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (66, n. 163).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
9. Frv. til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar (67).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði (162, n. 828).
    Frsm.: Lúðvík Jósefsson.
11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (182, n. 601).
    Frsm.: Jóhann Jósefsson.
12. Frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur (342, n. 551).
    Frsm.: Lúðvík Jósefsson.
13. Frv. til l. um eftirlit með skipum (418, n. 737).
    Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
14. Frv. til l. um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl. (493 (sbr. 468)).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi (660).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til l. um mótorvélar í fiskiskip og varahlutabirgðir (677).
    Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi (37).
   Frsm.: Eysteinn Jónsson.
2. Frv. til l. um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum (264).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (265).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
4. Frv. til l. um fiskveiðasjóð Íslands (315).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
   Nefndin skilaði álitum um málið, á þskj. 623 (meiri hl.) og 625 (minni hl.).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
   Frsm. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
5. Frv. til l. um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins (389).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
   Nefndin skilaði áliti um málið, á þskj. 469.
   Frsm.: Lúðvík Jósefsson.
6. Frv. til l. um lántökuheimild til handa síldarverksmiðjum ríkisins (392).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
7. Frv. til l. um beitumál (600).
   Frsm.: Lúðvík Jósefsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands, og l. nr. 107 30. des. 1943 (733).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
9. Frv. til l. um sérstakar fyrningarafskriftir (850).
   Frsm. var ekki kosinn.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

1. Frv. til l. um aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1945 (105).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.

Fastanefndir Nd.: Sjávarútvegs-, iðnaðar-, heilbrigðis- og félagsmála- og menntamálanefndir.

2. Frv. til l. um breyt. á l. um nýbyggingarráð, nr. 62 27. nóv. 1944 (314).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.

5. Iðnaðarnefnd:
Sigurður E. Hlíðar, formaður,
Sigurður Thoroddsen, fundaskrifari,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Jóhann Jósefsson,[1])
Sigurður Þórðarson.

Til hennar vísað:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 9. jan. 1935 og nr. 40 27. júní 1941, um iðnlánasjóð (676, n. 741).
Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.

Nefndin flutti:
1. Frv. til l. um iðnfræðslu (275).
Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
2. Frv. til l. um virkjun Sogsins (350).
Frsm.: Sigurður Thoroddsen.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:
Frv. til raforkulaga (72).
Frsm.: Sigurður Thoroddsen.

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Sigurður E. Hlíðar, formaður,
Sigurður Thoroddsen, fundaskrifari,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Garðar Þorsteinsson,
Páll Zóphóníasson.

Til hennar vísað:
1. Frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum (766, n. 821 (meiri hl.), n. 822 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Stefán Jóh. Stefánsson.
Frsm. minni hl.: Páll Zóphóníasson.
2. Frv. til l. um almannatryggingar (886 (sbr. 820), n. 935).
Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.

Nefndin flutti:
1. Frv. til l. um vernd barna og ungmenna (63).
Frsm.: Sigurður Thoroddsen.
2. Frv. til l. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag (317).
Frsm.: Páll Zóphóníasson.
3. Frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933 (655).
Frsm.: Páll Zóphóníasson.

7. Menntamálanefnd:
Gunnar Thoroddsen, fundaskrifari,
Sigfús Sigurhjartarson, formaður,
Barði Guðmundsson,
Sigurður Bjarnason,
Páll Þorsteinsson.

Til hennar vísað:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 27. júní 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum (17).
Nefndarálit kom ekki.

1) Ingólfur Jónsson tók sæti hans í nefndinni 30. nóv.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um æfinga- og tilraunaskóla (173).
   Frsm.: Sigfús Sigurhjartarson.
   Nefndin skilaði áliti um málið, á þskj. 406.
   Frsm.: Páll Þorsteinsson.
2. Frv. til l. um menntun kennara (174).
   Frsm.: Sigfús Sigurhjartarson.
3. Frv. til l. um húsmæðrafræðslu (190).
   Frsm.: Sigfús Sigurhjartarson.
   Nefndin skilaði áliti um málið, á þskj. 482.
   Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
4. Frv. til l. um atvinnudeild háskólans (282, n. 771).
   Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
5. Frv. til l. um dósentsembætti í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu í heimspekideild Háskóla Íslands (553).
   Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld (760).
   Frsm. var ekki kosinn.
7. Frv. til l. um skipulag og hýsingu prestssetra (761).
   Frsm. var ekki kosinn.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla (762).
   Frsm. var ekki kosinn.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

1. Frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu (28).
   Frsm.: Sigfús Sigurhjartarson.
   Nefndin skilaði áliti um málið, á þskj. 223.
   Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
2. Frv. til l. um fræðslu barna (29).
   Frsm.: Sigfús Sigurhjartarson.
   Nefndin skilaði áliti um málið, á þskj. 320.
   Frsm.: Páll Þorsteinsson.
3. Frv. til l. um gagnfræðanám (30, n. 413).
   Frsm.: Sigfús Sigurhjartarson.
4. Frv. til l. um menntaskóla (31).
   Frsm.: Sigfús Sigurhjartarson.
   Nefndin skilaði áliti um málið, á þskj. 581.
   Frsm.: Gunnar Thoroddsen.

8. Allsherjarnefnd:

Þóroddur Guðmundsson,[1])
Garðar Þorsteinsson, formaður,
Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskrifari,
Gunnar Thoroddsen,
Jörundur Brynjólfsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um girðingar kringum hveri og laugar (41, n. 327).
   Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
2. Frv. til l. um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín (50, n. 77).
   Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1) Hvarf af þingi 13. nóv., og tók þá sæti hans í nefndinni Ásmundur Sigurðsson til 21. des., en þetta sæti flokksins í nefndinni tók eftir þinghlé Þórður Benediktsson.

Fastanefndir Nd.: Allsherjarnefnd.

3. Frv. til l. um embættisbústaði héraðsdómara (120, n. 241).
   Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu (84, n. 238).
   Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
5. Frv. til l. um æskulýðshöll í Reykjavík (102).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um mjólkurflutninga (126).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga (312, n. 472).
   Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
8. Frv. til l. um byggingu gistihúss í Reykjavík (417, n. 501).
   Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
9. Frv. til l. um byggingareftirlit ríkisins (421).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 1. febr. 1936, um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar (443, n. 657).
    Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
11. Frv. til l. um endurreisn hinna fornu biskupsstóla að Skálholti og Hólum í Hjaltadal (452, n. 804).
    Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
12. Frv. til l. um lögreglustjóra í Búðahreppi í Fáskrúðsfirði (466, n. 525).
    Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu (486, n. 730 (minni hl.), n. 751 (2. minni hl.), n. 778 (3. minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Garðar Þorsteinsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Þórður Benediktsson.
    Frsm. 3. minni hl.: Jörundur Brynjólfsson.
14. Frv. til l. um ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum (507).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Frv. til l. um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði (2, n. 752).
    Frsm.: Þórður Benediktsson.
16. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f (3, n. 753).
    Frsm.: Þórður Benediktsson.
17. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis (970, n. 999).
    Frsm.: Garðar Þorsteinsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (58).
   Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar (79).
   Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.

Fastanefnd Nd.: Allsherjarnefnd.

3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, og á l. nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (159).
   Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi (444).
   Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1946 (361).
Frsm.: Garðar Þorsteinsson.

Sþ. **1023. Erindaskrá.**

— *Raðað eftir stafrófsröð.* —

Abraham, Robert Louis Eugen, sjá Ríkisborgararéttur.
Aðalsteinn Pálsson, sjá Botnvörpuveiðar.
Aðflutningsgjöld af skipum.
1. Fiskifélag Íslands gerir grein fyrir upphæð innflutningstolla af skipum og efni til skipabygginga. — Bréf 16. febr. (Db. 565).
2. Fiskiþingið skorar á Alþingi og ríkisstjórn að fella niður aðflutningsgjöld af skipum og efni til skipabygginga. — Bréf 14. des. (Db. 709).

Aðstandendur Kristjáns Helgasonar, sjá Minning Kristjáns Helgasonar.
Aðstoðarlán til síldarútgerðarmanna. Atvmrn. sendir álit og till. nefndar, er það skipaði í ágústmán. þ. á., til þess að gera tillögur um hjálp útgerðinni til handa vegna aflabrests o. fl. — Bréf 24. okt. (Db. 117).
Afkoma bankanna, sjá Nýbyggingarráð 2.
Aflabrestur, sjá Aðstoðarlán til síldarútgerðarmanna.
Afnám húsaleigulaganna, sjá Húsaleigulögin 1—2.
Afnotagjald útvarpsnotenda.
1. Eiríkur Guðjónsson mótmælir nokkrum atriðum í bréfi útvarpsstjóra, sem lesið var í útvarpið 22. þ. m., um afnotagjald útvarpsnotenda. — Bréf 23. nóv. (Db. 400).
2. 41 útvarpsnotandi í Dalasýslu skorar á Alþingi að samþykkja till. Þorsteins Þorsteinssonar, þm. Dal., Jóns Sigurðssonar, 2. þm. Skagf., og Sigurðar Þórðarsonar, 1. þm. Skagf., um lægra afnotagjald af rafhlöðutækjum en straumtækjum. — Bréflaust. (Db. 580).
3. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf., sendir mótmæli útvarpshlustenda í Sléttuhreppi í N.-Ísafjarðarsýslu gegn hækkun afnotagjalds af útvarpi. Bréf 27. apríl. (Db. 690).
4. Útvarpsstjórinn gerir nokkrar athugasemdir við till. til þál. um afnotagjald útvarpsnotenda. — Bréf 21. nóv. (Db. 315).

Afsal þingmennsku, sjá Gísli Guðmundsson.
Albína, María, sjá Ríkisborgararéttur.
Almannatryggingar.
1. Kvenréttindafélag Íslands mótmælir því, að felldir hafa verið niður úr frv. til l. um almannatryggingar styrkir til ekkna, sem hafa fyrir börnum á ómagaaldri að sjá, svo og heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að veita einstæðum mæðrum og fráskildum konum samskonar styrk til uppeldis barna þeirra. — Bréf 16. apríl. (Db. 683).
2. Kvenréttindafélag Íslands sendir mótmæli 20 þekktra kvenna gegn því, að felldir hafa verið niður úr frv. til l. um almannatryggingar styrkir til ekkna, sem hafa fyrir börnum á ómagaaldri að sjá, svo og heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að veita einstæðum mæðrum og fráskildum konum samskonar styrk til uppeldis barna þeirra. — Bréf 17. apríl. (Db. 684).
3. Læknafélag Reykjavíkur segist bráðlega munu senda umsögn um frv. til l. um almannatryggingar. — Bréf 15. jan. (Db. 534).
4. Mæðrafélagið í Reykjavík mótmælir því, að felldir hafa verið niður úr frv. til l. um almannatryggingar styrkir til ekkna, sem hafa fyrir börnum á ómagaaldri að sjá, svo og heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að veita einstæðum mæðrum og fráskildum konum samskonar styrk til uppeldis barna þeirra. — Bréf 18. apríl. (Db. 686).

5. Mæðrafélagið skorar á Alþingi að samþykkja nokkrar breytingar á frv. til l. um almannatryggingar, m. a. þessar: 1) að hækka ellilífeyri um 25%, 2) að þeir, sem ekki hafa nema 50% starfsorku, skuli eiga rétt til fullra örorkubóta, á meðan ekki eru fyrir hendi öryrkjavinnustofur eða önnur skilyrði til nýtingar orku öryrkjanna, 3) að hækka barnalífeyri um 25%, 4) að hækka ekkjubætur um 100%. — Bréf ódags. (Db. 675).
6. Mæðrastyrksnefndin í Reykjavík mótmælir því, að styrkir til ekkna, sem hafa fyrir börnum á ómagaaldri að sjá, verði felldir niður úr frv. til l. um almannatryggingar eða réttindi mæðranna skert á annan hátt. — Bréf 16. apríl. (Db. 685).
7. Umsögn hreppsnefndar Fellsstrandarhrepps um frv. til l. um almannatryggingar. — Bréf 17. febr. (Db. 715).
8. Umsögn landssambands ísl. útvegsmanna um frv. til l. um almannatryggingar. — Bréf 5. marz. (Db. 621).
9. Umsögn Læknafélags Reykjavíkur um frv. til l. um almannatryggingar. — Bréf 24. jan. (Db. 538).
10. Umsögn sambands ísl. sveitarfélaga um frv. til l. um almannatryggingar. — Bréf 27. marz. (Db. 662).
11. Umsögn Vinnuveitendafélags Íslands um frv. til l. um almannatryggingar. — Bréf 26. febr. (Db. 595).

Als, Emil, sjá Ríkisborgararéttur.
Alþingiskjósendur á Langanesi, sjá Sameining Selfossbyggðar 4.
Alþingiskjósendur á Rauðasandi, sjá Vegamál 19.
Alþingiskjósendur í Gerðahreppi, sjá Bann gegn dragnótaveiði.
Alþingiskjósendur í Hafnarkauptúni, sjá Landshöfn í Hornafirði 4.
Alþingiskjósendur í Hellislandi, sjá Sameining Selfossbyggðar 4.
Alþingiskjósendur í Hraungerðishreppi, sjá Sameining Selfossbyggðar 3.
Alþingiskjósendur í Súðavíkurhreppi, sjá Vegamál 9.
Alþingiskjósendur í Ölfushreppi, sjá Sameining Selfossbyggðar 4.
Alþingiskostnaður. Fjmrn. fer þess á leit, að skrifstofustjóri Alþingis láti því í té áætlun um alþingiskostnað í fjárl. 1946. — Bréf 18. maí. (Db. 1).
Alþýðusamband Íslands, sjá: Dýrtíðarráðstafanir, Fræðslustarfsemi, Iðnfræðsla 3, Kaupgjald og afurðaverð 1, Orlofsheimili verklýðsfélaga 1, Orlofslög, Sameining Selfossbyggðar 1, Sjálfstæðismál Íslendinga, Vegamál 1.
Alþýðuskólinn á Eiðum, sjá Tillögur.
Ambrosía, María, sjá Ríkisborgararéttur.
Anna Þórhallsdóttir, sjá Námsstyrkir 1.
Anne Marie Bergsveinsson, sjá Námsstyrkir 8.
Apotekarafélag Íslands, sjá Lyfjalög 1.
Arnaldur Jónsson fer þess á leit, að honum verði veittur 15 þús. kr. styrkur til að kynna sér fyrirkomulag og rekstur nýtízku ferðaskrifstofu í Bandaríkjunum.— Bréf 15. nóv. (Db. 260).
Arnór Sigurjónsson, sjá Ritstyrkir 2.
Atvinna við siglingar.
1. Fiskifélag Íslands sendir umsögn fiskiþings 1945 um frv. á þskj. 182, um breyt. á l. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. — Bréf 16. febr. (Db. 568).
2. Fiskifélag Íslands sendir umsögn fiskiþings 1945 um frv. sjútvn. Nd., um breyt. á l. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. — Bréf 16. febr. (Db. 567).
nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, verði
3. Mótorvélstjórafélag Íslands mótmælir frv. til l. um breyt. á l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, sem gengur í þá átt, að réttindi mótorvélstjóra skuli hækka úr 150 upp í 250 hestöfl. — Bréf 2. apríl. (Db. 665).

4. Stjórn farmanna- og fiskimannasambands Íslands lýsir sig samþykka mótmælum mótorvélstjórafélags Íslands gegn því, að frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, verði samþykkt óbreytt á yfirstandandi þingi. — Bréf 4. apríl. (Db. 670).
5. Umsögn mótorvélstjórafélags Íslands um frv. Péturs Ottesen, þm. Borgf., og Jóhanns Jósefssonar, þm. Vestm., um breyt. á l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. — Bréf 29. nóv. (Db. 405).
6. Umsögn skólastjóra stýrimannaskólans um samþykktir farmanna- og fiskimannasambands Íslands varðandi breyt. á lögum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. — Bréf 23. nóv. (Db. 328).
7. Vélstjórafélag Keflavíkur skorar á Alþingi að samþ. frv. Péturs Ottesen, þm. Borgf., og Jóhanns Jósefssonar, þm. Vestm., um breyt. á l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, er gengur í þá átt að veita vélstjórum aukin réttindi. — Bréf 21. nóv. (Db. 329).

Atvinnudeild háskólans.

1. Menntmrn. sendir skrá um laun sérfræðinga í atvinnudeild Háskóla Íslands. — Bréf. 21. marz. (Db. 642).
2. Umsögn atvinnudeildar háskólans um frv. til l. um atvinnudeild háskólans. — Bréf 10. des. (Db. 455).
3. Umsögn atvinnudeildar háskólans um frv. til l. um atvinnudeild háskólans. — Bréf ódags. (Db. 547).
4. Umsögn félags ísl. efnafræðinga um frv. til l. um atvinnudeild háskólans. — Bréf ódags. (Db. 548).
5. Umsögn rannsóknaráðs ríkisins um frv. til l. um atvinnudeild háskólans. — Bréf 10. des. (Db. 454).

— Sjá einnig: Bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiði 5, Fiskirannsóknir í Hamarsfirði, Hafrannsóknaskip, Tillögur.

Atvinnumrn., sjá: Bændaskólinn á Hólum 1, Bændaskólinn á Hvanneyri 1, Dýralækningar 1, Eftirlaun og styrktarfé 1, Fiskimatsmenn, Fiski- og fiskiðnaðarrannsóknarstofnun, Hjálpar- og endurreisnarstofnun hinna sameinuðu þjóða 1, Húsmæðraskólar, Rannsókn á þaragróðri, Tillögur, Útflutningur á afurðum bátaútvegsins, Veiði og sala fisksmælkis.

Atvinnu- og samgöngumrn., sjá: Byggingarsjóðir kaupstaða og kauptúna, Endurskoðunarmenn Búnaðarbanka Íslands, Félagslegt öryggi, Halldór Pálsson forstjóri, Hreindýrabú, Námsstyrkir 2, Rannsókn byggingarefnis, Svíþjóðarbátar 1—2.

Atvinnutæki, sjá Ábyrgðir 2.

Aukakennsla, sjá Sýslubókasöfn.

Austurvegur, sjá Vegamál 3, 11, 14.

Avisudklip, sjá Blaðaúrklippur.

Áburðarsala ríkisins, sjá Tillögur.

Áburðarverksmiðja.

1. Búnaðarfélag Íslands sendir ályktun búnaðarþings um frv. til l. um áburðarverksmiðju, sem lá fyrir síðasta Alþingi. — Bréf 17. maí. (Db. 25).
2. Landbrn. sendir landbn. beggja deilda Alþingis afrit af skýrslu dr. Björns Jóhannessonar, sem hann hefur látið nýbyggingarráði í té, um byggingu áburðarverksmiðju á Íslandi. — Bréf 15. des. (Db. 504).

— Sjá einnig: Jarðræktarlög 3.

Ábúðarlög. Búnaðarfélag Íslands sendir frv. til l., samþykkt á síðasta búnaðarþingi, um breyt. á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933. — Bréf 29. júní. (Db. 33).

Ábyrgð sýslusjóða. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu sendir ályktun sýslufundar N.-Ísafjarðarsýslu um, að felld verði úr lögum ákvæði í þá átt, að lántökur hreppsfélaga skuli tryggðar með ábyrgð sýslusjóða. — Bréf 5. júlí. (Db. 10).

Ábyrgðir.

1. Bæjarstjórinn á Akranesi sendir ályktun bæjarstjórnar, þar sem skorað er á Alþingi að veita bæjarfélögum ríkisábyrgð vegna togarakaupa, þannig að stofnlán, sem veitt verða og lán það, sem ríkissjóður ábyrgist, nemi samtals fullu kaupverði togaranna. — Bréf 12. jan. (Db. 536).
2. Bæjarstjórinn á Ísafirði fer þess á leit, að bæjarstjórn kaupstaðarins verði veitt ríkisábyrgð fyrir allt að þriggja millj. kr. láni, sem kaupstaðurinn þarf að taka til öflunar nauðsynlegra atvinnutækja handa bæjarfélaginu og til byggingar menningarstofnana. — Bréf 15. des. (Db. 522).
3. Bæjarstjórn Ólafsfjarðar fer þess á leit, að fjárveitinganefnd flytji á Alþingi till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir Ólafsfjarðarkaupstað fyrir 160 þús. kr. til hlutafjárkaupa í Hraðfrystihúsi Ólafsfjarðar h/f til byggingar beina- og niðursuðuverksmiðju. — Bréf 13. nóv. (Db. 276).
4. Hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps skorar á Alþingi að samþykkja tillögu Hermanns Jónassonar, þm. Str., um 800 þús. kr. ríkisábyrgð til virkjunar Þverár í Steingrímsfirði. — Símskeyti 28. febr. (Db. 605).
5. Umsögn rafmagnseftirlits ríkisins um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast fyrir Búðahrepp lán til aukningar raforkuveitu hreppsins. — Bréf 24. nóv. (Db. 336).
6. Umsögn rafmagnseftirlits ríkisins um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast fyrir Húsavíkurhrepp lán til að endurnýja rafveitukerfi kauptúnsins. — Bréf 23. nóv. (Db. 333).
7. Umsögn rafmagnseftirlits ríkisins um till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Eskifjarðarhrepp. — Bréf 24. nóv. (Db. 337).

— Sjá einnig: Hafnargerðir og lendingarbætur 4, 7, Laxárvirkjun, Mjólkurbú á Blönduósi 1, Vinnuheimili sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Áfengissala.

1. Almennur kvennafundur, haldinn í Reykjavík mánudaginn 15. apríl 1946, lítur svo á, að áfengisneyzla þjóðarinnar sé orðin svo gegndarlaus, að af henni hljóti að leiða siðferðilegt og menningarlegt hrun, ef ekki verði tekið í taumana. Fundurinn telur það óhæfu, að hið íslenzka lýðveldi hafi áfengissölu sér til framdráttar og skorar á Alþingi að gera tilteknar ráðstafanir til útrýminngar áfengisdrykkju úr landinu. — Bréf 25. apríl. (Db. 689).
2. Umdæmisstúka Norðurlands, Siglufirði, skorar á Alþingi: 1) að lækka stórlega áætlaðar tekjur af áfengissölu, 2) að fækka að mun útsölustöðum áfengis, 3) að loka áfengisverzlunum á sama tíma og öðrum verzlunum, og 4) að afgreiða á næstu árum tekjuhallalaus fjárlög, án tekna af áfengissölu. — Bréf ódags. (Db. 163).

Áfengisverzlun ríkisins, sjá Tillögur.
Ágúst H. Bjarnason, dr., sjá Eftirlaun og styrktarfé 7.
Ágúst Sigurðsson, sjá Námsflokkar.
Áki Jakobsson, þm. Siglf., sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 1.
Álagning útsvara, sjá Útsvarslögin.
Árni Friðriksson, sjá Fiski- og fiskiðnaðarrannsóknarstofnun.
Árný Filippusdóttir, sjá Húsmæðraskóli að Hverabökkum.
Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., sjá: Ingibjörg Jóhannsdóttir, Rafveita á Flateyri.
Ásgrímur Hartmannsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 2.
Ásmundur Sigurðsson, 2. landsk. (vara)þm., sjá Landshöfn í Hornafirði 1—2.
Ástvaldur Eydal, sjá Eftirgjöf á tolli 1.

Bach, Jón, sjá Eftirlaun og styrktarfé 3, 10.
Bandalag ísl. listamanna, sjá Skáldalaun og listamanna.

Bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiði.
1. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands sendir ályktanir þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstjórn: 1) að friða Faxaflóa fyrir dragnótaveiðum, botnvörpuveiðum og öðrum tilsvarandi veiðum, 2) að sjá um fullkomna gæzlu á hinu friðaða svæði, 3) að láta framkvæma vísindalegar rannsóknir um gildi friðunarinnar fyrir uppeldi nytjafiska, 4) að hlutast til um rannsókn möguleika til ræktunar og uppeldis nytjafiski, og 5) að breyta tiltekinni grein laga um atvinnu við siglingar, á tilgreindan hátt. — Bréf 25. okt. (Db. 140).
2. Stjórn Fiskifélags Íslands skorar á Alþingi að samþ. frv. til l. um bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiði í Faxaflóa, á þskj. 13, og till. til þál. um friðun Faxaflóa, á þskj. 14. — Bréf 23. okt. (Db. 114—116).
3. Umsögn atvinnudeildar háskólans um frv. til l. um bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiðum í Faxaflóa. — Bréf 14. nóv. (Db. 242).
4. Umsögn landssambands ísl. útvegsmanna um frv. til l. um bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiðum í Faxaflóa. Enn fremur fylgja umsagnir þeirra deilda sambandsins, er þetta mál varðar sérstaklega. — Bréf 27. nóv. (Db. 367).

— Sjá einnig: Friðun Faxaflóa.

Bann gegn dragnótaveiði. 211 alþingiskjósendur í Gerðahreppi í Gullbringusýslu skora á Alþingi að banna dragnótaveiði í landhelgi í Garðsjó í Faxaflóa. — Bréf 21. febr. (Db. 577).

Barbara, María, sjá Ríkisborgararéttur.

Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm., sjá Verklegar framkvæmdir í N.-Ísafjarðars.

Barnaheimili, sjá Barnavinafélagið Sumargjöf 2.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sjá Vernd barna og ungmenna 1.

Barnaverndarráð, sjá: Barnavinafélagið Sumargjöf 2, Tillögur.

Barnavinafélagið Sumargjöf.
1. Barnavinafélagið Sumargjöf fer þess á leit, að því verði veittar 120 þús. kr. úr ríkissjóði í stað 70 þús. kr. og auk þess 30 þús. kr. til námskeiða fyrir fóstrur og leikskólakennara. — Bréf 12. nóv. (Db. 228).
2. Menntmrn. sendir fjvn.: 1) yfirlit um starfsemi barnavinafélagsins Sumargjafar árið 1944, 2) skýrslu barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. jan. 1940 til 31. des. 1942, 3) skýrslu barnaverndarráðs um styrkveitingar til barnaheimila á þessu ári. — Þá getur rn. þess, að Vísindafélag Íslendinga hafi notað fjárlagastyrk sinn til útgáfu vísindalegra rita, en engin ritlaun greitt í því sambandi. — Bréf 24. nóv. (Db. 334).

Bárður Tómasson, skipaverkfræðingur, sjá Svíþjóðarbátar 2.

Bechmann, Wilhelm Ernst, sjá Ríkisborgararéttur.

Beina- og niðursuðuverksmiðja, sjá Ábyrgðir 3.

Bendtsen, Bendt Dahlbom, sjá Ríkisborgararéttur.

Beitumál. Umsögn Fiskifélags Íslands um frv. til l. um beitumál. — Bréf 12. apríl. (Db. 681).

Berklavarnir. Fjmrn. sendir fjvn. greinargerð stjórnarráðsins, sjúkramáladeildar, um fjárveitingu til berklavarna. — Bréflaust. (Db. 59).

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., sjá Eftirlaun og styrktarfé 2.

Bessastaðabúið. Fjmrn. sendir fjvn. rekstrar- og efnahagsreikning ríkisbúsins á Bessastöðum 1944. — Bréflaust. (Db. 708).

Bifreiðaeftirlit ríkisins, sjá Tillögur.

Bifreiðaskattur.
1. Fulltrúafundur búnaðarfélaga Austur-Skaftafellssýslu skorar á Alþingi að samþykkja frv. um bifreiðaskatt o. fl., til að flýta fyrir byggingu brúar á Jökulsá í Lóni. — Bréf ódags. (Db. 629).

2. Sýslunefndarmenn A.-Skaftafellssýslu skora á Alþingi að samþykkja frv. til l. um bifreiðaskatt o. fl., til að flýta fyrir brúarbyggingu á Jökulsá í Lóni. — Bréf 14. febr. (Db. 586).
3. Umsögn vegamálastjóra um frv. til l. um breyt. á l. nr. 126 30. des. 1943, um viðauka við og breyt. á l. nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl. — Bréf 27. febr. (Db. 602).

Biskup Íslands, sjá: Kennsla í orgelleik 1, Minningarrit prestaskólans, Prestaskipti, Tillögur, Uppgjafaprestar og prestsekkjur.

Biskupsstólar að Hólum og Skálholti. Umsögn kirkjuráðs um frv. til l. um endurreisn hinna fornu biskupsstóla að Skálholti og Hólum í Hjaltadal. — Bréf 21. marz. (Db. 641).

Bjarni Vilhjálmsson, sjá Samheitaorðabók.

Björgunarskipið Sæbjörg.

1. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. till. til þál. um ábyrgð ríkissjóðs á láni til endurbóta á björgunarskipinu Sæbjörgu, og fer þess á leit, að nefndin flytji hana á yfirstandandi þingi. — Bréf 21. febr. (Db. 576).
2. Skipaútgerð ríkisins telur, að kostnaður við fyrirhugaða breytingu á björgundarskipinu Sæbjörgu muni verða um 400 þús. kr. — Bréf 27. febr. (Db. 601).

Björn Guðfinnsson, dr., sjá Ritstyrkir 1.

Björn Jóhannesson, dr., sjá Áburðarverksmiðja 2.

Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ., sjá Viðurkenningarlaun 1.

Björn Malmfred Björnsson, sjá Ríkisborgararéttur.

Björn Sigfússon, háskólabókavörður, sjá Samheitaorðabók.

Blaðaúrklippur.

1. A/S Avisudklip skrifar um blaðaúrklippupakka, sem ekki hafði komið fram. — Bréf 19. ágúst. (Db. 41).
2. Avisudklip A/S segist senda blaðaúrklippur um íslenzk mál frá því í apríl 1940 og segist muni senda slíkar úrklippur vikulega framvegis. — Bréf 28. júní. (Db. 40).

Blindravinafélag Íslands, sjá Viðtæki til blindra manna.

Borgardómarinn í Reykjavík, sjá Tillögur.

Borgarfógetinn í Reykjavík, sjá Tillögur.

Borgarstjórinn í Reykjavík, sjá: Bygging íbúðarhúsa 1, Virkjun Sogsins.

Botnvörpuskip. Nýbyggingarráð sendir fjhn. Nd. lista yfir umsækjendur um botnvörpuskip frá Englandi. — Bréf 20. okt. (Db. 103).

Botnvörpuveiðar. Skýrsla Péturs Sigurðssonar, Hafsteins Bergþórssonar og Aðalsteins Pálssonar um ferð þeirra til Bandaríkjanna til þess að athuga tæki og skip, sem þar eru notuð við botnvörpuveiðar. — Bréflaust. (Db. 77).

Bókasafn dr. Hjartar Þórðarsonar. Menntmrn. sendir bréf utanrrn., dags. 20. sept., ásamt fylgiskjölum, varðandi kaup á bókasöfnum dr. Hjartar Þórðarsonar og dr. Vilhjálms Stefánssonar. — Bréf 3. des. (Db. 409).

Bókaútgáfa menningarsjóðs og þjóðvinafélagsins. Menntmrn. sendir fjvn. erindi bókaútgáfu menningarsjóðs og þjóðvinafélagsins, þar sem farið er fram á 15 þús. kr. fjárveitingu á næsta ári til útgáfu ritsafns Jóns Sigurðssonar. — Bréf 16. nóv. (Db. 272).

Breiðafjarðarbáturinn Norðri, sjá Flóabátaferðir 1, 16, 18.

Brú á Jökulsá í Lóni, sjá Bifreiðaskattur.

Brúargerð á Geitabergsá. Umsögn vegamálastjóra um erindi Jóns Péturssonar, Geitabergi, um greiðslu úr ríkissjóði til brúargerðar á Geitabergsá. — Bréf 1. marz. (Db. 608). — Sjá einnig Vegamál 6.

Brúargerð á Hvítá, sjá Flutningur Ölfusárbrúar.

Brúargerðir.
1. Stjórn Læknafélags Íslands skorar á Alþingi að samþ. till. til þál. um brúargerð á Hvítá hjá Iðu. — Bréf 5. marz. (Db. 620).
2. Vegamálastjóri gerir grein fyrir brúargerðum á þessu ári og leggur til, að 1,6 millj. kr. verði veitt til brúargerða á næsta ári. — Bréf 16. nóv. (Db. 394).
3. Vegamálastjóri leggur til, að 65 þús. kr. verði veitt í fjárl. næsta árs til brúar á Ósá á Bolungavíkurvegi. — Bréf 30. nóv. (Db. 382).

— Sjá einnig: Brú á Jökulsá í Lóni, Brúargerð á Geitabergsá, Flutningur hengibrúar, Flutningur Ölfusárbrúar, Mjólkurbú á Blönduósi 1, Vegamál 7, 8, 12, 13, 19.

Brúalög.
1. Umsögn vegamálastjóra um framkomin frv. til l. um breyt. á brúalögum. — Bréf 5. febr. (Db. 587).
2. Umsögn vegamálastjóra um framkomin frv. til l. um breyt. á brúalögum. — Bréf 5. febr. (Db. 589).

Burstarfell, sjá Landsbókasafnið 1.

Búnaðarbanki Íslands sendir yfirlit um eignir og skuldir bankans 1. jan. 1946. — Bréflaust. (Db. 529). — Sjá einnig: Byggingarsjóður, Kreppulánasjóður bæjar- og sveitarfélaga, Nýbýlasjóður, Ræktunarsjóður.

Búnaðarfélag Íslands, sjá: Áburðarverksmiðja 1, Ábúðarlög, Búnaðarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, Búnaðarskóli Suðurlands 1, Bændaskólinn á Hólum 2, Framhaldsnám búfræðinga, Fyrirhleðsla í Grjótá 1, Halldór Pálsson forstjóri, Hrossakynbótabú 1, Innflutningur á smjöri, Íslandsdeild norræna búfræðifélagsins 1, Jarðræktarlög 1—2, Kaupgjald og afurðaverð 2, Landnám ríkisins, Loðdýrarækt og loðdýralánadeild, Mjólkursamlag Þingeyinga, Raforkumál 1, Smíðaverkstæði að Hólmi, Smjörsamlög, Tillögur, Tilraunaráð jarðræktar, Tilraunastöðvar, Verzlun með kjarnfóður, Vinnuskóli á Reykhólum 2, Vinnuþörf landbúnaðarins.

Búnaðarfélög Austur-Skaftafellssýslu, sjá: Bifreiðaskattur 1, Landshöfn í Hornafirði 3.

Búnaðarmálasjóður.
1. Búnaðarsamband Eyjafjarðar skorar á Alþingi að fella brtt. Jóns Pálmasonar, þm. A.-Húnv., og Sigurðar Guðnasonar, 1. landsk. þm., við frv. til l. um breyt. á l. um stofnun búnaðarmálasjóðs. Jafnframt skorar það á Alþingi að nema úr lögum það ákvæði, að fjárveitingar úr búnaðarmálasjóði séu háðar samþykki landbúnaðarráðherra. — Bréf 5. febr. (Db. 552).
2. Búnaðarsamband Húnavatnssýslu skorar á Alþingi að afgreiða ekki á yfirstandandi Alþingi brtt. Jóns Pálmasonar, þm. A.-Húnv., og Sigurðar Guðnasonar, 1. landsk. þm., við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarmálasjóð, og ekki fyrr en búnaðarsamböndunum hefur verið gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt á henni. — Bréf 5. des. (Db. 428).
3. Búnaðarsamband Strandamanna skorar á Alþingi að samþ. ekki brtt. Jóns Pálmasonar, þm. A.-Húnv., og Sigurðar Guðnasonar, 1. landsk. þm., við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarmálasjóð. Það mótmælir sérstaklega þeirri skerðingu á ráðstöfunarrétti Búnaðarfélags Íslands og búnaðarþings yfir sjóðnum, sem felst í tillögunni, og að ekki hefur verið leitað álits búnaðarsambandanna um málið. — Símskeyti 7. des. (Db. 429).
4. Meiri hl. stjórnar búnaðarsambands Austurlands mótmælir brtt. Jóns Pálmasonar, þm. A.-Húnv., og Sigurðar Guðnasonar, 1. landsk. þm., við frv. til l. um breyt. á l. um stofnun búnaðarmálasjóðs. — Símskeyti 8. des. (Db. 519).
5. Stjórn búnaðarmálasjóðs skorar á Alþingi að fella brtt. Jóns Pálmasonar, þm. A.-Húnv., og Sigurðar Guðnasonar, 1. landsk. þm., við frv. Bjarna Ásgeirssonar, þm. Mýr., Péturs Ottesen, þm. Borgf., Jóns Sigurðssonar, 2.

þm. Skagf., og Sveinbjarnar Högnasonar, þm. V.-Sk., um breyt. á l. um stofnun búnaðarmálasjóðs, en samþykkja frv. — Bréf 10. des. (Db. 461).
6. Stjórn búnaðarsambands Borgarfjarðar skorar á Alþingi að fresta samþykkt brtt. Jóns Pálmasonar, þm. A.-Húnv., og Sigurðar Guðnasonar, 1. landsk. þm., við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarmálasjóð, og telur, að nægur tími sé til að leita álits búnaðarsambanda og búnaðarþings, þar sem tekjum sjóðsins fyrir árin 1945 og 1946 hafi þegar verið ráðstafað. — Bréf 7. des. (Db. 439).
7. Stjórn búnaðarsambands Dala og Snæfellsness mótmælir harðlega brtt. Jóns Pálmasonar, þm. A.-Húnv., og Sigurðar Guðnasonar, 1. landsk. þm., á þskj. 197, við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarmálasjóð og skorar á Alþingi að fresta afgreiðslu brtt., þar til aðalfundir búnaðarsambandanna hafa tekið afstöðu til hennar. — Símskeyti 5. des. (Db. 424).
8. Stjórn búnaðarsambands Eyjafjarðar skorar á Alþingi að samþ. ekki brtt. Jóns Pálmasonar, þm. A.-Húnv., og Sigurðar Guðnasonar, 1. landsk. þm., við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarmálasjóð, án þess að leitað sé álits búnaðarsambandanna um hana. — Símskeyti 4. des. (Db. 413).
9. Stjórn búnaðarsambands Kjalarnesþings skorar á Alþingi að samþ. brtt. Jóns Pálmasonar, þm. A.-Húnv., og Sigurðar Guðnasonar, 1. landsk. þm., á þskj. 197, varðandi búnaðarmálasjóð. — Bréf 2. des. (Db. 411).
10. Stjórn búnaðarsambands Skagfirðinga óskar, vegna framkominnar brtt. við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarmálasjóð, að afgreiðslu málsins verði frestað, þar til búnaðarsamböndin hafi fengið tækifæri til að segja álit sitt um téða brtt. — Símskeyti 7. des. (Db. 440).
11. Stjórn búnaðarsambands Suðurlands skorar á Alþingi að samþykkja brtt. Jóns Pálmasonar, þm. A.-Húnv., og Sigurðar Guðnasonar, 1. landsk. þm., við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarmálasjóð. — Bréf 30. nóv. (Db. 406).
12. Stjórn búnaðarsambands S.-Þingeyjarsýslu mótmælir brtt. Jóns Pálmasonar, þm. A.-Húnv., og Sigurðar Guðnasonar, 1. landsk. þm., við frv. til l. um breyt. á l. um stofnun búnaðarmálasjóðs, og treystir fulltrúum búnaðarþings til að ráða fram úr því, hvernig fé búnaðarmálasjóðs verði bezt varið á hverjum tíma. — Símskeyti 9. des. (Db. 459).
13. Stjórn búnaðarsambands Vestfjarða mótmælir brtt. Jóns Pálmasonar, þm. A.-Húnv., og Sigurðar Guðnasonar, 1. landsk. þm. — Símskeyti 10. des. (Db. 460).
14. Stjórn búnaðarsambands V.-Húnavatnssýslu skorar á Alþingi að samþ. frv. Péturs Ottesen, þm. Borgf., Bjarna Ásgeirssonar, þm. Mýr., og Jóns Sigurðssonar, 2. þm. Skagf., um breyt. á l. um stofnun búnaðarmálasjóðs, en er mótfallin brtt. Jóns Pálmasonar, þm. A.-Húnv., og Sigurðar Guðnasonar, 1. landsk. þm., við áðurnefnt frv. — Símskeyti 9. des. (Db. 446).
15. Stjórn og aðalfundarfulltrúar búnaðarsambands N.-Þingeyinga mótmæla brtt. Jóns Pálmasonar, þm. A.-Húnv., og Sigurðar Guðnasonar, 1. landsk. þm., við frv. til l. um breyt. á l. um stofnun búnaðarmálasjóðs og skora á Alþingi að fella það ákvæði úr l. um stofnun búnaðarmálasjóðs, að samþykki landbúnaðarráðherra þurfi til ráðstöfunar á fé úr sjóðnum. — Símskeyti 10. des. (Db. 458).
16. Stofnfundur stéttarsambands bænda skorar á Alþingi að nema það ákvæði úr lögum um búnaðarmálasjóð, að ráðstöfun á fé sjóðsins sé háð samþykki landbúnaðarráðherra. — Bréf 9. okt. (Db. 71).

Búnaðarráð, sjá Tillögur.
Búnaðarsamband Austurlands, sjá Búnaðarmálasjóður 4.
Búnaðarsamband Borgarfjarðar, sjá Búnaðarmálasjóður 6.
Búnaðarsamband Dala og Snæfellsness, sjá Búnaðarmálasjóður 7.

Búnaðarsamband Eyjafjarðarsýslu, sjá: Búnaðarmálasjóður 1, 8, Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir.
Búnaðarsamband Húnavatnssýslu, sjá Búnaðarmálasjóður 2.
Búnaðarsamband Kjalarnesþings, sjá Búnaðarmálasjóður 9.
Búnaðarsamband N.-Þingeyjarsýslu, sjá Búnaðarmálasjóður 15.
Búnaðarsamband Skagfirðinga, sjá Búnaðarmálasjóður 10.
Búnaðarsamband Strandamanna, sjá Búnaðarmálasjóður 3.
Búnaðarsamband Suðurlands, sjá Búnaðarmálasjóður 11.
Búnaðarsamband S.-Þingeyjarsýslu, sjá Búnaðarmálasjóður 12.
Búnaðarsamband Vestfjarða, sjá Búnaðarmálasjóður 13.
Búnaðarsamband V.-Húnavatnssýslu, sjá Búnaðarmálasjóður 14.
Búnaðarskóli Suðurlands.
1. Búnaðarfélag Íslands sendir ályktun búnaðarþings um, að búnaðarskóli Suðurlands verði reistur sem fyrst. — Bréf 19. maí. (Db. 27).
2. Sýslumaður Árnessýslu sendir ályktun sýslunefndar, þar sem lýst er yfir ánægju með staðarval fyrir búnaðarskóla Suðurlands og skorað á Alþingi og ríkisstjórn að hraða framkvæmdum um stofnun skólans. — Bréf 18. maí. (Db. 2).

Búnaðarþing, sjá: Áburðarverksmiðja 1, Ábúðarlög, Innflutningur á smjöri, Jarðræktarlög 1—2, Landnám ríkisins, Loðdýrarækt og loðdýralánadeild, Raforkumál 1, Smjörsamlög, Tilraunastöðvar, Verzlun með kjarnfóður.
Búreikningar. Fjmrn. sendir fjvn. bréf Guðmundar Jónssonar á Hvanneyri, dags. 15. júlí, um fjárveitingu til búreikningastarfsemi. (Db. 59, h).
Búreikningaskrifstofa ríkisins, sjá Tillögur.
Bygging barnaskóla.
1. Bæjarstjórn Ólafsfjarðar fer þess á leit við fjvn. Alþingis, að hún hlutist til um, að Ólafsfirði verði veittur styrkur til barnaskólabyggingar eins og um hrepp væri að ræða. — Bréf 16. okt. (Db. 100).
2. Umsögn fræðslumálastjóra um erindi bæjarstjórnar Ólafsfjarðar, dags. 16. þ. m., um styrk úr ríkissjóði til byggingar barnaskóla þar. — Bréf 23. nóv. (Db. 324).

— Sjá einnig: Gagnfræðaskólar 3, Tillögur fræðslumálastjóra.
Bygging dvalar- og gistiheimilis kvenna, sjá Hallveigarstaðir.
Bygging fiskiskipa. Fiskifélag Íslands sendir ályktun nýafstaðins fiskiþings, þar sem skorað er á Alþingi að veita ríkisstjórninni heimild til að verja á árinu 1946 2,5 millj. kr. til veitingar vaxtalausra þriðja-veðréttarlána vegna byggingar fiskiskipa. — Bréf 12. des. (Db. 472).
Bygging gagnfræðaskóla, sjá: Gagnfræðaskólar, Tillögur, fræðslumálastjóra.
Bygging héraðsskóla, sjá: Gagnfræðaskólar, Tillögur, fræðslumálastjóra.
Bygging húsmæðraskóla, sjá Gagnfræðaskólar 2.
Bygging iðnskóla, sjá Sjómannaskóli.
Bygging íbúðarhúsa.
1. Borgarstjórinn í Reykjavík sendir ályktun bæjarstjórnar, þar sem skorað er á Alþingi að hraða afgreiðslu frv. þess um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, sem nú liggur fyrir Alþingi. — Bréf 7. des. (Db. 443).
2. Bæjarstjórn Siglufjarðar skorar á Alþingi að samþykkja frv. til l. um: 1) opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, 2) niðursuðuverksmiðju á Siglufirði, og 3) tunnusmíði. — Bréf 20. febr. (Db. 579).
3. Stjórn byggingarfélags verkamanna í Keflavík hvetur til þess, að frv., flutt að tilhlutan félagsmálaráðuneytisins, um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, verði samþykkt á yfirstandandi þingi. — Bréf 9. des. (Db. 487).

4. Umsögn byggingarsjóðs verkamanna um: 1) frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, og 2) frv. til l. um byggingarlánasjóð. — Bréf 19. febr. (Db. 573).
5. Umsögn eftirlitsmanns bæjar- og sveitarfélaga um frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. — Bréf 28. nóv. (Db. 716).

Bygging sjómannaskóla, sjá Sjómannaskóli.
Byggingar á Bessastöðum, sjá Forseti Íslands 2.
Byggingareftirlit ríkisins. Umsögn húsameistara ríkisins um frv. til l. um byggingareftirlit ríkisins. — Bréf 14. marz. (Db. 627).
Byggingarfélag verkamanna í Keflavík, sjá Bygging íbúðarhúsa 3.
Byggingarlánasjóður, sjá Bygging íbúðarhúsa 4.
Byggingarmál prestssetra, sjá Uppgjafaprestar og prestsekkjur.
Byggingarráðstefna. Samgmrn. sendir erindi undirbúningsnefndar væntanlegrar byggingarráðstefnu árið 1946 og fer þess á leit, að veittar verði 135 þús. kr. til ráðstefnunnar í fjárl. fyrir árið 1946. — Bréf 17. nóv. (Db. 278).
Byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp. Búnaðarfélag Íslands sendir frv. til l. um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir. Frv. var samþ. á síðasta búnaðarþingi. — Bréf 28. júní. (Db. 31).
Byggingarsjóðir kaupstaða og kauptúna. Atv.- og samgmrn. gerir grein fyrir greiðslum til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna árið 1944 og á þessu ári. — Bréf 12. nóv. (Db. 220).
Byggingarsjóður.

1. Búnaðarbanki Íslands fer þess á leit, að byggingarsjóði verði í fjárl. næsta árs veittur 852500.00 kr. styrkur, en þeirri upphæð nema ógreidd lögákveðin framlög ríkissjóðs til sjóðsins árin 1942—1944. — Bréf 9. nóv. (Db. 184).
2. Búnaðarbanki Íslands gerir grein fyrir skuldlausri eign byggingarsjóðs og lánveitingum úr sjóðnum. — Bréf 21. nóv. (Db. 305).

Byggingarsjóður verkamanna, sjá Bygging íbúðárhúsa 4.
Byggingarstyrkir listamanna.

1. Freymóður Jóhannsson listmálari fer þess á leit, að Alþingi veiti honum 30 þús. kr. styrk til byggingar vinnustofu. — Bréf 25. marz. (Db. 650).
2. Gunnlaugur Scheving listmálari fer þess á leit, að honum verði veittur 50 þús. kr. byggingarstyrkur til vinnustofu og íbúðar. — Bréf 3. febr. (Db. 546).

Bæja- og sveitasjóðir. Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi og ríkisstjórn að breyta gildandi skattalöggjöf í það horf, að hlutur sveita- og bæjarsjóða af tekjuskatti og stríðsgróðaskatti verði stórum aukinn. — Bréf 21. febr. (Db. 578).
Bæjarfógetar, sjá Tillögur.
Bæjarráð Reykjavíkur, sjá: Húsaleigulögin 3, Lán til byggingarsamvinnufélaga.
Bæjarstjóri Hafnarfjarðar, sjá Fangahús í Hafnarfirði.
Bæjarstjórinn á Akranesi, sjá: Ábyrgðir 1, Flóabátaferðir 2, Hafnargerðir og lendingarbætur 2, Hvalfjarðarferja, Lóðir og lendur.
Bæjarstjórinn á Akureyri, sjá: Laxárvirkjun, Sjúkrahús á Akureyri, Tunnusmíði.
Bæjarstjórinn á Ísafirði, sjá Ábyrgðir 2.
Bæjarstjórinn á Seyðisfirði, sjá Fiskveiðasjóður Íslands 1.
Bæjarstjórinn í Neskaupstað, sjá Nýbyggingarráð 1.
Bæjarstjóri Ólafsfjarðar, sjá: Ábyrgðir 3, Bygging barnaskóla 1, Fiskveiðasjóður Íslands 2, Fræðsla barna.
Bæjarstjórn Reykjavíkur, sjá Bæja- og sveitasjóðir.
Bæjarstjórn Seyðisfjarðar, sjá: Togarakaup ríkisins, Togaraútgerð utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.
Bæjarstjórn Siglufjarðar, sjá Bygging íbúðarhúsa 2.

Bændaskólinn á Hólum.
1. Atvmrn. sendir fjvn. erindi skólastjórans á Hólum, dags. 28. okt., þar sem hann fer þess á leit, að 16 þús. kr. verði veittar í fjárl. næsta árs til vélfræðikennslu við bændaskólann þar. — Bréf 11. des. (Db. 474).
2. Fjmrn. sendir fjvn. bréf Búnaðarfélags Íslands, dags. 19. júlí, um byggingu íbúðarhúss á Hólum í Hjaltadal fyrir skólastjórann þar. (Db. 59).
3. Fjmrn. sendir rekstrar- og efnahagsreikninga skólabúanna að Hólum og Hvanneyri fyrir árið 1944 og reikning Háskóla Íslands fyrir sama ár. — Bréf 6. nóv. (Db. 171).

— Sjá einnig Tillögur.

Bændaskólinn á Hvanneyri.
1. Atvmrn. gerir grein fyrir því, hvernig fyrirhugað er að verja fjáryeitingum í fjárl. næsta árs til verkfærakaupa fyrir bændaskólana á Hvanneyri og Hólum. — Bréf 10. nóv. (Db. 185).
2. Fjmrn. sendir fjvn. skólastjórans á Hvanneyri bréf, dags. 27. ágúst, um áhaldakaup til skólabúsins þar. (Db. 59).

— Sjá einnig: Bændaskólinn á Hólum 3, Tillögur.

Bændur í Bjarnarfirði, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 12.

Bætur fyrir hernaðarspjöll.
1. Utanrrn. tilkynnir, að dómsmrh. sé reiðubúinn að svara fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um, hvað unnt sé að gera til að fá bætur frá Þjóðverjum fyrir hernaðarspjöll á Íslandi. — Bréf 25. marz. (Db. 654).
2. Utanrrn. tilkynnir, að það hafi afgreitt til dómsmrn. fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um, hvað unnt sé að gera til að fá bætur frá Þjóðverjum fyrir hernaðarspjöll á Íslandi. — Bréf 14. marz. (Db. 637).

Craigie, William. Fjmrn. óskar umsagnar fjvn. um erindi Einars Arnórssonar, Björns Þórðarsonar, Ólafs Lárussonar og Snæbjörns Jónssonar um, að Ísland sýni William Craigie einhvern sóma á áttræðisafmæli hans. — Bréf 10. apríl. (Db. 676).

Cyrilla, María, sjá Ríkisborgararéttur.

Danska sendiráðið sendir 52 eintök af „Dansk-Islandsk Nævn Protokol over Forhandlingerne i Aarene 1919—1939", sem það fer fram á, að útbýtt verði meðal þingmanna. — Bréf 10. sept. (Db. 19).

Djúpbáturinn h/f, sjá Flóabátaferðir 3—4.

Dofri, Steinn. Fjmrn. sendir fjvn. bréf menntmrn., dags. 7. sept., um styrk til Steins Dofra ættfræðings. (Db. 59).

Dóms- og kirkjumrn., sjá: Húsabætur á prestssetrum, Húsabætur á ríkisjörðum, Íslenzk bókaskrá, Vinnuheimili sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Dómsmrn., sjá: Björgunarskipið Sæbjörg 1, Bætur fyrir hernaðarspjöll 1, Drykkjumannahæli að Kaldaðarnesi 1, Félagsdómur, Gjöf Jóns Sigurðssonar, Landhelgisgæzla og björgunarstörf, Lyfjasölulög, Lögreglustjórinn í Bolungavík, Læknisbústaðir, Tillögur, Umferðarslys, Varðbátakaup 1.

Dósent í guðfræðideild háskólans. Menntmrh. tilkynnir forseta Sþ., að hann hafi, að fenginni yfirlýsingu meiri hl. alþm., skipað Björn Magnússon, prófast að Borg, dósent í guðfræðideild háskólans. — Bréf 16. okt. (Db. 85). — Sjá einnig: Háskóli Íslands 1.

Drengskaparheit, sjá Forseti Íslands 3.

Drykkjumannahæli að Kaldaranesi.
1. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. bréf stjórnarnefndar ríkisspítalanna, dags. 21. nóv., ásamt áætlun um rekstrarkostnað heilsuhælis fyrir drykkjumenn að Kaldaðarnesi árið 1946. — Bréf 24. nóv. (Db. 326).
2. Fjmrn. sendir fjvn. áætlun um tekjur og gjöld drykkjumannahælis að

Kaldaðarnesi og óskar, að hún verði tekin í 17. gr. fjárl. fyrir árið 1946. Jafnframt getur rn. þess, að samskonar áætlun fyrir upptökuheimili í Elliðahvammi eigi fremur að vera í 17. gr. fjárl. en 12. gr. — Bréf 23. nóv. (Db. 319).

Dýralækningar.

1. Atvmrn. sendir erindi frá G. Andréssyni, Sauðárkróki, þar sem hann fer fram á, að styrkur sá, er hann hefur haft til að stunda dýralækningar, verði hækkaður á árinu 1946. — Bréf 6. okt. (Db. 55).
2. Fjmrn. mælir með því, að Páli A. Pálssyni, dýralækni, verði veittur styrkur til framhaldsnáms í Kaupmannahöfn. — Bréf 29. okt. (Db. 137).
3. Sigurður E. Hlíðar, yfirdýralæknir, fer þess á leit, að Páli Jónssyni í Garði í Fnjóskadal verði veittur 500 kr. styrkur til dýralækninga. — Bréf ódags. (Db. 182).
4. Yfirdýralæknirinn fer þess á leit, að Páli G. Jónssyni, Garði í Fnjóskadal, verði veittar 1250 kr. til að stunda dýralækningar. — Bréf 14. nóv. (Db. 235).

Dýravernd. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak., sendir erindi dýraverndunarfélags Skagafjarðar, dags. 5. jan., þar sem það fer þess á leit, að því verði veittur 500 kr. styrkur til starfsemi sinnar. — Bréf 5. nóv. (Db. 162).

Dýrtíðarráðstafanir. Alþýðusamband Íslands sendir Alþingi ályktun verkamannafélagsins Fram á Seyðisfirði, þar sem félagið skorar á Alþingi og ríkisstjórn að auka kaupmátt krónunnar, til þess að koma í veg fyrir sífelldar grunnkaupshækkanir, er hljóta að lama heilbrigðan atvinnurekstur til lands og sjávar og stuðla að öryggisleysi hinna vinnandi stétta, þegar til lengdar lætur. — Bréf 27. febr. (Db. 617).

Eftirgjöf á tolli.

1. Fjmrn. sendir erindi Ástvaldar Eydals, dags. 21. nóv., þar sem hann fer fram á undanþágu frá tollgreiðslu af timbri í íbúðarhús, sem hann hefur flutt til landsins frá Svíþjóð. — Bréf 7. des. (Db. 431).
2. Fjmrn. sendir fjvn. erindi Ingvars Björnssonar, dags. 27. nóv., um eftirgjöf á tolli af bifreið, sem hann hefur í hyggju að flytja til landsins. — Bréf 13. des. (Db. 471).
3. Fjmrn. sendir fjvn. erindi Vilhjálms S. Vilhjálmssonar og Nikulásar Einarssonar um eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af tveimur bifreiðum. — Bréf 18. marz. (Db. 633).
4. Sigurður Guðmundsson, skólameistari, fer þess á leit, að Ingvari Björnssyni frá Brún í Reykjadal verði veitt undanþága frá tollgreiðslu af bíl. — Bréf 15. febr. (Db. 561).

— Sjá einnig: Aðflutningsgjöld af skipum, Innflutningstollar af hljóðfærum, Söngvasafnið Ljóð og lög.

Eftirlaun og styrktarfé.

1. Atvmrn. sendir fjvn. erindi Þorkels Þorkelssonar, veðurstofustjóra, dags. 20. nóv., um að hann fái að halda fullum launum, er hann lætur af störfum sem forstöðumaður veðurstofunnar. Rn. mælir með beiðninni. — Bréf 29. nóv. (Db. 368).
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., og Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf., mæla með erindi Ásgríms Hartmannssonar, þar sem hann fer þess á leit, að frú Guðrúnu Sigríði Þorsteinsdóttur, Ólafsfirði, móður Þorsteins sál. Símonarsonar bæjarfógeta, verði veittur árlegur lífeyrir. — Bréf 22. okt. (Db. 123).
3. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands skorar á Alþingi að veita Jóni Back, fyrrv. húsverði stýrimannaskólans, viðunandi eftirlaun. — Bréf 20. des. (Db. 528).
4. Fjmrn. fer þess á leit, að fjvn. taki til athugunar beiðni frú Ragnhildar Kon-

ráðsdóttur, ekkju Björns Jónassonar fiskimatsmanns, um eftirlaun. — Bréf 26. okt. (Db. 134).

5. Fjmrn. sendir erindi utanrn., dags. 26. marz s. l., varðandi eftirlaunagreiðslu til Jóns Sveinbjörnssonar, fyrrv. konungsritara. — Bréf 29. okt. (Db. 138).
6. Fjmrn. sendir fjvn. skrá um lögboðin eftirlaun. — Bréf 16. nóv. (Db. 258).
7. Menntmrn. mælir með erindi dr. Ágústs H. Bjarnasonar, sem leystur var frá prófessorsembætti í heimspeki frá 1. sept. s. l. að telja fyrir aldurs sakir, um að hann njóti áfram fullra launa. — Bréf 16. nóv. (Db. 273).
8. Pétur Ottesen, þm. Borgf., fer þess á leit, fyrir hönd Jósefs Elíassonar, að honum verði veitt eftirlaun, er hann lætur af starfi sem póstur. — Bréf 15. okt. (Db. 88).
9. Póst- og símamálastjórnin leggur til, að eftirlaun Friðriks Jónssonar, fyrrv. pósts, verði hækkuð um 325 kr., auk verðlagsuppbótar, og að Sigurbjörg Guðmundsdóttir póstsekkja haldi eftirlaunum manns síns. — Bréf 12. nóv. (Db. 193).
10. Samgmrn. fer þess á leit, að Jóni Back, fyrrv. húsverði stýrimannaskólans, verði veitt 2 þús. kr. eftirlaun á ári, auk verðlagsuppbótar. — Bréf 13. nóv. (Db. 227).
11. Samgmrn. skrifar um skiptingu fjárveitinga til: 1) póstmanna, pósta og ekkna þeirra, og 2) hafnsögumanna, vitavarða og vitavarðaekkna. — Bréf 15. nóv. (Db. 236).
12. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak., mælir með umsókn Sigurðar V. Guðmundssonar, fyrrv. fiskimatsmanns, um eftirlaun honum til handa. — Bréf 28. okt. (Db. 146).
13. Sveinn Árnason fiskimatsstjóri fer þess á leit, að honum verði veitt eftirlaun, svo að laun hans úr lífeyrissjóði og ríkissjóði nemi fullum launum embættis hans, er hann lætur af því. — Bréf 25. okt. (Db. 131).
14. Umsögn fiskimatsstjóra um umsóknir um eftirlaun frá Sigurði V. Guðmundssyni, fyrrv. fiskimatsmanni, og frú Ragnhildi Konráðsdóttur, ekkju Björns Jónassonar fiskimatsmanns. — Bréf 12. nóv. (Db. 200).
15. Umsögn fjmrn. um erindi Jóns Sveinbjörnssonar, þar sem hann fer þess á leit, að honum verði ákveðin 5500 kr. eftirlaun í fjárl. — Bréf 7. des. (Db. 478).
16. Umsögn póst- og símamálastjórnarinnar um eftirlaun til handa Jósef Elíassyni, pósti, ef hann lætur af störfum. — Bréf 12. nóv. (Db. 194).
17. Umsögn samgmrn. um hækkun eftirlauna Friðriks Jónssonar, fyrrv. pósts, og um að veita Sigurbjörgu Guðmundsdóttur, póstsekkju, eftirlaun manns síns. — Bréf 13. nóv. (Db. 226).
18. Utanrn. spyrst fyrir um eftirlaun til handa Jóni Sveinbjörnssyni, fyrrv. konungsritara. — Bréf 11. jan. (Db. 531).

Eftirlit með skipum. Fiskifélag Íslands sendir umsögn fiskiþings 1945 um frv. til l. um eftirlit með skipum. — Bréf 16. febr. (Db. 569).

Eftirlitsmaður bæjar- og sveitarfélaga, sjá Bygging íbúðarhúsa 5.

Eftirlitsmenn kirkjukóra. Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar fer þess á leit, að veittar verði eitt þúsund kr. til hvers prófastsdæmis til að launa aðstoðarmann til eftirlits með starfi kirkjukóranna. — Bréf 3. okt. (Db. 132). — Sjá einnig: Kennsla í orgelleik 1.

Egill Sigurðsson, sjá Skeljasandur.

Eignahreyfingar ríkissjóðs.

1. Ríkisbókhaldið sendir fjvn. greinargerð um greiðslur samkv. 19. og 22. gr. fjárl. fyrir árið 1945 á tímabilinu 1. jan. til 31. okt. 1945 og um eignahreyfingar og greiðsluyfirlit á sama tíma. — Bréflaust. (Db. 419).

2. Ríkisbókhaldið sendir skýringar um eignahreyfingar 1944. — Bréflaust. (Db. 730).
3. Ríkisbókhaldið sendir skýrslu um eignahreyfingar 1944 og sjóðsyfirlit ríkissjóðs frá 1. jan. til 30. sept. 1945. — Bréflaust. (Db. 729).
4. Ríkisbókhaldið sendir skýrslu um eignahreyfingar og sjóðsyfirlit ríkissjóðs 1944. — Bréflaust. (Db. 728).

Eignar- og notkunarréttur jarðhita, sjá Jarðhiti.
Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv., sjá Varaþingmenn 4.
Einar Sturluson, sjá Námsstyrkir 3.
Einkasala á áfengi, sjá Lyfsölulög.
Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn., sjá Vegamál 2—3.
Eiríkur Guðjónsson, sjá Afnotagjald útvarpsnotenda 1.
Elías Hannesson, sjá Sementsvinnsla.
Elliheimilið Grund. Stjórn elli- og hjúkrunarheimilisins Grund fer þess á leit, að veittar verði úr ríkissjóði 50 þús. kr. á ári í sex ár til elli- og hjúkrunarheimilisins. — Bréf 26. nóv. (Db. 339).
Embættisbústaður sýslumanns Árnessýslu. Sýslunefnd Árnessýslu fer þess á leit, að veittar verði allt að 267 þús. kr. til að koma upp embættisbústað fyrir sýslumanninn á Selfossi, gegn greiðslu ⅓ kostnaðar úr héraði. — Bréf 31. okt. (Db. 150).
Emil Jónsson, þm. Hafnf., sjá Húðun steinsteypuveggja.
Emilía, María, sjá Ríkisborgararéttur.
Endurbygging Þjórsárbrúar.
1. Umsögn vegamálastjóra um till. til þál. um endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá. — Bréf 1. marz. (Db. 609).
2. Umsögn vegamálastjóra um till. til þál. um endurbyggingu Þjórsárbrúar. — Bréf 1. apríl. (Db. 661).

Endurbyggingarstyrkir, sjá Tillögur, nýbýlastjórn ríkisins.
Endurskoðunarmenn Búnaðarbanka Íslands. Atv.- og samgmrn. vekur athygli landbúnaðarnefnda Alþingis á því, að þeim beri að tilnefna tvo endurskoðunarmenn Búnaðarbanka Íslands. — Bréf 12. apríl. (Db. 679).
Erik Ingvar Ingvarsson, sjá Ríkisborgararéttur.
Erlendir vísindamenn. Menntmrn. mælir með erindi Háskóla Íslands, dags. 20. nóv., þar sem þess er farið á leit, að 20 þús. kr. verði veittar til að greiða kostnað við komu erlendra vísindamanna til fyrirlestrahalds og við sumarnámskeið fyrir erlenda stúdenta. — Bréf 3. des. (Db. 408).
Eysteinn Jónsson, 2. þm. S.-M., sjá Flóabátaferðir 11.

Fangahús í Hafnarfirði. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði fer þess á leit, að veittar verði í fjárl. næsta árs 45 þús. kr. til byggingar fangahúss í Hafnarfirði. — Bréf 20. nóv. (Db. 280).
Fangaklefar lögreglustöðvarinnar, sjá Tillögur, dómsmrn.
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sjá: Atvinna við siglingar 4, Bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiði 1, Eftirlaun og styrktarfé 3, Fjarskipti, Framleiðslukostnaður sjávarafurða 1, Matsveina- og veitingaþjónaskóli Íslands, Slysatrygging sjómanna, Stríðsslysabætur sjómanna.
Fasteignaeigendafélag Reykjavíkur, sjá Húsaleigulögin 1—2, 4.
Felicia, María, sjá Ríkisborgararéttur.
Ferðakostnaður matsmanna, sjá Fiskimat.
Félag gagnfræðaskólakennara, sjá Gagnfræðanám.
Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, sjá Friðun Faxaflóa 2.
Félag ísl. efnafræðinga, sjá Atvinnudeild háskólans 4.
Félag ísl. iðnrekenda, sjá Innlendar tollvörur.
Félag íslenzkra rafvirkjameistara, sjá Raforkulög.

Félag íslenzkra tónlistarmanna, sjá Innflutningstollur af hljóðfærum.
Félag járniðnaðarmanna, sjá Herstöðvar á Íslandi 1.
Félag löggiltra rafvirkjameistara, sjá Raforkulög.
Félagaheimili. Íþróttafulltrúinn skorar á Alþingi að setja lög um aðstoð ríkisins við byggingu félagaheimila, sem taki til allra byggðarlaga landsins. — Bréf 20. febr. (Db. 591—593).
Félagið Tækni, sjá Verkfræðingar 1.
Félagsdómur. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. svar hæstaréttar, dags. 3. des., við till. fjvn. um, að störf félagsdóms verði lögð undir hæstarétt. — Bréf 5. des. (Db. 418). — Sjá einnig Tillögur.
Félagslegt öryggi. Atv.- og samgmrn. sendir bréf sendiráðs Íslands í Washington, dags. 25. f. m., ásamt fylgiskjali, um félagslegt öryggi í Bandaríkjunum. — Bréf 22. marz. (Db. 644).
Félagsmrn., sjá: Framleiðslubótafé, Stríðsslysabætur sjómanna, Útsvarslögin.
Fiskibátar, sjá Svíþjóðarbátar.
Fiskideildin Báran, Akranesi, sjá Fiskimálanefnd 1.
Fiskifélag Íslands, sjá: Aðflutningsgjöld af skipum 1, Atvinna við siglingar 1—2, Bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiði 2—4, Beitumál, Bygging fiskiskipa, Eftirlit með skipum, Fiskimálasjóður 1, Fiskveiðasjóður Íslands 3, Síldar- og fiskimjölsverksmiðja, Tillögur, Vélar í fiskiskip 1.
Fiskimat. Fjmrn. svarar bréfi fjvn., dags. 3. þ. m., um fiskimat, ferðakostnað vegna síldarmats og ferðakostnað matsmanna. — Bréf 12. nóv. (Db. 199).
Fiskimatsmenn. Atvmrn. skrifar um skiptingu fjárveitingar til fiskimatsmanna. — Bréf 15. nóv. (Db. 245).
Fiskimatsstjóri, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 14, Tillögur.
Fiskimálanefnd.
1. Fiskideildin Báran á Akranesi skorar á Alþingi það, er nú situr, að samþykkja frv. Péturs Ottesen, þm. Borgf., um að leggja starfsemi fiskimálanefndar undir Fiskifélag Íslands. — Bréf 28. okt. (Db. 139).
2. Fjmrn. sendir rekstrarreikning fiskimálanefndar árið 1944 og yfirlit yfir rekstur nefndarinnar 1. jan. til 30. sept. 1945. — Bréf 27. nóv. (Db. 351).
3. Sjómannafélagið Jötunn og vélstjórafélag Vestmannaeyja senda ályktun fundar, sem haldinn var að tilhlutan þeirra, þar sem lýst er ánægju yfir ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og fiskimálanefndar til hækkunar á fiskverði til framleiðenda á síðastliðinni vertíð og til að tryggja nægan skipastól til flutninga, en mótmælt árásum á fiskimálanefnd í því sambandi og skorað á Alþingi að fella fram komið frv. um að leggja fiskimálanefnd niður. — Bréf 12. nóv. (Db. 501).
4. Umsögn sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um frv. Péturs Ottesen, þm. Borgf., um að fela stjórn Fiskifélags Íslands störf fiskimálanefndar. — Bréf 27. nóv. (Db. 385).

— Sjá einnig Fiskimálasjóður 1.
Fiskimálasjóður.
1. Umsögn Fiskifélags Íslands um frv. til l. um fiskimálasjóð, markaðsleit sjávarafurða, útflutning á fiski o. fl. og frv. til l. um að fela stjórn Fiskifélags Íslands störf fiskimálanefndar. — Bréf 10. nóv. (Db. 208).
2. Umsögn sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um frv. til l. um fiskimálasjóð, markaðsleit sjávarafurða, útflutning á fiski o. fl. Enn fremur áskorun til Alþingis um að samþykkja frv. til l. um fiskveiðasjóð, sem nýbyggingarráð hefur látið semja. — Bréf 27. nóv. (Db. 386).

Fiskimálastjóri, sjá Tollskrá.
Fiski- og fiskiðnaðarrannsóknarstofnun. Atvmrh. sendir fjvn. greinargerð Þórðar Þorbjarnarsonar og Árna Friðrikssonar um fiski- og fiskiðnaðarrannsóknar-

stofnun og fer þess á leit, að veittar verði 200 þús. kr. til byggingar fyrir stofnunina í fjárl. næsta árs. — Bréf 27. nóv. (Db. 373).

Fiskirannsóknir í Hamarsfirði. Atvinnudeild háskólans ritar fjvn. um till. til þál. um fiskirannsóknir í Hamarsfirði, S.-Múlasýslu. — Bréf 15. febr. (Db. 563). — Sjá einnig Fiskiræktarstöð.

Fiskiræktarstöð. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Þjálfi í Neskaupstað skorar á Alþingi: 1) að friða Hamarsfjörð í S.-Múlasýslu fyrir öllum veiðum með dragnót, 2) að rannsaka möguleika á því að gera Hamarsfjörð að fiskiræktarstöð, 3) að friða ekki að ástæðulausu dragnótaveiðisvæði, 4) að afnema réttindi útlendinga til veiða í landhelgi, og 5) að merkja á sjókortum svæði, sem dragnótaveiði er bönnuð á. — Bréflaust. (Db. 84). — Sjá einnig Fiskirannsóknir í Hamarsfirði.

Fiskiþingið, sjá: Aðflutningsgjöld af skipum 2, Atvinna við siglingar 1—2, Eftirlit með skipum, Framleiðslukostnaður sjávarafurða 2.

Fiskumbúðir. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna fer þess á leit við fjhn. beggja deilda, að þær flytji á Alþingi frv. til l. um að fella úr gildi núverandi innflutningstolla af pappaöskjum og pappír, sem notaður er til fiskumbúða. — Bréf 20. okt. (Db. 122).

Fiskveiðasjóður Íslands.

1. Bæjarstjórinn á Seyðisfirði sendir ályktun bæjarstjórnar, þar sem skorað er á Alþingi að samþ. frv. nýbyggingarráðs um fiskveiðasjóð Íslands og um breyt. á l. um nýbyggingarráð. — Bréf 10. okt. (Db. 94).
2. Bæjarstjórinn í Ólafsfirði sendir ályktun bæjarstjórnar, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja frv. nýbyggingarráðs um fiskveiðasjóð Íslands. — Bréf 27. nóv. (Db. 442).
3. Fiskifélag Íslands sendir sjútvn. Nd. brtt. félagsstjórnar við frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands. — Bréf 21. febr. (Db. 584).
4. Fiskveiðasjóður Íslands sendir sjútvn. Ed. ársreikning sjóðsins fyrir árið 1945. — Bréflaust. (Db. 570).
5. Fiskveiðasjóður Íslands sendir sjútvn. Nd. ársreikning sjóðsins fyrir árið 1945. — Bréflaust. (Db. 555).
6. Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps skorar á Alþingi að samþykkja frv. nýbyggingarráðs um Fiskveiðasjóð Íslands, sem nú liggur fyrir þinginu. — Símskeyti 14. febr. (Db. 559).
7. Nýbyggingarráð sendir svör ráðsins við athugasemdum Landsbanka Íslands um tillögur nýbyggingarráðs til eflingar fiskveiðasjóði. — Bréf 15. nóv. (Db. 240, 241).
8. Sjómannafélagið Jötunn og vélstjórafélag Vestmannaeyja senda ályktun fundar, sem haldinn var að þeirra tilhlutan, þar sem fagnað er ráðstöfunum nýbyggingarráðs og ríkisstjórnarinnar til aukningar skipastólsins og annarrar nýsköpunar, talið nauðsynlegt að tryggja þeim, sem ráðast vilja í einhverjar framkvæmdir á þessu sviði, sem hagfelldust stofnlán með vægum vaxtakjörum og skorað á Alþingi í því sambandi að samþ. frv. nýbyggingarráðs um fiskveiðasjóð Íslands. — Bréf 12. nóv. (Db. 502).
9. Umsögn landssambands ísl. útvegsmanna og sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um frv. til l. um fiskveiðasjóð Íslands, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi. — Bréf 21. febr. (Db. 596).
10. Verkamannafélag Húsavíkur skorar á Alþingi að samþ. frv. nýbyggingarráðs um fiskveiðasjóð Íslands. — Símskeyti 17. des. (Db. 517).

— Sjá einnig Fiskimálanefnd.

Fjarskipti. Umsögn póst- og símamálastjórnar um erindi 9. sambandsþings farmanna- og fiskimannasambands Íslands varðandi breytingu á lögum um fjarskipti. — Bréf 27. nóv. (Db. 366).

Fjármálarn., sjá: Bændaskólinn á Hólum 3, Bændaskólinn á Hvanneyri 2, Craigie,

William, Dofri, Steinn, Drykkjumannahæli að Kaldaðarnesi 2, Dýralækningar 2, Eftirgjöf á tolli 1—3, Eftirlaun og styrktarfé 4—6, 15, Fiskimat, Fiskimálanefnd 2, Forseti Íslands 1—2, Framsagnarkennsla 1, Fræðimannastyrkur, Fræðslustarfsemi, Gagnfræðaskólar 1, Garðyrkjuskólinn á Reykjum 1, Hafrannsóknaskip, Halldór Pálsson forstjóri, Handíðaskólinn, Hraðritunarkennsla, Húsmæðraskólar, Húsnæði, Iðnskólar 1—2, Innlendar tollvörur 2, Íslandsdeild norræna búfræðifélagsins 1, Íþróttaför um Austurland 1, Íþróttastarfsemi, Kleppsbúið, Landsbókasafnið 1, Laun presta, Leiklist 1—2, Lögreglustjórinn í Bolungavík, Læknisbústaðir, Mæðrastyrksnefndir, Námsflokkar, Rannsókn á þaragróðri, Rannsókn byggingarefnis, Ræktunarsjóður, Sjómannaskóli, Sjó- og sandvarnargarðar, Skáldalaun og listamanna 1, Skrifstofustjóri Alþingis, Sýslubókasöfn, Söngför til Norður-Ameríku og Kanada, Söngför um Norðurlönd, Söngvasafnið Ljóð og lög, Tekjur og gjöld ríkissjóðs 1, Tillögur, Tilraunaráð jarðræktar, Tollur af hjólbörðum, Tónlistarfélag Akureyrar, Tóvinnuskóli að Svalbarðsströnd, Unglingafræðsla utan kaupstaða, Uppeldisheimili, Vegamál 4—6, Vörumerkjaskrárritari, Þjóðminjasafnið 2, Ætt- og mannfræði.

Fjórðungssamband Norðlendinga, sjá Vöruflutningar.

Fjórðungssjúkrahús á Akureyri, sjá Sjúkrahús á Akureyri.

Fjórðungsþing Austfirðinga. Stjórn fjórðungsþings Austfirðinga sendir Alþingi nokkrar ályktanir, samþykktar á fjórðungsþingi Austfirðinga, sem haldið var á Seyðisfirði 15. og 16. f. m. — Bréf 28. sept. (Db. 57). — Sjá einnig Togaraútgerð utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Fjórðungsþing fiskideilda Sunnlendingafjórðungs, sjá Friðun Faxaflóa 1.

Fjölgun iðnnema, sjá Iðnskólar 4.

Fjörefnarannsóknir, sjá Rannsókn byggingarefnis.

Flóabátaferðir.

1. Breiðafjarðarbáturinn Norðri h/f sækir um styrk til áætlunarferða um norðanverðan Breiðafjörð. — Bréf 9. nóv. (Db. 218).
2. Bæjarstjórinn á Akranesi gerir grein fyrir afstöðu bæjarstjórnar til samvinnu við Skallagrím h/f um samgöngur á sjó á leiðinni: Reykjavík—Akranes—Borgarnes. — Bréf 7. nóv. (Db. 191).
3. Djúpbáturinn h/f, Ísafirði, fer þess á leit, að félaginu verði veittar 105 þús. kr. á næsta ári, þ. e. $^{3}/_{5}$ kostnaðar við að setja nýja vél og dýptarmæli í m/s Fagranes. — Bréf 23. okt. (Db. 156).
4. Djúpbáturinn h/f, Ísafirði, fer þess á leit, að fjárveiting til félagsins verði hækkuð um 50 þús. kr. á næsta ári. — Bréf 23. okt. (Db. 155).
5. Fjvn. leitar umsagnar samvinnunefndar samgöngumála um umsóknir um flóabátastyrki. — 4 fskj. (Db. 1945 nr. 119, 144, 155, 156). — Bréf 5. nóv. (Db. 159).
6. Kaupfélag Hellissands skorar á Alþingi að verða við beiðni Kaupfélags Stykkishólms og Lárusar Guðmundssonar um styrk til byggingar nýs flóabáts við Breiðafjörð. — Símskeyti 8. des. (Db. 447).
7. Kaupfélag Hvammsfjarðar mælir með beiðni Kaupfélags Stykkishólms og Lárusar Guðmundssonar um byggingar- og rekstrarstyrk til flóabáts til áætlunarferða um sunnanverðan Breiðafjörð, Hvammsfjörð og Gilsfjörð. — Bréf 15. nóv. (Db. 316).
8. Kaupfélag Stykkishólms og Lárus Guðmundsson sækja um 100 þús. kr. styrk til byggingar flóabáts til áætlunarferða um sunnanverðan Breiðafjörð og Gilsfjörð og 70 þús. kr. rekstrarstyrk fyrir sama bát. — Bréf 10. nóv. (Db. 232).
9. Kristinn Andrésson, 7. landsk. þm., fer þess á leit, fyrir hönd oddvitans í Flatey á Skjálfanda, að styrkurinn til flóabátsins, sem heldur uppi ferðum

milli Flateyjar og Húsavíkur, verði hækkaður úr 7 þús. kr. upp í 12 þús. kr. í fjárl. næsta árs. — Bréf 23. nóv. (Db. 325).

10. Oddviti Hríseyjarhrepps fer þess á leit, að veittar verði 10 þús. kr. til þess að kaupa og endurbæta bát til fólksflutninga milli Hríseyjar og lands, og auk þess 2 þús. kr. árlegur rekstrarstyrkur vegna sama báts. — Bréf 24. sept. (Db. 144).
11. Samgmrn. sendir erindi Eysteins Jónssonar, 2. þm. S.-M., varðandi aukinn styrk til Garðars Jónssonar útgerðarm., Reyðarfirði, vegna bátaferða milli Kolmúla og Reyðarfjarðar s. l. sumar. — Bréf 12. nóv. (Db. 192).
12. Sigurður Norland fer þess á leit, að flóabáturinn á Húnaflóa verði látinn koma við í Hindisvík 4 sinnum á sumri. — Bréf 5. nóv. (Db. 160).
13. Sigurður Pétursson frá Reykjarfirði fer þess á leit, að greiddur verði úr ríkissjóði halli á rekstri flóabáts á Húnaflóa. — Bréf 18. okt. (Db. 91).
14. Skallagrímur h/f sækir um 180 þús. kr. styrk úr ríkissjóði vegna Akranessferða s. l. vetur. — Bréf 9. okt. (Db. 92).
15. Starfsnefnd Mjóafjarðar fer þess á leit, að veittar verði 13 þús. kr. í fjárl. næsta árs til báts til áætlunarferða milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar. — Bréf 25. okt. (Db. 322).
16. Stjórn Breiðafjarðabátsins Norðra h/f fer þess á leit, að veittar verði 116 þús. kr. til greiðslu viðgerðarkostnaðar við flóabát félagsins. — Bréf 17. okt. (Db. 119).
17. Stjórn Kaupfélags Króksfjarðar mælir mjög eindregið með smíði nýs flóabáts til vöruflutninga um Breiðafjörð. — Bréf 8. febr. (Db. 583).
18. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu fer þess á leit, fyrir hönd sýslunefnda Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu, að félaginu Breiðafjarðarbáturinn Norðri h/f verði veittur styrkur vegna viðgerðarkostnaðar við bát félagsins. — Bréf 21. sept. 1945. (Db. 37).
19. Umsögn skipaútgerðar ríkisins um till. til þál. um byggingarstyrk til flóabáts fyrir sunnanverðan Breiðafjörð. — Bréf 3. apríl. (Db. 663).

Flugmálastjóri, sjá Tillögur.

Flutningur hengibrúar. Samgmrh. tilkynnir, að hann sé reiðubúinn að svara fyrirspurn um flutning hengibrúar, hvenær sem óskað kann að verða. — Bréf 13. nóv. (Db. 211).

Flutningur Ölfusárbrúar. Umsögn vegamálastjóra um framkomnar till. til þál. um flutning Ölfusárbrúar og um brúargerð á Hvítá hjá Iðu. — Bréf 25. febr. (Db. 600).

Forkaupsréttur, sjá Kjappeyrarland.

Forseti Íslands.

1. Fjmrn. sendir fjvn. yfirlit yfir greiðslur vegna ríkisstjóra- og forsetaembættis árin 1941—1944. — Bréflaust. (Db. 274).
2. Fjmrn. svarar fyrirspurnum fjvn. um fjárveitingu til forseta Íslands og kostnað við byggingar á Bessastöðum. — Bréf 13. nóv. (Db. 711).
3. Skrifstofa forseta Íslands sendir Alþingi drengskaparheit forseta Íslands um að halda stjórnarskrána. — Bréf 3. ágúst. (Db. 14). — Sjá einnig Tillögur.

Forsrn., sjá Glímufélagið Ármann.

Framfærslumálanefnd, sjá framleiðslubótafé.

Framhaldsnám búfræðinga. Fjmrn. sendir fjvn. bréf Búnaðarfélags Íslands, dags. 25. júní, um fjárveitingu til framhaldsnáms búfræðinga. (Db. 60).

Framkvæmdastjórn Hallveigarstaða, sjá Hallveigarstaðir.

Framleiðslubótafé. Félmrn. sendir bréf framfærslumálanefndar, dags. 14. þ. m., ásamt skýrslu um styrkveitingar af framleiðslubótafé árið 1945. — Bréf 15. nóv. (Db. 246).

Framleiðslukostnaður sjávarafurða.
1. Umsögn farmanna- og fiskimannasambands Íslands um till. Eysteins Jónssonar, 2. þm. S.-M., á þskj. 55, um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins. — Bréf 3. des. (Db. 412).
2. Umsögn fiskiþingsins um till. Eysteins Jónssonar, 2. þm. S.-M., um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins, á þskj. 55. — Bréf 5. des. (Db. 417).

Framleiðsluráð landbúnaðarins. Stjórn stéttarsambands bænda skorar á ríkisstjórn og Alþingi að fela fulltrúum bænda verðlagsmál landbúnaðarins og samþ. frv. til l. um framleiðsluráð landbúnaðarins og verðskráning og verðmiðlun á landbúnaðarvörum, sem lagt verði fyrir yfirstandandi Alþingi. — Bréf 9. okt. (Db. 70).

Framsagnarkennsla.
1. Fjmrn. sendir fjvn. bréf Sigurðar Skúlasonar, dags. 1. júlí, um styrk til framsagnarkennslu. (Db. 59).
2. Jón Norðfjörð leikari fer þess á leit, að sér verði veittur styrkur til kennslu í framsögn, taltækni og leiklist í fjárl. fyrir árið 1946. — Bréf 1. okt. (Db. 54).

Freðfiskimatsstjóri, sjá Tillögur.
Freymóður Jóhannesson, sjá Byggingarstyrkir listamanna 1.
Friðrik Jónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 9, 17.

Friðun Faxaflóa.
1. Fjórðungsþing fiskideilda Sunnlendingafjórðungs skorar á Alþingi og ríkisstjórn að beita sér fyrir friðun Faxaflóa fyrir veiðum með botnvörpu eða öðrum svipuðum veiðarfærum og lýsir yfir fylgi sínu við frv. Péturs Ottesen, þm. Borgf., um friðun Faxaflóa. — Bréf 19. nóv. (Db. 283).
2. Umsögn félags ísl. botnvörpuskipaeigenda um frv. til l. um friðun Faxaflóa. — Bréf 12. des. (Db. 465).

— Sjá einnig Bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiði 1—4.

Friðun Hamarsfjarðar, sjá Fiskiræktarstöð.
Friedlaender, Heinz Karl, sjá Ríkisborgararéttur.
Frodesen, O. Jul, sjá Þjóðhátíðardagur 1.

Fræðimannastyrkur. Fjmrn. sendir skýrslu Menntamálaráðs Íslands um úthlutun fræðimannastyrks, að upphæð kr. 30 þús. — Bréflaust. (Db. 203).

Fræðsla barna. Bæjarstjórinn í Ólafsfirði sendir ályktun bæjarstjórnar, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja frv. það til laga um fræðslu barna, sem liggur fyrir Alþingi. — Bréf 27. nóv. (Db. 441).

Fræðslulög. Skólanefnd Ólafsfjarðar skorar á Alþingi að samþykkja frv. það til fræðslulaga, er liggur fyrir þinginu. — Símskeyti 9. febr. (Db. 551).

Fræðslumálastjóri, sjá: Bygging barnaskóla 2, Gagnfræðaskólar 2—3, Heimavistarskólar, Héraðsskóli í Skógum, Héraðsskólinn á Reykjum 2, Húsmæðraskólar í kaupstöðum, Íþróttakennaraskóli Íslands 1, Kennarar við gagnfræðaskóla, Námsflokkar, Söngkennsla í skólum, Tillögur, Þroskastig skólabarna.

Fræðslustarfsemi. Fjmrn. sendir fjvn. bréf Alþýðusambands Íslands, dags. 23. júlí, um styrk til fræðslustarfsemi. (Db. 59).

Fulltrúar Íslands erlendis.
1. Utanrn. gerir fjvn. grein fyrir svörum sendiráða Íslands erlendis um verðlagsvísitölu í hinum ýmsu löndum, þar sem sendiráðin eru. — Bréf 1. nóv. (Db. 710).
2. Utanrn. sendir fjvn. nýjar tillögur um launagreiðslur til starfsmanna utanrn. erlendis. — Bréf 22. nóv. (Db. 313).
3. Utanrn. sendir fjvn. skrá yfirlaun fulltrúa Íslands erlendis. — Bréflaust. (Db. 270).

Fyrirhleðsla á Þverárbökkum.
1. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang., sendir beiðni 19 bænda, búsettra neðan Þverár í Rangárvallasýslu, um fjárveitingu til að lengja og styrkja varnargarð á Þverárbökkum. — Bréf 28. nóv. (Db. 360).
2. Vegamálastjóri endursendir erindi um varnargarð á Þverárbökkum. — Bréf 15. jan. (Db. 535).

Fyrirhleðsla í Grjótá.
1. Búnaðarfélag Íslands sendir kostnaðaráætlun um fyrirhleðslu í Grjótá í Mýrahreppi í A.-Skaftafellssýslu. — Bréf 20. nóv. (Db. 483).
2. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk., fer þess á leit, að veittar verði 12 þús. kr. til fyrirhleðslu í Grjótá og 6 þús. kr. til fyrirhleðslu í Staðará. — Bréf 11. des. (Db. 484).

Fyrirhleðsla í Staðará, sjá Fyrirhleðsla í Grjótá 2.

Fyrirhleðsla í Þverá og Markarfljót. Vegamálastjóri upplýsir, að á þessu ári muni verða unnið fyrir um 310 þús. kr. að fyrirhleðslu í Þverá og Markarfljót. — Bréf 22. nóv. (Db. 391).

Fyrirhleðslur, sjá Vegamál 13.

Fyrirlestrar erlendra vísindamanna, sjá Erlendir vísindamenn.

Fyrningarsjóður, sjá Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir.

Gagnfræðanám. Stjórn félags gagnfræðaskólakennara leggur til, að gerð verði tiltekin breyting á frv. til l. um gagnfræðanám. — Bréf 19. marz. (Db. 636). — Sjá einnig Kennarar við gagnfræðaskóla.

Gagnfræðaskólar.
1. Fjmrn. sendir fjvn. bréf milliþinganefndar í skólamálum, dags. 10. ágúst, um væntanlega fjárþörf til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla. — Bréf 9. okt. (Db. 59).
2. Fræðslumálastjóri gerir tillögur um skiptingu fyrirhugaðra fjárveitinga 1946 til byggingar gagnfræða-, héraðs- og húsmæðraskóla. — Bréf 13. des. (Db. 723).
3. Fræðslumálastjóri sendir áætlun um skólabyggingar fyrir gagnfræða-, héraðs- og barnaskóla. — Bréflaust. (Db. 526).

Garðar Jónsson, sjá Flóabátaferðir 11.

Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf., sjá: Eftirlaun og styrktarfé 2, Vegamál 4.

Garðyrkjufélag Íslands, sjá Garðyrkjusýning.

Garðyrkjuskólinn á Reykjum.
1. Fjmrn. sendir fjvn. reikning garðyrkjuskólans á Reykjum í Hveragerði árið 1944. — Bréflaust. (Db. 249).
2. Íþróttafulltrúi ríkisins mælir með því, að garðyrkjuskólanum á Reykjum í Hveragerði verði veittur 50 þús. kr. styrkur til fimleikahúss, sem Ungmennafélag Ölfushrepps ætlar að byggja í Hveragerði með stuðningi skólanefndar Ölfusskólahverfis, forstöðukonu húsmæðraskólans að Hverabökkum og garðyrkjuskólans. — Bréf 10. nóv. (Db. 216). — Sjá einnig Tillögur.

Garðyrkjusýning. Garðyrkjufélag Íslands fer þess á leit, að því verði veittur 50 þús. kr. styrkur til að halda garðyrkjusýningu á hausti komanda. — Bréf 20. marz. (Db. 658).

Gátnasöfnun. Helgi Kristinsson frá Þórustöðum fer þess á leit, að honum verði veittur 1 þús. kr. styrkur til gátnasöfnunar og annarra ritstarfa. — Bréf 4. nóv. (Db. 181).

Gerfismiðir, sjá Iðnskólar 4.

Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ., tilkynnir, að hann hafi sagt af sér þingmennsku sakir vanheilsu. — Bréf 4. ágúst. (Db. 20).

Gísli Kristjánsson, sjá Vinnuþörf landbúnaðarins.

Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm., sjá: Sjó- og sandvarnargarður, Vegamál 3, 7.

Gjald af innlendum tollvörum, sjá Innlendar tollvörur.
Gjöf Jóns Sigurðssonar. Dóms- og kirkjumrn. sendir skýrslu um „Gjöf Jóns Sigurðssonar" fyrir tímabilið 1. jan. 1943 til 31. des. 1944. — Bréf 11. ágúst. (Db. 17).
Glaumbær, sjá Landsbókasafnið 1.
Glímufélagið Ármann. Forsrn. sendir fjvn. til afgreiðslu erindi Glímufélagsins Ármanns, þar sem beiðzt er 20 þús. kr. styrks til utanfarar og erindi söngfélagsins Hörpu um 24 þús. kr. styrk til að sækja söngmót í Kaupmannahöfn. — Bréf 12. apríl. (Db. 680). — Sjá einnig Íþróttaför um Austurland.
Goldstein, Peter Lothar, sjá Ríkisborgararéttur.
Greinargerð um fjármál, sjá Nýbyggingarráð 2.
Grenjaðarstaður, sjá Landsbókasafnið 1.
Grænmetisverzlun ríkisins, sjá Tillögur.
Guðfræðideild háskólans, sjá: Dósent í guðfræðideild háskólans, Kennsla í orgelleik 2.
Guðjón Samúelsson húsameistari, sjá Húðun steinsteypuveggja.
Guðmundur Jónsson á Hvanneyri, sjá Búreikningar.
Guðrún Indriðadóttir, sjá Viðurkenningarlaun 2.
Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 2.
Gunnlaugur Scheving, sjá Byggingarstyrkir listamanna 2.
Göhlsdorf, Elisabeth, sjá Ríkisborgararéttur.

Hafnargerðir og lendingarbætur.

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf., fer þess á leit, að veittar verði 200 þús. kr. til innri hafnar á Siglufirði. — Bréf 13. nóv. (Db. 221).
2. Bæjarstjórinn á Akranesi fer þess á leit, að 1 millj. kr. verði veitt í fjárl. næsta árs til hafnargerðar á Akranesi. — Bréf 19. nóv. (Db. 395).
3. Hafnarnefnd Hríseyjarhrepps fer þess á leit, að veittar verði á næsta ári 150 þús. kr. til hafnarframkvæmda í Hrísey. — Bréf 20. okt. (Db. 145).
4. Hafnarnefnd Járngerðarstaðahverfis fer þess á leit, að veittar verði 100 þús. kr. til lendingarbóta í Grindavík og að jafnframt verði Grindavíkurhreppi veitt ríkisábyrgð fyrir sömu upphæð í sama skyni. — Bréf ódags. (Db. 215).
5. Hafnarnefnd Stokkseyrarhrepps fer þess á leit, að veittar verði 30 þús. kr. til lendingarbóta á Stokkseyri. — Bréf 26. nóv. (Db. 361).
6. Hreppsnefnd Hvammstangahrepps fer þess á leit, að í fjárl. næsta árs verði veitt fé til hafnargerðar á Hvammstanga. — Bréf 28. nóv. (Db. 381).
7. Hreppsnefnd Miðneshrepps fer þess á leit, að veittar verði á árinu 1946 2,3 millj. kr., sem framlag ríkissjóðs og ábyrgð til lendingarbóta í Sandgerði. — Bréf 2. nóv. (Db. 170).
8. Hreppsnefnd Miðneshrepps sendir tilboð hlutafélaganna Garður og Miðnes um sölu á bryggjum og landi í Sandgerði. — Bréf 24. nóv. (Db. 354).
9. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ., fer þess á leit, að veitt verði í fjárl. næsta árs fé til ýmissa verklegra framkvæmda í S.-Þingeyjarsýslu, svo sem: hafnargerðar í Húsavík, lendingarbóta í Flatey, héraðsskólans á Laugum, húsmæðraskólans á Laugum og vegagerða. — Bréf 19. nóv. (Db. 342).
10. Oddviti Húsavíkurhrepps fer þess á leit, að veitt verði nauðsynlegt fé til hafnargerðarinnar í Húsavík. — Símskeyti 19. nóv. (Db. 265).
11. Sýslunefnd Árnessýslu fer þess á leit, að veittar verði úr ríkissjóði til lendingarbóta í Þorlákshöfn kr. 1080000.00, gegn jafnmiklu framlagi úr héraði. — Bréf 5. nóv. (Db. 180).
12. 24 útgerðarmenn og bændur í Bjarnarfirði fara þess á leit, að veittar verði 15—20 þús. kr. til lendingarbóta að Kaldrananesi við Bjarnarfjörð. — Bréf 25. okt. (Db. 205).

13. Vitamálastjóri gerir grein fyrir nauðsynlegri fjárveitingu í fjárl. næsta árs til hafnargerðar á Sauðárkróki. — Bréf 27. nóv. (Db. 376).
14. Vitamálastjóri leggur til, að hækkaðir verði nokkrir liðir varðandi vita- og hafnarmál í fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir Alþingi. — Bréf 1. nóv. (Db. 154).
15. Vitamálastjóri sendir fjvn. kostnaðaráætlun um ýmsar hafnarframkvæmdir á Hofsósi. — Bréf 23. nóv. (Db. 375).
16. Vitamálastjóri sendir, samkv. beiðni formanns hafnarnefndar Ólafsfjarðar, yfirlit um kostnað við hafnargerð í Ólafsfirði árin 1941—1944. — Bréf 28. nóv. (Db. 359).
17. Vitamálastjóri sendir tillögur sínar um fjárveitingu til hafnargerða og lendingarbóta í fjárl. fyrir árið 1946, ásamt tillögu um skiptingu hennar. — Bréf 12. nóv. (Db. 206). — Sjá einnig: Vegamál 8, 12, 13.

Hafnarnefnd Hornafjarðar, sjá Landshöfn í Hornafirði 2.
Hafnarnefnd Hríseyjarhrepps, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 3.
Hafnarnefnd Járngerðarstaðahverfis, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 4.
Hafnarnefnd Ólafsfjarðar, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 16.
Hafnarnefnd Stokkseyrarhrepps, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 5.
Hafrannsóknaskip. Fjmrn. sendir fjvn. bréf atvinnudeildar háskólans, dags. 10. sept., um fjárveitingu til hafrannsóknaskips. (Db. 60).
Hafsteinn Bergþórsson, sjá Botnvörpuveiðar.
Hagsmunamál fiskimanna, sjá Sjálfstæðismál Íslendinga.
Hagstofa Íslands, sjá Tillögur.
Halldór Pálsson, forstjóri. Fjmrn. sendir fjvn. bréf atv.- og samgmrn., dags. 15. þ. m., varðandi laun Halldórs Pálssonar forstjóra, ásamt bréfi Búnaðarfélags Íslands, dags. s. d., og bréfi rannsóknaráðs ríkisins, dags. s. d., um sama efni. — Bréf 16. nóv. (Db. 256).
Halldóra Bjarnadóttir, sjá Tóvinnuskóli að Svalbarðsströnd.
Halldóra Guðjónsdóttir, sjá Landsvistarleyfi.
Hallgrímur Helgason, sjá Söngkennsla í skólum.
Hallveigarstaðir. Framkvæmdastjórn Hallveigarstaða sækir um 100 þús. kr. styrk til byggingar dvalar- og gistiheimilis kvenna. — Bréf 14. nóv. (Db. 237).
Handíðaskólinn. Fjmrn. sendir bréf menntmrn., dags. 29. nóv., ásamt tillögum um fjárveitingu til handíðaskólans á næsta ári. — Bréflaust. (Db. 383).
Hannes Þorsteinsson, dr., sjá Ævisögur læðra manna.
Happdrætti fyrir Ísland. Rektor Háskóla Íslands sendir umsögn happdrættisráðs um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland. — Bréf 12. nóv. (Db. 214).
Happdrættisráð, sjá Happdrætti fyrir Ísland.
Harðfiskur. Landssamband íslenzkra útvegsmanna sendir fjhn. Nd. afrit af bréfi landssambandsins til atvmrn., dags. 22. marz, um að veitt verði einhver verðtrygging á harðfiski. — Bréf 22. marz. (Db. 646).
Háskólaráð, sjá: Menntun kennara 3, Verkfræðingar 3.
Háskólaritari, sjá Prófkostnaður við háskólann.
Háskóli Íslands.
1. Menntmrn. sendir bréf, er það hefur ritað Birni prófasti Magnússyni á Borg, um að skipun hans í dósentsembætti það í guðfræði við Háskóla Íslands, sem stofnað var með lögum nr. 31 12. febr. 1945, sé ráðuneytinu óviðkomandi. — Bréf 19. júní. (Db. 5).
2. Menntmrn. sendir menntmn. Nd. frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936, og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 4. marz. (Db. 616).

— Sjá einnig: Dósentsembætti í guðfræði, Erlendir vísindamenn, Happdrætti fyrir Ísland, Menntun kennara 3, Prófkostnaður við háskólann, Tillögur.

Hegningarhúsið í Reykjavík, sjá Tillögur.
Heilsuhælið í Kristnesi. Stjórn heilsuhælisins í Kristnesi fer þess á leit, að veittar verði 370 þús. kr. til að byggja vinnustofu fyrir hælið, 170 þús. kr. til bygginga þvottahúss og bílgeymslu og 80 þús. kr. til jarðborunar eftir heitu vatni. — Bréf 30. okt. (Db. 176). — Sjá einnig Tillögur.
Heimavistarskólar.
1. Fræðslumálastjóri telur sig þegar hafa sent umsögn um till. til þál. um fjárframlög úr ríkissjóði til verklegrar kennslu í nokkrum heimavistarskólum. — Bréf 13. febr. (Db. 564).
2. Umögn fræðslumálastjóra um till. til þál. um fjárframlög úr ríkissjóði til verklegrar kennslu í nokkrum heimavistarskólum, á þskj. 93. — Bréf 21. nóv. (Db. 318).

Heimavistarskólar í sveitum. Skólanefnd Breiðdalshrepps skorar á Alþingi að samþykkja tillögur milliþinganefndar í skólamálum um framlög ríkisins til heimavistarskóla í sveitum. — Bréf 7. okt. (Db. 72).
Heimilisiðnaðarfélag Íslands. Kvenfélagasamband Íslands óskar umsagnar fjvn. um það, hvort Heimilisiðnaðarfélagi Íslands sé ætlaður hluti af fjárveitingu til sambandsins í fjárl. fyrir árið 1946. — Bréf 1. apríl. (Db. 657).
Heimspekideild Háskóla Íslands, sjá Stefán Einarsson, dr.
Helgi Jónasson, 1. þm. Rang., sjá Vegamál 11.
Helgi Kristinsson, sjá Gátnasöfnun.
Helgi Tryggvason, sjá Hraðritunarkennsla.
Helgi Valtýsson, sjá Hreindýrabú.
Herlufsen, Harry Otto August, sjá Ríkisborgararéttur.
Hermann Jónasson, sjá Vegamál 8.
Herstöðvar á Íslandi.
1. Félag járniðnaðarmanna lýsir sig andvígt því, að nokkru erlendu ríki verði leigðar herstöðvar hér á landi og skorar á íslenzk stjórnarvöld að beita sér af alefli fyrir því, að hið erlenda herlið, sem nú dvelur í landinu, hverfi á brott og að haldnir verði samningar um þetta efni gagnvart þjóð vorri. — Bréf 10. apríl. (Db. 677).
2. Verkalýðsfélag Borgarness skorar á Alþingi og ríkisstjórn að ganga ríkt eftir því, að allt herlið verði sem fyrst flutt burt af landi voru. Jafnframt skorar félagið á ríkisstjórnina að birta opinberlega allt sem farið hefur milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna í herstöðvamálinu. — Bréf 15. apríl. (Db. 687).

Héraðslæknar, sjá Tillögur.
Héraðsmálafundur V.-Ísafjarðarsýslu. Ályktanir 46. þing- og héraðsmálafundar V.-Ísafjarðarsýslu, sem haldinn var á Flateyri 7. og 8. júlí 1945. — Bréflaust. (Db. 12).
Héraðsskóli í Skógum. Fræðslumálastjóri ritar um 350 þús. kr. fjárveitingu til héraðsskólans í Skógum undir Eyjafjöllum. — Bréf 27. nóv. (Db. 356).
Héraðsskóli í Varmahlíð. Sigurður Þórðarson og Jón Sigurðsson, þm. Skagf., fara þess á leit, að veittar verði 300 þús. kr. til byggingar héraðsskóla í Varmahlíð í Skagafirði. — Bréf 31. okt. (Db. 172).
Héraðsskólinn að Laugum, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 9.
Héraðsskólinn á Reykjum.
1. Skólastjóri og formaður skólanefndar héraðsskólans á Reykjum í Hrútafirði sækja um 60 þús. kr. viðbótarstofnstyrk til skólans á þessu ári. — Bréf 5. febr. (Db. 541).
2. Umsögn fræðslumálastjóra um erindi formanns skólanefndar og skólastjóra héraðsskólans á Reykjum í Hrútafirði, dags. 12. þ. m., um stofnstyrk til héraðsskólans. — Bréf 14. febr. (Db. 560).

Héraðsskólinn í Reykholti. Skólanefnd Reykholtsskóla fer þess á leit, að veittur verði 50 þús. króna styrkur til viðhalds Reykholtsskóla í sambandi við væntanlega afhendingu Norðmanna á veglegri gjöf til Íslendinga, þ. e. minnismerki Snorra Sturlusonar. — Bréf 22. okt. (Db. 108).

Hið íslenzka fræðafélag í Kaupmannahöfn þakkar styrk þann, er því hefur verið veittur á stríðsárunum, gerir grein fyrir starfsemi félagsins á þeim árum og fyrirætlunum um starfsemi þess á næstu árum. Félagið fer þess á leit, að það fái að halda þeim styrk framvegis, sem því hefur verið veittur í fjárl. þriggja síðustu ára. — Bréf 8. des. (Db. 513).

Hið íslenzka náttúrufræðifélag.

1. Hið ísl. náttúrufræðifélag rökstyður nauðsyn þess, að styrkur til félagsins verði 55 þús. kr. í fjárl. fyrir árið 1946. — Bréf 11. des. (Db. 466).
2. Hið ísl. náttúrufræðifélag sendir reikninga félagsins fyrir árið 1944. — Bréflaust. (Db. 201). — Sjá einnig Tillögur.

Hinz, Hans Joachim Gunnar Theodór Magnús, sjá Ríkisborgararéttur.

Hjálpar- og endurreisnarstofnun hinna sameinuðu þjóða.

1. Atvmrn. sendir fjvn. afrit af bréfi sendiráðs Íslands í Washington, dags. 22. f. m., ásamt upplýsingum um heildarframlög og greiðslur annarra þjóða til hjálpar- og endurreisnarstofnunar hinna sameinuðu þjóða (UNRRA). — Bréf 8. nóv. (Db. 175).
2. Utanrn. gerir grein fyrir greiðslum Íslands upp í framlag sitt til UNRRA og ræðir aukaframlag af Íslands hálfu til sömu stofnunar. — Bréf 30. okt. (Db. 153).
3. Utanrn. sendir afrit af bréfi rn. til fjmrn., dags. 8. jan., um greiðslu á framlagi Íslands til UNRRA. — Bréf 14. jan. (Db. 532).
4. Utanrn. sendir samrit af erindi aðalframkvæmdastjóra UNRRA ásamt fylgiskjali varðandi aukaframlag til stofnunarinnar, er jafngildi 1 af hundraði af þjóðartekjunum 30. júní 1942 til 30. júní 1943. — Bréf 14. nóv. (Db. 233).
5. Utanrn. sendir skýrslu Magnúsar Sigurðssonar bankastjóra um ráðstefnu hjálpar- og endurreisnarstofnunar hinna sameinuðu þjóða — UNRRA —, sem haldin var í London dagana 7.—24. ágúst 1945. — Bréf 11. des. (Db. 516).

Hjólbarðar á dráttarvélar, sjá Tollur af hjólbörðum.

Hlutfallsleg lækkun kaupgjalds og afurðaverðs, sjá Kaupgjald og afurðaverð.

Hólar, sjá Biskupsstólar að Hólum og Skálholti.

Hólm, Bjarni S., sjá Námsstyrkir 2.

Hraðfrystihús Ólafsfjarðar h/f, sjá Ábyrgðir 3.

Hraðritunarkennsla. Fjmrn. sendir fjvn. bréf Helga Tryggvasonar, dags. 25. sept., um styrk til hraðritunarkennslu. — Bréf 8. okt. (Db. 60).

Hreindýrabú. Atv.- og samgmrn. sendir landbn. beggja deilda Alþingis til athugunar tillögur Helga Valtýssonar, rithöfundar, um stofnun hreindýrabús. — Bréf 17. des. (Db. 512).

Hreppabúnaðarfélag Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sjá Verðlagsráð.

Hreppsnefnd Búðahrepps, sjá Ábyrgðir 5.

Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, sjá Ábyrgðir 7.

Hreppsnefnd Fellsstrandarhrepps, sjá Almannatryggingar 7.

Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps, sjá Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar 2.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, sjá Vegamál 15.

Hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps, sjá Ábyrgðir 4.

Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps, sjá Ábyrgðir 6.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 6.

Hreppsnefnd Miðneshrepps, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 7—8.

Hreppsnefnd Nesjahrepps, sjá Landshöfn í Hornafirði 5.

Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, sjá Fiskveiðasjóður Íslands 6.
Hreppsnefnd Ölfushrepps, sjá Sameining Selfossbyggðar 2.
Hreppstjóri Kaldrananeshrepps, sjá Vitamál.
Hrossakynbótabú á Hólum.
1. Búnaðarfélag Íslands sækir um 25 þús. kr. styrk til hrossakynbótabúsins á Hólum í Hjaltadal. — Bréf 14. nóv. (Db. 231).
2. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., og Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf., fara þess á leit, að veittur verði 25 þús. kr. byggingarstyrkur til hrossakynbótabúsins á Hólum í Hjaltadal í fjárl. 1946. — Bréf 21. nóv. (Db. 307).

Húðun steinsteypuveggja. Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv., Lúðvík Jósefsson, 6. landsk. þm., Emil Jónsson, þm. Hafnf. og Jónas Jónsson, þm. S.-Þ., fara þess á leit, að Guðjóni Samúelssyni, húsameistara, verði veittur 50 þús. kr. styrkur í fjárl. næsta árs í viðurkenningarskyni fyrir að uppgötva nýja og mjög þýðingarmikla aðferð við að húða steinsteypuveggi með ísl. bergtegundum. — Bréf 27. nóv. (Db. 374).

Húsabætur á prestssetrum. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. skrá yfir greiðslur til húsabóta á prestssetrum og til endurbóta á gömlum prestssetrshúsum. — Bréf 19. nóv. (Db. 271).

Húsabætur á ríkisjörðum. Dóms- og kirkjumrn. sendir skýrslu um framlög til húsabóta á ríkisjörðum á árinu 1945. — Bréf 3. apríl. (Db. 671).

Húsaleigulögin.
1. Fundur í Fasteigendafélagi Reykjavíkur, haldinn 10. des. 1945, ítrekar fyrri áskorun sína til Alþingis um að nema húsaleigulögin tafarlaust úr gildi. — Bréf 13. des. (Db. 490).
2. Stjórn fasteignaeigendafélags Reykjavíkur sendir Alþingi áskorun, sem samþ. var á fundi húseigenda 15. þ. m., um afnám húsaleigulaganna. — Bréf 18. okt. (Db. 95).
3. Umsögn bæjarráðs Reykjavíkur um frv. til l. um breytingar á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu. — Bréf 23. marz. (Db. 647).
4. Umsögn fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um till. til þál. um kosningu milliþinganefndar til þess að rannsaka áhrif húsaleigulaganna og endurskoða þau. — Bréf 19. nóv. (Db. 288).
5. Umsögn húsaleigunefndar Reykjavíkur um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu. — Bréf 26. marz. (Db. 659).
6. Umsögn húsaleigunefndar Reykjavíkur um till. til þál. um kosningu milliþinganefndar til þess að rannsaka áhrif húsaleigulaganna og endurskoða þau. — Bréf 26. nóv. (Db. 364).

Húsaleigunefnd Hafnarfjarðar, sjá Tillögur.
Húsaleigunefnd Neskaupstaðar, sjá Tillögur.
Húsaleigunefnd Reykjavíkur, sjá: Húsaleigulögin 5—6, Tillögur.
Húsaleigunefnd Seyðisfjarðar, sjá Tillögur.
Húsaleigunefnd Siglufjarðar, sjá Tillögur.
Húsaleigunefnd, sjá Vörumerkjaskrárritari.
Húsameistarar, sjá Verkfræðingar.
Húsameistari ríkisins, sjá: Byggingareftirlit ríkisins, Tillögur.
Húsmæðraskólanefnd N.-Þingeyinga, sjá Kvennaskóli N.-Þingeyinga.

Húsmæðraskólar. Fjmrn. sendir fjvn. bréf atvmrn., dags. 11. sept., um rekstrarstyrk til húsmæðraskóla. (Db. 59).

Húsmæðraskólar í kaupstöðum. Fræðslumálastjóri gerir grein fyrir nauðsynlegum rekstrarstyrk til húsmæðraskóla í kaupstöðum auk lögboðins rekstrarstyrks. — Bréf 3. des. (Db. 421).

Húsmæðraskóli í Vestmannaeyjum. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., fer þess á leit, að veittar verði í fjárl. næsta árs 100 þús. kr. til byggingar húsmæðraskóla í Vestmannaeyjum. — Bréf 26. nóv. (Db. 340).

Húsmæðraskóli Suðurlands, sjá Tillögur.
Húsmæðraskólinn að Hallormsstað, sjá Tillögur.
Húsmæðraskólinn að Hverabökkum. Árný Filippusdóttir fer fram á 20 þús. kr. styrk vegna viðbyggingar við húsmæðraskólahús sitt í Hveragerði og að rekstrarstyrkur til skólans verði hækkaður frá því sem verið hefur. — Bréf 18. okt. (Db. 101). — Sjá einnig Garðyrkjuskólinn á Reykjum 2.
Húsmæðraskólinn að Laugum. Stjórn húsmæðraskólans að Laugum biður um 60 þús. kr. fjárveitingu til stækkunar skólahússins. — Símskeyti 27. okt. (Db. 135). — Sjá einnig: Hafnargerðir og lendingarbætur 9, Tillögur.
Húsmæðraskólinn að Löngumýri. Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf., og Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., fara þess á leit, að húsmæðraskólanum að Löngumýri í Skagafirði verði veittur 30 þús. kr. rekstrarstyrkur í fjárl. fyrir árið 1946. — Bréf 16. nóv. (Db. 251).
Húsnæði. Fjmrn. sendir bréf Magnúsar Matthíassonar, stórkaupm., dags. 24. okt., varðandi húsnæði, sem hann býðst til að leigja Alþingi. — Bréf 27. okt. (Db. 151).
Hússtjórn, sjá Menntun kennara 1—2.
Hvalfjarðarferja. Bæjarstjórn Akraness skorar á Alþingi og ríkisstjórn að veita fé til vegagerða og lendingarbóta vegna fyrirhugaðrar Hvalfjarðarferju. — Bréf 13. apríl. (Db. 682).
Hækkun burðar- og símagjalda, sjá Tillögur.
Hæstiréttur, sjá Tillögur.

Iðnaðarmannafélag Ísfirðinga, sjá Iðnfræðsla 4.
Iðnfræðingar, sjá Verkfræðingar.
Iðnfræðsla.
1. Landssamband iðnaðarmanna bendir iðnn. Ed. á prentvillur, sem slæðzt hafa inn í frv. til l. um iðnfræðslu. — Bréf 4. febr. (Db. 542).
2. Landssamband iðnaðarmanna bendir iðnn. Nd. á prentvillur, sem slæðzt hafa inn í frv. til l. um iðnfræðslu. — Bréf 4. febr. (Db. 543).
3. Umsögn Alþýðusambands Íslands um frv. til l. um iðnfræðslu. — Bréf 10. des. (Db. 467).
4. Umsögn iðnaðarmannafélags Ísfirðinga um frv. til l. um iðnfræðslu, sem nú liggur fyrir Alþingi. — Bréf ódags. (Db. 594).
5. Umsögn iðnnemasambands Íslands um frv. til l. um iðnfræðslu. — Bréf 7. des. (Db. 450).
6. Umsögn landssambands iðnaðarmanna um frv. til l. um iðnfræðslu. — Bréf 11. des. (Db. 453).
7. Umsögn landssambands iðnaðarmanna um frv. til l. um iðnfræðslu. — Bréf 14. des. (Db. 505).
8. Umsögn landssambands iðnaðarmanna um frv. til l. um iðnfræðslu. — Bréf 23. marz. (Db. 649).
9. Umsögn sveinasambands byggingarmanna um frv. til l. um iðnfræðslu. — Bréf 15. des. (Db. 518).
10. Vinnuveitendafélag Íslands sendir nefndarálit iðnaðarmálanefndar félagsins um það, hvernig bætt verði úr skorti á faglærðum mönnum og afnumdar hömlur á frjálsum aðgangi ungra manna að fullkominni iðnmenntun. Enn fremur fylgja brtt. við frv. á þskj. 275, um iðnfræðslu, og greinargerð um þær. — Bréf 18. des. (Db. 508—509).

Iðnlánasjóður. Iðnn. Nd. sendir fjhn. Nd. til fyrirgreiðslu frv. það um iðnlánasjóð, sem nefndinni hafði borizt frá landssambandi iðnaðarmanna. — Bréf 23. nóv. (Db. 706). — Sjá einnig Tillögur.
Iðnnemar, sjá Iðnskólar 4.
Iðnnemasamband Íslands, sjá Iðnfræðsla 5.

Iðnskólar.
1. Fjmrn. sendir fjvn. yfirlitsskýrslu um iðnskóla á Íslandi 1943—44. — Bréflaust. (Db. 275).
2. Fjmrn. sendir fjvn. yfirlitsskýrslu um iðnskóla á Íslandi 1944—45. — Bréflaust. (Db. 277).
3. Iðnn. Nd. sendir menntmn. Nd. til fyrirgreiðslu frv. til l. um iðnskóla. — Bréf 23. nóv. (Db. 320).
4. Landssamband iðnaðarmanna sendir brtt. síðasta iðnþings við frv. til l. um iðnskóla, enn fremur ályktanir sama þings um: 1) tolla af efnivörum til iðnaðar, 2) gerfismiði og 3) fjölgun iðnnema. — Bréf 15. nóv. (Db. 289).
5. Umsögn milliþinganefndar í skólamálum um frv. til l. um iðnskóla. — Bréf 6. des. (Db. 432).

Iðnskólar í sveitum.
1. Umsögn landssambands iðnaðarmanna um frv. til l. um iðnskóla í sveitum. — Bréf 7. febr. (Db. 571).
2. Umsögn teiknistofu landbúnaðarins um frv. til l. um iðnskóla í sveitum. — Bréf 19. des. (Db. 523).

Iðnskóli í Reykjavík, sjá Sjómannaskóli.

Ingibjörg Jóhannsdóttir. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., ritar um fjárkröfu Ingibjargar Jóhannsdóttur, áður kennara í Lýtingsstaðahreppi. — Bréf 12. des. (Db. 515).

Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang., sjá: Fyrirhleðsla á Þverárbökkum 1, Vegamál 3, 10.

Ingvar Björnsson, sjá Eftirgjöf á tolli 2, 4.

Innflutningsáætlun. Viðskiptaráðið sendir Alþingi innflutningsáætlun Íslands fyrir árið 1946. — Bréf 5. nóv. (Db. 179).

Innflutningstollar, sjá: Aðflutningsgjöld af skipum, Eftirgjöf á tolli, Fiskumbúðir, Innflutningstollur af hljóðfærum, Tollur af hjólbörðum.

Innflutningstollur af hljóðfærum. Félag íslenzkra tónlistarmanna skorar á Alþingi að lækka innflutningstoll á hljóðfærum. — Bréf 13. jan. (Db. 290).

Innflutningur á smjöri. Búnaðarfélag Íslands sendir tillögu búnaðarþings um innflutning á smjöri og öðrum landbúnaðarvörum og um verð á innfluttu og innlendu smjöri. — Bréf 11. júní. (Db. 30).

Innflutningur landbúnaðarvara, sjá Innflutningur á smjöri.

Innflutningur sauðfjár. Rannsóknarstofa háskólans svarar fyrirspurn landbúnaðarnefnda Alþingis um innflutning sauðfjár frá Skotlandi til kynblöndunar. — Bréf 5. nóv. (Db. 169).

Innlend endurtrygging. Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna fer þess á leit við sjútvn. Nd., að afgreiðslu frv. til l. um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl. verði hraðað eftir því sem unnt er. — Bréf 5. apríl. (Db. 669).

Innlendar tollvörur.
1. Félag ísl. iðnrekenda fer þess á leit, að gjald af innlendum tollvörutegundum verði eigi meira en helmingur aðflutningsgjalds af samskonar aðfluttum vörum. — Bréf 20. nóv. (Db. 332).
2. Fjmrn. sendir iðnn. Nd. til athugunar erindi félags ísl. iðnrekenda, dags. 30. okt., er varðar tollun á innlendum tollvörum. — Bréf 1. marz. (Db. 613).

Íslandsdeild dansk-íslenzka félagsins, sjá Menningarsamband Dana og Íslendinga.

Íslandsdeild norræna búfræðifélagsins.
1. Fjmrn. sendir fjvn. bréf Búnaðarfélags Íslands, dags. 25. júní, um styrk í fjárl. 1946 til Íslandsdeildar norræna búfræðifélagsins. (Db. 59).
2. Íslandsdeild norræna búfræðifélagsins fer þess á leit, að því verði veittur eitt þús. kr. styrkur í fjárl. fyrir árið 1946. — Bréf 17. nóv. (Db. 262).

Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn.
1. Utanrn. sendir fjvn. erindi Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn, dags. 22. nóv., um að félaginu verði veittur 4 þús. kr. styrkur í fjárl. næsta árs. — Bréf 13. des. (Db. 498).
2. Utanrn. spyrst fyrir um fjárveitingu til Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn. — Bréf 6. febr. (Db. 545).

Íslenzk bókaskrá. Fjmrn. sendir fjvn. bréf dóms- og kirkjumrn., dags. 14. þ. m., um fyrirhugaða íslenzka bókaskrá. — Bréf. 16. nóv. (Db. 256). — Sjá einnig Landsbókasafnið.

Íslenzkt útgáfufyrirtæki erlendis. Jón Leifs sendir till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leggja fram hlutafé í hlutafélag á Íslandi, sem gengst fyrir stofnun íslenzks útgáfufyrirtækis erlendis. — Bréf 1. sept. (Db. 18).

Íþróttabandalag Reykjavíkur, sjá Æskulýðshöll í Reykjavík.

Íþróttafulltrúi, sjá: Félagaheimili, Garðyrkjuskólinn á Reykjum 2, Íþróttaför um Austurland 2, Íþróttakennaraskóli Íslands 2—3, Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar, Tillögur.

Íþróttaför um Austurland.
1. Fjmrn. sendir fjvn. bréf menntmrn., dags. 27. ágúst, um styrk til glímufélagsins Ármanns til íþróttafarar um Austurland. (Db. 60).
2. Íþróttafulltrúi ríkisins sendir greinargerð formanns glímufélagsins Ármanns um íþróttaför félagsins um Austurland á s. l. sumri. — Bréf 10. nóv. (Db. 217).

Íþróttakennaraskóli Íslands.
1. Fræðslumálastjóri ræðir nauðsyn aukinnar fjárveitingar til byggingar íþróttakennaraskóla. — Bréf 17. des. (Db. 506).
2. Íþróttafulltrúinn gerir grein fyrir framlögum ríkissjóðs til Íþróttakennaraskóla Íslands að Laugarvatni árin 1943—1945. — Bréf 21. nóv. (Db. 317).
3. Íþróttafulltrúinn sendir fjvn. bréf skólanefndar Íþróttakennarafélags Íslands, dags. 27. þ. m., þar sem farið er fram á, að veittar verði 300 þús. kr. til áframhaldandi byggingaframkvæmda fyrir íþróttakennaraskólann. — Bréf 29. okt. (Db. 148).

Íþróttalögin, sjá Íþróttastarf skólanemenda.

Íþróttanefnd ríkisins, sjá Tillögur.

Íþróttasamband Íslands, sjá Íþróttastarfsemi.

Íþróttasjóður, sjá Tillögur.

Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar. Íþróttafulltrúi fer þess á leit, að veittar verði 19180.00 kr. til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar. — Bréf 8. nóv. (Db. 178).

Íþróttastarf skólanemenda. Ungmennasamband Kjalarnesþings sendir ályktun sína, þar sem því er lýst yfir, að ekki sé rétt, að íþróttalögin banni skólanemendum þátttöku í frjálsu íþróttastarfi innan ungmennafélaga eða íþróttafélaga, og skorar á Alþingi að fella úr gildi 16. gr. íþróttalaganna og aðrar hliðstæðar greinar í lögum og reglum íþróttamálanna. — Bréf 9. des. (Db. 614).

Íþróttastarfsemi. Fjmrn. sendir fjvn. erindi Íþróttasambands Íslands varðandi fjárframlög úr ríkissjóði til ýmiss konar íþróttastarfsemi. — Bréf 17. okt. (Db. 86).

Jack, Robert John, sjá Ríkisborgararéttur.

Jakob Sigurðsson, sjá Síldar- og niðursuðuverksmiðja.

Jarðhitarannsóknir. Rafmagnseftirlit ríkisins fer þess á leit, að 1130000.00 kr. verði veittar í fjárl. næsta árs til jarðborana, jarðhitarannsókna og kaupa á jarðborum. — Bréf 22. nóv. (Db. 348).

Jarðhiti. Umsögn rafmagnseftirlits ríkisins um frv. til l. um viðauka við l. nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita og l. nr. 114 30. des. 1943, um breyt. á þeim lögum. — Bréf 1. apríl. (Db. 660).

Jarðræktarlög.
1. Búnaðarfélag Íslands sendir ályktun búnaðarþings um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, sem lá fyrir síðasta Alþingi. — Bréf 17. maí. (Db. 24).
2. Búnaðarfélag Íslands sendir ályktun búnaðarþings, þar sem lagt er til, að 17. gr. jarðræktarlaganna verði afnumin, en þriggja manna nefnd kosin til að gera tillögur um löggjöf, er miði að því að hindra varhugaverða verðhækkun á jörðum og lóðum. — Bréf 18. maí. (Db. 26).
3. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu sendir ályktanir sýslunefndar A.-Barðastrandarsýslu, þar sem skorað er á Alþingi að samþ. jarðræktarlagafrv. milliþinganefndar búnaðarþings, að vinna að því, að áburðarverksmiðja verði reist og að veita nægilegt fé til tilraunastöðvar á Reykhólum. — Bréf 16. okt. (Db. 93).

Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir. Búnaðarsamband Eyjafjarðar skorar á Alþingi að breyta lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, þannig að ræktunarfélög þurfi ekki að greiða í fyrningarsjóð þann hluta vélaverðs, er þau hafa lagt fram. — Bréf 5. febr. (Db. 553).

Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., sjá: Húsmæðraskóli í Vestmannaeyjum, Námsstyrkir 4, Sjúkrahús í Vestmannaeyjum, Þingmálafundargerðir 1.

Jóhann Páll Björnsson, sjá Ríkisborgararéttur.

Jóhannes Áskelsson, sjá Rannsókn hlaups í Skeiðará.

Jón Dúason, dr., sjá Landkönnun og landnám Íslendinga í Vesturheimi.

Jón Pálmason, þm., A.-Húnv., sjá: Kvennaskólinn á Blönduósi, Mjólkurbú á Blönduósi 1.

Jón Pétursson, sjá: Brúargerð á Geitabergsá, Vegamál 6.

Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., sjá: Afnotagjald útvarpsnotenda 2, Héraðsskóli í Varmahlíð, Hrossakynbótabú á Hólum 2, Húsmæðraskólinn að Löngumýri.

Jón Sigurðsson, sjá Svíþjóðarbátar 3.

Jón Sveinbjörnsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 2, 15, 18.

Jónas Ásgeirsson, sjá Skíðakennsla.

Jónas Jónsson, þm. S.-Þ., sjá: Hafnargerðir og lendingarbætur 9, Húðun steinsteypuveggja.

Jósef Elíasson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 8, 16.

Júlíus J. Daníelsson, sjá Námsstyrkir 5.

Jörgensen, Alfred Christian, sjá Ríkisborgararéttur.

Jörgensen, Bent Bjarno, sjá Ríkisborgararéttur.

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., sjá Vegamál 11.

Karlakór Reykjavíkur, sjá: Söngför til Norður-Ameríku og Kanada, Söngför um Norðurlönd 2.

Katrín Ólafsdóttir Mixa, sjá Ríkisborgararéttur.

Kaup á listmunum, sjá Þjóðminjasafnið 2.

Kaupendur vélbáta frá Svíþjóð, sjá Svíþjóðarbátar 4.

Kaupfélag Hellissands, sjá Flóabátaferðir 6.

Kaupfélag Hvammsfjarðar, sjá Flóabátaferðir 7.

Kaupfélag Króksfjarðar, sjá Flóabátaferðir 17.

Kaupfélag Stykkishólms, sjá Flóabátaferðir 6—8.

Kaupgjald og afurðaverð.
1. Umsögn Alþýðusambands Íslands um till. til þál. um hlutfallslega lækkun á kaupi, launum og íslenzkum afurðum á innlendum markaði. — Bréf 8. des. (Db. 456).
2. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um till. til þál. á þskj. 101, um hlutfallslega lækkun á kaupi, launum og íslenzkum afurðum á innlendum markaði. — Bréf 7. des. (Db. 434).
3. Umsögn Vinnuveitendafélags Íslands um till. Jónasar Jónssonar á þskj.

101, um hlutfallslega lækkun á kaupi, launum og íslenzkum afurðum á innlendum markaði. — Bréf 4. des. (Db. 423).
Kennarafélagið Hússtjórn, sjá Menntun kennara 1—2.
Kennarar við gagnfræðaskóla. Fræðslumálastjóri telur, að skipa þurfi 48 nýja kennara á næstu 5—10 árum, ef frv. til l. um gagnfræðanám verður að lögum. — Bréf 16. nóv. (Db. 264).
Kennaraskólinn, sjá Tillögur.
Kennaraþing. Kennaraþing samb. ísl. barnakennara, haldið í Reykjavík dagana 18.—20. júní 1945, skorar á Alþingi að samþ. frv. milliþinganefndar í skólamálum. — Bréf 8. ágúst. (Db. 15).
Kennsla í orgelleik.
1. Biskup Íslands sendir ályktun fundar presta, kirkjuorganista og sóknarnefndarmanna, sem haldinn var á Sauðárkróki 1. nóv., þar sem skorað er á Alþingi að hækka styrk til kennslu organista upp í 2500.00 kr. og að veita 1000.00 kr. til hvers prófastsdæmis til eftirlits með kirkjusöng. — Bréf 7. des. (Db. 479).
2. Guðfræðideild háskólans mælir með beiðni söngmálastjóra þjóðkirkjunnar um, að styrkur til kennslu í orgelleik verði hækkaður í 2500.00 kr. á fjárl. næsta árs. — Bréf 12. des. (Db. 468).
3. Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar fer þess á leit, að fjárveiting til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik o. fl., verði hækkuð úr 1500.00 kr. í 2500.00 kr., auk verðlagsuppbótar. — Bréf 3. okt. (Db. 133).

Kennsla í réttarlæknisfræði. Forseti læknadeildar háskólans fer þess á leit, að 1300.00 kr., auk verðlagsuppbótar, verði veittar í fjárl. næsta árs til kennslu í réttarlæknisfræði. — Bréf 10. des. (Db. 476).
Kjappeyrarland. Íbúar Fáskrúðsfjarðarhrepps skora á Alþingi að heimila Fáskrúðsfjarðarhreppi forkaupsrétt á hluta úr Kjappeyrarlandi. — Símskeyti 5. des. (Db. 416).
Kleppjárnsreykjahæli, sjá Tillögur.
Kleppsbúið. Fjmrn. sendir fjvn. ársreikninga Kleppsbúsins og Vífilsstaðabúsins fyrir árið 1944. — Bréflaust. (Db. 267).
Kleppsspítali, sjá Tillögur.
Knauf, Walther, sjá Landsvistarleyfi.
Kópavogshæli, sjá Tillögur.
Kreppulánasjóður, sjá Ræktunarsjóður.
Kreppulánasjóður bæjar- og sveitarfélaga. Búnaðarbanki Íslands telur, að rekstrarhalli kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga muni verða um 57 þús. kr. árið 1946. — Bréf 20. nóv. (Db. 286). — Sjá einnig Ræktunarsjóður.
Kristinn Andrésson, 7. landsk. þm., sjá Flóabátaferðir 9.
Kristinn Kristjánsson, sjá Viðurkenningarlaun 1.
Kvenfélagasamband Íslands, sjá: Heimilisiðnaðarfélag Íslands, Manneldissýningar.
Kvennafundur í Reykjavík, sjá Áfengissala 1.
Kvennaskólinn á Blönduósi. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv., sendir tvö bréf formanns skólaráðs kvennaskólans á Blönduósi um fjárveitingar til byggingar leikfimishúss, aðgerðar á skólahúsinu og innanstokksmunum þess. — Bréf 28. nóv. (Db. 363).
Kvennaskólinn í Reykjavík. Nemendasamband kvennaskólans fer þess á leit, að veittar verði 50 þús. kr. á næsta ári til byggingar leikfimishúss fyrir Kvennaskólann í Reykjavík. — Bréf 16. okt. (Db. 106).
Kvennaskóli N.-Þingeyinga. Húsmæðraskólanefnd Norður-Þingeyinga fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1946 verði veitt fé til fyrirhugaðs kvennaskóla Norður-Þingeyinga. — Bréf 27. okt. (Db. 378).

Kvenréttindafélag Íslands fer þess á leit, að því verði veittur 25 þús. kr. styrkur í fjárl. fyrir árið 1946. — Bréf 13. nóv. (Db. 253). — Sjá einnig: Almannatryggingar 1—2, Tillögur.

Landbúnaðarrn., sjá: Áburðarverksmiðja 2, Landbúnaðarvísitala, Útrýming fjárkláðans 1.

Landbúnaðarvísitala. Landbrn. sendir skýrslu um landbúnaðarvísitölu 1945, reiknaða samkvæmt reglum landbúnaðarvísitölunefndar frá 1943. — Bréflaust. (Db. 619).

Landhelgisgæzla og björgunarstörf. Dómsmrh. sendir fjvn. till. til þál. um landhelgisgæzlu og björgunarstörf og fer þess á leit, að nefndin flytji till. á yfirstandandi þingi. — Bréf 25. marz. (Db. 695).

Landhelgisgæzlan, sjá Tillögur.

Landkönnun og landnám Íslendinga í Vesturheimi. Dr. Jón Dúason fer þess á leit, að tekin verði upp í fjárl. fyrir árið 1946 fjárveiting til þýðingar á bók hans, Landkönnun og landnám Íslendinga í Vesturheimi, á ensku. — Bréf 1. okt. (Db. 73).

Landlæknir, sjá: Ljósmæðralög 2, Lyfjalög 2, Tillögur.

Landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

1. Nýbyggingarráð sendir landbn. Ed. frv. til l. um: 1) landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, og 2) Ræktunarsjóð Íslands. — Bréf 19. des. (Db. 524).
2. Nýbyggingarráð sendir landbn. Nd. sömu frv. (Db. 525).
3. Nýbyggingarráð sendir landbn. Nd. álit Búnaðarfélags Íslands um eftirtalin frv. ráðsins: 1) um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, og 2) um Ræktunarsjóð Íslands. — Bréf 27. febr. (Db. 598).
4. Sama ráð sendir landbn. Ed. samhljóða álit. (Db. 599).

Landnám ríkisins. Búnaðarfélag Íslands sendir frv. til l., samþ. á síðasta búnaðarþingi, um breyt. á l. nr. 58 27. júní 1941, um landnám ríkisins. Bréf 29. júní. (Db. 32).

Landsbanki Íslands, sjá Nýbyggingarráð 4.

Landsbókasafnið.

1. Fjmrn. sendir fjvn. bréf menntmrn., dags. 13. þ. m., um: a) aukið starfslið við Landsbókasafnið, b) launaskrá vegna samningar íslenzkrar bókaskrár, c) fjölgun starfsmanna í þjóðskjalasafninu, d) starfsmann við þjóðminjasafnið, e) skýrslu varðandi Stöng, Burstarfell, Glaumbæ og Grenjaðarstað, f) leikskóla Soffíu Guðlaugsdóttur og Lárusar Pálssonar og g) styrki bæjar- og hreppsfélaga til leikfélaga árið 1945. — Bréf 16. nóv. (Db. 256).
2. Landsbókasafnið sendir árbók sína fyrir árið 1944. — Bréflaust. (Db. 321).

— Sjá einnig: Sýslubókasöfn, Tillögur.

Landshöfn á Þórshöfn, sjá Landshöfn í Hornafirði 6.

Landshöfn í Hornafirði.

1. Ásmundur Sigurðsson, 2. landsk. (vara)þm., sendir símskeyti, dags. 29. nóv., þar sem menningarfélag A.-Skaftafellssýslu skorar á Alþingi að samþykkja fram komið frv. um landshöfn í Höfn í Hornafirði. — Bréflaust. (Db. 401).
2. Ásmundur Sigurðsson, 2. landsk. (vara)þm., sendir símskeyti hafnarnefndarinnar í Höfn í Hornafirði, dags. 21. nóv., þar sem hún lýsir sig eindregið fylgjandi frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði, sem fram er komið á Alþingi. — Bréflaust. (Db. 355).
3. Fulltrúafundur búnaðarfélaga A.-Skaftafellssýslu skorar á Alþingi að samþykkja frv. um landshöfn í Höfn í Hornafirði. — Bréf ódags. (Db. 630).
4. 118 alþingiskjósendur í Hafnarkauptúni skora á Alþingi að samþykkja á

yfirstandandi þingi frv. Ásmundar Sigurðssonar, 2. landsk. (vara)þm., og Lúðvíks Jósefssonar, 6. landsk. þm., um landshöfn í Höfn í Hornafirði. — Bréflaust. (Db. 500).
5. Oddviti Nesjahrepps símar, að hreppsnefndin hafi á fundi 23. nóv. samþykkt einróma að skora á Alþingi að samþ. frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði. — Símskeyti 24. nóv. (Db. 330).
6. Umsögn samgmrh. um frv. til l. um: 1) landshöfn í Höfn í Hornafirði, og 2) landshöfn á Þorshöfn. — Bréf 29. des. (Db. 527).

Landssamband iðnaðarmanna, sjá: Iðnfræðsla 1—2, 6—8, Iðnlánasjóður, Iðnskólar 4, Iðnskólar í sveitum 1, Tillögur.

Landssamband ísl. útvegsmanna, sjá: Almannatryggingar 8, Bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiði 6, Fiskveiðasjóður Íslands 10, Harðfiskur, Tollskrá, Vélar í fiskiskip 2.

Landssmiðjan.
1. Landssmiðjan gerir grein fyrir viðskiptum hennar við ríkisstofnanir og hálfopinberar stofnanir annars vegar og einkafyrirtæki hins vegar. — Bréf 27. nóv. (Db. 357).
2. Landssmiðjan sendir reikning smiðjunnar fyrir árið 1944 og rekstraryfirlit til ágústloka 1945. — Bréf 24. nóv. (Db. 722).

— Sjá einnig Tillögur.

Landsspítalinn, sjá Tillögur.

Landsvistarleyfi. Halldóra Guðjónsdóttir, Ísafirði, fer þess á leit, að manni hennar, Walther Knauf, verði leyfð landsvist hér. — Bréf 17. nóv. (Db. 285).

Laun presta. Fjmrn. sendir skrá yfir laun og embættiskostnað presta og prófasta fardagaárið 1945—46. — Bréf 19. nóv. (Db. 269).

Laun prófdómenda, sjá Menntaskólinn í Reykjavík.

Laun starfsmanna bæjarfógeta og sýslumanna. Ríkisbókhaldið sendir fjvn. skrá um laun starfsmanna bæjarfógeta og sýslumanna. — Bréflaust. (Db. 420).

Laun yfirlækna Landsspítalans. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna sendir afrit af bréfi hennar til heilbrmrn., dags. 27. marz þ. á., um launakjör yfirlækna Landsspítalans og enn fremur bréf ráðuneytisins, dags. 9. apríl s. l., um sama efni. — Bréf 16. nóv. (Db. 247).

Laun yfirlæknis vinnuheimilis berklasjúklinga, sjá Vinnuheimili sambands ísl. berklasjúklinga.

Lausaskuldir ríkissjóðs.
1. Ríkisbókhaldið sendir sundurliðun á lausaskuldum ríkissjóðs í árslok 1944. — Bréflaust. (Db. 120).
2. Ríkisbókhaldið sendir yfirlit um lausaskuldir ríkissjóðs í árslok 1944. — Bréflaust. (Db. 727).

Laxárvirkjun. Bæjarstjórinn á Akureyri fer þess á leit, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast 2200000 kr. lán til greiðslu skuldar vegna Laxárvirkjunarinnar. — Bréf 7. febr. (Db. 554).

Lán til byggingarsamvinnufélaga. Bæjarráð Reykjavíkur sendir tillögu Sigfúsar Sigurhjartarson, bæjarfulltrúa, þar sem skorað er á Alþingi að tryggja byggingarsamvinnufélögum hagkvæm lán, er nemi allt að 80% byggingarkostnaðar. — Bréf 12. des. (Db. 495).

Lántökur hreppsfélaga, sjá Ábyrgð sýslusjóða.

Lárus Guðmundsson, sjá Flóabátaferðir 6—8.

Lárus Pálsson, sjá: Landsbókasafnið 1, Leiklist 1, 3.

Leifs, Jón, sjá Íslenzkt útgáfufyrirtæki erlendis.

Leikfélag Dalvíkur, sjá Leiklist 4.

Leikfélag Eyrarbakka, sjá Leiklist 5.

Leikfélag Reykjavíkur, sjá Leiklist 6.

Leikför til Osló, sjá Leiklist 3.

Leiklist.
1. Fjmrn. sendir fjvn. bréf menntmrn., dags. 13. nóv., ásamt skýrslu Lárusar Pálssonar um leikskóla hans. — Bréflaust. (Db. 293).
2. Fjmrn. sendir fjvn. bréf menntmrn., dags. 20. nóv., ásamt skýrslu Soffíu Guðlaugsdóttur um leikskóla hennar. — Bréflaust. (Db. 295).
3. Lárus Pálsson leikari fer þess á leit, að sér verði veittur 5 þús. kr. styrkur vegna leikfarar til Osló, á vegum Norske Teatret, í því skyni að annast leikstjórn við sýningu „Gullna hliðsins" eftir Davíð Stefánsson. — Bréf 23. okt. (Db. 110).
4. Leikfélag Dalvíkur fer þess á leit, að því verði veittur styrkur til leikstarfsemi. — Bréf 3. okt. (Db. 98).
5. Leikfélag Eyrarbakka fer þess á leit, að því verði veittur styrkur til leikstarfsemi. — Bréf 18. okt. (Db. 107).
6. Leikfélag Reykjavíkur fer þess á leit, að félaginu verði veittur 30 þús. kr. styrkur á næsta ári, í stað 20 þús., eins og nú er gert ráð fyrir í frv. til fjárl. fyrir árið 1946. — Bréf 7. des. (Db. 449).

— Sjá einnig: Framsögn og leiklist, Landsbókasafnið 1.
Leikskóli Lárusar Pálssonar, sjá: Landsbókasafnið 1, Leiklist 1.
Leikskóli Soffíu Guðlaugsdóttur, sjá: Landsbókasafnið 1, Leiklist 2.
Lifrarbræðsla fyrir Ólafsfjörð, sjá Síldar- og fiskimjölsverksmiðja.
Lindemann, Albert Volker, sjá Ríkisborgararéttur.
Lindal, Baldur, sjá Skeljasandur.
Ljósaperur fyrir Alþingi.
1. Utanrn. óskar endurgreiðslu á kostnaði vegna vátryggingar á ljósaperum fyrir alþingishúsið. — Bréf 3. júlí. (Db. 8).
2. Utanrn. sendir reikning yfir farmgjald fyrir 1 kassa af ljósaperum fyrir alþingishúsið. — Bréf 13. júní. (Db. 3).

Ljósmæðrafélag Íslands, sjá Ljósmæðralög 1.
Ljósmæðralög.
1. Stjórn Ljósmæðrafélags Íslands sendir heilbr.- og félmn. Nd. frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 8. des. (Db. 448).
2. Umsögn landlæknis um frv. til l. um breyting á ljósmæðralögum. — Bréf 16. marz. (Db. 635).

Loðdýrakynbótabú. Nýbyggingarráð mælir með fjárveitingu til loðdýrakynbótabúsins á Hvanneyri. — Bréf 8. okt. (Db. 64).
Loðdýrarækt. Nýbyggingarráð leggur til, að ungum og efnilegum manni verði veittur styrkur til þess að kynna sér loðdýrarækt. — Bréf 8. okt. (Db. 65).
Loðdýrarækt og loðdýralánadeild. Búnaðarfélag Íslands sendir umsögn búnaðarþings um frv. það til l. um breyt. á l. um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, er lá fyrir síðasta Alþingi. — Bréf 30. júní. (Db. 34).
Loðdýraræktarráðunautur, sjá Tillögur.
Lóðir og lendur. Bæjarstjórinn á Akranesi sendir ályktun bæjarstjórnar um eignar- og umráðarétt kaupstaða og kauptúna yfir lóðum og lendum. — Bréf 9. okt. (Db. 78).
Lúðrasveit Reykjavíkur fer þess á leit, að fjárveiting til hennar verði hækkuð í 45 þús. kr. á árinu 1946 gegn jafnháu framlagi annars staðar að. — Bréf 15. des. (Db. 511).
Lúðvík Jósefsson, 6. landsk. þm., sjá Húðun steinsteypuveggja.
Lyfjafræðingafélag Íslands, sjá Lyfjalög 1.
Lyfjalög.
1. Apotekarafélag Íslands og Lyffræðingafélag Íslands senda heilbr.- og félmn. Nd. frv. til lyfjalaga og fara þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi Alþingi. — Bréf 22. nóv. (Db. 422).

2. Umsögn landlæknis um frv. til lyfjalaga. — Bréf 6. des. (Db. 427).
3. Umsögn lyfsölustjóra ríkisins um frv. til lyfjalaga, samið af Lyffræðingafélagi Íslands og Apotekarafélagi Íslands. — Bréf 12. des. (Db. 494).

Lyfsölustjóri ríkisins, sjá Lyfjalög 3.

Lyfsölulög. Dómsmrh. sendir heilbr.- og félmn. Nd.: 1) frv. til lyfsölulaga og 2) frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 1928, um einkasölu á áfengi, og fer þess á leit, að nefndin flytji frv. á yfirstandandi þingi. — Bréf 6. des. (Db. 435).

Lýðveldiskvikmyndin. Þjóðhátíðarnefnd skýrir forseta sameinaðs Alþingis frá því, að hún hafi í hyggju að endurbæta lýðveldiskvikmyndina. — Bréf 5. febr. (Db. 628).

Læknadeild háskólans, sjá Kennsla í réttarlæknisfræði.

Læknafélag Reykjavíkur, sjá Almannatryggingar 3, 9.

Læknafélag Íslands, sjá Brúargerðir 1.

Lögberg og Heimskringla. Þjóðræknisfélag Íslendinga í Reykjavík fer þess á leit, að íslenzku blöðunum í Vesturheimi, Lögbergi og Heimskringlu, verði veittar 10 þús. kr. hvoru í fjárl. fyrir árið 1946. — Bréf 15. nóv. (Db. 248).

Löggildingarstofan, sjá: Tillögur, Vörumerkjaskrárritari.

Löggjöf um rafmagnsveitur. Sýslufundur Vestur-Ísafjarðarsýslu skorar á Alþingi að hefja nú þegar undirbúning að löggjöf fyrir rafmagnsveitur í þeim landshlutum, sem fyrirsjáanlegt er, að ekki geta í náinni framtíð náð til vatnsorku. — Bréf 1. apríl. (Db. 666).

Löggæzlan, sjá Tillögur.

Lögreglustjórar, sjá Tillögur.

Lögreglustjórinn í Bolungavík. Fjmrn. sendir fjvn. bréf dómsmrn., dags. 9. ágúst, varðandi byggingu bústaðar fyrir lögreglustjórann í Bolungavík. — Bréf 8. okt. (Db. 60).

Lögreglustjórinn í Reykjavík, sjá Tillögur.

Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.
1. Sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu sendir umsögn sýslunefndar um frv. til l. um breyt. á lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. — Bréf 9. apríl. (Db. 672).
2. Umsögn hreppsnefndar Grindavíkurhrepps um frv. til l. um breyting á lögum nr. 11 1. febrúar 1936, um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar. — Bréf 20. marz. (Db. 645).

Læknisbústaðir. Fjmrn. sendir fjvn. bréf dóms- og kirkjumrn., dags. 17. sept., varðandi fjárveitingu til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsa. (Db. 59).

Magnús Gamalíelsson, sjá Síldar- og fiskimjölsverksmiðja.

Magnús Matthíasson, sjá Húsnæði.

Magnús Sigurðsson, bankastjóri, sjá Hjálpar- og endurreisnarstofnun hinna sameinuðu þjóða 5.

Manneldislýsingar. Stjórn Kvenfélagasambands Íslands fer þess á leit, að því verði veittur 15 þús. kr. styrkur til manneldissýninga á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur. — Bréf 8. des. (Db. 445).

Markan, Einar, söngvari, fer þess á leit, að honum verði veittur ríflegur styrkur á fjárl. næsta árs. — Bréf 26. nóv. (Db. 344, 345).

Mat á síldarmjöli, sjá Verzlun með kjarnfóður.

Matsmenn, sjá Fiskimat.

Matsveina- og veitingaþjónaskóli Íslands. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands ritar fjhn. Nd. um frv. til l. um matsveina- og veitingaþjónaskóla Íslands, sem það telur, að muni verða lagt fyrir Alþingi innan skamms. — Bréf 23. marz. (Db. 648).

Matthías Jónasson, dr., sjá Þroskastig skólabarna.

Matthíasarbókhlaða. Stjórn Stúdentafélags Akureyrar fer þess á leit, að veittar verði 200 þús. kr. til byggingar Matthíasarbókhlöðu þar gegn jöfnu framlagi frá bæjarsjóði Akureyrar og að fjárveitingin skiptist jafnt á árin 1946 og 1947. — Bréf 10. des. (Db. 488).

Málleysingjaskólinn, sjá Tillögur.

Menningarfélag A.-Skaftafellssýslu, sjá Landshöfn í Hornafirði 1.

Menningarsamband Dana og Íslendinga. Íslandsdeild dansk-íslenzka félagsins fer þess á leit, að félaginu verði veittur 5 þús. kr. styrkur til eflingar menningarsambandinu milli dönsku þjóðarinnar og Íslendinga. — Bréf 19. okt. (Db. 124).

Menningarstofnanir, sjá Ábyrgðir 2.

Menntamálaráð Íslands, sjá: Fræðimannastyrkur, Skáldalaun og listamanna 1.

Menntmrn., sjá: Atvinnudeild háskólans 1, Barnavinafélagið Sumargjöf 2, Bókasafn dr. Hjartar Þórðarsonar, Dofri Steinn, Dósent í guðfræðideild háskólans, Eftirlaun og styrktarfé 7, Erlendir vísindamenn, Handíðaskólinn, Háskóli Íslands, Landsbókasafnið 1, Leiklist 1--2, Menntaskólinn í Reykjavík, Skáldalaun og listamanna 2, Sýslubókasöfn, Söngkennsla í skólum, Tillögur, Tímaritið Menntamál, Tóvinnuskóli að Svalbarðsströnd 1, Unglingafræðsla utan kaupstaða, Uppeldisheimili.

Menntaskólinn á Akureyri.

1. Sigurður Guðmundsson, skólameistari, gerir frekari grein fyrir nauðsyn þess, að byggt verði heimavistarhús fyrir Menntaskólann á Akureyri. — Bréf 2. des. (Db. 438, 444).
2. Skólameistari Menntaskólans á Akureyri sendir áskorun kennarafundar skólans um, að veitt verði fé til að byggja hús við menntaskólann þar fyrir söfn hans, lestrarstofu o. fl. — Bréf 9. nóv. (Db. 207). — Sjá einnig Tillögur.

Menntaskólinn í Reykjavík. Menntmrn. sendir fjvn. skrá um laun prófdómenda við Menntaskólann í Reykjavík. -- Bréf 21. nóv. (Db. 306). — Sjá einnig Tillögur.

Menntun kennara.

1. Kennarafélagið Hússtjórn sendir menntmn. Ed. brtt. við 5. kafla frv. til l. um menntun kennara. — Bréf 12. des. (Db. 486).
2. Kennarafélagið Hússtjórn sendir menntmn. Nd. brtt. við 5. kafla frv. til l. um menntun kennara. — Bréf 12. des. (Db. 485).
3. Umsögn háskólaráðs um II. kafla frv. til l. um menntun kennara. — Bréf 4. marz. (Db. 615).

Milliþinganefnd í samgöngumálum, sjá Vegamál 3, 11.

Milliþinganefnd í skólamálum, sjá: Gagnfræðaskólar 1, Iðnskólar 5, Vernd barna og ungmenna 2, Vinnuskóli á Reykhólum.

Milliþinganefnd til endurskoðunar húsaleigulaganna, sjá Húsaleigulögin 4, 6.

Minning Kristjáns Helgasonar. Aðstandendur Kristjáns Helgasonar færa Alþingi þakkir fyrir að heiðra minningu Kristjáns Helgasonar. — Bréf 14. sept. (Db. 61).

Minningarrit prestaskólans. Biskup Íslands og formaður Prestafélags Íslands fara þess á leit, að Alþingi veiti 6 þús. kr. styrk til útgáfu minningarrits í tilefni af því, að vorið 1947 verða 100 ár liðin frá því, er prestaskólinn var stofnaður. — Bréf 22. okt. (Db. 112).

Minnismerki Snorra Sturlusonar, sjá Héraðsskólinn í Reykholti.

Mjólkurbú á Blönduósi.

1. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv., fer þess á leit, að í fjárl. næsta árs verði veittar 145 þús. kr. til stofnunar mjólkurbús á Blönduósi, ¼ kostnaðar, 250 þús. kr. ríkisábyrgð í sama skyni og 500 þús. kr. til brúargerðar í því sambandi. — Bréf 2. des. (Db. 399).
2. Nýbyggingarráð lýsir fylgi sínu við þá hugmynd, að stofnað verði mjólkurbú á Blönduósi fyrir Austur-Húnavatnssýslu og fer þess á leit, að veitt verði hæfilegt fé til nauðsynlegra samgöngubóta í héraðinu. -- Bréf 1. des. (Db. 396).

Mjólkurflutningar, sjá Vegamál 18.
Mjólkursamlag Þingeyinga. Búnaðarfélag Íslands sendir greinargerð um stofnun væntanlegs mjólkursamlags Þingeyinga á Húsavík. — Bréf 13. marz. (Db. 701).
Monika, María, sjá Ríkisborgararéttur.
Mótoristafélag Íslands, sjá Atvinna við siglingar 3, 5.
Mæðrafélagið í Reykjavík, sjá Almannatryggingar 4—5.
Mæðrastyrksnefndin í Reykjavík, sjá Almannatryggingar 6.
Mæðrastyrksnefndir. Fjmrn. gerir grein fyrir styrk til mæðrastyrksnefnda í fjárl. fyrir árið 1944 og styrk til slysavarna í sömu fjárl. — Bréf 21. nóv. (Db. 294).
Möller, Jakob, 3. þm. Reykv., sjá Varaþingmenn 2.

Námsflokkar. Fjmrn. sendir fjvn. erindi fræðslumálastjóra, dags. 17. þ. m., um fjárveitingu til Ágústs Sigurðssonar fyrir störf hans við námsflokkastarfsemi undir eftirliti fræðslumálastjórnarinnar. — Bréf 22. okt. (Db. 111).
Námsflokkar Reykjavíkur, sjá Tillögur.
Námsskeið fyrir fóstrur og leikskólakennara, sjá Barnavinafélagið Sumargjöf 1.
Námsstyrkir.
1. Anna Þórhallsdóttir fer þess á leit, að Alþingi veiti henni 10 þús. kr. styrk til söngnáms í Ameríku. — Bréf 14. sept. (Db. 21).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi nýbyggingarráðs, dags. 10. þ. m., þar sem lagt er til, að Bjarna S. Hólm verði veittar 4 þús. kr. til að læra áklæða-, gólfdregla- og teppagerðariðnað í Englandi. — Bréf 13. des. (Db. 470).
3. Einar Sturluson fer þess á leit, að honum verði veittur styrkur til söngnáms í Svíþjóð. — Bréf 12. okt. (Db. 452).
4. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., fer þess á leit, að Önnu Þórhallsdóttur verði veittur 10 þús. kr. styrkur til söngnáms í Ameríku. — Bréf 3. des. (Db. 407).
5. Júlíus Jón Daníelsson sækir um 5 þús. kr. styrk til landbúnaðarnáms í Svíþjóð. — Bréf 12. júlí. (Db. 13).
6. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak., fer þess á leit, að Snorra Markússyni frá Ólafsdal verði í fjárl. næsta árs veittur hærri námsstyrkur til dýralæknanáms í Stokkhólmi en í núgildandi fjárlögum. — Bréf 28. okt. (Db. 147).
7. Sigursveinn D. Kristinsson fer þess á leit, að honum verði veittur 6 þús. kr. styrkur á ári í tvö ár til tónlistarnáms í Reykjavík. — Bréf 1. nóv. (Db. 389).
8. Sveinn Bergsveinsson, dr. phil., fer þess á leit, að fyrrv. konu hans, Anne Marie Bergsveinsson, verði veittur fjárhagslegur stuðningur meðan hún lýkur námi í byggingalistfræði. — Bréf 13. okt. (Db. 82).

— Sjá einnig Framhaldsnám búfræðinga.
Nemendasamband kvennaskólans, sjá Kvennaskólinn í Reykjavík.
Niðursuðuverksmiðja á Siglufirði, sjá Bygging íbúðarhúsa 2.
Niðursuðuverksmiðja á Ólafsfirði, sjá Síldar- og fiskimjölsverksmiðja.
Nielsen, Orla Egon, sjá Ríkisborgararéttur.
Nikulás Einarsson, sjá Eftirgjöf á tolli 3.
Norðfjörð, Jón, sjá Framsagnarkennsla 2.
Norland, Sigurður, sjá Flóabátaferðir 12.
Norrænt stúdentamót. Stúdentasamband Íslands fer þess á leit, að tekin verði upp í fjárl. næsta árs 50—60 þús. kr. fjárveiting vegna norræns stúdentamóts, sem halda á hér á landi sumarið 1946. — Bréf 11. des. (Db. 473).
Notendasímar. Póst- og símamálastjórnin sendir lauslega áætlun um kostnað við lagningu síma á hvert heimili í landinu. — Bréf 21. nóv. (Db. 299).
Notendasímar í sveitum.
1. Póst- og símamálastjórnin fer þess á leit, að fjvn. flytji till. til þál. um skipun nefndar til að skipta fjárveitingum til notendasíma í sveitum. — Bréf 21. nóv. (Db. 297).

2. Póst- og símamálastjórnin sendir: 1) skrá yfir notendasíma í sveitum, lagða á árinu 1945, og 2) skrá yfir bæi, sem ekki fengu síma árið 1945, en voru þó á áætlunarskrá um notendasíma í sveitum það ár. — Bréf 21. nóv. (Db. 301).

Nýbyggingarráð.
1. Bæjarstjórinn í Neskaupstað sendir ályktun bæjarstjórnar, þar sem lýst er yfir eindregnu fylgi við frv. nýbyggingarráðs um breyt. á l. um nýbyggingarráð og um fiskveiðasjóð. — Bréf 7. nóv. (Db. 331).
2. Nýbyggingarráð sendir sjútvn. Ed. og iðnn. Nd. frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 frá 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, skýrslu um afkomu og hagnað bankanna og almenna greinargerð um fjármál. — Bréflaust. (Db. 75).
3. Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað lýsir yfir eindregnu fylgi sínu við frv. nýbyggingarráðs um breyt. á l. um nýbyggingarráð og um breyt. á l. um fiskveiðasjóð. — Símskeyti 8. okt. (Db. 62).
4. Umsögn Landsbanka Íslands um frv. nýbyggingarráðs, 1) um breyt. á l. nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, og 2) um Fiskveiðasjóð Íslands. — Bréf 13. nóv. (Db. 222, 225).

— Sjá einnig: Botnvörpuskip, Fiskveiðasjóður Íslands 7, 8, Landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, Loðdýrakynbótabú, Loðdýrarækt, Mjólkurbú á Blönduósi 2, Námsstyrkir 2, Slysatrygging sjómanna, Tillögur.

Nýbýlasjóður. Búnaðarbanki Íslands gerir grein fyrir lán- og styrkveitingum úr nýbýlasjóði. — Bréf 21. nóv. (Db. 304).

Nýbýlastjórn, sjá Tillögur.

Nýbýli og endurbyggingar í sveitum, sjá Tillögur, nýbýlastjórn ríkisins.

Oddviti Hríseyjarhrepps, sjá Flóabátaferðir 10.

Oddviti Húsavíkurhrepps, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 10.

Oddvitinn í Flatey á Skjálfanda, sjá Flóabátaferðir 9.

Orkuveita um Suðurland, sjá Raforka fyrir V.-Skaftafellssýslu.

Orkuveita til Vestmannaeyja, sjá Raforka fyrir V.-Skaftafellssýslu.

Orlofsheimili verklýðsfélaga.
1. Alþýðusamband Íslands sendir ályktun verkakvennafélagsins Snót, þar sem það skorar á Alþingi að samþykkja frv. til laga um orlofsheimili verklýðsfélaga. — Bréf 3. maí. (Db. 697).
2. Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar skorar á Alþingi að samþ. frv. til l. um orlofsheimili verklýðsfélaga. — Bréf 23. apríl. (Db. 705).

Orlofslög. Alþýðusamband Íslands skorar á Alþingi að breyta orlofslögunum þannig, að sami fyrningarfrestur gildi um orlofskröfur og kaupkröfur. — Bréf 9. okt. (Db. 67).

Ólafur Sigurðsson, skipaverkfræðingur, sjá Síldþjóðarbátar 2.

Ólafur Tryggvason, sjá Rafveita Akraneskaupstaðar 1.

Páll A. Pálsson, sjá Dýralækningar 2.

Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M., sjá Vegamál 12.

Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M., sjá Vegamál 12.

Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk., sjá: Fyrirhleðsla í Grjótá 2, Vegamál 13.

Pálmi Hannesson, sjá Rannsókn hlaups í Skeiðará.

Pedersen, Martin Schjönning Kristian, sjá Ríkisborgararéttur.

Pétur Ottesen, þm. Borgf., sjá Eftirlaun og styrktarfé 8.

Pétur Sigurðsson, sjá Botnvörpuveiðar.

Póst- og símamálastjórnin, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 9, 16, Fjarskipti, Notendasímar, Notendasímar í sveitum, Símaframkvæmdir 1, Tillögur.

Prestafélag Íslands, sjá: Minningarrit prestaskólans, Prestaskipti.

Prestar og prófastar, sjá Tillögur.

Prestaskipti. Biskup Íslands og formaður Prestafélags Íslands fara þess á leit, að

veitt verði fé í því skyni, að unnt verði að koma á prestaskiptum milli Íslendinga austan hafs og vestan. — Bréf 22. okt. (Db. 113).

Prestssetur í Sauðlauksdal. Trausti Pétursson, sóknarprestur í Sauðlauksdal í Barðastrandarsýslu, fer þess á leit, að veittar verði 80—100 þús. kr. til að endurbyggja útihús, hlöður og peningshús prestssetursstaðarins þar. — Bréf 11. nóv. (Db. 212).

Prófkostnaður við háskólann. Háskólaritari sendir skrá um prófkostnað við háskólann árið 1944. — Bréf ódags. (Db. 482).

Rafmagnseftirlit ríkisins, sjá: Ábyrgðir 5—7, Jarðhitarannsóknir, Jarðhiti, Raforka fyrir V.-Skaftafellssýslu, Raforkuvinnsla á sveitaheimilum, Rafveita Akraneskaupstaðar, Rafveita á Flateyri, Rafveita Eyrarsveitar, Rafveita Gerðahrepps, Tillögur.

Rafmagnsstjóri, sjá Virkjun Sogsins 3.

Raforka fyrir Rangárvallasýslu, sjá Raforka fyrir V.-Skaftafellssýslu.

Raforka fyrir V.-Skaftafellssýslu. Umsögn rafmagnseftirlits ríkisins um till. til þál.: 1) um fullnaðarrannsóknir á fallvötnum til raforkunota handa íbúum Vestur-Skaftafellssýslu og hluta af Rangárvallasýslu, 2) um virkjun Sogsins o. fl. og orkuveitur um Suðurland og til Vestmannaeyja, 3) um rafveitu Norðurlands. — Bréf 21. marz. (Db. 640).

Raforkulög. Félag löggiltra rafvirkjameistara og félag íslenzkra rafvirkja leggja til, að gerðar verði tilteknar breytingar á frv. til raforkulaga. — Bréf 15. febr. (Db. 703).

Raforkumál.

1. Búnaðarfélag Íslands sendir tillögu búnaðarþings, þar sem skorað er á ríkisstjórn og Alþingi að hrinda af stað framkvæmdum í raforkumálum landsins á þeim grundvelli, að sem flestir landsmenn eigi sem fyrst kost á raforku til afnota við líku verði hvar sem er á landinu.— Bréf 12. júlí. (Db. 36).
2. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu sendir ályktun sýslunefndar N.-Ísafjarðarsýslu, þar sem skorað er á Alþingi að samþ. frv. milliþinganefndar í raforkumálum. — Bréf 5. júlí. (Db. 11).

Raforkuveitur, sjá Ábyrgðir 5.

Raforkuver, sjá Ábyrgðir 4.

Raforkuvinnsla á sveitaheimilum. Umsögn rafmagnseftirlits ríkisins um till. til þál. um vélar til raforkuvinnslu á sveitaheimilum. — Bréf 15. des. (Db. 499).

Rafveita Akraneskaupstaðar.

1. Rafmagnseftirlit ríkisins skrifar um kostnaðaráætlun Ólafs Tryggvasonar um innanbæjarkerfi fyrir Akraneskaupstað. — Bréf 18. des. (Db. 510).
2. Umsögn rafmagnseftirlits ríkisins um till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Akraneskaupstað. — Bréf 12. des. (Db. 492).

Rafveita á Flateyri. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., sendir áætlun rafmagnseftirlits ríkisins um endurbyggingu rafveitunnar á Flateyri. — Bréf 13. des. (Db. 468).

Rafveita Eyrarsveitar. Umsögn rafmagnseftirlitsins um till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Eyrarsveit á Snæfellsnesi. — Bréf 12. des. (Db. 491).

Rafveita Gerðahrepps. Umsögn rafmagnseftirlits ríkisins um till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Gerðahrepp, Miðneshrepp og Grindavíkurhrepp. Bréf 12. des. (Db. 493).

Rafveita Grindavíkurhrepps, sjá Rafveita Gerðahrepps.

Rafveita Miðneshrepps, sjá Rafveita Gerðahrepps.

Rafveita Norðurlands, sjá Raforka fyrir V.-Skaftafellssýslu.

Rafveitur, sjá: Ábyrgðir 6—7, Raforka fyrir V.-Skaftafellssýslu, Rafveita Akraneskaupstaðar, Rafveita á Flateyri, Rafveita Eyrarsveitar, Rafveita Gerðahrepps, Rafveita Grindavíkurhrepps, Rafveita Miðneshrepps, Rafveita Norðurlands.

Ragnhildur Konráðsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 4, 14.

Rannsókn á Þaragróðri. Fjmrn. sendir fjvn. bréf atvmrn., dags. 17. sept., um fjárveitingu til rannsókna á þaragróðri við strendur landsins.— Bréf 8.okt. (Db.60).
Rannsókn byggingarefnis. Fjmrn. sendir fjvn. bréf atv.- og samgmrn., dags. 16. nóv., um kostnað við byggingarefnarannsóknir, fjörefnarannsóknir o. fl. — Bréf 17. nóv. (Db. 257).
Rannsókn hlaups í Skeiðará. Pálmi Hannesson, Jóhannes Áskelsson og Steinþór Sigurðsson fara þess á leit, að ríkissjóður greiði kostnað við rannsókn hlaups í Skeiðará. — Bréf 13. okt. (Db. 80).
Rannsóknaráð ríkisins, sjá: Atvinnudeild háskólans 5, Halldór Pálsson forstjóri, Tillögur.
Rannsóknarstofa háskólans. Skrifstofa ríkisspítalanna sendir rekstrarreikning rannsóknarstofu háskólans fyrir árið 1944. — Bréflaust. (Db. 349). — Sjá einnig: Innflutningur sauðfjár, Tillögur.
Rauði kross Íslands, sjá Tímaritið Heilbrigt líf.
Rekstur nýtízku ferðaskrifstofu, sjá Arnaldur Jónsson.
Rektor Háskóla Íslands, sjá Happdrætti fyrir Ísland.
Remberta, María, sjá Ríkisborgararéttur.
Ritsafn Jóns Sigurðssonar, sjá Bókaútgáfu menningarsjóðs og þjóðvinafélagsins.
Ritstyrkir.
1. Dr. Björn Guðfinnsson fer þess á leit, að honum verði veittur 30 þús. kr. styrkur til þess að fullgera rit um rannsóknir sínar á íslenzkri tungu og dveljast á meðan í Bandaríkjunum sér til nauðsynlegrar heilsubótar. — Bréf 16. nóv. (Db. 268).
2. Dr. Þorkell Jóhannesson og Steingrímur Steinþórsson, búnaðarmálastjóri, fara þess á leit, að Arnóri Sigurjónssyni, fyrrv. skólastjóra, verði veittur 5 þús. kr. ritstyrkur. — Bréf 10. nóv. (Db. 229).
3. Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn sendir beiðni Þorfinns Kristjánssonar, prentara, um styrk til að gefa út rit um Íslendinga í Danmörku. — Bréf 9. okt. (Db. 87).

— Sjá einnig Stefán Einarsson, dr.
Ríkisborgararéttur. Umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt frá Abraham, Robert Louis Eugen (Db. 79); Albínu, Maríu (Db. 186); Als, Emil (Db. 143); Ambrosíu, Maríu (Db. 186); Barböru, Maríu (Db. 186); Bechmann, Wilhelm Ernst (Db. 143); Bendtsen, Bendt Dahlbom (Db. 656); Birni Malmfred Björnssyni (Db. 186); Cyrillu, Maríu (Db. 186); Emilíu, Maríu (Db. 186); Erik Ingvari Ingvarssyni (Db. 606); Feliciu, Maríu (Db. 186); Friedlaender, Heinz Karl (Db. 79); Goldstein, Peter Lothar (Db. 540); Göhlsdorf, Elisabeth (Db. 79); Herlufsen, Harry Otto August (Db. 624); Hinz, Hans Joachim Gunnari Theodóri Magnúsi (Db. 308); Jack, Robert John (Db. 575); Jóhanni Páli Björnssyni (Db. 549); Jörgensen, Alfred Christian (Db. 575, 610); Jörgensen, Bent Bjarno (Db. 575); Katrínu Ólafsdóttur Mixa (Db. 673); Lindemann, Albert Volker (Db. 89); Moniku, Maríu (Db. 186); Nielsen, Orla Egon (Db. 575); Pedersen, Martin Schönning Kristian (Db. 79); Rembertu, Maríu (Db. 186); Schrader, Harry Wilhelm (Db. 167); Siemsen, Franz Edward (Db. 557); Siemsen, Ludwig Hartvig (Db. 557); Sonnenfeld, Kurt Gustav (Db. 79); Syre, Gabriel (Db. 668); Thorarensen, Jóhanni Stephan (Db. 688); Vestmann, Ingibjörgu Einarsdóttur (Db. 79); Xaveríu Maríu (Db. 186).
Ríkisbókhaldið.
1. Ríkisbókhaldið sendir fjvn. sundurliðaða skrá um óviss útgjöld á tímabilinu frá 1. jan. til 31. okt. 1945. — Bréflaust. (Db. 425).
2. Ríkisbókhaldið sendir yfirlit um greiðslur samkv. 19. gr. fjárlaga fyrir tímabilið frá 1. jan. til 31. okt. 1945. — Bréflaust. (Db. 731).
3. Ríkisbókhaldið sendir yfirlit um greiðslur úr ríkissjóði samkv. sérstökum lögum á tímabilinu frá 1. jan. til 30. sept. 1945. — Bréflaust. (Db. 733).

— Sjá einnig: Eignahreyfingar ríkissjóðs, Lausaskuldir ríkissjóðs, Ríkisútvarpið, Tekjur og gjöld ríkissjóðs, Viðtækjaverzlun ríkisins 1.
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, sjá Tillögur.
Ríkisskattanefnd, sjá Tekjuskattur og eignarskattur, Tillögur.
Ríkisspítalarnir, sjá: Drykkjumannahæli að Kaldaðarnesi 1, Laun yfirlækna Landsspítalans, Tillögur.
Ríkisútvarpið.
1. Ríkisbókhaldið gerir grein fyrir greiðslum vegna ríkisútvarpsins árin 1930—1944. — Bréflaust. (Db. 377).
2. Ríkisútvarpið sendir áætlun um tekjur og gjöld þess árið 1945. — Bréflaust. (Db. 734).
3. Ríkisútvarpið sendir rekstrar- og efnahagsreikning þess fyrir árið 1944. — Bréflaust. (Db. 397).

— Sjá einnig: Tillögur, Viðtækjaverzlun ríkisins.
Ræktun lax og silungs. Umsögn veiðimálanefndar um frv. til l. um ræktun lax og silungs í Austfirðingafjórðungi o. fl. — Bréf 26. marz. (Db. 651).
Ræktun og uppeldi nytjafiska, sjá Bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiði 1.
Ræktunarsjóður. Fjmrn. sendir fjvn. bréf Búnaðarbanka Íslands, dags. 26. júní, varðandi fjárveitingar í fjárl. 1946 til ræktunarsjóðs, vaxtatillag kreppulánasjóðs og kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, rekstrarhalli. (Db. 59).
Ræktunarsjóður Íslands, sjá Landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Safnahúsið, sjá Tillögur.
Sakadómarinn í Reykjavík, sjá Tillögur.
Samband ísl. barnakennara, sjá: Kennaraþing, Tímaritið Menntamál.
Samband ísl. berklasjúklinga, sjá Vinnuheimili sambands íslenzkra berklasjúklinga.
Samband íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga. Stjórn sambands ísl. heimilisiðnaðarfélaga fer þess á leit, að styrkur til sambandsins verði tiltekinn sérstaklega, með sérstökum lið í fjárl., en ekki innifalinn í styrk til Kvenfélagasambands Íslands. — Bréf 7. nóv. (Db. 173).
Samband ísl. karlakóra, sjá Söngför um Norðurlönd.
Samband ísl. samvinnufélaga, sjá Tollar af hjólbörðum.
Samband ísl. sveitarfélaga, sjá Almannatryggingar 10.
Samband veitinga- og gistihúsaeigenda, sjá Veitingaskattur.
Sameining Selfossbyggðar.
1. Alþýðusamband Íslands sendir ályktun verkamannafélagsins Þór í Sandvíkurhreppi, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja frv. til l. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag, er nú liggur fyrir þinginu. — Bréf 4. marz. (Db. 618).
2. Hreppsnefnd Ölfushrepps skorar á Alþingi að nema burt úr frv. um sameining Selfossbyggðar í Árnessýslu í eitt hreppsfélag ákvæði um, að lagðar verði undir Selfosshrepp jarðir úr Ölfusi. — Bréf 9. des. (Db. 489).
3. 21 alþingiskjósandi í Hraungerðishreppi í Árnessýslu skorar á Alþingi að samþykkja óbreytt frv. það um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag, sem nú liggur fyrir þinginu. — Bréf 25. jan. (Db. 699).
4. 25 alþingiskjósendur á Langanesi, Hellislandi, Ölfushreppi, skora á Alþingi að samþykkja óbreytt frv. það um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag, sem nú liggur fyrir Alþingi. — Bréf 25. jan. (Db. 700).

Samgöngubætur í Barðastrandarsýslu. Umsögn vegamálastjóra um till. til þál. um samgöngubætur í Barðastrandarsýslu. — Bréf 18. marz. (Db. 634).
Samgöngumál Suðurlandsundirlendis, sjá: Austurvegur, Vegamál 3, 11.
Samgöngumrn., sjá: Byggingarráðstefna, Eftirlaun og styrktarfé 10, 11. 17, Ferðaskrifstofa ríkisins, Flóabátaferðir 11, Flutningur hengibrúar, Landshöfn í Hornafirði 6, Símaframkvæmdir 2, Sjómannaskóli, Skipaeftirlitið 1.

Samheitaorðabók. Björn Sigfússon, háskólabókavörður, fer þess á leit, að Bjarna Vilhjálmssyni verði í fjárl. næsta árs veittur sami styrkur til samningar íslenzkrar samheitaorðabókar og Björn nýtur nú samkv. fjárl. þ. á. — Bréf ódags. (Db. 130).
Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað, sjá Nýbyggingarráð 3.
Samvinnufélag útvegs- og sjómanna á Húsavík, sjá Togarakaup ríkisins.
Samvinnuskólinn, sjá Tillögur.
Samþykktir um sýsluvegasjóði, sjá Sýsluvegasjóðir.
Sandgræðslan, sjá Tillögur.
Sauðfjársjúkdómanefnd, sjá Tillögur, sauðfjárveikivörnum.
Sauðfjárveikivarnir, sjá Tillögur.
Schrader, Harry Wilhelm, sjá Ríkisborgararéttur.
Sementsvinnsla. Elías Hannesson fer þess á leit, að honum verði veittur 7 þús. kr. styrkur á næsta ári til að kynna sér sementsvinnslu úr íslenzkum leir. — Bréf 29. nóv. (Db. 390).
Sendiráð Íslands erlendis, sjá Fulltrúar Íslands erlendis.
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn, sjá Ritstyrkir 3.
Sendiráð Íslands í London, sjá Þrýstistimplar.
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi, sjá Utanrrn. 2.
Sendiráð Íslands í Washington, sjá: Félagslegt öryggi, Hjálpar- og endurreisnarstofnun hinna sameinuðu þjóða 1.
Siemsen, Franz Edward, sjá Ríkisborgararéttur.
Siemsen, Ludwig Hartwig, sjá Ríkisborgararéttur.
Sigfús Sigurhjartarson, 8. þm. Reykv., sjá Lán til byggingarsamvinnufélaga.
Sigurbjörg Guðmundsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 9, 17.
Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf., tilkynnir, að hann muni ekki geta komið til þings fyrr en 15. okt. — Bréf 17. sept. (Db. 38). — Sjá einnig: Afnotagjald útvarpsnotenda 3, Vegamál 5, Verklegar framkvæmdir í N.-Ísafjarðarsýslu.
Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak., sjá: Dýralækningar 3—4, Dýravernd, Eftirlaun og styrktarfé 12, Námsstyrkir 6.
Sigurður Guðmundsson, skólameistari, sjá: Eftirgjöf á tolli 4, Menntaskólinn á Akureyri.
Sigurður Kristjánsson, 7. landsk. þm., sjá Húðun steinsteypuveggja.
Sigurður Pétursson, sjá Flóabátaferðir 13.
Sigurður Skúlason, sjá Framsagnarkennsla 1.
Sigurður V. Guðmundsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 12, 14.
Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf., sjá: Afnotagjald útvarpsnotenda 2, Héraðsskóli í Varmahlíð, Hrossakynbótabú á Hólum 2, Húsmæðraskólinn að Löngumýri, Varaþingmenn 1, 3.
Sigursveinn D. Kristinsson, sjá Námsstyrkir 7.
Síldarmat, sjá Fiskimat.
Síldarmat ríkisins, sjá Tillögur.
Síldarniðursuðuverksmiðja. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins sendir sjútvn. Nd. ályktanir sínar um byggingu og rekstur síldarniðursuðuverksmiðju og fer þess á leit, að þær verði teknar til greina við afgreiðslu frv. um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, sem nú liggur fyrir Alþingi. — Bréf 1. marz. (Db. 611).
Síldar- og fiskimjölsverksmiðja. Magnús Gamalielsson, Ólafsfirði, sendir: 1) áætlun Fiskifélags Íslands um kostnað við byggingu og rekstur síldar- og fiskimjölsverksmiðju og lifrarbræðslu fyrir Ólafsfjörð, 2) áætlun dr. Jakobs Sigurðssonar um kostnað við byggingu og rekstur síldar- og fiskimjölsverksmiðju og lifrarbræðslu fyrir Ólafsfjörð, og 3) áætlun dr. Jakobs Sigurðssonar um kostnað við byggingu niðursuðuverksmiðju fyrir Ólafsfjörð. — Bréf 27. nóv. (Db. 338).
Síldarverksmiðja ríkisins, sjá Síldarniðursuðuverksmiðja.

Símaframkvæmdir. Póst- og símamálastjórnin leggur til, að tekin verði í fjárl. 1946 heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka 12 millj. kr. lán til símaframkvæmda. — Bréf 21. nóv. (Db. 298).
Sjálfstæðismál Íslendinga. Alþýðusamband Íslands sendir ályktanir sambandsstjórnar í sjálfstæðismálum Íslendinga og um hagsmunamál fiskimanna og vélbátaflotans. — Bréf 12. nóv. (Db. 219).
Sjómannaskóli. Fjmrn. sendir fjvn. bréf samgmrn., dags. 7. sept., um styrki til bygginga sjómannaskóla og iðnskóla í Reykjavík. (Db. 59).
Sjó- og sandvarnargarður.
1. Fjmrn. sendir fjvn. bréf Gísla Sveinssonar, 10. landsk. þm., dags. 31. maí, um fjárveitingu til sjó- og sandbarnargerðs í Vík í Mýrdal. — Bréf 8. okt. (Db. 60).
2. Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm., fer þess á leit, að veitt verði fé til sjó- og sandvarnargarðs í Vík í Mýrdal og vísar til fyrri umsóknar um sama efni. — Bréf 22. okt. (Db. 104).

— Sjá einnig Vegamál 7.
Sjómannafélagið Jötunn, sjá Fiskimálanefnd 3, 9.
Sjúkrahús, sjá: Læknisbústaðir, Tillögur, Landlækni.
Sjúkrahús á Akureyri. Bæjarstjórn Akureyrar skorar á Alþingi að veita í fjárl. næsta árs sem ríflegast framlag til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri. — Símskeyti 3. des. (Db. 404).
Sjúkrahús í Vestmannaeyjum. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., fer þess á leit, að veittur verði í fjárl. næsta árs hæfilegur styrkur til sjúkrahússbyggingar í Vestmannaeyjum. — Bréf 26. nóv. (Db. 341).
Sjúkraskýli, sjá: Læknisbústaðir, Tillögur, Landlækni.
Skallagrímur h/f, sjá Flóabátaferðir 2, 14.
Skattstofan, sjá Tillögur.
Skáldalaun og listamanna.
1. Fjmrn. sendir skýrslu menntamálaráðs Íslands um skiptingu fjárhæðar þeirrar, sem veitt er í núgildandi fjárl. til skálda, rithöfunda og listamanna, milli deilda bandalags ísl. listamanna, ásamt úthlutunarskrám frá hinum einstöku deildum bandalagsins. — Bréflaust. (Db. 202).
2. Menntmrn. sendir afrit af bréfi bandalags ísl. listamanna, dags. 5. des., varðandi notkun fjárlagastyrks bandalagsins árin 1944—45. — Bréf 6. des. (Db. 430).
3. Stjórn bandalags ísl. listamanna leggur til, að 5 manna nefnd verði falið að annast úthlutun styrkja til listamanna og að þessi félög kjósi 1 mann hvert í nefndina: Félag ísl. leikara, félag ísl. tónlistarmanna, félag ísl. myndlistarmanna, Rithöfundafélag Íslands og menntamálaráð. — Bréf 17. des. (Db. 514).

— Sjá einnig Markan, Einar, söngvari.
Skálholt, sjá Biskupsstólar að Hólum og Skálholti.
Skeljasandur. Egill Sigurðsson endurnýjar umsókn sína, Baldurs Lindals og Þorsteins Gunnarssonar um fjárframlag úr ríkissjóði til frekari rannsókna á notkun skeljasands til iðnaðar. — Bréf 17. okt. (Db. 97).
Skip og tæki, sjá Botnvörpuveiðar.
Skipaeftirlitið.
1. Samgmrn. telur rétt að bíða með að gera umbeðnar tillögur um tekjur og gjöld skipaeftirlitsins, þar til séð er fyrir um afdrif frv. til l. um breyt. á l. um skipaeftirlit, sem lagt verður fyrir yfirstandandi Alþingi. — Bréf 1. nóv. (Db. 157).
2. Skipaskoðunarstjórinn sendir skýrslu um kostnað við skipaeftirlitið og skráningarstofuna. — Bréf 26. okt. (Db. 129).

Skipanaust h/f, sjá Skipasmíðastöð.

Skipaskoðunarstjórinn, sjá: Skipaeftirlitið 2, Tillögur.
Skipasmíðastöð.
1. Skipanaust h/f fer þess á leit, að sjútvn. Nd. hlutist til um, að ríkissjóður greiði ⅖ kostnaðar, allt að 2 millj. kr., við byggingu skipasmíðastöðvar við Elliðaárvog. — Bréf 1. nóv. (Db. 165).
2. Sama félag sendir sjútvn. Ed. samhljóða erindi. — Bréf 1. nóv. (Db. 166).

Skipaútgerð ríkisins sendir ársreikning sinn fyrir árið 1944. — Bréflaust. (Db. 724). — Sjá einnig: Björgunarskipið Sæbjörg 2, Flóabátaferðir 19, Tillögur, Varðbátakaup 2.
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Þjálfi í Neskaupstað, sjá Fiskiræktarstöð.
Skipting útsvara. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu tilkynnir, að sýslunefnd V.-Barðastrandarsýslu hafi samþykkt að skora á Alþingi að breyta útsvarslögunum þannig, að ákvæðin um skiptingu útsvara milli sveitarfélaga nái ekki til hreppa innan sama sýslufélags. — Bréf 22. okt. (Db. 126).
Skipulagsstjóri, sjá Tillögur, Vörumerkjaskrárritari.
Skíðakennsla. Jónas Ásgeirsson fer þess á leit, að sér verði veittur utanfararstyrkur til þess að kynna sér skíðatækni og skíðakennslu. — Bréf 29. nóv. (Db. 370).
Skíðatækni, sjá Skíðakennsla.
Skógrækt ríkisins, sjá Tillögur.
Skólabyggingar, sjá Tillögur, Menntmrn.
Skólanefnd Breiðdalshrepps, sjá Heimavistarskólar í sveitum.
Skólanefnd Ólafsfjarðar, sjá Fræðslulög.
Skólanefnd Reykholtsskóla, sjá Héraðsskólinn í Reykholti.
Skólanefnd Ölfushrepps, sjá Garðyrkjuskólinn á Reykjum 2.
Skólastjóri stýrimannaskólans, sjá Atvinna við siglingar 6.
Skráning skipa, sjá Slysatrygging sjómanna.
Skráningarstofan, sjá Skipaeftirlitið.
Skrifstofustjóri Alþingis. Fjmrn. samþykkir fyrir sitt leyti tillögu forseta Alþingis um að gefa skrifstofustjóra Alþingis 5 manna fólksbifreið á 60 ára afmæli hans. — Bréf 15. febr. (Db. 574).
Skuldaskilasjóður vélbátaeigenda, sjá Tillögur.
Slysatrygging sjómanna. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands sendir samþykktir um: 1) að lög um slysatryggingu sjómanna verði endurskoðuð, 2) að stríðstryggingasjóður haldi áfram að starfa, 3) að frv. nýbyggingarráðs um aðgengileg lánakjör og yfirfærslur gjaldeyris til nýsköpunar sjávarútvegsins, verði samþykkt á yfirstandandi þingi, 4) að byggðar verði verbúðir í helztu verstöðvum landsins, og 5) að lögum um skráningu skipa verði breytt á tilgreindan hátt. — Bréf 27. okt. (Db. 141). — Sjá einnig: Stríðsslysabætur sjómanna, Stríðsslysatrygging skipshafna.
Slysavarnafélag Íslands, sjá Umferðarslys.
Slysavarnir, sjá: Mæðrastyrksnefndir, Umferðaslys.
Smíðaverkstæði að Hólmi. Búnaðarfélag Íslands fer þess á leit, að veittar verði 25 þús. kr. til stofnkostnaðar smíðaverkstæðis að Hólmi í Landbroti og 10—12 þús. kr. til smíðakennslu þar. — Bréf 7. nóv. (Db. 174).
Smjörsamlög. Búnaðarfélag Íslands sendir tillögu búnaðarþings, þar sem talin er brýn þörf á því, að smjörsamlög njóti sömu aðstöðu og viðurkennd mjólkurbú um verðuppbætur úr ríkissjóði á það mjólkurmagn, sem þau vinna smjör úr. — Bréf 11. júní. (Db. 29).
Snorri Markússon, sjá Námsstyrkir 6.
Soffía Guðlaugsdóttir, sjá: Landsbókasafnið 1, Leiklist 2.
Sonnenfeld, Kurt Gustav, sjá Ríkisborgararéttur.
Starfsmenn Alþingis, sjá Störf við Alþingi.
Starfsmenn bæjarfógeta og sýslumanna, sjá Laun starfsmanna bæjarfógeta og sýslumanna.

Starfsnefnd Mjóafjarðar, sjá Flóabátaferðir 15.
Stefán Einarsson, dr. Heimspekideild Háskóla Íslands mælir með beiðni dr. Stefáns Einarssonar um 1500 dollara styrk til útgáfu rits hans Icelandic. — Bréf 9. nóv. (Db. 187).
Steingrímur Steinþórsson, sjá Ritstyrkur 2.
Steinþór Sigurðsson, sjá Rannsókn hlaups í Skeiðará.
Stéttarsamband bænda, sjá: Búnaðarmálasjóður 16, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Útflutningsuppbætur.
Stjórn búnaðarmálasjóðs, sjá Búnaðarmálasjóður 5.
Stjórnarráðið, sjá: Berklavarnir, Tillögur.
Stórstúka Íslands fer þess á leit, að henni verði veittar 200 þús. kr. til starfsemi sinnar í fjárl. 1946. — Bréf 26. nóv. (Db. 347).
Stórþing Noregs, sjá Þjóðhátíðardagur 2.
Striðsslysabætur sjómanna. Félmrn. sendir heilbr.- og félmn. Ed. áskorun stjórnar farmanna- og fiskimannasambands Íslands til ríkisstjórnarinnar um, að sjómenn þeir, er fórust í ofviðrinu 9. þ. m., verði bættir fullum striðsbótum og að tryggingarlöggjöf ríkisins verði breytt í það horf, að sjómenn, er farast í sjóslysum, verði framvegis bættir slíkum bótum. — Bréf 22. febr. (Db. 603). — Sjá einnig: Slysatrygging sjómanna, Striðsslysatrygging skipshafna.
Striðsslysatrygging skipshafna. Landssamband ísl. útvegsmanna sendir ályktun stjórnar sambandsins, þar sem skorað er á sjútvn. beggja deilda Alþingis að beita sér fyrir því, að felld verði úr gildi á yfirstandandi Alþingi lög um striðsslysatryggingu ísl. skipshafna nema í millilandasiglingum. — Bréf 28. nóv. (Db. 380). — Sjá einnig: Innlend endurtrygging, Slysatrygging sjómanna, Striðsslysabætur sjómanna.
Striðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, sjá Innlend endurtrygging.
Striðstryggingasjóður, sjá Slysatrygging sjómanna.
Stúdentafélag Akureyrar, sjá Matthíasarbókhlaða.
Stúdentasamband Íslands, sjá Norrænt stúdentamót.
Styrktarsjóður verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík. Stjórn Styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík sendir reikning sjóðsins árið 1945, ásamt skýrslu um starfsemi hans sama ár. — Bréf 20. marz. (Db. 652, 653).
Stýrimannaskólinn, sjá Tillögur.
Stöng, sjá Landsbókasafnið 1.
Störf við Alþingi. Umsóknir um störf við Alþingi 1945. — (Db. 539).
Sumarnámskeið erlendra stúdenta, sjá Erlendir vísindamenn.
Sveinasamband byggingarmanna, sjá Iðnfræðsla 9.
Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk., sjá Vegamál 3.
Sveinn Árnason, sjá Eftirlaun og styrktarfé 13.
Sveinn Bergsveinsson, sjá Námsstyrkir 8.
Svíþjóðarbátar.
1. Atv.- og samgmrn. sendir bréf utanrrn., dags. 24. nóv., um báta, keypta í Svíþjóð. — Bréf 28. nóv. (Db. 365).
2. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. Nd. afrit af skýrslu skipaverkfræðinganna Bárðar Tómassonar og Ólafs Sigurðssonar, dags. 22. nóv., um útreikning á styrkleika þeirra fiskibáta, sem keyptir voru í Svíþjóð s.l. sumar. — Bréf 29. nóv. (Db. 379).
3. Jón Sigurðsson, Túngötu 45, sendir sjútvn. Nd. afrit af bréfi sínu til samgmrh., dags. 17. des., um styrkleika báta, sem keyptir hafa verið frá Svíþjóð. — Bréflaust. (Db. 507).
4. Nokkrir kaupendur vélbáta frá Svíþjóð fara þess á leit við Alþingi, að þeim verði veittur allt að 75 þús. kr. styrkur á hvern bát í því skyni að kosta

endurbætur, sem nauðsynlegar teljast til þess, að bátarnir fullnægi íslenzkum styrkleikakröfum. — Bréf 25. okt. (Db. 136).
Syre, Gabríel, sjá Ríkisborgararéttur.
Sýslubókasafn V.-Barðastrandarsýslu. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu fer þess á leit, að sýslubókasafni Vestur-Barðastrandarsýslu verði veittur árlegur styrkur í fjárlögum. — Bréf 16. nóv. (Db. 266).
Sýslubókasöfn. Fjmrn. sendir fjvn. bréf menntmrn., dags. 20. þm. m., um styrki til sýslubókasafna, aukakennslu og Landsbókasafnið. — Bréflaust. (Db. 287).
Sýslumaður Árnessýslu, sjá: Búnaðarskóli Suðurlands 2, Embættisbústaður sýslumanns Árnessýslu.
Sýslumaður Barðastrandarsýslu, sjá: Flóabátaferðir 18, Jarðræktarlög 3, Skipting útsvara, Sýslubókasafn V.-Barðastrandarsýslu, Tekjur sýslusjóða.
Sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, sjá Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar 1.
Sýslumaður Húnavatnssýslu, sjá Útrýming fjárkláðans.
Sýslumaður Ísafjarðarsýslu, sjá: Ábyrgð sýslusjóða, Raforkumál 2, Vegamál 1.
Sýslumaður N.-Múlasýslu, sjá Tekjur sýslusjóða 2.
Sýslumaður Þingeyjarsýslu, sjá Vegamál 15.
Sýslumenn, sjá Tillögur.
Sýslunefnd A.-Skaftafellssýslu, sjá Bifreiðaskattur 2.
Sýslunefnd Árnessýslu, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 11, 14.
Sýslunefnd V.-Ísafjarðarsýslu, sjá Löggjöf um rafmagnsveitur.
Sýsluvegasjóðir. Umsögn vegamálastjóra um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði. — Bréf 5. nóv. (Db. 164).
Sænska sendiráðið í Reykjavík sendir bók, sem gefin er út af sænska utanríkisráðuneytinu, með fyrirsögninni: Sveriges förhållande til Danmark och Norge under krigsåren. — Bréf 2. apríl. (Db. 664).
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sjá: Fiskimálanefnd 4, Fiskimálasjóður 2, Fiskumbúðir, Fiskveiðasjóður Íslands 10, Viðskiptaráð.
Söngfélagið Harpa, sjá Glímufélagið Ármann.
Söngför til Norður-Ameríku og Kanada. Fjmrn. óskar umsagnar fjvn. um erindi Karlakórs Reykjavíkur, dags. 23. þ. m., um styrkbeiðni til söngfarar til Norður-Ameríku og Kanada. — Bréf 24. apríl. (Db. 692).
Söngför um Norðurlönd.
1. Fjmrn. sendir fjvn. erindi sambands ísl. karlakóra, dags. 14. þ. m., þar sem sótt er um 40 þús. kr. styrk úr ríkissjóði til söngfarar um Norðurlönd á næsta vori. — Bréf 18. febr. (Db. 572).
2. Formaður Karlakórs Reykjavíkur og formaður sambands ísl. karlakóra lýsa því yfir, að fullt samkomulag sé milli kórsins og sambandsins um fyrirhugaðar söngfarir þeirra og engin samkeppni um söngmenn í því sambandi. — Bréf 21. febr. (Db. 582).

Söngkennsla í skólum. Fræðslumálastjóri sendir fjvn. bréf sitt til menntmrn., dags. 9. okt., ásamt skýrslu Hallgríms Helgasonar um endurbætur á söngkennslu í skólum og greinargerð um sama efni. — Bréflaust. (Db. 353).
Söngmálastjóri, sjá: Eftirlitsmenn kirkjukóra, Kennsla í orgelleik 3.
Söngmót í Kaupmannahöfn, sjá Söngfélagið Harpa.
Söngvasafnið Ljóð og lög. Fjmrn. sendir fjvn. erindi Þórðar Kristleifssonar, dags. 27. f. m., um undanþágu frá greiðslu verðtolls af söngvasafninu Ljóð og lög. — Bréf 17. okt. (Db. 90).

Teiknistofa landbúnaðarins, sjá Iðnskólar í sveitum 2.
Tekjur sýslusjóða.
1. Sýslumaður Barðastrandarsýslu sendir ályktun sýslunefndar V.-Barðastrandarsýslu um að tryggja sýslusjóðunum ríflegar fastatekjur annars staðar að en frá sveitarsjóðunum. — Bréf 22. okt. (Db. 127).

2. Sýslumaður N.-Múlasýslu sendir ályktun sýslunefndar, þar sem hún ítrekar fyrri áskoranir sínar til ríkisstjórnarinnar og Alþingis um nýja tekjustofna handa sýslufélögum. — Bréf 26. apríl. (Db. 698).

Tekjur og gjöld ríkissjóðs.

1. Fjmrn. sendir fjvn. áætlun um tekjur ríkissjóðs árið 1945. — Bréflaust. (Db. 398).
2. Ríkisbókhaldið sendir yfirlit um tekjur og gjöld ríkissjóðs í sept. og okt. 1945. — Bréflaust. (Db. 726).

Tekjuskattur og eignarskattur. Umsögn ríkisskattanefndar um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. — Bréf 15. nóv. (Db. 239).

Thorarensen, Jóhann Stephan, sjá Ríkisborgararéttur.

Tillögur um fjárveitingar í fjárlögum 1946 frá eftirtöldum embættismönnum, ríkisfyrirtækjum og stofnunum: alþýðuskólanum á Eiðum (Db. 59), atvinnudeild háskólans (Db. 59), atvinnumálarn. (Db. 281, 257), atvinnu- og samgöngumálarn. (Db. 230), Áburðarsölu ríkisins (Db. 59), Áfengisverzlun ríkisins (Db. 59), barnaverndarráði (Db. 59), bifreiðaeftirliti ríkisins (Db. 59, 197), biskupi (Db. 59), borgardómaranum í Reykjavík (Db. 59), borgarfógetanum í Reykjavík (Db. 59, 197), Búnaðarfélagi Íslands (Db. 59, 257, 291), búnaðarráði (Db. 63), búreikningaskrifstofu ríkisins (Db. 59), bæjarfógetanum (Db. 59), bændaskólanum á Hólum (Db. 59), bændaskólanum á Hvanneyri (Db. 59), dómsmálarn. (Db. 59, 188), Félagsdómi (Db. 59), Fiskifélagi Íslands (Db. 59, 309), fiskimatsstjóra (Db. 59), fjármálarn. (Db. 59, 60, 63, 196—198, 230, 234, 255, 259, 279, 281, 296, 352), flugmálastjóra (Db. 59), forseta Íslands (Db. 59, 188), freðfiskimatsstjóra (Db. 230), fræðslumálastjóra (Db. 59, 358), garðyrkjuskólanum á Reykjum (Db. 59), Grænmetisverzlun ríkisins (Db. 59), Hagstofu Íslands (Db. 59), Háskóla Íslands (Db. 59), hegningarhúsinu í Reykjavík (Db. 59, 197, 279), heilsuhælinu í Kristnesi (Db. 259), héraðslæknum (Db. 59), Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi (Db. 59), húsaleigunefnd Hafnarfjarðar (Db. 59), húsaleigunefnd Ísafjarðar (Db. 59), húsaleigunefnd Neskaupstaðar (Db. 59), húsaleigunefnd Reykjavíkur (Db. 59), húsaleigunefnd Seyðisfjarðar (Db. 59), húsaleigunefnd Siglufjarðar (Db. 59), húsameistara ríkisins (Db. 59), húsmæðraskólanum að Hallormsstað (Db. 59), húsmæðraskólanum að Laugum (Db. 59), húsmæðraskóla Suðurlands (Db. 59), Hæstarétti (Db. 59), iðnlánasjóði (Db. 59), íþróttafulltrúa (Db. 6), íþróttanefnd ríkisins (Db. 7, 59), íþróttasjóði (Db. 7), kennaraskólanum (Db. 59), Kleppjárnsreykjahæli (Db. 59), Kleppsspítala (Db. 59), Kópavogshæli (Db. 59), Kvenréttindafélagi Íslands (Db. 59), landhelgisgæzlunni (Db. 59, 481), landlækni (Db. 59, 369), Landsbókasafni Íslands (Db. 59), landssambandi iðnaðarmanna (Db. 59), Landssmiðjunni (Db. 59, 350), Landsspítalanum (Db. 59), loðdýraræktarráðunaut (Db. 59), löggildingarstofunni (Db. 59), löggæzlunni (Db. 59, 197), lögreglustjóranum í Reykjavík (Db. 59), lögreglustjórum (Db. 59), málleysingjaskólanum (Db. 59), menntamálaráðuneytinu (Db. 59, 60, 352), Menntaskólanum á Akureyri (Db. 59), Menntaskólanum í Reykjavík (Db. 59), námsflokkum Reykjavíkur (Db. 59), nýbyggingarráði (Db. 161, 213, 343), nýbýlastjórn ríkisins (Db. 59), póst- og símamálastjórninni (Db. 59, 300, 302, 303, 704), prestum og próföstum (Db. 296), rafmagnseftirliti ríkisins (Db. 59), rannsóknaráði ríkisins (Db. 59), rannsóknarstofu háskólans (Db. 59), ríkisprentsmiðjunni Gutenberg (Db. 59), ríkisskattanefnd (Db. 59, 234), ríkisspítölunum (Db. 59, 198, 252, 255), Ríkisútvarpinu (Db. 59), Safnahúsinu (Db. 59), sakadómaranum í Reykjavík (Db. 59), Samvinnuskólanum (Db. 59), sandgræðslunni (Db. 59), sauðfjárveikivörnunum (Db. 59, 261), síldarmati ríkisins (Db. 59, 281), skattstofunni (Db. 59, 196), skipaskoðunarstjóra (Db. 59), Skipaútgerð ríkisins (Db. 59, 256, 481), skipulagsstjóra (Db. 59), Skógrækt

ríkisins (Db. 59), skuldaskilasjóði vélbátaeigenda (Db 59), stjórnarráðinu (Db. 59), stýrimannaskólanum (Db. 59), sýslumönnum (Db. 59), tilraunaráði búfjárræktar (Db. 257), tollgæzlunni utan Reykjavíkur (Db. 59, 196), tollstjóranum í Reykjavík (Db. 59, 196), Tóbakseinkasölu ríkisins (Db. 59), Tónlistarfélagi Akureyrar (Db. 59), Tryggingastofnun ríkisins (Db. 59), ullarmatinu (Db. 59), utanríkisráðuneytinu (Db. 59), útvarpsstjóranum (Db. 59), veðurstofunni (Db. 59), vegaeftirlitinu (Db. 59), vegamálastjóra (Db. 59, 707), verðlagsnefnd landbúnaðarafurða (Db. 63), verksmiðjuskoðunarstjórum (Db. 59), Verzlunarskóla Íslands (Db. 59), vélskólanum í Reykjavík (Db. 59), viðskiptaráði (Db. 426), Viðtækjaverzlun ríkisins (Db. 59), vinnuhælinu á Litla-Hrauni (Db. 59, 279), vitamálastjóra (Db. 59), Vífilsstaðahælinu (Db. 59), vörumerkjaskrárritara (Db. 59), yfirkjötmatsmönnum (Db. 59), yfirkjötmatsmanni Vestfjarðaumdæmis (Db. 59), þjóðminjaverði (Db. 59), þjóðskjalasafninu (Db. 59).

Tilraunaráð búfjárræktar, sjá Tillögur.

Tilraunaráð jarðræktar. Fjmrn. sendir fjvn. bréf Búnaðarfélags Íslands, dags. 13. júlí þ. á., ásamt fundargerð frá tilraunaráði jarðræktar. — Bréf 22. okt. (Db. 105). — Sjá einnig Tillögur.

Tilraunastöð á Reykhólum, sjá Jarðræktarlög 3.

Tilraunastöðvar. Búnaðarfélag Íslands sendir tillögu búnaðarþings um, að hafizt verði handa hið allra bráðasta með stofnun og starfrækslu tilraunastöðva fyrir Vestfirði og Austurland, sem ákveðnar hafa verið á Reykhólum og Hafursá. — Bréf 12. júlí. (Db. 35).

Tímaritið Heilbrigt líf. Rauði kross Íslands sendir tímaritið Heilbrigt líf. — Bréflaust. (Db. 292).

Tímaritið Menntamál. Menntmrn. sendir fjvn. erindi sambands ísl. barnakennara, dags. 10. þ. m., um aukinn styrk til tímaritsins Menntamál. — Bréf 22. okt. (Db. 109).

Togarakaup, sjá Ábyrgðir 1.

Togarakaup ríkisins. Samvinnufélag útvegs- og sjómanna í Húsavík lýsir eindregið fylgi sínu við ályktun bæjarstjórnar Seyðisfjarðar um togarakaup ríkisins. — Símskeyti 11. febr. (Db. 556).

Togaraútgerð utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

1. Bæjarstjóri Seyðisfjarðar símar, að bæjarstjórnin skori á Alþingi og ríkisstjórn að koma á fót togaraútgerð utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar með því að ráðstafa í því skyni að minnsta kosti 15 af þeim 30 togurum, sem ríkisstjórnin hefur fest kaup á. — Símskeyti 11. des. (Db. 457).
2. Stjórn fjórðungsþings Austfirðinga skorar á Alþingi og ríkisstjórn að stuðla að því, að komið verði á stórútgerð utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar á þann hátt: 1) að ráðstafað verði til útgerðar þar að minnsta kosti 15 af þeim 30 botnvörpuskipum, sem ríkisstjórnin hefur fest kaup á, 2) að ríkissjóður leggi fram 1 millj. kr. áhættufé með hverju skipi, sem þannig er ráðstafað, og 3) að hvert bæjar- eða sveitarfélag, sem óskar að koma slíkri útgerð á hjá sér, tryggi framlög til hennar, að minnsta kosti hálfa millj. kr. fyrir hvert botnvörpuskip, enda verði allar mögulegar ráðstafanir gerðar til að tryggja það, að útgerðin verði varanleg á þeim stöðum, sem á þennan hátt leggja fram fé til hennar. (Db. 520).

Tollar, sjá: Aðflutningsgjöld af skipum, Eftirgjöf á tolli, Fiskumbúðir, Iðnskólar 4, Innflutningstollur af hljóðfærum, Söngvasafnið Ljóð og lög, Tollskrá.

Tollgæzlan utan Reykjavíkur, sjá Tillögur.

Tollskrá. Stjórn landssambands ísl. útgerðarmanna og fiskimálastjóri skora á Alþingi að samþykkja frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 1940, um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. — Bréf 8. marz. (Db. 625).

Tollstjórinn í Reykjavík, sjá Tillögur.

Tollur af hjólbörðum. Samband ísl. samvinnufélaga sendir afrit af bréfi þess til fjmrn., dags. 21. nóv., um toll af hjólbörðum á dráttarvélar, ásamt svari rn., dags. 3. des. — Bréflaust. (Db. 415).
Tóbakseinkasala ríkisins sendir rekstrar- og efnahagsreikning sinn fyrir árið 1945. — Bréflaust. (Db. 533). — Sjá einnig Tillögur.
Tónlistarfélag Akureyrar.
1. Fjmrn. sendir fjvn. bréf Tónlistarfélags Akureyrar, dags. 17. sept., um styrk til félagsins. (Db. 60).
2. Tónlistarfélag Akureyrar fer þess á leit, að því verði veittur 15 þús. kr. styrkur til tónlistarskólahalds á Akureyri. — Bréf 17. sept. (Db. 39).

— Sjá einnig: Tillögur.
Tónlistarskóli Akureyrar, sjá Tónlistarfélag Akureyrar.
Tóvinnuskóli að Svalbarðsströnd.
1. Fjmrn. sendir fjvn. bréf menntmrn., dags. 4. okt., varðandi stofnun tóvinnuskóla að Svalbarði á Svalbarðsströnd. — Bréf 8. okt. (Db. 60).
2. Fjmrn. sendir fjvn. bréf Halldóru Bjarnadóttur, dags. 18. ágúst, um fjárveitingu til tóvinnuskóla á Norðurlandi. — Bréf 8. okt. (Db. 60).

Tóvinnuskóli á Norðurlandi, sjá Tóvinnuskóli að Svalbarðsströnd.
Trausti Pétursson, sóknarprestur, sjá Prestssetur í Sauðlauksdal.
Tryggingastofnun ríkisins, sjá Tillögur.
Tunnusmíði.
1. Bæjarstjórinn á Akureyri sendir ályktun bæjarstjórnar, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja á yfirstandandi þingi frv. til l. um tunnusmíði, sem lagt hefur verið fyrir þingið. — Símskeyti 21. des. (Db. 521).
2. Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar skorar á Alþingi að samþykkja frv. til l. um tunnusmíði, sem lagt hefur verið fyrir yfirstandandi Alþingi. — Bréf 21. febr. (Db. 581).

— Sjá einnig Bygging íbúðarhúsa.

Ullarmatið, sjá Tillögur.
Umdæmisstúka Norðurlands, sjá Áfengissala 2.
Umferðarslys. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. erindi Slysavarnafélags Íslands, dags. 7. des., varðandi kostnað vegna fræðslustarfsemi til að varna umferðarslysum með beiðni um, að 50 þús. kr. verði veittar í því skyni í fjárl. næsta árs. — Bréf 10. des. (Db. 451).
Unglingafræðsla utan kaupstaða. Fjmrn. sendir fjvn. bréf menntmrn., dags. 4. sept., um unglingafræðslu utan kaupstaða. (Db. 59).
Ungmennafélag Ölfushrepps, sjá Garðyrkjuskólinn á Reykjum 2.
Ungmennasamband Kjalarnesþings, sjá Íþróttastarf skólanemenda.
Uppeldisheimili. Fjmrn. sendir fjvn. bréf menntmrn., dags. 11. júlí, um fjárveitingu til að kosta hæfan mann til að kynna sér erlendis rekstur uppeldisheimila fyrir vangæfa pilta. (Db. 60).
Uppfinning útbúnaðar við línulagningu, sjá Viðurkenningarlaun 1.
Uppgjafaprestar og prestsekkjur. Biskup Íslands sendir: 1) skrá yfir úthlutun styrkja til uppgjafapresta og prestsekkna á Synodus 1945, og 2) bréf um ástand í byggingarmálum prestssetranna á landinu. — Bréf 16. nóv. (Db. 250).
Upptökuheimili í Elliðahvammi, sjá Drykkjumannahæli að Kaldaðarnesi 2.
Utanríkismálanefnd. Utanrn. fer þess á leit, að því verði tilkynnt, hvenær fram hafi farið kosning í utanrmn. Alþingis, hverjir hafi verið kosnir aðalmenn og hverjir varamenn. — Bréf 8. okt. (Db. 58).
Utanríkisráðuneytið.
1. Utanrn. bendir á, að því hafi ekki enn borizt kvittun ríkisféhirðis fyrir greiðslu kostnaðar við útvegun bókarinnar „Vem är vem i Norden". — Bréf 14. sept. (Db. 22).

2. Utanrn. óskar endurgreiðslu á kostnaði sendiráðs Íslands í Stokkhólmi við útvegun bókarinnar „Vem är vem i Norden". — Bréf 10. júlí. (Db. 9). — Sjá einnig: Bætur fyrir hernaðarspjöll, Fulltrúar Íslands erlendis, Hjálpar- og endurreisnarstofnun hinna sameinuðu þjóða 2—5, Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn, Ljósaperur fyrir Alþingi, Sviþjóðarbátar 1, Tillögur, Utanríkismálanefnd, Þrýstistimplar.

Útflutningsuppbætur. Stjórnarfundur stéttarsambands bænda telur, að bændur verði fyrir tilfinnanlegu tjóni af óhyggilegum verðlagsráðstöfunum og skorar á Alþingi og ríkisstjórn að bæta bændum þetta með útflutningsuppbótum eða á annan hátt. — Bréf 9. okt. (Db. 69).

Útflutningur á afurðum bátaútvegsins. Atvmrn. sendir fjhn. Nd. brtt. við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins og fer þess á leit, að nefndin flytji hana. — Bréf dags. 18. marz. (Db. 631).

Útgerðarmenn í Bjarnarfirði, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 12.

Útrýming fjárkláðans.

1. Landbrn. sendir landbn. beggja deilda Alþingis afrit af bréfi sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 31. ágúst s. l., um útrýmingu fjárkláðans. — Bréf 29. okt. (Db. 142).
2. Umsögn yfirdýralæknis um erindi sýslumannsins í Húnavatnssýslu um útrýmingu fjárkláðans. — Bréf 21. nóv. (Db. 712).

Útsvarslögin. Félmrn. svarar bréfi allshn. Ed. varðandi endurskoðun útsvarslaganna á þá leið, að samband ísl. sveitarfélaga hafi falið nefnd að gera tillögur um fastar reglur um álagningu útsvara. — Bréf 20. nóv. (Db. 314).

Útvarpshús. Útvarpsstjórinn gerir grein fyrir nauðsyn á byggingu útvarpshúss í Reykjavík. — Bréf 6. des. (Db. 437).

Útvarpsstjóri, sjá: Afnotagjald útvarpsnotenda 4, Tillögur, Útvarpshús.

Vangæfir piltar, sjá Uppeldisheimili.

Varaþingmenn.

1. Forseti Nd. tilkynnir forseta Sþ., að Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf., hafi óskað eftir, að varamaður tæki sæti á Alþingi í fjarveru sinni. — Bréf 26. apríl. (Db. 694).
2. Jakob Möller, 3. þm. Reykv., tilkynnir, að hann geti ekki gegnt þingstörfum fyrst um sinn sökum fjarveru sinnar úr landi, og óskar, að varamaður taki sæti sitt. — Bréf 12. sept. (Db. 23).
3. Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf., óskar, að varamaður hans taki sæti á Alþingi í fjarveru hans. — Símskeyti 25. apríl. (Db. 693).
4. Varaformaður Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistaflokksins — tilkynnir, að Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv., sé farinn af landi burt í erindum ríkisstjórnarinnar og óskar, að varamaður taki sæti hans. — Bréf 1. okt. (Db.50).

Varðbátakaup.

1. Dómsmrh. tilkynnir forseta Nd., að hann sé reiðubúinn að svara fyrirspurn þm. N.-Ísf., um varðbátakaup. — Bréf 1. marz. (Db. 612).
2. Skipaútgerð ríkisins gerir grein fyrir kaupverði þriggja varðbáta, sem keyptir voru í Bretlandi í okt. s. l., og kostnaði við rekstur þeirra frá sama tíma til febrúarloka þ. á. — Bréf 26. febr. (Db. 597).

Varnargarður á Þverárbökkum, sjá Fyrirhleðsla á Þverárbökkum.

Veðurstofan, sjá Tillögur.

Vegaeftirlitið, sjá Tillögur.

Vegalög.

1. Sýslumaður Ísafjarðarsýslu sendir ályktun sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu, þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að taka veginn frá Þing-

eyri inn fyrir Dýrafjörð til Gemlufalls í þjóðvegatölu. — Bréf 8. apríl. (Db. 674).

2. Umögn vegamálastjóra um fram komin frv. til l. um breyt. á vegalögum. — Bréf 19. febr. (Db. 588).
3. Umsögn vegamálastjóra um framkomin frv. til l. um breyt. á vegalögum. — Bréf 19. febr. (Db. 590).

Vegamál.

1. Alþýðusamband Íslands sendir ályktun verkamannafélags Borgarfjarðar (eystra), þar sem skorað er á Alþingi að veita á næsta ári verulega fjárupphæð til akvegar milli Borgarfjarðar og Héraðs. — Bréf 17. jan. (Db. 537).
2. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn., fer þess á leit, að 25 þús. kr. verði veittar til Skálholtsvegar í fjárlögum fyrir árið 1946. — Bréf 28. nóv. (Db. 718).
3. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn., Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk., Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang., og Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm., fara þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1946 verði veittar 3,67 millj. kr. til fyrirhugaðs vegar frá Reykjavík að Selfossi, samkv. tillögum milliþinganefndar í samgöngumálum Suðurlandsundirlendis. — Bréf 4. des. (Db. 410).
4. Fjmrn. sendir fjvn. bréf Garðars Þorsteinssonar, 2. þm. Eyf., dags. 15. jan., um fjárveitingu til Árskógsstrandarvegar. — Bréf 8. okt. (Db. 60).
5. Fjmrn. sendir fjvn. bréf Sigurðar Bjarnasonar, þm. N.-Ísf., dags. 22. maí, um fjárveitingu til vegaframkvæmda í N.-Ísafjarðarsýslu. — Bréf 8. okt. (Db. 60).
6. Fjmrn. sendir fjvn. erindi Jóns Péturssonar, Geitabergi, dags. 11. f. m., um vegagerðarmál í Svínadal í Borgarfjarðarsýslu. — Bréf 16. febr. (Db. 562).
7. Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm., fer þess á leit, að teknar verði upp í fjárl. fyrir árið 1946 tilteknar fjárveitingar til vega og brúa í V.-Skaftafellssýslu. Enn fremur til sjó- og sandvarnargarðs í Vík í Mýrdal. — Bréf 28. nóv. (Db. 719).
8. Hermann Jónasson, þm. Str., gerir grein fyrir nauðsynlegum fjárveitingum til vega, brúa, hafnargerða og vita í Strandasýslu. — Bréf ódags. (Db. 209).
9. 101 alþingiskjósandi í Súðavíkurhreppi í N.-Ísafjarðarsýslu skorar á Alþingi að veita í fjárl. næsta árs svo ríflegt framlag til þjóðvegarins frá Ísafirði til Súðavíkur, að hann verði fullgerður á næsta ári. — Bréflaust. (Db. 99).
10. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang., fer þess á leit, að hækkaðar verði fjárveitingar til tilgreindra vega í Rangárvallasýslu. — Bréf 26. nóv. (Db. 346).
11. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., og Helgi Jónasson, 1. þm. Rang., fara þess á leit, að í fjárl. næsta árs verði veittar 3,7 millj. kr. til lagningar vegar austur yfir fjall, samkv. tillögum milliþinganefndar í samgöngumálum Suðurlandsundirlendis. — Bréf 3. des. (Db. 403).
12. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M., og Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M., fara þess á leit, að teknar verði upp í fjárl. fyrir árið 1946 tilteknar fjárveitingar til vega, brúa og lendingarbóta í N.-Múlasýslu. — Bréf ódags. (Db. 721).
13. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk., fer þess á leit, að teknar verði upp í fjárl. 1946 tilteknar fjárveitingar til vega, brúa, hafnargerðar í Höfn í Hornafirði og fyrirhleðslna. — Bréf ódags. (Db. 720).
14. Sýslufundur Árnessýslu skorar á Alþingi að samþykkja frv. um Austurveg, eins og það var upphaflega lagt fram í Ed. — Bréf 20. marz. (Db. 638).
15. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu fer fram á, f. h. sveitarstjórnarinnar í Grýtubakkahreppi og sýslun. S.-Þ., að veitt verði nægilegt fé úr ríkissjóði til að fullgera Svalbarðsstrandarveginn austan Eyjafjarðar á þessu og næsta ári. — Bréf 1. okt. (Db. 51).
16. Vegamálastjóri gerir grein fyrir fjárframlögum til nýbyggingar vega á þessu ári og tekjum af benzínskatti. — Bréf 1. des. (Db. 392).

17. Vegamálastjóri telur, að veita þurfi 9 millj. kr. til viðhalds þjóðvega á næsta ári. — Bréf 1. des. (Db. 393).
18. Verkalýðsfélag Patreksfjarðar sækir um fjárveitingar til vega til að koma Patreksfirði í vegarsamband við Rauðasand og Tálknafjörð vegna mjólkurflutninga. — Bréf 3. nóv. (Db. 238).
19. 39 alþingiskjósendur á Rauðasandi í Barðastrandarsýslu skora á Alþingi að veita fé í fjárlögum fyrir árið 1946 til tiltekinna vega og brúa í Barðastrandarsýslu. — Bréf 14. okt. (Db. 717).

— Sjá einnig: Hafnargerðir og lendingarbætur 9, Mjólkurbú á Blönduósi 2, Vegalög.

Vegamálastjóri, sjá: Bifreiðaskatt 3, Brúargerð á Geitabergsá, Brúalög, Endurbygging Þjórsárbrúar, Flutningur Ölfusárbrúar, Fyrirhleðsla á Þverárbökkum, Fyrirhleðsla í Þverá og Markarfljót, Samgöngubætur í Barðastrandarsýslu, Sýsluvegasjóðir, Tillögur, Vegalög 2—3, Vegamál 16—17.

Veiði og sala fisksmælkis. Atvmrn. sendir sjútvn. Ed. frv. til l. um bann á veiði og sölu fisksmælkis og fer þess á leit, að nefndin flytji það. — Bréf 19. marz. (Db. 639).

Veiðimálanefnd, sjá Ræktun lax og silungs.

Veitinga- og gistihúsaeigendur, sjá Veitingaskattur.

Veitingaskattur. Samband veitinga- og gistihúsaeigenda skorar á Alþingi að fella úr gildi lög nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt. — Bréf 9. marz. (Db. 626).

Vem är vem i Norden, sjá Utanrn.

Verbúðir, sjá Slysatrygging sjómanna.

Verð á smjöri, sjá Innflutningur á smjöri.

Verðlagsmál landbúnaðarins, sjá: Framleiðsluráð landbúnaðarins, Tillögur, Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða, Verðlagsráð.

Verðlagsráð. Fulltrúar hreppabúnaðarfélaga Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skora á Alþingi að fela stéttarsamtökum bænda að kjósa verðlagsráð til að ákveða verðlag á framleiðsluvörum bænda. — Bréf ódags. (Db. 158).

Verðlagsvísitala erlendis, sjá Fulltrúar Íslands erlendis 3.

Verðtrygging á harðfiski, sjá Harðfiskur.

Verðuppbætur á vinnslumjólk, sjá Smjörsamlög.

Verkakvennafélag Akureyrarkaupstaðar, sjá Orlofsheimili verklýðsfélaga 2.

Verkakvennafélagið Snót, sjá Orlofsheimili verklýðsfélaga 1.

Verkamannafélag Borgarfjarðar, sjá Vegamál 1.

Verkamannafélag Húsavíkur, sjá Fiskveiðasjóður Íslands 11.

Verkamannafélagið Fram, sjá Dýrtíðarráðstafanir.

Verkamannafélagið Þór, sjá Sameining Selfossbyggðar 1.

Verkfræðingafélag Íslands, sjá Verkfræðingar 3.

Verkfræðingar.
1. Félagið Tækni sendir allshn. Ed. frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga, og fer þess á leit, að nefndin flytji frv. á Alþingi. — Bréf 9. okt. (Db. 74).
2. Umsögn háskólaráðs um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga. — Bréf 5. apríl. (Db. 667).
3. Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga. — Bréf 16. nóv. (Db. 254).

Verkfæranefnd ríkisins, sjá Vélakaup.

Verkleg kennsla í heimavistarskólum, sjá Heimavistarskólar.

Verklegar framkvæmdir í N.-Ísafjarðarsýslu. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf., og Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm., fara þess á leit, að veitt verði fé til tilgreindra verklegra framkvæmda í N.-Ísafjarðarsýslu í fjárl. fyrir árið 1946. — Bréf 20. nóv. (Db. 311).

Verklýðsfélag Borgarness, sjá Herstöðvar á Íslandi 2.
Verklýðsfélag Patreksfjarðar, sjá Vegamál 18.
Verksmiðju- og vélaeftirlit ríkisins. Verksmiðju- og vélaeftirlit ríkisins sendir yfirlit yfir tekjur og gjöld þess árið 1944. — Bréflaust. (Db. 177).
Verksmiðjuskoðunarstjórinn, sjá: Tillögur, Vörumerkjaskrárritari.
Verkstjóranámskeið. Verkstjórasamband Íslands fer þess á leit, að hækkuð verði fjárveiting til verkstjóranámskeiðs úr 3 þús. kr. í 15 þús. — Bréf 12. nóv. (Db. 210).
Verkstjórasamband Íslands, sjá Verkstjóranámskeið.
Vernd barna og ungmenna.
1. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur skorar á Alþingi að hraða afgreiðslu frv. þess um vernd barna og ungmenna, sem nú liggur fyrir þinginu. — Bréf 5. marz. (Db. 622).
2. Umsögn milliþinganefndar í skólamálum um frv. til l. um vernd barna og ungmenna. — Bréf 30. nóv. (Db. 388).

Verzlun með kjarnfóður. Búnaðarfélag Íslands sendir tillögu búnaðarþings um verzlun með kjarnfóður og mat á síldarmjöli. — Bréf 22. maí. (Db. 28).
Verzlunarskóli Íslands, sjá Tillögur.
Vestmann, Ingibjörg Einarsdóttir, sjá Ríkisborgararéttur.
Vélaeftirlit ríkisins, sjá Verksmiðju- og vélaeftirlit ríkisins.
Vélakaup. Verkfæranefnd ríkisins fer þess á leit, að veittar verði 500 þús. kr. til vélakaupa í fjárl. næsta árs. — Bréf 20. nóv. (Db. 310).
Vélar í fiskiskip.
1. Fiskifélag Íslands fer þess á leit við sjútvn. Nd., að hún flytji á yfirstandandi þingi frv. til l. um mótorvélar í fiskiskip og varahlutabirgðir, sem stjórn félagsins hefur samið. — Bréf 16. febr. (Db. 566).
2. Umsögn landssambands íslenzkra útvegsmanna um frv. til l. um mótorvélar í fiskiskip og varahlutabirgðir. — Bréf 12. apríl. (Db. 678).

Vélskólinn í Reykjavík, sjá Tillögur.
Vélstjórafélag Keflavíkur, sjá Atvinna við siglingar 7.
Vélstjórafélag Vestmannaeyja, sjá Fiskimálanefnd 3, 9.
Viðskiptaráð. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna skorar á Alþingi að veita henni og landssambandi ísl. útvegsmanna rétt til að tilnefna sameiginlega meiri hluta viðskiptaráðs eða nefndar, sem kann að verða falið að úthluta gjaldeyri þjóðarinnar. — Bréf 27. nóv. (Db. 384). — Sjá einnig: Innflutningsáætlun, Tillögur.
Viðtæki til blindra manna. Blindravinafélag Íslands fer þess á leit, að tekin verði upp í fjárl. fyrir árið 1946 heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita Blindravinafélagi Íslands heimild til að úthluta 10 viðtækjum árlega til fátækra, blindra manna. — Bréf 25. okt. (Db. 128).
Viðtækjaverzlun ríkisins.
1. Ríkisbókhaldið sendir greinargerð um viðskipti við viðtækjaverzlunina árin 1930—1944. — Bréflaust. (Db. 372).
2. Ríkisútvarpið sendir yfirlit um hreinar tekjur viðtækjaverzlunarinnar frá 1930 til ársloka 1941. — Bréflaust. (Db. 725). — Sjá einnig Tillögur.

Viðurkenningarlaun.
1. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ., fer þess á leit, að Kristni Kristjánssyni í Nýhöfn á Melrakkasléttu verði veittar 20 þús. kr. í viðurkenningarskyni fyrir að finna upp útbúnað við línulagningu fiskibáta. — Bréf 7. des. (Db. 477).
2. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf., fer þess á leit, að Guðrúnu Indriðadóttur verði veittur 1300 kr. viðurkenningarstyrkur í fjárl. næsta árs. — Bréf 28. nóv. (Db. 371).

Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, sjá Eftirgjöf á tolli 3.

Vinnuheimili sambands íslenzkra berklasjúklinga. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. erindi Sambands ísl. berklasjúklinga, dags. 16. nóv., þar sem þess er farið á leit: 1) að ríkissjóður greiði ⅖ hluta kostnaðar við byggingu vinnuheimilis sambandsins, allt að 2 millj. kr., 2) að ríkissjóður ábyrgist allt að 500 þús. kr. lán til rekstrar vinnuheimilisins. Jafnframt óskar rn. þess, að tekin verði í fjárl. fyrir árið 1946 laun yfirlæknis vinnuheimilisins, kr. 11100.00 auk verðlagsuppbótar. — Bréf 21. nóv. (Db. 312).

Vinnuhælið á Litla-Hrauni.

1. Forstjóri vinnuhælisins á Litla-Hrauni gerir grein fyrir rekstri og afkomumöguleikum vinnuhælisins. — Bréf 18. nóv. (Db. 702).
2. Forstjóri vinnuhælisins á Litla-Hrauni sendir reikning vinnuhælisins árið 1944. — Bréflaust. (Db. 732). — Sjá einnig Tillögur.

Vinnuskóli á Reykhólum.

1. Umsögn milliþinganefndar í skólamálum um frv. til l. um vinnuskóla á Reykhólum. — Bréf 30. nóv. (Db. 387).
2. Umsögn stjórnar Búnaðarfélags Íslands um frv. til l. um vinnuskóla á Reykhólum. — Bréf 7. des. (Db. 433).

Vinnuveitendafélag Íslands, sjá: Almannatryggingar 11, Iðnfræðsla 10—11, Kaupgjald og afurðaverð 3.

Vinnuþörf landbúnaðarins. Búnaðarfélag Íslands sendir landbn. Nd. skýrslu Gísla Kristjánssonar um vinnuþörf landbúnaðarins. — Bréflaust. (Db. 152).

Virkjun Sogsins.

1. Borgarstjórinn í Reykjavík sendir iðnn. Nd. frv. til l. um virkjun Sogsins og fer þess á leit f. h. bæjarráðs, að nefndin flytji það á Alþingi. — Bréf 24. nóv. (Db. 335).
2. Borgarstjórinn í Reykjavík sendir iðnn. Nd. frv. til l. um virkjun Sogsins. — Bréflaust. (Db. 480).
3. Borgarstjórinn í Reykjavík sendir iðnn. Nd. umsögn rafmagnsstjóra um breytingartillögur við frv. til l. um virkjun Sogsins. — Bréf 7. des. (Db. 436).
4. Umsögn bæjarráðs um brtt. á þskj. 453 við frv. til l. um virkjun Sogsins. — Bréf 5. marz. (Db. 623).

— Sjá einnig Raforka fyrir V.-Skaftafellssýslu.

Virkjun Þverár í Steingrímsfirði, sjá Ábyrgðir 4.

Vitamál. Hreppstjóri Kaldrananeshrepps fer þess á leit, að veitt verði fé til vitabyggingar á Kaldrananesi við Bjarnarfjörð. — Bréf 24. okt. (Db 204.). — Sjá einnig: Hafnargerðir og lendingarbætur 14, Vegamál, Vitamálastjóri.

Vitamálastjóri, sjá: Hafnargerðir og lendingarbætur 13—17, Tillögur, Vitamál.

Vífilsstaðabúið, sjá Kleppsbúið.

Vífilsstaðahælið, sjá Tillögur.

Visindafélag Íslendinga, sjá Barnavinafélagið Sumargjöf 2.

Vöruflutningar. Framkvæmdaráð fjórðungssambands Norðlendinga skorar á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að afnumdar verði allar hömlur stríðsáranna, er torvelda frjálsa vöruflutninga að og frá landinu. Enn fremur skorar framkvæmdaráðið á Eimskipafélag Íslands að flytja vörur að og frá höfnum norðanlands án umhleðslu. — Bréf í sept. (Db. 125).

Vörumerkjaskrárritari. Fjmrn. svarar fyrirspurn fjvn. varðandi vörumerkjaskrárritara, verksmiðjuskoðunarstjóra, löggildingarstofuna, skipaskoðunarstjóra og húsaleigunefndir. — Bréf 12. nóv. (Db. 195). — Sjá einnig Tillögur.

Xavería, María, sjá Ríkisborgararéttur.

Yfirdýralæknir, sjá Útrýming fjárkláðans 2.

Yfirkjötmatsmaður Vestfjarðaumdæmis, sjá Tillögur.

Yfirkjötmatsmenn, sjá Tillögur.

Þingmálafundargerðir.
1. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., sendir Alþingi þingmálafundargerð frá Vestmannaeyjum. — Bréf 18. okt. (Db. 96).
2. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal., sendir þrjár þingmálafundargerðir úr Dalasýslu frá síðastliðnu hausti. — Bréf 5. okt. (Db. 53).

Þingmálafundur V.-Ísafjarðarsýslu, sjá Héraðsmálafundur V.-Ísafjarðarsýslu.

Þingvallanefnd fer þess á leit, að veittar verði 80 þús. kr. til framkvæmda á Þingvöllum. — Bréf 28. nóv. (Db. 362).

Þjóðhátíðardagur.
1. O. Jul. Frodesen, prestur í Farsund í Noregi, sendir Íslandi kveðju í bundnu máli, ásamt lagi, í tilefni af þjóðhátíðardegi þess. — Bréf 20. júní. (Db. 16).
2. Stórþing Noregs sendir Alþingi hamingjuóskir í tilefni af fullveldisdegi Íslendinga, þakkar gjafir þeirra og lætur í ljós ánægju sína yfir væntanlegri samvinnu bræðraþjóðanna. — Símskeyti 18. júní. (Db. 4).

Þjóðhátíðarnefnd, sjá Lýðveldiskvikmyndin.

Þjóðminjasafnið.
1. Fjmrn. sendir fjvn. til umsagnar erindi Matthíasar Þórðarsonar, þjóðminjavarðar, um kaup á listmunum. — Bréf 18. marz. (Db. 632).
2. Þjóðminjavörður gerir grein fyrir nauðsyn þess, að veitt verði fé í fjárl. næsta árs til að launa aðstoðarmann við þjóðminjasafnið í stað séra Jóns Auðuns. — Bréf 17. des. (Db. 503).

— Sjá einnig: Landsbókasafnið 1, Tillögur.

Þjóðminjavörður, sjá: Tillögur, Þjóðminjasafnið.

Þjóðræknisfélag Íslendinga í Reykjavík, sjá Lögberg og Heimskringla.

Þjóðskjalasafnið, sjá: Landsbókasafnið 1, Tillögur.

Þorfinnur Kristjánsson, prentari, sjá Ritstyrkir 3.

Þorkell Jóhannesson, dr., sjá Ritstyrkir 2.

Þorkell Þorkelsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 1.

Þorsteinn Gunnarsson, sjá Skeljasandur.

Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal., sjá: Afnotagjald útvarpsnotenda 2, Þingamálafundargerðir 2, Ævisögur lærða manna.

Þórður Kristleifsson, sjá Söngvasafnið Ljóð og lög.

Þórður Þorbjarnarson, sjá Fiski- og fiskiðnaðarrannsóknarstofnun.

Þroskastig skólabarna. Fræðslumálastjóri ritar um fjárveitingu til dr. Matthíasar Jónassonar til rannsóknar á þroskastigi íslenzkra skólabarna. — Bréf 10. des. (Db. 475).

Þrýstistimplar.
1. Utanrn. sendir bréf sendiráðs Íslands í London, dags. 13. apríl, þar sem sendiráðið segist hafa sent Alþingi umbeðna þrýstistimpla. — Bréf 24. apríl. (Db. 696).
2. Utanrn. sendir skrifstofu Alþingis bréf sendiráðs Íslands í London varðandi þrýstistimpla fyrir Alþingi. — Bréf 5. febr. (Db. 544).
3. Utanrn. spyrst fyrir um gerð þriggja þrýstistimpla, sem sendiráð Íslands í London var beðið að útvega. — Bréf 16. okt. (Db. 83).

Ævisögur lærða manna. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal., fer þess á leit, að veittur verði 60 þús. kr. styrkur, er skiptist jafnt á 3 ár, til útgáfu ævisagna lærða manna eftir dr. Hannes Þorsteinsson. — Bréf 31. okt. (Db. 149).

Æskulýðshöll í Reykjavík. Íþróttabandalag Reykjavíkur skorar á Alþingi að samþykkja frv. það til l. um æskulýðshöll í Reykjavík, sem nú liggur fyrir þinginu. — Bréf 22. marz. (Db. 643).

Ætt- og mannfræði. Fjmrn. sendir fjvn. bréf stjórnar Ætt- og mannfræðifélagsins, dags. 23. júlí, um styrk til að gefa út heimildarrit í ætt- og mannfræði. (Db. 59).

Sþ. 1024. Þingmannaskr

Skammstafanir: a. = allsherjarnefnd, fjh. = fjárhagsnefnd, fjv. = fjárveitinganefnd, hf. = heilbrigðis- og félag
göngumálanefnd, sj. = sjávarútvegsnefnd, u. = utanríkismálanefnd, þ. = þingfararkaupsnefnd, A = Alþýði

Tala	Nöfn þingmanna og staða	Kjördæmi	Fæðingar dagur og á
1	Áki Jakobsson, atvinnumálaráðherra	Siglufjarðarkaupstaður	1/7 '11
2	Ásgeir Ásgeirsson, bankastjóri	Vestur-Ísafjarðarsýsla	13/6 '94
3	Barði Guðmundsson, þjóðskjalavörður, forseti neðri deildar	5. landskjörinn þm.	12/10 '00
4	Bernharð Stefánsson, útibússtjóri	Eyjafjarðarsýsla, 1. þm.	3/1 '89
5	Bjarni Ásgeirsson, bóndi	Mýrasýsla	1/8 '91
6	Bjarni Benediktsson, borgarstjóri	Reykjavík, 6. þm.	30/4 '08
7	Björn Kristjánsson, kaupfélagsstjóri	Norður-Þingeyjarsýsla	22/2 '80
8	Brynjólfur Bjarnason, menntamálaráðherra	Reykjavík, 5. þm.	26/5 '98
9	Einar Olgeirsson, ritstjóri	Reykjavík, 2. þm.	14/8 '02
	Í fjarveru EOl tók sæti hans 1/10—16/11:		
	Katrín Thoroddsen, læknir		7/7 '96
10	Eiríkur Einarsson, lögfræðingur, skrifari í Ed.	Árnessýsla, 2. þm.	2/3 '85
11	Emil Jónsson, samgöngumálaráðherra	Hafnarfjarðarkaupstaður	27/10 '02
12	Eysteinn Jónsson, framkvæmdarstjóri	Suður-Múlasýsla, 2. þm.	13/11 '06
13	Finnur Jónsson, félagsmála- og dómsmálaráðherra	Ísafjarðarkaupstaður	28/9 '94
14	Garðar Þorsteinsson, hæstaréttarmálaflm., 1. varaforseti Nd.	Eyjafjarðarsýsla, 2. þm.	29/10 '98
15	Gísli Jónsson, forstjóri	Barðastrandarsýsla	17/8 '89
16	Gísli Sveinsson, sýslumaður	10. landskjörinn þm.	7/12 '80
17	Guðm. Í. Guðmundsson, hæstaréttarmflm., 2. varaforseti Ed.	9. landskjörinn þm.	17/7 '09
18	Gunnar Thoroddsen, prófessor, skrifari í Nd.	Snæfellsnes- og Hnappadalss.	29/12 '10
19	Hallgrímur Benediktsson, stórkaupmaður	Reykjavík, 3. (vara)þm.	20/7 '85
20	Haraldur Guðmundsson, forstjóri	3. landskjörinn þm.	26/7 '92
21	Helgi Jónasson, héraðslæknir	Rangárvallasýsla, 1. þm.	19/4 '94
22	Hermann Jónasson, hæstaréttarmálaflutningsmaður	Strandasýsla	25/12 '96
23	Ingólfur Jónsson, kaupfélagsstjóri	Rangárvallasýsla, 2. þm.	15/5 '09
24	Ingvar Pálmason, bóndi	Suður-Múlasýsla, 1. þm.	26/7 '73
25	Jóhann Þ. Jósefsson, kaupmaður, útgerðarmaður	Vestmannaeyjar.	17/6 '86
26	Jón Pálmason, bóndi, forseti sameinaðs Alþingis	Austur-Húnavatnssýsla	28/11 '88
27	Jón Sigurðsson, bóndi	Skagafjarðarsýsla, 2. þm.	13/3 '88
28	Jónas Jónsson, skólastjóri	Suður-Þingeyjarsýsla	1/5 '85
29	Jörundur Brynjólfsson, bóndi	Árnessýsla, 1. þm.	21/2 '84
30	Kristinn E. Andrésson, magister	7. landskjörinn þm.	12/6 '01
	Í forföllum KA tók sæti hans 5/3 til þingloka:		
	Ásmundur Sigurðsson, kennari		26/5 '03
31	Lárus Jóhannesson, hæstaréttarmálaflutningsmaður	Seyðisfjarðarkaupstaður	21/10 '98
32	Lúðvík Jósefsson, kennari	6. landskjörinn þm.	16/6 '14
	Í forföllum LJós tók sæti hans 12/12—21/12:		
	Gunnar Benediktsson, rithöfundur		9/10 '92
33	Magnús Jónsson, guðfræðiprófessor	Reykjavík 1. þm.	26/11 '87
34	Ólafur Thors, forsætisráðherra	Gullbringu- og Kjósarsýsla	19/1 '92
35	Páll Hermannsson, bóndi, skrifari í Ed.	Norður-Múlasýsla, 1. þm.	28/4 '80
36	Páll Zóphóníasson, ráðunautur	Norður-Múlasýsla, 2. þm.	18/11 '86
37	Páll Þorsteinsson, kennari	Austur-Skaftafellssýsla	22/10 '09
38	Pétur Magnússon, fjármálaráðherra	8. landskjörinn þm.	10/1 '88
39	Pétur Ottesen, bóndi	Borgarfjarðarsýsla	2/8 '88
40	Sigfús Sigurhjartarson, ritstjóri, 2. varaforseti Nd.	Reykjavík, 8. þm.	6/2 '02
41	Sigurður Bjarnason, lögfræðingur	Norður-Ísafjarðarsýsla	18/12 '15
42	Sigurður Guðnason, verkamaður	1. landskjörinn þm.	21/6 '88
43	Sigurður E. Hlíðar, dýralæknir	Akureyri	4/4 '85
44	Sigurður Kristjánsson, forstjóri, skrifari í Sþ.	Reykjavík, 7. þm.	14/4 '85
45	Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur	11. landskjörinn þm.	24/7 '02
46	Sigurður Þórðarson, kaupfélagsstjóri	Skagafjarðarsýsla, 1. þm.	19/7 '88
	Í forföllum SÞ tók sæti hans 26/4 til þingloka:		
	Steingrímur Steinþórsson, búnaðarmálastjóri		12/2 '93
47	Skúli Guðmundsson, kaupfélagsstjóri, skrifari í Sþ.	Vestur-Húnavatnssýsla	10/10 '00
48	Stefán Jóh. Stefánsson, hæstaréttarmálaflm., 1. varaforseti Sþ.	Reykjavík, 4. þm.	20/7 '94
49	Steingrímur Aðalsteinsson, verkamaður, forseti efri deildar	4. landskjörinn þm.	18/1 '03

neð bústöðum o. fl.

álanefnd, i. = iðnaðarnefnd, k. = kjörbréfanefnd, l. = landbúnaðarnefnd, m. = menntamálanefnd, sa. = sam-
okkur, F = Framsóknarflokkur, S = Sjálfstæðisflokkur, SAS = Sameiningarflokkur alþýðu, Sósialistaflokkur.

Heimili	Dvalarstaður um þingtímann (og sími)	Í hverjum fastanefndum	Tala áður setinna þinga	Stjórnmálaflokkur	Þingdeild	Tala
Reykjavík	Hrísateigur 12, 5939		4	SAS	Nd.	1
Reykjavík	Hávallagata 32, 4300, 1060	fjh.; sa.; sj.; k.; þ.	28	A	Nd.	2
Reykjavík	Ásvallagata 64, 3924	l.; m.; aSþ.	3	A	Nd.	3
Akureyri	Hótel Borg	fjh.; a.	28	F	Ed.	4
Reykir í Mosfellssveit	Tjarnargata 18, 5655	l.; u.	24	F	Nd.	5
Reykjavík	Eiríksgata 19, 2261, 1200	hf.; a.; u.	4	S	Ed.	6
Kópasker	Grenimelur 13, 5213	fjv.	4	F	Nd.	7
Reykjavík	Brekkustígur 14 B, 5938		12	SAS	Ed.	8
Reykjavík	Njálsgata 85, 1489	fjh.; u.	12	SAS	Nd.	9
Reykjavík	Egilsgata 12, 4561					
Reykjavík	Njálsgata 87, 5819	sa.; l.; sj.; m.	18	S	Ed.	10
Hafnarfjarðarkaupstaður	Hafnarfj.kaupst., 9181, 1144		16	A	Nd.	11
Reykjavík	Ásvallagata 67, 3277	sj.	17	F	Nd.	12
Ísafjörður	Hringbraut 137, 5849		17	A	Nd.	13
Reykjavík	Vesturgata 19, 3442, 4400	hf.; a.	16	S	Nd.	14
Reykjavík	Bárugata 2, 4084, 1744	sj.; i.; fjv.	4	S	Ed.	15
Vík í Mýrdal	Hótel Borg	sa.	24	S	Nd.	16
Reykjavík	Hringbraut 87, 1108	sj.; i.; a. fjv.;	3	A	Ed.	17
Reykjavík	Fríkirkjuvegur 3, 2822	m.: a	7	S	Nd.	18
Reykjavík	Fjólugata 1, 3284	fjh.		S	Nd.	19
Reykjavík	Hávallagata 33, 4521	fjh.; l.; hf.; m.	24	A	Ed.	20
Stórólfshvoll	Hótel Borg	fjv.	12	F	Nd.	21
Reykjavík	Tjarnargata 42, 4810, 4718	hf.; u.; k.	16	F	Ed.	22
Hella á Rangárvöllum	Hótel Borg	fjh.; aSþ.	4	S	Nd.	23
Neskaupstaður	Garðastræti 35, 2828	sa.; sj.	28	F	Ed.	24
Reykjavík	Bergstaðastræti 86, 4884	sj.; i.; u.; aSþ.	28	S	Nd.	25
Akur í Torfalækjarhreppi	Ránargata 34, 6472	l.	17	S	Nd.	26
Reynistaður í Skagafirði	Stýrimannastígur 9, 3033	l.; aSþ.	20	S	Nd.	27
Reykjavík	Hávallagata 24, 3603	m.	29	F	Ed.	28
Skálholt í Biskupstungum	Laufásvegur 38, 4854	a.	33	F	Nd.	29
Reykjavík	Njálsgata 72, 5199	fjh.; l.; hf.; m.	3	SAS	Ed.	30
Reyðará í Nesjum	Hótel Borg					
Reykjavík	Suðurgata 4, 2324, 4314	hf.; a.; k.	3	S	Ed.	31
Neskaupstaður	Hótel Borg	sa.; sj.	3	SAS	Nd.	32
Hveragerði	Hótel Borg					
Reykjavík	Laufásvegur 63, 3877	fjh.; m.; u.	31	S	Ed.	33
Reykjavík	Garðastræti 41, 3551		26	S	Nd.	34
Reyðarfjörður	Hótel Borg	l.; i.	24	F	Ed.	35
Reykjavík	Sóleyjargata 7, 2278, 2151, 5717	hf.; aSþ.; þ.	16	F	Nd.	36
Hnappavellir í Öræfum	Hótel Borg	m.	4	F	Nd.	37
Reykjavík	Suðurgata 20, 3533		12	S	Ed.	38
Ytrihólmur á Akranesi	Stýrimannastígur 9, 3033	fjv.	37	S	Nd.	39
Reykjavík	Miðstræti 6, 4606	m.	4	SAS	Nd.	40
Ísafjörður	Blómvallagata 11, 5784	sa.; m.	4	S	Nd.	41
Reykjavík	Hringbraut 188, 6425	l.; k.	3	SAS	Nd.	42
Reykjavík	Bollagata 2, 5432	i.; hf.; þ.	12	S	Nd.	43
Reykjavík	Vonarstræti 2, 4020, 3945	sj.; fjv.; þ.	16	S	Nd.	44
Reykjavík	Miklabraut 34, 4575, 6394	i.; hf.; aSþ.	3	SAS	Nd.	45
Sauðárkrókur	Garðastræti 4, 4287	i.; aSþ.	4	F	Nd.	46
Reykjavík	Ásvallagata 60, 5494, 3110					
Hvammstangi	Hávallagata 47, 1405	fjh.; fjv.	12	F	Nd.	47
Reykjavík	Ásvallagata 54, 2077, 4917	i.; hf.; a.; u.	8	A	Nd.	48
Akureyri	Hótel Borg	sa.; sj.; a.; fjv.	4	SAS	Ed.	49

Tala	Nöfn þingmanna og staða	Kjördæmi	Fæðinga dagur og
50	Sveinbjörn Högnason, prófastur, skrifari í Nd.	Vestur-Skaftafellssýsla	$^{6}/_{4}$ '98
51	Þorsteinn Þorsteinsson, sýslumaður, 1. varaforseti Ed.	Dalasýsla	$^{23}/_{12}$ '84
52	Þóroddur Guðmundsson, verkamaður, 2. varaforseti Sþ.	2. landskjörinn (vara)þm.	$^{21}/_{7}$ '03
	Í forföllum ÞG tók sæti hans $^{14}/_{11}$—$^{21}/_{12}$:		
	Ásmundur Sigurðsson, kennari		
	Frá $^{1}/_{2}$ tók þingsætið til þingloka:		
	Þórður Benediktsson, 2. landsk. þm.		$^{16}/_{8}$ '98

Heimili	Dvalarstaður um þingtímann (og sími)	Í hverjum fastanefndum	Tala áður setinna þinga	Stjórnmálaflokkur	Þingdeild	Tala
Breiðabólsstaður í Fljótshlíð	Mjólkurst. við Hringbr., 1160	sa.	15	F	Nd.	50
Búðardalur	Suðurgata 18, 3106	fjh.; l.; k.	17	S	Ed.	51
Siglufjörður	Hótel Borg	a.; fjv.; þ.	3	SAS	Nd.	52
Reykjavík	Rauðarárstígur 11					